

Fléttur III

Jafnrétti, menning, samfélag



Fléttur III

Jafnrétti, menning, samfélag

Ritstjórar:

Annadís Gréta Rúdólfsdóttir

Guðni Elísson

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Irma Erlingsdóttir



Fræðilegur ritstjóri: Trausti Ólafsson

Ritrynum bókarinnar er þakkað þeirra framlag

Meningarsjóður Hlaðvarpans, Reykjavíkurborg,
Rannsóknarsjóður Hugvísindastofnunar
og EDDA – öndvegissetur styrktu útgáfu bókarinnar

Fléttur III

Jafnrétti, menning, samfélag

Ritstjórar: Annadís G. Rúdólfsdóttir, Guðni Elísson,
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir
© Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og höfundar/
þýðendur einstakra greina

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir

Hönnun kápu: Stefán Snær Grétarsson

Mynd á kápu: Ósk Vilhjálmsdóttir við verk sitt „Power in your hands“

Prentun: Leturprent ehf.

Leturgerð meginmáls: Garamond 3 medium 12 pt. á 14,5 pt. fæti

Printed in Iceland

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

Háskólaútgáfan

haskolautgafan.hi.is/hu@hi.is

2014

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefenda.

U201331

ISBN: 978-9935-23-017-1

Efnisyfirlit

Formáli	7
<i>Alda Björk Valdimarsdóttir</i> „Ég er ekki þunn!“: Tobba Marinós, kvenfrelsisumræðan og íslensk skvísumenning.	11
<i>Arnfríður Guðmundsdóttir</i> Krossinn og konurnar: Misnotkun valds, andóf og eftirbreytni í kristinni trúarhefð	35
<i>Benedikt Hjartarson</i> Andinn og eggjastokkurinn: Um framúrstefnu, dulspeki og klám	57
<i>Björn Ægir Norðfjörð</i> Spegilmyndir: Höfundarverk Alfreds Hitchcock, sálgreining og femínísk kvikmyndafræði	88
<i>Björn Þór Vilhjálmsson</i> „Þú skrifaðir þetta?“. Ofbeldi, kynferði og (verndar)máttur skáldskaparins í <i>Laugardegi</i> eftir Ian McEwan	107
<i>Cynthia Enloe</i> DSK, víkingar og mestu snillingarnir: Karlgervi í bankahruninu 2008	136

<i>Dagný Kristjánsdóttir og Katrín María Víðisdóttir</i> Í frásagnarspeglasalnum: Um <i>Sólskinsbest</i> Steinunnar Sigurðardóttur	174
<i>Daisy L. Neijmann</i> „Sem allur þungi heimsstyrjaldar lægi í skauti hennar“: Ástandskonur í fyrstu íslensku hernámssögunum	196
<i>Joni Seager</i> Gráðum að bráð: Femínísk grannskoðun á tveggja gráðu loftslagsstefnu	214
<i>Kristín Björnsdóttir</i> „Ég fékk engan stuðning í skólanum“: Fötlun, kyngervi og stétt	233
<i>Silja Bára Ómarsdóttir</i> „Maður finnur svo mikla ást“: Frásagnir kvenna af friðargæslustörfum	258
<i>Þorgerður H. Þorvaldsdóttir</i> Jafnrétti fyrir alla: Eitt markmið, ólíkar leiðir	285
Um höfunda	311

Formáli

Rit þetta, *Fléttur III*, er þriðja greinasafnið í ritröð RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, áður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Markmið ritraðarinnar er að kynna niðurstöður jafnréttisrannsókna og koma á framfæri fræðilegum greinum um kvenna- og kynjafræði, femínisma og jafnréttismál í víðum skilningi. Ritröðinni er ætlað að flétta saman greinum af ýmsum fræðasviðum og endurspegla þá miklu breidd sem er í kynja- og jafnréttisrannsóknum hér á landi og erlendis.

Tíu af tólf greinum í *Fléttum III* eru frumsamdar en í bókinni er jafnframt að finna tvær þýðingar á greinum eftir heimspekkar fræðikonur, þær Cynthiu Enloe og Joni Seager. Enloe er rannsóknarprófessor í stjórnmálafræðum við Clark-háskóla í Bandaríkjunum og Seager er prófessor í hnattrænum fræðum við Bentley-háskóla í Bandaríkjunum. Þær hafa báðar kennt við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) við Háskóla Íslands og tekið þátt í starfi EDDU-öndvegisseturs, en RIKK starfar í nánum tengslum við báðar stofnanir. Greinunum er raðað í stafrófsröð eftir höfundum en hugmyndin var sú að flétta saman hinum ólíku fræðasviðum kynja- og jafnréttisrannsókna, fremur en að stúka þær af eftir viðteknum aðgreiningaraðferðum. Bókinni má þó jafnframt skipta efnislega í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru hér greinar sem fjalla um jafnrétti og samfélag, samtönnun og samtímamenningu. Alda Björk Valdimarsdóttir rýnir í íslenska samtímamenningu og greinir þau átök sem urðu milli pósthémínisma bloggarans Tobbu Marinós og ýmissa talskvenna femínisma á Íslandi og skoðar einnig viðtökur karlmiðaðrar

„bókmenntastofnunar“ á verkum hennar. Alda greinir m.a. hvernig hugmyndir um hámenningu og lágmenningu hafa áhrif á það hvaða skoðanir og textar þykja marktækir og bendir á þær leiðir sem notaðar eru til að útiloka, jaðarsetja og hafna skrifum kvenna. Í grein sinni fjallar Arnfríður Guðmundsdóttir um myndir af þjáðum kvenlíkama á krossinum sem hafa verið búnar til í þeim tilgangi að leggja áherslu á samlíðan Krists með konum sem orðið hafa fyrir barsmíðum, nauðgun eða annarri misþyrmingu. Þorgerður Þorvaldsdóttir beitir femínískum kenningum um samtvinnun (e. *intersectionality*) þar sem sérstaklega er greint hvernig kynjajafnrétti samtvinnast öðrum þáttum mismunar og mismununar í löggjöf og stefnumótun í jafnréttismálum á Íslandi. Hún ber jafnréttisorðræðuna hér saman við önnur norræn lönd og skoðar hvaða áhrif hún hefur á jafnréttisstarfið. Kristín Björnsdóttir byggir einnig á kenningum um samtvinnun og fjallar um hvernig fötlun, kyngervi og stétt birtast og skarast í frásögnum kvenna með þroskahömlun um skólagöngu sína. Silja Bára Ómarsdóttir fjallar um niðurstöður rannsóknar sem hún gerði á reynslu kvenna af vettvangsvinnu á vegum Íslensku friðargæslunnar og setur í samhengi við femínísk öryggisfræði. Hún bendir á að þó að konurnar hafi metið reynslu sína af friðarstarfinu þannig að hún hafi verið persónulega þroskandi þá hafi hún einnig verið þungur baggi fyrir þær.

Í öðru lagi er hér fjallað um kyngervi og jafnrétti í bókmennta- og menningarfræðilegu ljósi. Í grein sinni um sögulegu framúrstefnuna, dulspeki og klám gerir Benedikt Hjartarson grein fyrir stöðu kvenna innan framúrstefnuhreyfinga og lýsir stigveldinu sem ríkti innan þeirra. Benedikt leitast jafnframt við að svara því hvort mynd okkar af jaðarstöðu kvenna innan sögulegu framúrstefnunnar endurspegli raunverulega stöðu kvenna innan hreyfingarinnar eða hvort hún sé afleiðing sagnfræðilegrar skekkju. Í grein sinni veltir Björn Ægir Norðfjörð upp þeirri spurningu hvers vegna Alfred Hitchcock hafi orðið femínískri kvikmyndafræði jafnmikilvægur og raun ber vitni á upphafsárum hennar á áttunda áratug síðustu aldar. Björn sýnir hvernig myndir Hitchcocks eru ekki aðeins dæmi um framsetningu á konum í kvikmyndum heldur einnig greining á þessari framsetningu. Skáldsaga breska rithöfundarins Ians McEwan, *Laugardagur*, er viðfangsefni greinar Björns Þórs Vilhjálmssonar. Hann beinir sjónum að

FORMÁLI

kynferðisofbeldi í verkinu en stefnir jafnframt saman flóknum vanga-veltum um einkalíf, kynverund og heimssöguleg átök til að vekja upp spurningar um framsetningu á konum í skrifum karla. Í grein Dagnýjar Kristjánsdóttur og Katrínar Maríu Víðisdóttur er fjallað um samband og sambandsleysi foreldra og barna í skáldsögu Steinunnar Sigurðardóttur *Sólskinsbesti*. Þar er skeytingarleysi foreldranna gagnvart börnunum tengt við ádeilu Hönnuh Arendt á „hversdagsleika illskunnar“ sem venjulegt fólk getur sýnt af sér ef það aftengir sig tilfinningum sínum. Höfundarnir telja bók Steinunnar, þar sem ástleysið og sorgin verða allsráðandi, eiga sérstakt erindi við samtíma okkar. „Ástandskonur“ í fyrstu íslensku hernámssögunum eftir karla eru umfjöllunarefni Daisy L. Neijmann, en þær urðu eitt helsta tákni hernámsins og meintra afleiðinga þess fyrir íslenskt þjóðfélag og menningu. Daisy færir rök fyrir því að lýsingin á ástandskonunni sem gjörspilltri og nautnasjúkri hóru hafi verið enn meira afgerandi í kaldastríðsbókmenntum en í þeim hernámssögum sem voru skrifaðar á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, þótt hún hafi þá þegar verið komin til sögunnar.

Í þriðja lagi birtast hér greinar um alþjóðleg málefni eftir þær Cynthiu Enloe og Joni Seager. Grein Enloe fjallar um Dominique Strauss-Kahn hneykslið, þegar þáverandi forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var sakaður um að hafa nauðgað hótelpönu á hóteli sem hann gisti á í New York í maí 2011, og þá karllægu hugmyndafræði sem ríkti í fjármálageiranum og átti þátt í fjármálahruninu 2008. Greinin heitir á frummálinu „DSK, Vikings and the Smartest Guys“ og birtist í bók Enloe, *Seriously! Investigating Crashes and Crises as if Women Mattered*, sem kom út hjá University of California Press árið 2013. Grein Joni Seager lýsir aftur á móti þeirri kynjuðu og pólitísku hugmyndafræði sem stefnumótun í jafnréttis- og umhverfismálum byggist á og sem stýrir sérstaklega umræðunni um tveggja gráðu viðmiðið sem iðnvæddar þjóðir heims hafa samþykkt að ganga út frá í umræðu um takmarkanir gróðurhúsalofttegunda. Greinin birtist árið 2009 í *Kvinder, Kön og Forskning* (34. hefti) undir heitinu „Death by Degrees: Taking a Feminist Hard Look at the 2° Climate Policy“.

Greinarnar í bókinni eru til vitnis um fjölbreytileg viðfangsefni og aðferðir kynja- og jafnréttisrannsókna. Þær gefa einnig innsýn

JAFNRÉTTI, MENNING, SAMFÉLAG

Í þá þróun sem átt hefur sér stað í þverfræðilegum rannsóknum á kynjuðum sjálfsmyndum og jafnréttisorðræðunni. Sameiginlegt viðfangsefni þeirra allra eru birtingarmyndir misréttis í samfélagi og menningu og áhrif þess á aðstæður karla og kvenna. Ritstjórn þakkar höfundum greina framlag sitt og vonar að þær verði til þess að ýta undir og efla frjóa og gagnrýna umræðu á fræðasviðinu. Bók þessi er gefin út í samstarfi við EDDU – öndvegissetur.

*Annadís G. Rúdólfsdóttir,
Guðni Elísson,
Ingólfur Ásgeir Jóbannesson,
Irma Erlingsdóttir*

„Ég er ekki þunn!“

Tobba Marinós, kvenfrelsisumræðan og íslensk skvísumenning¹

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

Ég þvæ þvottinn minn sjálf. Ég þríf, strauja og elda (stundum). Mér finnst líka gaman að mála mig og stundum að ganga í stuttu pilsu. Ég elska manninn minn og vona að ég eigi eftir að eignast börn. Ég er í fullu starfi og mér þykir gaman að kenna. Ég er félagi í samtökum femínista, þykir gaman að versla og er veik fyrir slúðurblöðum. Hvað segir þetta um mig? Er ég húsmóðir, narkissisti, eiginkona og (fram tíðar) móðir, vinnumaður, femínisti, neytandi? Geðklofi?²

Þessi upphafsorð í bók Stéphanie Genz, *Postfemininities in Popular Culture*, varpa ljósi á vandamálin sem nútímakonur glíma við í samfélagi sem gefur þeim mörg og þversagnakennd skilaboð. Þetta er helsta viðfangsefni tveggja bókmenntagreina sem hefur verið beint til kvenna: skvísusagna og sjálfshjálparrita. Í skvísusögum er fjallað um konur sem þurfa að glíma við kröfur um staðlaða fegurðarímynd og makaleit. Konan þarf að standa sig í vinnu, oftast en ekki að sinna heimili og húsmóðurhlutverki (sem henni ferst iðulega illa), hitta vini sína og fjölskyldu og sé hún móðir, sjá um börnin sín. Þetta er

1 Ég vil sérstaklega þakka Önnudís G. Rúdólfsdóttur yfirlesturinn og góðar ábendingar.

2 Stéphanie Genz, *Postfemininities in Popular Culture*, Houndmills, Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2009, bls. 1. Greinarhöfundur þýddi: „I do my own laundry. I clean, iron and cook (occasionally). I also like to wear make-up and sometimes a short skirt. I love my husband and hope to have children. I work full-time and I enjoy teaching my students. I am a member of a feminist association and I have a weakness for shopping and celebrity magazines. What does this make me? A housewife, narcissist, wife and (potential) mother, worker, feminist, consumer? A schizophrenic?“

jafnframt viðfangsefni sjálfshjálparrita þar sem lögð er áhersla á að konan bæti sig, verði fullnægðari, líti betur út, gangi betur að ná sér í karlmann, standi sig betur í vinnunni og verði almennt sáttari við sjálfa sig.

Tobba Marinós er höfundur tveggja skvísusagna, *Makalaus* og *Lýtalaus*, þar sem fjallað er um hlutskipti kvenna í nútímasamfélagi en hún hefur jafnframt skrifað sjálfshjálparbókina *Dömsiði* (2010) sem er handbók fyrir konur sem vilja fá ráðleggingar um útlit, ástarmál, mataræði, framkomu, kynlíf og fleira.³ Sjálfshjálparbækur og skvísusögur spretta upp úr sama hugmyndaheimi þótt áherslurnar séu ólíkar. Sjálfshjálparbækurnar eru yfirleitt íhaldssamari en skvísusögur, sem eru margar hverjar írónískar og gera oftast en ekki grín að konunni og nútímavandamálum hennar.

Mannfræðingurinn Heidi Marie Rimke skoðar hvernig sjálfshjálparbækur í samtímanum eru mótaðar af hugmyndafræði sem setur frelsi einstaklingsins í fyrirrúm, þ.e. hugmyndafræði markaðsaflanna, jafnt í mannskilningi sínum og samfélagssýn.⁴ Góðir samfélagsþegnar hugsa best um sjálfa sig með því að leiða ekki hugann að félagslegum lausnum, þeir kjósa að bjarga sér sjálfir. Sjálfsrækt (e. *self-modification*) og sjálfsúrbótum ber að sinna af fúsum og frjálsum vilja án utanaðkomandi þrýstings. Þú verður að vilja breyta þér og samkvæmt þessari hugmynd er almenningsrýmið myndað af fjölda sjálfstæðra og sjálfráða einstaklinga. Hér má sjá grundvallarmun á pósthfémínisma, sem kemur fram á tíma markaðslausna og frjálsbyggju, og annarrar bylgju fémínisma sem einblínir fremur á konuna innan samfélagsins.

Á svipaðan hátt bendir breski félagssálfræðingurinn og fémínistinn Rosalind Gill á að í pósthfémínískri umræðu sé lögð áhersla á rétt einstaklingsins, persónulegt val, og fyrirmæli gefin um að konur eigi að vera þær sjálfar og láta sér líða vel. Þótt sú hugsun spretti úr fémínískri hugmyndafræði þýði það ekki endilega að pósthfémínískar birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum séu liður í umræðu um kven-

3 Tobba Marinós, *Makalaus*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2010; *Lýtalaus*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2011; *Dömsiði*, Reykjavík: Bókafélagið, 2010.

4 Heidi Marie Rimke, „Governing Citizens Through Self-help Literature“, *Cultural Studies*, 1/2000, bls. 61–78.

frelsi. Femínísk markmið, eins og sjálfstæði, frelsi og mikilvægi þess að ráða yfir líkama sínum séu notuð í auglýsingum án þess að það hafi dýpri merkingu; femínísk orðræða sé notuð til þess að selja varning og hvetja okkur til neyslu.⁵ Þetta megi sjá í auglýsingum eins og „*Because I'm Worth it*“ frá snyrtivörurisanum L'Oréal.

Póstfemínismi, sem stundum er kallaður þriðja bylgja femínisma, er talinn hafa komið fram í upphafi níunda áratugs síðustu aldar, en um er að ræða eitt umdeildasta hugtak femínískra fjölmiðla- og menningarfræða.⁶ Stefnan er annars vegar pólitísk og tekur á mismuni í anda femínisma og beitir íróníu og húmor til þess að afbyggja fastmótaðar hugmyndir um kynin. Hins vegar má þar jafnframt greina femínískt bakslag, þar sem íhaldssöm, hefðbundin gildi um hlutverk konunnar verða áberandi. Sumir greinendur ganga svo langt að segja að pósfemínismi hafi í raun enga ákveðna merkingu; um sé að ræða mótsagnakennda og margræða orðræðu sem aðallega megi finna í umræðu um dægurmenningu, jafnt innan afþreyingar- og neyslumenningar.⁷ Póstfemínismi sé síðkapítalísk afurð með öllu sem því fylgi, neyslu- og afþreyingarmenningu, einstaklingshyggju, póstmódernisma og dvínandi áhuga á aðgerðarstefnu (aktívisma) og stofnanabundnum stjórn-málum.

F-orðin og pósfemínísk skvísumenning

Inngangur Genz, sem ég hóf greinina á, ber nafnið F-orðin (e. *The “f-Words”*) og þar segir hún að á tíunda áratugnum hafi það verið til marks um árangur femínismans að hann væri jafnvel orðinn óþarfur. Önnur f-orð eins og „femininity“ (kvenleiki) gætu leyst hann af hólmi, en kvenleikinn og vaxandi þörf fyrir opinskáa tjáningu kynferðislangana (e. *sexual forwardness*) væru vitnisburður um frelsi kvenna og framfarir í jafnréttismálum. Yfirlýsingin sem Genz vitnar í og tvær talskonur stelpukúltúrsins (e. *girlie culture*), Jennifer Baumgardner og

5 Rosalind Gill, *Gender and the Media*, Cambridge/Malden: Polity Press, 2007, bls. 93.

6 Fien Adriaens, „Post feminism in popular culture: A potential for critical resistance?“, *Politics and Culture*, 4/2009: <http://www.politicsandculture.org/2009/11/09/post-feminism-in-popular-culture-a-potential-for-critical-resistance/> (sótt 5. jan. 2013).

7 Fien Adriaens, „Post feminism in popular culture: A potential for critical resistance?“, *Politics and Culture*, 4/2009: <http://www.politicsandculture.org/2009/11/09/post-feminism-in-popular-culture-a-potential-for-critical-resistance/> (sótt 5. janúar 2013).

Amy Richards, settu fram er á þá leið að þótt konur vilji ekki láta misnota sig kynferðislega þýði það ekki að þær vilji ekki lifa kynlífi.⁸

Fjölmiðlar áttu stóran þátt í þessari nýju tegund „femínisma“ þar sem gláp karlveldisins var innlímað og varð sjálfskoðun þar með að narkissísku glápi sjálfhverfra einstaklinga.⁹ Um leið verður öll gagnrýni erfið þar sem hlutgervingin er ekki þvinguð heldur sjálfvalin. Kvenleiki er nú í ríkari mæli skilgreindur út frá líkamlegum einkennum en ekki sálfræðilegum eins og áður (s.s. hlédrægni, óvirkni, móðurhlutverki og húsmóðurhlutverki).

Fjölmiðlafræðingurinn Fien Adriaens segir póstfemínisma gagnrýna síðari bylgju femínisma fyrir íhaldssamar hugmyndir um kynferði og sambandið milli kvenleika og femínisma; hugmyndir um kvenleika í síðari bylgjunni séu einhæfar.¹⁰ Rosalind Gill varar við slíkum hugmyndum og bendir á að ungur, kynþokkafullur líkami varpi ekki ljósi á kynferðislega þrá kvenna. Birtingarmyndir konunnar í fjölmiðlum geti nefnilega orðið til þess að við gleymum því að ljótar, feitar, fatlaðar eða hrukkóttar konur hafi líka kynhvöt.¹¹ Raunin er líka oft sú að hin póstfemíníska margræðni víkur fyrir útlitsdýrkun og því geta póstfemínískar áherslur verið einhæfar þar sem ungar, hvítar og grannar konur með mikla kynhvöt eru einu fulltrúar sjálfstæðu kynverunnar; aðrar konur eru hreinlega ekki með. Þannig má velta því fyrir sér hvort póstfemínísk viðhorf geri konur raunverulega sáttari við sjálfar sig, eða hvort póstfemínismi sé í raun jafn fyrirskipandi og sú hugmyndafræði sem honum var ætlað að leysa af hólmi, þ.e. hvort hann leiði til íhaldssemi og steypi allar konur í sama mót.

Það er ekki síst í þessu samhengi sem forvitnilegt er að skoða viðtökurnar sem Tobba Marinósdóttir fékk, en hún hefur markaðssett sig sem fulltrúa póstfemínískra viðhorfa í pistlum sínum, skáldsögum og bloggi. Þar fjallar hún um marga þá hluti sem líf ungra kvenna í

8 Sjá: Jennifer Baumgardner og Amy Richards, *Manifesta: Young Women, Feminism, and the Future*, New York: Farrar, Straus and Giroux, 2000. Hér Genz (2009), bls. 1–2.

9 Rosalind Gill, *Gender and the Media*, Cambridge/Malden: Polity Press, 2007, bls. 90.

10 *Sama heimild*, bls. 90.

11 *Sama heimild*, bls. 91.

neyslusamfélögum hverfast um, karlamál, vináttu, líkamann og útlit. Opinber ímynd Tobbu og þær kynjafræðilegu áherslur sem hún hefur sett fram í skrifum sínum hafa vakið um hana deilur, en konur sem markaðssetja sig á pósthólfum forsendum verða gjarnan að viðfangsefni andstæðra fylkinga. Núningur verður þá á milli vinstrisinnadra greinenda og þeirra sem síður sjá vandamál við þau tjáningarform sem eiga rætur að rekja til síðkapítalískrar hugmyndafræði. Bloggfærslur Tobbu eiga í samræðu við bækur hennar þrjár, en þar er lögð áhersla á að gera vel við sig í mat og drykk og fjallað um hluti eins og hitaeyningar, skæra varaliti, hressandi neglur, kynkulda, svartar sokkabuxur og hvaða veitingastaður henti mismunandi tegundum stefnumóta.¹²

Skrif Tobbu snúast af þessum sökum töluvert um kvenlíkamann en ekki er hægt að segja að þau ýti einhliða undir óheilbrigða líkamsmynd kvenna því hún lýsir oft aðdáun sinni á módelum í yfirstærð og á góðum og fitandi mat sem má finna á hinum ýmsum veitingastöðum bæjarins.¹³ Að sama skapi er bloggið hennar fjölbreyttara en svo að það snúist einvörðungu um útlit og samskipti kynjanna. Tobba hefur t.d. gert sparnaðarleiðir í matargerð að umfjöllunarefni, lýst skrautlegum tölvupóstsamskiptum sínum við Leoncie og gert góðlátlegt grín að íhaldssömum viðhorfum til kvenhlutverka eins og þegar hún birti úrklippu úr kennslubók í heimilisfræðum frá 1950 á bóndadaginn 2012.¹⁴ Sumar færslur Tobbu eru stuttar og minna á fésbókarstatusa þar sem hún ræðir stuttlega um eitthvað sem vekur áhuga hennar eins og ljósmyndir, myndbandsbrot eða hönnun. Sumar athugasemd-

12 Tobba Marinós, „Skærir varalitir og dásamlegar stelpur! Vertu með og geislaðu!“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/1/17/skaervaralitur-og-dasamlegar-stelpur-vertu-med-og-geisladu/>; „Hefur þú einhvertíman séð aðrar eins neglur! Hressandi!“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/2/14/hefur-thu-einhvertiman-sed-adrar-eins-neglur-islenskt-hugvit/>; „Kynkuldi og svartar sokkabuxur!“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/4/15/kynkuldi-og-svartar-sokkabuxur/>; „Bestu deitstaðir borgarinnar“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/1/13/bestu-deitstaðir-borgarinnar/> (sótt 8. maí 2012).

13 Tobba Marinós, „Plus size model fer úr stærð 4 í 16 – hvort finnst ykkur flottara?“ <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/5/8/plus-size-model-fer-ur-staerd-4-i-16-hvort-finnst-ykkur-flottara/>; Rósenberg er þrusu veitingarstaður – Vissir þú það?: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/6/7/rosenberg-er-thrusu-veitingarstadur-vissir-thu-thad> (sótt 8. maí 2012).

14 Tobba Marinós, „Get ég lifað á 500 kalli á dag“ <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/4/23/get-eg-lifad-500-kalli-dag/>; „Þegar ég sendi Leoncie email“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/2/6/tegar-eg-sendi-leoncie-email/>; „Bóndadagurinn – Svona á að gera þetta!“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/1/19/bondadagurinn-svona-ad-gera-thetta/> (sótt 8. maí 2012).

irnar vísa svo til „alvarlegra samfélagsmálefna“ eins og þegar hún ræðir hrundið og líkir lógói fjármálaeftirlitsins við niðurfall.¹⁵ Líklega er þó fremur horft framhjá færslum sem þessum vegna þess að þær eiga ekki í eins ríkum mæli í samræðu við bækurnar hennar þrjár og falla því ekki eins augljóslega að þeirri opinberu höfundarímynd sem Tobba hefur sjálf tekið þátt í að móta, en hún hefur verið markaðssett þannig að hún bloggi um kvenleg viðfangsefni tengd útliti, líkama og stefnumótum.

Viðtökurnar á Tobbu Marínósdóttur eru skoðaðar hér í ofangreindu ljósi, en oft hafa þær ekki aðeins verið neikvæðar heldur hefur gagnrýnin á hana stundum orðið að niðrandi ummælum sem beinast að líkama hennar og útliti. Þá eru verk hennar oft dæmd og afgreidd án þess að hafa verið lesin.

Skvísusögur sem bókmenntagrein

Neikvæðnina í almennri umfjöllun sem birtist samhliða vinsældum skvísusagnanna má setja í samhengi við viðtökur þeirra, en þær varpa ljósi á hversu erfitt uppdráttar afþreying eftir konur, fyrir konur og um konur á í samfélaginu. Skvísusögur eru bókmenntagrein sem hefur notið gríðarlegra vinsælda undanfarinn einn og hálfan áratug, allt frá því Helen Fielding reið á vaðið með *Dagbók Bridget Jones*.¹⁶ Í stuttu máli fjalla þær um konur á þrítugs- og fertugsaldri, og þau margvíslegu vandamál sem þær eiga við að stríða, svo sem mótsagnakenndar og flóknar samfélagskröfur. Margar konur eiga í erfiðleikum með að sameina einkalíf og frama þar sem ennþá eru gerðar miklar kröfur til þeirra um að standa sig sem eiginkonur og mæður. Bókmenntagreinin gerir mörg meginviðfangsefni pósthómínískra fræða að umræðuefni, hlutverk neytenda, verslunar, kynþátta og stétta, framkomu og velgengni. Þar er einnig tekið á kynslóðabili – s.s. flóknu sambandi

15 Tobba Marínós, „Hver hannaði lógó fjármálaeftirlitsins?\": <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/2/7/hver-hannadi-logo-fjarmalaeftirlitsins/>; sjá einnig: „Herbergið hans Jóns Ásgeirs á 101 – Mynd!\": <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2012/4/18/herbergid-hans-jons-asgeirs-101-mynd/> (sótt 8. maí 2012).

16 Helen Fielding, *Bridget Jones's Diary*, New York: Viking, 1996; *Bridget Jones: The Edge of Reason*, London: Picador, 1999; *Dagbók Bridget Jones*, Reykjavík: Mál og menning 1998, þýð. Sigríður Halldórsdóttir; *Bridget Jones á barmi taugaáfalls*, Reykjavík: Mál og menning 2002, þýð. Sigríður Halldórsdóttir.

mæðra og dætra og muninum á síðari bylgju femínisma og þeirrar þriðju, bylgju póstfemínisma.¹⁷

Vinsældir sagnanna benda til þess að enn séum við að velta fyrir okkur spurningum um kynferði, kvenleika og kyngervi. Þannig má segja að um sé að ræða nýja tegund „kvennabókmennta“ og sagna um „nýju konuna“.¹⁸ Þær skvísufrásagnir úr samtímamenningunni sem yfirleitt eru nefndar sem dæmi eru sjónvarpsþættirnir *Sex and the City* (1998–2004), en þeir eru byggðir á bók Candace Bushnell, *Ally McBeal* (1997–2002) og *Desperate Housewives* (2004–2012) og sögurnar af Bridget Jones (1996–1999) eftir Helen Fielding. Einnig má nefna kaupalkasögur (2000, 2001, 2002, 2004, 2007, 2010) Sophie Kinsellu og aðrar frægar skvísusögur eins og *The Nanny Diaries* (2002) eftir Nicola Kraus og Emmu McLaughlin, *The Devil Wears Prada* (2003) eftir Lauren Weisberger, *Jemima J.* (2001) eftir Jane Green, *Something Borrowed* (2005) eftir Emily Griffin og *Good in Bed* (2001) eftir Jennifer Weiner.¹⁹

Mikilvægt er að hafa í huga að skvísusögur eru ekki allar eins, hvorki að efni né gæðum. Oft er litið framhjá því að í mörgum sagnanna má finna gagnrýni og ádeilu á efnishyggjuna sem stýrir nútímamfélögum. Áherslan á klæðnað er oft sýnd í írónísku ljósi og jafnvel gagnrýnd, þótt það sé alls ekki alltaf raunin. Stundum, eins og í

17 Shari Benstock, „Afterword. The New Woman’s Fiction“, *Chick Lit. The New Woman’s Fiction*, ritstj. Suzanne Ferriss og Mallory Young. New York/London: Routledge, 2006, bls. 254.

18 Shari Benstock, „Afterword. The New Woman’s Fiction“, *Chick Lit. The New Woman’s Fiction*, bls. 253.

19 Af íslenskum þýðingum skvísusagna má nefna Candace Bushnell, *Beðmál í borginni* (Reykjavík: Stílbrot 2008 [1996], þýð. Berglind Steinsdóttir og Ólvir Tryggvason) og Sophie Kinsella, *Drama-veröld kaupalkans* (Reykjavík: Salka 2008 [2000], þýð. Ragnheiður Bjarnadóttir), *Kaupalkim í New York* (Reykjavík: Salka 2009 [2001], þýð. Ragnheiður Bjarnadóttir), *Manstu mig?* (Reykjavík: Salka 2009 [2008], þýð. Aldís Björnsdóttir). Sjá einnig: Nicola Kraus og Emma McLaughlin, *The Nanny Diaries*, London: Penguin Books, 2002; Lauren Weisberger, *The Devil Wears Prada*, London: Harper 2003; Jane Green, *Jemima J: A Novel About Ugly Ducklings and Swans*, London: Penguin Books, 2010 [1998]; Emily Griffin, *Something Borrowed*, New York: St. Martin’s Press, 2005; og Jennifer Weiner, *Good in Bed*, London og New York: Simon and Schuster, 2001. Bandaríska sjónvarpsþáttaröðin *Sex and the City* (1998–2004) var framleidd af HBO. Höfundur þáttaraðarinnar er Darren Star og með helstu hlutverk fara Sarah Jessica Parker, Kim Cattrack, Kirsten Davis og Cynthia Nixon. Bandaríska sjónvarpsþáttaröðin *Ally McBeal* (1997–2002) var framleidd af Fox. Höfundur þáttaraðarinnar er David E. Kelley og með helstu hlutverk fara Calista Flockhart, Courtney Thoren-Smith, Greg Germann og Lisa Nicole Carson. Bandaríska sjónvarpsþáttaröðin *Desperate Housewives* (2004–2012) var framleidd af ABC Studios og Cherry Productions. Höfundur þáttaraðarinnar er Marc Cherry og með helstu hlutverk fara Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Nicollette Sheridan og Eva Longoria.

kaupalkabókum Sophie Kinsellu, eru þau heljartök sem tískan hefur á nútímakonunni tekin fyrir og hvernig hún stýrir lífi hennar á óheilbrigðan hátt. Aðrar sögur fjalla á gamansaman hátt um raunveruleg viðfangsefni sjálfshjálparbóka, vandamálin við að vera einhleypur, glímuna við aukakílóin, kaupfíkn og stöðluð fegurðarviðmið, eða þá að þær draga upp mynd af söguhetjum sem hafa týnt sér í samfélagi sem gerir of miklar kröfur til ólíkra kvenhlutverka.

Þrátt fyrir þetta hefur bókmenntagreinin fengið á sig ruslstimpil. Rithöfundurinn Baratz-Logsted hefur unnið við bókaútgáfu í næstum 25 ár, verið sjálfstæður bóksali, gagnrýnandi, ritstjóri og bókaverja. Hún segist ekki vita um nokkra bókmenntagrein sem hafi verið úthúðað jafn rækilega og um leið verið jafn vinsæl og skvísúsögur.²⁰ Juliette Wells heldur því fram að neikvæða umfjöllunin sé í samræmi við viðtökuhefðina á verkum eftir konur, þar sem jafnframt sé litið niður á lesendur þeirra.²¹ Hún bendir á að það hafi óneitanlega áhrif á viðtökur skvísúbóka að það eru konur sem skrifa þær og lesa.

Átökin um viskustykkið

Forvitnilegur ágreiningur spratt upp vegna skrifa Tobbu í pistlinum „Pakkasósa, Sex and the City, femínismi, frosið grænmeti og karlmenn með ljósaperur“. Þar fjallar hún um staðlað kvennaefni í sjónvarpi, þætti á borð við *Desperate Housewives*, *Sex and the City*, *America's Next Top Model* og *Footballers' Wives* og mælir heilshugar með slíkri afþreyingu þar sem það sé gott fyrir fólk að geta slakað á og hlegið: „Samt fellur það undir „kellingarugl“. Svo virðist sem margt ætlað konum sé „rugl“ annað en fótbolti sem „meikar meira sens“ en flest annað í heiminum.“²² Gagnrýni Tobbu á sér langa hefð, t.a.m. má nefna að breska skáldkonan Virginia Woolf kvartaði í verki sínu *Sérherbergi* (1929) yfir því að reynsla kvenna væri talin óæðri reynslu karla; fótbolti og íþróttir séu mikilvæg, en tíska og fatakaup ómerkileg iðja:

20 Lauren Baratz-Logsted, „Introduction“, *This is Chick-Lit*, ritstj. Lauren Baratz-Logsted, Dallas/Texas: Bensella Books, Inc, 2006, bls. 2.

21 Juliette Wells, „Mothers of Chick Lit? Women Writers, Readers, and Literary History“, *Chick Lit. The New Woman's Fiction*, bls. 48.

22 Tobba Marinós, „Pakkasósa, Sex and the City, femínismi, frosið grænmeti og karlmenn með ljósaperur.“: <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/1/5/pakkasosa-sex-and-city-feminismi-frosid-graenmeti-og-karlmenn-med-ljosaperur> (sótt 9. maí 2012). Birtist fyrst í *Morgunblaðinu* 27. febrúar 2010.

Eða í einföldum orðum sagt, þá eru íþróttir og knattspyrna „mikilvæg“; tískuáhugi og fatakaup „fáfengileg“ [...]. Þetta er mikilvæg bók, ályktar gagnrýnandinn, af því að hún fjallar um stríð. Þetta er ómerkileg bók af því að hún fjallar um tilfinningar kvenna í setustofu.²³

Annar pistill eftir Tobbu er skrifaður í kjölfar þess að hún var spurð að því í viðtali hvort hún væri femínisti. Hún lítur á þetta sem athugasemd við útlit sitt og svarar spurningunni svo í pistli sínum að hún tilheyrir þriðju kynslóð femínista sem leggi ekki síður áherslu á kynþokka en að hlustað sé á skoðanir þeirra: „Er þetta skot á bolinn sem ég er í eða glossinn? [...]. Mega femínistar ekki mála sig og dýrka háa hæla (helst 7 cm eða lengri). Tuggan um að bara vitlausar og yfirborðskennar konur hugsu um útlitið eru orðnar [svo] þreyttari en Árni Johnsen á þjóðhátíð. [...] Hvað ef ég vil vera bæði vitsmunavera og kynvera? Og enda þannig sem femínisti og kynbomba?“ Tobba kallar sig því „Lipstick femínista“ sem er hugtak sem tilheyrir póstfemínisma: „Ég hef breytt svari mínu úr femínisti [svo] í Varalitað Viskustykki (Lipstick Feminist). Og ég held ég fari að nota enn meiri varalit.“²⁴

Yfirlýsing Tobbu vekur áhugaverða spurningu. Geta áhersla á „blygðunarlausan“ kynþokka og tryggð við femínísk gildi farið saman? Í greininni „Feminism versus femininity? Exploring feminist dilemmas through cooperative inquiry research“ benda Sarah Riley og Christina Scharff á það hvernig nútímalegur kvenleiki í vestrænum samfélögum setur konur sem skilgreina sig sem femínista í vanda.²⁵ Hvernig á að takast á við það að menningin setur kvenleika og kvenréttindi upp sem andstæður? Lítið hefur verið rannsakað hvernig konur sem líta í senn á sig sem kvenlegar og femínista takast á við þá menningarlegu orðræðu sem skilgreinir þetta tvennt sem mótsögn. Í greininni taka Riley og Scharff viðtöl við konur sem vinna innan

23 Virginia Woolf, *Sérberbergi*, þýð. Helga Kress, Reykjavík: Svart á hvítu, 1983, bls. 103–104. „Speaking crudely, football and sport are „important“; the worship of fashion, the buying of clothes „trivial“ [...]. This is an important book, the critic assumes, because it deals with war. This is an insignificant book because it deals with the feelings of women in a drawing-room. A scene in a battlefield is more important than a scene in a shop“. *A Room of One's Own*, New York/London: A Harvest Book, 1981, bls. 74.

24 Tobba Marinós, „Mega femínistar mála sig?“, <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/11/19/mega-feministar-mala-sig/> (sótt 25. október 2011).

25 Sarah CE Riley, Christina Scharff, „Feminism versus femininity? Exploring feminist dilemmas through cooperative inquiry research“, *Feminism and Psychology*, London: Sage, 2012.

akademíunnar og eru femínistar, hvítar, flestar gagnkynhneigðar og af miðstétt. Þær varpa fram þeirri spurningu hvort þær lendi í einhverjum vandræðum með femínískar hugsjónir sínar. Sem femínistar gagnrýna viðmælendur þeirra t.d. kröfuna um að konur eigi að vera grannar, en finna samt sem áður sjálfar löngun til að vera þannig og finnst það jafnvel fallegra. Klípan sem konurnar eru í felst í því að þeim þykir femínismi og kvenleiki ekki fara saman, annað útiloki hitt, femínismi tilheyrir afbrigðilegum kvenleika. Femínistarnir í rannsókninni eru sér meðvitaðir um að þær hafa tæki og tól til þess að gagnrýna þær kröfur sem gerðar eru til kvenna. Þeim finnst eins og þær eigi að vera hafnar yfir þörfina fyrir að falla inn í hefðbundið hlutverk. Þær eigi ekki að hafa áhyggjur af útlitinu og þess vegna séu þær falskar, í ljósi þess að þær gangast inn á það menningarlega gildismat sem þær gagnrýna. Þeim finnst þær ekki vera nógu góðir femínistar.²⁶

Í greininni benda Riley og Sharff á að kvenleiki sé gjarnan skilgreindur út frá líkamlegum einkennum. Útlitið beri þannig í sér merkingu hins kvenlega. Þær gagnrýna upphafningu þriðju bylgjunnar á æskilegu útliti og neyslu og leggja áherslu á mikilvægi þess að við stígum út úr samfélaginu þegar við gagnrýnum það, jafnvel þótt við séum líka undir áhrifum af því. Einnig benda þær á að í vestrænu samfélagi sé ætlast til þess að konur af miðstétt séu náttúrulegar í útliti, í þeim skilningi að þær eigi ekki að virðast hugsa mikið um útlitið. Í þessu samhengi má ætla að höfnunin á útlitsdýrkun sé merki um femínisma, en einnig og ekki síður vísbending um miðstéttarsmekk og forréttindi þar sem náttúrulegt útlit er mikils metið. Riley og Sharff telja mikilvægt að þeir sem gagnrýna samfélagið geti átt sér svæði utan ráðandi, menningarlegra væntinga um viðeigandi kvenleika.²⁷

Það er líklega í anda þeirra hugmynda sem Riley og Sharff gera að umræðuefni sem Tobba gagnrýnir öfgarnar í ímyndasmíð samfélagsins. Þær snúa ekki aðeins að því að banna femínistum að líta út eins og varalituð viskustykki. Tobba segir andstæðinga femínismans líka hafa gengið of langt í hina áttina. Þeir hafi eyðilagt hugtakið með

26 Riley og Scharff, bls. 9–10.

27 *Sama heimild*, bls. 14–15.

rógsherferð og geri lítið úr kvenfrelshreyfingunni með grótesku og afkáralegu líkamsmyndmáli:

Því miður er búið að eyðileggja orðið femínisti að miklu leyti. Það er gjarnan notað í niðrandi merkingu sem mér finnst afar sorglegt. Þegar ég var lítil fannst mér það vera orð yfir hetju. Svona eins og Superwoman. Konu sem gat breytt hlutum, gert og græjað. Ekki bitra kynsvelta og kaflöðna konu. Hvernig varð orðið femínismi að gælunafni yfir Grýlu?²⁸

Tobba telur samtímaumræðuna mótast af ýktum andstæðupörum þar sem ekkert sé „á milli þess að vera harður femínisti og kona sem þráir að læra að baka marglitar múffur og bróðera“ eða á milli „týpunnar sem þráir að vera hin fullkomna móðir og konunnar sem langar mest af öllu að giftast fótboltamanni og sitja fyrir í Playboy“. Af orðum Tobbu má ætla að með þessu sé meginhluti kvenkyns útilokaður frá hlutdeild í kvenfrelsisbaráttunni. Gagnrýni hennar beinist þó ekki einvörðungu að andstæðingum femínisma heldur einnig að þeim harðlínufemínistum sem þrýsti „pælingum“ sínum „upp á börnin“ sín, án þess að útskýra frekar hvað hún eigi við með því. Tobba segist vera að „tala um öfga [svo] sem eru því miður fáanlegir í öllum deildum og skemma fyrir öllum hinum. Það man enginn eftir venjulega femínistanum sem lúkkaði nokkuð sane. Það muna hinsvegar allir eftir þessari klikkuðu,“ segir Tobba í pistli sínum. Hér fellur hún í þá gryfju að draga upp yfirborðskennda mynd af harðlínufemínistum í vörn sinni, en þó virðist gagnrýni hennar fyrst og fremst snúast um hversu einföld umræða um femínisma sé í samtímanum og að það séu öfgarnar sem stýri umræðunni. Hún mælir þannig með því að fleiri hópar kvenna sameinist undir merkjum femínismans. Hann eigi að vera sameinandi afl fremur en sundrandi.

Pistill Tobbu er vissulega langt frá því að geta kallast nákvæm menningarfræðileg orðræðugreining á kynímyndum samtímans, en það vekur óneitanlega furðu hversu rækilega orð hennar voru mis-skilin og skrumskæld. Greiningu hennar var snúið upp á hana sjálfa

28 Tobba Marinós, „Mega femínistar mála sig?\": <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/1/19/mega-feministar-mala-sig/>.

og hún gerð að fulltrúa alls sem hún var sjálf að gagnrýna í umræðunni. Í skrifum bloggarans „Sigurbjarnar“²⁹ um grein Tobbu segir hann „eitthvað alvarlegt að“ þegar „konur sem vinna við það að viðhalda stöðluðum ímyndum um kynin og útlit kvenna segjast vera femínistar“. Slíkir einstaklingar eru að mati „Sigurbjarnar“ ekki marktækir í umræðunni. Þó megi fullyrða „að skrattinn hafi fyrst hitt ömmu sína þegar meira að segja *Tobba þykist vera femínisti*“. „Sigurbjörn“ telur Tobbu viðhalda staðalímyndum um femínistann sem loðinn og kynsveltan og lítur framhjá því að hún er einmitt að gagnrýna þessa ímynd í pistli sínum. Hann setur síðan ummæli hennar í beint samhengi við alræmda hatursbloggfærslu Egils Einarssonar, Gillzeneggers, gegn íslenskum femínistum³⁰ og spyr:

Viljum við virkilega hafa þetta svona? Skiptir það virkilega mestu máli hvort fólk noti háreyðingarkrem eða fari í vax, hvort þíkan sé snöðuð eða loðin? Hefur það virkilega eitthvað með það að gera hvernig manneskjan hugsar eða hvaða skoðanir hún hefur? Ef Tobba hefur einhvern tíma ætlast til þess að vera tekin alvarlega mistekst henni svo allillilega að það hálfra væri nóg.³¹

„Sigurbjörn“ leitast við að grafa undan staðalímynd femínistans og segir ekki skipta máli hvernig hann líti út. Verður ekki annað séð en með þessu sé hann að gangast inn á meginrökflutning hinnar afvegaleiddu Tobbu sem gagnrýnir umræðu samtímans fyrir að draga upp öfgafulla mynd af femínistum og spyr hvers vegna „femínistar

29 Sigurbjörn segist vera: „Sjálfsstæður, kvæntur, tveggja barna faðir. Með doktorspróf í dönsku og ómælda lífsreynslu.“ Sigurbjörn hét réttu nafni Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, en hann lést 4. ágúst 2011 af slysförum. Vefsíðan *Knúz* (<http://www.knuz.is/>) hefur haldið minningu Gunnars Hrafns á lofti. Sjá t.d. pistil Helgu Kristínar Einarsdóttur „Gunnar Hrafn og hliðarsjálfin“, 29. september 2011: <http://www.knuz.is/2011/09/gunnar-hrafn-og-hliarsjalfin.html> (sótt 15. maí 2012).

30 Sjá t.d. Drífa Snædal, „Gamalt sem vert er að rifja upp“, 24. júní 2011: <http://www.kaninka.net/drifa/?p=114> (sótt 15. maí 2012). Í færslu Egils Einarssonar frá 29. nóvember 2007, sem ber nafnið „Fréttastofa Gillz – Þorir meðan aðrir þegja“, segir m.a.: „Síminn hjá Ásgeiri Kolbeinssyni hefur ekki stoppað undanfarna daga og ku ástæðan vera sú að femínistar hafa verið óvenju óþolandi undanfarið. Þegar femínistar verða of áberandi í fjölmiðlum hefur ávallt virkað að kalla til Ásgeir Kolbeinsson til þess að gefa þessum leiðinda rauðsokkum einn granítharðan í hárguga bílskúrinn til þess að þagga niður í þeim. Það er almenn vitneskja að þessir femínistar væru ekki að haga sér svona ef þær væru að fá hágæðalim heima fyrir.“

31 Sigurbjörn, „Tobba Marinós er viskustykki“. 20. janúar 2011: <http://gagnrynt.blogspot.com/2011/01/ku-vera-i-tisku-meal-blaurbloggara-essa.html> (sótt 17. apríl 2012).

[megi] ekki mála sig og dýrka háa hæla“. Þó lendir „Sigurbjörn“ strax í mótsögn við sjálfan sig vegna þess að hann getur ekki fellt sig við þá hugmynd að Tobba geti verið femínisti, einmitt vegna þess hvernig hún lítur út:

Tobba fer yfir víðan völl en það er samt eins og hún geti ekki annað en afsakað sig fyrir það hvernig hún lítur út. Maður fær á tilfinninguna að innst inni langi hana bara að hætta að sminka sig og leyfa líkamshárunum að vaxa. Nema hvað ... Tobba er femínisti jafnvel þótt hún sitji þarna í háhæluðum skóm, með bleikt gloss og „hálmál sem staðfesti nokkuð greinilega tilvist tvíburasystranna framan á“ sér“. [...] Tobba getur sem sagt ekki látið sér detta neitt annað í hug en að setja (aftur) samasemmerki á milli útlits og skoðana. [...] Tobba rembist eins og rjúpan við staurinn að viðhalda stöðluðum og brengluðum kynjaímyndum. Með fordómum sínum vill hún neyða fólk í fyrirfram skilgreinda bása merktum útliti og áhugamálum. Hún er enginn femínisti. Hún er lítið annað en blautt og skítugt viskustykki.

Ekki verður annað séð en að „Sigurbjörn“ staðfesti með lýsingu sinni á Tobbu að útlit og skoðanir fari saman þótt hann mæli með öðru. Að mati hans getur Tobba ekki verið femínisti vegna þess hvernig hún klæðir sig og málar.

Í grein sem Ragnar Egilsson skrifaði fyrir tímaritið *Grapevine* tekur hann Tobbu jafnframt sérstaklega fyrir og rétt eins og í skrifum „Sigurbjarnar“ er Ragnari umhugað um útlit hennar, sem hann líkir við „skelfilega ennisbreiðan garðálf“ sem vinni sem „stefnumótaráðgjafi og slúðurpenni“. Tobba er „höfundur óskapnaðar í anda sagnanna um Carrie Bradshaw og sjónvarpsþáttaraðar sem byggist á þessum glæpi gegn mannkyni“. Rétt eins og „Sigurbjörn“ telur Ragnar Tobbu vera samherja Gillzeneggers, og sem kvenkynsútgefán af honum ráðist hún gegn heilbrigðri skynsemi. Ragnar segir þau minna á Robin og Batman þar sem „skorið hefur verið á taugabrautirnar í heila hennar en hann er með Downsheilkenni“.³²

32 Ragnar Egilsson, „A Foreigner’s Guide to the Confusing World of Icelandic Celebrities“, *The Reykjavík Grapevine*, 3. hefti 2011, bls. 34. Kaflinn í heild sinni hljóðar svo: „When Gillzenegger is busy at home in his skinsuit, listening to ‘Goodbye Horses’ and working through his issues with the female anatomy, he’ll sometimes send out a sentient garden gnome with a frighteningly wide glabella called Tobba Marínós. Tobba is a dating advice blogger and gossip scribbler who thrust her way into the limelight sometime last year. Now best known as the author of some Carrie

Tobba kvartaði sárlega undan þessum skrifum í opinberu bréfi sem hún sendi Ragnari Egilssyni og *Grapevine* og taldi þau ekkert annað en einelti: „Má niðurlægja alla þá sem hafa sett á sig brúnkukrem eða flokkast sem þekktir af einni eða annarri ástæðu?“. ³³ Bloggarinn Jón Frímann sagði hana í kjölfarið taka gagnrýni illa. Hún sé ein af þeim „tilgangslausu frægu manneskjum á Íslandi sem varð fræg fyrir nákvæmlega ekki neitt annað en rekkjusögur af vinkonum sínum“. Jón segir hana ljúga til um eineltið og hún eigi „að biðjast afsökunar á þessum orðum sínum og draga þau nú þegar til baka“. Tobba hafi verið látin í friði í fjölmiðlum hingað til: „[E]nginn hefur sagt nokkurn skapaðan hlut um hegðun þessarar manneskju eða það sem hún lætur frá sér fara í fjölmiðlum, eða þá þann lífstíl sem hún boðar og lifir sjálf.“ ³⁴

En hvers vegna vekur Tobba og það sem hún er fulltrúi fyrir svona mikla andúð? Mikilsvert er að fara ofan í saumana á þessari umræðu vegna þess að hún tengist neikvæðum hugmyndum um afþreyingu kvenna og tilhneigingu til þess að gera lítið úr ýmsum kimum kvennameningar á hátt sem á sér enga hliðstæðu þegar kemur að áhugasviðum karla.

Ég er kona, móðir, dóttir ...

Til þess að útskýra betur þær harkalegu árásir sem Tobba verður fyrir í fjölmiðlum má beita kenningum breska félagsfræðingsins Beverley Skeggs sem hún setur meðal annars fram í bók sinni *Class, Self, Culture*. Skeggs hefur ekki síst lagt áherslu á að draga stéttahugtakið inn

Bradshaw-esque monstrosity and an upcoming TV-series based on said crime against humanity (much better proof that God hates this country than that volcano aerial view that looked like Satan). As the female version of Gillz, you would think she would try to counteract his bare-assed misogyny, but instead she gangs up with Gillz in a pincer movement on sanity – a kind of lobotomized Robin to his Down's syndrome Batman.“ Sjá einnig: <http://grapevine.is/Features/ReadArticle/A-FOREIGNERS-GUIDE-TO-THE-CONFUSING-WORLD-OF-ICELANDIC-CELEBRITIES> (sótt 14. maí 2012).

33 Tobba Marinós, „Ragnar Egilsson og Grapevine; takk fyrir særandi og niðrandi ummæli!“: <http://www.visir.is/assets/pdf/XZ1133330.PDF> (sótt 15. maí 2012). Tobba var sjálf ásökluð um einelti í tilefni af þessum skrifum, eins og fram kemur í pistli blaðamannsins Jakobs Bjarnars Grétarssonar um efnið. Sjá: „Menningarritstjóri sendir Tobbu tóninn“, *Fréttir af Facebook* 30. mars 2011: <http://blog.pressan.is/jakobbjarnar/2011/03/30/menningarritstjori-sendir-tobbu-toninn/> (sótt 15. maí 2012).

34 Jón Frímann [Jónsson], „Tobba Marinós tekur illa í gagnrýni og lýgur til um einelti“, 30. mars 2011: <http://www.jonfr.com/?p=5323> (sótt 24. maí 2008).

í jafnréttisumræðuna, en með ótal dæmum færir hún fyrir því sannfærandi rök að hvítar lágstéttarkonur og það sem telst vera lágstéttarmenning sé sérstaklega hart leikið af breskum fjölmiðlum, hætt og niðurlægt.

Greining Skeggs, sem mótuð er af kenningum franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu, gengur út á að skoða hina löngu hefð sem er fyrir því að lýsa lágstéttinni með ýmiss konar ofgnótt á meðan miðstéttin heldur sig í fjarlægð frá slíkum miðlunarmáta. Með ofgnótt á hún til dæmis við of mikla drykkju og læti, klæðnað sem sýnir bert hold, lauslæti, stílað og gervilegt hár, of mikla fördun eða ýkta áherslu á merkjavöru eins og Burberry. Ofgnóttin er talin vera til marks um siðferðilega og félagslega upplausn,³⁵ en frá sögulegum sjónarhóli hefur útlitið lengi verið vísbending um hegðun, hugarfar og sérstaklega siðferði kvenna. Með útlitinu, klæðaburði og hegðun marka einstaklingarnir sér gjarnan stað innan menningarinnar og út frá því eru þeir flokkaðir niður og staðsettir af öðrum. Útlit sem talið er bera með sér hemjuleysi er þannig oft talið sýna óviðeigandi ofgnótt, en hún er merki um smekkleysi, lágkúru og skort á siðferði. Hemjulaust kynferði sem flæðir yfir öll velsæmismörk ógnar viðurkenndum siðferðisviðmiðum og er vitnisburður um hættulega lausung.³⁶

Í umræðu um kynvæðingu kvenlíkamans er gjarnan horft til heildarútlits, hvernig horfið er frá náttúrulegri fördun og áhersla lögð á unnið og stílað hár, og fataval, auk þess sem athygli er dregin að líkamanum með því að láta skína í hann eða ýkja línur hans, til dæmis með notkun sílikons eða annarra hjálpartóla.³⁷ Það verður þá til marks um óviðeigandi útlit kvennanna að breytingarnar sem

35 Beverley Skeggs, *Class, Self, Culture*, London/New York: Routledge, 2004, bls. 99.

36 Á málstofu sem haldin var til heiðurs Skeggs á ráðstefnu RIKK, „Þræðir og fléttur: Menning, samfélag og umhverfi“, 4. til 5. nóvember 2011 vísaði Skeggs í umræðum m.a. til raunveruleikabáttanna *Geordie Shore* sem sendir eru út af MTV í Bretlandi og njóta talsverðra vinsælda (fjórða þáttaröðin var samþykkt af framleiðendum vorið 2012). Þættirnir gera út á óheft hvatarlíf ungmennanna, mikla drykkju og lausung í kynferðismálum og hafa talsvert verið gagnrýndir fyrir lágkúru. Karlarnir í þáttaröðinni leggja þó mikið upp úr líkamlegri ögun og minna í því á Gillzenegger og félag hans – „karlana“.

37 Skeggs vísar máli sínu til stuðnings í rannsóknir á Hollywoodmyndum þar sem óhófið í klæðaburði lágstéttarkvenna er til marks um lágt siðferðismat og hættu á upplausn. Leið kvennanna upp samfélagsstigann er sýnd með vaxandi háttvísi þeirra og aukinni þörf fyrir hófsemi í útliti. Hættan er þó alltaf sú að upp um þær komist og syndir fortíðarinnar geri út um drauma þeirra, vonir og væntingar. Skeggs, *Class, Self, Culture*, bls. 99.

gerðar hafa verið eru augljósar og sýnilegar. Miðstéttarkonur fela vinnuna við útlitið og virðast náttúrulegri, en slík aðferð hefur hærra menningarlegt gildi. Skeggs ræðir einnig á hvaða hátt hinn táknræni líkami ensku lágstéttarinnar getur vakið viðbjóð með „heiðvirðri“ miðstéttinni sem setur hann í samhengi við úrgang og rusl. Viðbjóðurinn viðheldur félagslegu kerfi þar sem hann meinar lágstéttinni aðgang að eftirsóknarverðum gildum og heldur henni í fjarlægð. Læti og óhefluð nærvera lágstéttarinnar grefur undan virðingu miðstéttarinnar sem þarf að verja stöðu sína. Miðstéttin viðheldur virðingu sinni með því að gera lítið úr lágstéttinni og líta niður á hana.³⁸ Hugtakið „hvítt rusl“ fangar þessa orðræðu viðbjóðs og úrgangs. Þar er kynþáttamótaðri hatursorðræðu beint að hvítu lágstéttarfólki svo að hægt sé að greina það frá öðru hvítu fólki.³⁹ Kenningar Skeggs eru mótaðar af þeirri skýru stéttaskiptingu sem einkennir breskt samfélag en auðveldlega má yfirfæra þær á mismunandi hópa innan menningarinnar þar sem augljós stigskipun ríkir. Skoða má hvernig kenningar Skeggs varpa ljósi á athæfi sem gagnrýnendum þykir lágkúrulegt eða ómerkilegt, til dæmis gagnrýni sem sett er fram í nafni menningarlegrar stigskipunar eða hugmyndafræðilegra yfirburða, í nafni siðferðis eða menntunar.

Samkvæmt Bourdieu hafa þeir sem skilgreina smekk táknrænt vald yfir skilgreiningum og dómum. Smekkur snýst öðrum þræði um stéttaátök og með honum er verið að búa til mörk milli og innan stétta. Hann er einnig hluti af sjálfsmótun og uppbyggingu sjálfsmyndar og með honum er félagsleg staða gerð sýnileg á líkamanum.⁴⁰ Áðurnefnd ummæli um Tobbu Marínós – og fleiri verða tekin sem dæmi hér á eftir – gefa til kynna að um sé að ræða átök eða núning milli ólíkra hópa samfélagsins þar sem annar hópurinn leitast við að fjarlægjast hinn og upphefja sig á kostnað hans með niðrandi atugasemdum og tilraunum til útilokunar. Þótt Tobba Marínós sé „fjölmiðlastjarna“ og hafi sem slík ákveðið vald, er það takmarkað af þeim menningargildum sem hún er talin fulltrúi fyrir. Að þessu leyti má líkja henni við ýmsar af þeim „skinkum“ sem komist hafa í

38 *Sama heimild*, bls. 100–102.

39 *Sama heimild*, bls. 103.

40 *Sama heimild*, bls. 109.

sviðsljósið í Bretlandi, en þær vekja jafnan mikla athygli en njóta að sama skapi takmarkaðrar virðingar.

Töluvert fjaðrafok varð á netinu þegar það fréttist að Tobba væri að undirbúa nýja þáttaröð á SkjáEinum haustið 2011. Deilurnar hófust áður en fyrsti þátturinn fór í loftið og má rekja til þess að blaðakonan María Lilja Þrastardóttir sendi opið bréf til dagskrárstjóra SkjásEins þar sem hún gagnrýndi stöðina fyrir að sýna þátt þar sem áhugasvið kvenna yrði flokkað svo þröngt.⁴¹ Tobba skilgreindi þáttinn í viðtali sem „stelpuþátt“ en líklega voru það fyrst og fremst ummæli Ellýjar Ármanns sem fóru fyrir brjóstið á Lilju. Ellý, sem upphaflega átti að vera meðstjórnandi þáttarins, sagði í sama viðtali: „Við munum fjalla um allt sem konur hafa áhuga á. Snyrtivörum, útliti, [svo] líkamsrækt og svo má auðvitað ekki gleyma kynlífinu.“⁴²

Það vekur óneitanlega forvitni að þáttur skuli vera gagnrýndur fyrir efnistöð áður en hann fer í loftið og sýnir glögglega hversu hörð átökin voru orðin. Deilurnar sem á eftir fylgdu voru háværar og benda til pólitísku núnings milli þeirra sem aðhyllast sjálfsræktarhugmyndir markaðsaflanna og vinstrisinnaðra femínista sem líta hlutgervingu konunnar í samfélaginu krítískum augum. Bréf Maríu Lilju má þó ekki síður skoða sem tilraun til að skilgreina velsæmismörk og gera úr þættinum eitthvað ósiðlegt og óásættanlegt. Þar segir hún meðal annars: „Ég er kona, móðir, dóttir og ég get ekki sagt það fyrir mína parta að slík afþreying eigi nokkuð inn [svo] á pallborðið hjá mér og hvað þá vinkonum mínum, systur, móður, og forlögin forði því að dóttir mín eigi eftir að þurfa að horfa uppá aðra eins froðu.“⁴³ Gagnrýnin á þættina sem þá voru á undirbúningsstigi varð til þess að Ellý Ármanns dró sig út úr þáttagerðinni.⁴⁴

María Lilja óttast líklega að þættir af þessu tagi ýti undir útlitsdýrkun og hefðbundnar staðalímyndir kvenna, en hafa ber í huga að sú þarf alls ekki alltaf að vera raunin og mikilvægt er að tek-

41 Klara Egilson, „Ellý hætt: Tobba heldur ótrauð áfram“, 26. ágúst 2011: <http://www.bleikt.is/lesa/ellyhaetttobbaheldurotraudafram> (sótt 28. nóvember 2011).

42 *Fréttatíminn*, „Tobba og Elly: Banvæn blanda“, 12. ágúst 2011: http://www.frettatiminn.is/daegurmal/tobba_og_elly_banvaen_blanda/ (sótt 25. maí 2012).

43 Kristjana Guðbrandsdóttir, „Skrifaði Skjá Einum bréf: Vill ekki froðu fyrir konur“: <http://www.dv.is/folk/2011/8/15/saekir-um-starf-skja-einum/>.

44 Klara Egilson, „Ellý hætt: Tobba heldur ótrauð áfram“, 26. ágúst 2011.

ist sé á við þau vandamál sem konur glíma við í nútímasamfélagi, líka þau sem tengjast útliti. Í huga margra virðist nægja að Tobba Marinós, höfundur skvísubóka og sjálfshjálparrita, sé þáttastjórnandi og handritshöfundur til þess að afgreiða þáttinn sem ómerkilegan og jafnvel hættulegan konum. Þess má þó geta að í fyrsta þættinum fjallaði Tobba meðal annars um kaupfíkn⁴⁵ og talaði við sálfræðinga og menntamálaráðherrann Katrínu Jakobsdóttur um viðfangsefnið á alvarlegum nótum.⁴⁶

Viðbrögðin má lesa í víðara samhengi, eða sem gagnrýni á þá „lágkúrulegu“ kvennamenningu sem Tobba er talin helsti fulltrúi fyrir á Íslandi. Ef einstaklingur tilheyrir samfélagshópi sem almennt nýtur takmarkaðrar virðingar mótast umræðan um hann gjarnan af þeirri staðreynd að ummælendur geti fellt um hann dóma án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að vera kallaðir til ábyrgðar fyrir orð sín af öðrum. Fjölmörg dæmi má finna um það í íslenskri samtíma-umræðu að veiðileyfi hafi verið gefið á Tobbu og aðra fulltrúa pósthfémínisma (svo ekki sé minnst á þær hreinræktuðu íslensku skinkur sem stundum rata á síður fjölmiðlanna).⁴⁷

Sem bókmenntafræðingi þykir mér sérlega áhugavert að fylgjast með því hvernig vegið er að höfundarímynd þeirra kvenna sem tengja sig við pósthfémínisma af gagnrýnendum sem ganga þá mun lengra í dómum sínum en eðlilegt getur talist, jafnvel út fyrir öll vel-sæmismörk. Gott dæmi um slíka umfjöllun er dómur Páls Baldvins Baldvinssonar um sjálfshjálparrit Sirrýjar (Sigríðar Arnardóttur), *Laðaðu til þín það góða* (2012),⁴⁸ en þar lætur hann sér ekki nægja að setja fram gagnrýni, sem talist getur réttmæt, á hugmyndafræðina

45 Hér má minna á bækur Sophie Kinsella um kaupalkann Becky Bloomwood, en tvær þeirra, *Draumaveröld kaupalkans* og *Kaupalkinn í New York* hafa komið út í íslenskri þýðingu Ragnheiðar Bjarnadóttur (Reykjavík: Salka, 2005 og 2009), en bækur Kinsellu draga óneitanlega upp gagnrýna mynd af aðalsöguhetjunni.

46 Fyrsti þátturinn fór í loftið 21. september 2012. Í umræðum eftir fyrirlestur sem ég flutti um Tobbu var því haldið fram að hugsanlega hefði hún verið að bregðast við gagnrýninni sem hún fékk á sig og því hefði hún verið réttlæt看anleg. Ég hef ekki fundið neinar vísbendingar um að sú túlkun eigi rétt á sér. Umræðurnar áttu sér stað á málstofunni sem haldin var til heiðurs Skeggs á ráðstefnu RIKK „Þræðir og fléttur: Menning, samfélag og umhverfi“, 4. til 5. nóvember 2011.

47 „Hildur Líf farðaði fórnarlambið: „Ég er ekki þroskaheft““: <http://www.dv.is/frettir/2011/8/31/hildur-lif-fardadi-fornarlambid-eg-er-ekki-throskaheft/>.

48 Sirrý, *Laðaðu til þín það góða*, Reykjavík: Veröld, 2012.

sem liggur verkinu til grundvallar, heldur neitar Sirrý um það höfundarnafn sem hún hefur valið sér:

Sirrý, eins og hún kallar sig og hún er engin Sigga, sækir uppsprettur viskunnar hingað og þangað [...]. Hún elur á gagnrýniskorti, predikar jákvæðni sem felst í því að líta hjá því sem miður fer og orsökum þess. Grundvöllur kenninga af þessu tagi er að það sé betra að láta traðka á sér ef maður brosir á meðan. [...] Bók Siggú Arnars er stutt, með stóru lettri, ekki illa meinandi en kostuleg yfirbreiðsla í samfélagi sem er í stríði, undarlega samsett fyrirmæli til karla og kvenna um það hvernig best er að sætta sig við það í samfélagi sem okkar að hafa það skítt – með alúðlegt bros og jákvæðan huga. Njótið!⁴⁹

Og eins og til að tryggja að sneiðin fari ekki framhjá neinum er höfnun gagnrýnandans á höfundarnafni konunnar dregin út úr dómnum og birt til hliðar með stækkuðu lettri.

Sögur af ljóskum sem villast inn í heim valdsins eru margar í menningu okkar. Ferð Tobbu Marínós inn í Rithöfundasambandið minnir óneitanlega á fléttuna í *Legally Blonde* (2001) þar sem ljóskan arkar inn í réttarsalinn og árekstur hins háa og lága verður uppspretta endalausrar kátínu.⁵⁰ Einhvern veginn þannig má túlka fréttirnar af því í fjölmiðlum að Tobba væri gengin í Rithöfundasambandið.⁵¹ Það er í sjálfu sér forvitnilegt að slíkt hafi þótt í frásögur færandi og sýnir annars vegar hversu mikla athygli hún fær og hins vegar að hún eigi varla heima þar, sé ekki alvöru rithöfundur. Leitað var eftir viðbrögðum varaformannsins Jóns Kalmans Stefánssonar við þessum

49 Páll Baldvin Baldvinsson, „Vel klædd er konan ánægð“, *Fréttatíminn*, 20.–22. apríl 2012, bls. 46.

50 *Legally Blonde* (2011). Leikstjóri: Robert Luketic. Handritshöfundur: Karen McCullah Lutz og Kirsten Smith. Framleiðandi: Marc E. Platt. Með helstu hlutverk fara: Reese Witherspoon, Luke Wilson og Selma Blair.

51 Ekki er hægt að útiloka að fréttirnar af inngöngu Tobbu í Rithöfundasambandið hafi verið kynningarflétta á borð við fléttu Gillzeneggers, en þeim gjörningi var fyrst og fremst ætlað að kynna nýjustu bók hans. Sjá: [Höskuldur Daði Magnússon], „Gillz seilst til áhrifa innan Rithöfundasambandsins“, *Fréttablaðið* 13. september 2010, bls. 30. Daginn eftir var spurningu dagsins í *Fréttablaðinu* beint að Agli „Gillzenegger“ Einarssyni og hann spurður hvort hann væri „nógu sterkur rithöfundur í þennan félagsskap?“, *Fréttablaðið* 14. september 2010, bls. 2. Af athugasemdum Egils í viðtalinu spruttu deilumál, meðal annars við rithöfundinn Ágúst Borgþór Sverrisson. Þeim voru gerð góð skil í netmiðlum og urðu enn frekari kynning á nýjasta ritverki Egils Einarssonar, *Lífsleikni Gillz* (Reykjavík: Bókafélagið 2010). Gagnrýnandi DV, Valgeir Örn Ragnarsson, skrifaði dóm um bókina, „Þunn bók frá Þykka“, 5. desember 2010: <http://www.dv.is/menning/2010/12/5/thunn-bok-fra-thykkal/> (sótt 10. janúar 2012).

tíðindum en hann brást fremur illa við fyrirspurninni: „Hef ekkert lesið eftir þessa manneskju“ er haft eftir honum, en ummælin benda til þess að hann vilji halda sig í hæfilegri fjarlægð frá höfundinum og viðfangsefni bóka hennar.⁵² Hann segir jafnframt: „Það er inn-tökunefnd sem sér um nýja féлага og þetta kemur aldrei fyrir stjórn sambandsins.“ Jón Kalman leggur áherslu á að hann beri ekki ábyrgð á umsókn Tobbu um leið og hann lýsir því yfir að hann hafi ekkert lesið eftir hana. Prakkaraskapur blaðamannsins ber þannig tilætlaðan árangur.

Dómur Páls Baldvins Baldvinssonar um skáldsöguna *Lýtalaus* ber neikvæðri viðtökuhefð ekki síður vitni og þeirri staðreynd að afþreying fyrir og eftir konur eigi erfitt uppdráttar. Titli dómsins „Snípsídd og önnur kvenleg fyrirbæri“ er ætlað að líkamna viðfangsefni bókarinnar, en dómurinn fer síðan að snúast um líkama höfundar fremur en textann sjálfan. Páll segir að Tobba sé „ekki einföld þótt hún láti mynda sig á hlið svo að hún sýnist þunn, reki fram barminn og standi á pumpum. Metnaður hennar nær bara ekki lengra – ekki enn.“⁵³ Sjá má hvernig líkami rithöfundarins, kvenleiki hennar og kynferði verður meginumfjöllunarefni dómsins en Tobba „er víða grófyrt en líkast til eru ungar konur á fengjaldri svona klámgjarnar“. Hér má sjá viðbrögð við kvenleika sem að mati Páls er kominn út í öfgar, hann verður meginumræðuefni dómsins og fléttast inn í höfnunina á sögu Tobbu.

Vissulega má leggja þann skilning í orðalag Páls um að Tobba sýnist „þunn“ á hlið að viðfangsefni bókarinnar sé þunnt. Tobba skilur augljóslega sneiðina því að hún tekur ummælin upp í viðtali á DV.is og snýr frekar upp á þau: „Svo er ég alls ekki þunn á þessari mynd, ég var að koma úr ræktinni!“⁵⁴ Þannig verður það óljóst hvort umræðuefnið er líkami Tobbu eða skáldsagan. Hér skiptir kannski meira máli hvernig líkami höfundarins tekur á sig ákveðin merk-

52 „Tobba komin í Rithöfundasambandið: „Hef ekkert lesið eftir þessa manneskju,“ segir varaformaðurinn“: <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/tobba-komin-i-rithofundasambandid-hef-ekkert-lesid-efir-thessa-manneskju-segir-varaformadurinn> (sótt 4. nóvember 2011).

53 Páll Baldvin Baldvinsson, „Snípsídd og önnur kvenleg fyrirbæri“, *Fréttatíminn*, 23.–25. september 2011, bls. 40.

54 „Ég er ekki þunn! Tobba Marinósdóttir svarar fyrir sig“, DV.is. 27. september 2011: <http://www.dv.is/folk/2011/9/27/eg-er-ekki-thunn/> (sótt 25. maí 2012).

ingarbær einkenni,⁵⁵ sem Beverley Skeggs kallar áletrun (e. *inscription*), þ.e. þegar ákveðnar stéttir, kynþættir og samfélagshópar fá merkjanleg einkenni sem má túlka og fella dóma um. Við lærum ekki aðeins að þekkja kynþátt og stétt út frá félagslegri stöðu heldur sjáum við ákveðin líkamleg einkenni. Sumir hópar hafa menningarleg sérkenni sem bundin eru við lágstéttina á meðan aðrir eru hreyfanlegri og geta færst á milli stétta eða tilheyrt fleiri en einum hópi. Skeggs bendir til dæmis á hvernig óhóflegur og ósiðlegur líkami lágstéttarkvenna flæðir út yfir þau velsæmismörk sem borgarastéttin býr til og setur honum.⁵⁶ Hér má yfirfæra þessa hugmynd yfir á menningarildi sem ekki þykja ásættanleg, en fulltrúar slíkra gilda hafa, rétt eins og bresku lágstéttirnar, ekki heimild til þess að færa sig um set innan menningarinnar og berja á dyr Rithöfundasambandsins.

Við erum minnt á það að brjóstaskora Tobbu var of sýnileg til þess að hún gæti gert tilkall til femínískra viðhorfa, áletrun líkama hennar takmarkar tjáningarmöguleikana: „Jú ég veit hvernig ég lít út. Ég sat þarna í háu hælunum mínum, með bleikan gloss og með háls-mál sem staðfesti nokkuð greinilega tilvist tvíburasystranna framan á mér.“⁵⁷ Kerfi áletrunar vinnur í þágu þeirra sem valdameiri eru, en þeir hafa aðgang að kerfum táknrænna yfirráða og með því búa þeir til siðferðilega og vitsmunalega fjarlægð.⁵⁸

Konan og höfundargildið

Í klassísku riti sínu um um viðtökur á verkum eftir konur, *How to Suppress Women's Writing*, fjallar rithöfundurinn, femínistinn og fræðikonan Joanna Russ um þær ólíku leiðir sem farnar eru til að útiloka, jaðarsetja eða hafna skrifum kvenna. Hún bendir á að gagnrýnendur séu jafnan uppteknir af kynferði skáldkvenna og fjalli fremur

55 Það vakti töluverða athygli þegar Tobba uppljóstraði um þyngd sína í sjónvarpsþætti sínum og sagðist vera 79,3 kíló. Sagt var að hún væri að sýna átfíklum samstöðu. Orðalagið að hún hafi verið að koma úr ræktinni mætti því skilja sem svo að hún sé að vinna að því að koma sér í gott form. Sjá: <http://www.pressan.is/Frettir/LesaFrett/eg-er-793-kilo---tobba-marinós-ljostrarar-upp-thyngd-sinni-i-sjonvarpsstaetti-til-ad-syna-samstodu-med-atfíklum> (sótt 30. ágúst 2012).

56 Beverley Skeggs, *Class, Self, Culture*, bls. 1–3.

57 Tobba Marinós, „Mega femínistar mála sig?\": <http://www.dv.is/blogg/verold-tobbu/2011/1/19/mega-feministar-mala-sig/>.

58 Beverley Skeggs, *Class, Self, Culture*, bls. 4.

um kvenleika þeirra en þau verk sem ættu að vera til umfjöllunar.⁵⁹ Að sama skapi er höfundarstaða rithöfundanna dregin í efa, ekki sé víst að þær hafi sjálfar skrifað textann sem þær eru skráðar fyrir, heldur einhverjir karlar í þjónustu þeirra, verkið hafi skrifað sig sjálf, eða í það minnsta „maðurinn innra með henni“.⁶⁰ Þetta er í anda þess sem Páll Baldvin gerir í dómi sínum um skáldsögu Tobbu, en hann leyfir sér að efast um að hún hafi skrifað textann sinn sjálf: „Hún hefur aftur margt til að bera – ef lesandinn á að trúa því að hún skrifi þetta sjálf en ekki hjálparkokkar léttbókmennta Gillz og co. sem almannarómur segir vera þá Jakob Bjarnar, Kristján B. og Guðmund Andra.“⁶¹ Hæðnin beinist annars vegar að Tobbu sem er ekki lengur viðurkennd sem höfundur bóka sinna, hversu ómerkilegar sem þær kunna að vera. Hins vegar er hópur karlritstjóra kenndur við þessa lítilsigldu kvennagrein og þannig gert lítið úr þeim – og hugsanlega karlmennsku þeirra líka.⁶² Þetta er í raun samskonar brandari og var sagður af umsókn Tobbu í Rithöfundasambandið. Feministinn Hildur Lilliendahl Viggósdóttir skildi hversu varhugaverð svona umfjöllun er og gagnrýndi Pál Baldvin harðlega í athugasemd um fréttina: „Þetta eru ekki bara skoðanir. Hann er að dreifa slúðri sem hann byggir á engu. Það er ljótt og smábarnalegt og hann ætti að skammast sín.“

Guðmundur Andri Thorsson brást við ummælum Páls Baldvins opinberlega, en í svari sínu segist segist hann ekki vilja munnhöggvast við nokkurn yfir þessum dómi. Honum finnst þó fráleitt að vera talinn upp sem hjálparkokkur Tobbu: „Það er bara fáránlegt. Ég starfa við yfirlestur. Ef að Páll Baldvin hefur þörf fyrir að gera lítið úr því starfi mínu þá get ég lítið gert í því.“⁶³ Erfitt er að leggja of mikið út af orðum Guðmundar Andra og líklega óþarfi

59 Joanna Russ, *How to Suppress Women's Writing*, Austin: University of Texas Press, 1983, bls. 107.

60 *Sama heimild*, bls. 23. Í dómi sínum um sjálfshjálparbók Sirrýjar (Sigríðar Arnardóttur) „Vel klædd er konan ánægð“ breytir Páll Baldvin nafni höfundarins. Hann leggur fyrst áherslu á að „Sirrý, eins og hún kallar sig“ sé „engin Sigga“ en eftir það talar hann um bók „Siggu Arnars“. Henni er þannig meinad að halda höfundarnafni sínu og er úthlutað öðru og hversdagslegra nafni, hún er bara Sigga. Sjá *Fréttatímann* 20.–22. apríl 2012, bls. 46.

61 *Sama heimild*, bls. 40.

62 Sjá athugasemdir við fréttina „Ég er ekki þunn! Tobba Marinósdóttir svarar fyrir sig“, DV.is. 27. september 2011.

63 „Ég er ekki þunn! Tobba Marinósdóttir svarar fyrir sig“, DV.is. 27. september 2011.

Því með því einu að svara hefur hann gengið í þá gildru sem Páll Baldvin egndi. Með réttu eða röngu freistast lesendur til að túlka viðbrögð Guðmundar Andra sem svar við þeirri stríðni að gefa til kynna að virtur rithöfundur og ritstjóri sé skyndilega orðinn meðhöfundur skvísusagna. Í þeirri túlkun má einnig greina fjarlægðina milli vinsælla kvennasagna og bókmenntastofnunarinnar sem viðheldur táknrænu valdi sínu og skilgreinandi viðmiðum.

Lokaorð

Viðtökurnar sem skrif Tobbu Marinós hafa fengið vekja margar spurningar. Er hægt að vera femínisti og leggja um leið áherslu á kvenleika og kynþokka? Er gagnrýni femínista á fulltrúa póstfemínisma og skvísumenningar alltaf nægilega málefnaleg eða er verið að gera lítið úr konum sem hafa áhuga á útliti sínu og kvenleika og hugsanlega hefja sig upp á þeirra kostnað? Snúast viðtökurnar öðrum þræði um núning milli vinstrisinnaðra femínista og þeirra sem aðhyllast hægrisinnaða frjálslyndisstefnu og sjá ekkert rangt við kapítalíska neyslumenningu? Stýrir bókmenntastofnunin því hvaða textar fá uppbyggilega gagnrýni og tekur þátt í því að hafna sögum sem takast á við kvenleg viðfangsefni í þeim tilgangi að viðhalda karllægu verðmætamati, gildum og sjónarhorni? Hvers vegna er afþreying fyrir karla látin í friði en afþreying kvenna nídd niður?

Greinin svarar ekki öllum þessum spurningum en leitast við að varpa ljósi á spennuna sem ríkir milli póstfemínista og þeirra sem skilgreina sig út frá forsendum annarrar bylgju femínista. En í andúðinni á kvenlegum viðfangsefnum má jafnframt greina hættuna á því að annarrar bylgju femínismi sameinist viðhorfum karlveldisins í útilokun á afurðum þeim sem einskorðaðar eru við kvenleg gildi og kvennamenningu. Burtséð frá öllum ágreiningi milli femínista er mikilvægt að kvenréttindasinnar komi í veg fyrir að veiðileyfi sé gefið á konur vegna útlits þeirra eða áhugamála.

Útdráttur

Tobba Marinós er vel þekktur bloggari og sjónvarpskona og höfundur tveggja skvísusagna og sjálfshjálparbókar um konur og mannaþið. Hún er áhrifamikill talsmaður póstfemínisma í íslenskri menningu og í viðtökum á verkum hennar má greina djúpstæð átök milli hennar og þeirra sem aðhyllast aðra bylgju femínisma. Í greininni er stuðst við kenningar Beverley Skeggs og femíníska viðtökufraeði Jóhönnu Russ. Neikvæð umfjöllun um Tobbu á netinu er rannsökuð og spurt hvort afstaða gagnrýnenda á verkum hennar séu hluti af tilraun til þöggunar á þessari sérstöku bókmenntagrein kvenna.

Lykilorð: *Tobba Marinós, Beverley Skeggs, póstfemínismi, neyslubyggja, skvísumenning*

Abstract

Tobba Marinós is a well-known blogger, TV-personality and author of two chick lit novels and a self-help book about women and manners. She can be seen as an influential spokesperson for post-feminism in Icelandic culture, and the reception of her work clearly shows the deep rift between advocates of second wave feminism and post-feminism. Using the theories of Beverley Skeggs – along with the classic feminist reception theories of Johanna Russ – the article investigates how Tobba Marinós is denigrated, excluded and muted by her critics, who visualize her writings as something shameful and disgusting, often interpreting them in terms of her body – as signs of excess and waste.

Key words: *Tobba Marinos, Beverley Skeggs, post-feminism, consumerism, chick lit*

Krossinn og konurnar

Misnotkun valds, andóf og eftirbreytni í kristinni trúarhefð

ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Sú gagnrýni sem femínistar hafa sett fram á ofbeldið sem konur hafa mátt þola af hendi karla í skjóli feðraveldisins hefur gegnt veigamiklu hlutverki í femínískri umræðu frá því að henni fór að vaxa fiskur um hrygg upp úr 1970. Samkvæmt lögmálum feðraveldisins eru karlar æðri konum og valdið því þeirra. Þetta vald er vald hinna sterku, þeirra sem deila og drottna og ákveða hvar og hvernig því skuli beitt. Það liggur í hlutarins eðli að valdhafar misbeita jafnan valdi sínu þegar þeim hefur þótt veldi þeirra ógnað. Oft stafar ógnin einmitt frá þeim sem eru skilgreindir sem öðruvísi og því hafa konur gjarnan verið í hópi þolenda.

Krossinn er lykiltákn í kristinni trúarhefð. Upphaflega er hann aftökutæki, en krossfesting var víða notuð til forna til að taka af lífi einstaklinga sem ógnuðu ríkjandi yfirvöldum með einhverjum hætti. Af virðingu við hinn krossfesta Krist var þess vegna lengi vel ekki til síðs að birta myndir af Kristi á krossinum eða ekki fyrr en í kjölfar þess að kristin trú hafði hlotið viðurkenningu valdhafanna.¹ Heimildir um fyrirvara hins nýja trúarsamfélags við að nota krossinn sem tákn er m.a. að finna í bréfi Páls postula til safnaðarins til Korintu, þar sem hann hvetur trússystemi sínu til þess að fyrirverða sig ekki

1 Ég fjalla nánar um krossfestinguna til forna í grein minni „Kúgunartæki eða tákn um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð“, *Ritvæð Guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica* 23/2, ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir, Guðfræðistofnun – Skálhóltsútgáfan, Reykjavík, bls. 134–135.

fyrir vitnisburðinn um krossinn og hinn krossfesta frelsara sem gyðingar álitu vera hneyksli en „heiðingjar“ heimsku.² Allt frá upphafi hafa margskonar myndir og líkingar verið notaðar til að tjá merkingu krossdaða Krists og innan kristinnar trúarhefðar er að finna fjölbreytta túlkunarmöguleika sem mótast hafa af því sögulega samhengi sem þeir hafa orðið til í.³

Í kristinni trúarhefð ríkir víðtæk samstaða um að Kristur á krossinum (svokallaður *róðukross*) tákni að Guð hafi í Jesú Kristi gengið inn í veruleika þjáningar og dauða. Auður kross vísar aftur á móti til upprisunnar sem tjáir kjarna kristins boðskapar, þ.e. að þjáningin og dauðinn eigi ekki síðasta orðið. Á síðustu áratugum hefur femínísk guðfræði lagt mikla áherslu á hlutverk hins sögulega samhengis þegar kemur að mótun guðfræðilegrar umræðu. Innan þeirrar guðfræðihefðar hefur m.a. verið bent á hvaða þýðingu það hafi fyrir kristna trúarhefð að hafa að mestu leyti verið skrifuð af körlum og undir sterkum áhrifum af gildismati feðraveldisins. Í kjölfarið hefur komið fram aukin krafa um að endurskoða guðfræðihefðina út frá reynslu kvenna.

Í þessari grein verður lögð áhersla á femíníska gagnrýni á hefðbundna túlkun krossins og hverju slík gagnrýni breyti fyrir skilning okkar á krossinum og túlkun hans í samtímanum. Spurt verður hvernig hugmyndir okkar um vald móti skilning okkar á krossinum en einnig um möguleika krossins til að kalla eftir endurskoðun á valdahlutakinu. Í framhaldinu verður hugað að því hvernig túlkun krossins breytist sé tekið tillit til reynslu kvenna, þá sérstaklega reynslu þeirra sem hafa orðið fyrir barsmíðum, nauðgun eða öðru ofbeldi. Skoðaðar verða myndir af *Kristu* á krossinum í þessu samhengi og hvernig megi opna nýjar túlkunarleiðir með aðstoð þeirra.

Á meðan ofbeldislaust (e. *nonviolent*) andóf er að margra mati það sem hæfir best fordæmi Krists (lat. *imitatio Christi*⁴) þá hefur krossinn stundum verið notaður til að letja fólk frá því að rísa upp gegn

2 1Kor 1.23.

3 Sjá umfjöllun um helstu túlkunarleiðirnar í „Kúgunartæki eða tákn um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð“, bls. 135–141.

4 Thomas à Kempis (1380–1471) er höfundur bókarinnar *Imitatio Christi* sem kom fyrst út snemma á 15. öld. Í bókinni er að finna leiðbeiningar um það hvernig „hin kristna sál“ á að haga sér til að geta lifað fullkomnu lífi af fyrirmynd Krists. Þessi bók hefur notið mikilla vinsælda á meðal kristinna í tæpar sex aldir.

óréttlæti sem það hefur orðið fyrir. Í stað þess að andæfa hafa einstaklingar verið hvattir til að umbera óréttlætið og birtingarmyndir þess og fylgja þannig í fótspor Krists. Af þessum sökum hafa femínískir guðfræðingar talið sérstaka ástæðu til vara konur við krossinum og jafnvel viljað ganga svo langt að dæma krossinn úr leik sem mikilvægt trúartákn. Að mati þeirra sem vilja taka undir þá gagnrýni en telja krossinn eigi að síður nauðsynlegan kristinni trú hefur krossinn aftur á móti verið túlkaður sem andhverfa hins drottnandi valds og *kenosis* (orðrétt: tæmingu; hér í merkingunni endalok) feðraveldisins en slík túlkun kallar á kúvendingu á valdahugtakinu og karlmennskuhugmyndum. Þannig er það vald sem opinberast á krossinum ekki vald í hefðbundnum skilningi, heldur andstæða þess; í stað drottnandi valds birtist vald kærleikans í krossinum. Sá Guð sem birtist á krossinum er ekki sterkur samkvæmt mælikvörðum feðraveldisins og hið sama má segja um karlmennsku Krists. Markmið þessarar greinar er að svara því hvernig hugmyndin um *Kristu* nær að túlka þennan viðsnúning á væntingum okkar sem krossinn opinberar og hvers vegna ofbeldislaust andóf í anda *imitatio Christi* er mikilvæg afleiðing slíkrar túlkunar.⁵

Reynsla kvenna og endalok feðraveldisins

Þegar vísað er til reynslu kvenna er mikilvægt að taka tillit til fjölbreytileika hennar sem ræðst m.a. af menningarlegu umhverfi og félagslegri stöðu kvenna. Á liðnum öldum hafa karlar alhæft um hvað einkenni mannlega reynslu út frá sinni eigin og um leið þaggað niður reynslu kvenna og sérstöðu hennar. Guðfræðingurinn og femínistinn Mary Daly, sem hefur öðrum fremur lagt grunninn að femínískri guðfræði, telur að þetta hafi í raun leitt til þess að konur hafi verið rændar réttinum til að tjá sig um sína eigin reynslu.⁶ Sömuleiðis

5 Arnfríður Guðmundsdóttir, *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, New York: Oxford University Press, 2010. Sjá sérstaklega kafla 4: The Cross of Christ: Symbol of Hope or Sign of Oppression?, bls. 115–154. Í þessari bók geri ég annars vegar grein fyrir þeirri þróun sem hefur átt sér stað í túlkun á krossi Krists innan kristinnar trúarhefðar allt frá upphafi og hins vegar þeirri gagnrýni sem femínískir guðfræðingar hafa sett fram á þá túlkun á síðustu 40 árum. Í lok bókarinnar set ég fram hugmynd að guðfræðilegri túlkun krossins sem stefnir saman þessum tveimur pólum, þ.e. hefðbundinni kristsfræði og femínískri gagnrýni.

6 Mary Daly, *Beyond God the Father: Toward a Philosophy of Women's Liberation*, Boston: Beacon Press, 1985, bls. 8. (Bók Daly kom fyrst út árið 1973 en var gefin út með nýjum innngangi höfundar árið

hafa svartar konur, en einnig konur utan hins vestræna menningar-samfélags, gagnrýnt hvítar konur á Vesturlöndum fyrir að gera það sem karlarnir hafa svo lengi gert, þ.e. að gefa sér að hægt sé að yfirfæra reynslu hvítra kvenna á konur sem búa við gjörólíkar aðstæður.⁷

Þrátt fyrir margbreytileikann er ýmislegt sem bendir til þess að um sé að ræða sameiginlega reynslu sem má fyrst og fremst rekja til samfélagsgerðar sem hefur alið á fordómum í garð kvenna og bæði réttlætt og stuðlað að ofbeldi gegn þeim. Nægir að nefna heimilis-ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi sem konur búa við, óháð búsetu, fjárhag, menntun og fleiri áhrifaþáttum. Staðfest hefur verið hversu útbreitt ofbeldi er í fjölda opinberra rannsókna, m.a. þeim fjölþjóða-rannsóknum sem greint er frá í skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO), um heilsu kvenna og heimilisofbeldi gegn konum sem kom út árið 2005. Í skýrslunni kemur fram að ofbeldið er síður en svo í rénun, ólíkt því sem vænta mætti vegna aukinnar meðvitundar um alvarleika og afleiðingar þess.⁸

Að sama skapi tel ég rétt að tala um sameiginlega reynslu kvenna af þjáningu. Til þess að skýra hvað ég á við með þjáningu vil ég taka undir vinnuskilgreiningu sem M. Shawn Copeland hefur sett fram.⁹ Copeland hefur skrifað um reynslu svartra kvenna í Bandaríkjunum af þjáningu og illsku (m.a. af völdum þrælahalds) og hlutverk kristinnar trúar í baráttu þeirra til þess að vinna úr þeirri reynslu. Skilgreining Copeland á þessari reynslu kvenna er eftirfarandi:

1985 þegar höfundurinn hafði ákveðið að yfirgefa kristna trú og gerast „post-Christian.“) Ég fjalla nánar um hlutverk og merkingu reynslunnar í bók minni, *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 8–14.

- 7 Jacquelyn Grant, *White Women's Christ and Black Women's Jesus: Feminist Christology and Womanist Response*, Atlanta, Georgia: Scholars Press, 1989, bls. 195. Ég fjalla sérstaklega um guðfræðilega greiningu á þjáningu kvenna í grein minni, „Þjáningin, lífsbaráttan og hlutverk trúarinnar. Reynsla íslenskra kvenna skoðuð í fjölþjóðlegu samhengi.“ 2. *Íslenska söguþingid 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit 1*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir, Reykjavík, bls. 364–373.
- 8 WHO *Multi-country study on women's health and domestic violence against women: summary report of initial results on prevalence, health outcomes and women's responses*, Genf: World Health Organization, 2005.
- 9 Copeland kallar guðfræði sína „womanist“ guðfræði, en „womanist“ er hugtak sem konur af afrísku bergi brotnar hafa valið til að lýsa guðfræði sinni. Þetta hugtak á upphaf sitt að rekja til rit-höfundarins Alice Walker, sem í formála að bók sinni, *In Search of Our Mothers' Gardens: Womanist Prose* (New York: Harcourt Inc, 1983) setur fram eftirfarandi skilgreiningu á „womanist“: „A black feminist or feminist of color. From the black folk expression of mother to female children and also a woman who loves other women, sexually and/or nonsexually. Appreciates and prefers women's culture. Committed to survival and wholeness of entire people, male and female“ (bls. xi).

Þjáning er röskun á innri ró, sem á sér líkamlegar, tilfinningalegar eða andlegar orsakir og við teljum stofna lífi okkar og tilveru í hættu. Illskan er höfnun eða skortur á hinu góða; þjáningin, sem er aldrei nákvæmlega það sama og illskan, er eigi að síður óaðskiljanleg frá henni [...].¹⁰

Copeland gengur út frá því að þjáningin sé óhjákvæmilegur hluti mannlegrar tilveru, sem jafnframt vegi að mennsku okkar, óháð kyni, kynþætti, menntun, mannkostum, efnahag og félagslegri stöðu. „Eins og sól og regn, þá kemur þjáningin óboðin, jafnt til réttláttra sem rangláttra,“ skrifar Copeland.¹¹

Á meðal femínískra guðfræðinga hefur ríkt breið samstaða um mikilvægi reynslunnar, einmitt vegna þeirrar þöggunar sem konur hafa verið beittar á liðnum öldum. Af þeim sökum hefur í femínískri guðfræði verið lögð áhersla á að skoða túlkun á opinberun Guðs í fortíð og nútíð út frá reynslu kvenna. Þá hefur m.a. verið bent á mótsögnina sem ríkir á milli fagnaðarerindis Krists annars vegar og stöðu kvenna innan kirkjunnar hins vegar, þar sem viðhorf og staða þeirra um víða veröld hefur oftast en ekki verið eins og spegilmynd af reynslu kvenna í samfélagi sem mótast hefur af gildum og þörfum feðraveldisins. Einmitt þess vegna hélt Mary Daly því fram að reynsla kvenna hefði ekki aðeins verið útilokuð í kristinni trúarhefð, heldur hefði kristin trú beinlínis skaðað konur. Var það niðurstaða hennar að kirkja og kristin trú væru óforbetranlegar feðraveldisstofnanir og því eins gott fyrir konur að forða sér undan þeim.¹²

En jafnvel þó að kristin trúarhefð sé bæði margslungin og karlmiðlæg og hafi oft verið notuð beinlínis gegn konum, þá tel ég, ólíkt Daly, ekki að notkunin eða öllu heldur misnotkunin komi í veg fyrir að kristinn boðskapur geti átt erindi við samtíma okkar. Hér er mikilvægt að gera greinarmun á notkun og misnotkun, sem Daly lætur ógert.¹³ En til þess að boðskapurinn um Krist sé raunverulegt „fagn-

10 Shawn M. Copeland, „Wading through Many Sorrows.’ Toward a Theology of Suffering in Womanist Perspective“, *A Troubling in My Soul. Womanist Perspectives on Evil and Suffering*, ritstj. Emilie M. Townes, Maryknoll, New York: Orbis Books, 1993, bls. 109–129, hér bls. 109.

11 *Sama rit*.

12 Mary Daly, *Beyond God the Father*, bls. 69.

13 Sjá nánar umfjöllun um muninn á notkun og misnotkun í grein minni „Abusive or Abused? Theology of the Cross from a Feminist Critical Perspective“, *Scandinavian Critique of Anglo-American Feminist Theology. Journal of the European Society of Women in Theological Research* 15, ritstj.

aðarerindi“ er mikilvægt að tortryggnistúlkunarfræðin¹⁴ (e. *hermeneutics of suspicion*) fái að vinna sitt verk. Þetta á ekki hvað síst við um krossinn, sem hefur oft verið notaður til að réttlæta valdbeitingu hinna sterku. Með því að líta á krossinn sem tákni um „kenosis“ eða endalok feðraveldisins er slíkri valdbeitingu hafnað og áherslan lögð á að krossinn sé þvert á móti sterk gagnrýni á viðtekinn skilning feðraveldisins á valdi hins sterka, sem hugmyndin um sanna karlmennsku byggist á.¹⁵

Í bók sinni *The Power of the Cross. Foundations for a Christian Feminist Ethic of Community* heldur femíníski siðfræðingurinn Sally Purvis því fram að nauðsynlegt sé að endurskoða valdahugtakið til samræmis við boðskap Krists. Að hennar mati er það vald sem við þekkjum best úr umhverfi okkar *drottandi vald*. Þessi valdaskilningur gengur út frá því að einn sé öðrum æðri; að einn drottni yfir öðrum til að ná fram vilja sínum.¹⁶ Vegna þess að kristinn mannskilningur byggist á því að við séum öll jöfn frammi fyrir Guði telur Purvis drottandi vald vera í andstöðu við grunnildi kristinnar trúar, þó að kristin kirkja hafi oft og byggist enn að einhverju leyti á slíkum skilningi á valdi. Purvis gefur sér að með lífi, dauða og upprisu Jesú Krists komi fram nýr skilningur á valdi, sem sé í grundvallaratriðum ólíkur ríkjandi valdaskilningi, hvort sem um er að ræða vald Guðs eða mannlegt vald (sem vísar ýmist til valds einstaklinga eða stofnana). Þetta vald kallar hún *vald krossins* og telur hún að hið nýja samfélag kristinna hafi byggt á þessum nýja skilningi á valdi, sem hafi átt í vök að verjast eftir því sem leið á fyrstu öldina og hafi loks liðið undir lok við stofnanagervingu kirkjunnar.¹⁷

Hanna Stenström, Elina Vuola, Sabine Bieberstein og Ursula Rapp, Peeters – Leuven – Dudley, MA, bls. 37–54. Sjá einnig: *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 118–128.

14 Tortryggnistúlkunarfræði gerir ráð fyrir því að mögulega sé um að ræða gjá á milli þess sem textanum er upphaflega ætlað að segja og merkingu hans fyrir lesandann. Hér gegnir reynsla lesandans og sögulegt samhengi mikilvægu hlutverki. Elisabeth Schüssler Fiorenza átti stærstan þátt í að þróa femíníska tortryggnistúlkunarfræði á 9. áratugnum sem hafði mikil áhrif innan femínískrar guðfræðihéðar. Sjá: Amy-Jill Levine, „Hermeneutics of Suspicion“, *Dictionary of Feminist Theologies*, ritstj. Letty M. Russell og J. Shannon Clarkson, Louisville, Kentucky: Westminster John Knox, 1996, bls. 140–141.

15 Elizabeth A. Johnson, *She Who Is: The Mystery of God in Feminist Theological Discourse*, New York: Crossroad, 1992, bls. 160–161.

16 *Sama rit*, bls. 21.

17 Sally B. Purvis, *The Power of the Cross: Foundations for a Christian Feminist Ethic of Community*, Nash-

Andspænis hinu drottandi valdi stillir Purvis valdi krossins sem er lífgefandi vald eða vald kærleikans.¹⁸ Í fyrra bréfi sínu til safnaðarins í Korintu talar Páll postuli um nýjan skilning á visku og heimsku, valdi og veikleika, sem byggist á opinberun Guðs í krossi Jesú Krists. Purvis ítrekar að það vald Guðs sem opinberast í Kristi krossfestum sé andstæða þess valds sem byggist á ofbeldi. Vald krossins gefur líf, þótt hið eyðandi vald hafi einnig verið til staðar við krossfestinguna. Samkvæmt fyrsta kafla fyrra Korintubrúfs sýnir krossinn og upprisan að það vald sem lítur út fyrir að vera veikt er í raun mesta valdið, þ.e.a.s. vald Guðs. Krossinn er þannig tákni um líf en ekki dauða, um sigur lífsins (þ.e. Guðs) yfir dauðanum; um sigur hins lífgefandi valds yfir hinu drottandi valdi. Að mati Purvis liggur hér að baki guðsmynd sem er mjög ólík þeirri sem kristin hefð hefur gjarnan dregið upp af almáttugum og stjórnsmum Guði. Í andstöðu við ríkjandi skilning á valdi Guðs opinberar krossinn vald sem leitast ekki við að stjórna atburðarásinni að eigin geðþótta, heldur skapar líf jafnvel úr ósigri og dauða. Þetta sést best á því sem gerðist á Golgata þegar Guð valdi að grípa ekki inn í atburðarásina; þegar kærleikurinn og lífið báru sigur úr bítum þrátt fyrir ofbeldið sem leiddi til dauða. Þetta vald krossins er staðfest í upprisunni og kemur okkur fullkomlega á óvart af því að það er andstætt valdi feðraveldisins, því valdi sem við þekkjum svo vel úr okkar daglega lífi.¹⁹ Á undanförunum áratugum hefur þessi viðsnúningur á væntingum okkar stundum verið túlkaður með kvenlíkama á krossinum. Með því að búa til myndir af krossfestri konu hafa listamennirnir viljað ögra áhorfendum til að skoða krossinn og merkingu hans í nýju ljósi, ekki síst það hlutverk sem karlmennska Krists gegnir í túlkun krossatburðarins í samtímanum.²⁰

ville: Abingdon Press, 1993, bls. 39. Sjá einnig umfjöllun um kenningar Sally Purvis í bók minni *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 61–62.


18 *Sama rit*, bls. 39.

19 *Sama rit*, bls. 50.

20 Ég hef fjallað áður um Kristu-myndir m.a. í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 137–138 og „Kúgunartæki eða tákni um von? Um túlkun og hlutverk krossins í kristinni trúarhefð“, bls. 146–149.

Krista á krossinum

Myndir af *Kristu*, af þjáðum kvenlíkama á krossinum, hafa flestar verið gerðar í þeim tilgangi að leggja áherslu á samlíðan Krists með konum sem orðið hafa fyrir barsmíðum, nauðgun eða annarri valdbeitingu. Þannig eru þær dæmi um skapandi endurskoðun á túlkun og hlutverki krossins, endurskoðun sem gerir kröfu um að gagnrýni á hverskonar misnotkun krossins sé tekin alvarlega. Hér er gengið út frá því að þjáningin sem slík hafi ekki tilgang í sjálfri sér, þó um leið sé það viðurkennt að þjáningin geti reynst óhjákvæmilegur fylgifyskur andófs gegn óréttlæti og illsku, eins og krossfesting Krists ber glöggt vitni um.




Krista – Edwina Sandys

Myndir af krossfestri konu hafa oft vakið sterk viðbrögð og umræðu um hvernig megi túlka píslarsögu Krists. Á meðan sumum hefur fundist konan á krossinum áhrifamikið táknið um samstöðu Guðs með þjáðum konum, hefur öðrum þótt hún vera gróf mistúlkun á því sem átti sér stað rétt fyrir utan Jerúsalem fyrir réttum 2000 árum.²¹

Listakonan Edwina Sandys bjó til höggmynd úr bronsi árið 1974 í tilefni af kvennaáratugi Sameinuðu þjóðanna, sem stóð yfir

21 Um viðbrögð við Kristu-myndum, sjá t.d: Doris Jean Dyke, *Crucified Woman*, Toronto, Ontario: The United Church Publishing House, 1991. Í bókinni gerir höfundur grein fyrir deilum sem risu um höggmynd Almuth Lutkenhaus-Lackey af hinni krossfestu konu í söfnuði í Toronto í Kanada. Lýsing Dyke verður að teljast dæmigerð fyrir deilur sem hafa orðið um aðrar myndir af Kristu á krossinum.

frá 1976 til 1985 og var helgaður jafnrétti, uppbyggingu og friði. Sandys kallaði listaverk sitt *Christa*, en það er af nakinni konu með þyrnikórónu á höfði, sem myndar kross með útréttum handleggjum sínum. Verkið var upphaflega sýnt í London árið 1975 og vakti strax mikla athygli, ýmist aðdáun eða hneykslan. Þegar höggmyndinni var stillt upp við hlið aðalaltarisins í St. John the Divine dómkirkjunni í New York í dymbilviku í apríl árið 1984 urðu margir til að gagnrýna Sandys og töldu hana ganga alltof langt í því að gera krossinn að merkingarbæru tákni í samtímanum. Biskup sem var mjög ósáttur við myndina, taldi réttlætanlegt að breyta húðlit eða kynþætti Krists, en tvímælalaust væri alltof langt gengið að sýna hann í kvenlíkama. Vegna viðbragðanna þótti nauðsynlegt að fjarlægja listaverkið aðeins ellefu dögum eftir að því var stillt upp.²²




Krossfesta konan – *Almuth Lutkenhaus-Lackey*

Crucified Woman eftir Almuth Lutkenhaus-Lackey er annað dæmi um höggmynd af krossfestum kvenkyns Kristi. Þrátt fyrir þá staðreynd að verkinu væri ætlað að tákna mannlega þjáningu almennt en ekki að flytja trúarlegan boðskap var skírskotunin til kross Krists óumflýjanleg. Listakonan hafnaði því upphaflega að verkið yrði sett upp í kirkju. Hún skipti hins vegar um skoðun eftir að hafa verið spurð

22 Julie Clague, „The Christa: Symbolizing My Humanity and My Pain“, *Feminist Theology*, 14/2005, bls. 83–108, hér bls. 85–86. Sjá líka: Vladimir Kagan, „The Art of Edwina Sandys: A 40 Year Retrospective“, *Vladimir Kagan's Blog* (<http://vladimirkagan.typepad.com>). Birt: 11. mars 2012 (sótt 10. maí 2012).

hvort hún gæti mögulega séð Krist í kínverskum eða þeldökkum karlmanni eða jafnvel konu. Listakonan sagði síðar frá því hversu mikil áhrif það hafði á hana þegar konur sögðu henni hvernig hin þjáða kona á krossinum hefði gefið þeim nýja sýn á frásöguna um krossfestingu Krists.²³

Verk Lutkenhaus-Lackey olli miklu fjaðrafoki í söfnuðinum í Bloor Street United Church í Toronto í Kanada þar sem því var stillt upp á föstu árið 1979. Síðar var listaverkinu komið fyrir til fram-
búðar í garði við Emmanuel College í Toronto-háskóla. Höggmynd Lutkenhaus-Lackey vakti sterk viðbrögð bæði innan safnaðar og utan og veittu fjölmiðlar henni mikla athygli. Fólki skiptist í tvo hópa eftir afstöðu sinni og lýstu ýmist andúð sinni á verkinu ellegar litu á það sem mikilvæga tilraun til þess að glæða boðskap kristinnar kirkju um krossfestinguna nýju lífi. Hvað sem fólki fannst um hina krossfestu konu var ljóst að hún hafði ekki aðeins fengið það til að takast á við áleitnar guðfræðilegar spurningar um merkingu þjáningar og dauða Krists á krossi, heldur einnig um mennsku hans (eða holdtekju) í ljósi reynslu kvenna í samtímanum. Að mati margra var krossfesta konan kærkomið tæki til að hrista upp í fólki og fá það til að hugsa út fyrir þann ramma sem hefðir og venjur höfðu skapað í kringum krossinn og boðskap hans.²⁴



Bosnía-Krista – Margaret Argyle

23 Doris Jean Dyke, *Crucified Woman*, bls. 35.

24 *Sama rit*, bls. 1–9.

Margaret Argyle gerði mynd af Kristu í tilefni af Kvennaáratugi Heimsráðs kirkna (The World Council of Churches Decade for Churches in Solidarity with Women), 1988–1998. Listaverkið var notað í guðsþjónustu sem haldin var í dómkirkjunni í Manchester á Englandi 24. október 1993 í tilefni þess að áratugurinn var hálfnaður. Mynd Argyle bar yfirskriftina Bosníu-Krista (*Bosnian Christa*) og túlkaði viðbrögð listakonunnar við hræðilegu ofbeldi sem konur voru beittar, þegar nauðgun kvenna var markvisst notuð sem vopn í þjóðernisátökum í fyrrum Júgóslavíu. Bakgrunnur verksins er svartur, en í miðju þess er kross með kvenlíkama innan í opi sem hefur greinilega skírskotun til kvenskapa sem mynduð eru með djúprauðu ullarefni.

Ólíkt Lutkenhaus-Lackey var það upphaflegur ásetningur Argyle að mynd hennar hefði trúarlega skírskotun. Myndin af Bosníu-Kristu ber vitni um endurskoðaða merkingu krossins og nýtt hlutverk hans sem trúartákns, eins og kemur fram í eftirfarandi ummælum lista-konunnar:

Fram að þessu gat ég alls ekki notað krossinn í listsköpun minni því að mér fannst hann hafa verið ofnotaður sem trúartákn og hefði af þeim sökum glatað merkingu sinni fyrir mér [...]. En krossinn hefur núna öðlast merkingu í huga mínum. Hann táknar Guð sem er í heiminum og er til staðar hvar sem einhver þjáist. Þetta var mikil opinberun fyrir mig. Ég hafði aldrei áður tengt Guð við konur og þjáningu þeirra [...].²⁵

Eins og fyrri Kristu-myndir kallaði mynd Argyle á hörð viðbrögð þar sem m.a. var haft á orði að Guð hefði farið í kynskiptiáðgerð. Sjálf tengdi Argyle viðbrögðin við harðvítugar deilur sem áttu sér stað árið áður um prestsvígslu kvenna og óánægju þeirra sem lutu í lægra haldi þegar kirkjuþing ensku biskupakirkjunnar samþykkti með naumum meirihluta að vígja konur til prestsþjónustu.²⁶

Þótt margir hafi fundið Kristu-myndunum allt til foráttu hafa aðrir séð í þeim kraftmikið tákn um von og lækningu. Þannig hefur breski guðfræðingurinn og femínistinn Mary Grey lagt áherslu á

25 Julie Clague, „The Christa: Symbolizing My Humanity and My Pain“, bls. 97.

26 *Sama rit*, bls. 95.

tvöfalt hlutverk konunnar á krossinum: annars vegar tjái það samstöðu Guðs með konum í þjáningu þeirra, hins vegar hvetji það þær til að rísa upp og standa gegn ofbeldinu sem þær eru beittar. Af þessum sökum kom það Grey ekki á óvart hversu margar konur sáu í Kristu tákni um von mitt í þjáningunni:

Kristur sem Krista frelsar ekki með því að horfa framhjá þjáningu kvenna sem beittar eru ofbeldi eða með því að halda því fram að þjáningin hafi hjálpræðislegt gildi, heldur með því að vera til staðar og taka þátt í þjáningu þeirra, með því að vera tákni um læknandi kærleika Guðs. Þannig gefur Kristur von og kraft til að rísa upp og veita viðnám.²⁷

Vegna mikillar áherslu á að Kristur sé karlkyns í kristinni trúarhefð ætti ef til vill ekki að koma á óvart að Kristu-myndirnar hafi kallað fram eins neikvæð viðbrögð og raun ber vitni. Í þessu sambandi er vert að minnast þess að enn þann dag í dag er karlmennska Krists notuð til að færa rök fyrir því að konur geti ekki gegnt vígðri þjónustu innan kristinnar kirkju. Þetta má t.d. sjá í rökstuðningi Vatikansins sem leggur áherslu á að konur geti ekki verið staðgenglar Krists á jörðu, einmitt vegna þess að þær eru konur en ekki karlar.²⁸ Þá má einnig færa rök fyrir því að „sjokkið“ sem felst í því að sjá þjáðan kvenlíkama hangandi á krossi (eða mynda kross með líkama sínum) geti einmitt orðið til þess að opna augu fólks fyrir þeim táknræna krafti sem felst í krossfestingunni. Sem dæmi má nefna mynd af nakinni konu í krossstillingu sem notuð var í auglýsingu á Ítalíu fyrir nokkrum árum til að vekja athygli á neyðarlínu fyrir þolendur nauðgunar. Yfir lendum konunnar var lak sem á var rituð þessi spurning: „Hver greiðir fyrir syndir karlmansins?“ Það þarf ekki að fjölyrða um viðbrögðin við myndinni, sem gagnrýnendur töldu m.a. vera kynferðislega ögrandi.

27 Mary Grey, „Who Do You Say That I Am? Images of Christ in Feminist Liberation Theology“, *Images of Christ Ancient and Modern*, ritstj. Stanley E. Porter et. al., Sheffield: Sheffield Academic Press, 1997, bls. 189–203, hér bls. 195. Tilvitnun hjá Julie Clague, „The Christa: Symbolizing My Humanity and My Pain“, bls. 106.

28 Louis Ligier, S. J., „The Question of Admitting Women to the Ministerial Priesthood“, *L'Osservatore Romano. Weekly Edition in English*, 2. mars 1978, bls. 5. (<http://www.ewtn.com/library/Theology/ORDWOMEN.HTM>) (sótt 1. maí 2012).

KROSSINN OG KONURNAR



Hver greiðir fyrir syndir karlmansins?

Það er mat mitt að Krista á krossinum gegni mikilvægu hlutverki í túlkun á frásögum guðspjallanna um þjáningu og dauða Krists í samtímanum þar sem ofbeldi og óréttlæti eru hluti af daglegri reynslu svo margra, ekki síst kvenna sem einmitt vegna kynferðis síns eru gjarnan í hlutverki þolenda. Í öllu falli getur Krista kallað fram nauðsynlega umræðu um gildi og merkingu krossins en einnig um gildi og merkingu karlmennskunnar í túlkun á persónu og hlutverki Jesú Krists.

Í ljósi reynslunnar, þar sem valdamisnotkun hefur fengið að þrífast í skjóli krossins, er mikilvægt að taka femíníska gagnrýni á hverskonar misnotkun á krossinum alvarlega. En hér eru skoðanir skiptar um raunhæfa möguleika til að endurheimta lífgefandi merkingu krossins. Ég tel að endurskoðun valdahugtaksins, líkri þeirri sem Sally Purvis hefur sett fram, gegni lykilhlutverki í þessu sambengi, þar sem áhersla er lögð á hið lífgefandi vald Guðs sem opinberast á krossinum. Hér ræðst Guð ekki gegn hinum illu öflum á þeirra forsendum, heldur breytir forsendum baráttunnar með því að vinna í kærleika. Þannig umbreytist krossinn frá því að vera ofbeldistákn, yfir í það að verða tákn um sigur kærleikans yfir ofbeldinu, um sigur lífsins yfir dauðanum. Í stað þess að útskýra, réttlæta eða afneita þjáningunni viðurkennir krossinn raunveruleika þjáningarinnar, en segir okkur jafnframt að kærleikurinn sé sterkari.

Andóf og eftirbreytni

Að feta í fótspor Krists (*imitatio Christi*) hefur frá upphafi þótt mikilvægt á meðal játenda kristinnar trúar, þótt ýmsar skoðanir hafi verið uppi um í hverju það felist.²⁹ Meðal annars hefur verið deilt um það hvernig kristnu fólki beri að bregðast við óréttlæti og ofbeldi, eða hvað það merkir að feta í fótspor Krists í slíkum aðstæðum. Á meðan sumir hafa bent á skilyrðislausu kröfu Krists um að bjóða „hina kinnina“, í merkingunni að láta ofbeldið yfir sig ganga án þess að veita mótspyrnu, hafa aðrir haldið fram nauðsyn þess að stöðva framgang óréttlætisins, með þeim rökum að Kristur hafi einmitt gert slíkt hið sama. Þannig felist breytni í anda Krists ekki í skilyrðislausu aðgerðarleysi andspænis ofbeldi og óréttlæti heldur miklu fremur í ofbeldislausu andófi.

Margt bendir til þess að afskiptaleysi eða skeytingarleysi sé vaxandi vandamál í samfélagi okkar. Sennilega höfum við öll heyrt sögur af því þegar fólk gengur fram hjá í stað þess að leitast við að stöðva ofbeldið og veita þeim hjálp sem fyrir ofbeldi hefur orðið. Þær minna óneitanlega á dæmisögu Jesú um miskunnsama Samverjann sem brást loks við þegar presturinn og levítinn höfðu gengið fram hjá mannum sem lá slasaður við vegkantinn eftir að ræningjar réðust á hann (Lúk 10.30–37). Ekki er óalgengt að virðing fyrir friðhelgi heimilisins sé notuð sem afsökun fyrir því að skipta sér ekki af því þegar grunur vaknar um heimilisofbeldi hjá nágrönnunum. Að sama skapi kemur óttinn við að verða sjálfur lagður í einelti alltof oft í veg fyrir að fólk (fullorðnir sem börn) grípi inn í þar sem einelti er beitt.

Compassio eða samlíðan, að finna til með öðrum, getur verið *óvirk* og felst þá í því að sýna samstöðu – hlusta eða bjóða samfylgd. Slíkt getur verið ómetanlegt fyrir þá sem finna til. En samlíðanin getur líka verið *virk*, og felst þá í andófi, í því að beygja sig ekki undir óréttlætið, heldur að rísa upp gegn því. Við sjáum dæmi um hvort tveggja í frásögum guðspjallanna af Jesú Kristi. Þess vegna er mikilvægt að *imitatio Christi* felist annars vegar í því að finna til með þeim sem líður og hins vegar í því að rísa upp gegn óréttlætinu, í von um að réttlætið

29 Um fémíníska gagnrýni á *imitatio Christi* má lesa í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 143–145 og „Abusive or Abused? Theology of the Cross from a Feminist Critical Perspective“, bls. 41–45.

muni sigra að lokum. Það getur krafist hugmyndaflugs að grípa til ofbeldislausra aðgerða, en þar er Kristur líka góð fyrirmynd.³⁰

Þó að flestir telji ofbeldislaust andóf – eins og bandaríski presturinn og blökkumannaleiðtoginn Martin Luther King, Jr. iðkaði það á sjöunda áratugnum eða Oscar Romero, erkibiskup í El Salvador 1977–1980 – vera í fullu samræmi við boðskap Krists, þá eru ekki allir á því máli. Þannig hafa guðfræðingarnir Joanne Carlson Brown og Rebecca Parker gagnrýnt bæði King og Romero fyrir að ganga út frá því að þjáning hinna saklausu geti umbreytt ofbeldismönnum og þannig bundið enda á óréttláta þjáningu.³¹ Að mati Brown og Parker getur þjáning aldrei verið réttlætunleg. Ég tel aftur á móti mikilvægt að gera greinarmun annars vegar á því að telja þjáninguna góða í sjálfu sér, og hins vegar að vera opin fyrir því að þjáningin sé stundum óhjákvæmilegur hluti af ferli sem geti leitt til einhvers jákvæðs og góðs. Að mínu mati er nauðsynlegt að hafa þetta í huga þegar fjallað er um þá einstaklinga sem hafa þjáðst í baráttu sinni gegn illsku og óréttlæti og jafnvel látið lífið hennar vegna. Þannig hvöttu King og Romero stuðningsfólk sitt ekki til að sækjast eftir þjáningunni sem slíkri, en viðurkenndu að baráttan fyrir réttlætinu gæti kostað þá sem lögðu henni lið þjáningu og dauða. Þeir gerðu með öðrum orðum ráð fyrir því að þjáningin gæti orðið til góðs, þó að hún væri ekki góð í sjálfri sér. Sjálfir voru þeir tilbúnir að ganga alla leið, sem þeir og gerðu, þó að vafasamt sé að halda því fram að þeir hafi með andófi sínu sóst eftir því að deyja fyrir málstaðinn.³²

Gagnrýni Brown og Parker á hverskonar upphafningu þjáningarinnar á eigi að síður fullan rétt á sér, því að alltof oft hefur ofbeldi og kúgun fengið að þrífast í skjóli hennar. Þetta hefur t.d. verið raunin þegar þolendur heimilisofbeldis hafa verið sendir aftur heim til ofbeldismannsins með þau skilaboð að það sé í anda Krists að bjóða

30 Um hlutverk samlíðanar eða *compassio* má nánar lesa í grein minni „Að Guð skuli sjá nokkurn glaðan dag.“ Þjáningin, illskan og Guð“, *Fléttur II. Kynjafræði – Kortlagningar*, ritstj. Irma Erlingsdóttir, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, bls. 35–50. Sjá einnig umfjöllun um *compassio* sem guðlegt vald samkvæmt kenningum Wendy Farley í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 146–148.

31 Brown, Joanne Carlson og Rebecca Parker, „For God So Loved the World?“ *Christianity, Patriarchy, and Abuse. A Feminist Critique*, ritstj. Joanne Carlson Brown og Carole R. Bohn, New York: The Pilgrim Press, 1989, bls. 1–30, hér bls. 20.

32 Meira um gagnrýni Brown og Parker er að finna í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 119–121.

hina kinnina. Til þess að missa ekki sjónar á þeirri misnotkun sem upphafning þjáningarinnar hefur í för með sér er hjálplegt að gera greinarmun á því sem kallað hefur verið sjálfs-förn og því sem kalla mætti sjálfs-gjöf. Hér byggi ég á hugmyndum Britu Gill-Austern, sem er prófessor í sálfræði og kennimannlegri guðfræði, en hún telur að þótt sjálfs-förn hafi oft haft neikvæð áhrif í lífi kvenna megi ekki skilja það svo að það geti ekki verið jákvætt fyrir konur að gefa af sér, þó að forsendan þurfi alltaf að vera sú að konan hafi frelsi til að velja það sjálf, en sé ekki neydd til þess.³³

Í bókinni *Jesus and Nonviolence. A Third Way* talar guðfræðingurinn og aðgerðasinninn Walter Wink um mikilvægi þess að ofbeldislaust andóf (e. *nonviolent resistance*) sé ekki skilið sem aðgerðarleysi (e. *nonresistance*). Valið standi einfaldlega ekki á milli þess að berjast eða flýja.³⁴ Þess vegna ræðir Wink um *þriðju leiðina* sem felst í að veita virka mótspyrnu án þess að beita ofbeldi. Í þessu sambandi hafnar hann því að boð Jesú um að bjóða „hina kinnina“ eigi að skilja sem lögmál um að við látum ofbeldið yfir okkur ganga. Wink heldur því fram að með lífi sínu hafi Jesús sýnt hvað felst í þessari þriðju leið, sem hann iðkaði sjálfur allt til enda og greiddi að lokum fyrir með lífi sínu. Þannig beitti Jesús aldrei ofbeldi, hvorki til að verja sig né aðra, heldur notaði aðrar leiðir til að vinna gegn óréttlætinu og afleiðingum þess.³⁵



Mæðurnar á Plaza de Mayo

33 Gill-Austen, L. Brita. „Love Understood as Self-Sacrifice and Self-Denial: What Does It Do to Women?“ *Through the Eyes of Women. Insights for Pastoral Care*, ritstj. Jeanne Stevenson Moessner, Minneapolis: Fortress Press, 1996, bls. 304–321, hér bls. 315. Sjá nánar um jákvæðar og neikvæðar hliðar sjálfsfórnar í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 144–145.

34 Walter Wink, *Jesus and Nonviolence. A Third Way*, Minneapolis: Fortress Press, 2003, bls. 12.

35 *Sama rit*, bls. 13–14.

Að veita mótspyrnu án þess að beita ofbeldi er hægt að gera á margan hátt. Áður hafa verið nefnd dæmi um Martin Luther King Jr. og Oscar Romero og ofbeldislausa baráttu þeirra gegn kúgun og yfirgangi valdhafanna. Enn eitt dæmið um það hvernig einstaklingar án hefðbundinna valda hafa veitt andóf gegn óréttlæti og valdníðslu eru konurnar sem á tímum herforingjastjórnarinnar í Argentínu á síðari hluta áttunda og upphafi níunda áratug liðinnar aldar tóku sig saman og byrjuðu að ganga þögular í þrjátíu mínútur á torginu fyrir framan forsetahöllina í hjarta Buenos Aires borgar einu sinni í viku. Tilgangurinn var að krefjast þess að stjórnvöld gerðu grein fyrir því hvað hefði orðið um börnin þeirra.³⁶ Í fyrstu voru mæðurnar á Plaza de Mayo aðeins fjórtán en þeim fjölgaði jafnt og þétt og eru nú eins konar táknervingar ofbeldislauss andófs. Með þrautseigju sinni opinberuðu þær óréttlætið með táknrænum mótmælagöngum og kröfðust skýringa á hvarfi þeirra þúsunda sem talið er að herforingjastjórnin hafi látið fjarlægja með því að fangelsa eða taka af lífi. Sumar kvennanna hurfu sjálfar vegna mótmæla sinna. En mæðurnar hafa haldið áfram að safnast saman á hverjum fimmtudegi og ganga nokkra hringi í kringum torgið. Á síðustu árum hafa þær séð árangur aðgerða sinna í því hvernig réttað hefur verið yfir æ fleiri af þeim sem grunaðir eru um að hafa átt þátt í hvörfunum.³⁷

Heimsráð kirkna (World Council of Churches) eru alþjóðleg þverkirkjuleg samtök sem hafa það á dagskrá sinni að vinna að framgangi ofbeldislauss andófs. Tilgangurinn er einfaldlega sá að efla meðvitund kristinnar kirkju um heim allan um félagslega ábyrgð sína og fyrir mikilvægi þess að rísa upp gegn óréttlæti og kúgun án þess að beita ofbeldi. Þannig sýni kirkjan trú sína í verki og feti um leið í fótspor Krists. Til þess að áréttta vilja sinn í þessum eignum ákvað ráðið að vekja aðildarkirkjur sínar til meðvitundar með því að standa fyrir „Áratugi gegn ofbeldi“ (Decade to Overcome Violence for the Churches) frá 2001–2010. Margot Kässmann, sem þá var biskup í Hannover í Þýskalandi og meðlimur í miðstjórn Heimsráðs kirkna,

36 Mary E. Hunt, „Dead but still Missing: Mothers of Plaza de Mayo Transform Argentina“, *Concilium* 3/1993, bls. 89–96.

37 *Madres de Plaza de Mayo* (<https://webpace.utexas.edu/cmr485/www/mothers/history.html>) (sótt 15. apríl 2012). Sjá umfjöllun um mæðurnar á Plaza de Mayo í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 149.

hafði stuttu áður skrifað bókina *Overcoming Violence. The Challenge to the Churches in All Places* (1998) þar sem hún gerir grein fyrir hugmyndinni á bak við áratuginn, sem var að fá kirkjur um víða veröld til að leggja sitt af mörkum til að vinna gegn hinum ólíku birtingarmyndum ofbeldis. Þar segir Kässmann m.a. að ráðaleyfi kirknasamfélagsins gagnvart heimilisofbeldi hafi verið skýrt merki um þá knýjandi þörf sem búið hafi að baki þessu átaki.³⁸ Í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér við upphaf áratugarins er lögð áhersla á að stuðla að menningu sem einkennist af friði með því að ráðast gegn misnotkun valds í öllum lögum samfélagsins. Í henni er ákall til aðildarkirknanna um að vera leiðandi í því að kynna friðsamlegar aðgerðir í baráttunni gegn ofbeldi.

„Það er ekkert rómantískt við ofbeldi,“ eins og Mvume Dandala biskup í Suður-Afríku sagði þegar Heimsráð kirkna kynnti átakið „Peace to the city“ þegar því var formlega hleypt af stokkunum í Jóhannesarborg í Suður-Afríku árið 1997.³⁹ „Það er heldur ekkert rómantískt við ofbeldislaust andóf,“ segir Margot Kässmann í bók sinni. Ofbeldislaust andóf er ekki aðgerðarleysi og það þarf að tileinka sér ákveðinn hugsunarhátt og mögulegar aðgerðir. Vegna þess að enginn veit hvernig hann eða hún bregst við því að vera beitt/-ur ofbeldi, er að mati Kässmann mikilvægt að við tileinkum okkur ofbeldislaus viðbrögð og undirbúum okkur þannig fyrir hið óvænta.⁴⁰ Sem dæmi um ofbeldislausar aðferðir nefnir hún forvarnarstarf, sáttaumleitani, málamiðlanir og fræðslu. Forsendur ofbeldislauss andófs segir Kässmann felast fyrst og síðast í umhyggju og virðingu fyrir mennsku þeirra sem hlut eiga að máli. Í öllum aðstæðum eigi að hafna ofbeldi. Sé þjáning óhjákvæmileg eigi þeir sem beita ofbeldislausu andófi að vera tilbúnir að taka þjáninguna á sig frekar en að láta hana koma niður á öðrum. Þá er mikilvægt að trúna því að allir geti skipt um skoðun, en jafnframt að viðurkenna að enginn eigi einkarétt á sannleikanum og því hljóti markmiðið alltaf að vera að leiða saman sann-

38 Margot Kässmann, *Overcoming Violence. The Challenge to the Churches in All Places*, Genf: WCC Publication, 1998, bls. 45. Sjá einnig: *Churches Say 'No' to Violence against Women. Action Plan for the Churches*, Genf: The Lutheran World Federation, 2002.

39 Margot Kässmann, *Overcoming Violence. The Challenge to the Churches in All Places*, bls. xiii. Sjá einnig umfjöllun í *Meeting God on the Cross. Christ, the Cross, and the Feminist Critique*, bls. 140.

40 Margot Kässmann, *Overcoming Violence. The Challenge to the Churches in All Places*, bls. 60.

KROSSINN OG KONURNAR



Kross til minningar um Maríu Gomez

leika beggja aðila. Undir öllum kringumstæðum verði allt að vera uppi á borðum og öllu leynimakki hafnað.

Vald krossins

Í anda *imitatio Christi* og ofbeldislaus andófs var málaður kross til minningar um Maríu Kristínu Gómez frá El Salvador sem lýsir vel þeim sterku tengslum sem eru á milli krossatburðarins og upprisunnar innan kristinnar trúar. María Gomez helgaði líf sitt baráttunni fyrir bættum lífskjörum kvenna í heimalandi sínu. Hún hlúði að konum sem voru þolendur ofbeldis, konum sem hafði verið nauðgað eða bjuggu við heimilisofbeldi, og kenndi þeim m.a. að lesa. Gómez var að lokum myrt af andstæðingum sínum árið 1989. Þessi kross er vonarberi vegna þess að saga Maríu Gómez, sem sögð er á þessum krossi, flytur von til allra þeirra sem leggja vilja sitt af mörkum til að bæta kjör þeirra sem á er brotið.⁴¹

Án upprisunnar er krossinn aðeins enn eitt dæmið um fórnarlamb illskunnar, þ.e. um einstakling sem barðist fyrir framgangi réttlætisins, en varð að lokum að lúta í lægra haldið fyrir óréttlætinu. Af þessum sökum er mikilvægt að krossinn sé aldrei slitinn úr tengslum við upprisuna og vonina um að hið góða muni að lokum bera sigur úr bítum. Í sögu Gómez er að finna sterka skírskotun til sögunnar af þjáningu, dauða og upprisu Krists þar sem þetta er ekki bara saga um

⁴¹ *Pool Hayes Arts & Community School*, <http://www.school-portal.co.uk/GroupHomepage.asp?GroupId=1112515> (sótt 12. maí 2012).

máttaröfl illskunnar á meðal okkar og þjáninguna sem þau hafa í för með sér heldur einnig vitnisburður um ofbeldislaust andóf og hvatning til baráttu gegn óréttlætinu að fordæmi Krists.

Sístætt verkefni guðfræðinnar er að túlka texta og trúartákn í nýju sögulegu samhengi. Þannig vega tími og rúm þungt í mótun kristinnar trúarhefðar. Þess vegna er trúarhefðin ekki föst stærð heldur þvert á móti síbreytileg. Túlkun krossins er hér engin undantekning. Í tvö þúsund ára sögu kristinnar kirkju hafa guðfræðingar leitast við að tjá merkingu hans fyrir samtímafólki sínu og notað til þess orð og myndir úr samtímanum.

Á síðustu áratugum hefur femínísk gagnrýni haft mikil áhrif á framsetningu á merkingu krossins. Hér gegnir reynslan mikilvægu hlutverki í túlkunarferlinu en einnig gagnrýnin á áhrif karlveldisins við mótun kristinnar trúarhefðar. Þannig hafa hefðbundnar hugmyndir um vald hins sterka, þess sem deilir og drottinnar, ætíð farið illa saman við hugmyndina um Guð sem gengur inn í þjáninguna og dauðann á krossi. Hvers konar Guð er það sem lýtur í lægra haldi fyrir óvinum sínum? Er það ekki merki um veikan eða valdalausn Guð? Þessi skilningur kemur m.a. fram í frásögn Lúkasarguðspjalls af krossfestingunni þar sem annar þeirra sem krossfestir voru með Kristi segir við hann: „Ert þú ekki Kristur? Bjargaðu sjálfum þér og okkur!“ (Lúk 23:39). Í guðspjöllunum er einnig sagt frá örvæntingu lærisveinanna sem horfðu upp á meistara sinn biða ósigur fyrir valdhöfunum. Viðbrögð þeirra voru að flýja af hólmi, enda óttuðust þeir að þeirra biðu sömu örlög.

Endurskoðun valdahugtaksins í ljósi krossins í anda guðfræðingsins Sally Purvis gengur út frá því að ekki sé nauðsynlegt að túlka vald sem drottnandi vald. Sá Guð sem gengur inn í þjáninguna og dauðann á krossi gerir það til þess að sýna samstöðu með þeim sem líða og þjást. En frásagan af upprisunni ber vitni um það að illskan og dauðinn eigi ekki síðasta orðið. Þannig verður krossinn í ljósi upprisunnar, auði krossinn, tákn um sigur lífsins og kærleikans. Vald krossins er í því samhengi lífgefandi vald sem ógnar þeim sem vilja deila og drottna. Krista á krossinum og konurnar á Plaza de Mayo eru vissulega valdalausar samkvæmt mælikvörðum feðraveldisins. Þær eru hvorki sterkar né ógnandi, heldur þvert á móti veikar og valdalausar. En ef vald krossins er skilið sem lífgefandi andhverfa

hins drottandi valds þá sjáum við í krossinum tákni um viðsnúning væntinga okkar, þar sem hið veika sigrar hið sterka, og viðmið karlveldisins eru dæmd innantóm og einskis verð. Þannig verður krossinn boðberi vonar andspænis hverskonar valdníðslu, þar sem óréttlætinu og illskunni er mótmælt. Það er ekki gert á forsendum óréttlætis og illsku heldur með ofbeldislausu andófi. Í andófinu býr sú von að raunverulegt vald sé andhverfa drottandi valds og að lífið og kærleikurinn muni bera sigur að lokum.

Útdráttur

Í þeim tilgangi að leggja áherslu á samlíðan Krists með konum sem orðið hafa fyrir barsmíðum, nauðgun eða öðru ofbeldi hafa verið búnar til myndir af *Kristu*, þjáðum kvenlíkama á krossinum. Kristumyndirnar eru dæmi um skapandi endurskoðun á túlkun og hlutverki krossins, endurskoðun sem gerir kröfur um að gagnrýni á hverskonar misnotkun valds sé tekin alvarlega. Mikilvægur þáttur í þeirri gagnrýni er að hafna því að þjáningin sem slík hafi tilgang í sjálfri sér. Eigi að síður getur þjáningin reynst óhjákvæmilegur fylgifyskur andófs gegn óréttlæti og illsku, eins og krossfesting Krists ber glöggt vitni um. Að feta í fótspor Krists (*imitatio Christi*) hefur frá upphafi þótt mikilvægt á meðal játenda kristinnar trúar. Því fer þó fjarri að einhugur hafi ríkt um það í hverju slík eftirbreytni felst. M.a. hefur verið deilt um það hvernig kristnir einstaklingar skuli bregðast við óréttlæti og ofbeldi, eða hvað það merki að feta í fótspor Krists við slíkar aðstæður. Á meðan sumir hafa bent á skilyrðislausu kröfu Krists um að bjóða „hina kinnina“, í merkingunni að láta ofbeldið yfir sig ganga án þess að veita mótspyrnu, hafa aðrir haldið fram nauðsyn þess að stöðva framgang óréttlætisins, með þeim rökum að það hafi Kristur einmitt gert. Í ofbeldislausu andófi felst einmitt hvatning til þess að hafna ofbeldi en veita eftir sem áður mótspyrnu gegn því óréttlæti sem birtist í misbeitingu valds. Þannig getur krossinn borið vitni um samlíðan í þjáningunni um leið og hann hvetur til andófs gegn óréttlæti og illsku.

Lykilorð: *kross Krists, upprisa, Krista, reynsla kvenna, kynbundið ofbeldi, þjáning, eftirbreytni (að feta í fótspor Krists).*

Abstract

Images of *Christa*, a suffering female body on the cross, represent creative reinterpretations of the cross of Christ. Those images underscore Christ's compassion with suffering women, but also criticize any kind of abusive behaviour. Suffering should not be considered valuable in itself (what has been labelled "a glorification of suffering"), even if nonviolent resistance against injustice and evil sometimes leads to suffering and death, which was true for Christ. The imitation of Christ (*imitatio Christi*) has from the beginning been considered a significant part of being a follower of Christ, even if its meaning has been strongly disputed. This is why Christians have not all agreed what it means to imitate Christ when faced with situations of injustice and violence. While some have considered it appropriate to "turn the other cheek" (meaning to show no resistance), others have thought it necessary to resist, just like Jesus Christ did, but without using violence. In this article it is argued that nonviolent resistance as an interpretation of *imitatio Christi*, is able to do both; namely to testify to God's compassion with those who suffer from any abuse of power, but at the same time encourages resistance against evil and injustice of all kinds, wherever and whenever we are faced with it.

Key words: *the cross of Christ, resurrection, Christa, violence against women, women's experience of suffering, imitation of Christ*

Andinn og eggjastokkurinn

Um framúrstefnu, dulspeki og klám

BENEDIKT HJARTARSON

Þegar lítið er yfir fræðileg skrif um þær framsæknu listhreyfingar sem komu fram í Evrópu á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og kenndar hafa verið við sögulega framúrstefnu fer lítið fyrir umræðu um verk kvenna. Hvort heldur horft er til ítalsks fútúrisma, dadaisma, konstruktívisma, rússnesks fútúrisma, súrrealisma eða annarra hreyfinga eru konur lítt sýnilegar í hefðbundnum yfirlitsritum. Ástandið hefur þó breyst nokkuð á síðastliðnum áratugum og fræðimenn hafa í auknum mæli beint sjónum að mikilvægu framlagi kvenna til umræddra hreyfinga. Áður óþekkt verk kvenna hafa verið dregin fram í dagsljósið og leidd hafa verið í ljós svið innan evrópsku framúrstefnunnar sem fræðimenn höfðu áður sýnt litla athygli, þótt vissulega megji segja að verk kvenna séu enn (samanborið við verk karla) á jaðrinum í sögu framúrstefnunnar. Hér má nefna verk rússneska fútúristans Jelenu Gúro, þátttöku kvenna eins og Emmy Hennings, Sophie Taeuber-Arp og Suzanne Duchamp í dadaismanum, framlag Meret Oppenheim, Fridu Kahlo og annarra kvenna til súrrealismans, verk listamanna eins og Gertrud Grunow, Helene Börner, Idu Kerkovius og fleiri sem störfuðu í tengslum við Bauhaus-skólann og tengdust nýjum straumum konstruktívismans á þriðja áratugnum, auk verka ítalskra kvenfútúrista á borð við Valentine de Saint-Point, Cörlu Ottolenghi, Mariettu Angelini og Ölmú Fidora, svo dæmi séu tekin. Nýrri rannsóknir hafa sýnt fram á nauðsyn þess að endurskoða sögu

framúrstefnunnar og varpað ljósi á þau kynbundnu viðmið sem hafa mótað ríkjandi söguritun, auk þess sem þær hafa dregið fram þætti er snúa að mismunandi viðhorfum karla og kvenna til þjóðfélagslegra og menningarlegra málefna.¹

Þegar horft er til þess sem nefnt hefur verið „verkefni“ framúrstefnunnar vekur athygli að þátttaka kvenna virðist tengd ákveðnum greinum og sviðum listsköpunar fremur en öðrum. Verk kvenna eru vissulega sýnileg í samhengi myndlistar og bókmennta, en þau verða þó einkum áberandi ef litið er til sviða eins og gjörningslista, hönnunar eða dans. Gagnrýnin á ríkjandi söguskoðun hefur m.a. beinst að því hvernig listgreinar þar sem konur voru áberandi hafa gjarnan lent í nokkurri jaðarstöðu, en sjónum fremur beint að hefðbundnari listgreinum, þar sem karlmenn voru leiðandi. Með þessari umræðu er bent á mikilvæg atriði sem snúa að jöðrun kvenna innan sögu framúrstefnunnar, þótt þessi jöðrun tengist vitaskuld að hluta til einfaldlega vali á verkum sem hafa ratað inn í það sem kalla má hefðarveldi framúrstefnunnar. Um leið og athygli er dregin að slíkum þáttum er vert að spyrja hvort mynd okkar af jaðarstöðu kvenna innan sögulegu framúrstefnunnar sé hrein afleiðing sagnfræðilegrar skekkju eða hvort hún endurspegli jafnframt að einhverju leyti stöðu kvenna í starfsemi umræddra hreyfinga. Til að varpa ljósi á með hvaða hætti konur voru útilokaðar frá þessari starfsemi og að hvaða marki fjarvera þeirra í sögu framúrstefnunnar er afleiðing karlhverfra viðmiða sem hafa stýrt ritun þessarar sögu, er gagnlegt að beina sjónum nánar að yfirlýsingunni eða *manifestóinu*, sem kalla má lykilmálmennntagrein framúrstefnunnar og drifkraft verkefnis hennar.² Greining á hlutdeild kvenna í

1 Af mikilvægum verkum um þátt kvenna í starfsemi sögulegu framúrstefnunnar má nefna Jean-Claude Marcadé og Valentine Marcadé, *L'Avant-garde au féminin. Moscou, Saint-Petersbourg, Paris (1907–1930)*, París: Artcurial, 1983; Whitney Chadwick, *Women Artists and the Surrealist Movement*, London: Thames and Hudson, 1991; Mary Ann Caws, Rudolf Kuenzli og Gwen Raaberg (ritstj.), *Surrealism and Women*, Cambridge, Massachusetts: MIT, 1991; Mirella Bentivoglio og Franca Zoccoli, *Women Artists of Italian Futurism. Almost Lost to History*, New York: Midmarch Arts, 1997; Naomi Sawelson-Gorse (ritstj.), *Women in Dada. Essays on Sex, Gender, and Identity*, Cambridge, Massachusetts: MIT, 2001; Ruth Hemus, *Dada's Women*, New Haven: Yale University Press, 2009; Ulrike Müller, *Baubaus-Frauen. Meisterinnen in Kunst, Handwerk und Design*, München: Elisabeth Sandmann, 2009.

2 Ítarlega umfjöllun um yfirlýsingar framúrstefnunnar má finna í doktorsritgerð minni, *Visionen des Neuen. Eine diskurshistorische Analyse des frühen avantgardistischen Manifests*, Heidelberg: Winter, 2013. Efni þessarar greinar byggist að hluta til á þeirri rannsókn. Um efnið hef ég einnig fjallað á öðrum vettvangi, sjá: „Myths of Rupture. The Manifesto and the Concept of „Avant-Garde““,

ritun og útgáfu stefnuyfirlýsinga varpar ljósi á það stigveldi sem ríkti innan hreyfinganna sem hér eru til umræðu, auk þess sem greining á mælskulist bókmenntagreinarnar gefur innsýn í þá fagurfræðilegu hugmyndafræði sem lá starfi framúrstefnunnar til grundvallar. Textarnir eru knúnir áfram af herskárri mælskulist sem byggist á upphafningu ímyndunaraflsins og karllegs vilja, sem eru samofnir þættir í verkum framúrstefnunnar, og sækja með margvíslegum hætti í hefðir dulspeki er voru útbreiddar í evrópsku menningarlífi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Gagnlegt er að kanna nánar þessi tengsl til þess að skilja betur jaðarstöðu kvenna innan framúrstefnunnar og hversu víða gætti opinskárrar kvenfyrirlitningar í skrifum hennar, allt frá útgáfu stofnyfirlýsingar ítalska fútúrismans árið 1909, sem gjarnan er talin marka upphaf sögulegu framúrstefnunnar.³ Í textanum lýsti Filippo Tommaso Marinetti því yfir að fútúristarildu „upphefja stríðið – einu heilsubót heimsins – hernaðarandann, föðurlandsástina, hermdarverk stjórnleysingjanna, þær fögru hugsjónir sem drepa, og kvenfyrirlitninguna“.⁴

Yfirlýsingar og stigveldi framúrstefnunnar

Jaðarstaða kvenna innan sögulegu framúrstefnunnar er óvíða jafn sýnileg og í textasöfnum sem hafa að geyma yfirlýsingar eða *manifestó* hennar, hvort heldur um er að ræða yfirlýsingar tiltekinna hreyfinga eða textasöfn sem taka til víðara þjóðlegs eða alþjóðlegs samhengis. Hér er fróðlegt að líta nánar á víðamesta sýnisritið af þessu tagi, *Manifeste und Proklamationen der europäischen Avantgarde (1909–1938)* frá árinu 1995, sem helgað er yfirlýsingum og öðrum stefnumarkandi eða *prógrammatískum* textum evrópsku framúrstefnunnar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Af þeim 257 textum sem birtir eru í ritinu

Modernism, ritstj. Ástráður Eysteinnsson og Vivian Liska, Amsterdam, Philadelphia: John Benjamins, 2007, bls. 173–194; „Af goðkynngi orðsins. Um yfirlýsingar evrópsku framúrstefnunnar og galdratrú í rússneskum fútúrisma og sýmbólisma“, *Ritið* 2/2012, bls. 101–133.

3 Hugtakið „söguleg framúrstefna“ vísar til þeirra hreyfinga sem komu fram á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og er jafnan notað til aðgreiningar frá þeim hreyfingum eftirstríðsáranna sem kenndar eru við nýframúrstefnu. Hugtakið festist í sessi í kjölfarið á útgáfu áhrifamikils rits Peters Bürger, *Theorie der Avantgarde* (Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1974).

4 Filippo Tommaso Marinetti, „Stofnun og stefnuyfirlýsing fútúrismans“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Yfirlýsingar. Evrópska framúrstefnan*, ritstj. Benedikt Hjartarson, Ástráður Eysteinnsson og Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 97–106, hér bls. 101.

eru aðeins fimm skrifaðir af eða eingöngu undirritaðir af konum.⁵ Að auki bregður nöfnum kvenna fyrir á undirskriftalistum allnokkurra stefnuyfirlýsinga sem eru undirritaðar af mörgum höfundum, en að hluta til getur verið erfiðleikum háð að ráða í gildi þeirra nafna sem fylgja slíkum yfirlýsingum (enda dæmi um að nöfn manna hafi jafnvel ratað á slíka undirskriftalista að þeim forspurðum). Eigi að síður virðist óhætt að sjá í þessu tilviki ótvíræða vísbendingu um jaðarstöðu kvenna í yfirlýsingagerð sögulegu framúrstefnunnar og í raun blasir hér við það sem Gisela Febel hefur kallað „táknræna fjarveru konunnar í yfirlýsingum framúrstefnunnar“.⁶ Fjarveran kann að hluta til að helgast af því að yfirlýsingar eftir konur hafi ekki ratað inn í slík rit, en ekki er síður mikilvægt að ritun og útgáfu stefnuyfirlýsinga má lýsa sem hefðbundnu vígi karla í starfsemi framúrstefnunnar. Hér virðist jafnframt mega greina vandkvæði þeirrar hneigðar að setja *manifestóin* í forgrunn þegar saga framúrstefnunnar er rituð. Gagnrýnendur hafa bent á að þessi hneigð leiðir oft til þess að brugðið er upp einfaldri og jafnvel skakkri mynd af starfsemi framúrstefnunnar

5 Um er að ræða textana „Manifeste de la femme futuriste“ (1912) og „Manifeste futuriste de la luxure“ (1913) eftir Valentine de Saint-Point, „Aphorisms on Futurism“ eftir Minu Loy (1914), „Petit Manifeste“ eftir Gabrielle Buffet (1919) og „Ombrelle Dada“ eftir Céline Arnauld (1920). Sjá: Wolfgang Asholt og Walter Fähnders (ritstj.), *Manifeste und Proklamationen der europäischen Avantgarde (1909–1938)*, Stuttgart, Weimar: Metzler, 1995. Athyglisvert er að þera umrætt rit saman við yfirlýsingasafn í ritstjórn Mary Ann Caws frá árinu 2001 (*Manifesto. A Century of Isms*, Lincoln: University of Nebraska Press). Af 228 textum í riti Caws eru tuttugu ritaðir af eða eingöngu undirritaðir af konum. Yfirlýsingasöfnin tvö eru raunar ekki fyllilega sambærileg vegna þess að rit Caws nær yfir lengra tímabil og teygir sig einnig til framúrstefnu eftirstríðsáranna, þegar hlutur kvenna í ritun og útgáfu slíkra texta verður mun sýnilegri, auk þess sem safnið tekur til víðara samhengis „isma“ en eingöngu framúrstefnunnar og gengið er út frá víðari skilgreiningu á bókmenntagrein „manifestósins“ en í riti Asholts og Fähnders. Nærvera kvenna í yfirlýsingasafni Caws virðist jafnframt að hluta til helgast af meðvitaðri viðleitni til að gera hlut þeirra sýnilegri. Auk sex texta eftir Minu Loy má finna í ritinu sex texta frá fyrstu fjórum áratugum tuttugustu aldar sem eru eftir konur, tvo eftir Valentine de Saint-Point, einn eftir Else von Freytag-Loringhoven, einn eftir Ljúbóv Popovu, einn eftir Soniu Delaunay og einn eftir Gertrude Stein. Sama ár og rit Caws kom út á íslensku safnrítið *Yfirlýsingar*, þar sem aðeins einn texti af 34 er eftir konu. Loks er forvitnilegt að benda til samanburðar á nýlegt yfirlýsingasafn í ritstjórn Alex Danchev (*100 Artists' Manifestos*, London: Penguin, 2011), sem tekur til ámóta víðs samhengis yfirlýsinga og rit Caws. Af þeim hundruð yfirlýsingum sem hér er safnað saman eru sjö samdir af eða eingöngu undirritaðir af konum (þar af eru sex frá fyrstu fjórum áratugum tuttugustu aldar: tveir eftir de Saint-Point, tveir eftir Loy, einn eftir Popovu og einn eftir Olgu Rozanovu). Í þessu tilviki er fjarvera kvenna í yfirlýsingagerð nýframúrstefnunnar einkar athyglisverð.

6 Gisela Febel, „Poesie-Erreger – oder von der signifikanten Abwesenheit der Frau in den Manifesten der Avantgarde“, *„Die ganze Welt ist eine Manifestation“*. *Die europäische Avantgarde und ihre Manifeste*, ritstj. Wolfgang Asholt og Walter Fähnders, Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft, 1997, bls. 81–108.

um leið og gengist er gagnrýnislaust við sjálfsmyndasköpun hennar en horft framhjá fjölbreytilegri listsköpun á ólíkum sviðum. Þannig tekur fræðimaðurinn Alexandar Flaker jafnvel svo djúpt í árinna í grein frá 1989 að kalla yfirlýsingarnar „óáreiðanlegan vitnisburð“ við ritun sögu þessara hreyfinga og bendir á að þess í stað verði að einblína á hina eiginlegu listsköpun og skáldverk framúrstefnunnar.⁷ Í samhengi femínískrar gagnrýni má þá benda á hvernig ofuráherslan á yfirlýsingarnar hefur að mörgu leyti leitt til þess að verk kvenna hafa lent í bakgrunni og konurnar jafnvel verið skrifaðar út úr sögu framúrstefnunnar.⁸

Söguleg endurskoðun af þessu tagi gagnast vissulega þeim tilgangi að gera framlag kvenna sýnilegra, en hún er varhugaverð þegar hún leiðir til þess að verkefni framúrstefnunnar er rakið með hliðsjón af „eiginlegri“ listsköpun hennar en yfirlýsingunum kippt út fyrir sviga. Verkefni framúrstefnunnar er þá í reynd talið óháð þeim hundruðum *manifestóa* sem gefin voru út af ólíkum hreyfingum víðs vegar um Evrópu (og að hluta til utan Evrópu) og bókmenntagreinin, sem hefur verið lýst sem „höfuðbókmenntagrein“ og „flaggskipi“ sögulegu framúrstefnunnar,⁹ er smættuð niður í hlutverk fagurfræðilegra skýringarrita. Um leið er litið framhjá því að það er fyrst og fremst

7 Alexandar Flaker, „Die russische Avantgarde“, *Glossarium der russischen Avantgarde*, Graz, Vín: Droschl, 1989, bls. 11–47. Allar þýðingar á tilvitnunum í þessari grein eru mínar eigin, nema annað sé tekið fram.

8 Þegar rætt er um jöðrun kvenna er vert að hafa í huga að fræðileg skrif um framúrstefnuna voru lengst af nær alfarið í höndum karla. Gott dæmi um þessa kynbundnu skekkju má finna í útgáfu þeirrar ritraðar sem hefur verið leiðandi á sérsviðinu. Ritróðin var upphaflega stofnuð sem tímarit með heitinu *Avant-garde. Revue interdisciplinaire et internationale / Avant-garde. Interdisciplinary and International Review* árið 1987 en tímaritinu var breytt í ritróðina *Avant-garde Critical Studies* árið 1994. Í fyrstu fjórum heftum tímaritsins (nr. 0–3), frá árunum 1987 til 1989, birtust alls 28 greinar og þar af var aðeins ein eftir konu. Úr þessu var reyndar bætt rækilega með útgáfu fimmta heftisins (nr. 4), sem helgað var konum í framúrstefnunni (*Avant-garde. Revue interdisciplinaire et internationale / Avant-garde. Interdisciplinary and International Review* 4/1990, sérhefti: *Femmes. Frauen. Women*, ritstj. Françoise van Rossum-Guyon, Amsterdam: Rodopi, 1990). Þar vekur þó athygli að aðeins ein af tíu greinum í heftinu er eftir karlhöfund, sem bendir til áhugaleysis á verkum kvenna innan ríkjandi fræðiumræðu á þessum tíma. Einnig er vert að benda á að í upphaflegri ritnefnd tímaritsins, sem stóð nær óbreytt frá 1987 til 2005, var engin kona (ritnefndin samanstóð upphaflega af Fernand Drijkoningen, Klaus Beekman, Henri Béhar, Peter Bürger, Jan van der Eng, Leigh Landy og Ben Rebel en Willem Weststeijn tók sæti van der Eng árið 1992). Árið 2005 bættist fyrsta konan í hópinn (með útgáfu sautjándra bindisins tók Klaus Beekman við af Fernand Drijkoningen sem aðalritstjóri og í ritnefndinni (nú titlaðir „aðstoðarritstjórar“) tóku sæti Sophie Berrebi, Ben Rebel, Jan de Vries og Willem Weststeijn).

9 Wolfgang Asholt og Walter Fähnders, „„Projekt Avantgarde“. Vorwort“, *„Die ganze Welt ist eine Manifestation“*, bls. 1–17, hér bls. 4 og 14.

með yfirlýsingunum sem hreyfingarnar taka sér stöðu, skapa sér ímynd og skilgreina fagurfræði sína og hugmyndalegar forsendur. Að auki er það fyrst og fremst með útgáfu yfirlýsinganna sem framúr-stefnan markar sér sérstöðu innan bókmennta- og listkerfis nútímans og þegar litið er framhjá lykilhlutverki textanna missa fræðimenn um leið sjónar á sögulegu mikilvægi hreyfinganna. Loks eru yfirlýsing-arnar sjálfur drifkraftur þess ætlunarverks framúrstefnunnar að knýja á um róttæka andlega og menningarlega endurnýjun sem teygir sig til allra sviða þjóðfélags og menningar, með mótun og útbreiðslu nýrrar, framsækinnar fagurfræði. Textarnir eru ekki aðeins vettvangur til að koma fagurfræðilegum og þjóðfélagslegum hugmyndum og áherslum á framfæri, heldur eru þeir um leið sjálf þungamiðjan í framkvæmd þess verkefnis sem kennt er við framúrstefnu. Miðlægt hlutverk yfir-lýsingarinnar er augljóst ef litið er til umræðu um sögulegu fram-úrstefnuna í samtíma hennar, þar sem jafnan er sett samasemmerki á milli framúrstefnu og útgáfu stefnuyfirlýsinga, allt frá útgáfu fyrstu stefnuyfirlýsingar ítalska fútúristans árið 1909. *Manifestóinu* má í raun lýsa sem „konunglegri bókmenntagrein“ framúrstefnunnar, með hliðsjón af kenningum pólska formalistans Ireneusz Opacki: hún liggur í miðju starfsemi hennar, myndar „kjarnann í skáldskaparfræði hennar“, „dregur til sín allar aðrar bókmenntagreinar“ og mótar þær á afgerandi hátt.¹⁰

Fútúristinn Valentine de Saint-Point, sem tók virkan þátt í starfsemi ítalska fútúristans á árunum 1912 til 1914, er líklega þekktasta undantekningin frá reglunni um „fjarveru“ kvenna. Yfirlýsingar hennar hafa öðlast ótvíráðan sess í hefðarveldi framúrstefnunnar, en þær eru athyglisvert dæmi um hvernig kvenhöfundur reynir að staðsetja sig innan þeirrar karllegu mælskulistar hernaðarhyggju og hefðararfs sem einkennir hina nýju bókmenntagrein. Hér má einkum nefna „Fútúríska stefnuyfirlýsingu lostans“ frá 1913 og „Stefnuyfirlýsingu hinnar fútúrísku konu“ frá 1912, þar sem de Saint-Point bregst við þeirri opinskáu kvenfyrirlitningu sem komið hafði fram í stofnyfirlýsingu Marinettis árið 1909. Staða þessarar yfirlýsingar de Saint-Point innan hefðarveldis framúrstefnuyfirlýsingarinnar helgast ekki síst af

10 Ireneusz Opacki, „Royal Genres“, þýð. David Malcolm, *Modern Genre Theory*, ritstj. David Duff, London: Longman, 2000, bls. 118–126, hér bls. 121–122.

Því að textinn heldur fast í hefðbundna táknykla bókmenntagrein-
arinnar og hróflar ekki við mælskufræðilegum undirstöðum hennar,
heldur leitast við að virkja konuna innan ríkjandi mælskulistar. Stutt
tilvitnun í textann varpar skýru ljósi á þetta ferli:

Sú Kona sem heldur karlmanninum við fætur sér með tárnum sínum og
tilfinningasemi er óæðri þeirri stúlku sem með raupi sínu þjarmar að
manninum uns hann tekur sér byssu í hönd. [...] Konur, of lengi hafið
þið látið afvegaleiðast af siðaböðum og hleypidómum, hverfið aftur til
háleitrar eðlisávísunar ykkar, til heiftarinnar, til grimmdarinnar.¹¹

Janet Lyon hefur lýst því hvernig „yfirlýsingar Valentine de Saint-
Point brjótast inn á hið fútúríska almannasvið og öðlast viðurkenningu
fútúrískra áheyrenda með því að gangast við fremur en sporna gegn
karlmennsku fútúrismans“.¹² Konunni er ætlað mikilvægt hlutverk
í því fagurfræðilega verkefni allsherjar hervæðingar og tortímingar
sem ætlað er að binda enda á „tímabil ríkjandi kvenleika“, en til þess
þarf hún að endurheimta það „sem konurnar skortir fyrst og fremst,
alveg eins og karlana“, þ.e. „manndóminn“.¹³ Hér vekur einkum
athygli hvernig höfundurinn heldur í og vinnur úr hugmyndinni
um „manndóm“ eða „karlmennsku“ (ít. *virilità*) sem er leiðarminni í
skrifum ítalska fútúrismans og tengist upphafningu hreyfingarinnar
á karllegum sköpunarkrafti.¹⁴ Annað athyglisvert dæmi um vanda
kvenhöfundar við að staðsetja sig innan hefðar framúrstefnuyfirlýs-
ingarinnar má finna í skrifum Minu Loy. Á því tímabili þegar hún
tengist ítalska fútúrismanum ræðst hún í ritun fútúrískrar stefnu-

11 Valentine de Saint-Point, „Stefnuyfirlýsing hinnar fútúríska konu“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Yfirlýsingar*, bls. 117–124, hér bls. 123–124. Skáletrun í texta de Saint-Point.

12 Janet Lyon, *Manifestoes. Provocations of the Modern*, Ithaca, London: Cornell University Press, 1999, bls. 166.

13 De Saint-Point, „Stefnuyfirlýsing hinnar fútúríska konu“, bls. 118. Um skrif de Saint-Point og sambengi þeirra í starfsemi ítölsku fútúristanna, sjá einnig: Nancy Locke, „Valentine de Saint-Point and the Fascist Construction of Woman“, *Fascist Visions. Art and Ideology in France and Italy*, ritstj. Matthew Affron og Mark Antliff, Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 1997, bls. 73–101; Clara Orban, „Women, Futurism, and Fascism“, *Mothers of Invention. Women, Italian Fascism, and Culture*, ritstj. Robin Pickering-Iazzi, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1995, bls. 52–75.

14 Um vægi hugtaksins í menningarlegri orðræðu nútímans á Ítalíu, sjá lykilrit Barböru Spackman, *Fascist Virilities. Rhetoric, Ideology, and Social Fantasy in Italy*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1996.

yfirlýsingar á femínískum forsendum en hverfur frá því verki óloknu. Textinn var ekki gefinn út fyrr en 1982, í brotakenndri gerð, og líkt og Lyon bendir á var þetta í raun niðurstaða misheppnaðrar tilraunar skáldkonunnar til að staðsetja sig innan mælskulistar bókmenntagreinar sem hvíldi á karlhverfum gildum og táknyklum.¹⁵

Þegar fjallað er um stöðu kvenna innan sögulegu framúrstefnunnar er nauðsynlegt að horfa sérstaklega til greinareinkenna yfirlýsingarinnar og þeirra kynbundnu jöðrunarháttanna sem hér hefur verið lýst. Vitaskuld er einnig mikilvægt að hafa hugfast að þær hreyfingar sem taldar eru til framúrstefnunnar voru um margt ólíkar innbyrðis, auk þess sem greina má margvísleg hvörf í starfsemi og mælskulist sögulegu framúrstefnunnar. Á hinn bóginn er einnig mikilvægt að leitast við að lýsa sameiginlegum megineinkennum og ef horft er til stöðu kvenna innan framúrstefnunnar blasir við að jaðarstaða þeirra afmarkast ekki við tiltekna hreyfingar á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Brýnt er að horfast í augu við að jöðrun kvenna innan framúrstefnunnar er söguleg staðreynd og að hluta til meðvituð aðgerð, sem varhugavert er að líta framhjá þegar við leggjum mat á hugmyndalega og menningarlega arfleifið hreyfinganna. Tvö atriði vega hér þyngst. Í fyrsta lagi birtir „táknræn fjarvera konunnar“ í yfirlýsingum framúrstefnunnar okkur það stigveldi sem ríkti innan hreyfinganna. Konur voru sannarlega virkar í hinni listrænu starfsemi, en þær náðu ekki inn á þann vettvang sem fólst í ritun og útgáfu yfirlýsinga, mótun fagurfræðilegrar stefnu, skipulagningu starfseminnar eða sköpun og miðlun sameiginlegrar ímyndar. Fjölmörg dæmi mætti tína til, sem sýna það mikilvæga hlutverk sem framúrstefnuhreyfingarnar ætluðu yfirlýsingum sínum. Þannig hefur Walter Fähnders bent á að í starfsemi framúrstefnunnar má ekki aðeins finna hundruð útgefinna yfirlýsinga, heldur einnig margvíslegar hugrenningar um gildi, eðli og hlutverk hinnar nýju bókmenntagreinar, sem hafa að geyma einskonar „skáldskaparfræði yfirlýsingarinnar í hnotskurn“. ¹⁶ Til að átta sig á lykilhlutverki yfirlýsinganna er einnig gagnlegt að líta nánar til ítalska fútúrismans og súrrealismans, tveggja lykilhreyfinga sögu-

15 Lyon, *Manifestoes*, bls. 124–167.

16 Fähnders, „„Vielleicht ein Manifest“. Zur Entwicklung des avantgardistischen Manifestes“, *„Die ganze Welt ist eine Manifestation*, bls. 18–38, hér bls. 26.

legu framúrstefnunnar á ólíkum tímabilum. Leiðtogar beggja hreyfinga lögðu ríka áherslu á að stýra útgáfu þeirra yfirlýsinga sem gefnar voru út undir þeirra merkjum; Marinetti las yfir og lagfærði fyrir útgáfu (jafnvel að höfundum forspurðum) þau *manifestó* sem birt voru undir merkjum fútúrismans og André Breton hélt greinarheitinu „manifestó“ alfarið fyrir sína eigin texta, sem helgaðir voru lýsingu á fagurfræðilegum undirstöðuatriðum súrrealismans, þótt fjölmargir stefnumarkandi textar væru gefnir út undir greinarheitum á borð við „déclaration“ (ávarp), „proclamation“ (orðsending), „appel“ (ákall), „pamphlet“ (dreifirit) eða „traité“ (greinargerð eða ritgerð).¹⁷

Í öðru lagi er nauðsynlegt að horfa til mælskufræðilegra einkenna og táknykla bókmenntagreinarinnar. *Manifestóið* er knúði áfram af mælskulist sem leggur áherslu á karlleg gildi er snúa að baráttu og stríðsrekstri – og rætur bókmenntagreinarinnar í hernaðarorðræðu skipta hér nokkru máli.¹⁸ Yfirlýsingarnar gegna jafnframt hlutverki yfirlýst hefðarofs, sem oft birtist í kynslóðaátökum sona og feðra eins og kristallast m.a. með skýrum hætti í fleygum orðum Apollinaires: „Maður getur ekki dröslast með hræið af pabba sínum út um allt.“¹⁹ Yfirlýsingarnar eru enn fremur markaðar af kynferðislegu myndmáli, sem dregur fram þær karlhverfu forsendur sem liggja fagurfræði framúrstefnunnar til grundvallar. Loks eru yfirlýsingarnar birtingarmynd róttækrar viljahyggju sem sækir í hefð dulspeki, þar sem hið karllega ímyndunarafl er leitt til öndvegis og því ætlað leiðandi hlutverk við mótun nýrrar menningar, en vert er að hafa í huga að *manifestóið* gegnir því hefðgróna hlutverki að koma vilja mælenda á framfæri. Til að varpa ljósi á þetta samhengi er gagnlegt að beina

17 Um aðferðir Marinettis við endurritun yfirlýsinga fútúrismans, sjá m.a. Giovanni Lista, *Le Futurisme. Création et avant-garde*, París: Éditions de l'Amateur, 2001, bls. 40–41. Um notkun ólíkra greinarheita í súrrealismanum, sjá: Peter Bürger, *Der französische Surrealismus. Studien zur avantgardistischen Literatur*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 1996, bls. 59–73, hér einkum bls. 59–60. Þýðingar á greinarheitunum sem hér eru nefnd eru vissulega vandkvæðum háðar, enda hafa orðin ólíkar skírskotanir og geyma ólíkar hefðir á mismunandi tungumálum. Hið sama gildir um greinarheitið „yfirlýsing“ á íslensku, sem hér er notað sem þýðing á greinarheitinu „manifestó“ en hefur mun víðari og almennari skírskotun en erlenda orðið.

18 Um rætur *manifestósins* í hernaðarorðræðu og vægi þeirrar hefðar í yfirlýsingagerð framúrstefnunnar, sjá m.a. Hubert van den Berg, „Zwischen Totalitarismus und Subversion. Anmerkungen zur politischen Dimension des avantgardistischen Manifests“, *„Die ganze Welt ist eine Manifestation“*, bls. 58–80.

19 Guillaume Apollinaire, *Les Peintres cubistes*, París: Hermann, 1965, bls. 46.

sjónum nánar að sérstæðu sambandi fagurfræði, dulspeki og kláms í verkum framúrstefnunnar. Greining á þessum þáttum gerir kleift að draga fram mikilvæga þætti sem horft hefur verið framhjá í ríkjandi fræðiumræðu og snúa að jöðrun kvenna í verkefni sögulegu framúrstefnunnar.

Klámfengin dulspeki – dulrænt klám?

Það eru engin ný sannindi að í fagurfræði sögulegu framúrstefnunnar má greina skýr tengsl bæði við hefð dulspeki og þann klámiðnað sem er í mótun upp úr aldamótunum 1900 og tengist vaxandi stórborgarmenningu og nýjum útgáfu- og dreifingarháttum.²⁰ Fræðimenn hafa fengist nokkuð við bæði þessi tengsl, en segja má að rannsóknirnar hafi leitt inn í ólíkar túlkanir á verkefni framúrstefnunnar. Jafnan er litið á hina dulspekilegu þræði sem dæmigerða fyrir „elítisma“ framúrstefnunnar, torræðan táknefni verka hennar og nýstárlegar eða jafnvel „óskiljanlegar“ listrænar aðferðir.²¹ Í þessum skilningi tengist þáttur dulspekinnar innvígslu viðtakandans í launhelgar hinnar nýju listsköpunar og líta má á tengslin við dulspekilega hefð sem úrvinnslu á arfleifð sýmbólismans og gagnrýnið viðbragð við rísandi afþreyingariðnaði. Framúrstefnan leitast við að greina sig frá múgmenningu iðnaðarþjóðfélagsins og dulspekin opnar henni orðræðusvið, sem gerir henni kleift að stúka listsköpun sína af í sjálfstæðu og lokuðu þekkingarrými sem er ósnortið af tæringaráhrifum nútímavæðingar. Tengslin við klámiðnaðinn eru aftur á móti tengd lifandi áhuga framúrstefnunnar á afþreyingarmenningu nútímans og litið á þau sem lýsandi dæmi um hvernig framúrstefnan opnar leiðir fyrir afurðir þessarar nýju menningar inn á vettvang fagurfræði og lista. Í þessum skilningi sækir framúrstefnan til klámmenningar, líkt og annarra afurða hinnar

20 Um tengsl nútímamenningar og klámiðnaðar, sjá m.a. Walter Kendrick, *The Secret Museum. Pornography in Modern Culture*, Berkeley: University of California Press, 1997; Linda Williams, *Hard Core. Power, Pleasure, and the „Frenzy of the Visible“*, Berkeley: University of California Press, 1989.

21 Fjölmargin fræðimenn hafa fjallað um torræðni framúrstefnu og módernisma í víðara samhengi, en hér má m.a. benda á umfjöllun Gottharts Wunberg um tengsl óskiljanleika, söguhyggju og fagurfræðilegs nútíma í greininni „Unverständlichkeit. Historismus und literarische Moderne“ (*Jahrhundertwende. Studien zur Literatur der Moderne*, ritstj. Stephan Dietrich, Tübingen: Gunter Narr, 2001, bls. 111–145). Sjá einnig umfjöllun Alfons Backes-Haase, sem tengir tilurð hinnar nýju bókmenntagreinar *manifestósins* við þörf framúrstefnunnar fyrir fagurfræðileg skýringarrit (*Kunst und Wirklichkeit. Zur Typologie des DADA-Manifests*, Frankfurt am Main: Anton Hain, 1992).

nýju múgmenningar, í því skyni að brjóta upp ríkjandi hefðir og siðferðisviðmið og jafnvel sporna gegn viðteknu listhugtaki borgaralegrar menningar.²² Klámið er þannig órjúfanlegur þáttur í þeirri fagurfræði ögrunar og hneykslis sem framúrstefnan þrífst og byggist á.

Sú hefðbundna aðgreining á þjóðfélagslegri skírskotun dulspeki og kláms sem hér er dregin upp er vafasöm. Á fyrri hluta tuttugustu aldar var dulspekin útbreidd orðræða. Hún rataði ekki aðeins inn í verk innvígðra dulspekinga eða rithöfunda og listamanna sem aðhylltust slíkar kenningar, heldur gegndi hún jafnframt mikilvægu hlutverki innan ólíkra þekkingarkerfa. Nútímadulspekin er ekki afmarkað svið innan menningarinnar, hér er öllu heldur um að ræða safn minna, hugsanamynstra og þekkingarleiða sem birtast í „margvíslegum útfærslum innan fjölbreytilegs sögulegs, þjóðfélagslegs, menningarlegs og vitsmunalegs samhengis“, eins og Andreas B. Kilcher hefur lýst.²³ Dulspekin var enn fremur snar þáttur í hinni nýju afþreyingarmenningu, líkt og sjá má bæði af útgáfu alþýðlegra tímarita og bóka og af fjölscrúðugum birtingarmyndum slíkra „andlegra“ strauma í afurðum afþreyingariðnaðarins.²⁴ Vægi dulpekinnar verður þó ekki síst sýnilegt í hinu fagurfræðilega samhengi, enda byggist hún síður „á röklegum grunni eða empírískum sönnunum“ en á „frásagnarbundnum, ímynduðum og fagurfræðilegum hugsmíðum“ og færir þannig „þekkinguna að sjálfum mörkum goðsagna og bókmennta“.²⁵

22 Um verkefni sögulegu framúrstefunnar sem atlögu að hinu borgaralega listhugtaki, sjá: Bürger, *Theorie der Avantgarde*. Kafli úr þessu riti hefur birst í íslenskri þýðingu: „Sjálftæði listarinnar og vandi þess innan borgaralegs samfélags“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Ritið* 1/2006, bls. 227–250.

23 Andreas B. Kilcher, „Seven Epistemological Theses on Esotericism. Upon the Occasion of the 10th Anniversary of the Amsterdam Chair“, *Hermes in the Academy. Ten Years' Study of Western Esotericism at the University of Amsterdam*, ritstj. Wouter J. Hanegraaff og Joyce Pijnenburg, Amsterdam: Amsterdam University Press, bls. 143–148, hér bls. 144. Hugtakið nútímadulspeki er margrætt og verður ekki einskorðað við trúarlegar hreyfingar og strauma frá átjándu öld til samtímans á borð við guðspeki, mannspeki, spíritisma, mesmerisma eða náttúruspeki, svo vísað sé til nokkurra þeirra helstu strauma sem jafnan eru taldir til nútímadulspeki. Í víðari skilningi tekur nútímadulspeki til ólíkra hugmyndakerfa nútímans sem eru í andstöðu við ríkjandi vísindaleg þekkingarkerfi, hafna forsendum eða leitast við að sigrast á takmörkunum þeirra. Um margbrotið samband vísindahyggu og dulspeki sjá greinargóða umfjöllun Kilchers og rit Roberts M. Erdbeer, *Die Signatur des Kosmos. Epistemische Poetik und die Genealogie der Esoterischen Moderne*, Berlín: De Gruyter, 2010. Sjá einnig grein mína „Svipmyndir að handan. Um miðla, fagurfræði og launhelgar nútímans“, þar sem ég kem inn á þetta viðfangsefni (*Ritið* 2/2013, bls. 41–81).

24 Sjá m.a. umfjöllun Erdbeers um samband dulspeki og afþreyingariðnaðar í ritinu *Die Signatur des Kosmos*.

25 Kilcher, „Seven Epistemological Theses on Esotericism“, bls. 147.

Hér er gagnlegt að beina sjónum að skáldsögunni *Mafarka le futuriste* [Fútúristinn Mafarka] eftir Marinetti, en þessi „afríska skáldsaga“ var skrifuð árið 1908 og gefin út í París ári síðar, þ.e. sama ár og stofnyfirlýsing fútúristmans. Um er að ræða eitt af alræmdum bókmenntaverkum Marinettis, sem má ekki síst rekja til útgáfu verksins á ítölsku árið 1910. Sú gerð varð tilefni málaferla gegn höfundinum vegna klámfengings innihalds verksins og „brots gegn almennu vel-sæmi“, en Marinetti var sýknaður af þeim ásökunum fyrir dómi.²⁶ Við greiningu verksins er mikilvægt að huga að þeirri sérstæðu fútúríska fagurfræði sem liggur því til grundvallar, en ekki er síður mikilvægt að skáldsagan er lýsandi fyrir breiðara safn bókmenntaverka frá fyrstu áratugum tuttugustu aldar, sem liggja á mörkum afþreyingarbókmennta, sýmbólisma og framúrstefnu. Í *Mafarka le futuriste* má sjá augljós ummerki „alþýðlegrar viðtöku á verkum Nietzsches“, sem bregður víða fyrir í afþreyingarbókmenntum frá upphafi tuttugustu aldar.²⁷ Líkt og Birgit Wagner hefur bent á – með hliðsjón af skrifum Antonios Gramsci um úrvinnslu á ofurmennishugmyndum Nietzsches innan afþreyingarmenningar²⁸ – er þessum „siðlausu“ verkum „fyrst og fremst beint til smáborgaralegs lesendahóps“, söguhetjunum má lýsa sem einskonar „alþýðlegum ofurmennum“ og „oft er um að ræða annaðhvort tæknivædda og vígbúna drottvara eða myndarlega lífsnautnaseggi sem kunna að nýta sér undur nútíma-tækninnar í þágu eigin ástarævintýra“.²⁹ Einkar forvitnileg eru þau bókmenntaverk úr þessari átt sem liggja á mörkum síðsýmbólisma og framúrstefnu. Auk skáldsögu Marinettis mætti hér nefna verk eins og *Les onze mille verges* [Ellefu þúsund reðrar] eftir Guillaume Apollinaire frá 1907, sem rekur sögu rúmenska prinsins Mony Vibescu og kannar fjölskrúðugustu birtingarmyndir kynhegðunar, og *Les exploits d'un jeune don Juan* [Afrek ungs kvennabósa] eftir sama höfund, frá árinu

26 Gögn úr málaferlunum má m.a. nálgast í útgáfu verksins í þýskri þýðingu, sjá: „Prozess und Freispruch von „Mafarka der Futurist““, þýð. Michael von Killisch-Horn, *Mafarka der Futurist. Afrikanischer Roman*, München: Belleville, 2004, bls. 175–252.

27 Birgit Wagner, *Technik und Literatur im Zeitalter der Avantgarden: Ein Beitrag zur Geschichte des Imaginären*, München: Wilhelm Fink, 1996, bls. 38.

28 Sjá: Antonio Gramsci, „Popular Origins of the Superman“, þýð. William Boelhower, *Selections from Cultural Writings*, ritstj. David Forgács og Geoffrey Nowell-Smith, London: Lawrence and Wishart, 1985, bls. 355–359.

29 Wagner, *Technik und Literatur im Zeitalter der Avantgarden*, bls. 38.

1911, sem lýsir innvígslu ungs karlmanns í unaðssemdir ástalífsins. Einnig mætti hér benda á skáldsöguna *Le Surmâle* [Ofurkarlinn] eftir Alfred Jarry frá 1902, sem rekur sögu hjólreiðagarps og kynlífsvélar sem setur hvert metið á fætur öðru á báðum sviðum. Sérstaka athygli vekur að þannig má oft rekast á úrvinnslu þátta úr klámmenningu nútímans í verkum höfunda sem vinna úr hefð nútímadulspeki og vísa beint til hennar í verkum sínum – líkt og tilfellið er með þá þrjá höfunda sem hér eru nefndir.

Áður en lagt er upp í greiningu á *Mafarka le futuriste* er gagnlegt að grípa niður í texta eftir rússneska sýmbólistann Vasílíj Rozanov frá 1918, sem vekur áleitnar spurningar um skörun dulspeki og kláms í fagurfræðilegri orðræðu á fyrstu áratugum tuttugustu aldar:

Ég er sannfærður um að allur alheimurinn samanstendur af brotum úr „líkama Apis“ [...] nánar tiltekið úr kynfærum hans, og enn nánar: úr síflæðandi sæði hans, úr straumum af sæði, úr hvirflum af sæði. Rafmagnið, eldfjöllin, ljósið, þruman, „hamarinn“ – allt er þetta komið af fallusnum og fallusnum einum. Heimsmyndunarfræðin, tákn heimsins – allt er fallus. Þinurinn, furan, grenið og einkum og sér í lagi greniköngullinn, „form trésins“, himinhvolfið, allt er fallískt.

Allt er „hann“, „hann er alls staðar“.³⁰

Tilvitnunin vekur upp röð spurninga: Úr hvaða orðræðu nútímans rennur sá texti sem hefur að geyma lýsingu af þessu tagi? Stöndum við frammi fyrir texta sem sprettur úr dulspekilegri þekkingarhefð eða er hér um að ræða hreinræktað klám, sem sveipar sig dulúð trúarlegra hefða til að koma kynferðislegum lýsingum á framfæri? Er hér kannski á ferðinni fagurfræðileg orðræða sem leitar nýrra tjáningarleiða í sköpun sinni og nýtir sér í þeirri leit bæði brot úr klámmenningu samtímans og hefð dulspeki? Eða er textinn hugsanlega allt þetta í senn og ógerlegt að skilja hér á milli? Spurningunum er vandsvarað, en eftir stendur að textinn hefur að geyma sérstæðan bræðing dulpekilegs tákneims, nýstárlegrar fagurfræði og klám-

30 Tilvitnunin er sótt í bréf Rozanovs til Erichs F. Hollerbach frá 6. október 1918: Vasílíj Rozanov [Василий Розанов], „Письма к Э. Ф. Голлербаху“, *В нашей смуте. Статьи 1908 г. Письма к Э. Ф. Голлербаху*, ritstj. A. N. Nikoljukina, Moskva: Республика 2004, bls. 335–385, hér bls. 375–376. Við þýðingu á tilvitnuninni hefur einnig verið stuðst við enska þýðingu hennar í bók James Webb, *The Occult Establishment*, Lasalle, Illinois: Open Court, 1976, bls. 158.

fengins ímyndunarafis. Ítarleg greining á þeirri mælskulist sem brýst fram í dulhelgri og klámfenginni heimsmyndunarfræði Rozanovs liggur utan ramma þessarar greinar.³¹ Tilvitnuninni er fyrst og fremst ætlað að draga fram að þekkingarkerfi dulspekinnar og klám skarast á margbrotinn hátt innan fagurfræðilegrar orðræðu nútímans. Þetta á raunar ekki aðeins við um þá orðræðu, því einnig getur reynst erfitt að sjá skýr mörk á milli dulspeki og kláms í orðræðu nútímadulspeki. Forvitnilegt dæmi um þetta má finna í texta eftir Rudolf Steiner – höfund sem alla jafna er ekki tengdur við klámbókmenntir – frá árinu 1907:

Kraftarnir innra með okkur eru samþjappaðir guðlegir kraftar. Því sem orðið skapaði áður er nú umbreytt í náttúruleg form. Þannig mun barkakýli mannsins, í rás þróunarinnar, verða að æxlunarfæri. Við munum ekki aðeins verða færir um að geta hreyfingar, heldur mun barkakýlið verða hið sanna æxlunarfæri. Það sem er tungumál í dag, mun geta af sér sinn líka. Barkakýlið er æxlunarfæri sem í framtíðinni mun hefjast upp á svið hins andlega; af þessum sökum getum við nú þegar séð þessa hliðstæðu í þróun kynfærisins og þróun barkakýlisins. [...] Úr tungumálinu mun koma hinn sanni æxlunarmáttur, hinn meðvitaði sköpunarkraftur mannsins.³²

Sú spurning vaknar hvernig bregðast megi við þeim sérkennilega samruna dulspekilegs tákneims og fallísks ímyndunarafis sem hér blasir við. Lýsing Steiners er vissulega ekki eins opinskátt klámfengin og texti Rozanovs, en ef við tökum tákneim Steiners á orðinu getum við í það minnsta fullyrt að hér er á ferðinni berorð lýsing á kynfærum, sem vísar veginn til fagurfræði *Deep Throat*.³³ Í texta Rozanovs má sjá hvernig síðsýmbólisminn sækir til dulspekilegs tákneims og endurnýtir hann í sköpun klúrra tákmynda og ímyndaheims, en texti

31 Um verk og fagurfræði Rozanovs, sjá m.a. Heinrich Stammer, „Wassilij Wassiljewitsch Rosanow. 1856–1919“, Vasilij Rozanov [Wassilij Rosanow], *Solitaria. Ausgewählte Schriften*, ritstj. og þýð. Heinrich Stammer, Hamburg, München: Heinrich Ellermann, bls. 7–25.

32 Rudolf Steiner, „Erläuterungen zur Einrichtung und Ausgestaltung des Kongress-Saales. Vortrag am 21. Mai 1907 in München“, *Bilder okkulten Siegel und Säulen. Der Münchner Kongress Pfingsten 1907 und seine Auswirkungen, Rudolf Steiner Gesamtausgabe*, 284. bindi, ritstj. Hella Wiesberger, Dornach: Rudolf Steiner Verlag, 1993, bls. 63–70, hér bls. 67.

33 Hér er vísað til klámmyndar Gerards Damiano frá 1972, sem skartaði Lindu Lovelace í aðalhlutverki. Myndin segir frá ófullnægðri kvenhetju sem uppgötvar að snúpurinn á henni er staðsettur í kokinu.

Steiners virðist fremur vera til marks um þá kynferðislegu orku sem blundar í táknefni dulspækkinnar og getur brotist fram á óvæntan hátt. Báðir eru textarnir til marks um skörun dulrænna þekkingarhefða og kláms í menningarlegri orðræðu nútímans.

Eggjastokkur mannsandans

Tilvitnunin í texta Steiners varpar óvæntu ljósi á dulspækilegar rætur táknefnsins sem mætir lesandanum í lýsingu Marinettis á fæðingu hins tæknilega ofurmennis í *Mafarka le futuriste*. Tengslin hér á milli verða einkar sýnileg í sérstæðri myndhverfingu sem finna má í inngangi höfundarins að skáldsögunni:

Í nafni hins mannlega drambs, sem við vegsömum, lýsi ég því yfir að sá tími nálgast þegar menn með kröftuga vanga og höku úr stáli munu – á undraverðan hátt og með því einu að þenja út vilja sinn – ala til stórverka óbrigðula risa ... Ég lýsi því yfir við ykkur að andi mannsins er vannýttur eggjastokkur og við munum verða fyrstir til að frjóvga hann.³⁴

Brotið tilheyrir röð skyldra lýsinga í skrifum Marinettis. „Fæðingin“ hefur ekki aðeins hefðbundna virkni bókmenntalegrar myndhverfingar í mælskulist fútúrismans. Hún tilheyrir jafnframt þéttriðnu neti líkamsmyndmáls sem setur mark sitt á upprunagoðsagnir hreyfingarinnar allt frá útgáfu stofnyfirlýsingarinnar árið 1909, þar sem Marinetti lýsir því hvernig þeir félagarnir lifa af bílslys og stíga endurfæddir upp úr „móðurlegri skoru“ verksmiðjuskurðar til að færa mannkyninu fagnaðarerindi sitt.³⁵ Inngangsorðin að *Mafarka le futuriste* draga fram að hin fútúríska sýn á komandi menningu byggist á umbreytingu mannsandans í kvenlegt æxlunarfæri.³⁶ Sé litið til annarra skrifa Ma-

34 Filippo Tommaso Marinetti, *Mafarka le futuriste*, París: Christian Bourgois, 1984, bls. 17.

35 Marinetti, „Stofnun og stefnyfirlýsing fútúrismans“, bls. 99.

36 Eintölumynd „eggjastokksins“ í texta Marinettis er athyglisverð sem slík. Eintalan dregur fram tvíraðni orðsins „ovaire“ á frönsku, sem getur ýmist þýtt „eggjastokkur“ eða „eggleg“ í grasafraðilegri merkingu og vísað þannig til þess hluta plöntu þar sem eggid er. Tengingin við mannsandann og þær kynjaímyndir sem unnið er með í skáldsögunni draga aftur á móti í forgrunn það merkingarvið orðsins sem tengist æxlunarfærum konunnar. Í þessu samhengi er forvitnilegt að horfa til skrifa franska feministans Luce Irigaray um „kynið sem er ekki eitt“, þar sem hún bendir á að konan hefur „ekki eitt kynfæri/kynferði [fr. *sexe*]“ heldur alltaf „að minnsta kosti tvö“, þannig að „kynverund konunnar“ (andstætt einhlítri kynverund karlmansins) „er alltaf að

rinettis má greina augljós tengsl á milli myndarinnar af „eggjastokki mannsandans“ og mikilvægs hlutverks heilamyndmáls í mælskulist fútúrismans – og í þeim skilningi geymir textabrotið sem vitnað var til að framan mynd skurðaðgerðar. Í sjálfri skáldsögunni er skýrt dregið fram að heilinn sem hér er umbreytt í eggjastokk er í raun heili karlmannsins. Franski frumtextinn gefur þetta ekki ótvírætt í skyn, vegna tvíræðni orðsins „homme“ eða „maður“, en úrvinnsla fæðingarminnisins í frásögninni tekur af allan vafa: aðgerðin felur í sér tilbeiðslu hins karllega anda sem uppruna nýrrar líffsskipanar.

Skáldsagan greinir frá því hvernig afríska konungurinn Mafarka skapar „vélsoninn“ Gazourmah af eigin rammleik. Til að helga sig sköpun þessa „ódaudlega risa með óbrigðula vængi“, sem er getinn án „hjálpar og daunillrar aðkomu móðurlífsins“, verður konungurinn að slíta sig frá hópi ástkvenna sinna.³⁷ Þannig er undirstrikað að hinum fútúríska manni er ætlað að taka við líkamlegu hlutverki konunnar við viðhald mannkynsins með „andlegum“ aðferðum. Sem holdtekn-ing nýrrar manngerðar fullkomnar Gazourmah ekki aðeins skilin við fortíðina heldur einnig rofið við eigin getnað, þegar hann tortímur (í lokakafla verksins) föður sínum og öllum þeim sem höfðu orðið vitni að fæðingu hans. Frásögnin er einskonar allegoría hinnar fútúríska sköpunarsögu, þar sem karllegur vilji tekur yfir hlutverk kvenlíkamans og leggur grunn að nýjum fagurfræðilegum trúarbrögðum. Áhersla verksins á hinn hreina viljastyrk dregur fram þær hugmyndafræðilegu forsendur sem liggja starfsemi ítalska fútúrismans til grundvallar og færir okkur lykla sem nýtast við túlkun á verkefni framúrstefnunnar í víðara samhengi.³⁸

minnsta kosti tvöföld“ og í raun „í fleirtölu“ (*Ce sexe qui n'en est pas un*, París: Minuit, 1977, bls. 27). Eggjastokkinn í texta Marinettis mætti þannig túlka sem viðleitni til að brjóta fjölleitni kvenlíkamans og hinnar kvenlegu sjálfsmýndar undir einsleitni og heildstæðni hins karllega.

37 Marinetti, *Mafarka le futuriste*, bls. 169.

38 Ég hef áður bent á mikilvægi viljahyggju og heilamyndmáls í skáldsögu og yfirlýsingum Marinettis, í inngangi mínum að ritinu *Yfirlýsingar*, en án þess að benda á þau tengsl við hefð dulspeki og galdralistar sem hér eru til umræðu. Um leið og tengsl þessa „heilamyndmáls“ við hefð dulspeki eru dregin fram er ástæða til að benda á að vissulega má hér einnig greina tengsl við tilraunir á sviði líffæraflutninga. Þannig vísar Umberto Boccioni t.a.m. þegar árið 1914 til starfsemi franska skurðlæknisins og líffræðingsins Alexis Carrel sem mikilvægrar uppsprettu fyrir skáldsögu Marinettis (*Pittura scultura futuriste. Dinamismo plastico*, Flórens: Vallecchi, 1977, bls. 13). Sjá einnig Günter Berghaus, „Futurism and the Technological Imagination Poised between Machine Cult and Machine Angst“, *Futurism and the Technological Imagination*, ritstj. Günter Berghaus, Amsterdam, New York: Rodopi, 2009, bls. 1–40.

Í *Mafarka le futuriste* birtist viljinn sem æðsta opinberun þess „lífsþróttar“ sem býr innra með efnisheiminum og honum er ætlað leiðandi hlutverk í þróunarferlinu: „Guðdómur og einstæð framrás hins viljandi og almáttuga anda sem verður að veita útrás! ... Þetta eru einu trúarbrögðin! ...“³⁹ Frekari lýsingar Mafarkas á nýjum „trúarbrögðum hins raungerða vilja“ undirstrika órofa tengslin á milli trúar, útrýmingar kvenlíkamans og viljans:

Vilji okkar verður að brjótast út úr okkur til að ná valdi á efnisheiminum og ummynda hann eftir geðþótta okkar. Þannig getum við mótað allt sem umlykur okkur og endurnýjað ásýnd heimsins út í hið óendanlega. Ef þið tilbiðjið vilja ykkar munuð þið brátt geta alið börn án þess að þurfa að leita á náðir kvenskapa.⁴⁰

Textinn miðlar limhverfri hugmynd um „skapandi þróun“ sem á uppruna sinn í hinu karllega ímyndunarafli.⁴¹ Cinzia Sartini Blum hefur dregið þessa þætti í fagurfræði fútúrismans saman á hnitmiðaðan hátt: „Hatrömm kvenfyrirlitning, hommafælni og kynferðisleg upphafning ofbeldisins koma saman í vænisjúkri og þjakaðri sjálfsmynd er bendir til sálfræðilegrar frásagnar sem ekki er færð í orð.“⁴² Kynferðisleg upphafning ofbeldis er undirstöðubáttur í mælskulist fútúrismans allt frá upphafi – spor hennar má finna þegar í stofnyfirlýsingunni frá 1909, þar sem því er lýst hvernig fútúristarnir smjúga inn í ríki leyndardómsins – en verður einkum áberandi í síðari textum Marinettis, þar sem m.a. má lesa: „Þeir einir verðskulda virðingu sem standa uppréttir til að svívirða leyndardóminn og bjóða tælandi ófreskjum hins ómögulega birginn.“⁴³

39 Marinetti, *Mafarka le futuriste*, bls. 170.


40 Marinetti, *Mafarka le futuriste*, bls. 169.

41 Þær hugmyndir um „lífsþrótt“ og „skapandi þróun“ sem hér eru nefndar vísa til hugmynda heimspokingsins Henris Bergson. Ítarlega umfjöllun um vægi þeirra hugmynda fyrir ítalska fútúrismann og aðrar framúrsteffnuhreyfingar má finna í doktorsritgerð minni, *Visionen des Neuen*, hér einkum bls. 119–123; 255–258. Sjá einnig Mark Antliff, *Inventing Bergson. Cultural Politics and the Parisian Avant-Garde*, Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 1993; Grogin, Robert C. *The Bergsonian Controversy in France 1900–1914*. Calgary: University of Calgary Press, 1988.

42 Cinzia Sartini Blum, *The Other Modernism. F. T. Marinetti's Futurist Fiction of Power*, Berkeley: University of California Press, 1996, bls. 54.

43 Filippo Tommaso Marinetti, „Prefazione futurista a „Revolverte“ di Gian Pietro Lucini“, *Teoria e invenzione futurista*, ritstj. Luciano de Maria, Milánó: Mondadori, 1968, bls. 24–30, hér bls. 25.

Þær vísanir til viljans, sem eru áberandi í kynferðislegum ofbeldisfantasíum Marinettis, eru ekki einangrað dæmi í samhengi sögulegu framúrstefnunnar. Í skrifum hennar má víða finna kynlífsóra af þessu tagi, þar sem ímyndunaraflíð er tengt karllegum sköpunarkrafti og því eignuð geta til að ala nýja menningu. Í texta frá 1912 skrifar rússneski kúbó-fútúristinn Velimir Khlebnikov: „Við viljum jómfrú orðsins“.⁴⁴ Sjö árum síðar lýsir spænski últraistinn Isaac Vando-Villar yfir: „Frammi fyrir geldingum nítjándu aldar flettum við klæðum af heimsrofafegurð últraismans; við erum sannfærðir um að þeir munu aldrei ná að rífa meyrjarhaft framtíðarinnar.“⁴⁵ Ezra Pound lýsir heil anum sem „einskonar risavöxnum sæðisköggli“ og líkir innrás vortisismans í „risavaxin og viljalaus kvensköp Lundúnaborgar“ við „tilfinningu karlmansins við samfarir“,⁴⁶ en þetta fallíska sjónarhorn á sköpunaraflíð er einnig myndgert í brjóstmynd af Pound eftir myndhöggvarann Henri Gaudier-Brzeska frá árunum 1913–1914.



Henri Gaudier-Brzeska: Hieratic Head of Ezra Pound (marmari, 1913–1914).

Í texta eftir þýska expressjónistann Paul Hatvani frá 1912 segir: „Öll upplifun er erótísk og verður að vandamáli sköpunar þegar hún snýr að hinu kvenlega – sem er formlaus tjáning tjáningarleysis – en

44 Velimir Khlebnikov [Велимир Хлебников], „Мы хотим девы слова“, *Собрание сочинений в трех томах*, 3. bindi: *Проза. Статьи, декларации, заметки. Автобиографические материалы*. *Письма*, Sankti Pétursborg: Академический проект, 2001, bls. 149. Hér hefur einnig verið höfð til hliðsjónar þýsk þýðing textans: Velimir Khlebnikov [Velimir Chlebnikov], „Wir wollen die Jungfrau des Wortes“, þýð. Peter Urban, *Werke*, 2. bindi: *Prosa Schriften Briefe*, ritstj. Peter Urban, Reinbek: Rowohlt Taschenbuch, 1972, bls. 105.

45 Isaac Vando-Villar, „Manifiesto ultraísta“, *Manifiestos, proclamas, panfletos y textos doctrinales. (Las vanguardias artísticas en España: 1910–1931)*, ritstj. Jaime Brihuega, Madrid: Cátedra, 1982, bls. 103.

46 Ezra Pound, „Introduction“, Rémy de Gourmont, *The Natural Philosophy of Love*, þýð. Ezra Pound, London: Neville Spearman, 1957, bls. vii–xvii, hér bls. vii–viii.

hinn lifandi listamaður er þeim mun *karllegri*, því sterkar sem hann skynjar umhverfi sitt, efnivið sinn, rými upplifunar sinnar, tilveruna eða heiminn sem „konu“.“⁴⁷ Loks boðar Ljubomir Micić, forsprakki zenitismans, „óhjákvæmilega uppreisn gegn loddaraanda allra þessara óteljandi menningargeldinga“⁴⁸ sem drottna yfir „júgóslavneskri „list““ nútímans, sem Micić kennir við „sjálfsfröun heilans“⁴⁹ og líkir þannig við ófrjótt fagurfræðilegt fitl og sóun á sköpunarorku. Þessi dæmi ættu að nægja til að draga fram sterk tengslin sem greina má á milli karllegs sköpunarkraftar, viljahyggju og kláms í fagurfræði sögulegu framúrstefnunnar. Lykilhlutverk hinnar „konunglegu bókmenntagreinara“ *manifestósins* í starfi framúrstefnunnar verður jafnframt skiljanlegra ef horft er til þeirrar róttæku viljahyggju sem hér brýst fram, en hún hefur jafnframt mótandi áhrif á sköpun hreyfinganna í öðrum listmiðlum eins og skáldsaga Marinettis er til vitnis um.

Gullgerðarlist, viljahyggja og fasismi

Kynferðismyndmálinu sem gegnsýrir *Mafarka le futuriste* hefur gjarnan verið lýst sem birtingarmynd þeirrar prótófasísku hugmyndafræði sem fútúrisminn boðar. Túlkanir á verkinu hafa vissulega verið ólíkar, en í þeim má eigi að síður greina sameiginlegan þráð: Byggt er á femínísku sjónarhorni og aðferðum sálgreiningar beitt til að draga fram skyldleika klámfenginnar og herskárrar mælskulistar Marinettis við fasismann. Þannig hafa Alice Yeager Kaplan, Cinzia Sartini Blum, Christine Poggi, Barbara Spackman og Carol Diethe allar beint sjónum að klámfengi verksins og lýst frásögninni sem tjáningu

47 Paul Hatvani, „Spracherotik“, *Der Sturm. Wochenschrift für Kultur und die Künste* 136–137/1912, bls. 210.

48 Ljubomir Micić [Љубомир Мицић], „Зенитозофија. Или енергетика стваралачког зенитизма“, *Зенит. Међународни часопис* 26–33/1924, [án blaðsíðutals]. Hér hefur einnig verið höfð til hliðsjónar þýsk samtímaþýðing textans: Ljubomir Micić [Liubomir Mitzitch], „No Made in Serbia. Zenitosophie, oder Energetik des schöpferischen Zenitismus“, þýð. Nina-Naj, *Der Sturm* 4/1924, bls. 219–226, hér bls. 221.

49 Ljubomir Micić, „Duh Zenitizma“, *Zenit. Internacionalna revija za novu umetnost* 7/1921, bls. 3–5, hér bls. 4. Hér hefur einnig verið höfð til hliðsjónar ensk þýðing textans: Ljubomir Micić, „Excerpts from The Spirit of Zenithism“, þýð. Maja Starčević, *Between Worlds. A Sourcebook of Central European Avant-Gardes, 1910–1930*, ritstj. Timothy O. Benson og Éva Forgács, Cambridge, Massachusetts: MIT, 2002, bls. 296–299, hér bls. 298.

á sálrænum ónotum og tortímingarþrá karlsins frammi fyrir líkama konunnar.⁵⁰ Barbara Vinken hefur dregið niðurstöður þessara ólíku túlkana skilmerkilega saman: „Fútúrisminn tilheyrir [...] sálfræðilegri röð prótófasískra og fasískra hreyfinga sem allar koma fram sem æskuhreyfingar og fela í sér uppreisn skipulegra, karlhverfra bræðralaga gegn kynslöð feðranna.“⁵¹ Frá þessu sjónarhorni má lýsa *Mafarka le futuriste* sem tjáningu á fantasíu er stefnir að tortímingu konunnar og upphafningu hinnar karllegu hugveru í hlutverk almáttugs skapara. Söguna má þá jafnframt túlka sem tilbrigði við kunnugleg goðsagnaminni, sem hér eru fléttuð saman í nýrri goðsögn tæknialdar, en í textanum má m.a. greina augljósar skírskotanir til Pygmalions, Ödipusar, Prómeþeífs, Faebóns, Íkarusar og Dedalusar svo dæmi séu nefnd.⁵²

Fyrirliggjandi túlkanir gefa mikilvæga innsýn í þá sálfræðilegu hnúta sem *Mafarka le futuriste* sprettur af, auk þess sem þær draga fram mikilvæg textatengsl við goðsagnahefðina og gera kleift að túlka verkið út frá samhengi tiltekinnar frásagnarhefðar. Á hinn bóginn horfa þær framhjá því hlutverki sem hefd gullgerðarlistar gegnir í frásögninni og missa þannig sjónar á mikilvægum þáttum sem tilheyrja sögulegu samhengi verksins.⁵³ Þessari gagnrýni á femínískar túlkanir á *Mafarka le futuriste* er ekki ætlað að göfga verkið frá fagurfræðilegu sjónarhorni eða breiða yfir hugmyndafræðina sem liggur því til grundvallar. Það verk er vandfundið sem dregur hina prótófasísku þræði í fagurfræði fútúrismans fram á jafn skýran og viðurstygglegan hátt og *Mafarka le futuriste*, sem er gegnsýrt af kvenfyrir-

50 Sjá: Alice Yeager Kaplan, *Reproductions of Banality. Fascism, Literature and French Intellectual Life*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1986; Blum, *The Other Modernism*; Christine Poggi, „Dreams of Metallized Flesh. Futurism and the Masculine Body“, *Inventing Futurism. The Art and Politics of Artificial Optimism*, Princeton, New Jersey: Princeton University Press, 2009, bls. 150–180; Barbara Spackman, „Mafarka and Son. Marinetti's Homophobic Economics“, *Modernism / Modernity* 3/1994, bls. 89–107; Carol Diehe, „Sex and the Superman. An Analysis of the Pornographic Content of Marinetti's *Mafarka le futuriste*“, *Perspectives on Pornography. Sexuality in Film and Literature*, ritstj. Gary Day og Clive Bloom, Houndmills: Macmillan, 1988, bls. 159–174.

51 Barbara Vinken, „Make War not Love. Pulp Fiction oder Marinettis Mafarka“, *Der Blick vom Wolkenkratzer. Avantgarde – Avantgardekritik – Avantgardeforschung*, ritstj. Wolfgang Asholt og Walter Fähnders, Amsterdam, Atlanta: Rodopi, 2000, bls. 183–204, hér bls. 184.

52 Sjá *sama rit*, bls. 190–192.

53 Hér er vert að nefna umfjöllun Giovannis Lista um úrvinnslu *Mafarka le futuriste* á þáttum úr hefd gullgerðarlistar. Athugasemdir Listas samanstanda af stöku skírskotunum til róta verksins í sýmbólískri fagurfræði og hefd gullgerðarlistar, en hann horfir framhjá mikilvægi þessara þátta fyrir sjálfa frásagnargerð og myndmál skáldsögunnar. Sjá: Lista, *Le Futurisme*, bls. 38; Giovanni Lista, *F. T. Marinetti. L'Anarchiste du futurisme*, París: Nouvelles Éditions Séguier, 1995, bls. 68–69.

litningu, stríðsdýrkun, karlrembu og kynþáttahyggju. Áherslunni á tengslin við dulspækilega hefð er fyrst og fremst ætlað að varpa ljósi á þann flókna vef orðræðna sem kemur saman í textanum. Vandinn við fyrirliggjandi túlkanir er að þær smætta myndmál skáldsögunnar niður í einræðar tákmyndir sem standa fyrir táknið yfirsögulegra sálrænna dulda er eiga sér hliðstæður í bókmenntaverkum frá ólíkum þekkingarskeiðum. Sjónarhornið á samtíma verksins er aftur á móti einskorðað við hið pólitíska svið og einblínt á skyldleika verksins við fasismann. Þegar litið er til annarra orðræðna í menningarlegu umhverfi verksins opnast margbrotnara sjónarhorn á myndmál þess, hugmyndafræðilegar skírskotanir og þekkingarlegar uppsprettur.⁵⁴

Mynd „eggjastokks mannsandans“ er sprottin úr hefð gullgerðarlistar, sem lýst hefur verið sem einum „meginstraumi vestrænnar dulspækihefðar“.⁵⁵ Myndhverfingin, sem virðist vera einræð birtingarmynd þess hefðarrofs sem er leiðarstef í fagurfræði framúrstefnunnar, reynist við nánari athugun vera úrvinnsla á rótgrónu dulspækilegu minni. Í *De Natura Rerum* (Um eðli hlutanna) frá 1537 lýsir Paracelsus t.a.m. getnaði „homunculus“ eða „smámennisins“, sem er hreint afsprengi hins karllega sæðis og getinn „utan kvenlíkamans og hinnar náttúrulegu móður“.⁵⁶ Hugmyndir Paracelsus um lífgefandi afl sköpunargáfunnar

54 Í þessu samhengi er vert að benda á rætur *Mafarka le futuriste* í hefð grótesku, enda felur tröllasaga Marinettis af sambandi fedganna Mafarkas og Gazourmahs í sér augljósa skírskotun í fedgana Gargantúa og Pantagrúl í þekktum sagnabálki François Rabelais. Mikilvægt væri að kanna nánar með hvaða hætti skáldsaga Marinettis nýtir þætti úr gróteskri hefð og setur þá í nýtt hugmyndafræðilegt samhengi. Slík greining liggur þó utan ramma þessarar greinar. Um hefð grótesku og verk Rabelais sjá m.a. lykilrit Mikhails M. Bakhtín, *L'Œuvre de François Rabelais et la culture populaire au Moyen Âge et sous la Renaissance*, þýð. Andrée Robel, París: Gallimard, 1970. Ritið kom upphaflega út á rússnesku árið 1965 undir heitinu *Творчество Франсуа Рабле и народная культура средневековья и Ренессанса* – kafla úr ritinu, „Ímyndir veislunnar hjá Rabelais“, hefur birst í íslenskri þýðingu Jóns Ólafssonar, í ritinu *Orðlist skáldsögunnar*, ritstj. Benedikt Hjartarson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 91–118.

55 Karen-Claire Voss, „Spiritual Alchemy. Interpreting Representative Texts and Images“, *Gnosis and Hermeticism from Antiquity to Modern Times*, ritstj. Roelof van den Broek og Wouter J. Hanegraaff, Albany: State University of New York Press, 1998, bls. 147–181, hér bls. 147. Þegar rætt er um gullgerðarlist í umfjölluninni sem fylgir er vísað til þeirrar hefðar „andlegrar gullgerðarlistar“ sem Voss beinir sjónum að og greinir frá hefð „efnislegrar gullgerðarlistar“ í þrengri skilningi. Ólíkt hinni efnislegu gullgerðarlist leitir hin andlega „gullsins“ innra með manninum, hún byggist á ferli „uppljómunar“, „leiðum til upphafningar“ og mótun „reynslu sem leiðir til verufræðilegra umskipta“ (Voss, „Spiritual Alchemy“, bls. 151).

56 Paracelsus, „De Natura Rerum“, *Sämtliche Werke. 1. Abteilung: Medizinische, naturwissenschaftliche und philosophische Schriften*, 11. bindi: *Schriftwerk aus den Jahren 1537–1541*, ritstj. Karl Sudhoff. München, Berlín: Oldenbourg, 1928, bls. 307–403, hér bls. 317.

voru gripnar upp í rómantískum kenningum um ímyndunaraflíð og fengu aukna útbreiðslu með endurreisn dulpekilegrar hefðar á nítjándu öld, uns þær urðu að mikilvægum þætti í hugmyndum sýmbólismans um endurlausn menningarinnar fyrir tilstilli listarinnar.⁵⁷ Forvitnilegt dæmi um myndmálið sem tengist slíkum hugmyndum má finna í texta eftir Antoinette Bourignon frá 1683, þar sem flæmski dulpek- ingurinn lýsir líkama Adams:

Í kvið [Adams] var ker þar sem lítil egg fæddust – og annað ker, sem var fullt af vökva er frjóvgaði egginn [...]. Og hið frjóvgaða egg leitaði skömmu síðar úr þessu íláti eftir þar til gerðri rás, út úr manningum, í mynd eggs, og náði skömmu síðar að klekja út fullkominn mann.⁵⁸

Hér er lýst fæðingu *homunculus*. Mynd eggisins vísar til *viskueggsins*, sem í samhengi gullgerðarlistar er tákn andlegrar hreinsunar, en um er að ræða „sérstakt kristalsker ætlað til gullgerðar“ er tengdist tilraunum til að búa til viskusteininn.⁵⁹ Minnið er þekkt innan hefðar alkemíu og finna má dæmi um úrvinnslu þess í fjölda myndskreytinga.



Úr *Liber singularis (Elementa chemiae, quibus subjuncta est, confectura lapidis philosophici, imaginibus repraesentata, 1718)* eftir Johannis Conradi Barchusen. Endurprentað í bók Alberts Poisson, *Théories et symboles des alchimistes. Le Grand Œuvre. Suivi d'un essai sur la bibliographie alchimique du XIXe siècle*, París: Éditions Traditionnelles, 1991. Ljós- prentuð endurútgáfa frumútgáfunnar hjá Bibliothèque Chacornac í París frá 1891.

57 Sjá nánar Nicholas Goodrick-Clarke, „The Philosophy, Medicine, and Theology of Paracelsus“, *Essential Readings*, ritstj. og þýð. Nicholas Goodrick-Clarke, Berkeley, Kaliforníu: North Atlantic, 1999, bls. 23–37; Nicholas Goodrick-Clarke, *The Western Esoteric Tradition. A Historical Introduction*, Oxford: Oxford University Press, 2008, bls. 71–85; B. J. Gibbons, *Spirituality and the Occult. From the Renaissance to the Modern Age*, New York, London: Routledge, 2001, bls. 88–102.

58 Antoinette Bourignon, *La Vie continuée de damoiselle Antoinette Bourignon*, Amsterdam, 1683. Hér vitnað eftir Ludovic Lalanne, *Curiosités littéraires*, París: Paulin, 1845, bls. 212. Sjá einnig Gibbons, *Spirituality and the Occult*, bls. 65–66.

59 John F. Moffitt, *Alchemist of the Avant-Garde. The Case of Marcel Duchamp*, Albany: State University of New York Press, 2003, bls. 128.

Þannig stefnir skáldsaga Marinettis ekki aðeins að því að sigrast á líkama konunnar, myndmál verksins sækir jafnframt í hefðbundinn tákneim dulspeki til að sýna fútúrismann sem ferli *transmútasjónar* eða umbreytingar, sem felur í sér upphafningu mannsins af sviði efnisins upp á svið andans.⁶⁰ Í skilningi gullgerðarlistar og annarra strauma dulspeki felur þetta ferli upphafningar í sér samruna hins karllega og kvenlega í æðra sköpunarverki.

Innan gullgerðarlistar er hið fljótandi sæði tákni kosmíks afls og tilheyrir neti tákna sem er beitt til að lýsa andlegu þróunarferli. Starf gullgerðarmannsins beinist að því að finna í náttúrunni hið „einstæða frumefni“ [„matière première unique“], sem einnig er lýst sem „sæði“ eða „sperme minéral“, líkt og Jacques Sadoul hefur bent á.⁶¹ Táknrænt gildi sæðisins í gullgerðarlist varpar óvæntu ljósi á klámfenginn tákneim *Mafarka le futuriste*. Linnulausar sviðsetningar verksins á kynferðislegri valdniðslu, þar sem sjá má sæði hinnar karllegu hetju flæða yfir sögu sviðið, eru lýsing alkemíks ferlis sem fullkomnast í getnaði sonarins Gazourmahs. Í innganginum birtist konungurinn Mafarka í mynd tvíkynjungs sem hefur bæði karleg og kvenleg æxlunarfæri og er ætlað að fullkomna sköpunarverkið eða *le Grand Œuvre*, með því að geta hið „konunglega barn“ sem vísar veginn til andlegrar endurnýjunar. Minni tvíkynjungsins – „androgyné“ eða „hermaphrodite“ – á sér langa hefð innan gullgerðarlistar og það má finna í fjölda myndskreytinga sem sýna tvíhöfða veru.


Í lykilititi hinnar *alkemísku* hefðar frá 1758 skilgreinir Antoine-Joseph Pernety „tvíkynjung“ sem „það heiti er dulspekingar hafa gefið skírðu efni steins síns eftir samrunann“ og bætir við: „Þetta er hið eiginlega kvikasilfur sem þeir kalla karlegt og kvenlegt [...] *Rebis*. Þeir kalla það þessu nafni vegna þess að þeir telja efni sitt sjálfu sér nægt um að æxlast og bera í heiminn hið konunglega barn sem er fullkomnara en foreldrar þess.“⁶² Líkamleg geta karlmannsins í skáld-

60 Sjá nánar umfjöllun Antoinnes Faivre um þetta ferli upphafningar eða transmútasjónar sem eina af fjórum grunnhugmyndum hinnar dulspekilegu hefðar: *Western Esotericism. A Concise History*, þýð. Christen Rhone, Albany: State University of New York Press, 2010, bls. 12.

61 Jacques Sadoul, *Le Trésor des alchimistes*, París: Publications Premières, 1970, bls. 35.

62 Antoine-Joseph Pernety, *Dictionnaire mytho-hermétique, dans lequel on trouve les allégories fabuleuses des poètes, les métaphores, les énigmes, et les termes barbares des philosophes hermétiques expliqués*, París: Bauche, 1758, bls. 32. Sjá einnig Hans-Werner Schütt, *Auf der Suche nach dem Stein der Weisen. Die Geschichte der Alchemie*, München: Beck, 2000, bls. 370–378.

sögu Marinettis er holdtekning almáttugs vilja sem á uppruna sinn í æxlunarfæri heilans og þannig þjónar mynd tvíkynjungans á endanum beislun hins kvenlega lögmáls. Hinn nýi maður fútúrismans er vissulega tvíkynjungur, en á endanum birtist þessi kynjaveri í mynd „ofurkarls“ sem hefur í senn karlleg og kvenleg æxlunarfæri er lúta hinum karllega vilja. Þessir þættir í lýsingu Marinettis á fæðingu hins nýja manns hvíla einnig á hefð gullgerðarlistar, líkt og sjá má ef



Úr *Viatorium spagyricum* (1625) eftir Herbrandt Jamsthaler, endurprentað í bók Poissons, *Théories et symboles des alchimistes*.

litið er til myndskreytinga sem eru ríkur þáttur í ritum þeirrar hefðar allt frá lokum sextánda aldar.⁶³ Þannig má t.a.m. greina athyglisverð tengsl á milli lýsingar Marinettis á eggjastokki mannsandans og myndskreytingum sem finna má í dulspekiriti Michaels Maier, *Atalanta fugiens* [Atalanta á flóttu] frá 1618. Annars vegar má hér benda á mynd sem sett er í samhengi við hið alkemíska ferli og sýnir Aþenu spretta úr höfði Seifs, hins vegar mynd sem sýnir „fallíska guð“ og „goðsögulegan ættföður gullgerðarlistarinnar“, Hermes Trismegistus, þar sem hann blasir við ólgandi af sköpunarkrafti, fúlskeggjaður og óléttur.⁶⁴

Lýsing Marinettis á sveinfæðingu hins nýja manns sækir þannig til dulspekilegra hugmynda og fellir þær inn í fagurfræðilegt verkefni


63 Sjá: Faivre, *Western Esotericism*, bls. 46–51.

64 Greinargóða umfjöllun um myndskreytingarnar í riti Maiers má finna hjá Sally G. Allen og Joönnu Hubbs, „Outrunning Atalanta. Feminine Destiny in Alchemical Transmutation“, *Signs* 2/1980, bls. 210–229.

ANDINN OG EGGJASTOKKURINN



Úr Michael Maier [Michaelis Majeri], *Secreta naturæ chymica, nova plane subtilique methodo indagata*. Frankfurt: Impensis Georgii Heinrici Oehrlingii, 1687, bls. 67. Ritið kom fyrst út árið 1618 undir heitinu *Atalanta fugiens*.



Úr riti Michaels Maier *Secreta naturæ chymica*, bls. 1.

fútúrismans. Í myndmáli *Mafarka le futuriste* má greina forvitnilega skörun við orðræðu dulspekinnar, „eggjastokkur mannsandans“ er ekki aðeins myndbirting þeirrar limhverfu sýnar á viljann sem liggur fútúrismanum til grundvallar, heldur felur hún jafnframt í sér framlengingu dulspekilegrar orðræðu innan nýrrar fagurfræðilegrar mælskulistar. Í skáldsögunni brýst fram róttækt afbrigði viljahyggju sem er undirstöðuþáttur í þekkingarhefð nútímadulspeki og rekja má aftur til skrifa Éliphas Lévi frá miðri nítjándu öld. Í verkum Lévis var ekki lengur litið á galdra sem forboðna þekkingu eða hættulegt afl er gerði manninum kleift að hlutast til um gang náttúrunnar,

galdralistinni var öllu heldur lýst „sem leið til að stýra viljanum eftir sérstökum brautum og gera galdramanninn að heilsteypitari mannaveru“.⁶⁵ Þessi sýn á viljann og sjálfsköpun mannsins varð útbreidd í dulspekilegri orðræðu á síðari hluta nítjándu aldar og tekur á sig nýja mynd í fagurfræðilegri viljahyggju framúrstefnunnar. Í lýsingu sinni á hefð gullgerðarlistar heldur Lévi því fram að „sköpunarverkið“ sé fólgið „í sköpun mannsins á sjálfum sér, það er að segja í algjöru og óskertu valdi hans yfir getu sinni og framtíð og einkum í fullkominni frelsun vilja hans“.⁶⁶ Þannig „fær ekkert spornað gegn vilja mannsins, svo lengi sem hann veit hið rétta og vill hið góða“ og það að „skapa er að staðhæfa og vilja það sem hlýtur að verða“.⁶⁷ Í meðförum Lévis umbreytist gullgerðarlistin í tilbeiðslu viljans, um leið og hugveran verður að stýrandi afli þróunarinnar í margbrotnu ferli þar sem maðurinn „fullkomnar efnið um leið og hann tryggir fullkomnun sjálfs sín“, svo vísað sé til lýsingar Mirceas Eliade á grunnþætti gullgerðarlistarinnar.⁶⁸ Í skrifum Lévis er sjálfsköpun hugverunnar lögð að jöfnu við vald viljans yfir efnisheiminum og miðill þessa vilja er tungumálið, en það er ekki síst þessi málgerving valdsins sem slær nýjan tón innan hinnar dulspekilegu hefðar. Lévi trúir á galdramátt orðsins, sem er ætlað lykilhlutverk í þróunarferlinu, og alheimurinn verður að efniviði sem er algjörlega á valdi manlegrar hugsunar og tungumáls: „Skilningurinn talar og efnið bærir, það mun ekki hvílast á ný fyrir en það hefur tekið á sig þá mynd sem orðið hefur gefið því.“⁶⁹

Það ferli sjálfsköpunar sem Lévi lýsir færir ekki aðeins mannum drottunarvald yfir efnisheiminum, heldur er það um leið til marks um drottunarvald hins karllega lögmáls yfir hinu kvenlega. Tenging

65 Christopher McIntosh, *Éliphas Lévi and the French Occult Revival*, New York: Rider, 1972, bls. 152. Hér vitnað eftir Moffitt, *Alchemist of the Avant-Garde*, bls. 32.


66 Éliphas Lévi, „Dogme et rituel de la haute magie“, *Secrets de la magie. Dogme et rituel de la haute magie. Histoire de la magie. La Clef des grands mystères*, ritstj. Francis Lacassin, París: Robert Laffont, 2000, bls. 5–347, hér bls. 111–112.

67 Éliphas Lévi, „La Clef des grands mystères, suivant Hénoch, Abraham, Hermès Trismégiste et Salomon“, *Secrets de la magie*, bls. 679–971, hér bls. 824–825.

68 Mircea Eliade, *The Forge and the Crucible. The Origins and Structures of Alchemy*, þýð. Stephen Corring. Chicago, London: University of Chicago Press, 1978, bls. 169. Rit Eliades kom upphaflega út á frönsku árið 1956 undir heitinu *Forgerons et alchimistes*.

69 *Sama rit*, bls. 828.

hins karllega við árásgirni, kraft og aðgerðir en hins kvenlega við hlutleysi, mýkt og hið hverfula, sem er lesendum fútúrismans kunnugleg, byggist einnig á dulpekilegri hefð. Þannig hefur John F. Moffitt bent á að „margþvældar kynjaklisjur“⁷⁰ af þessu tagi gegndu mikilvægu hlutverki í nútímadulspeki, sem átti sinn þátt í að viðhalda rótgrónum kynjaímyndum og breiða þær út. Hér má nefna að í víðlesnu uppflettiriti Alberts Poisson frá 1891 eru hugtök og tákn á borð við „sól“, „olía“, „festa“, „eldur“, „konungur“, „andi“, „blóð“, „dreki“ og „ljón“ gefin upp sem samheiti hins karllega „brennisteins“, en samheiti hins kvenlega „kvikasilfurs“ eru m.a. „tungl“, „silfur“, „vatn“, „mjólk“, „kuldi“, „raki“, „loft“, „vindur“ og „líkami“.⁷¹ Rekast má á úrvinnslu þessa hefðgróna tákneheims víða í skrifum fútúrismans, en eitt skýrasta dæmið er yfirlýsingin „Tuons le clair de lune“ (Drepum tunglskinið) frá 1909, þar sem fútúristarnir stíga fram sem holdtekn-ing hinnar mannlegu orku sem býr í sólinni og frelsa mannkynið undan sefjandi fagurfræði symbolismans, sem er tákngerð í tunglinu.⁷² Hér



Úr *Liber singularis* eftir Barchusen, endurprentað í bók Poissons, *Théories et symboles des alchimistes*.

má sjá skýrt dæmi þess hvernig Marinetti sækir til dulpekilegrar hefðar og bregður upp mynd af fútúrismanum sem verkefni hetju-skapar, endurlífgunar og karlgervingar, þar sem andinn sigrast á efninu. Kynjaímyndirnar sem blasa við í skrifum fútúristans eiga rætur í þeirri „kynjahyggju“ sem bent hefur verið á að knýr áfram sérstæðan

70 Moffitt, *Alchemist of the Avant-garde*, bls. 139.

71 Albert Poisson, *Théories et symboles des alchimistes. Le Grand Œuvre. Suivi d'un essai sur la bibliographie alchimique du XIXe siècle*, París: Éditions Traditionnelles, 1991, bls. 72.

72 Filippo Tommaso Marinetti, „Tuons le clair de lune“, *Futurisme. Manifestes – Proclamations – Documents*, ritstj. Giovanni Lista, Lausanne: L'Âge d'homme, 1973, bls. 105–112.

myndheim alkemíunnar.⁷³ Gullgerðarmeistarinn stígur fram í mynd „smiðsins“, sem „sköpuður formsins“ og holdtekning hins „virka lögmáls“, og leysir andann „úr viðjum“ kvenlegs og óvirks efnisheimsins.⁷⁴

Klámgerving dulspekinnar

Mafarka le futuriste er hefðbundin táknsaga um andlegt hreinsunarferli gullgerðarlistarinnar. Mikilvægt er að horfa ekki framhjá þessari „andlegu“ vídd frásagnarinnar, sem veitir innsýn í menningarlegt samhengi þeirra kynjahugmynda sem birtast í verkinu. Kvenfyrirlitning og upphafning hins karllega sköpunar- og eyðingarafls afmarkaðist vitaskuld ekki við orðræðu dulspeki á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, en andlegar þekkingarhefðir af þessu tagi áttu þátt í að viðhalda og dreifa slíkum hugmyndum. Tengslin við hefð gullgerðarlistar varpa jafnframt óvæntu ljósi á klámfenginn táknaheim skáldsögunnar, sem er myndbirting þess alkemíska ferlis sem felst í samruna hins karllega og kvenlega. Í fagurfræði fútúrismans má sjá hvernig samruninn tekur á sig mynd karllegs drottnunarvalds, sem hvílir á nýju og róttæku afbrigði fagurfræðilegrar viljahyggju. Sú sýn á viljann sem hér er nefnd er ein ástæða þess að bókmenntagrein *manifestósins* öðlaðist slíkt lykilhlutverk í verkefni sögulegu framúrsteffunnar og þannig varpar skáldsaga Marinettis jafnframt ljósi á jaðarstöðu kvenna í ritun, útgáfu og dreifingu þeirra texta. Sé horft til sambands dulspeki og kláms í *Mafarka le futuriste* vekur þó ekki síst athygli það opinskáa klám sem einkennir verkið, en þar má sjá að hvaða leyti skáldsagan skilur sig frá dulspekilegri þekkingarhefð.

Í greiningu sinni á birtingarmyndum kynferðis í gullgerðarlist frá miðöldum og fram á átjándu öld hefur Lawrence M. Principe bent á að „kynferðislegt og erótískt tungumál og myndmál er einkar algengt í gullgerðarlist“ allt frá upphafi, þar sem „allegorískar frásagnir sýna á köflum samfarir af ólíkum toga eða notast í það minnsta við augljóst

73 Sjá: M. E. Warlick, „Fluctuating Identities. Gender Reversals in Alchemical Imagery“, *Art and Alchemy*, ritstj. Jacob Wamberg, Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2006, bls. 103–128, hér einkum bls. 103–107.

74 Allen og Hubbs, „Outrunning Atalanta, bls. 215 og 219.

kynkert myndmál“.⁷⁵ Um leið bendir Principe þó á mikilvægi þess að ekki sé einblínt á hinar kynferðislegu táknmyndir sem slíkar, heldur leitast við að öðlast skilning á „kóðun“ þeirra og trúarlegum og þekkingarlegum skírskotunum og táknmiðum. Í þessu samhengi er þó jafnframt mikilvægt að huga að stöðu dulspékkinnar í víðu menningarlegu samhengi og breytingum sem verða á táknheimi hennar. Einkum er mikilvægt að horfa til þeirra veigamiklu breytinga sem verða á hlutverki þessa táknheims á nítjándu og tuttugustu öld, þegar böndin sem tengja gullgerðarlist við trúarleg hugmyndakerfi rakna að verulegu leyti upp og þekkingarforði dulspékkinnar rennur inn í ólíkar orðræður í veraldlegri heimsmynd nútímans. Í þessu samhengi er vert að taka undir orð M. E. Warlick um að varasamt sé að „horfa framhjá hinu víðara menningarlega samhengi“ og líta á gullgerðarlistina sem lokaðan og einangraðan táknheim.⁷⁶ Kynjaímyndir alkemíunnar kalla ekki aðeins á greiningu á þessum táknheimi sem slíkum, heldur er um leið mikilvægt að horfa til þess hvernig hann þróast í menningarlegu og hugmyndafræðilegu samhengi og endurframleiðir og endurskoðar ríkjandi hugmyndir um kynferði á ólíkum tímum. Kynjaímyndir alkemíunnar gegna jafnframt mikilvægu hlutverki í orðræðum sem liggja utan við vettvang hennar, sótt er í hefð hennar og ímyndirnar nýttar í ólíku hugmyndafræðilegu, trúarlegu og fagurfræðilegu samhengi.

Skáldsagan *Mafarka le futuriste* er til marks um mikilvæg hvörf í framvindu dulspékilegrar þekkingar við upphaf tuttugustu aldar, sem koma fram í fagurfræðilegri orðræðu nútímans. Áfram er unnið með táknheim alkemíunnar, en táknmyndirnar öðlast sjálfstætt gildi og áhugi Marinettis – líkt og Jarrys, Apollinaires og annarra höfunda klámfenginna bókmenntaverka með dulspékilegu ívafi á mörkum síðsymbólisma og framúrstefnu – snýr síður að dulrænu gildi þessa táknheims en að klúrum táknmyndunum sem slíkum. Þannig öðlast táknheimur dulspékkinnar nýtt gildi og framhaldslíf innan annarrar orðræðu, sem fagurfræðilegt sjónarspil. *Mafarka le futuriste* er á

75 Lawrence M. Principe, „Revealing Analogies. The Descriptive and Deceptive Roles of Sexuality and Gender in Latin Alchemy“, *Hidden Intercourse. Eros and Sexuality in the History of Western Esotericism*, ritstj. Wouter J. Hanegraaf og Jeffrey J. Kripal. Leiden, Boston: Brill, 2008, bls. 209–229, hér bls. 209.

76 Warlick, „Fluctuating Identities“, bls. 123.

endanum ekki dulspekilegt verk heldur afurð nýrrar fagurfræðilegrar mælskulistar sem felur í sér klámgervingu hefðbundins tákneims gullgerðarlistarinnar. Þannig vísar skáldsagan veginn til framúrstefnunnar, þar sem dulspekin verður hluti þess þekkingarforða sem sótt er til. Þekkingarleg og söguleg sérstaða framúrstefnunnar felst í þeim sérstæða bræðingi sem greina má í verkum hennar, þar sem hugmyndir úr ólíkum áttum eru slitnar úr samhengi og fléttaðar saman í heildstætt fagurfræðilegt verkefni andlegrar og menningarlegrar endurnýjunar, sem frá sjónarhorni framúrstefnunnar útheimtir dirfsku, viljastyrk og manndóm.

Útdráttur

Í inngangi sínum að skáldsögunni *Mafarka le futuriste* frá 1909 lýsir ítalski fútúristinn Filippo Tommaso Marinetti eftirfarandi yfir: „Andi mannsins er vannýttur eggjastokkur og við munum verða fyrstir til að frjóvga hann.“ Í orðunum má greina athyglisverð tengsl á milli framsækinnar fagurfræði, dulspeki og kynferðisímynda, sem finna má víða í verkum evrópskra framúrstefnuhreyfinga á fyrri hluta 20. aldar. Í greininni þjónar skáldsaga Marinettis sem útgangspunktur greiningar á því með hvaða hætti klámfengin verk framúrstefnunnar sækja í tákneim vestrænnar dulspeki. Sjónum er beint að ríkjandi kynjaímyndum og stöðu konunnar innan fagurfræðilegs verkefnis framúrstefnunnar, sem byggist á andröklegri viljahyggju þar sem hið karllega ímyndunarafli er leitt til öndvegis í mótun nýrrar heimsmyndar.

Lykilorð: *framúrstefna, viljahyggja, klám, kynjafræði, dulspeki*

Abstract

In his introduction to the novel *Mafarka le futuriste* from 1909, the Italian futurist Filippo Tommaso Marinetti declared: “The spirit of man is an untrained ovary, and we will be the first to fertilize it.” In Marinetti’s words we can discern the interesting links between progressive aesthetics, esotericism and sexual imagery which one often comes across in the works of European avant-garde movements in the

early 20th century. The article takes Marinetti's novel as a point of departure for an exploration of the use of sexual imagery derived from the Western esoteric tradition in explicitly pornographic works of the avant-garde. It focuses on traditional gender images and the role of women within the avant-garde project, which was based on irrational notions of voluntarism that stressed the role of the virile imagination as a leading force in the creation of a new world.

Key words: *avant-garde, voluntarism, pornography, gender studies, esotericism*

Spegilmyndir

Höfundarverk Alfreds Hitchcock, sálgreining og femínísk kvikmyndafræði

BJÖRN ÆGIR NORÐFJÖRÐ

Færa má rök fyrir því að sálgreining og kynjafræðileg textagreining hafi haft meiri áhrif innan kvikmyndafræðinnar en á öðrum sviðum hugvísinda. Því veldur ekki síst að kvikmyndafræðin verður fyrst að viðurkenndri fræðigreini á sjöunda og áttunda áratugnum eða á sama tíma og áhrif femínisma eru hvað mest í vestrænu háskólasamfélagi. Kvikmyndafræðingar – ekki síst femínískir kvikmyndafræðingar – sem sóttu í brunn sálgreiningar leituðu í henni ekki aðeins skýringa á kynjamun og eðli feðraveldis, heldur sáu á tjaldinu spegil sem endurspeglaði, mótaði eða stýrði sjálfsmynd áhorfenda.¹

Innan hinnar nýtilkomnu kvikmyndafræði þótti snemma ekki vera hægt að skýra hvað fælist í því að skilja kvikmyndir og upplifa þær án þess að taka til greina í senn kyn áhorfandans og hetjunnar/fyrirmyndarinnar á tjaldinu. Í því mikla starfi sem hófst á áttunda áratugnum (og sér enn ekki fyrir endann á) við að greina og útlista

1 Kvikmyndafræðingar hafa sótt margt til sálgreiningar. Mætti í því sambandi nefna útleggingar á glápnautn, sjálfsdýrkunarheigð, samsömun, fantasíu, þrá, blæti og hlutverki ímynda. Mikilvægasta framlag sálgreiningarinnar til kvikmyndafræði er þó vafalaust kenning Jacques Lacan um spegilstigið sem kvikmyndafræðingar hafa yfirfært á samband áhorfenda við kvikmyndaþjaldidi. Í stuttu máli verður að mati Lacans sjálfid til á því tímabili þegar ungabarn er 6 til 18 mánaða gamalt en þá sér það eigin ímynd í speglinum og upplifir líkama sinn í vaxandi mæli sem sjálfstæða heild. Fyrir kvikmyndafræðinga sem aðhyllast sálgreiningu er kvikmyndaáhorfandinn í svipaðri stöðu og ungabarnid þar sem hetja kvikmyndarinnar fer með hlutverk spegilmyndarinnar og mótar og staðfestir sjálf/sjálfsmýnd áhorfandans. Vicky Lebeau hefur rakið áhrif sálgreiningar á bæði kvikmyndagerð og kvikmyndafræði í sögulegu ljósi í *Psychoanalysis and Cinema: The Play of Shadows*, London: Wallflower Press, 2001.

Þetta samband gegndi klassíska Hollywood-myndin einkar mikilvægu hlutverki. Þar er átt við hina dæmigerðu afurð stúdíóárána í Hollywood á tímabilinu 1920–1960 þar sem upphafnar kvikmynda-stjörnur fylgdu kunnuglegum frásagnarformúlum.² Hins vegar var framleiðsluferli myndanna dulið á tjaldinu; frásögnin birtist sem sjálf-sprottin og náttúruleg (en ekki sem tilbúningur) og kvikmyndaþæknir og stílbrigði höfðu fyrst og fremst það hlutverk að miðla frásögninni til áhorfenda skýrt og skorinort og án þess að „trufla“ innlifun þeirra. Það var ekki síst í þessum „ósýnileika“ framleiðsluferlisins sem hugmyndafræðilegur áhrifamáttur kvikmynda var talinn liggja.³

Þannig varð klassíska Hollywood-frásögnin að viðmiði í fræðilegri greiningu – og kannski skiljanlega í ljósi ráðandi stöðu hennar víðast hvar í heiminum. Aðrar gerðir kvikmynda voru svo skilgreindar út frá því sem aðgreinir þær frá Hollywood-myndum, og þegar femínistar tóku að kalla eftir andófsbíói – nýrri gerð af kvikmynd sem væri frjáls undan oki feðraveldis – var því stefnt gegn dæmigerðum eiginleikum klassísku myndarinnar.⁴ Eigi að síður voru femínistar sem aðrir kvikmyndafræðingar einnig meðvitaðir um ákveðna fjölbreytni sem ríkti innan þessa annars eintóna kerfis. Fórnfúsar húsmaður í melódrama áttu lítið sameiginlegt með tálkvendum úr rökkurmyndum, stjörnumyndir Mae West, Katherine Hepburn, Bette Davis og Lauren Bacall voru með öllu ósamrýmanlegar, auk þess sem kvikmyndaleikstjórar miðluðu viðfangsefnum sínum með ólíkum hætti.⁵ Í framhaldi af höfundarkenningunni (e. *auteur theory*) svokölluðu tóku kvikmyndafræðingar einnig í æ meiri mæli að greina höfundareinkenni í kvikmyndum leikstjóra á borð við John Ford,

2 Lykilstúdan á eiginleikum klassísku Hollywood-myndarinnar er David Bordwell, Janet Staiger og Kristin Thompson, *The Classical Hollywood Cinema: Film Style & Mode of Production to 1960*, New York: Columbia University Press, 1985.

3 Yfirgripsmesta greinasafnið um hugmyndafræðilega virkni kvikmyndamiðilsins er ennþá *Narrative, Apparatus, Ideology*, ritstj. Philip Rosen, New York: Columbia University Press, 1986, en hvað varðar sérstaklega hugmyndafræði klassískra Hollywood-mynda sjá t.a.m. bók Roberts B. Ray, *A Certain Tendency of Hollywood Cinema, 1930–1980*, Princeton: Princeton University Press, 1985.

4 Sjá t.d. Claire Johnston, „Women’s Cinema as Counter-Cinema“, *Notes on Women’s Cinema*, ritstj. Claire Johnston, London: Society for Education in Film and Television, 1973, bls. 24–31.

5 Um kvenmyndir og -stjörnur sjá bók Molly Haskell, *From Reverence to Rape: The Treatment of Women in the Movies*, önnur útgáfa, Chicago: The University of Chicago Press, 1987. Alda Björk Valdimarsdóttir hefur þýtt kaflann um fimmta áratuginn á íslensku. Sjá: „Frá lotningu til nauðgunar“, *Kvikmyndastjörnur*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2006, bls. 74–121.

Vincente Minnelli, Howard Hawks, Douglas Sirk og Dorothy Arzner. Í því sambandi hafði leikstjórinn Alfred Hitchcock nokkra sérstöðu. Jafnvel mætti halda því fram að kvikmyndafræðingar hafi ekki aðeins varpað margvíslegu ljósi á kvikmyndir Hitchcocks, heldur hafi myndir hans með óbeinum hætti mótað umfram myndir annarra leikstjóra skilning okkar á bæði áhorfsnautn og kynjaskiptingu Hollywood-mynda. Í þessari grein rek ég þessa speglun mynda Hitchcocks og sálgreiningar og velti fyrir mér ástæðum þess að myndir hans urðu jafn miðlægar og raun ber vitni í þeim fræðum. Ég byrja á því að staðsetja Hitchcock í því sem kalla mætti kynjaskiptingu klassísku Hollywood-myndarinnar og rek í framhaldi fyrsta fund hans og sálgreiningar í franska kvikmynda tímaritinu *Cahiers du cinéma* og miðlæga stöðu hans í höfuðgrein femínískra kvikmyndafræða. Að lokum beini ég sjónum að sjálfhverfni kvikmynda hans og spyr hvort í henni megi leita svara við nánnum tengslum Hitchcocks og kvikmyndafræðinnar. Samfara þessari umfjöllun ræði ég og greini sérstaklega þrjár af frægustu kvikmyndum leikstjórans, *Rear Window* (1954), *Vertigo* (1958) og *Psycho* (1960).

Kynjaskipting klassísku Hollywood-myndarinnar

Með nokkurri einföldun má flokka leikstjóra stúdíoáranna í leikstjóra sem gerðu kvikmyndir einkum ætlaðar konum og þá sem sérhæfðu sig í myndum fyrir karláhorfendur.⁶ Skýrustu kynjaaðgreininguna er vafalaust að finna í svokölluðum kvennamyndum (e. *women's film*) eða klútamyndum (e. *weepies*) og melódrama. En einnig falla kvennamingin rómantískar kvikmyndir auk þess sem söngva- og dansmyndir þóttu höfða fremur til kvenna. Dæmi um leikstjóra sem stýrðu einkum myndum af þessu tagi eru Clarence Brown, George Cukor, Vincente Minnelli, Douglas Sirk og kvenleikstjórinn Dorothy Arzner. Dæmigerðar „karlagreinar“ eru hins vegar glæpa- og rökkurmyndir, ævintýramyndir og vestrar og í því sambandi mætti nefna leikstjóra á borð við Raoul Walsh, John Ford, Howard Hawks, Anthony Mann

6 Arzner og Ida Lupino voru hins vegar einu konurnar sem leikstýrðu leiknum frásagnarmyndum á tímabilinu og raunar leikstýrði sú síðarnefnda ódýrum sjálfstæðum myndum og stóð því utan stúdíoanna.

og John Huston.⁷ Ímynd þessara leikstjóra í fjölmiðlum og víðar var jafnframt lituð af hefðbundnum hugmyndum um karlmennsku, á meðan margir helstu leikstjórar kvennamyndanna þóttu fíngerðir og jafnvel „kvenlegir“.⁸

Í karlagreinunum gegna konur almennt smávægilegu hlutverki. Þær eru stöðutákn í glæpónamyndum, þeim er bjargað úr ljónsgini í áventýramyndum og í vestrum eru þær samfélagsleg og allajafna fjarlæg andhverfa karlhetjunnar. Alræmd staðhæfing vestrালেikstjórans Budds Boetticher um hlutverk kvenna segir kannski allt sem segja þarf: „Gildi kvenhetjunnar liggur í því sem hún kallar fram eða öllu heldur því sem hún táknar. Það er vegna hennar, eða réttara sagt ástarinnar eða óttans sem hún vekur með hetjunni eða þá umhyggjunnar sem hann sýnir henni, að hann gerir það sem hann gerir. Utan þessa og sem slík er konan þýðingarlaus.“⁹ Þótt þessi staðhæfing og kvikmyndir Boettichers séu kannski ýkt dæmi er áherslan í vestrum og öðrum karllægum kvikmyndagreinum á karlhetjuna og kvenpersónur þjóna fyrst og fremst því hlutverki að útskýra gjörðir karlsins og varpa ljósi á sálarlíf hans. Rétt er þó að geta þess að í einstaka tilfellum geta kvenpersónur orðið miðlægar í myndum sem tilheyra þessum kvikmyndagreinum. Þetta á sérstaklega við um ákveðinn flokk rökkurmynda þar sem ráðgátan snýst mikið til um kvenhetjuna á svipuðum forsendum og rætt verður hér í framhaldinu um höfundarverk Hitchcocks, en halda má því fram að í báðum tilfellum sleppi kvenhetjan í formi óleysanlegrar ráðgátu undan ægivaldi karlhetjunnar sem hvorki skilur né hefur fulla stjórn á viðfangi sínu,

7 Eins og áður segir er um ákveðna einföldun að ræða og tína mætti til leikstjóra á borð við George Stevens og King Vidor sem falla hvorki auðveldlega undir karla- né kvennagreinarnar. Eins var algengt á stúdíóárunum að leikstjórar gerðu kvikmyndir í ólíkum greinum, t.a.m. leikstýrði Hawks söngva- og dansmyndunum *A Song is Born* (1948) og *Gentlemen Prefer Blondes* (1953). Þetta eru þó undantekningar sem draga að mínu mati ekki úr þeirri kynjaskiptingu sem einkennir kvikmyndagerð stúdíóárána.

8 Velþekkt var að sumir þeirra voru samkynhneigðir (t.d. Cukor) og aðrir voru taldir vera það (t.d. Minnelli). Arzner var sömuleiðis samkynhneigð og má leiða líkum að því að „karlleg“ ímynd hennar hafi gert henni auðveldara að setjast í leikstjórastólinn en gagnkynhneigðum konum. Sjá: Judith Mayne, *Directed by Dorothy Arzner*, Bloomington: Indiana University Press, 1995.

9 Tilvitnunin er sótt í grein Lauru Mulvey „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“, þýð. Heiða Jóhannsdóttir, *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 330–341, hér bls. 335. Eins og komið verður að nánar síðar er það ekki að ástæðulausu að Laura Mulvey grípur þessi orð á lofti í greiningu sinni á hlutverki kvenna í klassískum Hollywood-myndum.

enda hafa þessar myndir orðið femínistum mikilvægar sem undantekning frá hefðbundnum kvenímyndum Hollywood.¹⁰

Í melódrama er konan iðulega í brennidepli og í rómantískum kvikmyndum og söngva- og dansmyndum stendur hún jafnfætis karlhetjunni hið minnsta. Sá sýnileiki er þó málum blandinn því að sú kvenímynd sem þar er haldið á lofti er oft bæði einhæf og afturhaldssöm. Í rómantískum kvikmyndum og söngva- og dansmyndum dreymir saklausu stúlkuna allajafna um lítið annað en að klófesta draumaprinsinn og þegar hún er orðin að húsmóður í klútamyndinni fórnar hún sér iðulega fyrir börn og fjölskyldu. Þá er ekki síður mikilvægt að í þessum kvikmyndum birtast konan og aðstæður hennar sem náttúrulegar og sjálfgefnar. Í melódrama er þjáning konunnar ekki afleiðing kynjamisréttis heldur eðlilegt ástand.¹¹

Rétt eins og vel kunn ímynd Alfreds Hitchcock sjálfs fellur hvorki að kraftmikilli karlmennskuímynd Walsh og Fords né „kvenlegri“ fágun Cukors og Minnellis þá brjóta myndir hans sömuleiðis upp þá kynjaaðgreiningu sem einkenndi stúdíóárin. Hollywood-myndir hans tilheyrja dæmigerðum karlagreinum, glæpamyndum og þrillerum, en hverfast hins vegar um konur þegar upp er staðið.¹² Samfara því búa sum helstu verk hans yfir sjálfhverfni sem beinir sjónum að sjálfum kvikmyndamiðlinum sem og konunni sem ímynd.

10 Janey Place heldur því til að mynda fram að jafnvel þótt rökkurmyndir geti varla talist framsæknar þá séu þær fátítt dæmi um kvikmyndir þar sem „konur eru virkar en ekki kyrnstæð tákni, eru gáfadar og voldugar, þótt þær séu það sem skaðræðisvaldar, og sækja kraft í kyn sitt í stað þess að tjá með því eigin vanmátt“. „Women in Film Noir“, *Women in Film Noir*, ritstj. E. Ann Kaplan, London: BFI Publishing, 1998, bls. 47. Íslenskar þýðingar eru mínar nema annað sé tekið fram. Hérlendis hefur Guðni Elfsson gert kvenpersónum rökkurmynda góð skil í greininni „Flögð og förðuð skinn: Tálkvendið í kvikmyndum noir-hefðarinnar“, *Flögð og fögur skinn*, ritstj. Jón Proppé, Reykjavík: art.is, 1998, bls. 16–39. Þá má enn fremur geta þess að kvikmyndir Hitchcocks hafa oft þótt standa í óljósum og illskilgreinanlegum tengslum við rökkurmyndahefðina, en ég gæti einmitt trúað því að þau tengsl sneru ekki síst að áþekku viðhorfi til kvenhetja myndanna.

11 Hafa ber í huga að hér er um almenna samantekt að ræða og finna má margar undantekningar á meðal þeirra hundraða mynda sem framleiddar voru í Hollywood á hverju einasta ári tímabilsins. Enn fremur ríkir engin almenn sátt um hvernig beri að túlka einstaka myndir. Hvað það varðar mætti benda á kunna ritdeilu um melódramað *Stella Dallas* (1937, King Vidor) sem hófst með grein E. Ann Kaplan „The Case of the Missing Mother: Maternal Issues in Vidor’s *Stella Dallas*“ og andsvari Lindu Williams „Something Else Besides a Mother’: *Stella Dallas* and the Maternal Melodrama“. Þær hafa báðar verið endurprentaðar í greinasafninu *Feminism & Film*, ritstj. E. Ann Kaplan, Oxford: Oxford University Press, 2000, bls. 466–504.

12 Má þó nefna að hann leikstýrði snemma á Hollywood-ferlinum t.a.m. bæði hinni gotnesku *Rebecca* (1940) og rómantísku gamanmyndinni *Mr. and Mrs. Smith* (1941).

Áhorf og samsömun

Rétt er að hafa í huga að meira hefur verið ritað um Alfred Hitchcock en nokkurn annan leikstjóra og margt af því snýr að birtingarmynd kvenna í kvikmyndum hans. Sitt sýnist hverjum og spanna sjónarmið fræðimanna allt sviðið, frá því að telja hann versta kvenhatara til að vera boðbera femínisma. Þannig segir James McLaughlin:

Greinilegur ótti við efnadar konur, við konur í valdastöðu, sem er í raun ótti við kynhvöt kvenna, endurómar í kvikmyndum Hitchcocks og mótar reyndar uppbyggingu margra myndanna. [...] Einhleypar efnakonur (eða konur með einhvers konar völd) eru háskalegar hjá Hitchcock; þær valda óstjórnlegum kvíða hjá körlunum sem breytist í morðæði. [...] Í hnotskurn, það er glæpur að vera kona.¹³

Þótt McLaughlin taki dæmi úr fjölmörgum kvikmyndum Hitchcocks máli sínu til stuðnings er um að ræða greiningu sem snýr sérstaklega að *Shadow of a Doubt* (1943). Í höndum Thomas Hemmeter verður hins vegar sama kvikmynd „að femínískum texta“ á þeim forsendum að í kvikmyndinni taki Hitchcock feðraveldið til gagnrýnnar umfjöllunar.¹⁴ Fyrra sjónarmiðið er þó heldur algengara enda örlög margra helstu kvenpersóna Hitchcocks miður falleg – hvort heldur það eru kátu ekkjurnar sem Charlie frændi myrðir í *Shadow of a Doubt*, nöldursama eiginkonan í *Rear Window*, Judy í *Vertigo* eða Marion í *Psycho*.

Spurningar um tengsl kynjanna voru aftur á móti alls ekki miðlægar í því sem við gætum nefnt upphafsár Hitchcock-fræðanna og eru bundin höfundarkenningunni sterkum böndum. Ekki er svigrúm til að rekja kenninguna ítarlega hér en í stuttu máli aðhylltust ungir gagnrýnendur kvikmyndatímaritsins *Cahiers du cinéma* – sem margir áttu eftir að verða á meðal helstu leikstjóra frönsku nýbylgjunnar – þá kenningu að leikstjórinn væri hinn eiginlegi höfundur

13 James McLaughlin, „All in the Family: Alfred Hitchcock's *Shadow of a Doubt*“, *A Hitchcock Reader*, önnur útgáfa, ritstj. Marshall Deutelbaum og Leland Poague, Chichester: Wiley-Blackwell, 2009, bls. 145–155, hér bls. 150.

14 Thomas Hemmeter, „Hitchcock the Feminist: Rereading *Shadow of a Doubt*“, *Framing Hitchcock: Selected Essays from the Hitchcock Annual*, ritstj. Sidney Gottlieb og Christopher Brookhouse, Detroit: Wayne State University Press, 2002, bls. 221–233, hér bls. 221.

kvikmyndar. Sú hugmynd var auðvitað ekki alls kostar ný af nálinni en sérstaða gagnrýnenda *Cabiers* var meðal annars fólgin í því að þeir hömpuðu Hollywood-leikstjórum sem höfðu fram að því þótt lítt merkilegir. Hitchcock var í sérstöku uppáhaldi hjá þeim og árið 1957 skrifuðu Eric Rohmer og Claude Chabrol fyrstu bókina um leikstjóran. Fræg túlkun þeirra var fyrst og fremst trúarleg og útlistaði hvernig aðalhetjan burðaðist tilneydd með hina sammanlegu erfðasynd – túlkun sem nýjasta mynd Hitchcocks á þeim tíma *The Wrong Man* (1957) virtist staðfesta.¹⁵ Gagnrýnendur *Cabiers* áttu þannig stóran þátt í að hefja höfundarverk Hitchcocks til vegs og virðingar, og kaþólsk túlkun Rohmers og Chabrols hefur verið nokkuð lífseig.

Það er hins vegar fyrst í túlkun Jean Douchet, sem tilheyrir næstu kynslóð gagnrýnenda *Cabiers*, á *Psycho* sem skýrt koma fram áherslu-

atriði er hafa verið miðlæg í Hitchcock-fræðum allar götur síðan. Strax frumsýningarárið 1960 hélt hann því fram að Hitchcock „reiði sig á virka þátttöku almennings. [...] Og þessi leiðangur er geðhreinsandi. Áhorfandinn verður að



Rear Window (1954): Fréttaljósmyndarinn L. B. Jefferies (James Stewart) situr fótbrottinn í hjólastól og fylgist með nágrönnum sínum í gegnum bakglugga. Með aðstoð kíkis og myndavélalinsa greinir hann margvíslegar erjur í samskiptum kynjanna en þegar eiginkona Lars Thorwald (Raymond Burr) hverfur grunar Jefferies hann um græsku. Við rannsóknir sínar nýtur hann aðstoðar unnustu sinnar Lisu Fremont (Grace Kelly) og í sameiningu upplýsa þau glæpin. Samfara morðrannsókninni streitist Jefferies á móti tilraunum Lisu til að bindast honum framtíðarböndum.

Myndir 1–4

15 Eric Rohmer og Claude Chabrol, *Hitchcock: The First Forty-Four Films*, þýð. Stanley Hochman, New York: Frederick Ungar Publishing, 1979. Fræg viðtalsbók Hitchcocks og François Truffaut fylgdi í kjölfarið, *Hitchcock*, endurskoðuð útgáfa, New York: Simon & Schuster, 1985. James M. Vest hefur gert áhugaverðum fundi gagnrýnenda *Cabiers* og Hitchcocks, þegar hann var við upptökur á *To Catch a Thief* (1955) á frönsku Rívíerunni, skil í greininni „To Catch a Liar: Bazin, Chabrol and Truffaut Encounter Hitchcock“, *Hitchcock: Past and Future*, ritstj. Richard Allen and Sam Ishii-González, London og New York: Routledge, 2004, bls. 109–118.

„losa um bælingu sína‘ í skilningi sálgreiningar, játa á röklega sviðinu, hreinsa sig á andlega sviðinu.“¹⁶ Sönnunina fyrir þessari vegferð áhorfandans telur Douchet vera að finna í *Rear Window* sem að hans mati dregur fram hugmyndir leikstjórans um kvikmyndamiðilinn. Þar fylgist fréttaljósmyndarinn Jefferies fótbrottinn og bundinn við hjólastól með nágrönnum sínum í gegnum bakglugga með aðstoð kíkis og myndavélalinsa (myndir 1–4). Eins og Douchet bendir á er Jefferies staðgengill kvikmyndaáhorfandans sem knýr frásögnina áfram með vilja sínum. Hann er enn fremur (glugga)gægir sem „þráir að upplifa (kynferðislega) ánægju (fr. *jouir*) af sjónarspilinu“.¹⁷ Með þennan skilning á áhorfanda Hitchcocks að leiðarljósi vindur Douchet sér í greiningu á *Psycho* og kemst að þeirri niðurstöðu að áhorfandinn samsami sig Norman Bates rétt eins og hann gerði með Jefferies í *Rear Window* og þannig „verðum við vitorðsmenn í glæp“ hans.¹⁸

Í fyrstu bókinni sem skrifuð var um Hitchcock á ensku og kom út árið 1965 tekur Robin Wood undir samsömunarkenninguna og útfærir frekar. Hann segir *Rear Window* vera skýrasta dæmið um „meðferðarþema“ Hitchcocks og gengur lengra í að greina tengsl Jefferies og sjónarspilsins handan bakgarðsins: „Það sem á sér stað í íbúð Thorwalds er í öfgakenndri og hryllilegri mynd sinni birtingarmynd þeirrar þrár Jefferies að losna við Lisu.“¹⁹ Og *Psycho* er að mati Woods „helsta afrek Hitchcocks til þessa í þeirri tækni sem snýr að þátttöku áhorfenda“.²⁰ Ólíkt Douchet leggur hann þó mikla áherslu á hvernig áhorfendur eru settir í spor Marion framan af kvikmyndinni, sem gerir umskiptin yfir í Norman þeim mun áhrifameiri: „Aldrei – ekki einu sinni í *Vertigo* – hefur samsömunin verið rofin af slíkri grimmd. [...] Í leit að nýrri miðju fylgjum við nú Norman Bates eftir. [...] Eftir morðið notfærir Hitchcock sér öll brögð í samsömunartækni til að gera okkur að Norman.“²¹ Þannig ferðast áhorfendur *Psycho* að mati Woods niður í innstu myrkur eigin sálar.²²

16 Jean Douchet, „Hitch and His Public“, þýð. Verena Conley, *A Hitchcock Reader*, önnur útgáfa, ritstj. Marshall Deutelbaum og Leland Poague, Chichester: Wiley-Blackwell, 2009, bls. 17–24, hér bls. 17.

17 *Sama heimild*, bls. 17–18.

18 *Sama heimild*, bls. 22.




19 Robin Wood, *Hitchcock's Films Revisited*, New York: Columbia University Press, 1989, bls. 104.

20 *Sama heimild*, bls. 146–147.

21 *Sama heimild*, bls. 146.

22 *Sama heimild*, bls. 142.

Fram að þessum tíma er ekki að sjá að kyn áhorfandans hafi verið þáttur sem greinendur mynda Hitchcocks hafi tekið tillit til og það



virðist vera hálfgerð aukaatriði að karlmennirnir í *Rear Window* og *Psycho* skuli salla – eða bókstaflega saxa – niður konur, hvort sem undirróttina megi finna í heimiliserjum eða kynferðislegri bælingu. Eftir að femínisminn umbylti fræðilegri umfjöllun um kvikmyndir var aftur á móti ómögulegt að horfa framhjá kynjaspurningunni og því sem margir töldu augljós dæmi um kvenfyrirlitningu í höfundarverki leikstjórans. Nálgun Woods sjálfs átti raunar eftir að gjörbreytast eftir kynni hans af femínisma á áttunda áratugnum og skilgreindi hann sig í framhaldinu upp á nýtt sem fræðimann.²³ Snemma á níunda áratugnum spurði hann í greininni

Vertigo (1958): Lögreglumaðurinn Scottie Ferguson (James Stewart) sest í helgan stein eftir að hafa óbeint valdið dauða kollega síns sakir lofthræðslu. Gamall kunningi hans Gavin Elster (Tom Helmore) ræður hann til að fylgjast með dularfullri og dulúðugri eiginkonu sinni Madeleine (Kim Novak) sem Scottie verður hugfanginn af. Eftir að hún fleygir sér fram af kirkjuturni án þess að Scottie geti komið henni til bjargar sakir lofthræðslu sinnar leggst hann í þunglyndi. Það birtir ekki upp hjá honum fyrr en hann kynnist Judie Barton (Kim Novak) sem minnir hann mjög á Madeleine og tekur hann kerfisbundið að umbreyta henni í draumakonuna sína. Þegar hann uppgötvar að Judie hafi í raun verið handbendi Elster í fléttu til að koma raunverulegri eiginkonu hans fyrir kattarnef þvingar Scottie Judie aftur upp í turninn þar sem hún fellur nú raunverulega til dauða síns en Scottie sigrast á lofthræðslunni.

Myndir 5–12

23 Wood kom jafnframt út úr skápnunum og birtist samkynhneigð með margvíslegum hætti í kvikmyndum Hitchcocks en ekki er rými til að fjalla hér nánar um það. Áhugasömum er bent t.a.m. á grein Woods sjálfs „The Murderous Gaze: Hitchcock’s Homophobia“, *Hitchcock’s Films Revisited*, New York: Columbia University Press, 1989, bls. 336–357.

„Male Desire, Male Anxiety“ lykilspurningarinnar: „Á Hitchcock samleið með femínismanum?“²⁴ Wood leitar svara við þeirri spurningu í *Vertigo*. Með nákvæmri greiningu á upphafsatriðinu, þar sem Scottie fær aðsvif í eltingarleik uppi á húsbökum, sýnir Wood hvernig áhorfendur eru dregnir inn í vitund Scotties með skipulegum hætti.²⁵ Og jafnvel þótt atriðið þar sem við sjáum Madeleine fyrst á veitingastaðnum *Ernie's* sé ekki hefðbundið sjónarhornsskot þá er því miðlað í gegnum vitund Scotties (myndir 5–6). Fljótlega fylgir eitt-hvert áhrifaríkasta dæmi um innsaumun (fr. *suture*) sem um getur í kvikmyndasögunni þegar Scottie fylgir Madeleine eftir stað úr stað vítt og breitt um San Francisco.²⁶ Með því að klippa kerfisbundið á milli nærmynda af Scottie og myndskaiða sem sýna það sem fyrir augu hans ber lætur Hitchcock áhorfendur samsama sig sjónarhorni Scotties (myndir 7–12).²⁷ Slík samsömun með karlhetjum Hollywood einkennist allajafna af öryggisþilfinningu en í *Vertigo* hegðar Scottie sér með æ vafasamari hætti er á líður myndina þegar hann tekur að umbreyta Judie gegn vilja hennar í viðfang þrjár sinnar, Madeleine. Með orðum Woods: „Ég veit ekki um nokkra aðra mynd sem greinir af slíku miskunnarleysi inntakið í þrjú karlmanna og afhjúpar virkni hennar.“²⁸ Samfara því er vikið frá hinni kerfisbundnu samsömun með karlhetjunni: „Fremur en að samsömuninni sé gjöreytt er hún

24 Á frummálinu er spurningin svohljóðandi: „Can Hitchcock be saved for feminism?“ Sjá: Robin Wood, „Male Desire, Male Anxiety: The Essential Hitchcock“, *A Hitchcock Reader*, önnur útgáfa, ritstj. Marshall Deutelbaum og Leland Poague, Chichester: Wiley-Blackwell, 2009, bls. 223–233, hér bls. 224.

25 Til að sýna aðsvifin sem hljótast af lofthæðslunni færir Hitchcock myndavélina í gagnstæða átt við aðdrátt linsunnar og eru áhrifin síðan kennd við *Vertigo*.

26 Hugtakið innsaumun á rætur í franska sálgreiningarskólanum og lýsir í kvikmyndafræðilegu samhengi hvernig áhorfandinn er „saumaður“ inn í frásagnarheim kvikmyndarinnar. Í kvikmynd er hætt við því að hugmyndafræðileg blekking framsetningarinnar sé rofin við hverja klippingu ólíkt því sem gildir þegar skoðuð er stök ljósmynd eða málverk þar sem staða áhorfandans/súbjektsins er skilgreind í myndinni í eitt skipti fyrir öll. Hugmyndafræðikerfi kvikmyndarinnar vegur upp á móti þessu með innsaumun þar sem óútskýrð áhorfsstaða í myndskaiði útskýrist sem sjónarhorn persónu sem birtist í næsta myndskaiði á eftir og þannig eru áhorfendur koll af kalli dregnir inn í frásagnarheim myndarinnar. Í sjálfu sér er í þessu almenna sambengi ekki um neinn kynjamun að ræða í áhorfi ólíkt því sem viðgengst í femínískri greiningu á kvikmyndaáhorfi. Sjá: Jean-Pierre Oudart, „Cinema and Suture“, þýð. Kari Hanet, *Cahiers du Cinéma 1969–1972: The Politics of Representation*, ritstj. Nick Browne, London: Routledge, 1990, bls. 45–57.

27 Sjá ítarlega greiningu á beitingu sjónarhornsskóta í *Vertigo* í Charles Barr, *Vertigo*, London: BFI Publishing, 2002, bls. 38–64.

28 Robin Wood, „Male Desire, Male Anxiety“, bls. 231.

trufluð með afgerandi hætti og gerð varhugaverð.²⁹ Þannig að jafnvel þótt Wood svari ekki eigin spurningu með beinum hætti gefur túlkun hans á *Vertigo* til kynna að Hitchcock eigi samleið með femínismanum.

Það vekur þó athygli að Wood skuli hvergi í „Male Desire, Male Anxiety“ ræða grein Lauru Mulvey „Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin“ sem er ekki aðeins mikilvægasta framlag femínískra kvikmyndafræða á þessu sviði heldur gegna bæði *Rear Window* og *Vertigo* lykilhlutverki í útleggingu hennar. Í greininni skoðar Mulvey sérstaklega samband (karl)áhorfandans og klassísku Hollywood-myndarinnar. Að hennar mati byggist áhorfið á tvenns konar glápnautn: „Sú fyrri, sem tengist gláppörf, sprettur af þeirri nautn að gera aðra manneskju að viðfangi sjónrænnar kynörvunar. Hin síðari, mótuð af sjálfsdýrkunarhneigð og staðfestingarferli sjálfins, stafar af samsömun við hina sýnilegu ímynd. [...] Í fyrri tilfellinu er um virkni kynhvatarinnar að ræða en í því síðarnefnda líbídó sjálfins.“³⁰ Í klassísku Hollywood-myndinni tilheyrir því kvenstjarnan sjónarspilinu og fullnægir gláppörf (karl)áhorfandans, á sama tíma og hann samsamar sig fullkominni ímynd karlhetjunnar rétt eins og barnið sem skynjar fyrst sjálfsmýnd sína í speglinum.³¹ Samkvæmt útleggingu Mulvey er þetta mögulegt þar sem að:

29 *Sama heimild*, bls. 233.

30 Laura Mulvey, bls. 334.

31 Sjá stutta lýsingu á spegilstiginu í fyrstu neðanmálgrein. Rétt er þó að taka fram að sálgreinendur eru ekki á einu máli um hvernig kvikmyndaleg samsömun á sér stað. Að mati Christian Metz samsamar áhorfandinn sig með tökuvélinni, fremur en hetjunni á tjaldinu. Eftir sem áður staðfestir áhorfið sjálf einstaklingsins. Sjá: Christian Metz, *Ímyndaða tákennyndin*, þýð. Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2003, bls. 72–74. Metz var líklega mikilvægastur frönsku kvikmyndafræðinganna sem yfirfærðu sálgreiningu á hvíta tjaldið og voru að miklu leyti undanfarar engilsaxneska skólans. En um tengsl breska tímaritsins *Screen*, sem var afar miðlægt í engilsaxneska skólanum (stundum er jafnvel rætt um „*Screen theory*“) og grein Mulvey birtist fyrst í árið 1975, og franska skólans má lesa í grein Philip Rosen, „*Screen and 1970s Film Theory*“, *Inventing Film Studies*, ritstj. Lee Grieveson og Haidee Wasson, Durham: Duke University Press, 2008, bls. 264–297. Önnur lykilpersóna franska skólans, Raymond Bellour, tók margar af helstu kvikmyndum Hitchcocks til (sál)greiningar og ber þar kannski hæst nákvæm kortlagning á *North by Northwest* (1959), „*Symbolic Blockage*“, þýð. Mary Quaintance, *The Analysis of Film*, ritstj. Constance Penley, Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 2000, bls. 77–192. Kvikmyndir Hitchcocks hafa því ekki skipt franska skólann minna máli en þann engilsaxneska. Loks má geta þess að slóvenski sálgreinandinn og heimspekingurinn Slavoj Žižek hefur fjallað umtalsvert um höfundarverk Hitchcocks í ljósi sálgreiningar. Sjá: *Everything You Always Wanted to Know about Lacan (But Were Afraid to Ask Hitchcock)*, önnur útgáfa, ritstj. Slavoj Žižek, London og New York: Verso, 2010. Žižek útlistar einnig hugmyndir sínar um sálgreiningu og kvikmyndir (ekki síst myndir Hitchcocks) í kvikmynd Sophie Fiennes *The Pervert's Guide to Cinema* (2006).

Kvikmyndin er byggð upp í kringum miðlæga mannsmynd sem áhorfandinn getur samsamað sig. Þar sem áhorfandinn samsamar sig karlhetjunni beinir hann augnaráðinu að hliðstæðu sinni og staðgengli á tjaldinu þannig að hið virka vald karlhetjunnar sem knýr atburðarásina áfram rennur saman við virkt vald hins kynferðislega augnaráðs og veitir svalandi almættiskennd.³²

Þannig endurspeglar Hollywood-myndin jafnframt hið dæmigerða andstæðupar feðraveldisins „virkni/karlkyn og óvirkni/kvenkyn“.³³

Við fyrstu sýn virðast kvikmyndir Hitchcocks staðfesta þessar niðurstöður enda knýr karlhetjan atburðarásina áfram á meðan konan er iðulega viðfang bæði leitar hans og augnaráðs. Mulvey hefur eigi að síður verið gagnrýnd fyrir að túlka myndir hans of einstrengingslega í þessu sambandi. Þannig hefur Tania Modleski bent á að í *Rear Window* sé Lisa í raun miklu virkari en Jefferies (enda er hann bundinn við hjólastól) og jafnframt að hún sé fulltrúi „kvenáhorfenda“ á hvíta tjaldinu: „Lisa hefur minni áhuga en Jefferies á að njósna um nágranna sína og [...] tengist persónunum fremur með hluttekningu og samúð.“³⁴ En jafnvel þótt taka megir undir ákveðna annmarka á túlkun Mulvey, sérstaklega hvað varðar *Rear Window*, verður að hafa í huga að Mulvey tekur Hitchcock ekki sem dæmi um þá karllægu samsömun sem einkennir frásagnarbyggingu Hollywood-mynda. Myndir hans eru fremur undantekningar sem grafa undan samsömuninni eins og kemur skýrt fram í túlkun hennar á *Vertigo*:

Hið kynferðislega augnaráð virkar truflandi í *Vertigo*. Eftir því sem líður á myndina er nautn áhorfandans beint gegn honum sjálfum og hann fangaður í það ferli sem hann sjálfur viðhefur. Í þessu tilfalli er hetja Hitchcocks vandlega staðsett innan táknlæga kerfisins hvað frásögnina varðar. Hún býr yfir öllum helstu eiginleikum hins karllega yfirsjálfis. Af þessum sökum lætur áhorfandinn blekkjast af falskri öryggiskennd en í skjóli trúverðugleika staðgengils síns á skjánum fylgir áhorfandinn augnaráði hans og upplifir sig skyndilega sem samráðsmann sem gerst hefur sekur um siðferðislega vafasamar gægjur.³⁵

32 Laura Mulvey, bls. 335.

33 *Sama heimild*, bls. 334.

34 Tania Modleski, *The Women Who Knew Too Much: Hitchcock and Feminist Theory*, New York og London: Methuen, 1988, bls. 80.

35 Laura Mulvey, bls. 339.

Þegar allt kemur til alls eru niðurstöður Mulvey áþekkar Woods þegar hann komst að því að Hitchcock ætti samleið með femínismanum. Á yfirborðinu kunna myndir hans að virðast dæmigerðar Hollywood-myndir en þegar nánar er að gáð er í þeim ekki fallist á dæmigerða stöðu konunnar í klassískum Hollywood-myndum. Fremur sýna þær ofbeldisfulla viðleitni karlhetjunnar til að rannsaka, upplýsa og stýra ímynd konunnar – oft með skelfilegum afleiðingum fyrir konuna sjálfa.

Margar af kunnustu kvikmyndum Hitchcocks draga þannig fram það kynjamisrétti sem birtist allajafna í hugmyndafræði klassískra Hollywood-mynda sem náttúrulegt og sjálfsagt. Þær endurvarpa spegil-myndinni svo að segja til áhorfenda og trufla þannig samsömun þeirra.

Sjálfhverfni

Grein Luru Mulvey er jafnframt ákall um að spilla glápnautn Hollywood-mynda – að búa til kvikmyndir sem byggjast ekki á innbyggðu kynjamisrétti. Þetta ákall heyrðist víðar á sjöunda og áttunda áratugnum og segja má að róttækir kvikmyndagerðarmenn á borð við Agnès Varda og Chantal Akerman (og Mulvey raunar sjálfa) hafi svarað því beint eða óbeint með gagnrýnni og afar sjálfhverfri kvikmyndagerð. Kvikmyndir Alfreds Hitchcock búa ljóslega ekki yfir slíkri róttækni enda frásagnarmyndir að hætti Hollywood (sem vinna með kynjaða glápnautn). Eigi að síður er höfundarverk hans nokkuð sér á báti því það býr bæði yfir óhefðbundinni útfærslu á formi og sjaldgæfri sjálfsmeðvitund, sem má rekja allt aftur til upphafs ferils hans.

Strax um miðjan þriðja áratuginn kynntist Hitchcock expressjónismanum í Þýskalandi en hann einkenndist af óraunsæri en merkingarþrunginni sviðsmynd þar sem tilfinningalíf persóna gat endurspeglast í ytri mynd kvikmyndarinnar. Hitchcock hreifst þó ekki síður af sovésku myndfléttunni þar sem afar áberandi klippingar voru ekki undirskipaðar frásögninni. Og jafnvel þótt þýski expressjónisminn og sovéska myndfléttan séu mikið til fagurfræðilegar andstæður þá eru báðar hreyfingarnar andraunsæislegar og þannig á skjön við klassísku Hollywood-myndina:

Þessar tvær hreyfingar eru, með afar ólíkum hætti, helsta mótspyrnan gegn því viðhorfi að kvikmyndin miðli umfram annað „raunsæi“: þær leggja áherslu á tilbúning fremur en endurspeglun. Í kvikmyndagerð Hitchcocks er „tilbúningur“ þeirra aukinn þar sem báðar aðferðirnar birtast í nýju samhengi.³⁶

Þótt hreyfingarnar sem slíkar hafi runnið sitt skeið samfara þöglu myndinni hélt Hitchcock um margt tryggð við þær allan sinn feril en hann lagaði þær að eiginleikum klassísku Hollywood-myndarinnar. Þegar myndflöturinn tekur á sig rauðan lit við sálræn áföll titilhetjunnar í *Marnie* (1964) glæðir Hitchcock expressjónismann lífi á ný og flótti skólubarnanna undan morðóðu fuglunum í *The Birds* (1963) er að sama skapi hálfgerður óður til tröppuatriðisins fræga úr kvikmynd Sergeis Eisenstein *Bronenosets Potjomkín* (1925).

Þessi áberandi stílbrögð expressjónisma og myndfléttu eru á skjön við „raunsæi“ klassísku Hollywood-myndarinnar og vekja þannig athygli á formi og stíl myndanna. John Belton hefur bent á að í kvikmyndum leikstjórans skemmti ekki aðeins persónur, frásagnir og stílbrögð áhorfendum, heldur hafi þær jafnframt yfir að ráða „fræðilegu gildi sem hvetji okkur til að veга og meta birtingarmynd þeirra sem umfjöllun um eðli kvikmyndamiðilsins sjálfs“.³⁷ Með öðrum orðum kalla form og stíll kvikmynda Hitchcocks á íhugun og greiningu og ganga hvað það varðar í berhögg við ósýnileika hefðbundinna frásagnarmynda.³⁸ Enn fremur lúta umfjöllunar efni kvikmynda hans oft að frásagnargerð, leik, persónum, tvíförum, sviðsetningum, tilbúnu sjónarspili, blekkingum og öðrum þáttum sem draga fram sjálfan kvikmyndamiðilinn – og það löngu fyrir

36 Robin Wood, „Retrospective“, *Hitchcock's Films Revisited*, New York: Columbia University Press, 1989, bls. 206–227, hér bls. 208. Með „raunsæi“ á Wood ekki við að hefðbundnar Hollywood-myndir endurspeglu raunveruleikann heldur að framsetning þeirra á honum sé samþykkt athugasemdalaust. Sjá frekar um „raunsæi“ í þessum skilningi hjá Colin MacCabe, „Realism and the Cinema: Notes on Some Brechtian Theses“, *Screen* 2/1974, bls. 7–27. Sjá einnig um áhrif expressjónisma og myndfléttu, og raunar súrrealisma sömuleiðis, á kvikmyndagerð Hitchcocks hjá John Orr, *Hitchcock and 20th Century Cinema*, London: Wallflower Press, 2005.

37 John Belton, „Hitchcock and the Classical Paradigm“, *After Hitchcock: Influence, Imitation, and Intertextuality*, ritstj. David Boyd og R. Barton Palmer, Austin: University of Texas Press, 2006, bls. 235–247, hér bls. 246.

38 Taka mætti ýkt dæmi eins og löngu tókurnar í *Rope* (1948) og falska endurlitið í *Stage Fright* (1950), en þau skipta kannski minna máli en almennir eiginleikar mynda hans. Örhlutverk Hitchcocks eru af sama meiði. Þau gera höfundinn sem sett hefur saman myndina sýnilegan.



Myndir 13–20

daga póstmóðernismans. Þannig segir Lesley W. Brill um þöglu kvikmyndina *The Lodger* (1927) að hún einkennist af „sjálfsmeðvitaðri umfjöllun um ráðgátufrásagnir“ og að Hitchcock spili með hefðir þeirra og væntingar áhorfenda.³⁹ Og í einu höfuðritanna um leikstjóran heldur William Rothman því fram að í myndinni *Murder!* (1930) sé að finna „vangaveltur er snúi að edli [*Murder!*] sem kvikmyndar“.⁴⁰ *Rear Window* hefur þegar verið lýst sem allegoríu um það atferli að horfa á kvikmyndir, en einnig mætti tína til úr höfuðmyndum leikstjórans hlutverkaskipti og búninga í *Vertigo* og *Psycho* og leikfléttu og gamansaman hlutverkarugling í *North by Northwest* (1959) sem afhjúpa „leikinn“ og tilbúninginn sem býr að baki sjónarþilinu.

Psycho (1960): Marion Crane (Janet Leigh) freistast til að ræna greiðslu frá viðskiptavini fasteignasöluunnar sem hún vinnur hjá í von um að geta gifst elskhuga sínum Sam Loomis (John Gavin). Á flóttanum stoppar hún á Bates-mótelinu þar sem Norman Bates (Anthony Perkins), eftir að hafa tekið á sig gervi móður sinnar, myrðir hana í sturtunni. Í framhaldi grafast Sam og systir Marion, Lila Crane (Vera Miles), fyrir um örlög hennar með aðstoð einkaspæjarans Milton Arbogast (Martin Balsam). Norman myrðir Milton en Sam bjargar Lilu á síðustu stundu frá „móðurinni“. Kvikmyndin endar svo á greiningu geðlæknis (Simon Oakland) á ástandi Normans sem, eftir að hafa myrt móður sína, gekkst inn í hlutverk hennar.

39 Lesley W. Brill, „Hitchcock’s *The Lodger*“, *A Hitchcock Reader*, önnur útgáfa, ritstj. Marshall Deutelbaum og Leland Poague, Chichester: Wiley-Blackwell, 2009, bls. 75–84, hér bls. 82.

40 William Rothman, *Hitchcock: The Murderous Gaze*, Cambridge: Harvard University Press, 1982, bls. 59.

Ég er þeirrar skoðunar að sjálfhverfnin hafi einmitt ráðið miklu um mikilvægi Hitchcocks fyrir kvikmyndafræðina. Háskaleg samskipti kynjanna eru ekki aðeins í brennidepli heldur eru þau einmitt sett í samhengi við kvikmyndamiðilinn. Ferðalag Marion frá Phoenix til Bates-mótelsins einkennist til dæmis af áþekkri innsaumun og eftirför Scotties í upphafi *Vertigo*, nema hvað sú öryggistilfinning sem einkenndi sjónarhorn hans er víðsfjarri. Marion er taugaóstyrk og jafnvel hrædd og það er myrkur úti svo að hún sér heldur ekki vel út um framrúðuna (myndir 13–14). Þótt útsýnið sé orðið gott daginn eftir er aksturinn ekki minna taugatrekkjandi enda veitir lögreglubíll – fulltrúi (fedra)veldisins – henni eftirför (myndir 15–16). Þannig er innsaumuninni sem veitti áhorfandanum hefðbundna öryggistilfinningu í *Vertigo* snúið á hvolf þegar kona situr undir stýri í *Psycho*. Ef áhorfandinn samsamar sig Marion er ótti hans að sjálfsgöðu ekki að ástæðulausu.

Eftir að hafa spjallað nokkra stund við Norman á mótelinu heldur Marion til herbergis síns. Norman er aftur á móti ekki allur þar sem hann er séður (eða öllu heldur ekki séður) og fylgist í gegnum gægjugat með Marion afklæðast (myndir 17–19). Ekki er nóg með að áhorfendur séu nú innsaumaðir í sjónarhorn Normans heldur býr það yfir öllum helstu eiginleikum kvikmyndamiðilsins sjálfs eins og Raymond Bellour hefur bent á: „Litla glætuopið sem Norman horfir í gegnum býr til ímynd – rétt eins og ljósið frá sýningarvélinni.“⁴¹ Þannig er dregin athygli að því hvernig hið karllega augnaráð fellur fullkomlega að „auga“ kvikmyndamiðilsins sjálfs. Þessi samruni miðilsins og karlhetjunnar birtist jafnframt í sturtuatriðinu sjálfu þar sem Marion er í raun ekki skorin með hníf Normans heldur sjálfri klippingunni. Það sem virðast vera hnífsstungur eru í raun klippingar á milli örstuttra myndskeiða. Það er því kvikmyndamiðillinn sjálfur sem drepur Marion. En auga konunnar sem birtist svo eitt í nærmynd þegar allt er yfirstaðið sér akkúrat ekki neitt (mynd 20). Þannig dregur þetta frægasta atriði í öllu höfundarverki Hitchcocks með skýrum hætti fram margt það sem býr undir niðri í því öllu: ofbeldi karla á konum og samsekt kvikmyndamiðilsins.

41 Raymond Bellour, „Psychosis, Neurosis, Perversion“, þýð. Nancy Huston, *The Analysis of Film*, ritstj. Constance Penley, Bloomington og Indianapolis, Indiana University Press, 2000, bls. 238–261, hér bls. 247.

Lokaorð

Sérstaða Alfreds Hitchcock í kynjaskiptingu stúdíóáranna ætti nú að vera farin að skýrast. Það er í sjálfu sér ekkert markvert við að samskipti kynjanna séu í brennidepli – það er eitt helsta einkenni klassískra Hollywood-mynda. Fremur skiptir máli hvernig tekið er á samskiptunum og þau sett fram. Hitchcock var fyrst og fremst leikstjóri mynda sem tilheyrðu hefðbundnum karlagreinum en konur voru þar aftur á móti aldrei þessu vant í lykilhlutverki. Konan er í raun oft hin eiginlega ráðgáta sem myndin snýst um en glæpurinn ígildi *MacGuffin* svo notað sé frægt hugtak leikstjórans, þ.e. blekking til að draga áhorfandann inn í sögu sem snýst í raun og veru um eitthvað allt annað. Í *Rear Window* veldur Lisa Jefferies meiri heilabrotum en nokkurn tímann morðinginn Thorwald, ef Norman er stóra ráðgátan í *Psycho* er það sakir samsláttarins við móðurina og í *Vertigo* er það bókstaflega konan sem er ráðgátan í myndinni. Enn mikilvægar kannski er svo áherslan á konuna sem tilbúna ímynd. Aftur er *Vertigo* erkidæmið þar sem Madeleine er hin fullkomna kvenímynd sem getur aldrei orðið að veruleika. Í *Rear Window* er að finna úrval kvenímynda í (verslunar)gluggum sem karlhetjan getur valið úr. Og í *Psycho* er Marion römmuð inn sem ímynd glápnautnar á meðan Norman klæðir sig upp sem kvenmann.

Þótt það sé án efa fulllangt gengið að skilgreina Hitchcock sem fémínista má vel færa rök fyrir því að enginn leikstjóri stúdíóáranna hafi jafn kerfisbundið dregið fram stöðu konunnar sem viðfangs og tilbúinnar ímynda á hvíta tjaldinu. Á köflum sýnir hann enn fremur hversu langt karlar geta seilst til að hafa stjórn á henni og spyr raunar hvort áhorfandinn sé samsekur karlhetjunni í brjálsemi hennar, hvort heldur það er glápfýsn Jefferies, þráhyggja Scotties eða morðæði Normans. Hitchcock veltir með öðrum orðum upp áþekktum spurningum um samband kvikmynda og áhorfenda og kvikmyndafræðingar sem aðhyllast sálgreiningu. Í ljósi þessa ætti það ekki að sæta undrun hve mjög þeir hafa litið í spegil Hitchcocks.

Útdráttur

Í greininni er þeirri spurningu velt upp hvers vegna Alfred Hitchcock hafi orðið kvikmyndafræðingum – ekki síst þeim sem fylgdu femínisma að málum og/eða aðhylltust sálgreiningu – jafnmikilvægur og raun ber vitni. Hér er þeirri túlkun teft fram að ástæðu þessa megi skýra með sérstöðu Hitchcocks á meðal helstu leikstjóra stúdíóaráranna í Hollywood. Með nokkurri einföldun má skipta þeim í leikstjóra með sterka karlmennskuímynd sem sérhæfðu sig í karlagreinum á borð við vestra, ævintýra- og glæpamyndir (Ford, Walsh, Hawks, Huston) og leikstjóra sem gerðu einkum myndir í kvennagreinum, svo sem melódráma og rómantískum gamanmyndum, og voru sjálfir jafnvel taldir vera „kvenlegir“ (Cukor, Minnelli, Sirk). Hin velþekkta ímynd Hitchcocks var aftur á móti hvorki karlmannleg né kvenleg. Og það sem öllu meira máli skiptir, þá leikstýrði hann einkum myndum sem tilheyrdi karlagreinunum þrillerum og glæpamyndum, en hins vegar gegndu konur í þeim óvenjulega mikilvægu hlutverki. Enn fremur beinir Hitchcock athygli að stöðu konunnar sem ímynd og að sjálfri samsetningu kvikmyndaextans, en hvort tveggja var á meðal helstu hugðarefna femínista auk annarra kvikmyndafræðinga. Þetta útskýrir jafnframt af hverju höfundarverk Hitchcocks er ekki aðeins dæmi um framsetningu kvenna í klassískum Hollywood-myndum, heldur sjálfsmeðvitund úrvinnsla á þeirri framsetningu.

Lykilorð: *Alfred Hitchcock, femínismi, sálgreining, höfundarkenningin, sjálfhverfni*

Abstract

The article addresses the importance of Alfred Hitchcock for psychoanalytical film theory and the emerging feminist film studies of the 1970s. The author argues that Hitchcock was in many ways unique among the key directors of the studio era. With a little simplification, Hollywood directors can be divided into a group which specialized in “masculine” genres such as the western, adventure, gangster, and crime films, in which women played only a marginal role, and one that directed films intended primarily for a female audience, such

as the aptly titled 'woman's film' (aka melodrama or tearjerker), and musical and romantic comedies, which were often characterized by conservative images of women. The directors that made up the former group established masculine personas for themselves (Ford, Walsh, Hawks, Huston), whereas those in the latter group were often considered feminine (Cukor, Minnelli, Sirk). Hitchcock's image, however, does not easily conform to either masculine or feminine ideals. More importantly, most of his work is indebted to the masculine genres of crime and thriller, but it nonetheless focuses on women (often with recourse to psychoanalysis). Furthermore, he draws attention to the female protagonist's status as an (unattainable) image and the construction of the film text in general. In this regard, his work expresses some of the concerns that were so crucial to feminist and other film scholars. Indeed, much of Hitchcock's oeuvre is arguably a commentary on the filmic representation of women rather than just another example of it.

Keywords: *Alfred Hitchcock, feminism, psychoanalysis, auteur theory, self-reflexivity*

„Þú skrifaðir þetta?“

Ofbeldi, kynferði og (verndar)máttur skáldskaparins
í *Laugardegi* eftir Ian McEwan

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON

Heilaskurðlæknirinn Henry Perowne stendur við svefnherbergisgluggann í íbúð sinni í miðborg Lundúna og lætur morgungoluna leika um sig. Skyndilega heyrir hann torkennilegt hljóð og verður var við sérkennilegt fyrirbrigði á himni sem reynist vera logandi flugvél í aðflugi yfir borginni. Flugvélin á sjáanlega í erfiðleikum og ógn steðjar að þeim sem eru um borð, um það er Henry meðvitauður, en jafnframt vekur atburður sem þessi sérstakan óhug í brjósti borgarbúans því brotlending í þéttbýli hlýtur ávallt að boða stórslys. Þá kallar sjónin fram hugrenningatengsl við hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001 og hugsanir Henrys endurspeglar það hvernig skynjun á hversdagslegum hlutum hefur breyst í samvitund Vesturlandabúa í kjölfar árásanna: „[A]llir eru sammála um að farþegaflugvélar koma öðruvísi fyrir sjónir á himninum núorðið, virðast rándýrlegar eða glataðar.“¹ Í framhaldinu fylgist Henry með flugvélinni hverfa á bak við trjákrónur þar sem hún skilur eftir sig „gula og rauða keilulaga slóð, ekki eins og loftsteinn eða halastjarna heldur frekar hrollvekjandi túlkun listamanns á slíku fyrirbæri“ (18).

Eins og samanburðurinn við ókennilega skynreynslu listaverksins gefur til kynna á Henry erfitt með að henda reiður á framandi at-

1 Ian McEwan, *Laugardagur*, þýð. Árni Óskarsson, Reykjavík: Bjartur, 2006, bls. 19. Framvegis verður vísað til skáldsögu McEwans með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli. *Saturday* var upphaflega gefin út árið 2005 af Jonathan Cape útgáfufyrirtækinu í London.

burðum morgunsins og ógnvekjandi tónn er sleginn fyrir skáldsögu Ians McEwan, *Laugardag (Saturday)*, sem hefst þarna við gluggann.² Henni lýkur tæpum sólarhring síðar á sama stað, í svefnherbergi Henrys, þar sem hann hlustar í næturhúminu á fjarlægum gný annarrar flugvélar. Í ljósi þrúgandi andrúmslofts upphafskaflans kynnu sumir einmitt að lesa hann sem vísbendingu um að höfundur lumi sjálfur á „hrollvekjandi túlkun“ á efri-millistéttartilvist Henrys sem í megindráttum er viðfangsefni verksins, og slík ályktun er ekki fjarri sanni. Ýmiss konar hremmingar skekja Henry á sögudegi skáldsögunnar en við fyrstu sýn hefur hann þó ekki yfir miklu að kvarta. Hann nýtur velgengni í starfi og er í hamingjusömu hjónabandi auk þess sem börnin hans tvö, sem reyndar eru orðin býsna stálpuð, virðast bæði ætla að vinna stórsigra í listheiminum. Dóttirin Daisy er verðlaunaljóðskáld sem er við það að gefa út sína fyrstu bók hjá stóru forlagi og sonurinn Theo er sjálfmenntaður blústónlistarmaður í góðum tengslum við heimsþekktu kollega. Daisy og Theo standa í þakkarskuld við móðurafa sinn, John Grammaticus, þegar að listafæri þeirra kemur því Grammaticus, sem sjálfur er þjóðþekkt ljóðskáld, studdi þau og örvaði í uppvestinum.

Þegar Henry lendir síðar um daginn í árekstri við smáglæpamanninn Baxter er þráður ógnar og ofbeldis sem skírskotað er til í upphafsorðunum tekinn upp aftur og hnykkt á með samsvörun milli rauðrar bifreiðar Baxters og rauðrar slóðar logandi flugvélarinnar. Um kvöldið ræðst Baxter ásamt félagu sínum inn á heimili Henrys og skelfing grípur um sig þegar ljóst verður að innbrotsmennirnir hyggjast nauðga Daisy, en þeir hefja ofbeldið með því að neyða hana til að afklæðast frammi fyrir fjölskyldu sinni. Innbrotskaflinn er lykilhluti frásagnarinnar og er framsettur í formi spennusögu, hann er óþægilegur og þrúgandi, og höfundur dregur upp skarpa mynd af óhugnaðinum sem fylgir valdbeitingu. Það sem „bjargar“ Daisy er að í ljós kemur að hún er barnshafandi, nokkuð sem foreldrum hennar var ekki kunnugt um, og slær það þrjótana út af laginu.

Hér er mikilvægt að umræddur laugardagur er 15. febrúar 2003 en þá mótmæltu ríflega milljón manns yfirvofandi Íraksstríði og

2 Til verka McEwans sem þýdd hafa verið er vísað með íslenskum titli en upphaflegur titill birtist innan sviga. Frekari bókræði er svo tilgreind í neðanmálgreinum.

eru það stærstu fjöldamótmæli í sögu Bretlands.³ McEwan leiðir þessi mótmæli inn í frásögnina og gerir þannig eftirköst árásanna á Bandaríkin 2001 áþreifanleg í skáldsögunni. Vangaveltum um einkalíf og heimssöguleg átök er stefnt saman við ógn um kynferðisofbeldi og er það gert í sjálfvísandi samhengi, þar sem skáldskapurinn verður að virkum þætti í merkingarsköpun ofbeldisins. Eins og áður segir er Daisy ljóðskáld og upplestur hennar á sögufrægu nítjándu aldar ljóði skáldsins og menntafrömuðarins Matthews Arnold, „Dover Beach“, leiðir til hugrænnar uppljómunar Baxters og verður áhrifamáttur skáldskaparins þannig að nokkurs konar verndarafli sem gerir fjölskyldunni kleift að hrinda árásinni. Samhliða þessari úrlausn varpar höfundur fram spurningum um karllæga menningarhefð og hlut skáldskapar í nútímasamfélagi. Í vissum skilningi verður brugðist við þessum spurningum hér að neðan og í því sambandi verður litið til hugmynda frjálslynds húmanisma um sjálfsveruna eins og þær birtast í ljóðakenningum og hugmyndafræði síðari hluta nítjándu aldar, ekki síst í meðförum áður nefnds Matthews Arnold. Sjónum verður jafnframt beint að þeim vangaveltum sem lestur verksins kallar fram um framsetningu á konum í skrifum karla en eitt af höfundareinkennum McEwans er einmitt umfjöllun um ofbeldisverk karla í garð kvenna.⁴ Þannig verður jafnframt leitast við að setja *Laugardag* í samhengi við lýsingar á kynferðisofbeldi í tveimur öðrum nýlegum verkum höfundar, *Brúðkaupsnóttinni* (*On Chesil Beach*) og *Friðþægingu* (*Atonement*).⁵

Frásagnarháttur *Laugardags* er í þriðju persónu, en hverfist þó algerlega um Henry sem gerður er að vitundarmiðju verksins. Í ljósi miðlægrar stöðu Henrys í frásögninni er mikilvægt að veita persónugerð hans og félagslegri stöðu athygli í upphafi og gefst þar jafnframt tækifæri til að bregða birtu á það hvernig skáldsagan lýsir fjölmenningsarsamfélagi stórborgar sem er þekkt fyrir margbrotið og

3 Sjá frétt BBC, „Million’ march against Iraq war“, *BBC News* (bbc.co.uk). Birt 16. febrúar 2003 (sótt 12. júlí 2012).

4 Þar eru smásögurnar sem McEwan skrifaði á öndverðum ferlinum skýrasta dæmið en um framsetningu á konum og ofbeldi í þeim, sem og skáldsögunum sem fylgdu í kjölfarið, hefur Angela Roger fjallað í greininni „Jan McEwan’s Portrayal of Women“, *Forum for Modern Language Studies*, 1/1996, bls. 11–26.

5 *On Chesil Beach* var gefin út árið 2007 af Jonathan Cape í London og kom út ári síðar sem *Brúðkaupsnóttin* hjá Bjarti (Reykjavík) í þýðingu Ugga Jónssonar. *Atonement*, sem út kom árið 2001, var sömuleiðis gefin út af Jonathan Cape en íslensk þýðing Rúnars Helga Vignissonar, *Friðþæging*, birtist 2003 og kom út hjá Bjarti.

fjölbreytt menningarlíf. Reynist þar hugtakið „eftirlendudepurð“ (e. *postcolonial melancholia*) hafa nokkuð skýringargildi en nánar er vikið að því hér að neðan. Fyrst er þó rétt að víkja stuttlega að höfundarferli McEwans og ferðalagi hans inn að miðju breskra bókmennta.

Skáldskapur og svartagall

Þegar ferill McEwans er ræddur vakna spurningar um það hvernig „Svartagalls Ian“, eins og hann var snemma uppnefndur í breskum fjölmiðlum (e. *Ian Macabre*) með tilvísun til umdeilda og myrkra yrkisefna, varð að einum miðlægasta og virtasta meginstraumshöfundu breskra samtímabókmennta, jafnvel eins konar þjóðskáldi.⁶ Í kortlagningu fræðimanna og gagnrýnenda á því ferli er jafnan vísað til frásagnarformgerðar þroskasögunnar. Bent er á hvernig ákveðin vatnaskil eða „þroskastökk“ verði á ferli McEwans með skáldsögunni *Barnið og tíminn* (*The Child in Time*) árið 1987. Hann hafði þá tekið sér nokkurt hlé frá skáldsagnaskrifum, eða frá því að hann sendi frá sér sálfræðitryllinn *Vinarþel ókunnugra* (*The Comfort of Strangers*) árið 1981.⁷

Fram að útkomu *Barnsins og tímans* má segja að skrif McEwans hafi vakið jafnt hrifningu sem hneykslan og sjálfur hefur McEwan sagt í viðtali við John Haffenden að „öfgakennd viðbrögðin“ við fyrstu skrifum sínum hafi komið sér á óvart.⁸ Auðvelt er að finna dæmi um heldur hastarleg viðbrögð og má þar til dæmis nefna að árið 1979 bannaði ríkissjónvarpið breska, BBC, sjónvarpsaðlögun McEwans á smásögu sinni „Hagnýt rúmfræði“ („Solid Geometry“).⁹

6 Í grein Daniels Zalewski um höfundinn, „The Background Hum: Ian McEwan’s Art of Unease“, sem birtist í bandaríska vikuritinu *New Yorker* 23. febrúar 2009, er bókstaflega vísað til McEwans sem þjóðskálds Englendinga eða „England’s national author“. Greinin er opin lesendum á vefsvæði tímaritsins (newyorker.com) (sótt 12. júlí 2012).

7 Í ritinu *The Fiction of Ian McEwan* (Hampshire og New York: Palgrave Macmillan, 2006), sem Peter Childs ritstýrir og skrifar að hluta, er að finna afar gagnlega samantekt á viðtökusögu skáldverka McEwans og við hana er stuðt hér. Í samhengi við „þroskastökkið“ má nefna að kaflinn um *Barnið og tímann* í riti Childs ber yfirskriftina „True Maturity“ sem snara má sem „Fullur þroski“. Það var hjá Jonathan Cape í London sem McEwan gaf út *The Child in Time* en íslensk gerð hennar, *Barnið og tíminn*, kom hún út árið 2004 hjá Bjarti í þýðingu Árna Óskarssonar. Jonathan Cape gaf einnig út aðra skáldsögu McEwans, *The Comfort of Strangers*, sem kom út hjá Almenna Bókafélaginu árið 1993 undir heitinu *Vinarþel ókunnugra* í þýðingu Einars Más Guðmundssonar.

8 John Haffenden, „Ian McEwan“, *Conversations with Ian McEwan*, ritstj. Ryan Roberts, Jackson: University Press of Mississippi, 2010, bls. 26–46, hér bls. 27.

9 Smásagan „Solid geometry“ eða „Hagnýt rúmfræði“ birtist í íslenskri þýðingu Ástráðs Eysteinssonar árið 1989 í menningarritinu *Teningur* (6. hefti, bls. 18–24).

Sagan birtist upphaflega í fyrsta smásagnasafni höfundar, Fyrstu ást-inni, síðasta sakramentinu (*First Love, Last Rites*, 1975), og kannar þau djúp hugsýki sem skapast í tómarúmi hjónabands sem festist í viðjum vanans og dregur jafnt grótesku, súrrelisma og stílfágun í anda Becketts inn í textann. Sagan, sem sögð er í fyrstu persónu frá sjónarhóli eiginmannsins, felur jafnframt í sér kaldranalega lýsingu á ofbeldisverknæði sem vafinn er inn í orðræðu sem rökvaðir kvenhatur og rambar á barmi hins fantasíska og hreinnar sturlunar. Vissulega er um ögrandi texta að ræða en framleiðsla sjónvarpsleikritsins var langt komin þegar fótunum var kippt undan öllu saman og McEwan hefur lýst því hvernig aðstandendur voru furðulostnir við fréttirnar.¹⁰ Í tilkynningu sem BBC sendi frá sér í kjölfarið er vísað til „gróteskra og stórfurðulegra kynferðisþátta“ og má segja að þar sé á ferðinni heldur einfeldningsleg nálgun á þá samþættingu á ofbeldi, dauða og gróteskum líkameika sem einkennir textann.¹¹ En jafnframt er óhætt að segja að yfirskrift ritdóms í bandarísku menningarriti sama ár og sjónvarpsleikritið var bannað, „In Extremis“, sé um margt lýsandi fyrir umræðuna um McEwan á þessu tímabili, en titillinn skírskotar jafnt til öfga og þess að vera við dauðans dyr.¹²

Þegar *Barnið og tíminn* kom út þótti hneykslunarviljinn og siðrofið sem einkenndu eldri verk McEwans hins vegar hafa vikið fyrir skýrari siðferðislegri sýn og tilraun til að takast á við samfélagsmál í víðara samhengi. Þetta er inntakið í áður nefndu „þroskastökki“ og er raunar áhersla á framsetningu á siðferðislegum vandamálum ríkjandi einkenni á McEwan-fræðum samtímans.¹³ Í þessu samhengi er almennt álitnið að þróunin hafi haldið áfram og jafnvel fengið byr undir báða vængi í *Sakleysingjanum* (*The Innocent*, 1990) og *Svörtum hundum* (*Black Dogs*, 1993) en í báðum þessum verkum tekst McEwan á við arfleifð og

10 Viðbrögðum aðstandendahópsins lýsir McEwan í greininni „Jan McEwan writes about his television plays“ sem birtist í *London Review of Books* (lrb.co.uk), 5. febrúar 1981, bls. 19–20 (sótt 12. júní 2012).

11 Vísun í fréttatilkynningu BBC er fengin úr „Jan McEwan writes about his television plays“.

12 Robert Towers, „In Extremis“, *The New York Review of Books* (nybooks.com). Birt 8. mars 1979 (sótt 12. júlí 2012).

13 Enda þótt þessi áhersla geti virst eilítið einstrengingsleg er hún ekki handahófskennd. Í *Laugardegi*, svo dæmi sé nefnt, er myndin sem dregin er upp af skáldskap og verndarmætti hans einmitt gædd siðferðislegri vídd eins og vikið verður að síðar.

hugmyndafræði evrópskrar alræðishyggju.¹⁴ Útkoma sögulegu skáldsögunnar *Friðþægingar* festi McEwan endanlega í sessi sem einn helsta höfund Bretlands, en skáldsagan var tilnefnd til Booker-verðlaunanna og valin sem eitt af 100 merkustu bókmenntaverkum samtímans af bandaríska vikuritinu *Time*.¹⁵ Árið 2007 naut kvikmyndaadlögun skáldsögunnar mikillar velgengni og vann m.a. til Óskarsverðlauna.

Það er þó rétt að halda því til haga að ekki hefur skyndilega dregið frá sölu í sagaheimi McEwans og hann tekið umskiptum, orðið bjartari en áður. Þvert á móti. Myrku yrkisefnin eru enn til staðar og forgengileikinn er áfram mikilvægur þáttur í verkunum, nægir í því sambandi að benda á *Eilífa ást* (*Enduring Love*, 1997), *Amsterdam* (1998) og *Brúðkaupsnóttina* en stefin í þeim eru lesendum eldri verkanna vel kunn; geðsýki, sjálfsvíg og sifjaspell, svo aðeins þrjú séu nefnd.¹⁶ Hins vegar verður ekki um það deilt að félagslegur sjóndeildarhringur verkanna tekur breytingum frá og með *Barninu og tímanum* og því er vel við hæfi að benda á eins konar umskipti eða rof á ferli höfundarins. Þó má spyrja hvort þroskahugtakið sjálft sé ekki óþarflega gildishlaðið í þessu sambandi og vísi jafnvel eitthvert annað en virðist í fyrstu, búi með öðrum orðum fyrst og fremst yfir táknrænni merkingu. Það er til dæmis óumdeilanlegt að eftir „rofið“ er sagnagerð McEwans ekki jafn óþægileg eða „stríð“ og áður. Ólíklegt er til dæmis að gagnrýnendur myndu lýsa skáldsögunum þremur sem nefndar eru hér að framan sem „svartagaldri“ eða (með tilvísun til Josephs Conrad) sem innliti í „innstu myrkur Evrópu“, eins og John Leonard gerði á sínum tíma í umfjöllun sinni um *Vinarþel ókunnugra*.¹⁷ Breyting í skáldsagnagerð McEwans hefur sem sagt átt sér stað en hún tekur til fagurfræðilegra og frásagnarlegra þátta sem eru flóknari en svo að hægt sé að skýra þá með tilvísun til aukins þroska.

14 Sjá hér Tim S. Gauthier, „Black Dogs: Ian McEwan’s Post-Holocaust Anxiety“ í *Narrative Desire and Historical Reparations: A.S. Byatt, Ian McEwan, Salman Rushdie*, New York og London: Routledge, 2006, bls. 83–131.

15 Lev Grossman og Richard Lacayo, „All-Time 100 Novels“, *Time* (entertainment.time.com). Birt 16. október 2005 (sótt 11. maí 2012).

16 Eins og aðrar skáldsögur McEwans er *Enduring Love* gefin út af Jonathan Cape í London og kom hún út árið 1997. Íslensk þýðing Geirs Svanssonar, *Eilíf ást*, var gefin út af Bjarti árið 1998. Ári eftir útkomu *Enduring Love* sendi McEwan frá sér *Amsterdam*, enn hjá sama forleggjara, og kom hún út í þýðingu Ugga Jónssonar árið 1999 hjá Bjarti.

17 John Leonard, „The Comfort of Strangers“, *The New York Times* (nytimes.com). Birt 15. júní 1981 (sótt 12. júlí 2012).

Ákveðinn greinandi tónn og vísindaleg (eða ofur-raunsæisleg) nákvæmni hefur jafnan einkennt stílbrögð McEwans. Í síðari verkum hefur höfundur ekki síst fundið þessum stílbrögðum farveg í nákvæmum og lærðum lýsingum á tilteknum fagsviðum (heilaskurðlækningar eru hér nærtækt dæmi) en í eldri verkunum blönduðust þessi einkenni draumkenndu andrúmslofti og súrrealískri slagsíðu og segja má, svo vitnað sé til skilgreiningar bandarísku skáldkonunnar Toni Morrison á góðum skáldskap, að McEwan hafi framandgert hið venjulega og hversdagslega en framsett hið ókennilega sem sjálfsagðan hlut.¹⁸ Þetta mætti einnig umorða og segja að í síðari verkunum víki sálgreining fyrir sálfræðilegu raunsæi; áhersla á dulvitundina og ókennilegar og „óskiljanlegar“ hneigðir víkja fyrir sagnagerð þar sem í sífellu er glímt við orsakasambengi hegðunar og leitast er við að uppfylla kröfur um innra samræmi sögufléttunnar. Það væri því rangt að halda því fram að auknum „þroska“ fylgi dýpri mannskilningur en áður, að sýn síðari verkanna á heiminn sé með einhverjum hætti forvitnilegri eða efnistökin fagaðri. Efnistökin verða hins vegar hefðbundnari þótt enn megi greina vissar tilraunir með sjálfsvitund texta, eins og *Friðþæging* er gott dæmi um en þar er stór hluti frásagnarinnar afhjúpaður sem uppspuni sögumanns.

Umræddar breytingar í stíl, formi og efnistöfum haldast í hendur við það að McEwan hefur í auknum mæli leitað á náðir spennusögunnar og æsifrásagnarinnar, eins og innrás Baxters og félaga í *Laugardegi* er dæmi um.¹⁹ Með því að grípa á lofti hefðbundna formgerð spennusögunnar eða nýta velþekkt stef úr meginstraumsfrásögnum og jafnvel geirabókmenntum verða verkin aðgengilegri. Í kjölfarið hefur lesendahópur McEwans vaxið mjög í seinni tíð.

Samhliða raunsæislegri og aðgengilegri frásagnarhætti hefur samræða McEwans við hefðina færst í forgrunn, ekki síst við móðernísk skáld þriðja og fjórða áratugarins. Þannig er nærvera Virginíu Woolf

18 Toni Morrison, *Playing in the Dark. Whiteness and the Literary Imagination*, Cambridge: Harvard University Press, bls. 15.

19 Nefna mætti *Eilífa ást* í sambengi við notkun McEwans á geirabókmenntum en í verkinu umhverfist líf aðalpersónunnar Joe Rose eftir að hann tekur þátt í því ásamt nokkrum ókunnugum mönnum að bjarga lífi drengs í vöðva en einn björgunarmannanna ferst í kjölfar óvæntrar atburðarásar. Úrlausn hins flókna sambands sem skipast milli Rose og eins af þátttakendum í björguninni á grunni sektarkenndar og trámatískrar reynslu er hins vegar fremur einföld þegar framvindan snýst upp í eltiðhrellissögu í anda hefðbundinna spennusagna.

áberandi í *Friðþægingu* og *Laugardegi*, sem og *Barninu og tímanum*, og sama má segja um skóla breskrar menningarrýni (F. D. Leavis, Cyril Connolly og fleiri). Skrif Virginíu Woolf eru til að mynda vakin upp í byrjun *Laugardags* með vísunum í upphafskafli Frú Dalloway (*Mrs. Dalloway*, 1925), þar sem sögupersónan Perowne er á ferð um miðborg Lundúna, líkt og kvenhetjan í skáldsögu Woolf, önnur kafinn við að undirbúa matarboð sem hann hyggst halda síðar um kvöldið. Tengslin við skáldsögu Woolf eru þó hér fyrst og fremst þematísk, þar sem raunsæislegur frásagnarháttur *Laugardags* kallast á engan hátt á við huglægan stíl Woolf. Því fer einnig fjarri að McEwan taki undir nýsköpun og framúrstefnutilraunir móðernísku skáldanna eða leitist við að fylgja þeim eftir eða endurnýja, þvert á móti, með nokkrum undantekningum er það hefðbundið raunsæi sem McEwan teflir fram gegn móðernísku hefðinni.²⁰ Hér mætti reyndar spyrja hvaða hlutverki vísanir í móðerníska stílhefð gegni í seinni tíma verkum McEwans þar sem erfitt er að ímynda sér að hún sé tekin til umræðu til þess eins að hverfa frá henni og undirstrika þannig hversu rammraunsæisleg aðferð höfundarins sé. Frekar má ímynda sér að McEwan leitist við að skapa umræðu um móðernísku kanónuna ákveðið rúm innan höfundarverks síns, og þá í þeim tilgangi að framkalla ákveðna hefðarvitund innan textans, viðurkenna órjúfanleika móðernísku hefðarinnar í mótun eigin skrifna, sem eru vandlega staðsett út frá skýrri þekkingu og *valdi* á skáldskaparhefðinni.

Pegar rætt er um „þroskastökkið“ er því í raun sögð saga af höfundi sem á ákveðnu tímabili segir skilið við bókmenntalega jaðarstefnu og and-húmanisma (en fyrstu verk McEwans eiga meira skylt við J. G. Ballard og verk á borð við *Skelfiverkasýninguna* (*The Atrocity Exhibition*, 1970) og *Áreksstur* (*Crash*, 1973) en verk samtímahöfunda á borð við Julian Barnes og Martin Amis) og tekur þess í stað að vinna innan hefðarveldis raunsæisbókmennta á meðvitaðan hátt, og skrifar sig um leið inn í tiltekið bókmenntasögulegt samhengi. Því mætti

20 Hér er *Friðþæging* afar nærtækt dæmi því þar eru stílbrögð Woolf bókstaflega gerð að umfjöllunar-efni í samhengi við fyrsta uppkast Briony Tallis að sveitaseturskaflanum, fyrsta hluta skáldsögunnar. Þá má einnig benda á að hljóðbókarútgáfum *On Chesil Beach* og *Solar* (2010) fylgja athyglisverð viðtöl við McEwan þar sem hann lýsir afar hefðbundnum viðhorfum sínum til skáldsagnagerðar. Einna ítarlegasta greiningu McEwans á eigin stílbrögðum er þó sennilega að finna í viðtali Davids Remnick, ritstjóra *New Yorker*, við höfundinn, sjá: „Naming What is There: Ian McEwan in Conversation with David Remnick“, *Conversations with Ian McEwan*, bls. 156–175.

jafnvel halda fram að „innlimun“ McEwans í hefðina, staða hans sem „þjóðskálds“, hafi sitthvað með þessi umskipti að gera, færsluna í átt að hefðbundnu raunsæi og spennubrúnum, jafnvel æsandi, frásagnarformgerðum.

Bakslagið gegn McEwan

Skáldsögu sinni *Friðþægingu* fylgdi McEwan eftir með *Laugardegi* árið 2005 og þótt hún hafi víðast hvar hlotið ágætar viðtökur í dagblöðum er eigi að síður ljóst að hún er í litlu uppáhaldi hjá þeim fræðimönnum sem skrifa um McEwan, sem og bókmenntaummælendum almennt, svo mjög að í kjölfarið var farið að ræða um „bakslagið gegn McEwan“.²¹ Ágætt dæmi um „bakslagið“ er umfjöllun Lynn Wells um *Laugardag* í nýlegri bók sinni um skáldverk Ians McEwan en þar heldur hún því fram að ekki sé hægt að túlka viðhorf söguhöfundar eins og þau birtast í framrás verksins sem kaldhæðnislegan útrúsnúning á forpokaðri heimssýn hvíts millistéttarkarlmanns. Þvert á móti, heldur Wells fram, gerist McEwan hreinlega sekur um að skrifa skáldsögu sem einkennist af djúpstæðri afturhaldssemi. Wells horfir ekki síst til aðalpersónunnar Henry Perowne þegar hún gagnrýnir bókina og fjallar í raun nokkuð hæðnislega um öfundsverða tilvist hans og lífsgæði og bendir á að Perowne sé skilgetið afkvæmi þeirrar samfélagsmyndar sem breski forsætisráðherrann Margaret Thatcher hélt á lofti á níunda áratugnum: „Perowne er afskaplega vel af guði gerður, bæði líkamlega og andlega, og stendur sem slíkur sem augljós holdtekja breskrar heimsvaldastefnu. Hann er hvítur, vel menntaður Englendingur sem nýtur með starfi sínu sem heilaskurðlæknir góðs af einkavæddu heilbrigðiskerfi á póst-Thatcherískum tímum.“²² Þarna slær Wells tón sem algengur er í skrifum um bókina. Hún túlkar Perowne sem birtingarmynd breskrar nýlendu-

21 Eins og áður segir voru ritdómar í dagblöðum og tímaritum almennt jákvæðir en mikilvæg undantekning er þó dómur írsku rithöfundarins John Banville sem birtist í *The New York Review of Books* 26. maí 2005 undir yfirskriftinni „A Day in the Life“. Banville kemst að þeirri niðurstöðu að verk McEwans sé „skelfilega vont“ og gerir undir lok dómsins almennt jákvæðar viðtökurnar í heimalandinu að umfjöllunarefni með gagnrýnum hætti. Ritdóm Banville má nálgast í gegnum rafræna áskrift á vefsíðu útgáfunnar, <http://www.nybooks.com>. Um bakslagið, sjá: David Sexton, „The backlash against Ian McEwan“, *London Evening Standard* (thisislondon.co.uk). Birt 15. desember 2009 (sótt 10. maí 2012).

22 Lynn Wells, *Ian McEwan*, New York og London: Palgrave Macmillan, 2010, bls. 113.

og heimsveldishyggju og gerir um leið að því skóna að lítill munur sé á Perowne, sögumanni og höfundu sjálfum.²³

Vissulega má finna þætti í fari Perownes og atriði í merkingarheimi sögunnar sem styðja þá túlkun að strengur forréttinda- og heimsveldishyggju sé áberandi í verkinu, ef ekki hreinlega ráðandi. Þegar Henry verður hugsað til glæsibifreiðarinnar sem hann er nýbúinn að kaupa finnur hann fyrir „ljúf[ri], yfirþyrmandi eignargleði“ (71) og á fiskmarkaðnum síðar um daginn kaupir hann „rækjur sem þegar hafa verið soðnar í skelinni og þrjá skötuselshala sem kosta ívið meira en fyrsti bíllinn hans“ (117). Neyslunautnin sem þarna er gerð að augljósum þætti í persónusköpun Henrys á sér svo hliðstæðu í aðferð sögumanns sem lýsir tækjum og tólum nútímalífs af mikilli og jafnvel blætiskennndri nákvæmni. Þá er upphafning Henrys á kostum nútímatæknimeningar með öllu gagnrýnislaus, „lífið hefur batnað stöðugt í gegnum aldirnar hjá flestum, þrátt fyrir heróinsjúklingana og betlarana nú á dögum“ (72) hugsar hann þar sem hann svífur um göturnar í glæsivagni sínum. Framfaratrú Henrys er með öðrum orðum laus við efasemdir og hann afsakar róttæka misskiptingu, fátækt og eynd í eigin nærumhverfi með tilvísun til eðlishyggju og forskriftar genamengisins.²⁴

Velmegunarhugmyndafræðin og heimsveldishyggjan sem greina má í *Laugardegi* er einnig athyglisverð með tilliti til þess hvernig Andrea Chapman, fjórtán ára nígerísk stúlka nýflutt til Lundúna, birtist í frásögninni. Hún er í senn sjúklingur og óstýrilátur útlendingur og renna þessi tvö hlutverk saman í lýsingu á henni sem „vand-ræðasjúkling[í]“, hún „var hortug [...] drakk sig fulla [og] skrópaði í skólanum“ (13). Í framrás sögunnar er hún hins vegar „tamin“ á tákn-rænan hátt af valdi og rökhugsun læknanna, sem og inngrípi þeirra

23 Fjölmörg dæmi um túlkun á verkinu þar sem gert er ráð fyrir að McEwan, söguhöfundur, sögumaður og Henry Perowne deili skoðunum og lífssýn væri hægt að tína til en sá sem fyrstur sló þennan tón var John Banville í áðurnefndum ritdómi um bókina í *New York Review of Books*. Víkið er nánar að þessari lestraradferð hér að neðan.

24 Sjá til dæmis hugleiðingar Henrys um olnbogabörn samfélagsins: „Það getur ekki bara snúist um stétt og tækifæri – fyllibyttur og heróinnneytendurnir eiga sér alls konar bakgrunn, sem og skrifstofufólkið. Sumir af verstu ræflunum hafa gengið í einkaskóla. Perowne, smættarhyggjumaður að atvinnu, getur ekki annað en litið svo á að þetta stafi af ósýnilegum fellingum og duttlungum persónuleikans, skræðum í kóta, á sameindarstiginu. Það eru dapurleg örlög að vera maður sem getur ekki unnið fyrir sér eða staðist annan drykk eða munað í dag hvað hann ákvað að gera í gær.“ (248)

í líkama hennar, og verður þannig viðfang gilda sem rekja má aftur til evrópskrar upplýsingar. Raunar mætti greina samband hennar við Perowne með hliðsjón af kenningum Michels Foucault um „hið lækni-fræðilega sjónmál“; þess efnis að vísindalegt sjónmál læknisins sé hvorki hlutlaust né byggist það á einfaldri framrás þekkingar, heldur eigi það sér sögu og mótist af menningarlegum þáttum sem skilgreina bæði forsendur og niðurstöður.²⁵ Í samskiptum Henrys við stúlkuna eru valdaafstæðurnar augljósar, og innra líf hennar er skýrt á víxl með tilvísun til líkamlegra kvilla og þess að fortíð hennar í „dreifbýlinu“ (13) torveldi henni að aðlagast nútímalífi. Undir lok bókarinnar (og meðferðarinnar) er hún hins vegar „hætt að tala hörkulegt götumál“ og viðmót hennar er „hlýtt“ og þýtt (236).

Rétt er þó að slá varnagla við þeim skilningi á „heimsveldishyggu“ skáldsögunnar sem einblínir á Perowne sem holdtekju efnahagslegrar valdbeitingar og forræðis því þótt neyslumiðuð tilvist hans njóti góðs af sögulegri hefð hnattræns valdamisvægis hefur hnignun heimsveldisins einnig umtalsverða þýðingu fyrir táknheim verksins, eins og Elizabeth Kowaleski Wallace bendir á í grein sinni „Postcolonial Melancholia in Ian McEwan’s *Saturday*“. Eftirlendudepurð titilsins vísar til þeirra breytinga í átt til fjölmenningar sem átt hafa sér stað í bresku þjóðlífi frá því að sú fleyga staðhæfing gat talist sönn að „sólín settist aldrei á breska heimsveldið“. Þar er því fyrrum máttur heimsveldisins syrgður en ekki síður er litið með eftirsjá til þess tíma er hægt var að ræða um sameiginlega menningu þjóðarinnar; áður en fjölmenningsamfélagið sundraði sameiginlegu táknkerfi þjóðarinnar, táknkerfi sem í raun má segja að myndi sjálfa þjóðina.²⁶ Það að skáldsaga McEwans horfi að mestu leyti fram hjá fjölmenningsamfélagi Lundúnaborgar, ellegar birti það eins og gert er fyrir tilstuðlan nígerísku stúlkunnar, túlkar Wallace sem eftirsjá eftir horfinni samfélagsheild. Slík nostalgia hefur afdrifarík áhrif á textann að mati Wallace, þrengir hann og gerir samfélagsveruleika skáldsögu sem annars leitast við að birta raunsanna mynd af lífi aðalpersónunnar, ótrúverðugan.

25 Michel Foucault, *The Birth of the Clinic: An Archaeology of Medical Perception*, þýð. Alan Sheridan, New York og London: Vintage, 1994.

26 Benedikt Anderson, *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*, London og New York: Verso, 2006.

Að sumu leyti er hægt að taka undir þessi sjónarmið, enda þótt erfitt sé að gera kröfu um fullkomlega panoramískt raunsæi í skáldsögum. Næsti hluti rökfærslu Wallace vekur þó sérstaka athygli en hún telur að samslátturinn milli sögumanns og vitundarmiðju verksins þýði að „höfundur samþykki fyllilega sjónarhorn [Henrys]“.²⁷ „Skortinn“ á fjölmennigarlegri vitund má með öðrum orðum lesa á ævisögulegum forsendum sem vitnisburð um að McEwan sjálfur sé ekki reiðubúinn að horfast í augu við samtímalegan veruleika borgarinnar. Í þessum orðum endurómar ekki einvörðungu sú túlkun Wells að verkið haldi afturhaldssömum viðhorfum á lofti heldur einnig að skoðanir Henrys endurspegli vitundarlíf höfundar með beinum hætti. Hér er hins vegar rétt að setja ákveðinn fyrirvara. Ávallt er varhugavert að eigna höfundi viðhorf sögupersónu sinnar enda þótt sögumaður virðist standa býsna nærri vitundarmiðju verks. Fjölmörg dæmi eru um það í skáldsögunni að Henry sé ekki hafinn yfir gagnrýni að mati söguhöfundar og að grafið sé undan trúverðugleika hans og áreiðanleika með írónskum hætti.²⁸ Þá kynnu sumir að benda á að flókin saga vestrænnar nýlenduhbyggju verði vart „þöggðu niður“ í skáldsögu sem gerir nýjasta kaflann í þessari sömu sögu að umfjöllunarefni, þ.e.a.s. átökin um auðlindir Miðausturlanda.

Skrif Wallace um „eftirlendudepurð“ má hins vegar tengja við hlut Baxters í skáldsögunni, meðal annars vegna þess að hugtakið dregur athygli okkar að þögninni sem ríkir um kynþátt og hörundslit hans. Þessa þögn gerir áðurnefnd Lynn Wells að umræðuefni í viðtali við McEwan sem fylgir sem viðauki við bók hennar. Spurningar Wells í viðtalinu um menningarlegan bakgrunn þrjótsins, sem erfitt

27 Elizabeth Kowaleski Wallace, „Postcolonial Melancholia in Ian McEwan’s *Saturday*“, *Studies in the Novel*, 4/2007, bls. 465–480, hér bls. 466.

28 Má þar nefna að tilraun Henrys til að læra að meta bókmenntir er gegnumgangandi þráður í verkinu. Þetta leitast hann við að gera undir handleiðslu dóttur sinnar, ljóðskáldsins. Hún hefur sett honum fyrir leslista sem Henry gerir sitt besta til að fylgja en lestur hans á höfundum á borð við Tolstoj, Henry James og Kafka gengur svo illa að í raun má segja að stólpagrín sé gert að kaldri vísindahyggju sem skellir skollaeyrum við öðru en því sem hægt er að mæla með tækjum. Á einum stað lýsir Henry yfir megnri andstyggð á töfraraunsæi og vísar þá meðal annars til senu sem augljóslega er úr eldri skáldsögu McEwans sjálfs, *Barnsins og tímans*, þar sem ein aðalpersónan ferðast aftur á bak í tíma og verður vitni að samræðum foreldra sinna um það hvort móðirin eigi að láta eyði fóstrinu sem hún gengur með, valkostur sem er hafnað, blessunarlega fyrir fullvaxta manninn sem virðir samræðurnar fyrir sér því það er um hann sjálfan, ófæddan, sem er rætt. Leikurinn sem felst í slíkri vísun gefur til kynna umtalsverða fjarlægð milli sögupersónu og sögumanns, auk þess sem ljóst verður að viðhorf Henrys geta ekki sjálfkrafa talist endurspeglu viðhorf höfundar.

sé að festa hendur á, valda nokkuð harðri rimmu milli fræðimanns og rithöfundar. Bendir Wells í þessu samhengi á að jafnvel auka-persónum sem aðeins bregður fyrir stuttlega sé lýst með tilvísun til trúarbragða, kynþáttar og/eða hörundslits, en allt slíkt skorti þegar að Baxter komi, sem persóna sé hann því „tómur“.²⁹ Hún vísar til persónulegrar reynslu og segir að hún þekki þess dæmi að fólk lesi og sjái Baxter fyrir sér með mjög ólíkum hætti, til dæmis sem snoðinkoll (e. *skinhead*) eða blökkumann.³⁰ McEwan bregst ókvæða við og spyr ítrekað hvað Wells eigi við þegar hún lýsi Baxter sem „tómum“, og tekur fram að hann sé ekki hugsaður sem blökkumaður heldur sé augljóst að hann eigi að vera „hvítur lágstéttarhrotti“.³¹

Fulllangt er e.t.v. gengið þegar persónugerð Baxters í skáldsög- unni er lýst sem „tómri“ en Wells hefur hins vegar rétt fyrir sér þegar hún bendir á að menningarlegir virknisþættir persónunnar séu að mörgu leyti óræðir.³² Í raun er sérkennilegt að McEwan skuli þræta fyrir það, ekki síst ef litið er til „eyðu“-hugtaks þýska viðtökufraeð- ingsins Wolfgang Iser.³³ Hugtak Iser skírskotar til skapandi spennu og þátttöku lesandans í merkingarsköpun texta sem gæðir bók- menntaverk lífi. Slík „samvinna“ lesanda og höfundar er framkölluð með markvissri notkun á hinu ósagða. Bókmenntaleg heimsmynd eða söguflétta getur vitanlega aldrei fangað eða birt „heilдарmynd“ af viðfangsefni sínu, né líkt eftir hlutbundinni skynjun með jafn nákvæmum hætti og ljósmynd eða kvikmynd. Þessi takmörk mál- bundinnar listar verða hins vegar aflvaki sköpunar í kenningu Iser, frekar en vitnisburður um skort og veikleika (en slíkir merkingar- aukar felast í orðanotkun Wells). Hér er þó lestur bókmenntaverks ekki settur í fullkomlega huglægt samhengi eða gengið til móts við afstæðishyggju af einhverju tagi. Textinn býr yfir stýriþáttum sem

29 Wells, *Ian McEwan*, bls. 129–131.

30 McEwan leitast við að skýra sýn sína á hlut Baxters í sögunni, bakgrunn og úrvinnsluna á árásinni á fjölskylduna og þótt margt forvitnilegt komi fram er í raun sem fræðimaður og rithöfundur tali í kross í þessum hluta viðtalsins.

31 Wells, *Ian McEwan*, bls. 129.

32 Þetta mætti líka skilgreina sem shakespearíska aðferð. Persónurnar stíga fram án réttlætningar og miðlandi hugmyndafræði. Þegar lengra dregur í verkinu verður þó hugmyndafræðileg greining aðkallandi.

33 Wolfgang Iser, „The Reading Process: A Phenomenal Approach“, *Modern Criticism and Theory*, ritstj. David Lodge og Nigel Wood, London og New York: Longman, 1988, bls. 212–228.

skapa túlkun á eyðum ákveðinn farveg eða ramma. Frelsi lesandans er þó umtalsvert og úrvinnsla á tilteknum efnisþáttum og vísun getur verið fjölbreytileg.

Dæmið sem Wells nefnir úr sínu nærsamfélagi um það hvernig ólíkir lesendur túlka Baxter má því sjá sem vitnisburð um það hvernig textinn er opinn fyrir þátttöku lesandans, einmitt vegna þess að Baxter er ekki settur í nákvæmlega skilgreint samfélagslegt hólfi. Þarna opnast líka möguleiki sem ýmsir ummælendur um verkið hafa gripið á lofti en það er að túlka innrás Baxters á heimili Perowne-fjölskyldunnar sem hliðstæðu við árás hryðjuverkamanna á New York 2001 og/eða óttann um að svipaðir atburðir eigi sér stað á Bretlands-eyjum.³⁴ Slíkur lestur gæti kallast á við örlítið frábrugðna tegund af „eftirlendudepurð“ sem skírskotaði þá til sambands Bretlands og Bandaríkjanna og hvernig greina má enduróm þeirrar heimssögu-legu staðreyndar í skáldsögunni að Bandaríkin hafa fyllt upp í valdatómarúmið sem Bretland skildi eftir sig um miðja tuttugustu öldina, en afstaða Henrys til þessarar nýju heimsmyndar er að mörgu leyti þversagnakennd.³⁵ Þá er ekki síður athyglisverður sá túlkunarmöguleiki að yfirfæra eftirlendudepurðarhugtakið, og vísun þess til kúgunar og arðráns, í stéttalegt samhengi og ræða þá jafnvel um „stéttaskiptingardepurð“. Baxter, svo vitnað sé til orða McEwans í viðtalinu, er „lágstéttarhrotti“ og það sem í hönd fer þegar samskipti

34 Sjá t.d. Anthony Cummins, „Ian McEwan’s military operation“, *The Guardian* (guardian.co.uk/books). Birt 16. ágúst 2007 (sótt 12. júlí 2012).

35 Merkingarvirgni Bandaríkjanna er raunar afar mikilvægur hluti af því sem kennt er við „eftirlendudepurð“, þ.e.a.s. vangaveltum frásagnarinnar um horfið heimsveldi og samtímalega stöðu þjóðarinnar. Þá er einnig rétt að ítreka að heimspólítísk átök samtímans birtast á ýmsa vegu í framvindu sögunnar og eitt af því sem liggur fyrir Henry á þessum erilsama laugardegi er veggtennisleikur við bandarískan kollega, Jay Strauss að nafni. Til að komast í íþróttahúsið þarf Henry að aka í gegnum miðborgina sem eins og áður segir er undirlögð vegna mótmæla gegn bandarísku hervaldi og „undirlægjuhætti“ breskra stjórnvalda í undanfara stríðs. Keppnisleik milli Breta og Bandaríkjamanns er undir þessum kringumstæðum ljáður merkingarauki, jafnvel táknræn vídd. Raunar er óhætt að segja að unnið sé markvisst úr slíkum skírskotunum í lýsingunni á tennisleiknum en það er einn af umfangsmestu köflum bókarinnar. Sérstök áhersla er til að mynda lögð á líkamlega nánd leikmannanna tveggja og keppnisandinn umbreyttist fljótlega í hálfgerða óvild sem endurspeglast meðal annars í tungumálinu sem er afar vígreift: „Ef hægt er að verjast gagnsókn hans nú lamast baráttuþrek hans á svipstundu“, hugsar Henry og úrslitaleikurinn er „lokaorrusta“ (103, 106). Andúð Henrys á góðlátlegu sjálfsöryggi Bandaríkjamannsins verður sífellt meira áberandi og keppnisleikurinn í heild verður eins og táknræn yfirfærsla á þeirri heimspólítísku togstreitu sem fjöldamótmælin vitna um, sem og þjóðlegri minnimáttarkennd Breta andspænis hinu nýja heimsveldi (Henry tapar leiknum á móti Jay).

Þeirra Henrys ná sínum ofbeldisfulla hápunkti má í aðra röndina lesa sem útfærslu á stéttastríði, birtingarmynd pólanna tveggja sem Matthew Arnold í titli síns þekktasta rits kenndi við „menningu og stjórnleysi“ eða „culture and anarchy“, og vísaði þar til þeirrar vaxandi hættu sem að hans mati stafaði af hamslausum almúganum og kröfum hans.³⁶

Árekstur, innrás og ljóðlestur

Henry er á leið til fundar við kollega sinn er hann lendir í árekstri við Baxter og félagaga hans tvo. Í þessari ökuferð Henrys um miðborgina fylgist lesandi með hugrenningum hans þar sem hann enn á ný veltir fyrir sér kostum borgarinnar og nútímalífs, jafnvel sögu og arfleifð breska heimsveldisins, „[g]atan er ágæt og borgin, stórfenglegt afrek lifenda og allra þeirra látnu sem hér hafa einhvern tíma alið manninn, er ágæt líka [...] loftið er betra og laxar stökkva í Tamsá og otrar snúa aftur“ (72). Segja má að kímnislegt innlit otranna tákni sólstöðurnar á degi Henrys, hér nái heiðríkjan í huga hans ákveðnum hápunkti – en skömmu síðar, þegar leiðir þeirra Baxters og Henrys liggja saman sýni borgin hins vegar tennurnar og ógnandi undirtónn verksins geri vart við sig að nýju. Þótt umferðaróhappið sé í sjálfu sér saklaust (laskaður spegill og rispúr) eru eftirköstin grafalvarleg og hér má segja að umferðarslysið birtist í sögulegu gervi sínu sem táknmynd óttans við eins konar „kerfisvillu“ í borgarskipulaginu, tilfinninguna um að stræti stórborgarinnar séu ógnandi og búi yfir ýmsum hættum, rétt eins og umbreyting farþegaflugvéla í vopn er orðin ein helsta táknmyndin um „kerfisvillu“ í hnattvæddum samtímanum.³⁷ Þannig tengist áreksturinn ákveðinni katastrofískri samfellu í verk-

36 Matthew Arnold, *Culture and Anarchy. An Essay in Political and Social Criticism*, ritstj. Ian Gregor, Canterbury: University of Kent, 1971.

37 Yfirvofandi flugslysið í upphafskaflanum vísar þannig ekki einvörðungu til „hryðjuverkastríðsins“ svokallaða heldur einnig til almennari tækniótta samtímans, og myndar þannig þematiskt tengsl við umferðarslysið sem Henry lendir í og þann merkingarfræðilega og menningarlega þunga sem jafnan hefur fylgt umferðarslysinu í borgartextum. Í raun má segja að tortryggnin við áreiti og hraða hinnar tæknivæddu borgar eigi sér eina lífseigustu táknmynd sína í forni götuslyssins, mynd sem rekja má aftur til þess tíma er bifreiðir og sporvagnar komu mönnum undarlega fyrir sjónir og ráðlegast var að taka til fótanna ef ætlunin var að komast yfir götuna í heilu lagi. Um þetta sjá: Ben Singer, „Modernity, Hyperstimulus, and the Rise of Popular Sensationalism“, *Cinema and the Invention of the Modern Life*, ritstj. Leo Charney og Vanessa Schwartz, Berkeley og Los Angeles: University of California Press, 1995, bls. 72–102.

inu er lýtur að nútímanum sjálfum, þeirri hugmynd að gengdarlaus tækniþróun sé mannkyninu skaðleg (nokkuð sem McEwan tekur nánar til umfjöllunar í þarnaestu skáldsögu sinni, *Solar*, sem fjallar öðrum þræði um hlýnun jarðar), og grefur söguhöfundur þar á vissan hátt undan heimssýn og framfaratrú aðalsöguhetjunnar. Það er þessi „kerfisvilla“ sem birtist á nýjan leik og í breyttum búningi undir lok skáldsögunnar þegar ráðist er inn á heimili Perowne-fjölskyldunnar.³⁸

Samskipti þeirra sem í árekstrinum lenda verða brátt ofbeldisfull og Baxter notar óhappið sem tylliástæðu til að kúga fé út úr Henry. Henry tekur hins vegar eftir því að smáglæpamaðurinn hegðar sér að mörgu leyti undarlega. Andlitsfettur, vöðvakippir og líkamsskjálfti reynast vísbendingar um að kvilli af einhverju tagi hrjái Baxter og það verður Henry til bjargar að á mannlausri götunni tekst honum að sjúkdómsgreina Baxter með fumlausri nákvæmni, og hér kunna lesendur að minnast skilvirkrar meðferðar Andreu Chapman, annarrar „undirmálsmanneskju/-persónu“ í verkinu sem Henry setur í „læknisfræðilegt sjónmál“ með áhrifamiklum hætti.

Í ljós kemur að Baxter þjáist af Huntingtonssjúkdómi og er þess meðvitaður. Eigi að síður koma orð Henrys honum í opna skjöldu. Baxter er umhugað um að fela sannleikann fyrir samverkamönnum sínum og missir því eitt andartak stjórn á kringumstæðunum. Henry notar tækifærið og kemur sér á brott. Atburður þessi leiðir hins vegar með beinum hætti til þess að Baxter ræðst inn á heimili Henrys um kvöldið því Baxter telur sig hafa verið auðmýktan af lækninum. Auk þess hafði Henry reynt að blíðka Baxter með því að nefna ný meðferðarúrræði og bjóðast til að greiða honum aðgang að þeim, enda þótt hann vissi að umrædd meðferð hefði reynst gagnslaus og sjúkdómurinn álitinn ólæknandi og banvænn, nokkuð sem Baxter er jafnmeðvitaður um og Henry. Vonin er þó lífseig og það er ekki síður óskhyggja um lækningu en hefndarlöngun sem fleytir Baxter inn á heimili Perownes.

Í innrásinni í glæsilegt heimili Perowne-fjölskyldunnar í Bloomsbury hafa Baxter og Nigel undirtökin frá upphafi, enda vopnaðir. Karlmennirnir þrír í fjölskyldunni, Henry, tengdafaðir hans, ljóð-

38 Þar vísar skírskotananetið til stéttanúnings og efnahagslegrar misskiptingar, sem og kynþáttar, frekar en tækniótta eða skynáreitir.

skáldið John Grammaticus, og Theo, horfa varnarlausir á meðan Baxter þrýstir hnífisblaði að hálsi eiginkonu Henrys, Rósalindar, og þvingar þannig Daisy til að hlýða fyrirskipunum sínum. Ljóst er að innrásarmennirnir eru til alls vísir og Henry gerir sér enn fremur grein fyrir því að heilahrörnunarsjúkdómurinn sem þjakar Baxter geri hegðun hans einkar óútreiknanlega. Þegar þungun Daisy afhjúpast óvænt skömmu síðar er Baxter hins vegar í annað sinn þennan dag sleginn út af laginu og í örvæntingarfullri tilraun til að halda virðingu sinni og framlengja þrúgandi kúgunarvald sitt skipar hann Daisy, nakinni og varnarlausri, að lesa upp úr ljóðabók eftir hana sem liggur á stofuborðinu. Daisy á engra kosta völ en áður en lesturinn hefst ráðleggur afinn, Grammaticus, henni að lesa ljóð sem hún hafi áður lesið fyrir sig. Þarna mælir afi hennar undir rós, hann er að vísa til ljóða sem hún lærði utanbókar þegar hún var barn. Í stað þess að lesa ljóð eftir sjálfa sig fer hún því með hið sögufræga ljóð Matthews Arnold, „Dover Beach“, lýriskan texta sem einkennist af harmrænum undirtóni og bölsýni í garð nútímans.

Hér er mikilvægt að gaumgæfa hvernig sögumaður stýrir sjónarhorni frásagnarinnar því andrúmsloftið þegar ljóðlesturinn hefst er lævi blandið, nokkuð sem breytist á róttækan og undraverðan hátt. En fyrst er lýst áhrifunum sem ljóðlesturinn hefur á Henry, sem þekkir ekki ljóð Arnolds og gerir sér því ekki grein fyrir því að Daisy fari ekki með frumsamið ljóð:³⁹

Hendingarnar koma [Henry] á óvart – hann hefur greinilega ekki lesið nógu vel. Þær eru óvenjulega íhugular, ómþýðar og fornar að yfirlögðu ráði. Hún hefur flutt sig aftur á aðra öld [...] en um leið og hún brýnir aðeins raustina og finnur drög að léttari hrynjandi finnst honum hann renna gegnum orðin og inn í hlutina sem þau lýsa. Hann sér Daisy á svölum sem vita út að strönd í tunglskini að sumarlagi; sjórinn er lygn og það er háflóð, loftið angar, sólin varpar síðustu geislum sínum. Hún kallar til elskhuga síns, áreiðanlega mannsins sem verður dag einn faðir

39 Trúverðugleiki þess að Henry, hámenntaður maður, kannist bókstaflega ekki við eitt frægasta ljóð breskra bókmennta og standi jafnvel í þeirri trú að það sé eftir dóttur sína hefur vissulega trúflað lesendur en því má svara með því að sá skoplegi strengur bókarinnar sem fjallað hefur um takmarkaðan bókmenntaskilning Henrys undirbyggi einmitt þessi viðbrögð. Þá er ýjað að því að Henry, líkt og mörg skólabörn í Bretlandi, hafi komist í snertingu við „Dover Beach“ innan veggja kennslustofu því hann „rámar“ óljóst í ljóðið.

barnsins hennar, að koma og sjá, eða öllu heldur hlusta á það sem fyrir ber. Perowne sér ungan mann með slétt hörund, beran að ofan, standa við hlið Daisy. Saman hlusta þau á brimið dynja á fjörumölinni og heyra í dyninum djúpan harm sem nær alveg aftur til fornra tíma. Hún hugsar að jafnvel enn lengra aftur hafi verið annar tími þegar jörðin var ný og hafið veitti huggun og ekkert hafi stíað í sundur manni og guði. En þetta kvöld heyra elskendurnir aðeins depurðina og missinn í þessu hljóði þegar öldurnar brotna og hörfa frá ströndinni. Hún snýr sér að honum og áður en þau kyssast segir hún honum að þau verði að elska hvort annað og vera hvort öðru trú, sérstaklega nú þegar þau eiga von á barni og hvorki ríkir friður né víska og eyðimerkurherir bíða gráir fyrir járnnum. (203)

Henry hefur ávallt verið efasemdarmaður um mátt og gagnsemi skáldskaparins, og er þar vísað til þess að sem raunsæis- og vísindamaður hafi hann litla þolinmæði gagnvart uppdiktuðum sögum með einföldum siðaboðskap, en með þeim hætti lýsir hann ýmsum þekktustu verkum bókmenntasögunnar. En hér, undir þessum óvanalegu og ógnvekjandi kringumstæðum er sem samband hans við bókmenntirnar sé endurnýjað. Með taugarnar þandar til hins ýtrasta er Henry loks reiðubúinn að opna sig fyrir skáldskapnum, hann bókstaflega „renn[ur] í gegnum orðin og inn í hlutina sem þau lýsa“. Þarna er snert á kraftmikilli og lífseigri hugmynd um að tungumálið fangi veruleikann og/eða æðri verðmæti með einhverjum hætti, að orðin séu ekki hluti af óhlutbundnu og handahófskenndu táknerfi heldur brú milli manns og heims, jafnvel æðri veruleika og eilífra gilda. Þessa hugmynd má tengja við rómantísk skáldskaparfræði sem og eldri hugmyndir um skáldskap og tungumál en það sem hér skiptir ekki síst máli er sjálfur „mislestur“ Henrys á ljóðinu.⁴⁰

40 Hér mætti vísa til umræðunnar á ofanverðri átjándu og níttjándu öld um hlutverk táknsins og samband þess við allegoría, ekki síst í skrifum Samuels Coleridge og J. W. von Goethe. Um skáldskaparfræði rómantísku skáldanna er fjallað í *The Mirror and the Lamp. Romantic Theory and the Critical Tradition* (London, Oxford og New York: The Oxford University Press, 1971) eftir M. H. Abrams. *Mimologics* (þýð. T. E. Morgan, Lincoln: University of Nebraska Press, 1995) eftir Gérard Genette er sömuleiðis gagnlegt yfirlitsrit um kenningar um nán tengsl og jafnvel samruna tungumáls og veruleika. Róttækt og afar sögulegt inngríp í umræðuna um samband tungumáls og veruleika felst svo í ritgerð Friedrichs Nietzsche, „Um sannleika og lygi í ósiðraenum skilningi“, þýð. Magnús Diðrik Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir, *Skírnisir*, 1/1993. Þá er ritgerð Walters Benjamin „Um mál almennt og mál mannsins“ mikilvæg í þessu samhengi en hún birtist í íslenskri þýðingu Böðvars Yngva Jakobssonar og Guðrúnar Kvaran í *Fagurfræði og miðlun*,

Sviðsetningin, dynjandi brimið á fjörumölinni, á vissulega rætur að rekja til ljóðs Arnolds sem og hið tregafulla samband elskenda og eftirsjáin eftir trúarlegri heimsmýnd. Henry fer hins vegar rangt með mælandann í ljóðinu (eignar konunni það hlutverk) og skýrist það af því að hann stendur í þeirri trú að dóttir sín sé höfundurinn og að skáldskapur hennar gefi almennt sanna og býsna nærgöngula mynd af lífi hennar. Í umræðu sinni um *Laugardag* dvelur Molly Clark Hillard einmitt við hugmyndina um ævisögulegan „mislestur“, og þá sem þýðingu á hugtakinu „misprision“ sem bandaríski bókmenntafræðingurinn Harold Bloom notar og leggur út af í bók sinni *The Anxiety of Influence* (1973). Vísar „mislestur“ í því samhengi til frjálsrar og jafnvel öfugsnúinnar túlkunar ljóðskálds á forverum sínum, mislesturinn verður að tæki eða vopni sem yngra skáldið beitir fyrir sig til að komast undan ægivaldi forvera sinna, leika á þá og snúa ljóðsköpun þeirra á haus til að skapa sjálfum sér andrými. Hillard nálgast hugmyndir Blooms um textatengsl á þematískum forsendum og leitast við að sýna fram á samsvörun milli þess að Henry „mises“ höfundarödd dóttur sinnar og eignar henni hugmyndaheim sem í raun stendur henni fjarri og þess hvernig gagnrýnendur eignuðu McEwan „rödd“ Henrys í textanum.⁴¹

Auk þess að túlka mislestur Henrys með útsjónarsömum hætti er greining Hillard gagnleg vegna þess að hún dregur fram hversu margræður texti McEwans í raun er, nokkuð sem ummælendur líta stundum fram hjá þegar kemur að sambandi sögumanns og vitundarmiðju verksins. Þá kemur Hillard einnig auga á hversu meðvituð notkun McEwans á textatengslum er; bent er á hvernig hann í vissum skilningi notar tengsl við ljóð Arnolds og lestur á því til að vara við lesaðferð sem hans eigin texti er berskjaldaður fyrir sökum frásagnararaðferðar. En hér má bæta við að stílblöggð McEwans eru ekki síður eftirtektarverð ef litið er til þess hvernig söguhöfundur miðlar sjálfu sjónarspili æsifrásagnarinnar í gegnum skynjun viðstaddra á ljóðlist. Raunar er ekki nóg með að sjálf atburðarásin endurspeglar í skynjun

ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 153–173.

41 Molly Clark Hillard, „When Desert Armies Stand Ready to Fight: Re-Reading McEwan’s *Saturday* and Arnold’s ‘Dover Beach’“, *Partial Answers: Journal of Literature and the History of Ideas*, 1/2008, bls. 181–206.

og túlkun Henrys á ljóði Arnolds heldur er „misskilningur“ hans jafnframt farvegur fyrir áframhaldandi vinnu með djúpstæðari þematíska undirbyggingu verksins. Dæmi um það er ljóðlínan sem endursögð er hér að ofan og má lesa sem eins konar umritun á niðurlagi ljóðs Arnolds: „eyðimerkurherir [sem] bíða grárir fyrir járnum“. Ógnandi staða herjanna vísar vissulega til Nígels og Baxters (sem einmitt stendur „grár fyrir járnum“ yfir Rósalind) og þrúgandi andrúmsloftsins þar sem kyrrstaðan virðist á hverju augnabliki geta breyst í tryllingslegt blóðbað. En í „misskilningi“ Henrys á lokálínum ljóðsins, eða skáldlegri viðbót því „eyðimörk“ kemur hvergi fyrir í texta Arnolds, felst einnig vísun til yfirvofandi eyðimerkurstríðs í Írak, sem er þráður í verkinu sem ofinn hefur verið fínlega inn í frásögnina með reglulegu millibili og tengist einnig Daisy, upplestaranum sem á sinn þátt í að framkalla sjálft vitundarflæðið sem hér er lýst, því það er einmitt um Írak sem þau feðgin deila er þau hittast á ný, skömmu fyrir árás Baxters.

Þegar Daisy hefur lokið ljóðaupplestrinum bíða allir viðstaddir með öndina í hálsinum eftir viðbrögðum Baxters: „Hún [Daisy] lítur upp. Rósalind, sem getur ekki hamið vöðvakrampann í hnjúnum, starir ennþá á dóttur sína. Allir aðrir fylgjast með Baxter. Hann er álútur, styður sig við sófabakið. Þótt hægri hönd hans hafi ekki færst frá hálsi Rósalindar virðist hann ekki halda jafn fast um hnífinn og stellingin, þar sem hann hallar bakinu á einkennilega eftirlátssaman hátt, bendir til að hugsanlega séu áform hans að fara forgörðum. Gæti það gerst, væri það innan marka veruleikans, að eitt einasta ljóð eftir Daisy gæti valdið geðsveiflu?“ spyr Henry sjálfan sig (203).

Lýsingin á aðstæðum tekur mið af skynjun Henrys en sjónarhornið er þó ekki hans eigið og er ágætt dæmi um hvernig stundum er erfitt að skilja á milli sögumanns og sögupersónu í þessu verki, en spurningin sem ómar í síðustu málsgreinininni tilheyrir Henry hins vegar að fullu, hér hefur von kviknað um farsælan endi á kvöldinu. Ljóst er að ljóðið hefur haft áhrif á Baxter en spennan er dregin á langinn því Baxter skipar Daisy að lesa ljóðið aftur. Það gerir hún og les af meira öryggi en í fyrra skiptið. Sögumaður, eins og áður, heldur sig nærri Henry sem nú skynjar ljóðið með öðrum hætti en hann gerði í fyrstu:

Henry missti út þegar fyrst voru nefndir klettur Englands sem „gnæfa í ljóma út við lygnan flóann“. Nú virðist svo sem það séu engar svalir, heldur opinn gluggi; það er enginn ungur maður, faðir barnsins. Þess í stað sér hann Baxter standa einan, halla olnboganum á gluggasýlluna, hlusta á öldurnar „bera með sér óm af ævarandi hryggð“. Það var ekki öll fornöldin, heldur aðeins Sófókles sem tengdi þetta hljóð við „morugt flæði mannlegs böls“. Jafnvel í þessu ástandi á Henry erfitt með sig þegar minnst er á „trúarhaf“ og glitrandi paradís hins heila lífs sem er glatað í fjarlægri fortíð. Síðan heyrir hann aftur með eyrum Baxters „hafsins höfga, langa gný, hörfa fyrir blæ næturvindsins, eftir eyðiströndu og auðum malarfjörum þessa heims“. Þetta lætur eyrum eins og hljómfögur bölvun. Beiðnin um gagnkvæma tryggð virðist vonlaus þegar gleði eða ást eða birtu eða frið eða „líkn með þraut“ skortir. Jafnvel í heimi „þar sem glópaheirir kljást um nótt“ heyrir Henry ekkert minnst á eyðimörk þegar hann hlýðir á kvæðið í annað sinn. (204)

Henry skynjar bölsýni ljóðsins betur og um leið færist Daisy til hliðar sem uppspretta merkingar í ljóðinu og Baxter stígur þess í stað fram. Þetta er undirstrikað með því að nú heyrir Henry „með eyrum Baxters“ og Baxter hefur gengið inn í harmrænt hlutverk ljóðmælendans og tekið á sig ásýnd þess sem skynjar þann djúpstæða harm sem Arnold telur marka hlutskipti hins fallna nútímamanns. Enda þótt Henry sé skiljanlega umhugað um viðbrögð Baxters („Gæti það gerst, væri það innan marka veruleikans, að eitt einasta ljóð eftir Daisy gæti valdið geðsveiflu?“) og því sé það trúverðugt að hugsanir um Baxter liti skynjun hans á ljóðinu þá er fleira á seyði: Í skynjun Henrys umbreytist Baxter í tilfinningaveru og eins ólíklegt og það kann að virðast myndast tengsl á milli þeirra, tengsl sem voru óhugsandi áður en ljóðaupplesturinn hófst. Smám saman virðist Henry vera að yfirstíga óttann sem greip hann í upphafi og hann skynjar nú Baxter sem manneskju, ekki aðeins ógnvald eða viðfang hins „læknisfræðilega sjónmáls“. Þetta er staðfest undir lok verksins þegar Henry og Theo „hrinda“ bókstaflega árás Baxters með því að varpa honum yfir stigahandrið með þeim afleiðingum að hann hlýtur lífshættulega höfuðáverka sem Henry er síðar kallaður upp á spítala til að gera að. Eftir ljóðaupplesturinn er strengur orðinn til sem tengir þá tvo, lækninginn og sjúklinginn, fórnarlambið og ofbeldismanninn.

Ljóðið hefur með öðrum orðum mikilvæg áhrif á Henry, „miskilningur“ fyrstu áheyrnar hefur umbreynt og nú þjónar frávarp á ævisögulegum þáttum (annars vegar er viðkoma Daisy, svo Baxter) nokkuð öðru hlutverki en áður; samlíðan tekur við af ótta. Það er svo hér sem sögumaður snýr sér að viðbrögðum Baxters og ljóst verður að hrottinn sem heldur fjölskyldunni í heljargreipum er bæði hræður og uppnuminn: „Það er erfitt að skera úr því vegna þess að andlit Baxters er aldrei kyrrt, en hann virðist skyndilega í sjöunda himni. Hægri hönd hans er farin frá öxl Rósalindar og hnífurinn er þegar kominn aftur í vasann.“ (204) Baxter tekur þvínæst til máls „og segir ákafur: ‘Þú skrifaðir þetta. Þú *skrifaðir* þetta’.“ Baxter endurtekur þessi þrjú orð nokkrum sinnum í viðbót, „Þú skrifaðir þetta. [...] Þetta er fallett. Þú veist það, er það ekki? Þetta er fallett. Og þú skrifaðir það“ (204). Áherslan á „skrifaðir“ sem skáletrunin gefur til kynna, sem og endurtekning Baxters á sömu yrðingunni, ýta undir þann skilning að ljóðið hafi verið Baxter sannkölluð uppljómun og kalt miskunnarleysið hafi í kjölfarið umbreynt í aðdáun á Daisy, „skapara“ ljóðsins sem svo hreyfði við honum.⁴² Nú breytist allt hratt; Baxter segir Daisy að klæða sig á ný, eins og það hafi verið hennar hugmynd að lesa ljóð nakin, og allar hugsanir um að vinna fjölskyldunni mein eru á brott. Í staðinn hefur bjartsýni náð undirtökunum, Baxter er orðinn áhugasamur um lækningarúræðin sem Henry hafði áður minnst á. Nigel fyllist viðbjóði á þessum sinnaskiptum leiðtoga síns og lætur sig hverfa og það er undir þessum kringumstæðum sem Henry og Theo tekst að ráða niðurlögum Baxters, og þannig lýkur sögunni með farsælum hætti fyrir Henry og fjölskyldu hans.

Hér virðist McEwan með nokkuð skýrum hætti sviðsetja hugmyndir um mátt skáldskaparins, hugmyndir sem kunna að koma nú-

42 Hér hnika ég nokkuð til þýðingu Árna Óskarssonar en hjá honum er hugtakið „ortir“ notað í stað „skrifaðir“ – en í enski útgáfu er upphrópun Baxters: „You wrote this“ og er það skoðun mín að hugtakið „að yrkja“ sé of fágæð og tengt hámenningu til að endurspegla réttilega menningarlegan bakgrunn Baxters, „lágstéttarhrotta“ McEwans, sem kann þarna að vera að hlýða á ljóð í fyrsta sinn. Með því að nota hugtakið „að yrkja“ – sem endurspeglar ágætlega vitund aðalsöguhetjunnar, Henrys – gerir þýðandi textann einradda (öllu er miðlað frá sjónarhorni vitundarmiðjunnar og tekur mið af efri-millistéttartilvist hennar) einmitt þegar McEwan beitir listilega fyrir sig tvíröddun. Um einröddun og tvíröddun, sjá: Julia Kristeva, „Orð, tvíröddun og skáldsaga“, þýð. Garðar Baldvínsson, *Spur í bókmenntafræði* 20. aldar: frá Shklovskij til Foucault, ritstj. Garðar Baldvínsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991, bls. 93–128.

tímalesendum spánskt fyrir sjónir en eru leiðarstefið í menntakenn-
ingum og fagurfræði Matthews Arnold, höfundu ljóðsins sem Daisy
les. Á síðari hluta nítjándu aldar var hin trúarlega heimsmýnd á
undanhaldi og hafði verið allt frá árdögum upplýsingarinnar. Náð-
arhöggið var svo reitt af hendi Darwin, Nietzsche og tækniþróun
seinni iðnbyltingarinnar á síðari hluta nítjándu aldar. Mörgum óx þó
í augum það verkefni upplýsts nútíma að hann yrði „sjálfur að verða
uppspretta eigin gildisviðmiða“, eins og þýski heimspekingurinn
Jürgen Habermas orðaði það, og var Arnold einn af þeim.⁴³ Segja
má að Arnold hafi fylgt í fótspor Hegels og annarra hugsuða sem
töldu að traust heimsmýnd trúarbragðanna gæti ekki fallið án þess að
önnur risi í staðinn; ellegar myndi hreint stjórnleysi ríkja.⁴⁴ Arnold sá
fyrir sér að hægt væri að skipa skáldskapnum, einkum ljóðlist, í það
hlutverk sem trúarbrögðin áður gegndu í menningunni, að þangað
mætti sækja vísdom um lífsbreytni og gildi, og mannskilning sem
myndi í senn tryggja stöðuga samfélagsskipan og varðveita fræknustu
afrek mannsandans. Þessi hugmynd um skáldskapinn sem sameig-
inlegan sjóð, eða handanheim sem (karl)mönnum býðst að ferðast um
til að eiga samsæti með öðrum göfugum öndum, átti eftir að reynast
áhrifamikil, ekki síst á nýrýni tuttugustu aldar. Það sem skiptir þó
mestu máli í núverandi samhengi er annars vegar það mannbætandi
og menntandi hlutverk sem Arnold eignaði skáldskapnum og hins
vegar sú kenning hans að sjálfsveran sé ekki nema að hluta mótuð
af samtíma sínum og menningu heldur búi í mannum eilífur og
óbreytanlegur kjarni. Þessi sýn á sjálfsveruna grundvallast á þeirri
hugmynd að gildin sem búa í skáldskap séu eilíf og að upphafleg
merking þeirra sé ávallt aðgengileg lesendum, sama þótt himinn og
haf aðskilji ritunartíma og viðtöku.⁴⁵

Hægt er að lesa niðurlag *Laugardags* sem úrvinnslu og jafnvel
nútímalega birtingarmynd á þessum hugmyndum um skáldskap og
sjálfsveru. Baxter er lýst sem skörpum og vel gefnum ungum manni,
enda þótt hann hafi leiðst á glapstigu. Það að hann hafði upp á eigin

43 Jürgen Habermas, *The Philosophical Discourse of Modernity. Twelve Lectures*, þýð. F. Lawrence, Cambridge: The MIT Press, 1990, bls. 7.

44 Um „æskuheimspeki“ Hegels þess að lútandi að list yrði að taka við gildismótandi hlutverki trúarbragðanna má lesa í Habermas, *The Philosophical Discourse of Modernity*, bls. 31–37.

45 Arnold, *Culture and Anarchy*, einkum kaflinn, „Sweetness and Light“, bls. 33–58.

spýtur kynnt sér lækisfræðilegar bókmenntir til að grafast fyrir um sjúkdóminn sem hrjár hann staðfestir það, sem og samanburðurinn á viðbrögðum hans og Nigels við ljóðaupplestrinum. Nigel hlustar með öllu skilningsvana á það sem fram fer meðan Baxter hrífst af ljóðinu og tengist þannig ekki aðeins hámenningu nítjándu aldar heldur einnig úrvinnslu Arnolds á hinum forngríska menningararfi. Þetta gefur til kynna að undirmálsstaða og glæpsamleg hegðun Baxters tengist félagslegri örbirgð en hann býi hins vegar yfir þeim mannkostum sem nauðsynlegir eru til að mannbætandi máttur menningarinnar beri ávöxt þegar tækifæri loks gefst til að upplifa sanna listsköpun.

Þannig er stoðum rennt undir hugmyndina um tímaleysi listsköpunar og hugmynd frjálslynds húmanisma um sögulausan mannlegan kjarna, að það sem gerir sjálfið að því sem það er sé á einhvern hátt fráskilið sviptivindum umhverfis og menningar. Samskipti Daisy og Baxters, í örlítið friðsamlegri búningi að vísu, gætu raunar verið skólabókardæmi um menntunarhugsjónir Arnolds og það hlutverk sem hann ætlaði skáldskapnum. Með örlítið kaldranalegri hætti mætti jafnframt benda á að lýðstýrandi eða pragmatísk hlið kenninga Arnolds birtist hér með jafn skýrum hætti og sú rómantíska, en hugmyndir hans tóku ekki aðeins mið af hugljúfum ljóma menningarinnar heldur var menningin einnig ákveðið valdataeki í hans huga.⁴⁶ Að því verður þó að huga að hugljómun Baxters er ekki laus við írónískan undirtón, og jafnvel má lesa umskipti hans í gegnum órómantíska linsu heilahrönnunarsjúkdómsins sem hann þjáist af, en fram kemur að skapsveiflur og órökleg upphlaup einkenni ástand hans. Á móti mætti hins vegar nefna upplifun raunsæismannsins Henrys af ljóðlestrinum og þau tengsl sem myndast milli hans og Baxters í krafti listarinnar. Þegar Henry ákveður að yfirgefa fjölskyldu sína á miklum álagstíma, fjölskyldu sem enn er í áfalli, til að bregðast við neyðarkalli spítalans og bjarga lífi Baxters má segja að í gegn skíni

46 Í ritgerðinni „The Popular Education of France“ segir Arnold meðal annars: „Þarna stígur almúgin fram, reiðubúinn til að eigna sér sinn skerf af heiminum, öðlast skýrari sýn á eigið líf. Í þessari óhjákvæmilegu þróun er millistéttin þeirra náttúrulegu leiðbeinendur og kennarar, stéttin næst fyrir ofan múginn. Ef millistéttin er ekki reiðubúin að takast á við þessa ábyrgð er hættu á að samfélagið verði stjórnsleysi að bráð.“ Ritgerðina má finna í *Democratic Education*, ritstj. R. H. Super, Ann Arbor: University of Michigan Press, bls. 22. Tilvitnun er hins vegar tekin úr riti Terry Eagleton, *Literary Theory: An Introduction*, Minneapolis: The University of Minnesota Press, 1983, bls. 24.

þær manngildishugsjónir sem Arnold lagði áherslu á sem og sú samliðan sem hann taldi ljóðlist einmitt geta alið í mannum.

Í ritgerð sinni um framsetningu McEwans á konum gerir Angela Roger að sérstöku umræðuefni hversu algengt það sé að konur séu nær algjörlega valda- og áhrifalausar andspænis ofbeldismönnum af ýmsu tagi, þær séu ósjálfbjarga og veikburða en að sama skapi tengdar við fagrar listir og sköpunargáfu.⁴⁷ Enda þótt grein Roger sé frá ofanverðum tíunda áratug síðustu aldar og geri sér einkum mat úr eldri verkum McEwans er óhætt að segja að þessi þematísku einkenni ómi á ný í *Laugardegi* og veki okkur til umhugsunar um framsetningu á konum í skrifum karla. Í innrásarhlutanum kemur til dæmis ekki fram fyrir en nokkuð er liðið á atburðarásina að Daisy er ekki að lesa frumsamið ljóð þótt glöggir lesendur kunni að átta sig fljótt á því. Í sjálfu sér má spyrja hvers vegna Daisy sé ráðlagt að lesa ljóð úr hefðinni frekar en úr eigin bók og fyrir því geta verið ýmsar ástæður; ljóð Daisy eru til dæmis kynferðislega opinská og kann Grammaticus að óttast að þau æsi árárarmennina.⁴⁸ Táknrænn þungi þess að Daisy neyðist á ögurstund til að bókstaflega klæða sig í karllæga menningarhefð fer hins vegar ekkert á milli mála; sýnt hefur verið fram á að Daisy hefur bein í nefinu, meðal annars hafnar hún forræði þjóðskáldsins afa síns, en þegar á hólminn er komið dugar hennar eigin listsköpun ekki til, hún er algjörlega varnarlaus, ekki síst á grundvelli kynferðis síns, og það er karllæg bókmenntahefðin sem bjargar henni. Það er í þessu samhengi sem að lokum getur reynst forvitnilegt að túlka *Laugardag* í samhengi við tvær aðrar nýlegar skáldsögur McEwans.

Brúðkaupsnóttin og *Friðþæging* eiga það sameiginlegt með *Laugardegi* að gera ungar konur sem búa yfir listrænum hæfileikum að miðlægum persónum í sögum sem hverfast um víðtækar afleiðingar kynferðisofbeldis karla gegn konum. Ólíkt *Laugardegi* verður kynferðisofbeldið ekki eingöngu að möguleika heldur kaldranalegum veruleika í skáldsögunum tveimur, þar sem ofbeldismaðurinn kemst upp með glæpinn í skjóli skamrar fórnarlambins og ráðaleysis eða óryggis aðstandenda um hvernig bregðast beri við kynferðisglæp. Í

47 Roger, „Jan McEwan’s Portrayal of Women“, bls. 13, 23 og 25.

48 Ólíkt föðurnum þekkir Grammaticus ljóð Daisy vel. Hann hafði lesið bókina í prufuprenti og jafnvel lagt nokkur þeirra á minnið.

Brúðkaupsnóttinni er fjallað um sifjaspell en í skáldsögunni má rekja sálræna erfiðleika aðalsögupersónunnar, fiðluleikarans Florence, til kynferðisofbeldis sem hún mátti þola frá hendi föður síns. Líkt og ofbeldið sjálft, sem viðgekkst meðal annars í skjóli aðgerðaleysis móður stúlkunnar, eru tilvísanir til sifjaspellsins bældar í textanum, en afleiðingar þess gera áþreifanlega vart við sig á brúðkaupsnótt Florence, þegar hún reynist ófær um kynferðislegt samneyti við eiginmann sinn, Edward, vegna þess andlega uppnáms sem líkamleg nánd vekur með henni. Skáldsagan fjallar þannig um ást sem fer forgörðum og samskipti sem lituð eru af bældum viðhorfum gagnvart kynlífi á árunum fyrir blómabyltinguna, og þöggun á ofbeldi karla gegn konum.⁴⁹ Florence lifir með óuppgerðum skaða ofbeldisins en finnur sér hins vegar skjól og farveg í lífinu í tónlistinni, þar sem hæfileikar hennar fá að njóta sín, og hún hefur sig upp fyrir þau eyðileggjandi öfl sem lögðu innra líf hennar í rúst.

Í *Friðþægingu* má segja að áþekku ferli sé lýst, en þar margfaldast skaði ofbeldisglæps þegar Robbie, fjölskylduvinur Tallis-fjölskyldunnar, er ranglega dæmdur fyrir nauðgun sem á sér stað á landareign þeirra. Robbie er ásamt systrunum Ceciliu, háskólanema í Cambridge, og unglingsstúlkunni Briony, ein af aðalsögupersónum *Friðþægingar*. Briony, sem verður vitni að nauðgun frænku sinnar án þess að sjá ofbeldismanninn glöggt sakar Robbie um glæpin. Nauðgunarkæran sem lögð er fram í kjölfarið leggur ekki aðeins framtíð Robbie sem læknanema í rúst heldur einnig innilegt ástarsamband hans og Ceciliu. Þegar Briony fullorðnast og verður að þekktum rithöfund, glímir hún við sektarkennd og eftirsjá og skrifar játningu og tilraun til yfirbótar í skáldsagnarformi, en þau skrif skarast á margvíslegan hátt við sögumannsvitund skáldsögu McEwans. Í *Friðþægingu* verður máttur skáldskaparins þó ekki aðeins að skjóli þar sem leitað er friðþægingar heldur einnig bókstaflega að hættulegu afli í meðförum hinnar óproskuðu Briony sem slær saman óhömdu skáldlegu ímyndunarafli, unglingsórum og tilraun til að gefa óhugsandi glæp heildstæða merkingu, er hún telur sér og öðrum trú um að ofbeldismaðurinn sem hún sá bregða fyrir hafi í raun verið Robbie.

49 Þessa þætti ræddi ég stuttlega í ritdómi mínum um *Brúðkaupsnóttina*, „Margbrotið tilfinningalíf“, *Morgunblaðið*, 12. júlí 2008, bls. 19.

Þannig eiga skáldsögurnar þrjár það sameiginlegt að kanna áhrif þrenns konar „afla“ á líf sögupersóna, þ.e. virks eyðileggingarafis ofbeldissinnaðra karlmanna, samfélagslegra viðhorfa á ólíkum heims-sögulegum áttakátímum og loks áhrifamáttar skáldskapar og lista, nokkurs konar húnánísks afis sem vísar að mörgu leyti til sígilda hugmynda um sigur „mannsandans“. Það vekur athygli að skrif kvenna í *Brúðkaupsnóttinni* og *Friðþægingu* reynast gagnslítill og skaðleg andspænis illskunni, móðir Florence er fræðikona sem einbeitir sér að fræðunum í afneitun sinni og þar með meðvirkni með sífjaspellinu, og skáldlegt ímyndunarafli Briony gerir hinum seka í nauðgunarmálinu kleift að komast upp með glæpinn. Allar leita þær hins vegar áður en yfir lýkur í hina karllegu hefð kanónískra lista. Florence hafnar rokktónlistarbyltingunni sem Edward tekur heilshugar þátt í, en einbeitir sér að glæstum ferli í strengjakvartett sem flytur hefðbundin sígild verk meistara á borð við Mozart. Briony fágar móðernískan stíl sinn, sem er gagnrýndur fyrir að vera um of í anda Virginíu Woolf, er hún þroskast sem rithöfundur og rennur að lokum saman við raunsæislegan söguhöfund McEwans í skrifum sínum á friðþægingarskáldsögunni; og Daisy notar ljóðið „Dover Beach“ undir styrkri handleiðslu stórskáldsins afa síns sem nokkurs konar skjöld til þess að slá vopnin úr höndum hins ruddafengna ofbeldismanns Baxters. Þannig tvinnast skrif karla og kvenna saman í verkum McEwans sem vekur upp spurningar um hugmyndaátök, hefð og ritunaraðferðir, og má færa rök fyrir því að vötnin liggi að endingu til ofurafis hefðarinnar sem birtingarmyndar hins upphafna (karl)mannsanda.

Útdráttur

Skáldsaga breska rithöfundarins Ians McEwan, *Laugardagur*, gerir kynferðisofbeldi að umfjöllunarefni en stefnir jafnframt saman flóknum vangaveltum um einkalíf, kynverund og heimssöguleg átök á máta sem vekur upp spurningar um framsetningu á konum í skrifum karla. Þetta á verkið sameiginlegt með tveimur öðrum nýlegum skáldsögum höfundar. Í *Friðþægingu* greinir frá Robbie sem skömmu fyrir síðara stríð er ranglega dæmdur í fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungrri stúlku. Í *Brúðkaupsnóttinni* vofir skelfilegur

glæpur úr æsku yfir atburðarás sem á sér stað við upphaf umróta-skeiðs sjöunda áratugarins. Í *Laugardegi* greinir hins vegar frá degi í venjubundnu millistéttarlífi fjölskylduföðurins Henrys samhliða því sem mótmælum gegn yfirvofandi stríði í Írak vindur fram, stríði sem dóttir hans Daisy er mjög andsnúin. Þegar ráðist er inn á fjölskyldu-heimilið að kvöldi laugardagsins vofir ógnin um kynferðisofbeldi yfir Daisy. Umfjöllun um kynferðisofbeldi er í bókunum þremur miðlað í sjálfvísandi samhengi, þar sem skáldskapurinn verður að virkum þætti í merkingarsköpun í kringum ofbeldið, ýmist sem vitorðsafl eða verndarmáttur. Þannig skapar McEwan flókin venzl ofbeldis, texta og kynferðis og dregur inn í þá athugun vangaveltur um heimssöguleg átök og bókmenntasöguleg umbrot. Í greininni er rýnt í þennan vef og sérstök áhersla lögð á að greina *Laugardag*, og spurt hvort McEwan leitist við að brjóta upp viðteknar framsetningar á konum, ofbeldi og list í skrifum karla eða gangist við þeim.

Lykilorð: *Ian McEwan, breskur nútímaskáldskapur, kynbundið ofbeldi, Matthew Arnold, framsetning á konum í skáldskap*

Abstract

Ian McEwan's novel *Saturday* deals with sexual violence while also thematizing notions about interiority, female subjectivity and world historical events in a manner that invites questions about the role of women in the writings of male authors. In fact, *Saturday* shares these preoccupations with two other recent works by McEwan. In *Atonement* we meet Robbie who, shortly before the outbreak of World War II, is unjustly sentenced to prison for rape. *On Chesil Beach* describes how remnants of a past crime haunt the present of the novel and ruin the possibility of sexual intimacy between a newly married couple at the cusp of the social revolution of the 1960s. *Saturday* on the other hand portrays a day in the life of a upper middle class doctor whose travels around London happen to coincide with demonstrations against the war in Iraq, a political stance shared by Henry's daughter Daisy. As, however, the family home is invaded while an evening dinner is in progress, the threat of sexual violence suddenly

looms over Daisy. In all three works, acts of violence are thematized through self-conscious textuality where literature itself – or art in a wider sense – becomes an integral feature of the way in which violence is perpetrated, endured, resisted or transcended. McEwan thus creates a complex dynamic between violence, literature and gender while also incorporating the material world of geopolitical conflict and upheaval. The article's main focus is on *Saturday*, although the other two also come into play, and the question is posed whether McEwan is seeking to undermine or deconstruct traditional representations of women under duress in male writings, or whether he in fact subtly ascribes to and reinforces them.

Keywords: *Ian McEwan, British contemporary fiction, gender and violence, Matthew Arnold, women in the writings of male authors*

DSK, víkingar og mestu snillingarnir

Karlgervi í bankahruninu 2008¹

CYNTHIA ENLOE

Valdamikill bankamaður á alþjóðavísu er sakaður um kynferðisbrot gegn hótelpönu. Ári síðar birtir ákærvaldið kæru á hendur honum fyrir að hafa skipulagt vændishring á árunum sem hann vann við bankann. Konur sem starfa í sama banka leggja á ráðin til þess að verjast kynferðislegri áreitni karlkyns samstarfsmanna. Samtímis eru konur í öðrum bönkum, sem líka eru „of stórir til að mega fara á hausinn“, settar hjá á meðan launhelgar tiltekinna karlgerva (e. *masculinities*) blómstra. Hvað er eiginlega í gangi?

Rannsóknir sem byggjast á femínisma hafa svipt hulunni af ýmsu sem leiddi til bankahrunsins árið 2008. Þær afhjúpa einnig hættuna sem felst í því að halda að við séum búin að draga þann lærdóm af hruninu að við getum komið í veg fyrir að sama hörmungarsagan endurtaki sig. Femínískir fræðimenn geta beitt skæru leitarljósi til að sýna hvernig hversdagsmenning karl- og kvengerva (e. *femininities*) virkar innan stórra fjármálastofnana en það hefur rannsakendum, bankamönnum og þeim sem vilja breyta starfsháttum banka þótt litlu skipta. Það sem hér fer á eftir markar engin sögulok, en gæti reynst gagnleg byrjun.

1 [Kafllinn sem hér birtist er úr bók Cynthia Enloe: *Seriously!/: Investigating Crashes and Crises as if Women Mattered*, Berkeley: University of California Press, 2013, bls. 49–85. Sumir þeirra tengla sem vísað er í neðanmáls reyndust óvirkir og voru uppfærðir af þýðanda. Þýð.]

DSK-málið

Hefjum umfjöllunina á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS). Grikkland, Ísland og mörg önnur ríki sem nú reyna að brjótast út úr kreppunni miklu í kjölfar bankahrunsins hafa sótt um lán hjá AGS. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem athygli manna beinist að sjóðnum en á þeim sex áratugum sem liðnir eru frá stofnun hans hefur hún þó fyrst og fremst beinst að stefnu hans en lítið að innanhússmenningunni sem þar ríkir.

Femínískir fræðimenn, ekki síst þeir sem starfa í fátækum löndum, hafa komið fram með ítarlega gagnrýni á þá opinberu skilmála sem embættismenn á vegum AGS hafa sett fyrir neyðarlánnum sjóðsins til skuldugra ríkja og sýnt hvernig eftirlætisformúla hans fyrir „kerfisbreytingum“ til að draga úr verðbólgu – þ.e. að skera niður ríkisútgjöld og laða að erlenda fjárfesta – bitnar misjafnlega á kynjunum. Til þess að uppfylla lánaskilyrði AGS hafa ríkisstjórnir orðið að hámarka hlut láglæuna- eða ólaunaðra starfa, segja þúsundum opinberra starfsmanna upp (kennurum, hjúkrunarfræðingum, endurskoðendum) og draga úr opinberri þjónustu (heilsugæslu, skólum, niðurgreiðslum á mat, eldsneyti, pósthjónustu og almenningsamgöngum).

Femínistum sem leikið hefur forvitni á að vita hvernig starfsemi AGS er háttað – í löndum eins og Filippseyjum, Jamaíku, Barbados, Perú, Mexíkó, Indlandi og Kenía – hafa spurt einfaldrar spurningar, sem þó gæti varpað ljósi á býsna margt: Hafa konur og karlar í lánþegalöndum sömu reynslu af AGS-formúlunni? Æ ofan í æ hefur svarið við spurningunni í raun verið það sama: „Nei.“ Rannsakendurnir hafa komist að því að það eru konur, einkum fátækar konur, fremur en karlkyns samlandar þeirra sem hafa verið settar á hliðarlínuna og vinna lægstlaunuðu störfin við framleiðslu á útflutningsvörum – þar sem starfsfólkið er sjaldan í verkalýðsfélögum. Uppsagnir í opinbera geiranum hafa líka bitnað mest á þessum konum og sama má segja um niðurskurð félagslegrar þjónustu þegar stjórnvöld í landinu hafa samþykkt lán frá AGS með skilyrðum um slíkar „kerfisbreytingar“ með tilheyrandi kynjaskekkju.²

2 Sá fjölþjóðlegi hópur femínískra fræðimanna sem hefur verið leiðandi í þessari gagnrýni á kynjaða efnahagsstefnu AGS nefnist DAWN: Development Alternatives with Women for a New Era, <http://www.dawnnet.org>. Einnig má vekja athygli á rannsóknum annars alþjóðlegs hóps fem-

Þegar framkvæmdastjóri AGS, hinn kunnir franskir stjórnmálamaður Dominique Strauss-Kahn, var fyrst sakaður um að beita starfskonu Sofitel-hótelsins í New York kynferðislegu ofbeldi vorið 2011 var það því ekki í fyrsta skipti sem femínistar höfðu ástæðu til að taka AGS til rækilegrar skoðunar. En það var í fyrsta sinn sem femínistar veittu menningunni innan sjóðsins eftirtekt. Nauðgunarkæran á hendur æðsta yfirmanni stofnunarinnar vakti fjölda spurninga og athygli margra femínista sem höfðu ekki sýnt alþjóðafjármálum mikinn áhuga fram að því. Sumir femínistar sem skoðuðu ásakanirnar á hendur Dominique Strauss-Kahn veltu því fyrir sér hvort framferði hans væri dæmigert meðal franskra stjórnmálanna, þar sem kynferðisleg áreitni hefur gjarnan verið afgreidd sem „amerískt“ hugtak. Aðrir femínistar beindu sjónum sínum einkum að því hvernig hóteltjórar koma hótelpænum oft í óþægilega stöðu gagnvart karlkyns hótelgestum. Rannsóknir þeirra leiddu í ljós að opnar dyr á hótelherbergjum á meðan á þrífum stendur væri hluti af kröfugerð stéttarfélagshótelpæna.

Aðrir femínistar beittu kynjafræðilegum greiningum til þess að kanna hvernig konur úr hópi innflytjenda í lítillmetnum kvennastörfum verða ennþá berskjaldaðri þegar þær leggja fram kærur um kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi á vinnustað. Enn aðrir femínistar, sem höfðu lengi fylgst með því hvernig lögreglan og dómkerfið klúðra nauðgunarkærum kvenna, beindu kastljósinu að aðferðum lögreglunnar og saksóknaraembættisins í New York við að safna sönnunargögnum og reka mál fyrir rétti.

Og þegar ásakanir um kynferðisbrot komu fram í dagsljósið (í almennu tali nefndar „DSK-málið“) fór Christine Ahn, kóresk-amerísk fræðakona og femínisti sem hafði fylgst með AGS árum saman, að velta því fyrir sér opinberlega hvort finna mætti orsakatengsl milli a) menningar innan stofnunar sem hafði augljóslega látið það viðgang-

ínískra hagfræðinga sem hafa skoðað hlutverk kvenna í alþjóðahagkerfinu og áhrif þess á þær: International Working Group on Gender, Macroeconomics and International Economics: <http://www.genderandmacro.org>. Tímamótaáskall um að spurt yrði femínískra spurninga um efnahagsmál á lands- og alþjóðavísu birtist í: Marilyn Waring, *If Women Counted: A New Feminist Economics*, San Francisco: Harper and Row, 1988. Um frekari rannsóknir á alþjóðahagkerfinu þar sem AGS hefur gegnt svo mikilvægu hlutverki, sjá einnig: V. Spike Peterson og Anne Sisson Runyan, *Global Gender Issues in the New Millennium*, þriðja útgáfa, Boulder, Colorado: Westview Press, 2010; Shirin Rai, *Gender and the Political Economy of Development*, Cambridge: Polity, 2002.

ast að æðstu stjórnendur hennar sýndu slíkt kynjamisrétti í verki og b) stofnunar sem markaði þá stefnu að láta fátækar konur bera hitann og þungann af skuldum heimalanda sinna.³ Með öðrum orðum bað Christine Ahn okkur að skoða hvort hliðstæða væri á milli ríkjandi stofnanamenningar sem mótar daglegt líf karla og kvenna sem vinna hjá AGS og stefnumörkunar sjóðsins sem mótar líf kvenna og karla um allan heim.

Þegar við reynum að hendar reiður á starfsháttum stofnunar – hvort sem það er íshokkídeildin, neðri málstofa breska þingsins, Apple-fyrirtækið, æðstaráð kínverska kommúnistaflokksins, fjölmiðlasamsteypa Ruperts Murdoch eða egypski herinn – ættum við að leitast við að svara eftirfarandi spurningu:

Ef meðlimir stofnunar leyfa að innan hennar skjóti rótum menning þar sem blessun er lögð yfir viss karlgervi sem fela í sér misbeitingu og útilokun um leið og hún jafdarsetur flestar konur og flest tilbrigði kvenleika, stuðlar sú menning þá að kynjamismunun í stefnumörkun og framkvæmdum stofnunarinnar utan hennar?

Ef við eigum að geta svarað þessari spurningu þurfum við að byrja á því að spyrja femínískra spurninga og nota femínískar aðferðir til þess að rannsaka með skipulegum hætti sögu innanhússmenningar stofnunarinnar og öflin sem þar eru að verki. Í því felst að skoða þau umdeildu áhrif sem hugmyndir um karlgervi og kvengervi hafa innan stofnana og beina um leið sjónum að stöðu kvenna sem þar starfa og þá einnig þegar þeim er ýtt til hliðar.

Á upphafsdögum DSK-málsins voru aðeins fáeinir rannsakendur sem beindu athyglinni að samskiptum kynjanna innan höfuðstöðva AGS í Washington. Það sem þeir komust að var þó afar forvitnilegt. Binyamin Appelbaum og Sheryl Gay Stolberg, blaðamenn á *New York Times*, skoðuðu kynjagreind gögn um starfsfólk sjóðsins í Washington og tóku viðtöl við konur sem unnu þar sem sérfræðingar.⁴ Þau komust að því að árið 2011 var aðeins fimmtungur (21,5%) allra stjórn-

3 Kavita Ramdas og Christine Ahn, „The IMF: Violating Women since 1945“, *Foreign Policy in Focus*, 19. maí 2011: http://fpif.org/the_imf_violating_women_since_1945 (sótt 24. maí 2011).

4 Binyamin Appelbaum og Sheryl Gay Stolberg, „At I.M.F., Men on Prowl and Women on Guard“, *New York Times*, 20. maí 2011.

enda AGS konur; fjórir fimmtu (78,5%) voru karlar. Að vísu skárri hlutfall en í fulltrúadeild bandaríska þingsins, en ekki svo mjög.

Rannsóknarblaðamennirnir tveir reyndu að skyggnast lengra en þessar tölur sýndu. Þeir tóku viðtöl við kvenkyns sérfræðinga sem störfuðu í höfuðstöðvum AGS – margar þeirra voru hagfræðingar – um hvernig það hefði verið að starfa innan AGS á meðan Dominique Strauss-Kahn veitti sjóðnum forystu:

Sumar konur forðast að klæðast pilsí af ótta við að draga að sér meiri athygli en þær kæra sig um. Aðrar hvíslast á um hvernig meðhöndla eigi óþægilega ýtna yfirmenn.⁵

Þegar kortleggja á kynjameningu vinnustaðar er gagnlegt að forvitnast um hvers konar fatnaði starfskonur í ólíkum þrepum metorðastigans kjósa að klæðast. Ef þær vilja að viðskiptavinir, samstarfsfólk og yfirmenn taki þær alvarlega, hvaða fót forðast þær þá? Af hverju? Klæðaburður karla er ekki svona áhættusamur. Frægt varð þegar Steve Jobs ýtti undir ákveðna tísku í höfuðstöðvum Apple í Kaliforníu þar sem hefðbundnum karlaklæðnaði, jakkafötum og bindi, var kastað fyrir róða en litið með velþóknun á að karlkyns starfsmenn væru frjálsgar klæddir í svörtum bolum og gallabuxum, sem er þó ekki síður karlmannlegt. Það eru hins vegar miklu oftast konur sem í klæðaburði þurfa að sæta menningarlegu taumhaldi (og stundum háðung) því að konur eru – í öllu stigveldi stofnunarinnar – líklegri til þess að vera líkamlega hlutgerðar af karlkyns viðskiptavinum, vinnufélögum og yfirmönnum. Og ef konur eru í minnihluta og lægra settar en karlar getur þetta taumhald verið nokkuð ógnandi.

Konurnar sem unnu sem sérfræðingar hjá AGS greindu blaðamönnum einnig frá löngum vinnudegi og slítandi utanlandsferðum, en hvort tveggja sögðu þær eiga þátt í því að gera skilin milli faglegra og persónulegra samskipta starfsfólksins óskýrari. Og í ljósi þess að karlar sitja í flestum yfirmannastöðum í sjóðnum væru þessi samskipti yfirleitt milli kvenna og karla í misháum stöðum. Sú innanhúsmening AGS að leyfa nán kynni karla og kvenna í misháum stöðum var nokkuð óvenjuleg þar sem sjóðurinn var sem alþjóðleg stofnun – þótt

5 *Sama heimild.*

höfuðstöðvarnar væru í Washington – undanþeginn bandarískum lögum og reglum sem banna kynferðislega áreitni; lögum og reglum sem voru sett á 9. og 10. áratug síðustu aldar með samstilltu átaki kvennahreyfinga.⁶ Þó var mönnum orðið ljóst, a.m.k. á sumum stöðum innan sjóðsins, að sú kynjamening sem orðin var ráðandi á vinnustaðnum stefndi siðferðilega í óefni. Aðeins þremur árum áður en DSK-málið hófst vöruðu höfundar skýrslu um innra eftirlit stofnunarinnar við því að hegðun háttsettra stjórnenda hennar (yfir 78% karlar) væru litlar skorður settar. Niðurstaða þeirra var sú að ástæðan fyrir því að ekki hafi „orðið opinbert siðferðishneyksli vir[er]ist fremur vera góðu láni að þakka en góðu skipulagi og ráðstöfunum“.⁷ En árið 2011 var því láni ekki lengur að fagna. Stjórnarmönnum AGS þótti alþjóðlegar forsíðufréttir af hegðun framkvæmdastjóra sjóðsins nógu neyðarlegar til þess að biðja Dominique Strauss-Kahn um að segja af sér. Undir viðstöðulausum frétttaflutningi valdi stjórnin Christine Lagarde, þáverandi fjármálaráðherra Frakklands, sem eftirmann hans. Lagarde, sem tók við stöðunni sumarið 2011, var fyrsta konan sem hlotnaðist sá heiður að stýra AGS. Hún varð þó ekki fyrir valinu einungis vegna þess að hún var kona. Allt frá stofnun sjóðsins við lok síðari heimsstyrjaldar hefur Evrópumaður stýrt sjóðnum (en forstjórastaða Alþjóðabankans fallið í skaut Bandaríkjamanni). Að auki naut Lagarde, sem talar góða ensku og vann um árabíl í Bandaríkjunum, stuðnings Bandaríkjanna. Þá réð miklu um ákvörðun stjórnarmanna AGS að um mitt ár 2011 var efnahagskreppan á evrusvæðinu orðin eitt helsta viðfangsefni sjóðsins. Staðgóð þekking hennar á evrópskum fjármálum og góð samvinna hennar við Angelu Merkel kanslara Þýskalands – efnahagslegrar aflvélar evrusvæðisins – voru einnig meðal helstu kosta hennar í augum karlanna sem mestu réðu í stjórn sjóðsins, er þeir reyndu að „komast út úr“ DSK-málinu.⁸

6 Craig Murphy, sem er prófessor í stjórnmálafræði við Wellesley College, sérfræðingur á sviði alþjóðlegrar þróunarstefnu og hefur fylgst með Alþjóðabankanum um langa hríð, velti því fyrir sér á fundi International Studies Association í San Diego í apríl 2011 hvort verið gæti að yfirstjórn Alþjóðabankans, sem væri farið að gefa baráttunni gegn fátækt kvenna á heimsvísu mun meiri gaum í stefnumótun sinni, væri líka byrjuð að innleiða nýja og ekki eins karllæga stofnanameningu innan Alþjóðabankans (enda þótt höfuðstöðvar hans í Washington séu beint á móti AGS). Þessa tilgátu mætti prófa með því að kortleggja skipulega kynjameninguna sem ríkt hefur innan Alþjóðabankans á umliðnum áratugum, t.a.m. frá 1980 til 2012.

7 *Sama heimild.*

8 Christine Lagarde, „hin glæsta og úthverfa Chanel-klædda franska kona“, og Angela Merkel, „hin

Þótt stjórnarmenn sjóðsins hafi ekki beinlínis fjallað um kynjameninguna virtust þeir halda í þá von að það gæti mildað skaðann að skipta karli út fyrir konu í stafni. Því skal þó haldið til haga að stjórnin innleiddi eina sýnilega breytingu, þ.e. að bæta nýjum formlegum skilmála inn í ráðningarsamning framkvæmdastjórans. Í samningnum sem Christine Lagarde skrifaði undir hjá AGS um mitt ár 2011 var nefnilega í fyrsta sinn að finna ákvæði um hegðun og siðferði þar sem þess var krafist af framkvæmdastjóranum að hann „reyndi að forðast ósæmilega hegðun og jafnvel að vekja grun um slíka hegðun“.⁹

Stuttu áður en Lagarde var skipuð í embætti framkvæmdastjóra vék hún orðum að efni sem hún hafði áður rætt, þ.e. að því karlmennskuumhverfi sem skapast hefur og allt stjórnast af bæði innan AGS og bankaelítu ESB (þar sem 23 manna bankaráð Seðlabanka Evrópu er hrein karlasamkunda), sem og almennt í heimi alþjóðafjármála. Við blaðamenn sagði hún:

Yrði ég fyrir valinu sem framkvæmdastjóri myndi ég standa á eigin fótum sem kona, ekki endilega í buxum en örugglega með minna testósterónmagn í blóði en margir sem hér eru staddir.¹⁰

Hinu langdregna DSK-máli vatt fram og franskir saksóknarar ákærðu Strauss-Kahn fyrir að eiga þátt í að skipuleggja alþjóðlegan vændis-

innhverfa jarðbundna þýska kona“, aðhyllast á ytra borði ólíkan stíl og hafa heldur ekki alltaf verið sammála um efnahagsstefnu. Eigi að síður tókst með þeim áralangt samstarf sem byggðist á trausti þegar Lagarde var fjármálaráðherra Frakklands og Merkel kanslari Þýskalands. Eins og Lagarde komst að orði: „Í mörgum hópum og á mörgum umræðufundum erum við oft einu konurnar.“ Nicholas Kulish og Annie Lowrey, „German Leader and I.M.F. Chief Split Over Debt“, *New York Times*, 10. mars 2012.

9 Liz Alderman, „I.M.F. Chief to Face French Inquiry on '07 Dispute“, *New York Times*, 5. ágúst 2011.

10 „Christine Lagarde to ‘lower testosterone at the International Monetary Fund‘“, news.com.au, 8. júní 2011, <http://www.news.com.au/finance/business/christine-lagarde-to-lower-testosterone-at-international-monetary-fund/story-e6frfkur-1226071440139> (sótt 9. maí 2012); Ian Traynor, „EU-wide Quotas for Women in Boardrooms Rejected“, *The Guardian*, 24. október 2012. Fimm árum fyrr, árið 2006, þegar bankarnir stóðu í sem mestum blóma, var haft eftir Lagarde: „Ég vil ekki fara mikið út í stríðið milli testósteróns og estrógens ... En það er eitthvað til í því. Karlar eiga það til að vera með ýmiss konar bringuhárakenndan rembing sem fer minna fyrir hjá konum.“ Tilvitnun í: Tracy McNicoll, „Christine Lagarde Named New IMF Chief“, *The Daily Beast*, 28. júní 2011, <http://www.thedailybeast.com/articles/2011/06/28/christine-lagarde-is-new-imf-chief.html> (sótt 9. maí 2011).

hring. Nýr forseti Frakklands, François Hollande, hét því að styðja ný lög um kynferðislega áreitni. Hótelþernan í New York höfðaði einkamál á hendur Strauss-Kahn og hann brást við með því að höfða sjálfur mál gegn henni. Þó vitum við ekki enn hvort óformleg dagleg samskipti eða þær hugmyndir og starfsvenjur sem móta kynjameninguna innan AGS hafi breyst að ráði síðan Christine Lagarde tók við forystunni. Skyldu hin óljósu mörk faglegra og persónulegra samskipta vera orðin skýrari í hugum karla og kvenna sem vinna hjá sjóðnum? Er meira mark tekið á vinnu kvenkyns hagfræðinga en áður og þær þá líklegri til að fá stöðuhækkun? Hafa konur sem vinna hjá sjóðnum minni áhyggjur af því á morgnana hverju þær eiga að klæðast í vinnunni?

Við höfum heldur ekki reynt að svara annarri og stærri spurningu: Ef kynjameningin innan AGS breyttist við það að Christine Lagarde tók þar við stjórnartaumum, hefur það þá haft einhver teljandi áhrif á hvernig sjóðurinn metur og kemur fram við konur og karla í þeim löndum sem leita til hans um lán?

„Mestu snillingarnir“ á Wall Street

Linda Barsch, sem er mannfræðingur að mennt og forstöðumaður hins virta Þjóðarráðs kvennarannsóknna (National Council for Research on Women, NCRW), kannaði reynslu kvenna innan fjárfestingarbanka.¹¹ NCRW var með skrifstofur sínar neðarlega á Manhattan, miðpunkti alþjóðlega einkabankaheimsins, upplögðum stað til þess að safna kynjagreindum gögnum um hverjir hafa gegnt valdastöðum innan hins margþætta fjármálaþjónustubransa, hvers vegna einmitt þeir og hvaða afleiðingar það hefur haft fyrir konur, fyrir atvinnugreinina og efnahag landsins. Linda Barsch og samstarfsfólk hennar ætluðu ekki bara að kortleggja svokallað „glerþak“ sem kemur í veg fyrir að snjallar konur í fjármálageiranum komast til metoða í fyrirtækjum, heldur vakti einnig fyrir þeim að kanna hvaða áhrif það hefði á samfélagið í heild að hampa karlmenskunni svo mjög.¹²

11 National Council for Research on Women, *Women in Fund Management*, New York, National Council for Research on Women, 2009.

12 Viðtal við Lindu Basch, forstöðukonu National Council for Research on Women, í New Yorkborg, 11. apríl 2012.

Rannsókn femínískra eftirlitsmanna á vegum NCRW leiddi í ljós árið 2009 að aðeins 10% forstjóra verðbréfasjóða voru konur. Skýringuna töldu þeir vera fjandsamlegt vinnuumhverfi, sem birtist m.a. í því hvað langir vinnudagar voru viðtekin venja. Til marks um hversu karllægur sá geiri fjármálaþjónustunnar er sem vex hvað hraðast, þ.e. vogunarsjóðir, kom í ljós að einungis 3% þess fjármagns sem fjárfest var í bandarískum vogunarsjóðum var í rekstrarumsjá kvenna.¹³

Þótt fólk sem starfar innan bandaríska fjármálageirans kunnir að líta á sig sem breytingafl, halda sérfræðingar bandarísku ríkisendurskoðunarinnar því fram að það komi í veg fyrir raunverulegar breytingar: „Þegar á heildina er lítið jókst fjölbreytni á stjórnunarstigi í fjármálageiranum lítið frá 1993 til 2008 og hún er enn lítil.“ Þannig hafði lítið breyst innan bandarískra fjármálaþjónustufyrirtækja.¹⁴ Þetta þýddi að árið 2008, þegar upphefð, gróði og stjórnómáleg ítök þessa geira náðu hámarki, voru karlar og konur af kynþáttum sem eru í minnihluta – en þriðji hver Bandaríkjamaður tilheyrir einhverjum minnihlutahópi – í aðeins 10% allra stjórnunarstaða í greininni: karlar úr minnihlutahópum í 6% og konur í 4%.¹⁵

Þessi lágu hlutföll stöfuðu ekki af gamaldags mismunun kynjanna heldur eru þau afsprengi glanskennds, póstmóðernísks kynjakerfis.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir ákvað Linda Barsch að koma þeim á framfæri og ræddi við fjölda hópa innan fjármálageirans. Hún gerði sér grein fyrir því að til þess að rannsóknarniðurstöður NCRW hefðu einhver áhrif yrði fólk að vita af þeim og breyta í samræmi við þær. „Auðvitað voru það bara konur sem mættu á fundina,“ rifjar hún upp. Og þótt þær sýndu gagnamiðuðum lýsingum hennar á glerþaki bankanna mikinn áhuga veigruðu þær sér flestar við að taka til máls í almennum umræðum en röktu raunir sínar einslega við hana að umræðum loknum. Þær komu til hennar hver á fætur annarri. Hún hefði á réttu að standa, sögðu þær. Andrúmsloftið í viðskiptasölum fjárfestingarbankanna þar sem þær ynnu væri fjandsamlegt konum.

13 „Women and Money“, *Action Brief*, National Council for Research on Women, 2010, bls. 3: <http://www.ncrw.org>.

14 Government Accountability Office, *Financial Services Industry: Overall Trends in Management-level Diversity and Diversity Initiatives, 1993–2008*, Washington, D.C., 12. maí 2012, bls. 2: <http://www.gao.gov/assets/130/124630.pdf> (sótt 19. apríl 2012).

15 *Sama beimild.*

Engar salernishurðir, fatafellur í starfsmannaveislum. Æ, og klámbrandararnir, og sódalegt orðbragðið ... Þessar konur voru reiðar – en varkárar. Af því þær voru enn að reyna að ná starfsframa innan fjármálageirans hugsuðu þær með sér að ef þær færu að segja opinskátt frá reynslu sinni myndi það bitna á stöðu þeirra í fyrirtækinu. Eins og Linda Basch segir: „Þær óttuðust að það yrði ekki tekið mark á þeim.“¹⁶

Í kjölfar alþjóðlega efnahagshrunsins 2008 kom út urmull bóka og greina þar sem leitað var skýringa á því sem gerðist. Hvað olli hruninu? Margir fjármálafræðingar hafa bent á þá útbreiddu iðju bankanna að sjóða saman svo ógagnsæja fjármálagjörninga að jafnvel þeir sem versluðu með þá skildu þá ekki til fulls – og gátu því ekki metið af neinu viti áhættuna sem í þeim fólst. Upplýstir skýr- endur vísuðu einnig á þann útbreidda sið innan fjármálageirans að bjóða upp á hvatakerfi sem – illu heilli – hlóð bónusgreiðslum á þá sem mestu áhættuna tóku og háværkuðu skammtímagróða. Til viðbótar þessum eitruðu pakka hönnuðu bankastarfsmenn „skuldtryggingar“ og hófu markaðssetningarátak til að selja þær stórskuldugum opinberum aðilum sem voru í vandræðum (svo sem fjárvana sveitarfélögum í Bandaríkjunum og ríkisstjórn Grikklands). Til að bæta gráu ofan á svart undirbjuggu þeir sölugerðir á veðlánnum sem beindust einkum að einstaklingum með lítið lánstraust, láglaunafólki, fólki sem var skuldugt fyrir og átti lítið eða ekkert sparifé. Oft byggðust þessar sölugerðir á starfsanda innan bankanna sem ól á hreinni og klárri fyrirlitningu miðlara (og yfirmanna þeirra) á viðskiptavinum.¹⁷

Eins og gagnrýnendur hafa bent á eftir hrunið fullkomnuðu bankamenn þessa ábyrgðarlausu formúlu, sem kynti undir bóluhagkerfið á síðasta áratug 20. aldar og fyrsta tug þeirrar 21., með því að beita sér markvisst gegn því að opinbert eftirlit yrði látið ná yfir nýj-ustu svið fjárfestingarbankastarfseminnar og raunar fyrir því að dregið yrði úr því eftirliti sem fyrir var með fjármálageiranum – sem nú var

16 Viðtal við Lindu Basch, *sama heimild*.

17 Greg Smith hefur lýst vel hve þessi fyrirlitning bankamanna á eigin viðskiptavinum var útbreidd og hvernig þeir litu á þá sem „aula“ sem sjálfsagt væri að ginna út í vafasamar fjárfestingar. Smith var stjórnandi hjá Goldman Sachs sem ákvað að segja upp eftir hrunið þegar honum varð ljóst hversu siðlaus þessi algenga afstaða væri, sjá: Greg Smith, „Why I Am Leaving Goldman Sachs“, *New York Times*, 14. mars 2012.

kominn á blússandi ferð. Eins og rannsóknarblaðamaðurinn Gretchen Morgenson hefur lýst í ítarlegu máli tóku menn í lykilstöðum beggja flokka í fulltrúadeild Bandaríkjaþings og stjórnsýslu nokkurra forseta á þessum tveimur áratugum og metnaðarfullir, framtaksfúsir bankastjórar, veðlánasalar og fjárfestingarmiðlarar höndum saman um að slaka á reglum og opinberu eftirliti með bankageiranum – jafnvel að fella það alveg niður. Herferð sína byggðu þeir á slagorðum um að auka veg „hins frjálsa markaðar“ eða „ameríska draumsins“.¹⁸

Skipulag skiptir máli, það er að segja hver á hvað, hvaða reglur ákvarða hverjum ber að gera hvað, hver hefur vald og úrræði til að framfylgja þessum reglum og skipuritum sem kveða á um hver sé ábyrgur gagnvart hverjum og hver geti hækkað eða lækkað hvern í tign – þetta skiptir máli. En það gildir líka um sameiginlegar skoðanir fólks og óorðaðar hugmyndir, sameiginlegar (og ræktaðar) valkvæðar minningar og gleysku, vinnustaðahúmor, þægindi og óþægindi sem fólk upplifir saman sem hópur, lítt gaumgæfða mælikvarða á traust og vantraust, hugmyndir um hver tilheyrir hópnunum og hver sé utanveltu, ásamt sameiginlegum áhyggjum, vonum og ótta. Úr þessu öllu saman verður til menning.

Í kynjaðri greiningu sem byggð er á femínisma er bæði skipulag og menning skoðuð – og tengslin á milli þeirra. Menningin mótar skipulag (hvaða valdafyrirkomulag virkar vegna þess að það virðist „eðlilegt“ eða hvaða hugmyndir að nýjum reglum mæta andstöðu vegna þess hvað þær virðast vera „framandi“). Á sama hátt hefur skipulagið áhrif á menningu (þegar það er gert refsivert með nýjum lögum að mismuna umsækjendum um vinnu eftir kyni, aldri eða kynþætti, vonast löggjafinn til þess að með tímanum breytist skilningur þorra fólks á því hvað teljist „sanngjarnt“ eða hvað geri vinnustað „áreiðanlegan“).

Menningar- og skipulagshættir eru mannanna verk og því afsprengi ákvarðana, þ.á m. þeirrar ákvörðunar að aðhafast ekkert, láta kyrrt liggja. Hvort tveggja er tilefni rökræðna, ruglings, andstöðu og niðurrífs. Bæði menningar- og skipulagshættir mynda hornsteina sameiginlegrar sjálfsmyndar. Þegar reynt er að komast til botns í því

18 Gretchen Morgenson og Joshua Rosner, *Reckless Endangerment*, New York: Times Books and Henry Holt and Company, 2011.

hvað olli fjármálahamförunum 2008, svo gagn sé að, verður maður að æsa upp í sér forvitni fyrir tilteknum menningar- og skipulagsháttum og kröftunum sem virka milli þeirra – ekki aðeins á landsvísu (t.d. stjórnmalamenningu og pólitískri efnahagsskipan sem einkenndi Bandaríkin, Ísland, Bretland, Írland, Grikkland, Noreg, Þýskaland, Kanada, Kína og Indland á áratugunum kringum aldamótin) heldur einnig innan fjármálageirans í heild og ákveðinna stórfyrirtækja sem þar starfa.

Svo dæmi sé tekið á landsvísu: Vegna þess hve ráðandi stjórnmalamenning í Bandaríkjunum er höll undir stefnumörkun sem sett er fram undir merkjum „hins frjálsa markaðar“ eða „ameríska draumsins“ reyndist nær ómögulegt fyrir hvern þann sem reyndi að vara við hættunum sem fólust í því að draga úr reglum og eftirliti þar á árunum 2000–2008 að ná eyrum manna. Ekki var tekið mark á þeim sem hvöttu til varfærni í þessum efnum í Washington, en í þeim hópi var t.a.m. Sheila Bair, þáverandi formaður Bandarísku innistæðutrygginganna, bæði vegna þess að þeir voru kvengerðir og vegna þess að í stjórnmalumhverfi þessara veltiáratuga í Bandaríkjunum hljómaði boðskapurinn í eyrum þenslusinnaðra viðmælenda eins og verið væri að skvetta köldu vatni á ameríska drauminn um að allir gætu eignast eigið húsnæði.¹⁹

Það hefur reynst óhemju gagnlegt eftir hrunið að fletta ofan af „uppskriftinni“ að fjármálahamförum: torskildir fjármálagerningar, hvatakerfi sem umbunaði starfsfólki fyrir að taka gríðarlega áhættu, leit að skammtímagróða, markviss markaðssetning á hávaxtalánunum til illa staddra stofnana og einstaklinga, fyrirlitning á eigin viðskiptavinum og takmarkanir á ríkiseftirliti með fjármálageiranum. Þessi nákvæma sundurgreining á þeirri misráðnu formúlu sem lét bólu líta út eins og gróða og olli því að hún sprakk hefur nýst við að setja fram tillögur að umbótum á fjármálakerfinu.

Nokkrar tillagnanna sem byggjast á þessum greiningum hafa orðið að lögum og nýjar og endurnýjaðar opinberar eftirlitsstofnanir

19 Sheila Bair, *Bull by the Horns: Fighting to Save Main Street from Wall Street and Wall Street from Itself*, New York: Free Press, 2012; Morgenson og Rosner, *sama heimild*. Til þess að skoða kort sem sýna hvernig séreignarhúsnæði, sala undirmálsveðlána og yfirtaka á veðum dreifist um Bandaríkin eftir skiptingu í kyn og kynþætti, sjá: Cynthia Enloe og Joni Seager, *The Real State of America: Mapping the Myths and Truths of the United States*, New York: Penguin Books; London, University of California Press, 2011, bls. 24–27.

eru farnar að framfylgja sumum þeirra. Á hinn bóginn hafa ýmsar smugur sem settar voru af ráðnum hug í þessi nýju eftirhrunslög, að áeggjan útsendara bankanna og stuðningsmanna þeirra í fulltrúadeildinni, verið víkkaðar enn meira til þess að geta viðhaldið gömlum verkvenjum frá bóluskeiðinu. Þessi pólitíski veruleiki blasti við í maí 2012 – fjórum árum eftir hrunið og tveimur árum eftir að löggjöfinni í Bandaríkjunum var breytt: Æðstu stjórnendur fjármálarisans JPMorgan Chase, þ.á m. Ina Drew, ein fárra kvenna sem braut sér leið inn í karlklúbbsstemninguna í Citigroup og komst í háa yfirmannstöðu, viðurkenndu loks, eftir að hafa látið viðvaranir sem vind um eyru þjóta, að fyrirtækið hefði tapað hvorki meira né minna en sex milljörðum dollara á stóráhættusömum fjárfestingum verðbréfamíðlara sinna.²⁰

Lagabótunum er ætlað að breyta skipulagsháttunum í fjármála-geiranum, þ.e. að innleiða nýjar reglur og valdheimildir fyrir opinbera eftirlitsmenn. Á hinn bóginn hefur fátt verið gert til þess að fjarlægja menningarlegt innihald fjármálabólunnar.

Occupy Wall Street-hreyfingin kom veturinn 2011–2012 af stað stórátaki utan fjármála-geirans til að breyta fjármálamenningu innan ríkja. Allt frá Wall Street til Detroit, frá Lundúnum til Reykjavíkur, beittu „Occupy“-aðgerðasinnarnir leiftrandi hugviti til þess að breyta efnahagslegum væntingum, gildum, áhyggjum og trausti samborgara sinna. Þeir báru brigður á staðhæfingar embættismanna um að sumir bankar væru „of stórir til þess að mega fara á hausinn“ og kölluðu eftir því að almenningur léti sig varða meira um vaxandi bilið milli hinna vellauðugu og allra hinna. Við getum t.a.m. þakkað þessum aðgerðasinum, í tjöldum sínum og á netinu, fyrir það að nú þykja risabónusar bankamanna almennt fátánlegir og hve mörg okkar tala núorðið um efnahagslegu elítuna í löndum okkar sem „eitt-prósentið“.²¹

20 Edward Wyatt, „Bank’s Lobbyists Sought Loophole on Risky Trading“, *New York Times*, 12. maí 2012; Nelson D. Schwartz og Jessica Silver-Greenberg, „JPMORGAN Chief of Investments is Set to Depart“, *New York Times*, 14. maí 2012; Jessica Silver-Greenberg og Nelson D. Schwartz, „Red Flags Said to Go Unheeded by Chase Bosses“, *New York Times*, 15. maí 2012; Susan Dominus, „Exile on Park Avenue: How the JPMorgan Chase Trading Fiasco Took Down the Most Powerful Woman on Wall Street“, *New York Times Magazine*, 7. október 2012, bls. 32–39, 54–55.

21 Amy Schrader Lang og Daniel Lang/Levitsky (ritstj.), *Dreaming in Public: Building the Occupy Movement*, Oxford: New Internationalist Press, 2012.

En hvað um menningu áhættusækninnar og dálætið á skammtimahugsun sem voru aðalsmerki innri menningar bankanna á bólu-/góðærisárunum?

Harðduglegur breskur fréttamaður las sig í gegnum allar 662 blaðsíðurnar í skýrslu bandaríska fjármálaráðuneytisins, *The Financial Crisis Inquiry Report*, sem kom út eftir hrun. Hún var samin af sérfræðingum, meðlimum rannsóknarnefndar, sem falið var að leita orsaka efnahagskreppunnar í Bandaríkjunum 2008. Það sem fréttamaðurinn, Tim Adams, komst að var að „orðin „hún“, „kona“ eða „hennar“ komu ekki fyrir í eitt einasta skipti á þessum 662 síðum“.²²

Femínistar taka alltaf eftir því í hvaða kyni fornöfn eru. Og ekki nóg með það, því að femínískir greinendur sem hafa rannsakað vinnustaðamenningu hafa komist að því að til þess að útskýra hvernig ákveðnir menningarhættir vaxa og dafna þarf bæði að taka það alvarlega hvernig ákveðin karlgervi virka og gefa því stöðugt gaum. Enda þótt hormónið testósterón hafi í hversdagslegri orðræðu samtímans orðið að algengu tákni fyrir vissa tegund árásargjarnar karlmennskuhegðunar eru femínískir rannsakendur tortryggjarnir á líffræðilega nauðhyggju. Þeim er ljóst að slíkum hugsunarhætti hefur í gegnum tíðina verið beitt til að festa lægri stöðu kvenna í sessi, rétt eins og það að vísa konum niður á hið ólaunaða og áhrifalítla svið heimilisins væri líffræðilega óhjákvæmilegt – „náttúrulegt“. Þess í stað beita þessir rannsakendur femínískri nálgun og ganga út frá ákveðnum spurningum en ekki fyrirfram ákveðnum svörum. Í því felst að spyrja um hugmyndir og karl- og kvengervi í hvaða menningu sem er, hvernig þau virka, hvort heldur með augljósum eða óljósum hætti, um leið og þau eru sköpuð, leyst upp og endursköpuð daglega af fjölda fólks sem á í ójöfnum samskiptum sín á milli.

Femínistar hafa einnig komist að því að ekki er hægt að rannsaka að neinu gagni hvernig ákveðnum tilbrigðum karlmennsku er hampað nema með því að veita því sérstaka og sífellda athygli hvernig kvengerving á sér daglega stað og hver mismunandi reynsla kvenna

22 Tim Adams, „Testosterone and high finance do not mix: so bring on the women“, *The Observer*, 18. júní 2011, <http://www.theguardian.com/world/2011/jun/19/neuroeconomics-women-city-financial-crash> (sótt 14. maí 2012). Skýrslan heitir: National Commission on the Causes of the Financial Economic Crisis in the United States, *The Financial Crisis Inquiry Report*, Washington, D.C.: Government Printing Office, 25. febrúar 2011.

er – kvenna sem reyna að spenna upp luktar dyr stofnunar, kvenna sem vinna á jöðrum hveftrar stofnunar (sem ritarar, ræstitæknar eða aðkeyptar fatafellur) og kvenna sem standa formlega utan þeirra en tengjast körlunum sem starfa innan þeirra: eiginkonur, fyrrverandi og núverandi, kærustur og dætur. Því þótt Wall Street hafi á margan hátt orðið karllægara í lok síðustu aldar og byrjun þessarar, þýðir það ekki að takmarka eigi rannsóknina við skoðanir og verkvenjur karla.

Rannsóknarspurningar um menningu sem femínistar beina að stofnunum eru m.a. eftirfarandi: Hvar eru konur sýnilegar innan stofnunarinnar? Hvar eru þær nánast ósýnilegar? Hvað þurfti „eina“ eða „fyrsta“ konan að gera til þess að fá stöðuna? Er hún þar í „dýrðlegri einangrun“ eða er upphefð hennar til marks um að gamla karlokaða framabrautin innan stofnunarinnar sé almennt að rýmkast? Hvaða sögur og brandarar eru á kreiki innan stofnunarinnar um þær fáu konur sem þar hafa komist til metorða?

Til þess að henda reiður á innri menningu stofnunar þarf rannsakandi með femínískt hugarfar umfram allt að hlusta. Hann þarf að fylgjast með sögunum sem starfsmenn segja hver öðrum um konur sem eitt sinn voru hátt settar en eru nú horfnar af sviðinu og hlusta eftir viðhorfum sem koma fram yfir kaffibolla eða björglasi um konurnar sem nú eru að klifra upp valdastigann. Með öðrum orðum þá verða dagarnir „á vettvangi“ að hætti etnógrafíu eða þjóðlýsingar að vera alveg jafn langir og vinnudagar þeirra sem lifa og hrærast í þeirri örmenningu sem ætlunin er að öðlast skilning á. Og „rannsóknarvettvangurinn“ þarf að vera eins víðtækur og tengslin sem eiga þátt í að móta menningu stofnunarinnar. Því gæti rannsakandinn þurft að ferðast með yfirfullum neðanjarðarlestum í og úr vinnu, fara með á barinn eftir vinnu, sækja körfuboltaleiki eða veislur á stórhátíðum með bankastarfsfólkinu og verja tíma sínum með vinum og ættingjum bankastarfmanssins þegar hann skilar sér loks heim.

Auk Lindu Basch hafa tveir aðrir mannfræðingar með femínískan bakgrunn gert hraðskreiðan heim fjármála og stórfjárfestinga að „vettvangi“ sínum. Gillian Tett, ritstjóri hjá *Financial Times*, fjallar um þessar mundir um Wall Street en þegar góðærið stóð sem hæst beindi hún sjónum sínum að fjármálahverfi Lundúna, „City“. Að eigin sögn nýtti hún sér bakgrunn sinn í mannfræði til að rannsaka þá menningu

sem þá ríkti í Lundúnaútibúi bandaríska risans JPMorgan Chase. Afraksturinn var bókin *Fool's Gold*, sem vakti mikla umræðu.²³

Tett hefur haldið því fram í ræðu og riti að til þess að útskýra til hlítar hvers vegna bólan myndaðist og hvers vegna hún sprakk þurfi að skoða vinnustaðarmenninguna. Ein markverðasta menningarlega tilhneigingin sem hún varpaði ljósi á var sá siður fjárfestingarbankamanna að neita að deila upplýsingum með öðrum en þeim sem tilheyrðu þröngu „klani“ þeirra sjálfra. Orðið „klan“ notar Tett í alveg sérstökum skilningi, þ.e. um eins konar samfélag sem ýtti undir félagslega einangrun á samkeppnisforsendum og hefði svokölluð „fóðurturmsáhrif“ (e. *silo effect*), þ.e. kæmi í veg fyrir gagnlega miðlun þekkingar sem hefði – ef henni hefði verið miðlað – getað orðið til þess að fleiri vörðuðu sig á áhættuviðskiptunum. Sem mannfræðingur kvaðst hún hafa þjálfast í „að horfa á hvernig samfélög og menningarheimar starfa sem heildir“. Um fjármálahverfið í Lundúnum segir Tett: „Fólkið í City gerir það yfirleitt ekki. Það er svo sérhæft og upptekið að það horfir bara á sína eigin fóðurturna.“²⁴

Katherine Ho heitir annar mannfræðingur með femínískan bakgrunn sem kaus að gera bankageirann að rannsóknarvettvangi. Hún skoðaði fastmótaða kynja-, kynþátta- og stéttbundna menningarhætti í fjárfestingarfyrirtækjum í New York á árum uppgangsins/bólunnar 1990–2008.²⁵ Þegar Ho hóf rannsókn sína hafði hún gert hlé á framhaldsnámi sínu við Princeton-háskóla. Hún var sér meðvitund um stöðu sína í bandarísku nútímasamfélagi sem bandarísk kona af asískum uppruna og að þetta tvennt gerði hana í senn að innherja og manneskju sem var utanveltu í fjármálaheiminum á uppgangstímunum – en sú blanda kemur sér oft vel fyrir þá sem vilja rannsaka menningarhætti innan stofnunar eða atvinnugreinar. Í rannsókn sinni komst Ho annars vegar að því að það voru aðeins fáeinir miðlarar á Wall Street sem ekki voru hvítir á hörund og að konur, af öllum kynþáttum, mynduðu sérstakan minnihlutahóp í þessum

23 Gillian Tett, *Fool's Gold*, Boston: Little Brown and Company, 2009.

24 Gillian Tett, tilvitnun: Laura Barton, „On the Money“, *The Guardian*, 31. október 2008, <http://www.theguardian.com/business/2008/oct/31/creditchunch-gillian-tett-financial-times> (sótt 14. maí 2012).

25 Karen Ho, *Liquidated: An Ethnography of Wall Street*, Durham and London: Duke University Press, 2009.

spennuhlaðna karlaheimi. Hvítum karlkynsinnherjum tókst þó að afneita meðábyrgð sinni á kerfisbundnu kynjamisrétti með því að aðhyllast þá þægilegu skoðun að konur myndu ekki kæra sig um að lifa fyrir vinnuna með þessum hætti. Um leið afneituðu þeir allri sök á kynþáttamisrétti með því að telja sér trú um að á vinnustað þeirra skiptu verðleikar manna einir máli og fullyrtu oft að „eini liturinn sem Wall Street sæi væri grænn [þ.e. litur bandarískra dollaraseðla]“ og að „peningar gerðu sér ekki mannamun“.²⁶

Aftur á móti var það Princeton-háskóli sem var aðgöngumiði hennar að æðri fjármálum, því eins og hún komst að gengu hvítu karlarnir sem stjórnðu bandarísku fjárfestingarfyrirtækjunum að því gefnu að einungis þeir sem hefðu próf frá Ivy League-háskólum (átta virtustu háskólum landsins) væru nógu „klárir“ til þess að ná árangri í þeim heimi hraða og vægðarlausrar samkeppi sem fjármála- viðskipti eru.²⁷

Etnógrafísk rannsókn Karenar Ho er tvískipt. Fyrst vann hún í ár sem starfsmaður viðskiptadeildar Bankers Trust of New York Corporation (oft skammstafað „BT“). Á þeim tíma hélt hún dagbók þar sem hún skráði reynslu sína og tilfinningar en ákvað að segja ekkert um samstarfsfólk sitt af því hún hafði ekki beðið það formlega um að taka þátt í rannsókninni. Það var fyrst í seinni hluta þessarar nákvæmu rannsóknar, þ.e. eftir að Ho var sagt upp störfum hjá BT og aftur tekin til við doktorsnámið, sem hún tók ítarleg trúnaðarviðtöl við karla og konur af mismunandi kynþáttum og þjóðernisuppruna sem unnu hjá ýmsum stórum fjármálafyrirtækjum í New York.

Reynslan af fyrri hluta rannsóknarinnar setti varanlegt mark á Karen Ho. Árið sem hún starfaði sem verðbréfamiðlari fékk hún smám saman á tilfinninguna það sem hún átti síðar eftir að fá staðfest í fjölda viðtala: Bankainnherjarnir trúðu því statt og stöðugt að þeir ættu skilið þau háu laun og árlegu bónusgreiðslur sem þeir fengu, að þessa peninga hlytu þeir einfaldlega fyrir dugnað sinn (fyrir þeim – og yfirmönnum þeirra – þýddi „dugnaður“ vinnuþrælkun) og vegna þess að þeir væru „mestu snillingarnir“.²⁸ Þessi afstaða til óhóflegrar vinnu var kynjuð. Karlkyns samstarfsmenn Ho álitu að „venjulegar“ konur

26 *Sama heimild*, bls. 107–108.

27 *Sama heimild*, bls. 11–12.

28 *Sama heimild*, bls. 106.

ættu sér „annað líf“ og myndu því ekki vilja eða gætu ekki leyft sér að sækjast eftir starfi sem krefðist svo mikilla fórna. Harðsvíruðum vinnufélögum þótti heldur tortryggilegt ef einhver var kominn heim til sín fyrir klukkan níu að kvöldi á vinnudegi. Ættu karlkynsmiðlarar börn gerðu þeir og yfirmenn þeirra ráð fyrir að einhverjir aðrir sæju um þau – en ekki „mestu snillingarnir“.

Fyrirfram mótaðar hugmyndir um hjónaband eru, rétt eins og klæðaburður, yfirleitt kynjaðar og þær er ávallt gagnlegt að kanna þegar leitast er við að lýsa og skýra menningu stofnunar. Femínísk fróðleiksfýsn og femínísk rannsóknaráætlun er það sem þarf til að grafast fyrir um orsakasamband hjúskapartengsla og alþjóðlegrar bankastarfsemi.

Árið sem Ho var innanbúðar fékk hún að kenna á því bæði líkamlega og tilfinningalega hversu dýrkeypt það er að tileinka sér menningarlegar starfsvenjur Wall Street á uppgangstímum: „Undir lokin á veru minni hjá BT var ég komin að efri streitumörkum í vinnunni. Ég þurfti stöðugt að keppast við að fá fleiri og fleiri verkefni til að sýna hvað ég væri klár, dugleg og metnaðarfull og gæti borið ábyrgð á viðskiptasamningum – um leið og ætlast var til þess að ég sýndi vilja minn til að afla meiri peninga til sannindamerkis um að ég hefði drukkið þetta allt í mig.“²⁹

Áralöng rannsókn Ho sýnir hvers konar karlgervi yfirmenn notuðu sem mælikvarða við ráðningar og hvernig þeir umgengust starfsmenn sína og umbunuðu. Það var ekki nóg að vera karlmaður. Sú tegund karlmennsku sem þeir sóttust eftir og lögðu rækt við geislaði af samkeppnisanda, var fær um að taka snöggar og snarpar ákvarðanir, þoldi endalaust álag og var sólgin í mikla áhættu. Það var dæmi um karlgervi sem gat, a.m.k. á yfirborðinu, þolað rússíbanareid sigra og ósigra, gerði taumlausa vinnu að órofa þætti sjálfsmýndarinnar og kunni að meta óheflaðan félagsskap karla sem voru sama sinnis.³⁰ Þetta var sem sagt alveg sérstakt tilbrigði af karlmennsku af ótal mörgum.

29 *Sama heimild*, bls. 15.

30 Frekari umfjöllun um hvernig áhættusækni innan bankanna var karlgerð má sjá hjá: Katja Meier-Pesti og Elfriede Penz, „Sex or Gender? Expanding the Sex-based View by Introducing Masculinity and Femininity as Predictors of Financial Risk Taking“, *Journal of Economic Psychology*, 29. tbl., 2008, bls. 180–196.

Á þensluárunum á Wall Street hæddust karlkyns miðlarar að annars konar karlmennsku. Þeir fyrirritu þau karlgervi sem voru allsráðandi í framleiðslufyrirtækjum og töldu þær duglausar og hikandi. Með öðrum orðum: Þótt fólk sem stendur utan þessa geira kunnir að halda að karlkyns kapítalistar dáist að öðrum karlkyns kapítalístum reyndist karlmennskulandslagið sem Ho kortlagði innan BT, Citigroup, Morgan Stanley, Lehman Brothers og Goldman Sachs ein-kennast mun meira af stigveldi og aðgreiningu.

Önnur tegund kapítalístakarlmennsku sem „mestu snillingarnir“ á uppleið gerðu lítið úr var sú sem ríkti meðal eldri kynslóða karlkyns bankamanna – hin íhaldssama karlmennska, treg til áhættusamra lánveitinga. Þessa bandarísku bankakarla fyrri tíðar sjá menn gjarnan fyrir sér sem íhaldssama og feitlagna, teinótta og „trausta“. Á hinn bóginn hefðu karlkyns fjárfestingarbankamenn um þúsaldamótin fremur lýst sér sem snöggum, áhættuglöðum, frjálsglega klæddum og vansvefta spéfuglum sem gengju fyrir koffeini.

Erin Duffy starfaði í tíu ár á Wall Street hjá fjárfestingarfyrirtækinu Merril Lynch en sneri sér að skrifum eftir að hún missti vinnuna í hruninu. Duffy segir að þótt söguhetjan í skáldsögu hennar, *Bond Girl*, sé einnig verðbréfamiðlari hafi hún gert hana „óttalausari“ en hún var sjálf. Hún tók þó fram að lýsingar hennar á lífinu í viðskiptasal á Wall Street á þensluárunum væru í samræmi við hennar eigin reynslu og annarra bankamanna sem hún þekkti.³¹ Hér er lýsing hennar á fyrsta vinnudegi söguhetjunnar:

Við lyftuinnganginn heyrði ég hróp og köll úr viðskiptasalnum og fann að ég fór að svitna í lófunum. Þar virtist ríkja algjör ringulreið. Fólk – níu af hverjum tíu karlar – æddi um salinn og tróð niður trefjar flosteppisins með mokka sínunum, talandi, hlæjandi, bölvandi. Sumir voru í jakka og með bindi. Flestir í ljósum buxum, með hugarástand sitt tattúverað á ennið ... Ég sá gríðarstóra fána hanga niður úr loftinu til marks um þær upphefðir sem liðinu hafði hlotnast á umliðnum árum, líkt og sigurfánarnir sem hanga í Madison Square Garden. Salurinn var risastór.³²

31 „Booklist Interviews Erin Duffy“, 1. janúar 2012: <http://www.librarylovest.com/2012/01/booklist-interviews-erin-duffy.html> (sótt 23. apríl 2012).

32 Erin Duffy, *Bond Girl*, New York: William Morrow, 2012, bls. 21.

Erin Duffy lærði þó, eins og söguhetja hennar, að fást við gagnaflauminn sem féll niður eftir tölvuskjám hennar; hún komst upp á lagið með að gera samninga símleiðis á meðan hún hámaði í sig skyndibita. Eins og söguhetjan lifði hún af fyrsta menningarsjokkið og tileinkaði sér smám saman dagleg viðmið og væntingar fyrirtækisins. Í feikistöru opnu vinnurými, þar sem ekki voru einu sinni skilrúm til að skapa minnsta næði, lærði Duffy að hrista af sér látlausa kvenfyrirlitninguna sem streymdi fram eins og endalausir kaffibollarnir: „Það eru alltaf ákveðnir gæjar sem svara ekki símtali frá konu eða hlusta ekki á ráð frá konu, en þeir væru sjálfsagt alveg eins ef þeir væru læknar, lögmenn eða eitthvað annað.“³³

Grunnþátturinn í karlmennsku fjárfestingarbankanna var að forðast hvaðeina sem álitíð var kvenlægt, svo sem að fara heim úr vinnu klukkan fimm til þess að vera með makanum eða sinna börnum, halda vinnustöðinni í röð og reglu, drekka ekki áfengi, vera áhugalaus um íþróttir og forðast grófan talsmáta.

Og enn eitt aðalsmerki þessarar menningar: fyrirlitning á varfærni. Í bandarískum fjármálafyrirtækjum þensluáranna var varfærni kvengerð.

Nú er það svo að karlrembur tengja varfærni auðvitað ekki alltaf við það sem kvenlegt er. Ef hægt er að dubba hana upp í karlmannlega ábyrgðarkennd, ef hægt er að setja hana fram sem flókna greiningu staðreynda þar sem allir möguleikar eru teknir með í reikninginn, er hægt að lofsyngja varfærni sem sérlega (ef ekki alfarið) karlmannlegan eiginleika, nokkuð sem alvöru karlmenn eru gæddir umfram allar konur og suma karla. En á Wall Street bóluáranna voru hröð viðbrögð við nær algjörri óvissu sönnun þess að maður væri gjaldgengur í innherjaklúbb „mestu snillinganna“. Í þessu sérstaka kynjaandrúmslofti litu innherjar jafnan svo á að varfærni væri til marks um skort á karlmannlegu þori, tregðu til að þola óstöðugleika og vangetu til að taka þær áhættur sem háværkun gróða krefst.

33 „Erin Duffy on her Wall Street roman a clef ‘Bond Girl’“, *Shelf Life*, 10. febrúar 2012: <http://shelf-life.ew.com/2012/02/10/erin-duffy-on-her-wall-street-roman-a-clef-bond-girl> (sótt 23. apríl 2012). Sjá einnig aðra nýlega skáldsögu sem gerist hjá fjárfestingarfyrirtæki á Wall Street og byggist á viðtölum við konur og karla sem starfa innan fjármálageirans: Sohaila Abdulali, *Year of the Tiger*, New Delhi: Penguin Books, 2010.

Þessar sérkennandi karllægu menningarforskriftir sem voru að festa rætur innan fyrirtækjanna á Wall Street styrktust með þátttöku sömu manna í ýmsum lokuðum félögum innan allrar atvinnugreinarinnar. Kappa Beta Phi er eitt. Þetta lítt þekkta Wall Street-bræðralag var stofnað árið 1929, örlagaríku ári í bandarískri fjármálasögu. Samkundur þess eru „sveipaðar leyndarhjúp“. Á meðal félaga „eru nafntogaðir bankamenn, vogunarsjóða-milljarðamæringar og fjárfestingarísar“. Við innvígslukvöldverðinn árið 2012 klæddust flestir gestanna 200 smóking. Fátt var um kvenfólk. Nýjum meðlimum var skylt að „skarta hárkollu, gylltu pallíettupils og níðþröngum toppi“, og þannig voru send út tvíþætt skilaboð: að einungis karlar yrðu vígðir inn í félagsskapinn og að kvenleiki væri hlægilegur.³⁴

Annar hópur sem hefur átt sinn þátt í að viðhalda hinni karllægu menningu á Wall Street er jafnvel enn lokaðri. Í honum eru aðeins níu manns, allt karlar, úr æðstu stjórnunarstöðum stærstu fjármála-fyrirtækjanna í New York, þ.á m. JPMorgan Chase, Goldman Sachs og Morgan Stanley. Þeir funda á laun og engar fundargerðir eru skráðar. Enda þótt meintur tilgangur klúbbsins sé að vinna að velferð fjármálageirans alls, er forgangsmálið að „verja yfirburði stóru banka-anna“.³⁵

Engar sögur fara af því að þessi þröngi hópur karla skemmti sér með því að klæða sig upp í pallíettupils. Raunar má vel vera að hversdagsleg iðja þessara bankaelítumanna feli hvorki í sér hróp og köll, skyndibita né grófa brandara. Þó gæti árangur þeirra – og útreikningar á því sem skilaði og viðhélt árangri bankanna þeirra – hafa byggst á því karlgervi sem ræður ríkjum í kauphöllinni. Það er með öðrum orðum líklegt að hjá hvaða stórfyrirtæki sem er séu ýmis ólík karlgervi að verki. Og þess vegna þarf að rannsaka hvernig lögð er rækt við hvert karlgervi á hverju þrepi í stigveldi stofnunarinnar þannig að tryggt sé að heildarmengi karlgervanna „virki“ fyrir markmið stofnunarinnar. Þetta gildir jafnt innan banka sem háskóla, í keppnisdeild í íþróttum og í her: Það karlgervi sem sýnilegast er og mest fer fyrir innan stofnunar þarf ekki að vera eini karllægi menningarkiminn þar. Því er það svo, að þótt karlamenning fjárfestingarmiðlara þarfn-

34 Kevin Roose, „A Hazing at a Wall Street Fraternity“, *New York Times*, 21. janúar 2012.

35 Louise Story, „A Secretive Banking Elite Rules Derivatives Trading“, *New York Times*, 12. desember 2010.

ist gagnrýninnar skoðunar, þarf einnig að beina femínísku kastljósi að óaðgengilegri og lágstemmdari afbrigðum jakkafataklæddrar karlamenningar í ædstu stjórnnum fjármálafyrirtækja.

Í upphafi þessarar aldar ákváðu nokkrar fjármálakonur að segja skilið við stóru karlmettuðu fyrirtækin og stofnuðu eigin fjármálafyrirtæki. Að sögn kvennanna, sem fræðimenn á vegum NCRW tóku viðtöl við, kusu þessar konur að móta nýja stofnanamenningu þar sem gætni í fjármálum var í hávegum höfð. Þær tóku gjarnan fjölbreyttari þætti með í reikninginn við mat á fjárfestingum viðskiptavina sinna og miðuðu við lengri tímaramma þegar þær mátu fjárfestingarkosti. Þótt þessi kvenstýrðu fjármálafyrirtæki réðu aðeins yfir broti af heildarfjármagninu á Wall Street, vegnaði þeim að jafnaði mun betur þegar hrunið varð; fyrirtæki þeirra töpuðu hlutfallslega minna og þar varð minni ringulreið. Þegar Michel Ferrary prófessor í viðskiptafræði kannaði gögn úr fjármálahrúningu 2008, komst hann að eftirfarandi niðurstöðu: „Því fleiri konur sem voru meðal stjórnenda fyrirtækjanna, því minna féllu hlutabréf þeirra í verði 2008.“ Og bætti við: „Kvenlæg gildi í stjórnun fyrirtækja virðist veita vörn gegn fjármálakreppum.“³⁶

Hagfræðingurinn Jane Knodell hefur spurt gagnlegrar spurningar fyrir þá rannsókn sem við fáumst nú við: Ef það er almennt viðurkennt að fjárfestingar í gegnum fyrirtæki sem konur reka séu tiltölulega öruggar, munu fleiri stórfjárfestar þá fara að beina sjóðum sínum að þessum fyrirtækjum? Spurningin er sem sagt hvort þessir fjárfestar (t.d. stjórnendur lífeyrissjóða), sem að vísu gagnrýna aldrei opinberlega þá karllægu bankamenningu sem nú er ríkjandi, munu ekki einfaldlega „fylgja fjármunum sínum“ burt frá bönkunum þar sem karlamenningin keyrir um þverbak?³⁷

Á hinn bóginn kann að vera ógerlegt að fá fólk til að hætta að hafa dálæti á kauphallarkarlmenskunni sem einkenndi bólutímenn. Kynbundnir menningarhættir stofnana eru lífseigir. Þeim verður ekki breytt fyrr en búið er að rannsaka þá skipulega. Og jafnvel að lokinni skilmerkilegri kynjagreiningu krefst það hreinskilni, atorku

36 NCRW, *Women in Fund Management, sama heimild*, bls. 11.

37 Jane Knodell, Department of Economics, University of Vermont, tölvupóstsamskipti við höfund, Cambridge, 13. maí 2012.

og opins huga að virkja samtakamátt af því tagi sem þarf til þess að uppræta rótgróna stofnanamenningu svo rækilega að nýjar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika nái að festa rætur.

Í kjölfar hrunsins árið 2008 vonuðust margar konur í bandaríska fjármálageiranum til þess að fram komnar sannanir um efnahagslega kosti stofnanamenningar sem væri ekki eins karllæg og sú gamla og uppstokkunin sem fylgdi falli Lehman Brothers og Merrill Lynch, myndu í sameiningu valda hugarfarsbreytingu og skapa nýja menningarhætti sem drægju úr kerfisbundinni kynjamismunun. En árið 2010, þegar fjármálageirinn virtist vera að ná sér á strik, benti ýmislegt til þess að fyrir konurnar í geiranum væri „framabrautin að þrengjast á ný um leið og reksturinn gekk betur“.³⁸ Og þótt konum í viðskiptanámi fjölgaði (39,3% bandarískra viðskiptafræðinema árið 2010), lækkaði hlutfall þeirra sem sóttust eftir starfsframa á sviði fjármála eða endurskoðunar á sama tíma.³⁹

Hrun fjármálageirans í Bandaríkjunum árið 2008 stafaði af samverkun ólíkra þátta, bæði skipulagslegra (afnám stjórnvalda á regluverki um bankageirann, samruni hefðbundinnar bankastarfsemi og spákaupmennsku, sambandsleysi eða „fóðurturnsáhrif“) og menningarlegra (óhóflegt sjálfstraust, sókn eftir ofsagróða, skammsýni). En ég hef sannfærst um að ef við bregðumst ekki við og leiðum hjá okkur hvernig bandaríski fjármálageirinn ræktaði vitandi vits sérstakt kargervi og leit með vanþóknun á allt sem kvenlegt er í áhrifamestu fyrirtækjunum, þurfum við ekki að bíða lengi eftir öðru fjármálahruni. Og það er því við okkur sjálf að sakast ef við neitum að taka niðurstöður femínískra rannsókna alvarlega.

Of mörgu fólki sem nú starfar hjá stóru bandarísku fjármálafyrirtækjunum finnst kynjameningin sem þar ræður ríkjum ennþá vera gefandi og notaleg.

38 Geraldine Fabrikant, „Fewer Women Betting on Wall Street Careers“, *New York Times*, 30. janúar 2010.

39 *Sama heimild*. Að sama skapi hefur hlutfall kvenna sem luku doktorsprófi í hagfræði staðið í stað. Þannig voru konur u.þ.b. þriðjungur þeirra sem útskrifuðust með PhD-gráðu í hagfræði í Bandaríkjunum árið 1995. Sautján árum síðar, 2012, var hlutfallið óbreytt: Megan Woolhouse, „Despite Laurels, Progress is Slow for Women in Economics“, *Boston Globe*, 14. maí 2012.

„Thatcherbörnin“

Bretum verður um þessar mundir tíðrætt um „Thatcherbörnin“, þ.e. ungu karlana og konurnar sem uxu úr grasi í forsætisráðherratið Margaretar Thatcher (1979–1990). Margaret Thatcher var ekki bara fyrsta konan sem varð forsætisráðherra Bretlands og fyrst breskra forsætisráðherra á 20. öld til að vinna þrennar kosningar í röð. Hún var líka þjóðarleiðtoginn sem tókst að hefja nýtt karlgervi á stall í Bretlandi. Fyrir „Thatcherbörnin“ – Bretana af þessari kynslóð sem til-einkuðu sér gildi hennar og væntingar – voru námuverkamaðurinn og tvídjakkaklæddi gósseigandinn, þessar tvær tákmyndir breskrar karlmennsku og höfuðstoðir hins annálaða breska stéttakerfis, báðir jafn fánýtir. Þótt Margaret Thatcher væri sjálf útskrifuð frá Oxford og tryggur liðsmaður Íhaldsflokksins komst hún á þá skoðun að kynjað stéttakerfi af þessu tagi væri ófært um að skapa þá tegund samkeppnisdrifins hagvaxtar sem land hennar þyrfti á halda til þess að dafna á ofanverðri 20. öld að heimsveldistíma Bretlands loknum. Undir hennar forystu lokaði ríkisstjórnin því námum og barði niður verkföll námuverkamanna með harðri hendi, um leið og hún dró saman velferðarkerfi eftirstríðsáranna, hunsaði öflugar kvennahreyfingar og vék purkunarlaust til hliðar ýmsum þeim hástéttarstórbökkum sem stýrt höfðu Íhaldsflokknum fram að því.⁴⁰

Breska karlgervið sem Thatcherstjórnin hampaði með harðri einkavæðingarstefnu sinni naut sín best í einstaklingshyggju, áhættusækni og hámerkun gróða. Í Bandaríkjunum var þessi kynjaði pakki aðeins ein viðbótin enn við það menningarróf sem þegar var fast í sessi, en í Bretlandi var honum ætlað að marka tímamót.

Það voru „Thatcherbörnin“, einkum karlar af þessari kynslóð, sem sóttust eftir vinnu í City, fjármálamiðstöð Lundúnaborgar, og skópu þá kynjuðu menningu sem réð ríkjum í breska bankakerfinu á þenslu-tímanum á 10. áratugnum og fram til 2008. Þótt Verkamannaflokkurinn undir forystu Tony Blair kæmist til valda 1997, hélt þetta sérstaka thatcheríska karlgervi velli; það hélt áfram að móta þau viðhorf

40 Sjá: Beatrix Campbell, *Iron Ladies*, London: Virago Press, 1987; Anna Coote og Beatrix Campbell, *Sweet Freedom*, Oxford, 2. útg., 1987; Kira Cochrane (ritstj.), *Women of the Revolution: Forty Years of Feminism*, London: Guardian Books, 2012. Til þess að kynna sér þær femínísku rannsóknir sem gerðar voru á stjórnarstefnu Thatcher meðan hún var við völd og kynjuðum orsökum þeirra og afleiðingum, sjá fjölda tölublaða *Feminist Review*, *Spare Rib* og *Trouble and Strife*, frá 1979 til 1990.

og gildi sem breskir bankar og útibú bandarískra banka í Lundúnum höfðu að leiðarljósi næsta áratuginn.

Breska bankakerfið er enn það stærsta í Evrópu. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri, hvort sem þær eru undir forystu Íhalds- eða Verkamannaflokks, hefur litið svo á að bankageirinn í landinu þurfi á stuðningi og hagsmunagæslu stjórnvalda að halda.⁴¹ Þetta hefur aukið enn á vægi þeirrar karlgervingar sem einkennir fjármálageirann. Það er nefnilega ekki nóg með að þessi atvinnugrein veiti þúsundum manna vinnu, afli ýmsum Bretum mikilla tekna og sé í ofanálag ímynd hinnar kynjuðu arfleifðar Thatcher. Hún er einnig sá geiri bresks efnahagslífs sem háttsettir stjórnámamenn telja að skipti sköpum um farsæld samfélagsins.

Fyrsta konan sem fékk að vinna í viðskiptasal kauphallarinnar í Lundúnum hét Susan Shaw en henni var ekki hleypt þar inn fyrr en 1973.⁴² Árið 2009 voru einungis 3% forstjórnanna í 350 stærstu fyrirtækjum Bretlands konur og í 130 af þessum valdamestu fyrirtækjum var ekki ein einasta kona meðal stjórnarmanna.⁴³ Og konur eru enn í minnihluta í breska fjármálageiranum, þótt hlutur þeirra fari vaxandi. Árið 2010 voru þær 40,1% allra yfirmanna í breskum fjármálastofnunum, sem er býsna hátt hlutfall en segir ekki alla söguna því þar eru taldir með yfirmenn deilda sem eru ekki í „hringiðu“ bankanna og fjárfestingarfyrirtækjanna, og því fjarri deildunum þar sem gróðinn verður til. Stjórnunarstöður kvenna eru því ekki þar sem launin eru hæst og bónusarnir mestir.⁴⁴ Í rannsókn breska jafnréttis- og mannréttindaráðsins kom reyndar í ljós að konur fengu 80% minna en karlar af árangurstengdum greiðslum (oft í formi umboðslauna og bónusgreiðslna) í stærstu fjármálafyrirtækjum landsins.⁴⁵

Með því að kanna betur ríkjandi vinnustaðarmenningu í breskum bönkum komust rannsakendur að því að mikill meirihluti (72%)

41 James Kanter, „Britain Remains a Dissenter as Europeans Try to Set Capital Reserves for Banks“, *New York Times*, 3. maí 2012.

42 Richard Cracknell, *Women in Public Life, the Professions and the Boardroom*, London: House of Commons Library, 9. mars 2012, bls. 17.

43 Ruth Sunderland, „Revealed: Failure of Top UK Firms to get Women on Board“, *The Observer*, 23. ágúst 2009.

44 Cracknell, *sama heimild*, bls. 14–16.

45 Caroline Davies, „Poor Pay, Worse Jobs and Terrible Bonuses too – Sexism in the City Lives On, Says Study“, *The Guardian*, 7. september 2009.

kvenna í fjármálaþjónustu tóku undir það að „viðhorf háttsettra karlkyns yfirmanna takmörkuðu möguleika kvenna til að komast í stjórnunarstöður“. Margar bentu á menninguna á eigin vinnustað sem helsta sökudólginn og 36% þeirra sögðu aðspurðar um stöðu sína hjá fyrirtækinu eftir tíu ár, að þær byggjust við því að gegna þá sömu stöðu og nú; aðeins 14% karla höfðu svo lélega framtíðarsýn.⁴⁶ Niðurstaða rannsakendanna var því sú að þetta misræmi væri fremur til marks um að karllæg vinnustaðamenning hindraði frama banka-kvenna fremur en skortur á metnaði. Eins og kvenkyns yfirmaður í breskum banka sagði þegar hún lýsti því hve starfsbræðrum hennar þætti óþægilegt að vinna með konum á jafningjagrundvelli:

Stundum velti ég því fyrir mér, hreint út sagt, þegar úthluta þarf ákveðnu verkefni og þú færð konu til þess að sinna því ... hvort þær myndu ekki einfaldlega falla í karlagírinn við að vinna það. Þetta eru auðvitað ákveðnir ómeðvitaðir fordómar.⁴⁷

Þegar bankakreppan skall á í Bretlandi árið 2008 ákvað virt blaðakona, Ruth Sunderland, fjármálaritstjóri breska sunnudagsblaðsins *The Observer*, að stefna saman sex háttsettum konum sem störfuðu í City. Saman drógu þær upp mynd af vinnustaðamenningunni sem einkennir bresk fjármálafyrirtæki – þeim viðhorfum og venjum sem þar ríkja og sem þær voru sannfærðar um að hefðu haft hrikalegar afleiðingar.⁴⁸

Ros Altman, sjálfstætt starfandi fjárfestingamiðlari: „Ég er ekki í nokkrum vafa um að einn af stóru þáttunum í öllu þessu [fjármála-öngþveiti] var yfirdriffin karlremba, sú hugmynd að maður þurfi alltaf að vera skrefinu á undan, maður verði alltaf að sigra keppinautana. Þarna var ekki samvinnuhugsunin sem hefði verið í kvennaumhverfi; það snerist um að vera bestur, fyrstur, nánast óháð áhættunni. Ég er alls ekki að halda því fram að allt hefði farið á annan veg ef konur hefðu verið við stjórnvölinn. En ef konur hefðu átt stærri þátt í rekstri

46 „Women Face Hurdles at Senior Management Level“, *Edge Online*, London, Institute of Leadership and Management, 14. mars 2012: http://niamhfirst100.files.wordpress.com/2012/01/edge-online_14march.pdf (sótt 22. mars 2012).

47 *Sama heimild*, bls. 9.

48 Ruth Sunderland, „We Cannot Return to the Old Macho Ways“, *The Observer*, 15. febrúar 2009.

fyrirtækja, hefði verið eðlilegt af konu að segja: „Horfum nú aðeins fram á veginn.““

Ruth Lea, efnahagsráðgjafi hjá Arbuthnot Banking Group: „Ég tek undir það að hálfu leyti. Ég vann hjá Lehman Brothers og þar lá gríðarleg karlremba í loftinu ... Það minnir mig á ferð sem ég fór til Austur-Asíu með karlkyns samstarfsmanni og var óskaplega þreytandi. Alltaf þegar við komum í nýja fjármálamiðstöð var hann rokinn í ræktina. „Ég afber þetta ekki,“ hugsaði ég, og opnaði míníbarinn. Í lok vikunnar var það ég en ekki hann sem enn stóð í lappirnar, þótt ég væri ekki alveg allsgáð! Þetta var karlremba, áhættusækni og viðskiptamenning sem ég vil kannski ekki kalla siðlausu en það var sjóræningjamenning. Vandinn er sá að þessi sjóræningjaandi breiddist út frá fjárfestingarþönkunum og inn í almenna bankastarfsemi og sýkti allt fjármálakerfið ... Það er alveg ljóst að þessi skelfilega karlrembu-áhættusækni er komin út í blóðrásina.“

Emma Howard Boyd, forstjóri, Jupiter Asset Management: „Ég held ekki að þetta snúist um karla og konur. Það var Paul Moore sem gerðist uppljóstrari [hann lak upplýsingum þegar yfirmaður hans í bankanum skellti skollaeyrum við aðvörunum hans um hættulegar fjárfestingar bankans]. Þetta snýst um fjölbreytni í viðhorfum til áhættu. Við þurfum víðari sýn á fjárfestingar og áhættu.“

Charlotte Crosswell, forstjóri, Naseeq OMX Europe: „Ég held að konur hafi í rauninni aðra afstöðu til áhættu, en það verður að taka einhverja áhættu í viðskiptum. Ég tek undir fjölbreytnirökin, að það þurfi jafnvægi ...“

Ros Altman: „Það þarf eitthvað til að vega upp á móti öllu þessu testósteróni og það mótvægi skorti, að minnsta kosti var alls ekki nóg af því.“

Toni Eastwood, starfsmenntunarstjóri, Everywoman: „Þetta jafnvægi er ekki til staðar í efsta lagi bankanna. Því ofar sem þú ferð, því færri konur sérðu ... Viðhorf þeirra ná ekki toppnum.“

Cary Marsh, forstjóri, Mydeo.com: „Mín reynsla af því að koma á fót tæknifyrirtæki er sú að fyrirtækin sem ná árangri hafa á að skipa fólki með ólíkar hugmyndir. Þar væri t.d. að finna ákafan brautryðjanda, djarfan og fullan af eldmóði, en einnig rólyndara fólk sem temprar þá áhættusæknu. Í City ríkir hugarfar úlfaflokksins. Þar vill fólk fylgja flokknum. Þessi kreppa stafar öll af því að allir voru að taka áhættu á sama tíma.“

Ros: „Það snýst um að vilja ekki vera skræfa. Allir eru að taka áhættu og ef ég læt það vera, þá er ég skræfan. Hvaða karlmaður myndi setta sig við það? ...“

Toni: „En hvaða kona í þessu umhverfi myndi setta sig við að vera skræfa? Jafnvel þótt konurnar væru fleiri, þá eru þær sem lifa og hrærast í þessari menningu allar mjög áþekkar. Þeim finnst það kannski ekki þægilegt, en annað hvort verða þær að fylgja flokknum eða fara burt.“

Janice Warman, aðstoðarritstjóri, Spectator Business Magazine: „Svo er það Thatcher-þátturinn, þar sem þú þarft að hegða þér eins og karl til að komast áfram og það er miður. Til að mynda hafa mörg fyrirtæki mætur á konum sem sjóðsstjórum vegna þess að þær rækta betur tengslin við viðskiptavinina, koma betur fram við starfsfólkið, en þegar til lengdar lét hættu mun fleiri konur vegna þess að þeim veittist erfitt að eiga sér heimilis- eða félagslíf.“

Toni: „Þær sjá þetta testósterónmettaða umhverfi og kæra sig ekki um að verja starfsævinni þar.“

Þegar frásagnir af misvægi kynjanna í efstu lögum breskra fyrirtækja urðu forsíðufréttir vakti það pólitíska umræðu um það hvort Bretland ætti að fylgja fordæmi Noregs. Norsk stjórnvöld sluppu við fjármála-hrun. Ef til vill var það ekki bara af því að Noregur átti olfúlindir í Norðursjónum heldur líka vegna þess að norsk stjórnvöld höfðu samþykkt nýstárleg lög sem gerðu kröfu um að 40% stjórnarmanna í öllum fyrirtækjum í Noregi væru konur og að þessar stjórnir höfðu reynst varkárari í afstöðu sinni til fjárfestinga. Í það minnsta einn

breskur þingmaður, Caroline Lucas, ötull gagnrýnandi „skólastráka-menningarinnar“ í þinginu, velti því fyrir sér á prenti hvort miklar líkur væru á því að neðri deild breska þingins samþykkti slíkt kvóta-ákvæði, í ljósi þess að aðeins 22% þingmanna þar væru konur.⁴⁹

Víkingarnir

Íslendingar urðu fljótt og harkalega fyrir barðinu á fjármálahrununni 2008. Það vakti ekki síður furðu en skelfingu að Ísland væri komið á barm þjóðargjaldþrots. Fæstir þeirra sem stóðu utan við launhelgar alþjóðafjármála höfðu yfirleitt tekið eftir að á 10. áratugnum og fram yfir 2000 hafði Reykjavík, hin litla höfuðborg Íslands, breyst í alþjóðlega fjármálamiðstöð. Flestir sem á annað borð leiddu hugann að Íslandi sáu fyrir sér eldfjöll sem spúðu öskuskýjum og heitar laugar þar sem hægt væri að fara í slakandi brennisteinsbað.

Annars hafði Ísland samtímans einkum vakið athygli fyrir kynja-pólitík sína. Við upphaf 21. aldar fór það orð af Íslandi að þar hefði að því er virtist verið komið á nánast fullum jöfnuði milli kvenna og karla. Á hápunkti góðæristímabilsins voru 80% kvenna í launavinnu og 33% kjörinna fulltrúa á þjóðþinginu voru konur.⁵⁰

Árið 2006, þegar bólan þandist hvað mest út, var Ísland að mati Alþjóðæfnahagsráðsins í fjórða sæti meðal þjóða heims í jafnréttismálum. Þegar 130 lönd voru borin saman þvert á svæði og efnahagslegt þróunarstig eftir jöfnuði milli kynjanna hvað varðar launavinnu, möguleika til pólitískra áhrifa, menntunar og heilsugæslu, hafði aðeins Svíþjóð (1. sæti árið 2006), Noregi (2. sæti) og Finnlandi (3. sæti) orðið meira ágengt í að vinna bug á ójöfnuði milli kynjanna. Árið 2006 taldist Bretland vera í 9. sæti í samanburði á kynjamisvægi á sömu sviðum, og Bandaríkin komust ekki ofar en í 23. sæti.⁵¹

49 Caroline Lucas, „A Quota for Women in the Boardroom“, *The Guardian*, 19. júlí 2009.

50 Ruth Sunderland, „After the Crash, Iceland’s Women Lead the Rescue“, *The Observer*, 22. febrúar 2009; Inter-Parliamentary Union, „Women in National Parliaments“, Inter-Parliamentary Union, 31. desember 2006, <http://www.ipu.org/wmn-e/arc/classif311206.htm> (sótt 7. maí 2012); *Gender Equality in Iceland*, Reykjavík, Jafnréttisstofa janúar 2012.

51 Ricardo Haussmann, Laura Tyson, Saadia Zahidi, *The Global Gender Gap Report 2011: Ranking and Scores*, World Economic Forum, Genf, Sviss, 2012, bls. ii, http://www3.weforum.org/docs/GGGR11/GGGR11_Rankings-Scores.pdf (sótt 7. maí 2012).

Þótt íslenskar konur hafi náð tiltölulega langt í sókn sinni eftir aðgangi að áhrifum og verðmætum hindraði það ekki Ísland í að þenja og sprengja sína eigin fjármálabólu. Af því má ráða að þrátt fyrir sigrana hafði íslenska kvennahreyfingin á 10. áratugnum ekki enn náð að breyta feðraveldismenningunni sem ríkti í forystu stjórn-málaflokkanna og bankakerfisins í landinu (og íslenskir femínistar hafa aldrei haldið því fram að þeim hafi tekist það). Þótt þar hafi verið þróuð kvennahreyfing hélt hún því ekki fram að með ágætum árangri sínum hefði henni tekist að bólusetja samfélagið fyrir því að kapítalisminn sneri karllægri þjóðarmýtu sér í hag. En þótt ýmislegt vantaði upp á, hafði íslenska kvennahreyfingin í byrjun þessarar aldar náð að skipuleggja sig nógu vel og náð nægum kynjajöfnuði til þess að íslenskar konur yrðu í aðstöðu til að bregðast mun harðar við þegar bólan loks sprakk en konur í Bandaríkjunum og Bretlandi, sem voru meira úti á jaðrinum.

Breska viðskiptafréttakonan Ruth Sunderland ákvað að fylgja eftir samræðum sínum við breskar konur úr viðskiptalífínu með því að gera sér ferð til Reykjavíkur. Á myrkum vetrardögum í norðrinu í ársbyrjun 2009 ræddi hún við íslenskar konur sem höfðu beina reynslu af því hvernig bankamannaélíta landsins og karlkyns bandamenn þeirra í stjórn-málunum höfðu skref fyrir skref framkallað þensluna á Íslandi, þar sem áhætta, skipulag og menning gegndu lykilhlutverki.⁵²

Til að mynda hélt Jóhanna Waagfjörð, framkvæmdastjóri sjálfstæðs fjárfestingarfyrirtækis, því fram að á þensluárunum hafi reynslulausir, ungir karlar farið að „ráða of miklu“. Hún komst fljótt að því að þeir skildu sjaldnast þær flóknu afleiður sem þeir seldu af svo mikilli aðgangshörku. Aðrar konur í forstjórastöðum bentu á að þótt karlar hefðu mótað þessa nýju karllægu bankamenningu á Íslandi, hefðu ýmsar íslenskar konur tileinkað sér menningarviðhorf og -hætti þessara ungu manna til þess að vera gjaldgengar sem þátttakendur í góðærinu.⁵³

Vegna þess hve íslenskar konur höfðu unnið marga sigra í sókn sinni eftir kynjajöfnuði á árunum áður en góðærið náði hámarki, var orðin til ákveðin menningarleg viðmiðun sem Íslendingar gátu borið

52 Sunderland, „After the Crash, Iceland's Women to the Rescue“, *sama heimild*.

53 Sunderland, *sama heimild*.

uppgang bæði ágengra karla í bankageiranum og karllægra viðskipta-hátta við í lok 20. aldar og byrjun þeirrar næstu. Í Bandaríkjunum og Bretlandi kann að vera að ofurvald karla í viðskiptalífinu hafi virst nánast „eðlilegt“, þótt hinn ágengi karllægi menningarkimi kauphallanna hafi skorið sig úr. En svo var ekki á Íslandi. Um síðustu aldamót þótti flestum Íslendingum undarlegt ef karlar voru í yfirgnæfandi meirihluta í einhverri atvinnugrein. Eins og Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingarfélags, útskýrði fyrir Sunderland:

Okkur fannst það skrytið þegar kom í ljós að allir stjórnendur bankaanna voru karlmenn, og það á Íslandi þar sem atvinnuþátttaka kvenna er mest í heimi. Okkur er farið að finnast fyrirtæki vera gamaldags ef eintómir karlar eru í stjórninni. Strákaklúbbarnir eru enn við lýði og konurnar utanveltu – fólk þekkir reglurnar og er sáttt við þær – enginn spyr erfiðra spurninga. En ef einhvers staðar ætti ekki að vera of þægilegt að vera, þá er það í fundarherberginu.⁵⁴

Hvað virðist undarlegt, hvað eðlilegt, hvað vekur þægindakennd, hvað er vandræðalegt: þannig verður menning til. Við lok 20. aldar höfðu Íslendingar breytt stjórnámálamenningu sinni svo gjörsamlega að þótt til væru hópar bankaforkólfa sem allir voru karlar kom það mörgum Íslendingum spánst fyrir sjónir.

Einmitt vegna þess hve þau kynjamenningarlegu hreyfiöfl sem stuðluðu að bólunni og hruninu komu mörgum Íslendingum undarlega fyrir sjónir, hlaut tilkoma þessarar karllægu bankamenningar góðæristímabilsins að verða viðfangsefni rannsókna og skýringa. Ef eitthvað virðist ekkert skrytið er ólíklegra að það verði rannsakað. Einmitt þess vegna halda „eðlilegheitin“ verndarhendi yfir mörgum stofnunum feðraveldisins.

Í kjölfar hrunsins hófu margir femínistar á Íslandi, sem hafði fundist góðæristmenningin í bönkunum svo einkennileg, einmitt að stunda þessa tegund kynjagreiningar. Hið nýkjörna þjóðþing Íslendinga (en eftir hrunið hafði hlutfall kvenna á því hækkað úr 33 í 39%) fékk einnig tvo íslenska fræðimenn til þess að vinna slíka kynjaða greiningu.⁵⁵

54 *Sama heimild.*

55 Erla Sigurðardóttir, „Nation-centric masculinity ideals and the Icelandic Bank Collapse“, NIKK:

Niðurstaða fræðimannanna var sú að frá 9. áratug síðustu aldar og allt fram á fyrstu átta ár þessarar aldar höfðu íslenskir karlar í mið-hægri ríkisstjórnunum undir forystu Sjálfstæðisflokksins tekið höndum saman við karla í bönkunum í Reykjavík um að þrýsta á um að íslensku bankarnir yrðu einkavæddir og að dregið yrði úr regluverki um starfsemi þeirra, allt í nafni nútímavæðingar og örs hagvaxtar. Nú átti Ísland ekki lengur að vera afskekkt og köld eldfjallaeyja sem treysti á fiskveiðar, sauðfé og búhokur á hjara veraldar. Nú skyldi það verða virtur þátttakandi á vettvangi alþjóðafjármála. Íslenskir femínistar létu þó ekki staðar numið við þessa kerfisgreiningu heldur gerðu þær kynjapólitík menningarinnar að sérstöku rannsóknarefni. Og segir nú frá víkingum.

Víkingarnir voru norskir sæfarar og landvinningamenn sem ásamt konum sem þeir rændu frá skosku eyjunum námu land á 9. og 10. öld þar sem síðar var kallað Ísland. Þótt aðstæður væru erfiðar tókst þeim að byggja upp sjálfbæran efnahag og þróttmikið félagskerfi á landi sem virðist á mörkum hins byggilega heims. Jafnvel á öldunum sem Íslendingar lutu valdi Noregs og Danmerkur (en þeir lýstu yfir fullu sjálfstæði 1944) gerðu þeir myndir og frásagnir af víkingum að hryggjarstykkinu í þjóðarvitund sinni. Þeir hömpuðu víkingaarfinum og litu á sjálfa sig sem sérstaka, hardgerða, jafna og þrautseiga þjóð. Á Íslandi varð ekki til neinn landeigendaaðall, en hinn þrautseigi sjómaður var Íslendingum fyrir þensluskeiðið það sama og kolanámu- maðurinn var mörgum Bretum fyrir valdatíð Thatcher: karlgerð fyrirmynd um styrk, stolt og sjálfskilning þjóðarinnar. Sjómaðurinn og fjárbændurnir frændur hans – ásamt sínum langþjáðu, óvísömu, duglegu, tryggu og guðhræddu eiginkonum – virtust vera beinir afkomendur víkinganna, jafnt líffræðilega sem menningarlega.⁵⁶

En íslensku femínísku fræðikonurnar komust að raun um að karlarnir í stjórnarráðinu og í bönkunum, sem sammæltust um að

Nordic Gender Institute, 1. nóvember 2010, bls. 26–27, http://issuu.com/nikk---nordic-gender-institute/docs/nikkmagasin_3-2010 (sótt 6. febrúar 2012); Inter-Parliamentary Union, „Women in National Parliaments: World Classification“, 31. desember 2011, <http://www.ipu.org/wmn-e/classif.htm> (sótt 7. maí 2012).

56 Kristín Loftsdóttir, „The Loss of Innocence“, *Anthropology Today*, 26. bindi, nr. 6, desember 2010, bls. 9–13; Jón Gunnar Ólafsson, „The ‘Icesavior’ Rises: A Media Narrative Featuring a Crisis and an Online Savings Brand in Starring Roles“, í *Rannsóknir í félagsvísindum XII*, október 2011, bls. 76–83.

beina efnahagkerfi Íslands á nýja og arðvænlegri braut, tefldu á 10. áratugnum fram nýrri útgáfu af karlmennsku víkinga til þess að réttlæta stefnu sína og menningarhætti. Í samkrulli við áhrifamikla fjölmiðlamenn og fréttaskýrendur héldu þeir því fram að áhættusæknir íslenskir bankamenn sem stunduðu spákaupmennsku og sigldu um úfin höf alþjóðafjármála, væru hinir eiginlegu afkomendur ævintýramannanna frá 9. öld sem nefndir væru víkingar. En þar sem hinir fornu víkingar lögðu áherslu á ráðdeild og samstöðu meðal jafningja, gáfu arftakar þeirra á sviði fjárfestinga sig kinnroðalaust á vald óhóflegri neyslu sem var flestum samborgurum þeirra utan seilingar. Íslenskir fjölmiðlar gáfu þeim heitið „útrásarvíkingar“.⁵⁷

Á meðan „mestu snillingarnir“ á Wall Street og „Thatcherbörnin“ í Lundúnum voru kynnt sem nýr eða a.m.k. tiltölulega nýlegur þjóðarkynstofn, hömpuðu elítturnar á Íslandi karlkyns fjárglæfra-bankamönnunum sem nýrri holdtekju hins forna kynstofns.

Rétt eins og í Bandaríkjunum voru það ákveðnir lokaðir hópar háttsettra karla sem plægðu jarðvegin á Íslandi fyrir þá karllægu menningu sem átti eftir að keyra bankana í þrot. Áhrifamestur þeirra var Eimreiðarhópurinn. Karlarnir sem einir mynduðu þann hóp sannfærðu sjálfa sig um að uppskriftin að velgengni fælist í því að ýta til hliðar opinberu eftirliti og hámarka skammtímagróða án þess að huga að langtímaafleiðingum. Halla Gunnarsdóttir, sem er félagi í Femínistafélaginu á Íslandi og vann að rannsókn á Eimreiðarhópnum, segir lífsform hópsins ekki aðeins hafa verið kapítalíska hugmyndafræði heldur hafi það verið ákveðin menning. Þessir karlar töldu víst að konur skorti mannalætin sem þyrfti til þess að fást við skammtímasókn eftir áhættugróða; þeir bárust á með því að kaupa hraðskreiða bíla og klæðast dýrum fötum og sátu saman á börum og fóru á strippbúllur.⁵⁸

Eftir hrunið haustið 2008 fóru íslenskar konur að sækja í sig veðrið á ný. Fyrir höfðu þær haft nokkuð sterkari stöðu en kynsystur þeirra í Bandaríkjunum og Bretlandi en nú sóttust þær eftir þingsætum í enn meiri mæli en fyrr; þær áttu einnig sinn þátt í að gera fyrsta yfirlýsta

57 Kristín Loftsdóttir, *sama heimild*, bls. 11.

58 Janet Elise Johnson, „The Most Feminist Place in the World“, *The Nation*, 3. febrúar 2011, <http://www.thenation.com/article/158279/most-feminist-place-world> (sótt 10. febrúar 2011).

lesbíska femínistann að forsætisráðherra landsins, þær studdu kvenframbjóðanda – þekktu sjónvarpsfréttakonu – í forsetakosningum (hún tapaði fyrir karlinum sem fyrir var í embættinu), þær pöntuðu kynjaða rannsókn á hruninu, þær veittu nýrri rauð-grænni ríkisstjórn umboð til þess að hrinda í framkvæmd ýmsum stefnumálum í þágu kvenna og þær tefldu fram nýjum kynjalíkönum fyrir viðskiptafyrirtæki þar sem kvenlæg hugsun var gerð miðlæg í rekstri fyrirtækja og vöktu athygli á að miðaldra konur væru ómetanlegur liðstyrkur fyrir fyrirtæki til að ná árangri.⁵⁹ Á sama tíma tóku margir Íslendingar að ígrunda innviði samfélagsins og kröfðust ekki aðeins nýrra laga heldur einnig stjórnarskrárbóta til þess að innræktað stjórnmalakerfið yrði gagnsærra og horfðu nú gagnrýnum augum á eigin ástarævintýri með ofurneysluhyggjunni. Ef Íslendingar heyrðu af því í kjölfar hrunsins að einhverjir vinir þeirra hefðu keypt dýran varning var það kallað „óskaplega eitthvað 2007“.⁶⁰

Skýrsla Alþjóðaefnahagsráðsins um misjafna stöðu kynjanna frá 2011 leiddi í ljós ýmsar afleiðingar þess að íslenskar konur virkjuðu samtakamátt sinn eftir hrunið: Árið 2006 hafði Ísland verið í 4. sæti á þessum lista en var nú komið í það efsta. Noregur var í 2. sæti, Finnland í 3. og Svíþjóð í því 4. Bretland, sem hafði verið í 9. sæti á þensluárunum, var sigið niður í það 16. árið 2011. Hins vegar höfðu Bandaríkin, sem voru í 23. sæti árið 2006, hækkað sig upp í 17. sæti á heimslistanum, þótt ennþá væri kynjamisvægið þar meira en á Filippseyjum (8. sæti), í Lesotho (9. sæti) og Suður-Afríku (14. sæti).⁶¹

Hvernig bankapólitík getur tekið konur alvarlega

Líkt og Norðmenn sluppu Kanadamenn að mestu með skrekkinn þegar alþjóðlega bankakreppan skall á árið 2008, ekki síst vegna þess að þeir höfðu komið á – og viðhaldið – árvökulu opinberu eftirlitakerfi. En þegar þeir voru inntir eftir því hvernig þeim tókst að víkja sér undan hruninu nefndu Kanadamenn ekki aðeins skipulag; þeir bentu á menningu. Margir Kanadamenn leggja mikið upp úr því

59 Ruth Sunderland, „After the Crash, Iceland’s Women to the Rescue“, *sama heimild*.

60 Annadís Gréta Rúðólfsdóttir, námsstjóri Jafnréttisskóla HSÞ við Háskóla Íslands, tölvupóstsamskipti við höfund, 25. apríl 2012.

61 Haussmann, Tyson og Zahidi, *sama heimild*, bls. ii.

að greina sig frá ráðríku, bandarísku nágrönnunum í suðri. Þannig leiðist þeim ekki að minna sunnanmenn á að margir atvinnumenn í bandarísku íshökkí og metsöluhöfundar á borð við Margaret Atwood og Michael Ondaatje koma frá Kanada. Þeir benda á mikilvægara hlutverk sitt í friðargæslu Sameinuðu þjóðanna, víðtækara sjúkratryggingakerfi og lægri morðtíðni. Þegar fjármálakreppan skall á varð Kanadamönnum líka tíðrætt um að þeir hefðu önnur menningarleg viðhorf til bankastarfsemi, þótt óljóst sé hvort nokkur var að hlusta sunnan við landamærin.

Kanadískur viðskiptafræðiprófessor gaf eftirfarandi skýringu á því að ekki þurfti að bjarga neinum kanadískum banka árið 2008: „Við stöndum fyrir „friði, reglu og góðu stjórnarfari“. Þeir [Bandaríkjamenn] eru alltaf að leita að hamingjunni. Bandarísku bankarnir voru að leita að sinni hamingju og hugsuðu sem svo að þetta myndi allt reddast.“⁶² Annar Kanadamaður, karlkyns yfirmaður við Royal Bank of Canada, lýsti muninum á bankameningu landanna á þessa leið: „Bandaríska kerfið er ekki eins áhættufælið og það kanadíska.“⁶³ Kanadíska bankageiranum er stjórnað af körlum og er mótað af feðraveldi, og kanadískir femínistar vara við því að íhaldsstjórnin sé að taka til baka ýmislegt sem áunnist hefur á sviði kynjajafnréttis síðustu þrjá áratugi.⁶⁴ Á hinn bóginn virðist sú karllæga menning sem ræður ríkjum í helstu bönkum Kanada hafa alið af sér viðhorf sem fela ekki aðeins í sér minna óþol gagnvart opinberu regluverki heldur virðist varfærni ekki vera ógn við þetta sérstaka afbrigði feðraveldis-karlmennsku.

Innri menningarhættir fjármálageirans geta því verið mismunandi frá einu landi til annars og frá einni kynslóð til annarrar, jafnvel í hnattvæddu kapítalísku efnahagskerfi. Hvorki greining á formgerðum né hugmyndafræði, né heldur hvort tveggja í sameiningu, nægir til að henda reiður á bankafrömuðum og bankakerfi nokkurs lands. Ráðandi menningarhætti karl- og kvengerva á þjóðar- og vinnustaðaplani þarf að taka alvarlega og rannsaka þá með það í huga að afleiðingar þeirra skipti máli.

62 Tilvitnun í Chrystia Freeland, í „Canada's Great Escape“, *Financial Times*, 30.–31. janúar 2010.

63 *Sama heimild.*

64 Alison Brewin, „Canada's Wrong Turn“, *Ms. Magazine*, vetur 2011, bls. 22–23.

Einkum er það þegar áhættusækni og sókn eftir skammtíma-ávinningi verða hluti af því karlgervi sem stofnanir hafa í mestum hávegum – sérstaklega þegar kvenfjandsamleg andúð á varfærni bætist við – sem fjármálakerfi lands getur brenglast svo mjög að það tefli efnahagslegu öryggi heils samfélags í voða.

Í sérhverri alþjóðastofnun, í hverju fyrirtæki, í hverju fyrirtækjarneti sem mynda í sameiningu fjármálakerfi hvers lands þarf því að spyrja femínískra spurninga og útfæra rannsóknaraðferðir til þess að leita svara við þessum mikilvægu femínísku spurningum:

- Er vinnustaðarmenning fyrirtækisins eða atvinnugreinarinnar karllæg? Hvernig varð hún þá karllæg á þennan sérstaka hátt?
- Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar (og þá er sú ákvörðun að hafast ekki að talin með) til þess að skapa og festa í sessi þessa sérstöku útgáfu af karllægri stofnanamenningu?
- Hvernig upplifa konur í fjármálageiranum vinnustaði sína og hvernig bregðast þær við ráðandi menningarháttum á þessum vinnustöðum frá degi til dags? Hvaða afleiðingar hafa viðbrögð þeirra í þeirri viðureign fyrir þær sjálfar og geirann?
- Hvaða lærdóm má draga af lífi kvenna sem standa utan greinarinnar en tengjast þó daglegri starfsemi hennar – eiginkvenna, maka, ræstitækna, fatafellna, vændiskvenna, viðskiptavina – um það hvernig karllægri innri menningu er viðhaldið?
- Hvaða þátt á ríkjandi kynjamenning innan stofnunar, fyrirtækis eða atvinnugreinar í stefnumörkun þeirra út á við – gagnvart viðskiptavinum, samstarfsaðilum, fjárfestum, lánþegum og eftirlitsaðilum?
- Hvernig blindar jaðarsetning kvenna í samfélaginu okkur á ríkjandi óstarfhæfa karllæga menningarhætti? Með hvaða hætti spillir kynjahyggja í landinu fyrir viðleitni til þess að brjóta þessa skaðlegu menningarhætti á bak aftur?

Við eigum nú þegar fyrirmyndir að femínískum rannsóknum af þessum toga. Auk etnógrafískrar lýsingar Karenar Ho á Wall Street og rannsóknar íslenskra femínista á bankamenningu útrásarvíkinga

getum við leitað leiðsagnar í öðrum femínískum greiningum á vinnu- staðarmenningu sem þykja sannfærandi: Rannsókn Cynthiu Cockburn á prentfyrirtæki í Lundúnum, Hugh Gusterson á rannsóknarstofu í þróun kjarnorkuvopna í Kaliforníu, Carol Cohn á neti bandarískra varnarmálasérfræðinga, Ann Allison á næturklúbbi í Tokyo, Robin LeBlanc á svæðisfélögum japansks stjórn málaflokks, Nan Robertson á útgáfufélagi *New York Times* og Lynn Povich á *Newsweek*.⁶⁵ Kynjuð pólitík innan stofnana verður ekki skilin frá pólitíkinni utan þeirra. Þær þarf að rannsaka samhliða.

Tólf mánuðum eftir að Dominique Strauss-Kahn var ákærður fyrir kynferðislegt ofbeldi var ný ríkisstjórn sósíalista kosin í Frakklandi. Nýkjörinn forseti landsins, François Hollande, lýsti því yfir að í fyrsta skipti í sögu Frakklands myndu jafn margir karlar og konur sitja í ríkisstjórn hans. Konurnar yrðu af ólíkum kynþáttum til þess að endurspegla franskt samfélag samtímans.

Að auki sýndi Hollande í verki að DSK-málið hefði haft pólitísk eftirköst með því að endurreisa kvenréttindaráðuneyti og skipa hina 34 ára gömlu sveitarstjórnarkonu Najat Vallaud-Belkacem, sem fædd er í Marokkó, ráðherra yfir því. Hún tilkynnti síðan að hún myndi strax beita sér fyrir því að lög sem banna kynferðislega áreitni yrðu sett á ný eftir að stjórnlagadómstóll landsins hafði ógilt fyrri lagasetningu þess efnis.

DSK-málið hafði reitt franska femínista til reiði, fyllt þá eldmóði og eflt samstöðu þeirra. Þeir höfðu krafist þess að hætt yrði að líta á kynferðislega áreitni á frönskum vinnustöðum sem hreinlífisóra og að konur hefðu aukin áhrif á ákvarðanatöku í stjórn málaflokkum, kjörnum samkundum og ríkisstjórn. Núna, í maí 2012, sneru þessir femínistar sér að nýju ríkisstjórninni. Þær vöktu athygli á því að þegar Hollande tók við völdum var hlutur kvenna á franska þinginu aðeins

65 Cynthia Cockburn, *Brothers: Male Dominance and Technological Change*, London, Pluto Press, 1991; Syracuse: Syracuse University Press, 2000; Hugh Gusterson, *Nuclear Rites*, Berkeley: University of California Press, 1996; Carol Cohn, „Sex and Death in the Rational World of Defense Intellectuals“, *Signs*, 12. bindi, nr. 4, 1987, bls. 687–718; Robin LeBlanc, *The Art of the Gut: Manhood, Power and Ethics in Japanese Politics*, Berkeley: University of California Press, 2010; Anne Allison, *Night Work: Sexuality, Pleasure, and Corporate Masculinity in a Tokyo Hostess Club*, Chicago: Chicago University Press, 1994; Nan Robertson, *The Girls in the Balcony: Women, Men and the New York Times*, New York: Random House, 1992; Lynn Povich, *The Good Girls Revolt: How the Women of Newsweek Sued Their Bosses and Changed the Workplace*, New York: Public Affairs, 2012.

18,5% (tæpu prósentustigi hærra en í fulltrúadeild Bandaríkjaþings). Enn fremur gagnrýndu þær kynjað vinnuumhverfi á þinginu og bentu á að sumum þingkonum reyndist erfitt að klæðast pilsí í vinnunni. Franskir femínistar lýstu ánægju með ráðherraskipan Hollande en höfðu þó uppi varnaðarorð: Þegar forsetinn nýi hefði skipað konur sem ráðherra yfir valdamestu ráðuneytum franska ríkisins, þá fyrst mætti líta svo á að hann tæki hugmyndir og hugðarefni kvenna og kynhegðun valdamikilla karla alvarlega.⁶⁶

Þýðandi: Egill Arnarson

66 Angélique Chrisafis, „France to Push Through New Sexual Harassment Law“, *The Guardian*, 19. maí 2012.

Á meðan ákærurnar á hendur Dominique Strauss-Kahn fóru sína leið í franska dómkerfinu kölluðu ýmsir femínistar í Frakklandi eftir því að fram færu almennar opnar umræður um þá „þagnarskyldu“ sem gildi í landinu og gerði körlum í valdastöðum – stjórnáamálönnum, lögmönnum, dómurum, lögreglustjórum, blaðamönnum – kleift að sýna kynjahyggju og óábyrga kynhegðun (þótt oft teldist hún ekki beinlínis glæpsamleg) án þess að það stofnaði frama þeirra í hættu eða rýrði myndugleika þeirra: Doreen Carvajal og Maia de la Baume, „Strauss-Kahn Says Sex Parties Went Too Far, But Lust is No Crime“, *New York Times*, 14. október 2012.

Í frásagnarspeglasalnum

Um *Sólskinshest* Steinunnar Sigurðardóttur

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR OG KATRÍN MARÍA VÍÐISDÓTTIR

Í viðtali sem Freysteinn Jóhannsson tók við Steinunni Sigurðardóttur við útkomu *Sólskinsbests*¹ árið 2005 segir:

Sólskinshestur. Hvaða skepna er það?

Það er svona sparihross, sem er haft á húsi í vondum veðrum og aðeins sett út, þegar sólin skín. Söguhetja bókarinnar er andstæða þess; Halla í mjólkurbúðinni segir einmitt við hana: Þú ert nú enginn sólskinshestur, væna mín.²

Steinunni finnst fallegur hljómur í orðinu og segist hafa fundið það í *Íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndals* sem hún beri með sér yfir höf og lönd. Í orðabók Blöndals segir um sólskinshestinn:

Sólskinshestur: Hest der kun bruges i Solskin æ:) Person, som aldrig anstrænger sig til noget som helst.³

Lilla í skáldsögunni *Sólskinsbesti* er hvorki sólskinshestur sem aðeins er notaður á sólardögum né heldur persóna sem aldrei gerir handtak

1 Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskinsbestur*, Reykjavík: Mál og menning, 2005. Framvegis verður vísað til bókarinnar í meginmáli með bladsíðutali í sviga aftan við hverja tilvísun.

2 Freysteinn Jóhannsson, „Með sjóðheitt hjarta og ískaldan haus“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 26. nóvember 2005, bls. 1.

3 Sigfús Blöndal, *Íslensk-dönsk orðabók: Íslandsk-dansk ordbog*, Reykjavík: Íslensk-danskur orðabókar-sjóður, 1920–1924, bls. 774.

sem er hin merking hugtaksins. Hún er frekar eins og „sólarhestur“ en það er fornnorræni goðsagnahesturinn sem dregur sólina yfir himinhvolfið.⁴ Sólarhesturinn fær fyrstu verðlaun fyrir leik í auka-hlutverki því að án hans er ekkert líf á jörðinni, hann heldur öllu gangandi en enginn þakkar honum og nú til dags halda flestir að hann sé ekki til. Lilla er eins og þessi sólarhestur – hún byrjar sjö ára gömul að gæta bróður síns og halda honum, sér og heimilinu gangandi. Hún verður alla tíð „dráttarklár“ hversdagsleikans eins og hinn goðsagnakenndi sólarhestur.

Speglasalir

Margir ráku upp stór augu þegar Steinunn Sigurðardóttir sendi frá sér *Sólskinsbest* af því að bókin fjallar að miklu leyti um börn. En þegar betur er að gáð leikur samband foreldra, barna og „föðuhrúsa“ stórt hlutverk í nokkrum verka hennar. Samband Öldu í *Tímaþjófinum*⁵ við móður sína er ekki gott. Eftir að foreldrar hennar falla frá býr hún áfram í húsinu þeirra, fyrst með systur sinni og systurdóttur, en að lokum ein, ógift og barnlaus.

Ólíkt Öldu er Samanta í *Ástinni fiskanna*⁶ mjög háð báðum sínum foreldrum og er þeim nánin. Hún trúir ekki alls kostar á hamingju þeirra þó að hún hafi enga ástæðu til annars. Sjálf velur hún heldur þann versta en þann næstbesta eins og önnur ástarþráhyggjukona, Snæfríður Íslandssól.

Harpa Eir í *Hjartastað*⁷ hefur átt ljúft samband við föður sinn sem er ekki líffræðilegur faðir hennar, en svo erfitt er samband hennar við móðurina að átök þeirra fylgja henni yfir gröf og dauða. Sjálf reynir hún að vera góð móðir fyrir „umskiptinginn“⁸ sinn sem er jafn uppsigað við hana og henni við sína móður.

Samband Brynhildar í *Hundrað dyr í golunni*⁹ við föður sinn er gott og náíð enda tilbiður hann hana eins og feður dætur í bókum Stein-

4 Rudolf Simek, *Hugtök og beiti í norrænni goðafræði*, Ingunn Ásdísardóttir þýddi, Reykjavík: Heimskringla, 1988, bls. 223.

5 Steinunn Sigurðardóttir, *Tímaþjófurinn*, Reykjavík: Íðunn, 1986.

6 Steinunn Sigurðardóttir, *Ástin fiskanna*, Reykjavík: Íðunn, 1993.

7 Steinunn Sigurðardóttir, *Hjartastaður*, Reykjavík: Mál og menning, 1995.

8 *Sama rit*, bls. 38.

9 Steinunn Sigurðardóttir, *Hundrað dyr í golunni*, Reykjavík: Mál og menning, 2002.

unnar en móðirin er svo fjarverandi að hún er aðeins nefnd einu sinni í framhjálaupi: „Þegar fram liðu sumur og mamma var dái.“¹⁰ Brynhildur er haldin ástarþráhyggju eins og Alda, Samanta og Lilla. Allar skáldsögurnar eru ríkuleg uppspretta túlkana enda speglasalir eins og Sólskinshesturinn sem hér verður fjallað um.

Premur sögum vindur fram í skáldsögunni *Sólskinshesti* og má segja að þær myndi „frásagnarspegil“ en það er þýðing Jóns Karls Helgasonar á franska hugtakinu „mise en abyme“ sem Lucien Dällenbach hefur skilgreint sem „sérhvern innri spegil sem endurspeglar alla frásögnina með einfaldri, endalausri eða „villandi“ (eða þversagnakenndri) endurtekningu.“¹¹

Sögumaður er Lilla og talar hún í fyrstu persónu allt að lokum bókarinnar. Fyrsta frásögn hennar er sagan af elskhuganum góða sem kominn er aftur eftir langa fjarveru. Fortíðin er þannig dregin inn í nútíð frásagnarinnar. Þetta er jafnframt ysti frásagnarrammi verksins sem opnar það og lokar því. Slánalegi strákurinn er sá fyrsti sem sér Lillu eins og hún er og ást hans vekur hana til lífsins. Textinn þar sem Lilla segir frá sambandi þeirra kallast á við 139. Davíðssálm (16. vers) þar sem segir: „Augu þín sáu mig, er ég enn var ómyndað efni, ævidagar mínir voru ákveðnir og allir skráðir í bók þína, áður en nokkur þeirra var til orðinn.“¹²

Ástin gefur stúlkunni lífslöngun og líkama af því að hún byrjar að borða og sofa og það byrja að vaxa á hana brjóst og augun fara að spegla sál hennar og hendur eignast hún til að strjúka með. Lilla bindur skyndilega enda á sambandið og lesanda er ekki gefin skýring á því. Hún treystir því augljóslega ekki að þessi hamingja verði varanleg en hins vegar veit hún vel að ástarsorgin er það, því hafa foreldrarnir miðlað ótæpilega.

Önnur sagan er mun fyrirferðarmeiri, en það er fjölskyldusaga sem fer á undan sögunni af ástinni í sögutíma bókarinnar. Þar er lífinu í húsinu á Sjafnargötu lýst; bernsku- og unglingsárum Lillu og Mumma, foreldrum þeirra, hjónabandi Lillu og eigin fjölskyldu og

10 *Sama rit*, bls. 116.

11 Jón Karl Helgason, „Deiligaldur Elíasar. Tílaun um frásagnarspegla og sjálfgetnar bókmenntir“, *Ritid* 3/2006, bls. 101–130, hér bls. 108.

12 Biblía, Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag, JPV útgáfa, 2007, bls. 766.

loks endurkomu í foreldrahús eftir skilnað. Inni í þessari sögu er sagan af Nellí, einstæðingi í bakhúsi á Grettisgötu og dóttur hennar Dór. Þessar þrjár sögur fleyga og spegla hver aðra á úthugsaðan hátt þannig að speglaþingarnar magna upp atburði og tilfinningar. Í sögunni af mótun barnanna í fjölskylduhúsinu eru forsendurnar gefnar fyrir sögunni af hinni misheppnuðu ástarsögu Lillu en innsta og stysta sagan fjallar um Dór, barnið sem elskað var takmarkalaust og þráð en „hvarf“. Eins og skilgreining Dällenbach á hugtakinu „mise en abyme“ sýnir svo vel getur myndin ekki varpast yfir sjónhimnu móttakandans í eitt skipti fyrir öll þegar um bókmenntir er að ræða.¹³ Hver ný speglun, hvert nýtt sjónarhorn eða skarpari fókus, opnar nýjan skilning á upphaflegu myndinni. Hin brotna frásögn Sólskinshestsins endurspeglar þetta.

Til eru fræ, sem fengu þennan dóm

Stef *Sólskinshestsins* er slegið strax í eins konar formála eða aðfaraorðum að fyrsta kaflanum með upplýsingum um að móðirin hafi kosið að afsala sér virðingarstöðu sinni sem fyrsta banjó í Banjóljómsveit Reykjavíkur þegar hún eignaðist Lillu. Uppáhaldslag sveitarinnar var lagið „Til eru fræ“. Þetta (meló)dramatíska ljóð Davíðs Stefáns-sonar¹⁴, sem sungið er við enn (meló)dramatískara ungerskt dægurlag,¹⁵ getur jafnframt þjónað hlutverki eins konar táknsögu (frásagnarspegils) af því sem gerist í lífi Haraldar, Ragnhildar og barna þeirra.

Til eru fræ, sem fengu þennan dóm:
að falla í jörð, en verða aldrei blóm.
Eins eru skip, sem aldrei landi ná,

13 Þessu nær þýðing Jóns Karls, „frásagnarspegill“, mjög vel að okkar mati.

14 Hugtakið „melodrama“ þýðir upphaflega „leikrit með tónlist“, og á upphaf sitt í Frakklandi á umbrotatímum 18. aldar þegar menn hættu að treysta orðinu til fulls og bættu við áhrifavöldum með því að setja tónlist undir leikin atriði eða til hliðar við þau til að höfða til tilfinninga áhorfenda og magna efnið upp. Fljótlega fóru menn að nota hugtakið í yfirfærðri merkingu um stækkaðar og ýktar tilfinningar og „pathos“ í framsetningu og hér er þetta hugtak notað í þeirri merkingu. Sjá: Peter Brooks, *The Melodramatic Imagination*, New Haven; London: Yale University Press, 1976.

15 Lagið barst trúlega hingað til lands frá Finnlandi. En upphaflega mun þetta vera ungerskt dægurlag eftir Elemér Szentirmay sem hann samdi 1875. Nefnist það „Csak egy kislány van a világon“ sem þýðir „Bara lítill stelpa í heiminum“ og það er í góðu samræmi við efni Sólarhestsins. Við þökkum Trausta Ólafssyni fyrir að benda okkur á þetta.

og iðgræn lönd, er sökkva í djúpin blá,
og von, sem hefir vængi sína mist,
og varir, sem að aldrei geta kyst,
og elskendur, sem aldrei geta mæst,
og aldrei geta sumir draumar ræst.

— —
Til eru ljóð, sem lifna og deyja í senn,
og lítil börn, sem aldrei verða menn.¹⁶

Haraldur og Ragnhildur hafa að hætti Davíðs Stefánssonar átt hina einu sönnu ást sem þau fengu ekki notið og syrgja alla tíð. Þetta segja þau börnum sínum og sýna hvort sína myndina af hinum syrgðu ástvinum. Sögumaður kallar þetta VARANLEGA ÁSTARSORG og segir:

Þetta var faraldur sem náði hámarki á fyrri hluta tuttugustu aldar og gekk þannig frá hálfu árgöngunum af gjafvaxta Íslendingum að þeir lágu hryggbrotnir út um klassíska lyngmóa og framræstar mýrar (bls. 54).

Á eftir þessari kaldhæðnislegu lýsingu fer fyndinn kafli þar sem hinum endingargóðu ástarsorgum er lýst bæði sem tilfinningasamri tísku og athvarfi eða flóttaleið millistríðsárakynslóðanna frá átökum og amstri daganna. Það kemur svo í hlut næstu kynslóðar, eftirstríðsárakynslóðarinnar, að ávaxta þennan arf.

Guðni Elísson og Alda Björk Valdimarsdóttir hafa kafað ofan í hið endurtekna stef ástarinnar í verkum Steinunnar.¹⁷ Alda Björk ræðir hvernig ástarsögurnar lýsa ástinni sem einstæðri upplifun. Engin ást nær máli nema hún sé jafnframt „la grande passion“ eða Hin-Eina-Sanna-Ást. Henni er lýst af ástríðubunga bæði í trúnaðarsamtölum og bókmenntum því að ást af þessu tagi er svo stórkostleg að hún verðskuldar aðeins efstu stig tungumálsins. Hún er handan hins hversdagslega veruleika, af ætt ævintýrisins eins og Alda Björk bendir á – hún er „ástarævintýri“. Hún er svo áhugaverð að hún krefst áhorfenda en sviðsetning og leikræn framsetning einkennir þessa ástar-

16 Davíð Stefánsson, *Kvæðjur, Kvæðasafn II*, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1930, bls. 93.

17 Guðni Elísson og Alda Björk Valdimarsdóttir. *Hef ég verið bér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmennta- og listfræðastofnun, 2011.

orðræðu umfram annað. Konan í ástarævintýrinu telur sig verða að njóta þessarar miklu ástar til að geta orðið heil en það býðst henni ekki því að eitthvað kemur upp á og elskendurnir eru aðskildir og syrgja hvor annan alla tíð. Alda Björk beinir sjónum sínum aðallega að þremur skáldsögum Steinunnar¹⁸ í greininni „Á tímum varanlegra ástarsorga“ og segir:

Þessar sögur Steinunnar hverfast með mismunandi hætti um ástarþráhyggju og/eða djúpstæðan og raunverulegan harm vegna glataðrar eða óendurgoldinnar ástar. Konurnar í verkum hennar gleyma öllu sem lífið hefur upp á að bjóða og fylgja tilfinningum sínum í blindni fram á hengiflugið, oft með skelfilegum afleiðingum.¹⁹

Alda Björk telur þó að Lilla falli ekki inn í sama ástarþráhyggjumynstur og hinar söguhetjur Steinunnar (Samanta og Brynhildur) af því að ást hennar og elskhugans góða sé gagnkvæm og það sé Lilla sem velur að slíta sambandinu. Líf Lillu hverfist ekki kringum missinn af því að hún leitast við að sameina sitt sundraða sjálf í vinnu sinni sem líknarhjúkrunarkona. Þess vegna sé hún fær um að halda fast í von og þar með framtíðarsýn í stað þess að hringsóla kringum missinn. Alda Björk kemst svo að orði:

Ólíkt því sem segja má um forvera Lillu, þær Öldu, Samöntu og Brynhildi, beinist þrá hennar að viðfangi sem hún getur fest hendur á, sé hún reiðubúin að taka þá áhættu sem felst í því að bindast annarri manneskju. Þetta er saga af gagnkvæmum ástum og ólíkt öðrum skáldverkum Steinunnar sem takast á við ástina stefnir *Sólskinsbestur* í átt að einingu elskendanna. En hvöt sögunnar verður öllu öðru yfirsterkari því líkt og önnur skáldverk Steinunnar leitar sagan að lokum jafnvægis í fjarveru og hreyfingarleysi.²⁰

En hvaðan kemur ástarþráhyggjan? Hvað veldur því að þessar konur neita að sleppa viðfangi hinnar miklu ástar sem veitti þeim ædstu

18 Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á tímum varanlegra ástarsorga“, *Hef ég verið hér áður? Skáldsögur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmennta- og listfræðastofnun, 2011, bls. 135–163. Bækurnar sem Alda greinir eru *Ástin fiskanna*, *Hundrað dyr í golumni* og *Sólskinsbestur*.

19 *Sama rit*, bls. 136.

20 *Sama rit*, bls. 162.

sælu og gerði þær heilar þó að það sé horfið sjónum og standi þeim ekki lengur til boða? Við teljum að einmitt í lýsingu Lillu í *Sólskinsbestinum* gangi Steinunn alla leið inn í frásagnarspeglasalinn því að ekki aðeins sé Lilla haldin raunverulegri ástarþráhyggju sem foreldrar hennar sviðsetji aðeins, heldur stefni sagan aldrei að einingu Lillu og æskuástar hennar.

Ástarþrá

Jacques Lacan segir að í rómantískum ástum kenni menn alls kyns hindrunum um að samruni elskendanna hafi ekki orðið, allt hefði orðið fullkomið hefðu elskendurnir aðeins fengið hvor annan. Sá samruni hefði aldrei getað orðið þótt engar hindranir hefðu komið til vegna þess að hann sé í raun fantasía byggð á hugmyndinni um einingu þar sem konan eigi að leggja karlinum til það sem hann skorti til að verða heill. Þannig verði aðskilnaðurinn „sönnun“ þess að elskendurnir myndi einingu.²¹ Karlmaðurinn veit ekki hvað konan vill en hann heldur að hann viti það af því að „hann bjó hana til“ en hún svarar ekki væntingum hans. Það gerir hún ekki af því að hennar fantasíur og nautn eða *jouissance* eru annað og meira en sá skerfur sem henni er ætlaður í tungumálinu.²²

Elskhuginn býr Lillu til í orðsins fyllstu merkingu, til hans má rekja nýtt líf hennar þegar hún er sextán ára og breytist úr grárrí púpu í litskrúðugt fiðrildi. Honum finnst hún falleg, góð og skemmtileg og þá verður hún það. Hann tekur mynd af henni, sköpunarverki sínu, og þá mynd geymir Lilla í veskinu sínu þar sem mynd af honum hefði átt að vera (bls. 60–61). Er það kannski sama myndin? Hann í eigin spegli? Hann gefur henni nýtt nafn og velur á hana föt. En hvað vill hún? Það eina sem hún vill ekki er að ganga Grettisgötuna og mitt í alsælu þeirra beggja segir hún honum upp. Hvers vegna? Lesandi fær enga skýringu á því. Það er eins og elskhuginn hafi lokið

21 Dagný Kristjánsdóttir, „Froskur kyssir flösku eða Ástin varir að eilífu“, *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 1999, bls. 668–684, hér bls. 674–675.

22 Eins og Juliet Mitchell og Jacqueline Rose benda á lendir Lacan í sömu krepptu og aðrir sem glímt hafa við „konuna“ á undan og eftir honum, þ.e. fyrst kemst hann að þeirri niðurstöðu að konan sé ekki táknuð í tungumálinu en spyr síðan hvernig mögulegt væri að gera slíkt. Á þann hátt byggir hann fyrst á mótunarhyggju en síðan eðlishyggju, sem eru í mótsögn hvor við aðra. *Feminine Sexuality, Jacques Lacan and the École Freudienne*, ritstj. Juliet Mitchell og Jacqueline Rose, London: The Macmillan Press, 1982, bls. 137–148, hér 137–138.

hlutverki sínu. Lilla er ekki reiðubúin til að dýpka sambandið af því að í raun getur hún það ekki, hún hefur að því er virðist verið ástfangin af ástinni en ekki hinum andlits- og nafnlausu fulltrúa hennar. Ástarþráhyggjan er hins vegar áhættulaus því hún fer aldrei frá henni. Eins og aðrar ástsjúkar aðalpersónur Steinunnar Sigurðardóttur velur Lilla ástarsorgina því að fyrir sjálfri sér getur hún skýrt alla þá höfnun og missi sem framtíðin kann að bera í skauti sér með hinni óbætanlegu ást, einingunni sem eitt sinn var – en glataðist.

Á bak við söguna af þessum missi er sagan af öðrum missi eða skorti en það er skorturinn á ást foreldranna. Haraldur og Ragnhildur hafa elskað aðra og misst og samkvæmt notendaleiðbeiningum ástarþráhyggjunnar eiga þau að syrgja hinn elskaða alla tíð ásamt ófæddum börnum og hamingju sem aldrei varð þeirra hlutskipti. Ástarþráhyggjan réttlætir ástleysi þeirra gagnvart fjölskyldunni sem þau koma á fót. Þó að Lilla og Mummi kaupi þessa hugmyndafræði er það erfitt fyrir þau að einu börnin sem foreldrarnir geta rúmað tilfinningalega eru þau sjálf og þau kalla hvort annað mömmu og pabba.

Þau sem höfðu ruglað saman reytum sínum svona seint í lífinu voru í bullandi mömmuleikjum; kölluðu hvort annað pabba og mömmu eins og þau væru endalaust að tala við foreldra sína (bls. 52–53).

Þau sýna myndir af elskhugunum eins og fjarvistarsönnun en í raun eru þau óaðskiljanleg, afar elsk hvort að öðru og einhuga um að láta börn sín tvö ganga afskiptalaus og sjálfala frá sjö ára aldri þegar þýsku fóstrunni þeirra er sagt upp störfum. Reglan, ástin og umönnunin sem fóstran stendur fyrir hverfur með henni og húsið breytist. Það verður vettvangur óreiðu og ástleysis. Börnin svelta og hefðu mögulega dáíð úr vannæringu ef faðirinn hefði ekki eldað tvisvar í viku. Tilfinningalegt hungur einkennir líf þeirra.

Grafhvelfing

Skólafélagar Lillu gera sér það að leik að ofsækja konu sem býr í bakhúsi við Grettisgötu. Þrisvar heimsækir Lilla þessa konu, Nellí, sem hefur verið svipt dótturinni Dór (Dóru) vegna drykkjuskapar. Hún syrgir dóttur sína mjög og segir Lillu frá henni. Lilla samsamar sig

dótturinni og býr til úr henni ímyndaða vinkonu sem hefur notið allrar þeirrar frumástar og umhyggju sem hún ekki fékk en þráir alla tíð. Sagan af þessari skilyrðislausu ást, hamingju og einingu er innsta sagan og speglar hinar tvær en reynist vera blekking þegar Lilla heimsækir Dór í lok sögunnar. Dór reynist vera stillileg kona og laus við alla tilfinningasemi en í því fáa sem hún segir birtist trámatísgeruð bernska með viðlaginu „þegar ég var tekin“. Fyrsta spurning hennar þegar Lilla segist hafa heimsótt móður hennar er: „Hvernig var ástandið?“ (bls. 157). Þessi speglun og samsömun við óhamingju Dór, hinnar elskuðu, verður hvarfapunktur hjá Lillu og þegar líf hennar fjarar út eftir bílslysið í bókarlok segir:

Ég var skuggabarnið sem átti loksins að koma í ljós með því að segja söguna langelskuðum gráhærðum manni, draga barnið fram í dagsljósið með herbergisdögum og öllu saman, *nýja endinum frá í gær*. Það verður ekki. Ég kem aldrei í ljós. Og ég fæ ekki að velja mér grafskriftina.

Hér hvílir enginn Sólskinsbestur (bls. 166, skáletrun okkar).

Eins og áður segir telur Alda Björk Valdimarsdóttir að Lilla skeri sig úr hópi annarra ástarþráhyggjukvenna Steinunnar í því að líf hennar hverfist ekki kringum missinn þar sem hún geti gefið af sér í starfi. Hún leiti hvorki endurfunda við elskhugann né vilji verða aftur heil. Alda Björk tvístígur þó og segir: „Hún hefur á tuttugu árum veitt fimmhundruð deyjandi manneskjum líkn“²³ og þótt hún velji sér þetta starf hugsanlega vegna þess að dauðinn sér um að rjúfa bönd hennar við sjúklingana sýnir það einnig að hún kann að gefa af sér (bls. 161–162). Við teljum þessa síðari túlkun vera í meira samræmi við persónuna því að líkn Lillu felst í að hjálpa sjúklingunum að losa böndin við hina elskuðu en ekki að binda ný. Öfugt við móður sína hjálpar Lilla sjúklingum að deyja en ekki lifa. Ástin og dauðinn eru tvær hliðar á sama teningi í hinum þunglyndislega sálarbúskap Lillu eins og hjá svo mörgum aðalpersónum í verkum Steinunnar en sérstaða hennar meðal þeirra felst í bernskulýsingunni, þar ráðast örlög Lillu.

Í bókinni *Svört sól* fer Julia Kristeva yfir eldri kenningar um þung-

23 Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á tímum varanlegra ástarsorga“, bls. 161–162.

lyndi og minnir á kenningu Karls Abrahams um að hinn þunglyndi loki sorg sína inni í grafhýsi í sál sinni og vitji hennar þar eins og ástvinar. Kristeva er höll undir þessa myndhverfingu til að lýsa sjúkdómnum en samkvæmt hennar kenningum neitar þunglyndis-sjúklingurinn að samþykkja móðurmissinn sem tungumálið hvílir á en Kristeva kallar þetta ósætti „hlutinn“. Þegar sá þunglyndi fremur sjálfsmorð er hann að sameinast „hlutnum“ eða missinum sem hann hefur áður lokað inni í sér eins og í grafhýsi.²⁴ Er það þetta sem raunverulega gerist í endi *Sólskinsbests*? Er útafkeyrsla Lillu sjálfsmorð? Vill „skuggabarnið“ í raun ekki koma fram í dagsljósið? Slíkur lestur byggist að sjálfstöðu á túlkun en það eru ljósir tónar, humor og ljóðræna í textanum sem Lillu er lagður í munn sem gera hlut túlkandans ekki auðveldan. Um leið eru myrkari þættir í *Sólskinsbestinum* en flestum öðrum bókum Steinunnar Sigurðardóttur sem tengjast bæði ytri og innri grafhvelvingum.

Húsið.

ein í Húsinu hávaxna og steingráa og gráglettna
fermetrum þrjúhundruð og sextíu,
undir tómarúm Lillu og Mumma, með háalofti

fermetrum þar sem líffærin gáfu sig, eitt af öðru,
herbergisdag eftir dag.

Í eldhúsinu tákirtlar,
hvort sem laukur var skorinn eða ekki laukur
á Haraldarkjötsúpudeginum.
Á langa ganginum gaf sig hausinn
ég rásaði um hann fram og aftur
ósýnileg fyrir hússins Hjónum
óheyranleg fyrir Haraldi og Ragnhildi
vissi ekki hvort ég kom eða fór eða var (bls. 118–119).

Ytri grafhvelving Lillu er bernskuheimili hennar. Í risastóru rými ganga hún og Mummi bróðir hennar sjálfala og reyna að vera ekki

²⁴ Julia Kristeva, *Svört sól. Gæðdeyfð og þunglyndi*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 137.

fyrir foreldrum sínum. Eins og börnin er húsið vanrækt. Á meðan börnin horast grotnar húsið niður og á sama tíma og börnin hræðast það sem úti er verður húsið meira fráhrindandi.

Eitt af skýrustu og algengustu minnum í hryllingssögum eru einmitt hús. Stundum eru þau persónugerð í sögum, jafnt að utan sem innan. Sé horft á þau að utan svipar þeim til andlits manneskju, þar sem gluggar geta staðið fyrir augu, útihurð fyrir munn og þakið minnir oft á hár á þessu undarlega en greinilega andliti. Ásýnd þess andlits er hins vegar mismunandi og ástand þess fer eftir íbúunum. Hús þarfnast viðhalds, góðrar umgengni og væntumþykju, en hús í hryllingsmyndum eru oftast illa hirt. Slík hryllingshús eru gjarnan tóm, stór og yfirgefin og sést það vel á ástandi þeirra að utanverðu.²⁵

Innan þessara hryllingshúsa heldur persónugervingin áfram, en oft er eins og hvert herbergi sé líffæri í líkama. Almennt er talað um hjarta hússins þegar eitthvert herbergi er miðpunktur fjölskyldulífsins, til að mynda eldhúsið eða stofan. Í hryllingshúsum er þessi líking tekin á orðinu og herbergin verða bókstaflega að mismunandi líffærum persónugerða hússins. Í ljóðinu hér að ofan talar Lilla um húsið sem hún ólst upp í, hús með átta herbergjum og háalofti. Hún talar um líffæri sem gáfu sig og tárakirtla í eldhúsi, „hvort sem laukur var skorinn eða ekki laukur“. Lilla er ekki að tala um raunveruleg tár barnanna, því börnin létu það lítið fyrir sér fara að þau hefðu aldrei grátið á svo sýnilegum stað. Hjarta hryllingshúsanna er herbergið sem rúmar upptök alls þess illa sem eitrar fjölskylduna og smitar húsið.²⁶ Mummi kallar herbergi Lillu stundum Katakombu, sem merkir grafhvelving. Það lekur og myglar og inniheldur tvö ósýnileg börn sem leita skjóls hvort hjá öðru.

Húsinu í *Sólskinsbestinum* er ekki haldið við. Þegar Lilla flytur sem fullorðin kona aftur á æskuheimili sitt er hurðin á herberginu hennar

25 Barry Curtis, „The Haunted House“. *Dark Places. The Haunted House in Film*, London: Reaktion Books, 2008, bls. 31–75, hér bls. 31.

26 Guðni Elísson fjallar um samband húsa og sálarlífs í verkum Álfrúnar Gunnlaugsdóttur og ræðir meðal annars merkingu og yfirfærslu hugtaksins „haunted“ á íslensku: „Ásókn vísar til utanaðkomandi ógnar, en þegar einstaklingar eru „haunted“ býr ógnin að sama skapi innra með þeim. Hana er að finna í sálarjúpunum og er það einstaklega gotnesk leið til að lýsa áráttu eða fíkn.“ Guðni Elísson, „Menn gleyma fljótt, ekki síst ef þeir eru dauðir“, *Rúnir. Greinasafn um skáldskap og fræðastörf Álfrúnar Gunnlaugsdóttur*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 173–185, hér bls. 180.

bólgin og hún þarf að sparka henni upp til þess að komast inn um dyrnar. Þetta herbergi lak þegar hún var barn og það hefur myglað. Þó að allt húsið hafi verið málað að innan sem utan eftir að hún flutti að heiman er saggalykt og rakataumar í herberginu hennar (bls. 9). Í rauninni er það svo saggafullt að vart er hægt að haldast við þar. Þetta er herbergi á fyrstu hæð og það eina í húsinu sem er sýkt. Í því er að finna fermingarrúmið hennar, koll, skrifborð og klukku sem Haraldur gaf henni einu sinni í afmælisgjöf. Þetta lokaða herbergi er það sem vekur upp minningar hjá Lillu um uppvöxt sinn, með allri þeirri sorg og þögn sem einkenndi hann.

Breski bókmenntafræðingurinn Barry Curtis talar um að hlutir sem vekja minningar séu mikilvægir í leikmynd kvikmynda. Hlutir í húsum eru til þess gerðir að gefa ákveðna mynd af persónuleika íbúanna eða til þess að tengja nútíð myndarinnar við fortíð eða fjarlæga staði.²⁷ Hlutirnir fjórir í herbergi Lillu þjóna báðum þessum hlutverkum: fermingarrúmið dregur fram minningar um kærastann sem þar gaf kossa (bls. 11), kollurinn sýnir hvað Lilla var ung þegar hún varð að taka við húsverkunum og náði ekki upp á snúruna svo Mummi bróðir hennar kom með koll (bls. 9–10), skrifborðið hirti Haraldur á Vífilsstöðum og það tengist lífi hans áður en hann flyst á Sjafnargötuna og ástarsögum foreldranna sem fylgja börnunum (bls. 10). Loks er svo klukkan sem Haraldur kom með heim frá útlöndum til þess að gefa Lillu í afmælisgjöf, stakt tákni um væntumþykju sem hún saknar mjög (bls. 98). Eins og sjá má speglast allar þrjár megin-sögurnar hér og spegla hver aðra í einni lýsingu á einu herbergi.

Draugar hússins

Frá unga aldri þurfa börnin að verja heimilið fyrir utanaðkomandi fólki sem má ekki komast að leyndarmáli þeirra. Leyndarmálið er saknæm vanræksla foreldranna, vanhirða og vannæring. Börnin fá engin eiginnöfn heldur eru kölluð gælunöfnum, enginn talar við þau, enginn kemur í húsið þar sem þau eru eins og fangar. Þau leika óhugnanlega dauðaleiki og drepa leikföngin sín til að breyta sér úr

27 Barry Curtis, „The Haunted House“, bls. 67.

þolendum í gerendur.²⁸ Þau lifa af en eru ekki lífvænleg. Þegar þau vaxa úr grasi og komast burt úr húsinu þrá þau ástina en geta ekki treyst neinum eða tekið áhættuna á að verða fyrir höfnun.

Lilla og Mummi reyna að vera ósýnileg á heimilinu. Þau reyna eftir fremsta megni að vera ekki fyrir foreldrum sínum þegar þau eru heima. Sjálf eru Ragnildur og Haraldur mjög góðir barnalæknar í vinnu sinni en þegar heim er komið er þeim líkt við uppvakninga, þar sem þau reika um húsið í leit að týndum hlutum, keyra utan í bíla án þess að taka eftir því og læsa sig iðulega úti (bls. 50). Á meðan þessir draugar vafra um miðhæðina halda krakkarnir sig á jaðrinum, í herbergjum sínum á neðstu hæð eða uppi á háalofti. Þessir staðir gegna iðulega því hlutverki í húsum að fela fyrir gestum miðjunnar það sem ekki má sjást. Lilla og Mummi kalla háaloftið „heiminn á bak við heiminn“. Þar horfa þau tímunum saman út um tígulgluggana án þess að nokkur maður fyrir utan verði þeirra var. Þau fara helst ekki út (bls. 26–29). Á þessu háalofti búa þau til „Sjafnargötudrauginn“ og nefna hann eftir Ragnildi og Haraldi.

Úlfhildur Dagsdóttir²⁹ bendir á tengsl milli *Sólskinsbestsins* og draugamyndarinnar *The Others*³⁰ þar sem mörk milli lífs og dauða eru ekki ljós. Í myndinni verða konan og börnin vör við draugagang í húsinu sínu, hlutir færast, merki um umgang eru alls staðar og áhorfandinn fylgist spenntur með, þar til mæðginin komast að því á miðilsfundi „drauganna“ að þau sjálf eru draugarnir í húsinu. Bendir hún réttilega á að í *Sólskinsbesti* sé einmitt ekki alveg ljóst hvort börnin eða foreldrarnir séu lifandi eða dauð. Eru þau kannski staðsett í sama húsinu í mismunandi víddum?

Mörkin milli víddanna eru einstaka sinnum rofin, þá einna helst þegar Haraldur reynir að nálgast krakkana (bls. 98–99). Í eina skiptið sem Ragnildur lítur í átt til Lillu sem barns er þegar Lilla bregst illa við því að flétturarnar séu klipptar af henni og móðirin kemur til þess að sprauta hana niður. Lilla er handviss um að Ragnildur hafi ætlað að drepa sig, en mistekist, og reynir næstu daga að vera ósýnilegri

28 Sigmund Freud, „Handan velliðunarlögmálsins“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi og ritaði innangang og skýringar, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 83–147, hér bls. 93–97.

29 Úlfhildur Dagsdóttir, „Heimilislegur dauði, eða ósýnilegir leikir á háalofti“, *Lesbók Morgunblaðsins* 29. júlí 2006, bls. 10.

30 Alejandro Amenábar, *The Others*, 2001.

en áður til þess að Ragnhildur uppgötvi ekki mistök sín (bls. 37). Í *The Others* er það móðirin sem hefur drepit börnin sín og sjálfa sig í geðveikiskasti, en þegar hún vaknar daginn eftir heldur hún að sér hafi verið gefið tækifæri til þess að bæta fyrir brot sín og veit ekki að hún er orðin draugur. Lesandi *Sólskinsbestsins* hefði hugsanlega ekki verið hissa hefði komið á daginn að börnin í Sjafnargötunni væru draugar, en sú er samt ekki raunin.

Lilla sleppur nefnilega úr húsinu þegar hún eignast kærastann. Þegar hún segir honum upp er hún jafnframt hrædd um að komast aldrei aftur úr Sjafnargötunni, að hún hafi lokað útgönguleiðinni. Hún er hrædd um að festast í draugahúsinu sínu, því að einsömum virðist hún ekki geta yfirgefið húsið af því að hún „er ekki til“ án kærastans.

Er húsið andsetið eða andsetur það íbúana?

Barry Curtis segir að öll hús séu í raun andsetin (e. *haunted*) og þrungin af sögu, minningum og draumum þeirra sem bjuggu í þeim og þeirra sem koma í húsið. Húsin eru á einhvern hátt forrituð af þeim sem þar hafa búið – þau mótast í takt við fjölskyldurnar sem hafa búið í þeim. Draugahúsið ber samt merki um árekstur milli sögu hússins og sögu íbúanna. Það er iðulega sér á parti og fá hús sem sjást í nágrenninu og lítið líf í kringum það.³¹

Húsið í *Sólskinsbesti* virðist eitt í heiminum, fáir koma í heimsókn og fjölskyldan í því virðist hvorki eiga skyldfólk né fjölskylduvini. Aðalhryllingurinn er þó fjölskyldulífið sjálft og samband, eða sambandsleysi, barna og foreldra. Í sögum af draugahúsum eru þau eins og hulstur utan um kjarna sögunnar, glæpinn gegn aðalpersónunni. Aðalpersónan er „andsetin“ en það er húsið á sinn hátt líka því það getur ekki losnað við glæpinn sem það geymir. Þessi einkenni má sjá í fleiri sögum Steinunnar.

Í *Tímaþjófinum* er Alda ein, ógift í föðurhúsum – minningar fjölskyldunnar sem hafa skapast í þessu húsi sækja á hana, sofandi í foreldrarúminu, með giftingarhring móður sinnar, erfðagrip, sem tengir nútíð stöðugt við fortíð annarra í eilífri endurtekningu, eins og húsið sem erfist frá foreldrum til barna. Í draugahúsum eru erfða-

31 Barry Curtis, „The Haunted House“, bls. 34.

gripir algengt tákni því þeir bera með sér minningar og þar af leiðandi ásækja þeir þann sem þá erfir. Skilaboðin úr fortíðinni til Öldu eru að henni sé ekki ætlað að ráða sinni eigin framtíð, sé ekki ætlað að giftast og eignast afkvæmi heldur sé hún dæmd til einveru, grafin lifandi í húsinu áður en hún deyr. Alda Björk segir: „Líkt og hinir upprisnu tilheyrir Alda hvorki lífi né dauða, en handanveruleiki Öldu er hérnamegin grafar, í ólandi hins ódauða fremur en ódauðleikans. Ást hennar verður því aldrei meira en tilgangslaus uppvakningasást þótt hún sé jafn þversagnarkennd og flókin.“³²

Lilla í *Sólskinsbesti* talar um húsið sitt eins og kastala með síki í kring – garðurinn er grátt svæði í kringum húsið en ekki er hægt að leika sér í honum af því að utan hans er fólk sem vill komast inn, það gæti séð vanrækslu barnanna, leyst upp fjölskylduna, og það gerir börnin hrædd. Samanta er líka búsett í kastala erlendis í byrjun bókarinnar *Ástin fiskanna*, eða í risi – ef til vill líkt og prinsessa í turni. Þegar hún síðar fer að búa með Erlendi, verður henni að orði: „Ég er fegin að mega vera ein heima. Ein heima í draugahúsi þar sem draugagreinar slást við glugga og sambýlismórar elska draugfullar skottur úti í bæ.“³³

Í *Sólskinsbestinum* flytur Lilla aftur heim í húsið sitt. Þegar hún horfir á það með augum fullorðinnar konu er það ekki eins drungalegt og gefið er í skyn þegar hún er barn: „Hið fínlega yfirbragð Sjafnargötu er varla merkt af neinum sérstökum stíl, en gæti þó minnt á ítalska villu uppi í sveit. Hlutföllin í húsinu eru kórrétt, allt er reglulegt við það, þennan samhverfa gullinsniðskassa“ (bls. 123). En hún bætir þó við.

Viðhald á Sjafnargötu var lítið stundað og hrörnun markviss frá ári til árs, þótt hún ynni aldrei bug á húsinu. Það minnti á manneskju sem fær gott útlit í vöggugjöf – enginn aldur, engin vanræksla afmynda hana – góða útlitið skín alltaf í gegn. Að hugsá sér hvað það var sterkt og seigt í húsinu að utan og innan, hvað það hafði mikla mótstöðu gegn öllu því langvarandi skeytingaleysi (bls. 124).

32 Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmennta- og listfræðastofnun, 2011, bls. 113–134, hér bls. 133.

33 Steinunn Sigurðardóttir, *Ástin fiskanna*, bls. 100.

Lesandinn veit ekki hvort hann er að lesa um húsið eða litlu stelpuna sem ólst upp í því. Lilla byrjar að gera húsið upp þegar hún flytur inn í það, herbergi fyrir herbergi. Hvert herbergi tekur ár í viðgerð og eru árin nefnd eftir því herbergi sem er í vinnslu hvert sinn. Ragnhildur og Mummi taka þátt í þessu ferli, en enginn má koma nálægt æskuherbergi hennar og háaloftinu nema hún sjálf. Viðgerðir á húsinu blandast uppjöri Lillu við æskuna í húsinu, hver saga speglar aðrar sögur og myndir og því erfiðara að sigrast á skrímslunum sem leynast í minningunum (bls. 126).

Í grein sinni um kvikmynd Roberts Wise *The Haunting* lýsir Pam Keesey því hvernig hús gleypir manneskjur. Þær sogast inn í hlutverkið sem húsið ætlar þeim.³⁴ Það er eiginlega það sem gerist hjá Lillu. Þó að hún flytji út úr húsinu og eignist mann og börn, fer hún frá þeim og flytur aftur til móður sinnar í húsið sem hún hatar svo mjög. Í *Tímabjófnum* sýnir Alda sömu áratтуhegðun með því að taka það gilt að henni sé ekki ætlað að bera neinn hring annan en giftingarhring móður sinnar. Þráhyggja hennar í sorginni yfir fyrverandi elskhuga birtist í sífelldum endurtekningum í bréfum sem hún skrifar ár eftir ár. Samanta í *Ástinni fiskanna* býr í draumakastal- anum og sökkvir sér í draumóra og ævintýri sem óljóst er hvort séu raunveruleg eða ekki – en þegar hún loks brýst út úr þráhyggjunni flytur hún úr eigin húsi og segir skilið við draumana. En það er ekki til að finna sjálfa sig heldur til að taka að sér mann, haldinn sömu þráhyggju og hún var. Sneisafull af minningum og draumum sem aldrei urðu að veruleika gleypa húsin fólkið sem leika í þeim hlutverkin sem þegar eru forrituð inn í húsin.

Illska

Draugahúsið, hin gotneska umgjörð um bernsku Lillu og Mumma, er gætt sérstakri merkingu og leikur stórt hlutverk ef ekki aðalhlutverk í *Sólskinsbestinum*. Leyndarmálið sem húsið geymir er vitneskjan um glæp sem ekki var refsað fyrir. Foreldrarnir eru hálaunafólk en börnin ganga um köld, hungruð og illa klædd. Foreldrarnir eru

34 Pam Keesey, „*The Haunting* and the Power of Suggestion. Why Robert Wise’s Film Continues to “Deliver the Goods” to Modern Audience“, *Horror Film Reader*, ritstj. Alain Silver og James Ursini, New York: Limelight Editions, 2000, bls. 304–315, hér bls. 311.

barnalæknar en börnin þeirra eru jafnan veik og aðrir sjá um að koma þeim til læknis ef þau meiða sig. Eftir vinnu loka hjónin sig inni en ung börn sín úti. Lýsingarnar á vanrækslu þeirra eru nógu gróteskar og stílfærðar til að geta verið teknar úr einhverju Grimmsævintýranna. Hvers vegna hafna Ragnhildur og Haraldur börnum sínum og vanrækja þau svo gróflega? Eru þau eigingjörn eða ill?

Sögumaður og söguhöfundur lýsa þeim á þversagnakenndan hátt: annars vegar sem ráðvilltum, ópraktískum manneskjum nánast eins og stignum út úr barnabókum. Þannig týna þau yfirhöfnum, gleraugum, bókum, lyklum, hettum og húfum eins og ræningjarnir í Kardimommubænum og leita tuðandi að þeim eins og rassálfar í *Ronju ræningjadóttur* (bls. 58–59). Hins vegar heyrast alls konar hljóð úr stofunni þar sem þau loka sig inni á kvöldin og þessum fundum er lýst sem „miðilsfundum“ þar sem raddir dáiinna barna og önnur kynjahljóð heyrast um allt húsið og halda vöku fyrir Lillu (bls. 24 og 86). Lesandi fær aldrei að vita hvað er á bak við þetta leynimakk og hvort eitthvert samband er við handanheima eða ekki neitt. Lesandinn horfir á lokaðar dyrnar eins og börnin. Þau eru hrædd við foreldrana, sérstaklega Ragnhildi. Lilla heldur að hún ætli að drepa sig þegar hún sprautar hana niður (bls. 38) og Mummi vaknar með martraðir (bls. 128). Öll lýsingin á þessum innilokuðu, fölu, þöglu, hungruðu og trámatíseruðu börnum minnir á stríðshrjád börn.

Það er ef til vill langt seilst að líkja lífi barnanna á Sjafnargötu tvö við fangabúðarvist og þó minna lýsingar Lillu á eitthvað slíkt. Börnin tilheyra engum og eiga hvorki rétt né viðurkennda kröfu á neinu þó að Lilla sjái um heimilið eftir bestu getu. Þau eru niðurbrotin og óttaslegin, einangruð og reið. Þetta sést gjörli í ofbeldisleikjum þeirra, drauga- og feluleikjum. Þau búa til eigið tungumál, tilbúin nöfn, bull og dulmál, auk íróníu og kaldhæðni sem verður annarleg þegar hún er lögð í munn litlum börnum.

Lýsingin kallast á við það niðurbrot sem Hannah Arendt talar um sem stjórnunaraðferð alræðisins. Hún tekur fanga- og útrýmingarbúðir nasismans sem dæmi um ýktustu mynd sem sést hafi af alræði. Í búðunum eru fórnarlömbin fyrst svipt borgaralegum réttindum, því næst siðferði sínu af því að þeim er stillt upp frammi fyrir ósiðlegum valkostum og loks eru þau svipt einstaklingseinkennum

svo sem sjálfstæðum vilja, frumkvæði og gagnrýnni hugsun. Alræðið líður ekki einstaklinga heldur þarf á „einingum“ að halda sem hugsa ekki heldur láta vel að stjórn.³⁵ Á undan alræðinu fer ógnarstjórn sem býr í haginn fyrir alræðið þar sem afmennskun er markmiðið, fólk skiptir ekki máli. Ógnarstjórn Ragnhildar og Haraldar á heimilinu er órökleg og þar með afar valdsleg; lögin eru lög af því að þau eru lög. Þau hvorki tala við börnin né sjá þau og svipta þau þar með persónu-einkennum sínum og vilja.³⁶

Mannvinir

Oft kemur fram að Ragnhildur sé afskaplega fær barnalæknir, dúx úr menntaskóla, goðsögn í lifanda lífi fyrir sjúkdómsgreiningar sínar. Einnig er frá því greint að hún þolir ekki að missa barn, ef barn deyr er hún ekki mönnum sinnandi á heimilinu og í hönd fer „miðilsfundur“ – jafnvel tvö kvöld í röð. Lesandi veit ekki hvort Ragnhildur harmar missi barnanna þeirra vegna eða sín vegna af því að hún hafi brugðist sem læknir en það er hið síðastnefnda sem Haraldur vísar til þegar hann reynir að hugga hana: „Það er til eitthvað sem heitir *mannlegur máttur*, og þetta var ekki í mannlegum mætti. Hugsaðu um öll börnin sem þú hefur bjargað. Það er enginn læknir á öllu landinu eins flínkur og þú í *diagnósu*“ (bls. 24–25).

Ragnhildur og Haraldur bera ábyrgð á og hafa skyldur við öll börn – en ekkert sérstakt barn. Ragnhildur hugsar um hópa barna, ekki einstök börn. Hún er kerfiskona, vísindahyggjusinnuð, eins og kaldastríðsárakynslóðin sem byggði upp Ísland nútímans. Hún er í Sjálfstæðisflokknum, andkommúnisti en líka herstöðvarandstæðingur og stórneytandi kanasjónvarpsins. Þetta er óneitanlega þversagna-kennt því að Ragnhildur telur sig vera sérstakan hatursmann „stórra hugmyndakerfa“:

35 Hannah Arendt, „Alger yfirráð“, *Af ást til beimsins. Um kreppu stjórn mála, heimspeki, alræði og illsku*, Ólöf Embla Eyjólfsdóttir þýddi, Sigríður Þorgeirsdóttir ritstýrði, Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2011, bls. 165–198, hér bls. 184–194.

36 Eins og kemur fram í því að faðirinn lætur klippa flétturnar af Lillu nauðugri eftir að fóstran er farin af því að enginn er til að greiða barninu lengur. Senan er ofbeldisfull og trúamatísk (sjá bls. 34–44).

Hún hélt ræður í keðjureyk yfir Haraldi og símleiðis yfir Jónasi góða og saklausu kvenfólki um þau örlög barna að vera fædd í örbirgð í Afríku, á Indlandi, í Sovétríkjunum, í bölið og barnadauðann á Íslandi fyrir meir. Að vera barn á tímum loftárása, umsáturs um Leníngrað, að vera gyðingabarn á tímum Helfarar, að vera barn í Hírósíma á tímum sprengjunnar, að vera Sígaunabarn. [...] Hún fann nýja hópa barna í nýjum löndum sem höfðu verið óafsakanlega óheppin að fæðast á ótímum og stríðstímum og útrýmingartímum og fátæktartímum (bls. 88–89).

Eins og sjá má rignir klisjunum og írónía söguhöfundar nær hæðum í framhaldinu þar sem Ragnhildur deilir á guð sem lætur börn þjást og sannar þar með að hann er ekki miskunnssamur og engin ástæða til bjartsýni í þessari veröld. Þannig lýsir sögumaðurinn Ragnhildi sem óútreiknanlegri og óútskýranlegri, venjulegum hræsna ef afleiðingarnar af dómgreindarleysi hennar og grunnhyggni hefðu ekki jafn alvarlegar afleiðingar og raun ber vitni.

Börnin í *Sólskinsbesti* eru fórnarlömb þeirrar illsku sem á rætur í tómlæti og grimmd sem eru réttlætt með því að gera umönnun og samsömun við þjáninguna afstæða. Lilla og Mummi eru ekki veik og þjást ekki sýnilega eins og veiku börnin sem Haraldur og Ragnhildur reyna að bjarga og syrgja ef þau missa þau af barnadeildinni á Landspítalanum. Börn eiga ekki að deyja í íslenska velferðarsamfélaginu, Ragnhildur og Haraldur eiga að sjá til þess og veiku börnin á spítalanum skipti meira máli en þeirra eigin af því að þau eru á þeirra faglegu ábyrgð og um leið veltur þeirra fræðilegi heiður og starfsframi á því að sjúklingarnir læknist. Þau brestur dómgreind til að setja sig í spor eigin barna og skynja vanlíðan og þjáningu þeirra. Í því felst grimmd þeirra og glæpur. Hún flokkast undir það sem Hannah Arendt kallar „lágkúru illskunnar“ eða hina heimskulegu illsku sem ósköp venjulegt fólk, þú og ég, getur sýnt ef það aftengir sig tilfinningum og hvötum í þágu kerfisins, skyldunnar eða æðri málstaðar sama hvað það kostar. Lilla lýsir því svo eftir að móðirin hefur leyft henni að vera hjá föðurnum á dauðastundinni:

Hún vissi fyrirfram hvenær hann færi, sú sem reiknar út líf og dauða með sínu kalda klára intellekti (og það sem hún reiknar ekki út, því

Í FRÁSAGNARSPEGLASALNUM

horfir hún fram hjá, ef það er eitthvað sem henni hentar ekki að taka eftir). Eitt það voðalegasta við Ragnhildi er yfirgæskan, þessi reykjarslæða sem líður út í hvert horn á sviðinu og blindar áhorfandann (bls. 106).

Ragnhildur og Haraldur eru skynsemistrúar, vísindamenn, og ást eða samlíðan hefur ekkert með vinnu þeirra og fjölskyldu að gera – hún er bundin unga fólkinu sem þau giftust ekki heldur misstu og hlutu í staðinn „varanlega ástarsorg“. Klisjurnar koma í stað gagnrýnnar hugsunar. Fólk telur sig vera siðlegt en í raun hafa manneskjur ekki gildi í sjálfu sér í þeim heimi sem þær byggja.³⁷

Í viðtalinu sem áður var nefnt segir Steinunn:

„Ég held að þetta sé langtílfínningaríkasta skáldsagan mín. Að ég sé örlátari á sjálfa mig en nokkurn tímann áður í nokkurri bók.

Og ástríkari?

Ekki veit ég það! Mér finnst ástarsagan í þessari bók ekki hafa meira vægi en ástleysið eða sorgin.“³⁸

Ástleysið er hlutskipti Lillu í foreldrahúsum og svo djúprætt að hún hafnar ástinni þegar hún öðlast hana af því að hún getur ekki treyst neinum. Það eina sem hún veit er að Dór hefur verið elskuð skilyrðislaust sem barn og hún getur ekki afborið að einnig það var blekking þegar þær hittast loks. Báðar sögurnar, ástarsaga hinnar ungu Lillu og sagan af Dór spegla þriðju söguna um þær forsendur sem börnunum í sögunni eru gefnar í samfélagi efnis- og tæknihyggju, tómlætis, vanrækslu og ástleysis sem samfélagið lætur óátalið og telur jafnvel til dyggða ef þetta er allt klætt í nógu óhlutstæðan búning. Einhvers staðar í því samfélagi slær hjarta hins illa.

37 Hannah Arendt, *Af ást til heimsins*, bls. 194–198. Margt af því sem Arendt segir í greininni „Alger yfirráð“ er afar góð greining á hryðjuverka- og sjálfsmórðarsárum þar sem morðingjarnir skoða fólkíð sem þeir drepa sem „umframfólk“ og það á við um þá sjálfa líka. Þetta gildir líka um fjöldamorðingja eins og Anders Behring Breivik sem skýtur sér á bak við ofurmálstað en er of huglaus og hégómlegur til að fylgja honum til enda með því að drepa sjálfan sig í lokin til að sýna að málstaðurinn einn skiptir máli, manneskjan ekki. Illska slíkra manna er lággkúruleg en afleiðingar hennar skelfilegar. Sjá einnig Einar Överenget, *Hannah Arendt*, Ósló: Universitetsforlaget, 2003.

38 Freysteinn Jóhannsson, „Með sjóðheitt hjarta og ískaldan haus“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 26. nóvember 2005, bls. 3.

Okkur finnst óhætt að taka undir það að *Sólskinsbesturinn* sé ein tilfinningaríkasta bók Steinunnar og því miður ein af þeim skáldsögum sem á vaxandi erindi við samtíma okkar ár frá ári.

Útdráttur

Í greininni er fjallað um samband foreldra og barna í stóru húsi við Sjafnargötu á eftirstriðsárunum. Þar verður ástarþráhyggja afsökun fyrir ástleysi en rökhyggja vörn gegn tilfinningum. Fjölskylduhúsið leikur stórt hlutverk í *Sólskinsbesti* og verður bæði vitni og gerandi í harmleiknum sem þar fer fram. Sagan er sögð frá sjónarhóli barnsins Lillu sem lýsir uppvexti þeirra Mumma, yngri bróðurins. Þrjár sögur eru þar skeyttar saman svo að þær mynda „frásagnaspeglar“ eða „mise en abyme“. Foreldrarnir sem eru vel stæðir læknar vanrækja börnin svo að saknæmt má teljast í margvíslegum skilningi. Tómlæti þeirra og kæruleysi gagnvart börnunum er illska og ádeila bókarinnar á þau er tengd við ádeilu Hönnuh Arendt á hina „heimskulegu illsku“ eða „The Banality of Evil“. Foreldrarnir skjóta sér á bak við klisjukennda ástarsorg og ástarþráhyggju sem er gegnumgangandi þema í verkum Steinunnar og er rætt í greininni. Lilla gerir það líka þegar hún yfirgefur æskuástina sína upp úr þurru og velur ástarsorg fram yfir varanlegt samband. Ástarþráhyggja er til marks um að tilfinningatengsl eru frátekin fyrir einhvern sem ekki er hægt að fá. Sá ástfangni getur ekki tengst þeim sem hann hefur fengið og er tilfinningalega „ekki á staðnum“ eins og sagt er. Hvað eftir annað er heimilismönnum líkt við lifandi dauða, húsinu við draugahús og herbergi Lillu er verst leikið af herbergjum hússins, myglað, lekt og sjúkt. Þótt Lilla vilji vinna úr sínum málum, hreinsa og gera upp þetta hús minninganna er herbergið hennar ósnert í bókarlok þegar hún keyrir út af á leið sinni til hins endurheimta kærasta.

Lykilorð: *frásagnarspeglar, ættarsaga, ástarþráhyggja, draugahús, þunglyndi*

Abstract

The article discusses the bond between parents and children in a large house in Reykjavík in the post-war period, where obsessive love becomes an excuse for absence of feeling and reason becomes a defence against emotion. The family home plays a big part in *Sólskinsbestur*, becoming both witness and actor in the tragedy that plays out within its walls. The story is told from the perspective of the child Lilla, who describes her childhood and that of her younger brother Mummi. Three stories are joined to create a narrative hall of mirrors or a “mise en abyme.” The parents, who are wealthy doctors, neglect their children to a nearly criminal degree in many ways. Their apathy and carelessness towards the children is evil, and the story’s criticism of them recalls Hannah Arendt’s concept of “The Banality of Evil.” The parents hide behind clichéd broken hearts and obsessive love, a recurring theme in Steinunn’s works, which is discussed in the article. Lilla takes the same refuge when she breaks up with her young lover for no reason, preferring a broken heart to serious commitment. Obsession is a mark of abnormality which inspires fear, and family members are repeatedly likened to zombies, living dead, and the house to a haunted house, Lilla’s room being the worst place of all — mouldy, leaking and diseased. Even though Lilla wants to resolve her issues and clean and refurbish this house of memories, her room is untouched at the end of the book, when she drives off the road on her way to meet the lover she has regained.

Key words: *mise en abyme, family drama, obsessive love, house of horror, melancholy.*

„Sem allur þungi heimsstyrjaldar lægi í skauti hennar“

Ástandskonur í fyrstu íslensku hernámssögum¹

DAISY L. NEIJMANN

Ástandskonan var áberandi minni í íslenskum bókmenntum, einkum á 6. áratug síðustu aldar. Þar birtist „fullmótuð“ ímynd hinnar spilltu íslensku æskukonu, sem hefur orðið föðurlandi sínu til skammar. Ástandskonan er varalituð og drykkfelld hóra, sem er ofurseld nautnalífi og annað hvort nýtur þess að erlendir hermenn taki hana með valdi eða er ófær um að slíta samskiptum við þá. Hana skortir siðferðislega dómgreind, því hún virðist ófær um að skilja alvöru og afleiðingar gjörða sinna. Á seinni árum hafa fræðimenn gagnrýnt hvernig rætt hefur verið um ástandskonuna og henni lýst á opinberum vettvangi, þar á meðal í bókmenntum, en ein sú fyrsta sem reið á vaðið í afhjúpun þessarar kvenímyndar og þeirrar kvenfyrirlitningar sem í henni felst var Gerður Steinþórsdóttir í *Kvenlýsingum í sex Reykjavíkurskaldsögum*.²

- 1 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, Reykjavík: Heimskringla, 1943, bls. 312. Ég stend í þakkarskuld við Guðna Elísson fyrir mjög nákvæman yfirllestur, snjallar athugasemdir, og ekki síst þá hvatningu sem þurfti. Einnig þakka ég ritstjóra forlagsins fyrir góðar tillögur og ábendingar.
- 2 Gerður Steinþórsdóttir, *Kvenlýsingar í sex Reykjavíkurskaldsögum eftir seinni heimsstyrjöld*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1979. Um ástandskonuna hafa m.a. einnig skrifað Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð: íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, 2. *Íslenska söguþingid*, 30. maí–1. júní 2002, *Ráðstefnurit I*, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag, 2002, bls. 64–74; Dagný Kristjánsdóttir, „Árin eftir seinna stríð“, *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2002, bls. 419–661; Eggert Þór Bernharðsson, „Blóraböggjar og olnbogabörn. Ástandskonur og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði“, *Sagnir* 17/1996, bls. 12–23; Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum: Íslenskar konur og erlendir ber*, Reykjavík: Mál og menning, 2001; Inga Dóra Björnsdóttir, „Public View and Private Voices“, *The Anthropology of Iceland*, ritstj. E. Paul

„Ástandið“ hefur lengi verið í brennidepli í umræðunni um hernám Íslands. Í grein um hvernig ástandsárin birtast í tveimur skáldsögum bendir Kristinn Kristjánsson á að oft virðist eins og ekkert annað hafi gerst á hernámsárunum á Íslandi.³ Þegar allra fyrstu hernámssögurnar eru skoðaðar, en þær komu út á hernámsárunum sjálfum eða rétt á eftir, virðist hugtakið „ástandskonan“ enn vera í mótun. Því er forvitnilegt að kanna birtingarmyndir ástandskonunnar í þessum fyrstu hernámssögum nánar, því þær varpa forvitnilegu ljósi á hvernig þýðing hugtaksins breytist næsta áratuginn á eftir. „Ástandskonan“ varð fljótlega eitt helsta táknið hernámsins, og (meintrá) afleiðinga þess fyrir íslenskt þjóðfélag og menningu, en sem bókmenntapersóna varð hún þekktust og illræmdust í skáldsögum 6. og 7. áratugarins, þar sem hún birtist sem glötuð skækja sem ekki væri viðbjargandi, ímynd fósturlandsins sem hefur selt sig erlendu hervaldi og jafnvel nýtur þess. Í þessari grein verður hins vegar skoðað hvaða meðferð kvenpersónur fá í nokkrum eldri skáldsögum frá 5. áratugnum, þ.e. á meðan þessi manngerð er enn í mótun. Leitast verður við að sýna fram á að höfundar virðast ennþá vera óákveðnir í afstöðu sinni í garð ástandskonunnar, því að þeir sýna henni einnig skilning, velta fyrir sér stöðu hennar og gefa okkur innsýn í sjónarmið hennar, og tjá jafnvel efasemdir gagnvart almenningsálitinu í þessu máli. Og vegna þess að ástandskonan festist í sessi í skrifum karla um hegðun kvenna í kjölfar hernámsins fjalla ég hér eingöngu um sögur eftir karlrit höfunda.⁴

Durrenberger og Gísli Pálsson, Iowa: University of Iowa Press, 1998, bls. 98–118 og „Uheldlige kvinner i et heldigt land“, *Kvinner, krig og kjærligbet*, ritstj. Dag Ellingsen o.fl., Oslo: Cappelen, 1995, bls. 149–171; Kristinn Kristjánsson, „Draumurinn, konan og dátinn“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1984, bls. 194–212; Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Af fegurðardísum, ástandskonum og fjallkonum: Lesið í táknumyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi“, *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Tb. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.fl., Reykjavík: Kvennasögusafn, 2001, bls. 493–506.

3 Kristinn Kristjánsson, „Draumurinn, konan og dátinn“, bls. 194.

4 Þótt ástandssögur eftir kvenhöfunda yrðu aldrei margar fengust sumar skáldkonur þó við þetta efni og birtist gjarnan öðruvísi sýn á málin í verkum þeirra en verkum karlhöfunda, eins og vænta má. Hér er greinilega um viðbrögð við karllægu sjónarhorni að ræða, enda byrja sögur eftir konur sem fjalla um ástandið ekki að koma út fyrir en eftir styrjaldarlok. Fyrsta sagan eftir kvenhöfund þar sem ástandinu eru gerð skil, á mjög látlausan en róttækan hátt, er *Veltiár* eftir Oddnýju Guðmundsdóttur. Sagan kom út árið 1946, en hún náði ekki til margra lesenda. Inga Dóra Björnsdóttir hefur skrifað um nokkrar fleiri ástandssögur eftir konur, „Íslenskar konur og erlendir hermenn í augum fimm íslenskra skálda“, *Íslenskar kvennarannsóknir*, 29. ágúst–1. sept. 1985, Háskóli Íslands, Oddi, Reykjavík: Kvennasögusafn, 1985, bls. 206–214.

Draumur til kaups

Fyrsta sagan sem hefur hernámið að meginsöguefni er smásagan „Draumur til kaups“ eftir Halldór Stefánsson sem birtist í *Helgafelli* árið 1942. Í þessari smásögu er heimili hjóna gert að orrustuvelli. Sagan gerist í Reykjavík og hverfist um menningarlegt og siðferðilegt umrót sem verður í kjölfar hernámsins, ekki síst vegna gróðabraskisins. Konan, Þorbjörg Þorbjörnsdóttir, er ekki „í ástandinu“, en sér ýmis tækifæri spretta upp við komu erlenda herliðsins. Það sem er sérstaklega áhugavert er afstaða sögumannsins. Hann er greinilega algjörlega á bandi karlpersónunnar, Auðuns Auðunssonar, sem hann kallar „ljúf[an] speking“, á meðan Þorbjörgu er lýst sem „miðlungskonu að andlegum gáfum“, „eilítið sauðarlegr“ jafnvel, með lítið siðferðisþrek. Smám saman týnist hún algjörlega í „öfund og ágirnd“, á meðan eiginmaður hennar er áfram áhugalaus um að græða á hernáminu. Flokkar sögumaður „ástríðu hennar til gróðabralls [...] undir siðferðisveilu sem hún verði að sigrast á“.⁵ Átökin harðna á milli þeirra hjóna þegar hún gerir framhluta hússins að veitingastað fyrir hermenn og Auðunn flytur út úr svefnherbergi þeirra og inn í lítið bakherbergi.

Í sögunni er að finna ýmis neikvæð minni sem algeng eru í kvenlýsingum feðraveldisins og verða sérstaklega áberandi í orðræðunni um ástandskonur: Konuna skortir röklega og siðferðislega dómgreind. Hún skilur ekki alvöru stríðsástandsins, heldur stjórnast algjörlega af tilfinningum sínum og er því ekki treystandi. Hún er veiki hlekkurinn í vörnum Íslands og íslenskrar menningar, á meðan eiginmaður hennar reynir að tryggja sjálfstæðið, en verður að lokum að hörfa undan inn í bakherbergið á meðan erlendur siður tekur smám saman yfir á heimilinu.

Eins og hefur oft verið bent á verða hugmyndir um karlmennsku sérstaklega mikilvægar og áberandi í stríðsástandi, þar sem það kemur í hlut karlmannsins og fellur að ímynd karlmennskunnar að verja landið og þjóðina. Þannig heldur Joane Nagel því fram að í hugmyndafræði þjóðernishyggju sé þjóðin álitin fjölskylda sem karl-

5 Halldór Stefánsson, „Draumur til kaups“, *Sögur*, Reykjavík: Mál og menning, 1989, bls. 323–331, hér bls. 328.

manninum beri að verja en konan sé ímynd heimilisins sem verja þarf. Kathy J. Phillips bendir enn fremur á að „þjóðfélög sem skilgreina með tilfallandi hætti ákveðna algjörlega mannlega eðlisþætti sem ‚kvenlega‘ tileinki sér með því aðferð sem nýtist vel í hernaði, því karlmenn hljóta að finna þessa mannlegu þætti í sjálfum sér og óttast að hafa reikað inn á hið óæðra kvenlega svið“.⁶ Michael Kimmel hefur sýnt fram á að karlmennska sé fyrst og fremst skilgreind út frá því sem hún er ekki: „Þessi hugmynd um hið and-kvenlega er kjarninn í sýn okkar á karlmennsku, hvort heldur nú á dögum eða fyrir á tímum, og því er hún skilgreind út frá því sem hún er ekki frekar en út frá því sem hún er“, og því verður að skilja karleðlið út frá kvenleðlinu.⁷ Eins og Susan Gubar, sem hefur rannsakað kyn og stríð, bendir á, er rótgróin hefð fyrir því að líta á konur sem óáreiðanlegar.⁸ Og í sögunni sjáum við að frá upphafi eru konur gerðar að svikum í íslenskum hernámssögum: Það er konan en ekki karlmaðurinn sem fellur í freistni.

Frumkvæði Þorbjargar er lýst sem efnishyggju sem sé óviðeigandi á tímum blóðsúthellinga og í andstöðu við íslensk menningargildi. Hún er því fordæmd fyrir dugnað sinn, en þá gagnrýni má setja í víðara samhengi og túlka sem almenna fordæmingu feðravalds á konum

6 Joane Nagel, „Nation“, *Masculinities*, ritstj. Michael S. Kimmel, Jeff Hearn og R.W. Connell, London: Sage Publications, 2005, bls. 397–413, hér bls. 397; „societies which arbitrarily label a number of purely human traits ‚feminine‘ possess a tactic useful to war-making, for men are bound to detect some of these human traits in themselves – and then worry that they have strayed into a feminine, inferior realm“, Kathy J. Phillips, *Manipulating Masculinity: War and Gender in Modern British and American Literature*, New York: Palgrave MacMillan, 2006, bls. 2. Sjá einnig Anne McClintock, „Family Feuds: Gender, Nationalism and the Family“, *Feminist Review* 44 (sumar 1993), bls. 61–80.

7 „This notion of anti-femininity lies at the heart of contemporary and historical conceptions of manhood, so that masculinity is defined more by what it is not rather than what it is“, Michael Kimmel, „Masculinity as Homophobia: Fear, Shame, and Silence in the Construction of Gender Identity“, *Theorizing Masculinities*, ritstj. H. Brod og M. Kaufman. Thousand Oaks: Sage, 1994, bls. 119–141, hér bls. 126. Sjá einnig R. W. Connell, *Masculinities*, Cambridge: Polity Press, 1995, bls. 167; Frank Barrett, „The Organizational Construction of Hegemonic Masculinity: The Case of the US Navy“, *The Masculinities Reader*, ritstj. Stephen M. Whitehead og Frank J. Barrett, Cambridge: Polity Press, 2001, bls. 77–99, hér bls. 82.

8 Susan Gubar, „This is my Rifle, This is my Gun: World War II and the Blitz on Women“, *Behind the Lines: Gender and the Two World Wars*, ritstj. Margaret Randolph Higonnet o.fl., New Haven: Yale University Press, 1987, bls. 227–259; sjá einnig Gill Plain, sem fjallar um „a basic cultural assumption of women’s unreliability“, „Women writers and the war“, *The Cambridge Companion to the Literature of World War II*, ritstj. Marina MacKay, Cambridge University Press, 2009, bls. 165–178, hér bls. 168.

er láta sér ekki duga að halda sig við heimilis- og uppeldisstörf, hið „eðlilega“ svið kvenna. Með aðgerðum sínum ógna þær forræði feðraveldisins utan heimilis sem innan. Þessi spenna er á engan hátt bundin við Ísland. Hún er greinileg í evrópskum stríðs- og hernámsbókmenntum og snýst um þau atvinnutækifæri sem skapast fyrir konur er karlarnir halda út á vígvöllinn og ótta feðraveldisins við afleiðingar þessa, hina óstýrilátu og óhömdu athafnakonu.⁹

Karlmenn upplifa oft mikla niðurlægingu þegar heimaland þeirra hefur verið hernumið.¹⁰ Ítrekað hefur verið bent á kreppu karlmennskunnar sem birtist í fræðitextum þeim sem tekist hafa á við viðfangsefnið á síðari árum og í sögum kvenna sem fjalla um hernámstímabilið. Þráhyggjuna um ástandskonuna meggi rekja til afbrýðisemi íslenskra karla í garð erlendra hermanna og þeirrar ógnar sem þeim fannst stafa af þeim síðarnefndu.¹¹ Í þessu samhengi er því kannski engin furða að óttinn við að vegið yrði að valdi karla á heimilinu skyldi gera vart við sig strax í fyrsta íslenska bókmenntaverkinu sem karlhöfundur skrifaði um hernámið.

Það sem vekur sérstaklega athygli er að þó að Þorbjörgu séu gefin mörg klisjukennd einkenni ástandskonunnar lætur sögumaðurinn í smásögu Halldórs á sama tíma í ljós efasemdir um eigin dómhörku í garð Þorbjargar. Afstaða hans gagnvart henni er þversagnakennd. Þannig lýsir hann hæfileikum hennar, sem eru þó nokkrir, og á nokkrum stöðum í sögunni fær lesandinn innsýn í stöðu hennar:

Atgjörvi hennar er á öðru sviði, handatiltektir hennar opinbera frábæran dugnað, húshættir hennar skipulagningahæfileika. Hún er tíu árum yngri en maður hennar. Hver furðar sig á því þó athafnarík kona verði hrifin iðu tímans þegar hernámið færir landslýðnum atvinnu og peninga í stað böls og blóðsúthellinga? Hefur hún ekki jafnan aflað heimilinu megintekna með saumum og þvottum, en þagað góðlátu hljóði yfir þrúsum manns síns?¹²

9 Gill Plain, „Women Writers and the War“, bls. 166.

10 Sjá: John Horne, „Masculinity in Politics and War in the Age of Nation-States and World Wars, 1850–1950“. *Masculinities in Politics and War. Gendering Modern History*, ritstj. Stefan Dudink o.fl., Manchester: Manchester University Press, 2004, bls. 22–40, hér bls. 30.

11 Sjá 1. neðanmálsgrein.

12 Halldór Stefánsson, „Draumur til kaups“, bls. 324–325.

Sem húsmóðir hefur Þorbjörg aldrei fengið tækifæri til að njóta sín. Sögumaður breiðir ekki heldur yfir þá staðreynd að hún hefur þurft að hlaupa í skarðið fyrir eiginmanninn oftár en einu sinni, af því hann skaffaði ekki nóg. Þó hafa vinir hans alltaf litið á hana sem „húsgagn hans“. ¹³ Þótt sögumaður segi það ekki beinlínis, þá kemur glögg t í ljós að það er Þorbjörg sem kann á þessa nýju tíma, hún kann að aðlagast þeim breytingum sem hafa átt sér stað, á meðan eiginmaður hennar er fastur í fortíðinni. Sögulokin eru líka tvíbent: Þorbjörg bæði bíður tækifæris til að fullkomna sigur sinn yfir húsbóndanum og grætur yfir eiginmanninum:

Fortölur hennar og hótanir eru árangurslausar, hún á einskis annars úrkosti en röltu inn í svefnherbergið og leggja sína lúnu limi í hálf-tómt hjónarúm og bíða þess að framtíðin veiti henni styrk til að sveigja mann sinn til hlýðni, til að leggja undir sig þann ríkishluta sem enn er á hans valdi.

En áður en hún fer, grætur hún ofurlítið yfir honum og treður fiður-poka upp í rúðugatið, svo honum verði ekki kalt. ¹⁴

Verndarenglarnir

Skáldsagan *Verndarenglarnir* eftir Jóhannes úr Kötlum, sem kom út árið 1943, er ádeilusaga sem fordæmir harkalega hernám Íslands og þá sem græða á því. Hún fjallar um hjónin Brynjólf og Hildi frá Miklabæ, og börnin þeirra fjögur, tvíburana Harald og Hákon, Mána skáld Mýsing og Emblu, sem hvert um sig tákna ákveðna afstöðu til hernámsins. Brynjólfur er erkitýpa íslenska bóndans í aldanna rás, en þó alinn upp á tíma sem gaf fyrirheit um sjálfstæði og framfarir. Hákon er tækifærissinnaður og síðblindur kaupmaður sem ætlar sér að græða sem mest á hernáminu, á meðan bróðir hans Haraldur býr heima hjá foreldrum sínum eftir að hafa komið aftur heim úr spænska borgarastríðinu skaddaður á líkama og sál. Máni er tilfinningaríkur, þjóðlegur byltingarmaður sem andmælir hernáminu harðlega þangað til hann er loksins dæmdur af breska hernámsliðinu og sendur til Bretlands sem fangi. Embla er aðalkvenpersónan, yngsta barnið og

13 Halldór Stefánsson, „Draumur til kaups“, bls. 325.

14 Halldór Stefánsson, „Draumur til kaups“, bls. 331.

eina dóttirin, sem verður hugfangin af þeim ævintýraljóma sem stafar af hermönnunum. Hákon notar hana til að laða til sín hermennina svo að græða megi á þeim. Hún verður ástfangin af skoskum liðsforingja sem yfirgefur hana eftir að hún verður ófrísk af hans völdum, en mágkona hennar segir henni eftir á að þau Hákon hafi alla tíð vitað að liðsforinginn ætti konu heima í Skotlandi. Embla fer heim til að ala barnið sitt, en þegar Haraldur drepur barnið í æðiskasti drekkir hún sér.

Embla hefur gjarnan verið túlkuð út frá staðalmynd ástandskonunnar. Það leikur enginn vafi á því að margt í fari hennar endurspeglar karllæg sjónarmið höfundar, eins og kemur kannski gleggst fram í fyrrnefndri grein Kristins Kristjánssonar, en þar segir hann:

Hugmyndir Jóhannesar [...] eru ekkert einsdæmi. [...] Sérhver kona er sögð vera eins og allar konur og allar konur eins og þessi eina. Konur eru sagðar hafa ákveðið eðli sem lýsir sér meðal annars í því að þær gefa eftir, láta tilfinningarnar stjórna sér og hugsa ekki.¹⁵

Fyrstu lýsingarnar á „ástandskonum“ er að finna í skrifum blaðamanna sem fjalla um hegðun íslenskra kvenna eftir að breski herinn steig á land þann 10. maí 1940. Því var haldið fram að þær hefðu fagnað komu hermanna, rétt eins og um ævintýrariddara væri að ræða, þær hefðu misst alla stjórn á sér, þannig að jafnvel hermönnunum sjálfum þætti nóg um:

Svo freklega sneru þær sjer að þessum aðkomumönnum, að bæði dátunum og bæjarbúum ofbauð. Er alveg greinilegt, að ef hjervera hinna erlendu hermanna verður löng, verður ekki hjá því komist, að grípa til ráðstafana sem áður eru hjer óþektar, til þess að stemma stigu fyrir ósiðsömu háttalagi þessa vesalings kvenfólks.

Mönnum hefir dottið í hug, að koma því þannig fyrir, að stúlkur þessar ættu á hættu, að verða svo auðkendar, að þær af þeim ástæðum bættu ráð sitt. En slík útilokun úr siðuðu mannfjelagi samræmist ekki mannúðarkröfum nútímans. Best væru þessir aumingjar komnir á afskektan stað, þar sem vinna og strangur agi kendi þeim sjálfsvirðing.¹⁶

15 Kristinn Kristjánsson, „Draumurinn, konan og dátinn“, bls. 201.

16 „Úr daglega lífinu“, *Morgunblaðið* 12. maí 1940, bls. 6; sjá einnig Báru Baldursdóttur, „Kynlegt stríð: íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjalda“, bls. 65.

Sambærileg mynd var síðan dregin upp í mörgum hernámssögum, og er áberandi í *Verndarenglunum*. Embla er meðal þeirra mörgu einföldu kvenna sem skilja ekki alvöru atburðanna, hún lætur blekkjast af áróðri Breta um að þeir séu „verndarenglar“, og gleymir föðurlandsástinni: Hún hlustar aðeins á „sitt eigið litla hjarta“. ¹⁷ Sú hugmynd að konur séu ófærar um rökhusun er ekki aðeins gefin í skyn heldur kemur hún beinlínis fram í orðum Mána bróður hennar, sem kallar hana meðal annars „fávís[a] kon[u]“ og „barnið gott“. ¹⁸ Í karllægri orðræðu er kvæðilið tíðum kynferðislegt og á stríðstímum er kynferði kvenna séð sem hugsanleg ógn við þjóðaröryggi. ¹⁹ Þessi ógn kemur skýrt fram í skáldsögunni, enda mikið gert úr kynferðislegum viðbrögðum Emblu: Strax í upphafi, þegar breskir hermenn rétta henni tilkynningu um hernám Íslands, er þessum viðbrögðum lýst í orðum sem minna á fullnægingu:

Hana svimaði af geðshræringu, sonur draumalandsins hafði ávarpað hana, sama blaðið hafði samtímis snortið hendur þeirra beggja, það fór ljúfsár titringur um hana alla.

Hún renndi augunum yfir bréfið í leiðslu, aldrei hafði íslensk kona staðið með dýrmætara skjal í hendi, málleysur þess og stafvillur fólu í sér einhvern lokkandi seið, sem ómögulegt var að skilgreina. ²⁰

Einnig er greinilegt að hún nýtur þess að gefa sig liðsforingjanum á vald.

Eftir að hún hefur verið svikin, ekki aðeins af foringjanum heldur líka bróður sínum og mágkonu, breytist hins vegar viðhorf hennar, og viðhorf sögumanns til hennar. Hún vaknar til vitundar, byrjar að hugsa og gerir sér grein fyrir því sem hún hefur gert. Þegar hún kemur ófrísk heim til foreldra sinna fordæmir faðir hennar, Brynjólfur, hana harkalega, telur hana hafa svikið föðurland sitt og segist aldrei geta fyrirgefið henni: „Ættjörð þinni hefur þú brugðizt og blandað blóði

17 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, bls. 73.

18 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, bls. 52.

19 Sonya Rose, *Which People's War? National Identity and Citizenship in Wartime Britain 1939–1945*, Oxford: Oxford University Press, 2003, bls. 122.

20 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, bls. 49.

við ofsóknara hennar, – dýpra er ekki unnt að falla.²¹ Orð hans minna á það hvernig oft var talað um ástandið á þessum árum, í kjölfar embættisbréfa Vilmundar Jónssonar landslæknis um siðferðismál Þjóðarinnar, þar sem hann varaði við þeirri hættu að hugsanlega væri stór hluti kvenþjóðarinnar í Reykjavík í tygjum við hermenn, og afleiðingum þess fyrir íslenska þjóð og menningu. Kristinn Kristjánsson, Bára Baldursdóttir og Dagný Kristjánsdóttir hafa öll bent á þá kvenfyrirlitningu og fordóma karla um konur sem þar, og í hinni svokölluðu ástandsskýrslu, er að finna.²²

Brynjólfur hefur oft verið túlkaður sem vitundarmiðja sögunnar og fulltrúi almenningsálitsins á þessum tíma, og sjálfsvíg Emblu sem refsing hennar.²³ En framkoma Brynjólfs, og almenningsálitið, er síðar fordæmt, fyrst í kafla þar sem vísað er beint til ástandsskýrslunnar og hún dregin í efa, og svo þegar Brynjólfur finnur til sárrar iðrunar og viðurkennir að hugsjónirnar sem réttlættu fyrir honum meðferð hans á Emblu séu þær sömu og valda stríðum: „Nú sá hann, að sú ættjarðarást, sem fordæmði fákæna móður, og sá Þjóðernismetnaður, sem útskúfaði varnarlausu barni, það voru hugsjónir, sem leiddu til fjandskapar og dauða.“²⁴ Eins og sögumaður smásögunnar „Draumur til kaups“ virðist sögumaður *Verndarenglanna* efins um réttmæti dómhörku sinnar í garð íslenskra kvenna.

Jón skósmiður

Jón skósmiður eftir Theodór Friðriksson virðist að mörgu leyti hafa *Verndarenglana* sem fyrirmynd, en sagan fjallar um upplifun miðaldra fólks af hernámsárunum. Jón Jónsson skóari frá Stafni flutti ungur til Reykjavíkur, þar sem hann hefur átt gott líf og horft á borgina vaxa. Hann er nú tæplega fimmtugur ekkill en ekki orðinn þreyttur á líf-

21 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, bls. 273.

22 Kristinn Kristjánsson, „Draumurinn, konan og dátinn“, bls. 201–208; Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð“, bls. 68–70; Dagný Kristjánsdóttir, „Árin eftir seinna stríð“, bls. 428–429. Bréfin og skýrslan hafa verið endurprentuð í *Virkinu í Norðri II* eftir Gunnar M. Magnúss, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1947, bls. 620–632.

23 Sjá t.d. Kristín E. Andrésson, „Verndarenglarnir“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1943, bls. 228–233; Sigurð Helgason, *Verndarenglarnir* eftir Jóhannes úr Kötlum, *Menntamáll* 16/1943, bls. 90–99, hér bls. 93; Sverri Kristjánsson, „Bókmenntir: *Verndarenglarnir*“, *Helgafell* 4–6/1943, bls. 268–270, hér bls. 269.

24 Jóhannes úr Kötlum, *Verndarenglarnir*, bls. 326–327.

inu: Hann gerist biðill Ragnheiðar Reynis, fengilegrar ráðskonu. En þegar Ísland er hernumið fer hún að leggja lag sitt við breskan liðsforingja. Jóni tekst þó að vinna hana aftur með þrúðmennsku sinni. Þau giftast og stofna „lausaleiksbarnasjóð“²⁵ en sagan er annars að miklu leyti lýsingar á andrúmsloftinu í kringum hernámið og afleiðingum þess, og vangaveltum sögumanns um þau straumhvörf sem orðið hafa.

Í þessari sögu Theodórs Friðrikssonar kemur fram enn tvíbentari afstaða gagnvart ástandinu. Sagan er að mörgu leyti ófullkomin og uppbyggingunni ábótavant, en það sem gerir söguna sérstæða í þessari tegund skáldsagna er að hún nálgast ástandið á gamansaman hátt. Hér er margt tekið beint upp úr dagblöðum, ekki síst um þær viðtökur sem herinn á að hafa fengið hjá íslenskum konum. Þær viðtökur eru skoðaðar í stærra samhengi og sýndar af yfirvegum og jafnvel í nokkuð skoplegu ljósi, til dæmis í gegnum draum telpunnar Rúnu:

En það þótti Rúnu einkennilegt að sjá aðfarir þessara hermanna. Þeir özluðu um allar götur borgarinnar, með stóreflis járnþotta á höfðinu, og alls staðar, þar sem þeir fóru um, var fullt fyrir þeim af köttum. Tóku þeir þá þotta af höfðinu, og léku sér að því, að hvolfa þeim yfir kattagreyin.²⁶

Það sem meðal annars vekur athygli í þessari lýsingu er að hér er ekki fyrst og fremst verið að dæma íslenskar konur, heldur eru það hermennirnir sem leika sér að því að fanga þær.

Ástandskonan, Ragnhildur Reynis, er ekki ólík Þorbjörgu í sögunni „Draumur til kaups“: hæfileikarík athafnakona sem er harðákveðin í að nýta sér öll tækifæri sem hernámið býður upp á. En að lokum er henni gert að viðurkenna mistök sín og iðrast gjörða sinna frammi fyrir íslenskum biðli sínum, Jóni skósmið, á auðmjúkan hátt sem passar í raun illa við persónuleika hennar. Margt fer úrskaiðis. Tvíeykið „amor“ og „mammon“, eins og sögumaður kallar fylgifiska hernámsins á Íslandi, birtist hér sem óæskilegt en eðlilegt átrúnaðargöð frumstæðrar þjóðar sem nýtur skyndilegs ríkidæmis. Framkoma

25 Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður*, Reykjavík: Helgafell/Víkingsútgáfan, 1946, bls. 179.

26 Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður*, bls. 17.

íslenskra karla almennt, ekki síst við konur, er gagnrýnd, og viðbrögð þeirra við ástandinu eru afhjúpuð sem afbrýðisemi: Því er varla að furða að íslenskar konur skyldu hafa laðast að hermönnum sem sýna þeim kurteisi, eru snyrtilegir og kunna að umgangast áfengi. Jón skósmiður áttar sig á þessu og ávinnur sér aftur virðingu Ragnhildar einmitt með því að dæma hana ekki, heldur koma fram við hana eins og breskur foringi eða herramaður: „Hann tók ofan – fyrir liðsforingjanum og kastaði hlýrri kveðju á Ragnhildi, um leið og þau renndu sér framhjá. Liðsforinginn tók undir kveðju skósmiðsins að hermanna sið. Yes!“²⁷

Í lok sögunnar ná Jón og Ragnhildur saman á jafnréttisgrundvelli: Þau ætla að reka fyrirtæki saman sem jafningjar. Ragnhildur „þurfti ekkert að lítillækka sig fyrir skósmiðnum. Hún var engin ambátt. Hitt var nær sanni að hún yrði nú sterkari á svellinu en áður“.²⁸ Þau láta ekki þar við sitja heldur ákveða að koma á fót áðurnefndum lausaleiksbarناسjóði til að hjálpa stúlkum sem lenda í ástandinu, verða barnshafandi og eiga sér ekkert athvarf.

Aðalpersóna sögunnar, sem er karlmaður, sýnir því samböndum íslenskra kvenna og hermanna skilning, honum finnst óréttlátt að fordæma ástandsstúlkur og er tilbúinn að viðurkenna að ástæður hans fyrir að dæma þær hafi varla verið heildarlegar. Túlkka má orð hans sem ákveðna gagnrýni á karllæg sjónarmið í ástandsmálinu. En hann gengur þó ekki svo langt í gagnrýni sinni að hafna ástandsorðræðunni algjörlega, en það gerir Eyjólfur kastanrassi, vinur hans, sem álitur umræðuna vera sprotna af íhaldssamri þjóðerniskennend eypjóðar:

„Ég meina, þó að nokkrar konur kynnu að vera barnshafandi af völdum útlendra hermanna, – væri það þó nokkur voði fyrir þjóð, sem ekki telur nema liðlega hundrað þúsund manns, þótt nokkrir rollingar kviknuðu út af hraustum hermönnum? Ég lít svo á þetta mál, að þjóðinni beri skylda til þess að veita þessum afkvæmum sómasamlegt uppeldi án þess að láta mæðurnar gjalda þess á nokkurn hátt.“²⁹

27 Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður*, bls. 67.

28 Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður*, bls. 153.

29 Theodór Friðriksson, *Jón skósmiður*, bls. 81.

Athyglisvert er að þessi róttæka skoðun sé lögð í munn jaðarpersónu en gefið er í skyn að Eyjólfur sé hommi, og að hann fái stítt við ansi skuggalegt peningabrásk – en sé þó besti karl inn við beinið. Þetta sýnir ef til vill hve viðkvæmt ástandsmálið var.³⁰

Það snjóar

Smásagan „Það snjóar“ eftir Jón Óskar sker sig verulega úr að því leyti að hér er hið karllæga sjónarhorn ótvírætt fordæmt. Þetta er táknræn saga sem er sögð í fyrstu persónu, og leikur sér með sjónarhorn. Sögumaður, karlmaður, rekst á stúlku sem gengur fyrir horn í fang hans. Honum bregður við að sjá augu hennar, sem honum finnast „óviðkunnanleg“.³¹ Hún kemur honum úr jafnvægi og hann getur ekki hætt að hugsa um þessi augu. Það sem truflar hann mest er hvernig stúlkan leit beint í augun á honum, mætti augnaráði hans, enda byrjar sagan á ábendingu til stúlkna um að líta til jaðar. Honum sýnast augu hennar „óviðráðanleg“, og andlitið „kviðvænlegt og hálfvillingslegt“ – og má kannski túlka orðið „kviðvænlegt“ hér í tvíræðri merkingu: Hún er kviðin, en á sama tíma veldur andlit hennar honum líka kviða. Hún vekur sem sagt hjá honum ugg við hina óstýrilátu og hömlulausu konu. „Hér er eitthvað ekki eins og það á að vera“ segir hann.³²

Þó að hún hafi ekki rauðar varir og sé ómáluð þarf enginn „að halda að ég sjái ekki í gegnum svona stúlku“,³³ segir hann svo, því hann hefur séð hana standa fyrir utan amerískan hermanskála oftar

30 Það að leggja jaðarpersónu róttækar skoðanir eða óþægileg sannindi í munn er auðvitað ekki óþekkt bragð í skáldsagnaheiminum. Þannig bendir til dæmis Alison Salloway á að í verkum kvenrithöfundu 18. aldar sé að finna að minnsta kosti eina „ófreskju sem segir satt“ („truth-telling monster“), eða „fyrirlitlega og skoplega persónu sem ætlað er að slá vopnin úr höndum lesenda [er] geri þó oft það andstæða“ („a despicable figure meant to disarm readers as a caricature [...] quite often does the opposite“), og nefnir hún meðal annars lafði Catherine de Bourgh í *Hroka og bleypi-dómum* sem dæmi. Sjá: *Jane Austen and the Province of Womanhood*, Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1989, bls. 82. Í íslensku samhengi hefur Ármann Jakobsson bent á að Ketilríður gegnir svipuðu hlutverki í *Dalalífi* Guðrúnar frá Lundi, en hann kallar hana „púðurkerlingu“ sem hefur áhrif í sögunni með því að „troða á ýmsum kaunum sem eru fyrir“ og dregur það fram „sem satt er og rétt“, „Er Katla að gjósa? Illskan sem hreyfiafi í *Dalalífi*“, erindi flutt á málþingi um Guðrúnu frá Lundi, Ketilási í Fljótum, Skagafirði, 14. ágúst 2010. Ég kann Úlfhildi Dagsdóttur bestu þakkir fyrir góðar ábendingar.

31 Jón Óskar, „Það snjóar“ [1944], *Sögur 1940–1964*, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1973, bls. 117.

32 Jón Óskar, „Það snjóar“, bls. 118.

33 Jón Óskar, „Það snjóar“, bls. 119.

en einu sinni. Sögumaður opinberar því almenna fordóma sína um ástandskonuna, og í andliti hennar sér hann tákni um spillingu og óskammfeilni, því að honum ofbýður að hún skuli voga sér að horfa beint í augu hans, sú sem hún er. Augun ofsækja hann á því líkan máta að hann fer jafnvel að tala við guð „upp á eigin spýtur“ í kirkjunni: „Hvað meinarðu með því að láta hana hafa önnur eins augu. Hún er í ástandinu, það veit ég. Hún er að glata þjóðerni voru, segi ég ...“.³⁴

Augun láta hann ekki í friði. Einn daginn sér hann stúlkuna aftur þar sem hún stendur fyrir framan hermanskála og bíður í snjónum og kuldanum. Hann kallar á lítinn stráak sem gengur fram hjá og býður honum peninga til að fara til stúlkunnar og segja „púta“ við hana. En litli strákurinn er ekki allur þar sem hann er séður og mætir augnaráði sögumanns alveg eins og stúlkan hafði gert:

Var hún kærasta þín? spurði drengurinn hvatskeytlega, og leit upp á mig meinfýsnu augnaráði sem ég hafði gleymt að drengir ættu til. [...] Nei! En það þarf að hirta þessar stelpur sem eru að elta ameríkana og eiga með þeim börn. Viltu kannski að hún eigi barn með þér? spurði drengurinn með nýrri meinfýsni. [...] Skilurðu ekki, væni minn, að þessi stúlka er að glata heiðri Íslands. Hún er ekki sambodin virðingu þjóðarinnar, skilurðu það ekki. Hún hefur enga föðurlandsást, skilurðu það? Nei, sagði drengurinn. Ég veit ekki hvort þú veizt neitt um það. [...] Veiztu ekki að við erum fræg bókmenntaþjóð? Og við verðum að halda uppi heiðri forfedranna.³⁵

Þessu svarar strákurinn: „Þú vilt kannski láta hana eiga barn með Gunnari á Hlíðarenda?“ Síðan sendir hann sögumanni „furdulegt augnatillit“ og hleypur burt. Sögumaður neyðist til að viðurkenna að hann hafi beðið „mikinn ósigur“, og verður hugsað til þeirrar fyrir-litningar sem fólst í orðum drengsins. En þar sem bæði standa nú í snjónum, stelpa og sögumaður, hefur sýn hans á hana allt í einu gjör-samlega breyst: Núna er hún bara „lítil og aumkvunarleg“, og þegar hann gengur fram hjá henni og langar allt í einu að kasta kvedju á hana, lítur hún aftur til hans, og þá eru augun hennar „bara venjuleg

34 Jón Óskar, „Það snjóar“, bls. 119.

35 Jón Óskar, „Það snjóar“, bls. 121–122.

stúlkuaugu“.³⁶ Hér snýst sem sagt allt um sjón og sjónarhorn, og ástandskonan sem hann þykist sjá í upphafi verður að venjulegri stúlku þegar hann neyðist til að horfast í augu við eigin fordóma.

Félagi kona

Skáldsagan *Félagi kona* eftir Kristmann Guðmundsson býður einnig upp á svolítið aðra sýn á ástandið, en hér er aftur á móti erfiðara að glöggva sig á afstöðu sögumanns og að hvaða leyti hún sameinast afstöðu aðalpersónunnar, Eggerts Hanssonar.³⁷ Sagan segir frá enn einum getulausum höfundi, en Eggert Hansson er nýkominn til Reykjavíkur eftir að hafa dvalið í útlöndum í þó nokkurn tíma. Hann hefur aldrei kunnað vel við sig í Reykjavík, líst illa á smáborgaralegt yfirbragð hennar, en honum líður ennþá verr nú eftir að borgin hefur fyllst af erlendum hermönnum og óhljóðum stríðsvéla. Hann saknar íslenska sveitalífsins sárt og hreinleika íslenskrar náttúru, og leitar að ímynd hennar í konu sem lækni hann af þjáningum sínum. Stríðið og hernámið verða því eins konar tákn fyrir það stríð sem geysar í sál Eggerts: „En einkalíf var orðið orustuvöllur, og hlutleysinu varð ekki lengur við komið.“³⁸ Konan hans svíkur hann, hann lendir í nokkrum ástarævintýrum, en í sögulok heldur hann að hann hafi loksins fundið konuna sem geti bjargað honum.

Það sem er meðal annars merkilegt við þessa sögu er að hér er það ekki aðeins eiginkona Eggerts sem lendir í ástandinu – en hún yfirgefur hann fyrir breskan foringja – heldur má einnig líta svo á að hann geri það sjálfur: Hann vingast ekki aðeins við tvo hermenn, heldur daðrar hann líka við hjúkrunarkonu í hernum, Ruth Langdon. Sagan sýnir glögg fram á tvöfalt siðgæði samfélagsins, því það kemur hvergi fram að Eggert þurfi að þola gagnrýni vegna þess að hann umgengst fólk í hernum. Sjálfur tekur Eggert félagsskap hermanna fram yfir félagsskap Íslendinga almennt en hann, heimsborgarinn sem er nýfluttur heim, álitur þá almennt sveitalega rudda. Einnig kemur fram að Eggert telst varla fullkominn heldur og neyðist til að viðurkenna að hann hafi brugðist konu sinni, ekki reynst henni góður félagi: „Hefurðu þá verið henni trúr?“ spyr samviskan hann, „allir

36 Jón Óskar, „Það snjóar“, bls. 123.

37 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, Reykjavík: Helgafell, 1947.

38 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, bls. 43.

draumar þínir, ljóðin þín, hið fegursta og fallegasta sem hugur þinn geymir, er helgað *annarri* konu, – konu sem á þig, þótt hún sé ef til vill aðeins sköpunarverk duldra vona, óska og minninga.³⁹ Lesandinn gæti því freistast til að halda að hér væri aftur á ferð gagnrýni á karllægt sjónarmið og vakin athygli á því að frá sjónarhóli kvenna væru hermennirnir einfaldlega betra mannsefni.

Svo er þó ekki, því eitt af því mikilvægasta sem tengir Eggert og hermennina saman er algjör fyrirleitning þeirra á íslenskum konum. Það er frá upphafi augljóst að Eggert er fastur í karllægum hugmyndum um konur, sem eru annaðhvort meyar, mæður eða hórur. Hann og vinir hans í hópi hermanna hafa orð á kulda, harðlyndi og ótryggð íslenskra kvenna, sem eru fallegar, töfrandi og lífsglaðar „en þær hafa ekkert hjarta“.⁴⁰ Þessi saga minnir lesandann á að herinn er stofnun þar sem karlmennskan er í öndvegi og, eins og þegar hefur komið fram, er karlmennska venjulega skilgreind sem andstæða kvenleika. Þegar þetta er síðan sett í sambengi við stríð bætist ofan á skilgreiningin á „óvininum“ sem „Hinum“, og konum óvinarins sem lauslátum drósum og herfangi.⁴¹

Nú fengu hermennirnir á Íslandi snemma orð á sig fyrir herramennsku, en hún er auðvitað aðeins hin hliðin á forræði karla: Herramennskan skírskotar einnig til feðraveldiskarlmennsku sem ýtir undir hugmyndina um að konur séu líkamlega og andlega veikburða og þurfi vernd frá þeirri hörku og ruddaskap sem aðeins karlmenn geti þolað.⁴² Skárri framkoma margra hermanna við íslenskar konur þýddi því ekki endilega að þeir bæru meiri virðingu fyrir þeim eða litu á þær sem jafningja og sjálfstæða einstaklinga. Í skýrslum breskra og bandarískra herforingja er til dæmis gefið í skyn að íslenskar konur hafi verið lauslátar og það notað sem afsökun fyrir ástandinu og þeirri samfélagslegu spennu sem það orsakaði.⁴³

39 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, bls. 40.

40 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, bls. 76.

41 Jafnvel „að réttlætianlegt sé að nauðga þeim“ („legitimate targets of rape“), eins og Joane Nagel bendir á í kafla sínum, „Nation“, bls. 406, þar sem hún fjallar einnig um ímynd kvenna óvinabjóðar eða Hins; sjá einnig John Horne, „Masculinity in Politics and War in the Age of Nation-States and World Wars, 1850–1950“.

42 Frank Barrett, „The Organizational Construction of Hegemonic Masculinity“, bls. 84.

43 Donald Francis Bittner, *The British Occupation of Iceland, 1940–1942*, ópr. doktorsritgerð, University of Missouri – Columbia, 1974, ljósrit Ann Arbor UMI, bls. 56; John Joseph Hunt, *The*

Í rannsóknum um bandaríska hermenn á erlendri grund í seinni heimsstyrjöldinni hefur verið sýnt fram á að framkoma þeirra hafi einkennst af óttanum við að verða sér til skammar vegna skorts á karlmennsku og braust sá ótti oft út í kvenfyrirlitningu, árásargjarnri erótík og niðurlægjandi framkomu gagnvart innfæddum konum, eins og félagsfræðingurinn Henry Elgin lýsir:

Í rauninni ágirnist hermaðurinn konur einungis til að fullnægja frumstæðustu kynþörfum og til að miklast af þeim eða styrkja sjálfsmynd sína. Hann vísar venjulega til kvenna með klámyrðum um kynfæri þeirra og umgengst þær allar sem dólgur væri.⁴⁴

Það sem vekur athygli í þessu samhengi er að Eggert, sem íslenskur karlmaður, skuli að þessu leyti fylla flokk hermanna sinna. Þeir líta allir svo á að það sé ekki nema eðlilegt að þeir skuli sækjast eftir að nota íslenskar konur sér til stundargleði á stríðsárum, en þeir fyrir-líta konur fyrir að gera það sama. Auðveldara virðist að brúa þjóð-ernisbilið en kynjabilið: Í þessari sögu er konan Óvinurinn. Þegar Adam Murrey spyr til dæmis Eggert: „Eruð þið ekki reiðir okkur fyrir að hnýsast í kvenfólkið hérna?“, svarar Eggert því til að þetta séu „skækjur“ sem íslensku karlmennirnir séu dátunum þakklátir fyrir að losa þá við: „Ekki getum við talið þesskonar hnossgæti eftir hermönnum frá vinveittri þjóð.“⁴⁵ Í sögulok segir Áskell Arason, vinur Eggerts, honum að í eðli konunnar leynist „þrá eftir hörku og ruddaskap, og henni hættir við að fyrirlíta þann, sem gefur mikið“.⁴⁶ Hér erum við þá aftur komin að þeirri hugmynd karla að konur þrái ofbeldi, sem gerir líka vart við sig í *Verndarenglunum*, og sem verður síðar uppistaða í staðalmynd ástandskonunnar.⁴⁷

United States Occupation of Iceland, 1941–46, ópr. doktorsritgerð, Georgetown University, 1966, ljósrit: Ann Arbor: UMI, bls. 87.

44 Henry Elkin, „Aggressive and erotic tendencies in army life“, *American Journal of Sociology* 51.5/1946, bls. 408–413, hér bls. 412–413. Tilvísunin birtist í bók Friðriks Hauks Hallssonar *Herstöðin. Félagslegt umbverfi og íslenskt þjóðlíf*, Akureyri: Forlag höfundanna, 1990, bls. 464. Þýðingin er eftir Friðrik Hauk.

45 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, bls. 37–38.

46 Kristmann Guðmundsson, *Félagi kona*, bls. 202.

47 Um þetta fjallar Kristinn Kristjánsson ítarlegar í „Konan, draumurinn, dátinn“, bls. 198–201 og 211.

Niðurstöður

Strax eftir hernámið birtust á opinberum vettvangi fordómafullar lýsingar á konum sem veikum, dómgreindarlausum tilfinningaverum með lítið siðferdisþrek. Þessi orðræða rataði einnig inn í skáldsögur um hernámið. Það sem kemur þó í ljós þegar fyrstu sögunar um hernámið eru grandskoðaðar er að aðeins einn höfundanna fellir afgerandi dóm um ástandskonurnar íslensku. Í *Verndarenglunum* er Embla saklaus sveitastúlka sem lætur blekkjast af karlmönnum, þar á meðal eigin bróður, en sér eftir vitleysu sinni um leið og henni verður sannleikurinn ljós. Og þótt sögumaðurinn í „Draumi til kaups“ hafi greinilega samúð með karlsöguhetju sinni veitir hann lesandanum inn-sýn í stöðu og sjónarhorn Þorbjargar, konu hans, og leyfir honum meira að segja að hafa samúð með henni. Í sögum Jóns Óskars og Theodórs Friðrikssonar er jafnvel gengið svo langt að gagnrýna umræðuna um konur í ástandinu, í sögu Jóns á táknrænan hátt og í verki Theodórs á skoplegan, og er sýnt fram á hvernig íslenskir karlmenn ættu fyrst og fremst að líta í eigin barm. Það er ekki fyrr en í *Félagu konu* frá 1947, sama ár og kalda stríðið byrjar, að vaxandi dómhörku tekur að gæta í lýsingum karlhöfunda á ástandskonum. Hér má sjá fyrstu merki þróunar í átt að þeirri fullmótuðu staðalmynd ástandskonunnar sem er að finna í bókmenntaverkum frá 6. og 7. áratugnum, s.s. í *79 á stöðinni* eftir Indriða G. Þorsteinsson, *Borgarlífi* Ingimars Erlends Sigurðssonar og *Svartri messu* eftir Jóhannes Helga. Svo virðist því sem lýsingin á ástandskonunni sem gjörspilltri hóru ofurseldri nautnalífi tilheyri fremur kaldastríðsbókmenntum en hernámssögum þeim sem skrifaðar voru á árum seinni heimsstyrjaldar.

Útdráttur

„Ástandskonan“ svokallaða varð fljótlega eitt helsta táknið hernámsins og (meintrá) afleiðinga þess fyrir íslenskt þjóðfélag og íslenska menningu. Á síðastliðnum þremur áratugum hafa margir, ekki síst femínistar, litið gagnrýnum augum á það hvernig konur voru gerðar að blórabögglum í orðræðum feðravalds sem reyndist getulaust frammi fyrir erlendu hervaldi. Ástandskonan varð þekktust og illræmdust

sem bókmenntapersóna í skáldsögum 6. og 7. áratugarins. Í greininni er skoðað hvernig karlhöfundar fjalla um kvenpersónur sínar í nokkrum skáldsögum sem þeir sömdu á 5. áratugnum, á meðan manngerð ástandskonunnar var enn í mótun. Af því að dæma virðast þeir ennþá vera óákveðnir í garð ástandskonunnar og jafnvel gæta efasemda hjá sumum þeirra gagnvart almenningsáliti í þessu máli.

Lykilorð: *íslenskar bókmenntir, stríðsbókmennir, kyngervi, karlmennska*

Abstract

In Icelandic discourse on the Anglo-American military occupation, women who fraternised with foreign soldiers quickly became a symbol for the occupation as a whole, and its (perceived) ramifications for Icelandic culture and society. During the past three decades, many authors, particularly feminists, have critically examined the way in which patriarchal discourse turned women into scapegoats in response to male impotence in the face of foreign military power. The so-called “ástandskonan” achieved her greatest notoriety as a literary figure in the fiction of the 1950s and 1960s. This article considers the treatment female characters received from male authors of fiction in the 1940s, when the stereotype of the “ástandskonan” was still in the process of construction, and it concludes that at this early stage, authors were still uncertain about the extent to which women could be forced to carry the burden of national guilt and humiliation.

Keywords: *Icelandic literature, war literature, gender, masculinity*

Gráðum að bráð

Femínísk grannskoðun á tveggja gráðu loftslagsstefnu¹

JONI SEAGER

Stefnumótendur víðs vegar um heim eru að móta almennt samkomulag (e. *consensus*) um að hnattræn hlýnun um tvær gráður séu ásættanleg og viðráðanleg hættumörk fyrir vistkerfi jarðar. Þessi ályktun er ekki byggð á niðurstöðum loftslagsvísinda. Femínísk greining kemur að góðum notum við að afhjúpa hið kynjaða eðli sem einkennir stjórnmálalegan og hugmyndafræðilegan grunn þessarar nálgunar á loftslagsbreytingar.

Árið 2009 náði leiðtogafundur G8-hópsins því sem breski forsætisráðherrann þáverandi, Gordon Brown, kallaði „sögulegt samkomulag“ um loftslagsbreytingar. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, var ekki jafn uppnumin yfir samkomulaginu en féllst á að „tekið hefði verið skýrt skref fram á við“.²

Þetta „skref fram á við“ felst meðal annars í skuldbindingu G8-ríkjanna um að vinna áfram að því „að skilgreina alþjóðleg markmið til að draga verulega úr hnattrænni losun fyrir árið 2050.“³ G8-hópurinn bauð ekki upp á slíkt markmið heldur lýsti einungis yfir vilja sínum til þess að komast að niðurstöðu í þeim efnum. Að þessari

1 [Kafllinn sem hér birtist er úr tímaritinu *Kvinder, Køn & Forskning*, nr. 3–4 2009, bls. 11–21. Sumir þeirra tengla sem vísað er í neðanmáls reyndust óvirkir og voru uppfærðir af þýðanda. Þýð.]

2 CBS News, „G8 Leaders Agree to Climate Change Goal“, 9. júlí 2009 (sótt 3. ágúst 2009 af <http://www.cbsnews.com/stories/2009/07/08/politics/main5144398.shtml>).

3 G8, „Documents of the G8 Summit 2009: Declaration of the Leaders the Major Economies Forum on Energy and Climate“, 2009, bls. 2 (sótt 2. ágúst 2009 af http://www.g8italia2009.it/static/G8_Allegato/MEF_Declaration1.pdf).

viljayfirlýsingu undanskilinni tilgreina opinber skjöl frá leiðtogafundinum næstum engin sérstök markmið sem tekið verður mið af í samvinnu í framtíðinni. G8-hópurinn náði hvorki að koma sér saman um staðla eða viðmiðanir um skerðingu á losun. Leiðtogar ríkjanna átta gátu til dæmis ekki komist að samkomulagi um að fastsetja ártal til þess að miða við í samræmi við hið yfirlýsta mögulega markmið um „skerðingu kolefnislosunar fyrir árið 2050“. Í núgildandi markmiðum má sjá mikinn fjölbreytileika í stefnumörkun og árangri: Fyrir árið 2020 hefur ríkisstjórn Japans t.a.m. skuldbundið sig til þess að draga úr losun um 15 prósent miðað við losun ársins 2005, Ástralía hefur sett sér að minnka losun um 5–15 prósent miðað við losun ársins 2000, Kanada áætla að draga úr losun ársins 2006 um 20 prósent, Evrópusambandið hefur skuldbundið sig til þess að minnka losun ársins 1990 um 20 prósent og um 30 prósent ef aðrar ríkar þjóðir fylgja þeirra fordæmi. Bandaríkin hafa einungis sagst vera að *íhuga* niðurskurð á kolefnislosun ársins 2005 um 14–17 prósent fyrir árið 2020 en ekki kom fram í opinberum gögnum frá leiðtogafundinum hversu líklegt teldist að þau settu sér það markmið.

Eina stefnumiðið sem fastsett var um loftlagsbreytingar í yfirlýsingum leiðtogafundarins – sem var þó nóg til þess að gefa honum í heild sinni nafnbótina „sögulegur“ að ósekju – er að í fyrsta sinn vildu leiðtogar ríkjanna átta „viðurkenna álit vísindamanna um að hækkunin á meðalhita jarðar umfram hitastigið fyrir iðnbyltingu ætti ekki að vera meiri en tvær gráður á Celsíus“.⁴ Evrópusambandið, og þá sérstaklega Angela Merkel, hefur um árabil barist fyrir því að G8-leiðtogarnir setjist um borð í tveggja gráðu loftslagsstefnulestina. Að fundinum loknum var haft eftir henni: „Eftir langa baráttu hafa öll G8-ríkin loks fallist á tveggja gráðu markið. Frá Bandaríkjum Norður-Ameríku til Japans og Evrópu – allir ætla að vinna að þessu marki.“⁵

Í ljósi þess að ekki varð samkomulag um að fastsetja nein önnur markmið á leiðtogafundinum er sérstaklega eftirtektarvert að þessi staka samþykkt um 2°C grunn (þak?) skuli hafa náðst. Á síðastliðnum áratug hefur þessum tveimur gráðum á Celsíus – á einhvern

4 *Sama rit*, bls. 2.

5 CBS News, „G8 Leaders Agree to Climate Change Goal“.

undraverðan hátt – skotið upp kollinum í umræðunni um loftslagsstefnu og í huga almennings sem þröskuldi með það hlutverk að skilja milli „ásættanlegrar“ hlýnunar jarðar og „hættulegs“ hlýnunarstigs. Undirliggjandi boðskapur sögunnar um gráðurnar tvær er sá að „við“ (yfirleitt með vísun til hnattræns samfélags) séum í vari fyrir loftslagsbreytingum fram að tveggja gráðu hlýnun en í hættu stödd þar á eftir.

Fundir G8-hópsins eru ekki helsti umræðuvettvangur um loftslagsbreytingar en leiðtogar G8 eru fulltrúar þeirra ríkja sem bera ábyrgð á meira en 40% allrar kolefnislosunar í heiminum. Það sem þeir sammælast um á árlegum fundum sínum verður í kjölfarið að stjórnarstefnu á ýmsum öðrum samstarfsvettvangi. Þegar kemur að loftslagsmálum eru G8-leiðtogarnir því helstu gerendur. Enn fremur er tveggja gráðu loftslagsstefnulestin yfirfull þessa dagana; hún er orðin jafn fastur punktur í almennri loftslagsumræðu og í stefnu stjórnvalda. Margir helstu talsmenn stefnumörkunar í loftslagsmálum, þar á meðal þeir sem eru mest áberandi, eins og Al Gore og Bono, hafa gert hana að mælistiku sinni. Flestar umhverfishreyfingar eru með í för. Rétt fyrir G8-fundinn árið 2009 skrifaði hópur 47 umhverfishreyfinga, þar á meðal meðlimir Vina jarðar (Friends of the Earth), Grænfríðunga (Greenpeace), Bandarísku náttúrulífssamtakanna (National Wildlife Federation), Sierra-klúbbsins (the Sierra Club) og Bandalags uggandi vísindamanna (the Union of Concerned Scientists), opið bréf til Obama Bandaríkjaforseta þar sem þau hvöttu til þess að G8 sameinaðist um að „halda sér fyrir neðan tveggja gráðu markið“.⁶ Í sívaxandi mæli hafa gráðurnar tvær orðið að heilögu viðmiði í alþjóðlegri umræðu um loftslagsstefnu.

Forvitnileg saga af tveimur gráðum

Töluverð óvissa ríkir um hvenær og hvers vegna sú skoðun varð viðtekin að hnattræn hlýnun um tvær gráður væri viðeigandi viðmiðun í stefnumörkun um loftslagsbreytingar. Þrátt fyrir yfirlýsingar G8-leiðtoganna þess efnis að „vísindaleg sjónarmið“ ráði tveggja gráðu

6 Kate Sheppard, „Groups urge Obama to endorse warming threshold“, 1. júlí 2009 (sótt í ágúst 2009 af <http://www.stopglobalwarming.org/news/groups-urge-obama-to-endorse-warming-threshold/>).

markinu, er fátt sem styður þær. Alveg síðan fyrstu loftslagslíkönin voru gerð á miðjum áttunda áratugnum hefur vísindasamfélagið mestmegnis verið mótfallið því að koma með tillögur að föstum pólitískum eða stefnumarkandi viðmiðum í loftslagsmálum. Í afar fáum vísindaskýrslum er mælt með sérstökum viðmiðum, eða þau yfirleitt nefnd, og í þeim takmörkuðu fræðitextum þar sem vísindamenn kalla eftir slíkum viðmiðum er lítill samhljómur um hver þau eigi að vera.

Þeirri hugmynd að gráðurnar tvær endurspegli almennt vísindalegt samkomulag er haldið við með því að tengja viðmiðið ranglega við bæði rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá árinu 1994 (UNFCCC) og matsskýrslur milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC). Tveggja gráðu nálgunin er oftast rakin til annarrar greinar rammasamnings Sp sem fastsetur, eins og frægt er orðið, grundvallarmarkmið um að stilla styrk gróðurhúslofttegunda „við stig þar sem komið er í veg fyrir skaðleg áhrif af mannavöldum á lofthjúp jarðar“. Í rammasamningnum segir enn fremur að „slíku stigi skuli náð innan tímaramma sem gefi vistkerfum jarðar ráðrúm til þess að aðlagast loftslagsbreytingum á náttúrulegan hátt, svo matvælaframleiðsla sé ekki ógnað og efnahagurinn geti þróast með sjálfbærum hætti“. Oftlega er gefið í skyn eða fullyrt að orsakasamband sé milli tveggja gráðu marksins og viðvörunar rammasamningsins um „hættulegt“ stig hlýnunar. Hins vegar er ekkert í rammasamningnum sjálfum sem styður þetta. Þar eru fáar vísbendingar um hvað felist í „hættulegu stigi“ og rökin fyrir tveggja gráðu marki er þar ekki að finna.

Á þau er heldur ekki minnst í matsskýrslum milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar. Milliríkjanefndin fylgir strangri hlutleysisafstöðu til stefnumótunar. Hlutverk hennar er að taka saman alla vísindalega þekkingu á stöðu loftslagsbreytinga og framtíðarhorfum í þeim efnum og greina ríkisstjórnnum heims frá. Milliríkjanefndin heldur sig fast við það verkefni að veita upplýsingar til stuðnings stefnumótendum en hvorki mótar né leggur til einhverja stefnu.

Hinn hagfræðilegi maður

Elsta heimildin sem fundist hefur um æskileika tveggja gráðu marksins virðist ekki koma frá loftslagsvísindamanni heldur frá hagfræðingi við Yale-háskóla, William Nordhaus.⁷ Nordhaus var meðal fyrstu manna til þess að reyna að smíða hagfræðilíkan fyrir hugsanlegar takmarkanir á styrk koltvísýrings. Árið 1979 skrifaði hann:

Hingað til hafa ekki komið fram neinar alvarlegar vangaveltur um viðmiðunarstig á koltvísýringi. Í fyrstu atlögu virðist skynsamlegt að mæla með því að afleiðingum af koltvísýringsútbæstri skuli halda innan hefðbundins ramma langtímasveiflna ... Ef hnattrænt hitastig væri tveimur eða þremur gráðum hærra en núverandi meðalhitastig yrði loftslagið komið út fyrir [þennan hefðbundna ramma].⁸

Þótt Nordhaus viðurkenndi að nokkur óvissa gildi um hlýnunarvísindin hindraði það hann ekki í því að eltast við sitt æðsta rannsóknarmarkmið, þ.e. að kanna „fórnirnar sem þarf að færa í leit að mála-miðlun milli efnahagslegs hagvaxtar og umhverfisstefnu“⁹, en hann hafði mikil áhrif á það svið um áratuga skeið. Ef við lítum á Nordhaus sem hugmyndasmið tveggja gráðu viðmiðsins er ljóst að afgerandi áhrif hagfræðinnar og áhersla á fórnir hafa lagt grunninn að þessari umræðu frá upphafi.

Allt frá því Nordhaus reið á vaðið hefur fyrst og fremst verið gripið til tveggja gráðu marksins og það notað sem stefnumarkandi og efnahagslegt fórnarviðmið. Þessu marki er viðhaldið að stórum hluta af pólitískri tækifærismennsku og hagfræðilegum útreikningum sem eru firrt eiginlegum afleiðingum „þó ekki nema“ tveggja gráðu hnattrænnar hlýnunar. Loftslagsvísindamaður sem kannaði nýlega hvort vísindalegur grundvöllur væri fyrir tveggja gráðu markinu komst að þeirri niðurstöðu að það væri „stutt með býsna veikri röksemdafærslu sem byggðist á ófullnægjandi rannsóknaraðferðum, lélegum rök-

7 Michael Oppenheimer og Annie Petsonk, „Article 2 of the UNFCCC: Historical Origins and Recent Interpretations“, *Climatic Change* 73/3, 2004, bls. 195–226.

8 William D. Nordhaus, „Strategies for the Control of Carbon Dioxide“, *The Efficient Use of Energy Resources*, New Haven: Yale University Press, 1979, hér bls. 141–142.

9 *Sama rit*, bls. 130.

stuðningi og sérvöldum tilvísunum úr mjög takmörkuðu samansafni rannsókna ... [það sé því] á heildina litið ekki á rökum reist.“¹⁰

Farsæl áhætta reiknuð (FÁR)

Tveggja gráðu hlýnunarviðmiðið er ekki raunverulegur jarðeðlisfræðilegur þröskuldur. Þar er ekki að finna skilin milli lítillar og mikillar hættu. Viðmiðið tilgreinir ekki þekkt hættumark þannig að hlýnun undir tveimur gráðum fæli aðeins í sér lágmarksógn við vistkerfi jarðar og mannkynið en öll hlýnun yfir þau mörk byði hættunni heim. Í raun geta loftslagsvísindin ekki bent á svo nákvæm skil; í raun og veru virka jarðeðlisfræðileg kerfi ekki þannig. Sannleikurinn er sá að gráðurnar tvær endurspegla huglægan punkt í rófi margvíslegra afleiðinga af hlýnun loftslags á jörðinni, einhvers staðar á milli „líklega mjög slæmra“ og „líklega hörmulegra“.

Þetta er bersýnilega pólitískt viðmið, sem sett er fram á hugmyndafræðilegum grundvelli í þágu ákveðinna hagsmuna. Raunar má segja að öll viðmið í loftslagsmálum séu mótuð í pólitísku ferli (í víðri merkingu orðsins „pólitískt“). Þrátt fyrir að vera viðmið sem byggist á tölulegum mælikvarða er tveggja gráðu markið hreinlega hugmyndafræðilegt: það er nógu nákvæmt til þess að virðast byggt á vísindum og virðist fyrst og fremst vísa til jarðeðlisfræðilegra kerfa (frekar en t.a.m. til markmiða um stjórnun á losun eða minnkun losunar, sem reiknuð eru út frá sögulegum viðmiðum og kalla á ákveðin viðbrögð).

Ein helsta blekkingin sem leynist í tveggja gráðu markinu er sú að mennirnir geti „stjórnað“ loftslagsbreytingunum og hleypt hinu hnattræna hitastigi upp að einhverjum handahófskenndum mörkum og stöðvað það þar. Trúverðugleiki sögunnar um gráðurnar tvær er eflur með vísunum í að „stöðva“ hnattræna hlýnun „áður en“ hún fer yfir tvær gráður; í yfirlýsingu G8-leiðtogafundarins er þetta líkingarmál með samkomulagi sínu um að hlýnun „ætti ekki að fara fram úr“ tveimur gráðum notað áfram en samkvæmt þessari langsóttu líkingu er loftslagið eins og vél sem við getum stjórnað – e.t.v. eins og ofn

10 Richard S. J. Tol, „Europe’s long-term climate target: A critical evaluation“, *Energy Policy* 35/1, 2007, bls. 424–432, hér bls. 424.

sem við getum kveikt og slökkt á eða getur haldið hitastiginu að meira eða minna leyti stöðugu. Hvorki er sögulegur né vísindalegur grundvöllur fyrir því að halda að mennirnir geti „stöðvað“ hlýnun jarðar við eitthvert ákveðið hitastig, hvort sem það eru tvær gráður eða eitthvað annað. Að gera ráð fyrir því er fjarri öllum staðreyndum um loftslagið og jarðeðlisfræði. Sú hugmynd er menningarlegur tilbúningur spunninn frá grunni úr vísindahyggju að hætti Francis Bacon. Femínískir fræðimenn¹¹ hafa sett fram áhrifamiklar greiningar á þeim vistfræðilega og félagslega skaða sem vélvæðing hugsunarháttar okkar um jörðina hefur haft í för með sér. Svo alltumlykjandi er þessi smækkun umhverfisins að Carolyn Merchant hefur kallað hana *Dauða náttúrunnar*:

Sem sameiginleg fyrirmynd vísinda og samfélags hefur vélin gegnsýrt og endurskapað mannhugann svo fullkomlega að í dag drögum við sannleiksgildi hennar varla í efa. Náttúran, samfélagið og mannlíkaminu eru samsett úr víxlanlegum hlutum sem má laga eða skipta út utanfrá ... Brotthvarf andatrúar og annarra lífrænna hugmynda um alheiminn lagði grunninn að dauða náttúrunnar ... hið vélræna kerfi gat sjálft réttlætt drottun sína yfir náttúrunni. Sem hugmyndakerfi var vélræn skipan hlutanna enn fremur samþætt því kerfi samfélagslegra gilda sem grundvallast á valdi og er fyllilega sambærilegt við þær áherslur sem fylgdu markaðskapitalisma.¹²

Verkefni femínista á okkar dögum er að afhjúpa þetta „kerfi samfélagslegra gilda sem grundvallast á valdi“ og leiða þannig í ljós hver stendur að og stýrir þeirri – annars óútskýranlegu – loftslagsstefnu sem miðast við tveggja gráðu markið.

11 Sjá m.a. Carolyn Merchant, *The Death of Nature: Women, Ecology and the Scientific Revolution*, San Francisco: Harper & Row, 1980; William O'Brien, „Continuity in a changing environmental discourse: film depictions of Corps of Engineers projects in South Florida“, *GeoJournal* 69/3, 2007; Val Plumwood, *Feminism and the Mastery of Nature*, London: Routledge, 1993; Val Plumwood, „Nature in the active voice“, *Australian Humanities Review*, 46, 2009; Joni Seager, *Earth Follies: Coming to Feminist Terms with the Global Environment Crisis*, New York: Routledge, 1993; Joni Seager, „A not-so natural disaster: the Mississippi floods“, *Ms Magazine*, 4/3, 1993; Joni Seager, „Pepperoni or Broccoli? On the Cutting Wedge of Feminist Environmentalism“, *Gender, Place & Culture: A Journal of Feminist Geography*, 10/2, 2003, bls. 167–174; og Karen Warren, *Ecofeminist Philosophy*, New York: Rowman & Littlefield, 2000.

12 Carolyn Merchant, *Radical Ecology*, New York: Routledge, 1992, bls. 48.

Í fyrsta lagi eru það afar karllægar hugmyndir að náttúrunni geti verið – og skuli vera – stjórnad.¹³

Þó er e.t.v. enn meira áberandi að þessi afstaða í anda „drottvara alheimsins“ byggist á stærri blekkingu sem er einnig kröftuglega innblásin af kynjuðum félagslegum tilgangi og afleiðingum, þ.e. þeirri að hlýnun jarðar að tveimur gráðum sé til marks um takmarkaða ógn eða viðunandi hættustig. Viðhorf þess eðlis að áhættan sé ásættanleg skín ávallt í gegn og brotnar í glerstrendingi forréttinda, valds og landsvæða. Áskorunin er að fletta ofan af þeim hagsmunum sem búa þessu huglæga loftslagsviðmiði að baki. Fyrir hverja er tveggja gráðu hlýnun „ekki hættuleg“? Hverjir skilgreina viðunandi hættustig? Hver ákveður hvaða „viðunandi“ áhætta telst viðunandi?

Hugsanlega má svara því svo að hinir sömu drottvarar alheimsins og halda að þeir geti stöðvað hlýnun við tvær gráður eru að keyra áfram alþjóðlega stefnumörkun í átt að því að samkomulag myndist um að tveggja gráðu hlýnun þyki viðunandi. Drifkraftarnir á bak við tveggja gráðu úrræðið hafa mestmegnis verið stjórnámálamenn Vesturlanda og hagfræðingar umvafðir karllægri rökvísi og vissu um að á myndinni af „sigurvegurum og töpurum“ í loftslagskeppninni sem þeir kalla fram í huga sér verði þeir í vinningsliðinu – og að með því að halda hlýnun jarðar undir tveimur gráðum muni það einhvern veginn vera tryggt. Óumdeilanlegra er að hefjast má handa við að tína til hvaða straumar og áhrifavaldar það eru sem móta helst þessa stefnu. Verkefnið er aðkallandi, enda óklárað, en þegar hefur tekið að móta fyrir sumum bútum púsluspilsins.

Í augum elítanna í Berlín, París eða Washington virðist auðvelt að ráða við hætturnar sem fylgja hlýnun jarðar, haldist hún innan tveggja gráða. Fyrir flesta alþjóðlega stefnumótendur sem aðhyllast tveggja gráðu viðmiðið stafar ekki enn ógn af loftslagsbreytingum í þeirra eigin ranni, eða svo halda þeir. Það kaldhæðnislega við „hnatt-ræna“ hlýnun er að birtingarmyndir hennar eru staðbundnar: öll loftslagslíkön spá því að áhrif hlýnunar verði mismikil eftir svæðum. Umhverfismöt á áhrifum loftslags benda ítrekað til ójafnra svæðis-

13 William O'Brien, „Continuity in a changing environmental discourse [...]“; Joni Seager, „A not-so natural disaster: the Mississippi floods“; og Brian Easlea, *Fathering the Unthinkable: Masculinity, Scientists and the Nuclear Arms Race*, New York: Random House, 1987.

og landslagsbundinna áhrifa af loftslagsbreytingum¹⁴ og lítið er um það deilt að fátækustu ríkin og lönd nærri miðbaug munu fyrst fá að kenna á þeim. Vel innan tveggja gráðu hlýnunar mun á ýmsum stigum hennar verða verulegur skaði á vistkerfum og lífsgæði skerðast – en frá sjónarhóli verndaðra elíta efnaðra þjóða munu afleiðingararnar bitna á „hinum“ og verða „annars staðar“. Enn fremur sýna loftslagslíkön að haldist hnattræn hlýnun innan lægri marka geti ríki í tempruðu loftslagi og á kaldari breiddargráðum til að byrja með haft mögulegan ávinning af henni, sem lýsir sér í mildari vetrum, stærri ræktunarsvæðum, aukinni uppskeru og betra aðgengi að vatni. „Vanþróuðustu lönd“ heims eru almennt í mestri hættu, þó ekki væri nema vegna þess að þau eru almennt berskjaldaðri og aðlögunarhæfni þeirra er minni.¹⁵ Í fátækum ríkjum mun fátækasta fólkið fyrst þjást og mest en þar í hópnum eru konur í miklum meirihluta.

Fyrir þessu gera jadarsettu ríkin sér vel grein, þ.e. þau ríki sem ekki sitja við borðið á fundum G8-hópsins. Um leið og G8-leiðtogarnir tilkynntu um „sögulegt“ samkomulag þeirra um tveggja gráðu markið í júlí 2009, hafnaði Bandalag smárra eyríkja (AOSIS) því en kallaði í staðinn eftir viðmiðum til skamms og meðallangs tíma sem myndu takmarka hlýnun við eina og hálfu gráðu á Celsíus. Dessima Williams, formaður AOSIS, sagði:

Við fögnum nýjum niðurstöðum sem gefa til kynna aukinn slagkraft í baráttunni við þær áskoranir sem fylgja hlýnun jarðar. Hinsvegar er tveggja gráðu hlýnun enn óviðunandi fyrir AOSIS af því að hún fer yfir öryggismörk sem nauðsynlegt er að virða til þess að tryggja öryggi smárra eyja ... loftslagsbreytingar [eru] nú þegar að valda smæstu og varnarlausustu eyjunum skaða.¹⁶

Góður skilningur er á því að ekki muni öllum takast að laga sig jafn vel að hlýnun jarðar. Eins og Jon Barnett og Neil Adger bentu nýlega á „gæti það verið á færi manna að hugkvæmast leiðir til að laga sig

14 Karen O'Brien og Robin Leichenko, „Winners and Losers in the Context of Global Change“, *Annals of the Association of American Geographers*, 93/1, 2003, bls. 89–103.

15 Saleemul Huq, Atiq Rahman, Mama Konate, Youba Sokona og Hannad Reid, *Mainstreaming adaptation to climate change in least developed countries*, London: IIEE, 2003.

16 AOSIS, Press conference by Alliance of Small Island States on climate change, UN Department of Public Information, News and Media Division, New York, 10. júlí 2009 (sótt í ágúst 2009 af www.un.org/News/briefings/docs/2009/090710_AOSIS.doc.htm).

að tveggja gráðu hlýnun. Ef hægist á losun þannig að loftslagið haldist innan þess hlýnunarstigs, verða áhrifin af breytingunum nógu hægfara til þess að aðlögun geti meira og minna heppnast. Þetta er í raun rökstuðningurinn fyrir tveggja gráðu loftslagsstefnu Evrópusambandsins. Í slíku aðlögunarferli getur mikill fjöldi fólks á flestum stöðum haldið áfram að lifa dýrmætu og innihaldsríku lífi. En jafnvel á þessum stigum málsins vakna alvarlegar spurningar um réttlæti í ljósi þess að líkur eru á að sumir hópar og sum vistkerfi muni ekki ná að aðlagast.¹⁷ Mörg vistkerfi og fjöldi fólks mun reka sig á endamörk aðlögunar löngu áður en hlýnunin nær upp í tvær gráður og sums staðar hefur þessum mörkum nú þegar verið náð.

Í greiningu hins áhrifamikla hagfræðings Nicholas Stern, sem hann vann upp úr nýjustu skýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, er fjöldi skaðlegra áhrifa tilgreindur sem verða mun við tiltölulega lágt hlýnunarstig, auk þeirra áhrifa sem má með nokkurri vissu gera ráð fyrir á hærri stigum hlýnunar. Af þeim má nefna:

- Við hlýnun um 1°C: sviptingar í útbreiðslu plöntu- og dýrategunda; aukin tíðni malaríu (yfir 300.000 dauðsföll); veðurofsi; bráðnun jökla; flóð; þurrkar; rof á sífrera; fiskistofnar minnka; alvarleg röskun á fæðuframbóði á Sahel-svæðinu í Afríku.
- Við hlýnun um 1–2°C: minni afkastageta ræktarlands, á hitabeltissvæðum og nálægt miðbaug allt að 50% skerðing á uppskeru; hætta á að spendýrategundir á heimskautasvæðum deyi út.
- Við hlýnun um 1–3°C: umfangsmikil bleiking kórala (allt að 80%) og dauði kóralrifja.
- Við hlýnun um 2°C: alvarlegur vatnsskortur (sem hefur áhrif á um einn milljarð jarðarbúa); hrun í vistkerfi hitabeltisskóga; 40–60 milljón manns til viðbótar smitast af malaríu; 10 milljón manns í hættu vegna strandflóða.¹⁸

Jafnvel lauslegt yfirlit þessara áhrifa leiðir til þeirrar óumflýjanlegu niðurstöðu að ef þak á tveggja gráðu hlýnun lítur út fyrir að vera

17 Neil Adger og Jon Barnett, „Four reasons for concern about adaption to climate change“, *Environment Planning A*, 41/12, 2009, bls. 2800–2805, hér bls. 2801.

18 Nicholas Stern, *Stern Review on The Economics of Climate Change*, London: HM Treasury, 2007.

örugg ágiskun, þá á það bara við um rík lönd með temprað loftslag. Fyrir þær milljónir manna sem búa í fátæku löndunum, við miðbaug, á láglandssvæðum og í smáum eyríkjum, er tveggja gráðu markið óviðunandi. Fyrir þá tugi ríkja sem eru nú þegar komin að mörkum aðlögunargetu sinnar væri bæði of takmarkað og of seint að fara að setja tveggja gráðu þak, jafnvel ef hægt væri að ná því. Fyrir viðkvæm vistkerfi, og þá kannski sérstaklega kóralrif og önnur sjávarsamfélög, er tveggja gráðu hlýnun ekki öruggt viðmið.

Jafnvel innan þessa yfirlætislega kæruleysis ríkustu þjóða heims gagnvart lægri stigum hlýnunar stendur enn eftir ein spurning: Hvers vegna að velja nákvæmlega þessar tvær gráður úr rófi mögulegra hitastiga til þess að marka þetta öryggisviðmið? Væri ekki öruggara að miða við eina og hálfu gráðu? Eða myndu tvær og hálf gráða eða jafnvel þrjár ekki vera allt í lagi líka? Það að tilgreina sérstaklega þessar tvær gráður gefur ástæðu til að ætla að hárnákvæm vísindaleg rökvísi búi því að baki.

En sú er ekki raunin. Þetta viðmið ákvarðast nánast einvörðungu af efnahagslegum sjálfsverndarsjónarmiðum og af (næstum) gegnsæjum eiginhagsmunum ríkra þjóða. Stóra uppgötvunin verður ekki fyrr en farið er að lesa á milli línanna í helstu loftslagslíkönunum: tveggja gráðu markið er nokkurn veginn staðurinn þar sem flest líkönin gefa til kynna, annars vegar að raunverulega *hnattrænar* breytingar (tilfærsla hafstrauma og hröð bráðnun ísbreiða) muni taka við af svæðisbundnum breytingum, og hins vegar að áhrif í tempraða beltinu, eins og aukinn ofsi fellibylja í Bandaríkjunum, muni magnast. Samkvæmt flestum líkönum markar hlýnun upp á tvær gráður á Celsíus tímapunktinn þegar hlýnun jarðar „kemur heim“ til ríku landanna.

Efnahagsleg reiknilíkön og reikningsmenn þeirra hafa a.m.k. gegnt álíka mikilvægu hlutverki í að móta loftslagsstefnu og loftslagslíkön og þeirra reikningsmenn. Fremstur þar í flokki er Nicholas Stern, höfundur greinargerðar frá árinu 2007, *Stern-skýrslunnar: Hagfræði loftslagsbreytinga*, sem ríkisstjórn Bretlands lét vinna fyrir sig, og er víða talin áhrifamesta stefnumótunarplaggið, að undanskildum IPCC-skýrslunum.

Stern-skýrslan greinir frá frekari afleiðingum þess þegar hlýnun fer yfir tvær gráður – vandamál „hinna“ verða líklega „okkar“:

Áhrif óhindraðra loftslagsbreytinga – það er hlýnun um þrjár eða fjórar gráður – verða til þess að stórauka áhættu og kostnað af þessum atburðum. Áhrif af þessari stærðargráðu gætu flætt á milli landamæra, og aukið enn á skaðann. Hækkun sjávarborðs og aðrar loftslagstengdar breytingar gætu neytt milljónir manna til að flytjast búferlum ...¹⁹

Óttinn við að vandamál „flæði á milli landamæra“ og að urmull fátæks fólks flýi svæði sem ekki er lengur búandi á hefur lengi dafnað í hugmyndaheimi íbúa efnadra landa²⁰; tveggja gráðu markið er dulin birtingarmynd þessa ótta í alþjóðlegri loftslagsstefnu, sem áhrifaþáttur í umræðunni um „loftslagsöryggi“.

Það eru hins vegar hráir efnahagslegir útreikningar sem skýra hugsunina að baki tveggja gráðu viðmiðinu. Kostnaðurinn við að aðlagast loftslagsbreytingum er talsverður; kostnaðurinn við að draga úr þeim er jafnvel hærri. Það eru hagfræðingar sem hafa valið tvær gráður sem efri mörk þess sem geti talist sanngjörn kostnaðarbyrði fyrir iðnvædd hagkerfi. Stern segir enn fremur:

Skýrslan metur kostnað á ársgrundvelli við að takmarka koltvísýringsstyrk við 500–550 milljónarluta fyrir árið 2050 í kringum 1% af vergri þjóðarframleiðslu – það er talsverður kostnaður en viðráðanlegur ... [Frekari styrkur koltvísýrings] myndi auka verulega hættuna á að áhrif þess yrðu mjög skaðleg án þess að lækka mikið kostnað við það að draga úr koltvísýringsstyrk. Að stefna að lægri mörkum þessa bils [af koltvísýringsstyrk] myndi líklega auka hratt kostnað við að draga úr hlýnun jarðar. Allt undir [tveimur gráðum] myndi svo sannarlega valda mjög háum aðlögunarkostnaði til skamms tíma litið.²¹

Ekkert er við efnahagslega greiningu að athuga sem gagnast við ákvarðanatöku tengdri áætlunum um að draga úr loftslagsbreytingum. Stjórnámálamenn og stefnumótendur eru réttilega skyldugir til þess að valda ekki meiri efnahagslegum glundroða við það að draga úr hlýnun jarðar en hlýnunin sjálf myndi annars hafa í för með sér. Á

19 *Sama rit*, bls. vii.

20 Betsy Hartmann, „Population, Environment and Security: A New Trinity“, *Dangerous Intersections: Feminist Perspectives on Population, Environment and Development*, ritstj. Jael Silliman og Ynestra King, Cambridge, MA: South End Press, 1999.

21 *Sama rit*, bls. xii og xvii.

hinn bóginn er kostnaður við það síðarnefnda stórlega vanreiknaður – ekki er unnt að átta sig á umfangi hans og helstu efnahagslíkön geta ekki tekið hann með í reikninginn. Af þeim sökum er engin leið að nota efnahagslíkön til þess að bera saman þær afleiðingar sem mismunandi málamíðlanir og fórnir gætu haft. Á meðan Stern og aðrir hagfræðingar reikna út að strangari loftslagsstefna (þ.e. strangari en tveggja gráðu stefnan) sé of dýr og raski um of hefðbundinni efnahagslegri virkni, hafa þeir í rauninni enga hugmynd um hver líflandafræðilegur, félagslegur og efnahagslegur kostnaður þess er að hleypa hnattrænni hlýnun upp í tvær gráður. Ekki er hægt að gera grein fyrir félagslegum kostnaði með efnahagsútreikningum; umhverfiskostnað er á sama hátt ómögulegt að reikna út. Af þessu leiðir að það er engin skynsamleg leið til þess að veða og meta fórnirnar sem fylgja því að leyfa hlýnun að halda áfram upp í tvær gráður, í samanburði við mismunandi hitastig undir tveimur gráðum.

Allir á markaðinn

Einna augljósast verður hversu vafasöm heilindi eru á bak við umhverfisstefnu sem grundvallast á hagfræði frekar en vistfræðilegum gildum þegar kemur að eldheitum æsingnum um „sigurvegara og tapara“ loftslagsbreytinga. Stern tekur skýrt fram að loftslagsbreytingar hafi ekki einungis kostnað í för með sér, heldur hagnað – og spáir að sumir muni fá góðar fréttir í þeim efnum:

Það eru einnig mikilvæg ný tækifæri á breiðu sviði iðnaðar og þjónustu. Markaðir fyrir vörur sem framleiddar eru með lítilli kolefnislosun verða sennilega metnir á a.m.k. 500 milljarða Bandaríkjadala árlega árið 2050 og kannski miklu meira. Einstök fyrirtæki og ríki ættu að leitast við að nýta sér þessi tækifæri.²²

Hugmyndin um sigurvegara og tapara stingur ítrekað upp kollinum í fræðitextum og umræðum um loftslagsbreytingar:

Í fræðitextum um áhrif loftslagsbreytinga er gjarnan vísað til sigurvegara í samhengi við bættar aðstæður, tækifæri, jákvæð áhrif og ávinninga, á meðan skírskotað er til tapara í tengslum við neikvæð áhrif og aukið

²² *Sama rit*, bls. xvi.

varnarleysi. Þó að oft sé talað um sigurvegara og tapara í hverskyns umræðum og rökræðum, er yfirleitt forðast að vísa beinlínis til sigurvegara og tapara í opinberum skjölum eins og IPCC-matsskýrslunum, en það endurspeglar aðeins hve málefnið er pólitískt viðkvæmt. Nýjustu gögn benda þó til að svæðin næst heimskaunum og í nágrenni þeirra muni teljast til sigurvegara loftslagsbreytinga, þar sem búist er við því að sumrin verði hlýrri og ræktunartímabilin lengri. Til þeirra sem munu tapa á loftslagsbreytingum teljast jafnarsetti Afríkurríki, þar sem tíðni og umfang aftakaviðburða mun líklega aukast, sér í lagi þurrka. Auk þess munu mörg lönd með láglend strandsvæði verða fyrir skaða af völdum tíðari óveðra eða flóða vegna hækkandi sjávarstöðu.²³

O'Brien og Leichenko færa rök fyrir því að þetta líkingarmál hvíli á hugmyndinni um að í samhengi loftslagsbreytinga sé valið milli sigurvegara og tapara „náttúrulegt“, óhjákvæmilegt og nánast þróunarlega ákvarðað út frá líkamlegu atgervi þeirra og náttúrulegu umhverfi.

Með kröftugum gagnrýnum greiningum hefur verið sýnt fram á að varnarleysi þessara hópa stafar af félagslegum þáttum.²⁴ Femínískar rannsóknir hafa verið sérstaklega miðlægar í þessari greiningu og þær hafa ekki aðeins sett ákveðinn hugtakaramma heldur er þar einnig beitt sérhæfðum greiningaraðferðum til þess að skilja hvernig umhverfisáhrif (af öllum toga) dreifast ójafnt eftir kyni.²⁵ Greining á

23 Karen O'Brien og Robin Leichenko, „Winners and Losers in the Context of Global Change“.

24 Hans G. Bohle, Thomas E. Downing og Michael J. Watts, „Climate change and social vulnerability: toward a sociology and geography of food insecurity“, *Global Environmental Change*, 4, 1994, bls. 37–48; Jesse Ribot, „The causal structure of vulnerability: Its application to climate impact analysis“, *GeoJournal*, 35/2, febrúar 1995, bls. 119–122; J. W. Handmer, S. Dovers og T. E. Downing, „Societal Vulnerability to Climate Change and Variability“, *Mitigation and Adaptation Strategies for Global Change*, 4/3–4, 1999, bls. 267–281; P. Mick Kelly og W. Neil Adger, „Theory and practice in assessing vulnerability to climate change and facilitating adaptation“, *Climatic Change*, 47, 2000, bls. 325–352; og W. Neil Adger, Saleemul Huq, Katrina Brown, Declan Conway og Mike Hulme, „Adaptation to climate change in the developing world“, *Progress in Developing Countries Studies*, 3, 2003, bls. 179–195.

25 Fatima Denton, „Gendered impacts of climate change – a human security dimension“, *Energia News*, 3, 3, 2000, bls. 13–14; Elaine Enarson, *Gender and natural disasters, ILO Working Paper No. 1*, Genf: ILO, 2000; Maureen Fordham, „Challenging boundaries: a gender perspective on early warning in disaster and environmental management“, *Environmental management and the mitigation of natural disasters: a gender perspective*, UN DAW, Report of the Expert group meeting (Ankara, Tyrklandi, nóvember 2001), New York, 2001; Kiran Soni Gupta og Madhukar Gupta, „The woes of women in drought: social, environmental and economic impacts“, *Women & Environments International*, 60–61, 2003, bls. 12–13; og Yianna Lambrou og Grazia Piana, *Gender: the missing component of the response to climate change*, Rome: FAO, 2006.

ýmiss konar félagslegum veikleika hefur fundið sér leið inn í opinbera stefnumörkun á ólíkum sviðum en þegar kemur að loftslagslausnum í hinu stóra samhengi hefur nálgun af þeim toga haft merkilega takmörkuð áhrif.

Í ríkjandi efnahagslegri afstöðu til loftslagssigurvegara og -tapara rennur, eins og Stern-skýrslan bendir til, umhverfisnauðhyggja saman við félagslega nauðhyggju. Raunar gefa þeir sem tala fyrir því að í loftslagsbreytingum felist tækifæri til kynna að það séu óhjákvæmilega sigurvegarar og taparar í þeim efnum og að þeir hópar og fyrirtæki sem eru nógu snjöll í að sjá afleiðingarnar fyrir og leika á kerfið geti komist í vinningsliðið. Með þessu orðfæri má segja að „hinir samkeppnishæfu“ í hlýnandi heimi séu þeir sem fyrstir taka sér rétta markaðsstöðu. Eins furðulega og það hljómar leggja sumir umhverfisverndarsinnar trúverðugleika sinn að veði við þessa nálgun. Jonathan Lash, forseti Alþjóðlegu auðlindastofnunarinnar (World Resources Institute), var meðhöfundur að grein sem vakti mikla athygli í 2007-hefti viðskiptatímarits Harvardháskóla og bar titilinn „Samkeppnishæfni í hlýnandi heimi“:

Fyrirtæki sem reyna að hafa stjórn á og draga úr hættunni sem þeim stafar af loftslagsbreytingum á meðan þau leita nýrra tækifæra til þess að hagnast munu verða samkeppnishæfari en önnur fyrirtæki sem þau keppa við í framtíðarheimi kolefnishafta. Hér bjóðum við upp á leiðarvísi til þess að koma auga á hvernig loftslagsbreytingar geta haft áhrif á fyrirtæki þitt og hvernig megi sníða aðgerðir sem nýtast þér við að takast á við þessar ógnanir og leita tækifæra.²⁶

Á sama tíma og Lash og Wellington kunngerðu viðskiptatækifærin sem fælust í loftslagsbreytingum dró Gregg Easterbrook upp framtíðarsýn í tímaritinu *The Atlantic* af glundroða í hlýnandi heimi sem gæti haft í för með sér ólöglegar landtökur, stríð og uppreisnir „loftslagssmælingja“:

Ef loftslagsbreytingar valda brestum í þróunarlöndunum og hrakandi félagslegum aðstæðum munu margar milljónir atvinnulausra og

26 Jonathan Lash og Fred Wellington, „Competitive advantage on a warming planet“, *Harvard Business Review*, mars 2007, bls. 95–102, hér bls. 96.

hungraðra flóttamanna streyma að landamærum forréttindalandanna í norðri og krefjast þess að verða hleypt inn. Ef sjálf jörðin snýst gegn þessum fátæku þjóðum og refsar þeim með hita og óveðrum hvernig gætu Bandaríkin réttlætt það siðferðislega að neita flóttamönnunum um aðstoð? Oft hefur það orðið tilefni til átaka þegar sviptingar verða á hlutfallslegu gildi svæða og auðlinda og hætt er við því að loftslagsbreytingar verði til þess að þjóðir öfundi hver aðra af landsvæðum sínum.

Rétt eins og Lash og Wellington hvetur Easterbrook alþjóðasamfélagið til þess að taka loftslagsbreytingar alvarlega, og eins og þeir álitur hann markaðinn vera einu lausn vandans:

Markaðurinn hefur valdið vanda gróðurhúsalofttegunda og það er markaðurinn sem er besta vonin um lausn hans. Að bjóða upp á hagræna hvata þegar mótaðar eru aðferðir til að takmarka gróðurhúsalofttegundir – að hvetja í raun til hagnaðarmyndunar við stjórnun gróðurhúsalofttegunda – er vænlegasta leiðin til þess að koma í veg fyrir skaðann sem hinir fátæku í þróunarlöndunum gætu orðið fyrir eftir því sem hnattrænt loftslag breytist.²⁷

Um þessar mundir hafa umhverfissinnar og hagfræðingar tekið undraskjótt höndum saman um að leggja áherslu á viðskipti með losunarheimildir. Rétt eins og tveggja gráðu markid eru viðskipti með losunarheimildir nú víða boðuð sem „lausn“. Hér er á ferðinni lausn sem er einvörðungu sniðin að markaðssjónarmiðum og eins og tveggja gráðu markid sjálft byggist hún á furðulega veikum vistfræðilegum grunni. Fyrir Stern snúast loftslagsbreytingar að öllu leyti um markaðinn: „Loftslagsbreytingum fylgir einstök áskorun fyrir hagfræðina: Þær eru mesti og víðfeðmasti markaðsbrestur sem sést hefur.“²⁸ Frá þessu sjónarhorni felst úrræðið auðvitað í því að notfæra sér markaðinn á snjallari hátt.

„Kolefnismarkaðurinn“ endurúthlutar mengun á milli aðila með annarri af tveimur helstu markaðsaðgerðunum: uppbótum og við-

27 Gregg Easterbrook, „Global Warming: Who Loses – and Who Wins?“, *The Atlantic*, apríl 2007, bls. 4 (sótt desember 2013 af <http://www.theatlantic.com/magazine/archive/2007/04/global-warming-who-loses-and-who-wins/305698/2/>).

28 Nicholas Stern, bls. i.

skiptum með „kolefniseiningar“. Kaup á uppbótum gerir ríkjum eða einkafyrirtækjum með mikla kolefnislosun kleift að borga ríkjum (eða fyrirtækjum) með minni kolefnislosun fyrir að geyma eða „bæta upp“ losunina með skógræktaráætlunum eða endurheimt votlendis. Viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir veitir ríkjum (eða fyrirtækjum) með litla kolefnislosun tækifæri til þess að selja „kolefniseiningar“ fyrir frekari mengunarheimildir – ímyndaða „útbýtingu“ á losuninni sem vænta mætti að þau yllu en valda þó ekki – til aðila með meiri losun. Þetta „viðskiptakerfi“ er oft, en þó ekki alltaf, samtvinnuð „þökum“. Gert er ráð fyrir að þökin séu lækkuð í þrepum til að tryggja að kolefnislosun sé ekki einungis hliðrað um heiminn heldur að leyfileg heildarlosun heimsins dragist saman með tímanum.

Ef horft er framhjá vandkvæðum við að meta áhrif mótvægisáðgerða og við að beita þeim með uppbótum og viðskiptaáðgerðum (sem eru mýmörg), endurspeglar markaðsvæðing kolefnislosunar sigur efnahagslegrar hugmyndafræði yfir umhverfisgildum. Með þessum áætlunum er verið að einkavæða loftslagið; með þeim er verið að stofnanaað þá hugmynd að það séu „réttindi að mega menga“ og gera þá hugmynd „eðlilega“, auk þess sem látið er að því liggja að til sé staðlað magn mengunar sem, ef það er vannýtt, megi flytja til einhvers annars. Viðskipti með losunarheimildir kynna til sögunnar hugmyndina um að til séu ríki og staðir sem „van-menga“. Enn alvarlegra er að viðskipta- og uppbótarkerfi gera losunarríkjum kleift að dreifa ábyrgðinni og „hnattvæða“ ábyrgð sem nú er bundin við ákveðin ríki.

Ýmsir stefnumótunarhópar hafa lagt til að viðskipti með losunarheimildir verði nýtt í staðinn fyrir þróunaraðstoð: Ef fátæk lönd geta aflað tekna með því að selja van-mengunareiningar, þá megi skerða þróunaraðstoð á móti. Slagorðið „viðskipti í stað aðstoðar“ tekur á sig einkar ískyggilega mynd þegar verslunarvaran er mengun. Með þessum hugsunarhætti er einnig verið að stilla vanþróun fátækra ríkja upp sem efnahagslegum ávinningi sem rennir frekari stoðum undir áframhaldandi drottun þróaðra ríkja. Femínistar ættu að vera sérstaklega tortryggir gagnvart greiningum sem tefla „vanþróun“ fram sem kosti – enda hefur hlýðni kvenna eða áhrifaleysi þeirra oft verið sett fram sem eðlislægustu einkennin á stöðu þeirra í samfélaginu.

Samkeppnismarkaðir mynda oft góðan grunn undir margs konar mikilvæga efnahagslega starfsemi en á umhverfinu fæst enginn alvöru

skilningur með hefðbundnum efnahagslegum nálgunum. Þrátt fyrir nýlegar tilraunir til þess að verðmerkja „þjónustu vistkerfa“ geta efnahagsleg reiknilíkön ekki tekið tillit til óáþreifanlegra gilda eða undirbyggt mat á t.d. því hversu ósnert vistkerfi eru, hvert gildi kóralrifja eða kostnaður við rýrnun fenjaviðar er, hvað þá lagt mat á vistfræðilegan eða félagslegan jöfnuð.²⁹ Enn fremur sýnir sagan að við verndun þessara auðlinda er árangurinn af markaðsvæðingu náttúruauðlinda ærið misjafn. Á síðastliðnum þrjú hundruð árum í umhverfissögu heimsins er fátt að finna sem bendir til þess að traust á markaðnum stuðli að verndun vistkerfa. Í besta falli hefur markaðs-skilvirkni lítið að gera með hvernig vistkerfi virka best eða samspil þeirra og manna.

Í grunninn er rökvísi markaðshagfræðinnar vistfræðilega rýr hugmyndafræði sem hentar ekki til þess að takast á við umhverfisvandamál. Á margan hátt má færa rök fyrir því að það hafi einmitt verið þessi sálarlausa rökvísi markaðarins sem bakaði okkur þessi vistfræðilegu vandræði. Eins og Ulrike Röhr bendir á „getur enginn efast af alvöru um að loftslagsbreytingarnar [sjálfar] séu drifnar áfram af ákvörðunum sem byggjast á efnahagslegum sjónarmiðum“.³⁰ Þetta er því góður tímapunktur til þess að vera sérstaklega gagnrýninn á sírenusöng „markaðanna“ og sérstaklega varkár gagnvart þeirri speki að markaðsmiðaðar aðferðir nýtist til að leysa vandamál sem markaðsmiðaðar aðferðir hafa skapað.

Þverfræðileg femínísk fræðimennska varpar ljósi á kynjaða undirbyggingu þessarar hugmyndafræðilegu heimsmyndar. Með því að vinna sig í gegnum hin viðamiklu femínísku fræðiskrif á sviði vistfræði, hagfræði, þjóðhagfræði og stjórnmálasögu má komast að eftirfarandi atriðum: Kapítalismi er kynjaður; „markaðir“ eru kynjaðir; konur og karlar, í nánast öllum samfélögum og á öllum sögulegum tímabilum, hafa mismunandi stöðu gagnvart „markaðsaðferðum“; „markaðsaðferðir“ eru kynjaðar; „sigurvegarar“ á markaðnum hafa jafnan verið karlkyns; næstum alls staðar í heiminum hafa konur

29 Stephen Schneider og Janica Lane, „An overview of „Dangerous“ climate change“, *Avoiding Dangerous Climate Change*, ritstj. Hans Joachim Schellnhuber, Cambridge: University Press UK, 2006, bls. 7–24.

30 Ulrike Röhr og aðrir, *Gender Justice as the Basis for Sustainable Climate Policies*, Bonn: genanet, 2008.

fyrst og fremst orðið fyrir barðinu á neikvæðum hliðum hnattrænnar markaðsvæðingar og verið þvingaðar til þess með kerfislægum hætti; þegar undirstöður lífsins og lífsnauðsynjar eru gerðar að verslunarvöru tapa allir á því en það bitnar sérstaklega illa á konum. Þegar markaðsstefnu og félagsmálafestu er grautað saman með einstrengingslegum hætti, í anda kjörorðanna „það sem er gott fyrir markaðinn er gott fyrir fólkið/umhverfið“, ættu konur aldrei að búast við því að það komi sér vel fyrir þær.

Umhverfisgreining nýtir sér enn aðeins að litlu leyti femíníska fræðimennsku, og öfugt, en þegar femínískar úttektir eru teknar alvarlega bjóða þær upp á róttæka umbyltingu á þeim aðferðum sem beitt er í tengslum við loftslagsbreytingar. Ulrike Röhr vekur athygli á að „kynjuð [greining] bendi ekki á rifu eða gat í annars heilu „teppi“ sjálfbærra loftslagsstefna, heldur sýni slík greining þörfina á algjörrri umbyltingu“³¹. Í þessu viðkvæði úr umræðunni um loftslagsbreytingar endurómar frægt orðatiltæki ljóðskáldsins Audre Lorde um að „verkfæri meistarans muni aldrei rífa niður hús hans“³². Femínísk greining varpar ljósi á hvernig sú hugmynd að við getum greint ýmis hættustig sem viðunandi og haldið hlýnun jarðar innan þeirra marka – og það sem verra er, mælt fyrir slíku sem boðlegri alþjóðastefnu í loftslagsmálum og andspænis kreppunni sem við erum flækt í – er hugsun úr „húsi meistarans“.

Þýðandi: Magnús Örn Sigurðsson

31 *Sama rit*, bls. 22.

32 Audre Lorde, „The Master’s Tools Will Never Dismantle the Master’s House“, *This Bridge Called My Back: Writings by Radical Women of Color*, ritstj. Cherrie Moraga og Gloria Anzaldúa, New York: Kitchen Table Press, 1981.

„Ég fékk engan stuðning í skólanum“

Fötlun, kyngervi og stétt

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR

Margir kannast við eftirvæntinguna sem fylgir haustinu þegar skólar hefjast að nýju eftir sumarfrí. Í nemendahópnum eru stúlkur með bleikar töskur, sítt hár og hárskraut og snoðklipptir drengir í fót-boltaskóm. Ýmis einkenni eins og til dæmis klæðaburður eða mynd af lítilli hvítri kisu með bleika slaufu á pennaveskinu gefa vísbendingar um kyngervi barnsins. Vísbendingar sem nemendur skólanna, kennarar og aðrir meðlimir samfélagsins sjá og læra að túlka í þeim tilgangi að greina í sundur drengi og stúlkur, karla og konur. En þegar líða tekur á veturinn eru nemendur einnig flokkaðir eftir öðrum einkennum eins og til dæmis námsgetu, hegðun og þeim mismunandi félagslegu aðstæðum sem þeir búa við.

Undanfarna áratugi hefur aukin áhersla verið lögð á að koma í veg fyrir mismunun og ójöfnuð í íslensku samfélagi með löggjöf og stefnumótun. Merkileg tímamót urðu árið 2007 þegar fulltrúi Íslands undirritaði *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* þar sem meðal annars er kveðið á um jafnan rétt til náms, án mismununar, á öllum skólastigum, símenntun og fullorðinsfræðslu.¹ Og ef löggjöf og stefnumótun sem snýr að fötluðu fólki er skoðuð er margt sem bendir til þess að því hafi verið tryggður jafn réttur til náms og þátttöku í samfélaginu síðastliðin þrjátíu ár. Hins vegar sýna niðurstöður íslenskra rannsókna að þótt margt hafi áunnist eru enn margar hindr-

1 Sameinuðu þjóðirnar, *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, 2007.

anir í vegi þeirra og mörgu ábótavant þannig að réttindum fatlaðra nemenda sé fullnægt til jafns við aðra. Algengast er að rannsóknir er snúa að menntun fatlaðra barna séu gerðar út frá sjónarhorni foreldra og kennara² en á undanförunum misserum hefur það aukist að fræðimenn beini sérstaklega sjónum að nemendum sjálfum, þeirra upplifunum og viðhorfum.³ Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið einskorðast við ákveðin skólastig eða sérúrræði og hafa aðrir þættir eins og til dæmis kyngervi og stéttarstaða ekki verið skoðaðir markvisst í tengslum við skólagöngu fatlaðra nemenda. Markmið þessarar greinar er að skoða hvernig fötlun, kyngervi og stétt birtast og samtvinnast í frásögnum 22 kvenna með þroskahömlun um skólagöngu sína. Konurnar voru á aldrinum 20–46 ára þegar gagnasöfnun fór fram á árunum 2005–2011 og ná frásagnir þeirra frá grunnskólagöngu til háskólamenntunar og framhaldsfræðslu.

Samtvinnun

Á undanförunum misserum hefur hugmyndin um samtvinnun (*e. intersectionality*) fengið aukna athygli í fötlunarfræðum. Rannsakendur innan fræðigreinarinnar hafa beitt þessari nálgun í þeim tilgangi að greina á hvern hátt félagslegir og menningarbundnir þættir á borð við kyngervi og fötlun hafa áhrif hver á annan og eru mótandi í lífi og reynslu fatlaðs fólks.⁴ Það var femínistinn og fræðikonan Kimberlé

- 2 Til dæmis: Elsa Sigríður Jónsdóttir, „Milli vonar og ótta: Sjónarmið foreldra fatlaðra leikskólabarna“, *Fötlunarfræði*, ritstj. Rannveig Traustadóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 55–71; Gretar L. Marinósson, *Responding to diversity at school*, Saarbrücken: Lambert Academic Publishing, 2011; Hafdís Guðjónsdóttir, „Responsive professional educators“, *Nordisk Tidsskrift for Spesialpedagogikk* 8/2003, bls. 109–121; Hermína Gunnþórsdóttir, „Kennarinn í skóla án aðgreiningar: Áhrifavaldar á hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara“, *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2010* (netla.hi.is). Birt: 31. desember 2010 (sótt 5. október 2011).
- 3 Til dæmis: María Hildiþórsdóttir, *Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum frambaldsskóla*, óbirt meistaraþrófritgerð, Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík, 2006; Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, „Starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun“, *Netla – Vefrit um uppeldi og menntun* (netla.hi.is). Birt: 29 september 2011 (sótt 1. maí 2012); Dóra S. Bjarnason, *The social construction of disabled adulthood*, New York: Nova Science, 2004; Snæfríður Þ. Egilson, *School participation: Icelandic students with physical impairments*, óbirt doktorsritgerð, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík, 2005.
- 4 Til dæmis: David. J. Connor, *Urban Narratives*, New York: Peter Lang Publishing, 2007; Lars Grönvik og Martin Söder (ritstj.), *Interseksjonalitet och funktionsbinder*, Stokkhólmi: Gleerups, 2008; Ingunn Moser, „Sociotechnical practices and difference: Interferences between disability, gender, and class“, *Science, Technology & Human Values*, 31/2006, bls. 537–564; Helen Meekosha, „What the hell are you? An intercategory analysis of race, ethnicity, gender and disability in the Australian body politic“, *Scandinavian Journal of Disability Research*, 8/2006, bls. 161–176.

Crenshaw sem fyrst kynnti hugtakið samtönnun á áttunda áratugi síðustu aldar þegar hún skoðaði samband kynþáttar og kyngervis og hvernig það hafði áhrif á þann veruleika sem svartar konur í Bandaríkjunum þjuggu við og lýsti hún því hvernig þær voru jaðarsettar í samfélaginu bæði vegna kyngervis og hörundslitar.⁵ Crenshaw benti á að í stofnunum samfélagsins ríkti kynjamisrétti, kynþáttafordómar og stéttarhroki⁶ sem tvinnast saman og hafa áhrif á daglegt líf og reynslu kvennanna. Verk Crenshaw⁷ markar ákveðin tímamót í femínískum rannsóknum því fram að þessum tíma hafði samspil kynjamisréttis við aðra félagslega þætti lítið verið skoðað.⁸

Samtönnun hefur þróast í fræðilegt og aðferðafræðilegt verkfæri sem fræðimenn innan ólíkra sviða nota til að greina mismunun og félagslegt jafnrétti.⁹ Þótt ekki sé neina einhlíta skilgreiningu á samtönnun að finna hafa Weber og Parra-Medina dregið saman þrjá þætti sem einkenna rannsóknir þeirra er beita þessari nálgun. Í þeim er rýnt í það hvaða merkingu mismunandi þættir á borð við kynþátt, þjóðerni, stétt og kyngervi hafa á makró- og míkrosviðum samfélaga. Í slíkum rannsóknum er sjónum einnig beint að því hvernig stöðir samfélagsins viðhalda eða umbreyta þessum samtengdu kerfum í tíma og rúmi. Að auki eiga þessar rannsóknir það sameiginlegt að leita svara við því hvernig skilningur okkar á þessum þáttum og kerfum getur stuðlað að félagslegu réttlæti.¹⁰ Með samtönnun er athyglinni beint að þeim

5 Kimberlé Crenshaw, „Mapping the margins: Intersectionality, identity politics, and violence against women of color“, *Stanford Law Review*, 43/1991, bls. 1241–1299, hér bls. 1245–1250.

6 Kynjamisrétti (e. *sexism*) er skilgreint sem fordómar og mismunun á grundvelli kyngervis og byggist m.a. á og ítrekar staðalímyndir og hefðbundin kynhlutverk. Stéttarhroki (e. *classism*) er skilgreindur sem fordómar og mismunun á grundvelli stéttar, þ.e. efnahagslegrar stöðu og/eða menntunarstigs. Stéttarhroki byggist einnig á staðalímyndum sem valda neikvæðum viðhorfum gagnvart fátæku fólki og þeim sem eru í lágláunastétt. Kynþáttafordómar (e. *racism*) eru ekki til umfjöllunar í þessari grein.

7 Kimberlé Crenshaw, *sama rit*.

8 Í þessu samhengi er vert að benda á að svartar konur í Bandaríkjunum gagnrýndu fyrri tíma femínisma fyrir að vera of bundin við millistétt hvíttra. Þegar bandarískir femínistar börðust á 19. öldinni fyrir því að komast út á vinnumarkaðinn benti Sojourner Truth þeim á að hún sem fyrrverandi þræll hafði alla tíð verið í ólaunadri vinnu og oft og tíðum hefðbundnum karlmannsstörfum. Í gagnrýni sinni sýnir hún fram á hvernig stétt, kyngervi og kynþáttur fléttast saman án þess þó að kalla það samtönnun.

9 Nina Lykke, *Feminist studies: A guide to intersectional theory, methodology and writing*, New York, Routledge, 2010.

10 Lynn Weber og Deborah Parra-Medina, „Intersectionality and women’s health: Charting a path to eliminating health disparities“, *Gender perspectives on health and medicine: Key themes*, ritstj. M. Texler Segal, V. Demons og J. Jacobs Konenfeld, Oxford: Elsevier, 2003, bls. 181–229.

þáttum sem hópar samfélagsins nota til að staðsetja fólk eða aðra hópa. Samtvinnun gerir okkur einnig kleift að greina þau viðmið og gildi sem ráðandi hópar ákveða, til dæmis hvað sé eðlileg hegðun eða rétt útlit og hvaða afleiðingar það hefur fyrir fólk þegar það fellur ekki að slíkum viðmiðum. Samtvinnun varpar einnig ljósi á mismunandi hópa í samfélaginu og hverjir það eru sem eru í ráðandi stöðu og hvernig þeir viðhalda henni og skilgreina hvað teljist vera eðlilegt.¹¹

Samtvinnun sem fræðileg nálgun hefur verið gagnrýnd fyrir hversu takmarkað hefur verið fjallað um hana í aðferðafræðilegu samhengi¹² og deilt hefur verið um það innan og á milli ólíkra fræðigreina hvaða félagslegu og menningarbundnu þætti sé mikilvægast að skoða hverju sinni.¹³ Í mínum rannsóknum hef ég stuðst við hugmyndir fræðikonunnar Lynn Weber¹⁴ sem heldur því fram að nálgun hennar megi laga að öðrum breytum svo lengi sem þær uppfylli eftirfarandi fimm þætti: 1) að vera félagsleg hugsmíð, 2) sem er breytileg í sögulegu og landfræðilegu samhengi, 3) mótuð af valdatengslum og togstreitu í samfélögum, 4) bæði á makró- og míkrosviðum og 5) tengist öðrum breytum og kerfum sem hafa samtímis áhrif á líf og reynslu einstaklinga og hópa.

Breytan fötlun uppfyllir alla fimm þættina sem Weber setti fram, en er eigi að síður sjaldan tilgreind sem einn þeirra þátta sem geta valdið mismunun í samfélögum. Fötlun er félagsleg hugsmíð og mótast merking hennar í menningarbundnu og félagslegu samhengi og er því breytileg eftir stað og tíma. Sú merking sem við leggjum í hugsmíðina fötlun hefur áhrif á hvernig hugsað er um og komið fram við fatlað fólk. Ef fötlun er skoðuð í sögulegu samhengi hefur staða fatlaðs fólks á Íslandi breyst mikið á undanförunum árum. Áður fyrr þótti viðeigandi að fatlað fólk væri vistað á altækum stofnunum¹⁵

11 Lisa Bowleg, „The problem with the phrase women and minorities: Intersectionality – an important theoretical framework for public health“, *American Journal of Public Health*, 102/2012, bls. 1267–1273.

12 Leslie McCall, „The complexity of intersectionality“, *Signs: Journal of Women in Culture and Society*, 30/2005, bls. 1771–1800; Kathy Davis, „Intersectionality as buzzword: A sociology of science perspective on what makes a feminist theory successful“, *Feminist Theory*, 9/2008, bls. 67–85.

13 Rosmarie Garland-Thomson, *Extraordinary Bodies*, New York: Columbia University Press, 1997, bls. 19–29.

14 Lynn Weber, *Understanding Race, Class, Gender and Sexuality*, New York: McGraw-Hill, 2001.

15 Bandaríski félagsfræðingurinn Erving Goffman setti fram hugtakið altæk stofnun og vísar það til stofnana sem eiga að uppfylla allar þarfir vistmanna oft í einni og sömu byggingunni. Dæmi um

fjarri fjölskyldum sínum, en nú alast langflest fötluð börn upp hjá fjölskyldum sínum og ganga í sinn hverfisskóla með ófötludum jafnöldrum sínum. Yfirleitt eru það eingöngu börn sem búa á höfuðborgarsvæðinu sem eiga nú kost á að sækja sérskóla fyrir fötluð börn og því staða fólks mismunandi eftir landsvæðum. Eins og fram hefur komið gerir Weber¹⁶ ráð fyrir valdatengslum þar sem hópar samfélagsins berjast um völdin og þau gæði sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið innan fötlunarfræða á undanfórnum misserum virðast valdatengsl mest áberandi í togstreitunni sem myndast milli fatlaðs fólks og ófatlaðs fólks (fjölskyldur, starfsfólk, fagfólk) þegar fatlað fólk vill sjálft taka ákvarðanir og stjórna lífi sínu á meðan ófötludu „sérfræðingarnir“ telja sig vita betur.¹⁷

Líkt og Crenshaw¹⁸ bendir Weber¹⁹ á að kynjamisrétti, kynþáttafordómar og stéttarhroki séu ríkjandi á makrósviði samfélaga og hafi áhrif á reynslu einstaklinga og hópa í sínu daglega lífi á míkrosviðinu. Ástralski fötlunarfræðingurinn Fiona Kumari Campbell er ein þeirra sem hafa haldið því fram að innan stofnana samfélagsins, á makrósviðinu, ríki einnig hæfishroki²⁰ sem felur í sér að samfélög séu eingöngu eða fyrst og fremst fyrir ófatlað fólk eða þá sem teljast hæfir til þátttöku í þeim.²¹ Með hæfishroka er gengið út frá þeirri hugmynd og venjum að „ófötlun“ sé hið náttúrulega ástand sem gerir einstaklinginn eðlilegan, dæmigerðan og hæfan og þar af leiðandi fullgilda manneskju. Hæfishroki gerir þannig ráð fyrir að fatlað fólk sé óeðlilegt, óhæft og jafnvel ekki alveg fullkomlega mannlegt.²² Því verður hann þess valdandi að fatlað fólk verður jafnarsett og birt-

altækar stofnanir eru fangelsi og svokölluð fávitahæli. Á hælunum bjó fólk, hlaut menntun eða þjálfun og vann, stundaði tómtundir og hafði aðgang að heilbrigðisþjónustu. Erving Goffman, *Asylums: Essays on the social situation of mental patients and other inmates*. New York: Random House Inc., 1961.

16 Lynn Weber, *sama rit*.

17 Kristín Björnsdóttir, *Resisting the reflection: social participation of young adults with intellectual disabilities*, óbirt doktorsritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið, 2009.

18 Kimberlé Crenshaw, *sama rit*.

19 Lynn Weber, *sama rit*.

20 Hæfishroki er þýðing á enska orðinu ableism, en lítið hefur verið skrifað um þetta á íslensku og okkur ekkert íslenskt orð tamt.

21 Fiona Kumar Campbell, *Contours of ableism the production of disability and abledness*, New York, Palgrave MacMillan, 2010.

22 Fiona Kumari Campbell, *sama rit*.

ist það meðal annars í því að það þykir eðlilegra og ávallt betra að ganga heldur en að nota hjólastól.²³ Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að þegar hreyfihömluð ungmenni fá tækifæri til þess að nota hjólastóla fylgir því oft og tíðum aukið sjálfstæði og aukin tækifæri til þess að fylgja ófötluðum jafnöldrum sínum eftir. Fagfólk og foreldrar upplifa hjólastólinn hins vegar sem uppgjöf.²⁴ Hæfishrokinn í þessu tilfalli felst því í hugmyndum og venjum heilbrigðis- eða skólakerfisins (makrósviðið) um að best sé að kenna hreyfihömluðum börnum að ganga og hefur áhrif á daglegt líf og reynslu (míkrósviðið) þeirra barna sem telja betra og kjósa sjálf að nota hjólastóla.

Lokaforsenda þess að hægt sé að beita samtvinnun sem fræðilegri og aðferðafræðilegri nálgun í fötlunarrannsóknum er sú að fötlun tvinnist saman við aðrar breytur. Mismunandi kerfi samfélaga eru samtengd og hafa þannig samtímis áhrif á líf og reynslu einstaklinga og hópa. Í einhverjum tilfellum veita þessi kerfi okkur ákveðin forréttindi og í öðrum tilfellum mismuna þau okkur. Við verðum hins vegar sjaldnast vör við þau í okkar daglega lífi fyrr en við stöndum frammi fyrir einhverjum hindrunum.²⁵ Ófatlað fólk hugsar sjaldnast meðvitað um ófatlaða stöðu sína á meðan hjólastólanotendur eru minntir á stöðu sína sem fatlaðs fólks í byggingum þar sem eru bara tröppur og engar lyftur. Fatlað fólk er hins vegar ekki einungis fatlað, það er líka annaðhvort karlar eða konur og það tilheyrir ákveðinni stétt; því er of mikil einföldun að rekja reynslu fatlaðs fólks eingöngu til skerðingarinnar því þessi samtengdu kerfi samfélagsins hafa samtímis áhrif á og móta líf og reynslu þess.

Aðferð

Hér eru notuð gögn úr tveimur eigindlegum rannsóknum sem höfðu það að markmiði að afla þekkingar um líf, viðhorf og reynslu fólks með þroskahömlun. Í greininni verður sjónum sérstaklega beint að reynslu 22 kvenna sem allar áttu það sameiginlegt að vera með greiningu um þroskahömlun.

23 Thomas Hehir, „Eliminating ableism in education“, *Harvard Educational Review*, 72/2002, bls. 1–32.

24 Barbara Gibson og Gail Teachman, „Critical approaches in physical therapy research: Investigating the symbolic value of walking“, *Physiotherapy Theory and Practice*, 28/2012, bls. 474–484.

25 Lynn Weber, *sama rit*.

Fyrri rannsóknin, „Í andstöðu við almenningsálitid: Samfélagsþátt-taka ungs fólks með þroskahömlun“, er doktorsverkefni í fötlunarfræði við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og var unnin á árunum 2005–2009.²⁶ Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á því hvernig ungt fólk með þroskahömlun upplifir og túlkar samfélagsþátttöku sína og með hvaða hætti mismunandi menningarbundnir og félagslegir þættir, svo sem kyngervi, trú, sjálfskilningur og fötlun, samtvinnast í reynslu þeirra og þátttöku. Alls tóku 29 einstaklingar með þroskahömlun á aldrinum 20–30 ára þátt í rannsókninni. Gagna var aflað með opnum viðtölum og rýnihópum og verður sjónum í þessari grein sérstaklega beint að sjö konum sem tóku þátt í verkefninu.²⁷ Síðari rannsóknin, „Sjálfræði og fullorðinsár“, hófst árið 2011 og er þriggja ára verkefni sem unnið er á vegum Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum²⁸ og hefur það að meginmarkmiði að afla þekkingar um sjálfræði í lífi og reynslu fólks með þroskahömlun á aldrinum 26–66 ára. Gagnasöfnun fór fram með opnum einstaklingsviðtölum og rýnihópaviðtölum.²⁹ Í þessari grein verður athyglinni beint að lífi, viðhorfum og reynslu 15 kvenna á aldrinum 26–46 ára.

Viðmælendur í báðum rannsóknunum voru valdir með markvissu úrtaki út frá aldri, hjúskaparstöðu, búsetu, atvinnu og skerðingu.³⁰ Þátttakendurnir 22, sem sagt er frá í þessari grein, voru á aldrinum

26 Leiðbeinandi var Rannveig Traustadóttir prófessor, en auk hennar voru í doktorsnefnd Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, Dan Goodley prófessor við Manchester Metropolitan University og Hanna Björg Sigurjónsdóttir dósent við Háskóla Íslands.

27 Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarnámssjóði, Eimskipasjóði Háskóla Íslands, Íþróttasjóði, Kristnihátíðarsjóði, Styrktarsjóði Frímúrarareglu Íslands, Jólágjafasjóði Guðmundar Andréssonar og Námssjóði Sigríðar Jónsdóttur.

28 Aðrir rannsakendur eru Ástríður Stefánsdóttir dósent og dr. Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

29 Tveir meistaranemar, Ágústa Björnsdóttir og Eva Þórdís Ebenezersdóttir, unnu við þetta verkefni sumarið 2011 með styrkjum frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Mitt hlutverk var að undirbúa rannsóknina en nemarnir stjórnðu rýnihópaviðtölunum. Annar meistaraneminn tók auk þess fimm einstaklingsviðtöl og tók ég fjögur viðtöl ásamt því að greina öll gögnin og skrifa þessa grein. Nemarnir skiluðu sínum niðurstöðum í skýrslu til Rannís og veggspjaldi á Menntakviku og Þjóðarspegli. Fyrir styrk úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands var þriðji meistaraneminn, Kristín Stella L'orange, ráðinn til að taka og afrita viðtöl.

30 Í fötlunarfræði er gerður greinarmunur á skerðingu (e. *impairment*) og fötlun (e. *disability*) þar sem skerðing er líkamleg eins og til dæmis sjónskerðing eða lömun en fötlun vísar til samfélagsins eða umhverfisþátta eins og til að mynda tröppur eða fordóma sem geta skapað hindranir í lífi fólks með skerðingar og „fatlað“ það.

20–46 ára, með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu og þurftu mismikinn stuðning við nám, störf og athafnir daglegs lífs. Allar konurnar áttu auðvelt með að tjá sig. Konurnar bjuggu í foreldrahúsum, á sambýlum, í íbúðakjörnum eða sjálfstætt. Ýmist unnu þær á almennum vinnumarkaði eða á vernduðum vinnustöðum. Þátttakendur áttu flestir heima á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan sex konur sem bjuggu í þéttbýli á landsbyggðinni. Þátttakendum eru gefin dulnefni í þeim tilgangi að vernda hagsmuni þeirra og einkalíf. Ísland er fámennnt land og því sérstaklega mikilvægt að tryggja nafnleynd og halda trúnað og því hefur markvisst verið reynt að fela eða afmá persónugreinanleg einkenni.

Einstaklingsviðtölin fóru fram á heimilum 15 þátttakenda á árunum 2005–2011 og tóku um 40–60 mínútur hvert. Tilgangur eigindlegra viðtala er að fá þátttakendur til að lýsa með eigin orðum sjónarmiðum sínum, viðhorfum, lífi og reynslu.³¹ Tekin voru tvö rýnihópaviðtöl árið 2008 og önnur tvö árið 2011. Sjö þátttakendur tóku þátt í þessum viðtölum sem fóru fram í húsnæði Háskóla Íslands og tóku einnig um 40–60 mínútur hvert. Öll viðtölin voru hljóðrituð og afrituð og var notuð einföld þemagreining við rannsóknina sem kennd hefur verið við fyrirbærafræði (e. *phenomenology*). Leitað var eftir endurteknum þemum, hugmyndum og athöfnum sem birtast í frásögnum viðmælenda um skólagöngu sína.³²

Niðurstöður rannsóknarinnar

Hér verður greint frá niðurstöðum og sjónum beint að þremur mismunandi og samtengdum kerfum – hæfishroka, kynjamisrétti og stéttarhroka – og að lokum fjallað um það hvernig þau móta reynslu og viðhorf kvennanna af skólagöngu sinni.

Hæfishroki í skólakerfinu

Þrátt fyrir ólíkan aldur kvennanna (20–46 ára) og á margan hátt ólíka reynslu þeirra voru þær allar sammála um tvennt. Í fyrsta lagi töldu þær aðgengi sitt að menntastofnunum hafa verið takmarkað og í öðru

31 Steinar Kvale, *InterViews*, Thousand Oaks, Sage, 1996, bls. 5–8.

32 John W. Creswell, *sama rit*, bls. 139–166.

lagi sögðust þær ekki hafa fengið þau tækifæri sem þær töldu sig eiga rétt á eða þörfnuðust hvað varðar nám og skólagöngu. Svo virðist sem minni væntingar og kröfur hafi verið gerðar til þeirra heldur en ófatlaðra nemenda og heldur Thomas Hehir³³ því fram að algeng birtingarmynd hæfishroka í skólakerfinu séu litlar væntingar, hvort heldur kennara, foreldra, skólafélaga, skólastjóra eða annarra skólastarfsmanna. Hann bendir enn fremur á að hæfishroki skólakerfisins byggist á þeim hugmyndum að best væri fyrir fatlaða nemendur að gera allt eins og ófatlaðir nemendur og þar af leiðandi betra fyrir þá að ganga en að nota hjólastjól, tala í stað þess að tákna, nota prentletur frekar en punktaletur. Hæfishroki skólakerfisins verður til þess að ekki er rými til þess að ná settum markmiðum með „óhefðbundnum“ leiðum og reynt er að nota sömu úrræði og aðferðir fyrir fatlaða nemendur og lengi hafa þótt henta ófötluðum nemendum. Um leið eru gerðar þær óbeinu kröfur til þeirra að þau „sigrist“ á fötlun sinni og verði eins „eðlileg“ og mögulegt er. Ef þau geta ekki nýtt sér þessi úrræði og skólakerfinu tekst ekki að gera þau hæf má búast við að gerðar verði minni kröfur til þeirra, þau aðgreind frá ófötluðum nemendum og nám þeirra gjaldfellt eins og síðar verður vikið að.

Flestar eldri konurnar höfðu gengið í sérskóla en fáeinar af þeim yngri líka. Nokkrar höfðu verið í sérdeild og eingöngu tvær konur höfðu setið í almennum bekk í sínum hverfis-skóla alla grunnskólagönguna. Margar höfðu notið tímabundið allra þessara úrræða. Þannig höfðu konurnar sem höfðu alist upp á landsbyggðinni allar sótt hverfis-skóla í yngri bekkjum grunnskóla en sérdeildir á unglíngastigi. Konurnar sem voru í sérskólum voru flestar mjög gagnrýnar á námið í þeim. Þær efuðust um að þær hefðu fengið nám við sitt hæfi og töldu sig hafa getað fengið betri menntun í hverfis-skólanum. Hins vegar var Sara, sem nú er á þrítugsaldri, sú eina sem var sátt við sína skólagöngu og sagði: „Sérskólinn er fyrir fatlað fólk eins og mig. Það er enginn annar skóli. Mér fannst mjög gaman. [...] Já, kennararnir voru mjög skemmtilegir. [...] Ég átti marga vini.“ Anna, sem nú er á fertugsaldri, sagði hins vegar:

33 Thomas Hehir, „Eliminating ableism in education“, *Harvard Educational Review*, 72/2002, bls. 1–32.

Ég átti að fara í hverfissskólann en það var bara þannig að það voru ekki þannig aðstæður að ég gæti farið í hann því ég var greind með þroskahömlun og þurfti að fara í sérskóla. Ég var sein. Ég var ekki týpa til að vera með 30 manns í bekk. [...] Ég var bara miklu lengur að læra heldur en hinir. Þú veist bara já þannig að ég fór bara í sérskóla og var þar sex ára og alveg til 17 ára aldurs. [...] Í sjálfu sér var ég ekki ánægð að fara í sérskóla. [...] Oft fannst mér gaman og stundum leiðinlegt. [...] Ég var bara svolítið svekkt að það var ekki lært ensku, sögu, landafræði, kristnifræði, þú veist. Mér hefur aldrei verið lært kristnifræði. Ókei, það er leiðinlegt en þetta er bara það sem venjulegir [ófatlaðir] krakkar læra, þú veist.

Anna lýsti því hvernig henni fannst það niðurlægjandi að kunna ekki ensku, geta ekki gert sig skiljanlega erlendis eða notað Internetið. Aðrir þátttakendur töluðu einnig um tungumálakennsluna í sérskólunum og sögðust hafa lært ensku eitt árið, en ekki það næsta og þær töldu það einnig vera tilviljanakennt frá ári til árs hvað þeim hefði verið kennt. Þær konur sem voru í hverfissskólum áður en þær fóru í sérskólann sögðu námskröfur hafa minnkað mikið við að fara í sérskólann. Björg, sem er á þrítugsaldri og hafði bæði verið í hverfissskóla og sérskóla, sagði: „Það var rosalega gott að vera í sérskólanum. Mér leið vel þar ... En ég var ekkert að gera neitt mikið.“ Halldóra, sem er á fertugsaldri og var alla sína skólagöngu í sérskóla, tekur undir orð Bjargar: „Það var gott að vera í sérskólanum. Krakkarnir voru skemmtilegir og kennararnir voru mjög góðir, sko. [...] Ég hefði samt getað lært meira held ég, sko.“

Sérskólinn sem flestar konurnar gengu í var í Reykjavík og margar þurftu að ferðast með skólabíl eða strætisvagni langan veg í og úr skóla. Þetta varð til þess að vináttuböndin slitnuðu við krakkana í hverfinu því þær komu oft og tíðum seint heim úr skólanum þegar flestir jafnaldrar þeirra voru farnir að leika sér eða sinna tómstundum. Þeim reyndist einnig erfitt að rækta sambandið við vini sína í sérskólanum því nemendahópurinn kom af öllu höfuðborgarsvæðinu og þau voru háð foreldrum sínum eða öðrum um akstur í heimsóknir til skólafélaga og því þurfti yfirleitt að skipuleggja slíkar heimsóknir vel og með nægum fyrirvara. Nokkrar kvennanna áttu ófötluð systkini sem höfðu gengið í hverfissskólann og voru leiðar yfir því að eiga ekki hlutdeild í skólamenningu hverfisins og syst-

kina sinna. Þeim fannst erfitt að þekkja ekki þær hefðir og hafa ekki aðgang að öðru því sem hverfisskólinn hafði upp á að bjóða, eins og til dæmis vorhátíðum, skemmtunum og ferðalögum. Þær gátu heldur ekki sagt sögur af skemmtilegum eða skrýtnum kennurum því systkinin þekktu ekki kennara þeirra. Anna hafði oft velt því fyrir sér hvernig líf hennar hefði getað orðið hefði hún ekki greinst með þroskahömlun og sagði:

Ef ég væri heilbrigð þá hefði ég aldrei farið í sérskóla. Þá hefði ég farið í skóla nær hverfinu mínu. Svo myndi ég náttúrulega fermast³⁴ með krökkunum sem ég væri með af því ég væri búin að umgangast þau og ég búin að þekkja þau. Þá mundi ég þekkja liðið sem er í hverfisskólanum. Þá myndi ég náttúrulega fara í fjölbrautaskólann líka, þú veist, vera með þeim. Þá hefði ég aldrei valið að æfa sund. Ég hefði aldrei farið í sund ef ég væri ekki fötluð. Það er bara þannig. Ég hefði farið í karate eða júdó kannski.

Þótt reynsla kvennanna sem höfðu gengið í hverfisskóla væri mismunandi voru tveir þættir sem voru áberandi í frásögnum þeirra. Annars vegar fannst þeim þær ekki fá nógu góðan eða mikinn stuðning í náminu, hins vegar að þær hafi á einhverjum tímavarki lent í einelti eða upplifað vinaleysi. Linda, sem er nú á fertugsaldri, var alla sína skólagöngu í hverfisskólanum og lýsir sinni skólagöngu með eftirfarand hætti:

Ég var í almennum bekk. Ég fékk engan stuðning í námi nema frá foreldrum mínum og örfáum kennurum sem gáfu sér tíma til að reyna að skilja mig og námsþarfir mínar. [...] Ég fékk hvorki stuðning né nám við hæfi í grunnskóla. [...] Ég held að skólinn minn hafi hreinlega ekki verið í stakk búinn til að taka á móti nemendum með sérþarfir og stóðu höllum fæti námslega eða félagslega. [...] Ég er ágætur námsmaður og á sérstaklega auðvelt með að læra tungumál. En sökum fötlunar minnar þá þurfti ég stuðning í námi. Ég hefði kannski þurft aðstoð í íslenskutímum og stærðfræði á meðan mér gekk ágætlega í ensku og þurfti engan stuðning þar. Í ensku stóð ég jafnvel framfarir ófötludum nemendum og hefði þurft verkefni við hæfi þar líkt og þurfti verk-

34 Nemendur í sérskólum sem tilheyra Þjóðkirkjunni ganga yfirleitt til spurninga og eru fermdir af prestri fatlaðra en ekki í þeim kirkjum eða sóknum sem þeir tilheyra.

efni við hæfi í íslensku og stærðfræði. [...] Það þarf jafnt að hlúa að styrkleikum þeirra nemenda sem eru með sérþarfir eins og að styðja við veikleika þeirra. Það er bara ekki verið að gera það ... það er ekkert hægt að bjóða öllum nemendum með þroskahömlun upp á sama stuðninginn.

Meirihluti kvennanna hafði upplifað einelti í hverfissskólunum og var það oft og tíðum ástæða þess að þær enduðu grunnskólagöngu sína í sérskóla. Björg sagði: „Ég var lögð svo mikið í einelti í grunnskóla [...] þá fór ég yfir í sérskóla sem er skóli fyrir fötluð börn. Ég fór þangað yfir vegna eineltis.“ Oftast hætti eineltið þegar konurnar voru færðar yfir í sérúrræði, en ekki alltaf. Sif, sem er á þrítugsaldri, sagði frá því að eineltið hefði byrjað þegar hún hóf nám í unglingadeild: „Þegar ég var í barnaskólanum þá gekk allt mjög vel. Ég þurfti að skipta um skóla þegar ég fór í gaggó og þá byrjaði eineltið ... Eineltið var sko í sérdeildinni. Stelpurnar þar voru alltaf svo vondar við mig.“ Svipaða sögu segir Guðrún sem nú er á fertugsaldri því henni leið oft mjög illa í sérskólanum: „Ég á mjög erfitt með að tala um þetta ... en þá [í sérskólanum] var ég lögð í mikið einelti.“

Eineltið í hverfissskólunum hafði ólíkar afleiðingar fyrir þátttakendur, í einhverjum tilfellum voru konurnar færðar til um bekk, fluttar yfir í sérskóla eða þá að skólayfirvöld leystu vandamálið farsællega. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvort konurnar voru lagðar í einelti vegna þess að þær voru með þroskahömlun eða hvort ástæðurnar voru aðrar. Konurnar sem höfðu alist upp á landsbyggðinni sögðu það aldrei hafa komið til tals að þær færu í sérskóla, enda engir sérskólar nema á höfuðborgarsvæðinu. Þær voru hins vegar flestar nokkuð ánægðar með það fyrirkomulag að vera í almennum bekk í yngstu bekkjunum og í sérdeild í eldri bekkjum. Tveimur þeirra þótti samt sem áður miður hversu erfitt hafi verið að viðhalda vinatengslum við aðra nemendur eftir að þær hófu nám í sérdeildinni. Alma, sem nú er á þrítugsaldri, sagði einnig:

Það var svoldið fyndið sko ... Þegar við vorum í almenna bekknum voru allar stelpurnar að hlusta á Spice Girls [stúlknahljómsveit] og mér fannst þær ótrúlega skemmtilegar sko ... svo bara allt í einu í framhaldsskólanum þá bara frétti ég að hljómsveitin var hætt [hlær] ... Löngu hætt og ég vissi það ekki. Mér var ekkert sagt það.

Hér lýsir Alma því hvernig minni samskipti við ófatlaða jafnaldra varð til þess að hún var ekki eins meðvituð um nýjustu stefnur og strauma í dægurmenningunni. Konurnar sem alist höfðu upp á landsbyggðinni töluðu almennt minna um einelti eða stríðni en konurnar á höfuðborgarsvæðinu. Linda, sem ólst upp á höfuðborgarsvæðinu, bendir á að aðeins hluti af skólastarfinu snúist „um að læra að lesa og skrifa“ og segir:

Mér fannst ég aldrei vera fullkomlega hluti af félagslífi bekkjarins. Ég stóð oftast fyrir utan hina ýmsu hópa sem nemendur skipuðu sér í, en þó voru einstaka nemendur sem reyndust mér vel. Í grunnskóla var ég lögð í einelti sem hafði mikil áhrif á félagsþroska minn alveg fram á fullorðinsár. [...] Auðvitað er alltaf erfitt að lenda í einelti, en það sem mér finnst sárast er að skólinn brást ekki rétt við. Bæði gagnvart gerendum og þolendum.

Í sögum kvennanna má finna margar þversagnir. Sumar þeirra segja frá því að þeim hafi liðið vel í sérskólanum en að þær hefðu samt viljað vera í hverfissskólanum. Svo eru aðrar sem segja frá því að litlar kröfur hafi verið gerðar til þeirra í sérskólanum en að þær hefðu samt viljað vera þar áfram. Linda segir til að mynda að hún hefði alls ekki viljað vera í sérdeild eða sækja sérskóla þrátt fyrir óánægju sína með þann stuðning sem hún fékk í hverfissskólanum. Þversagnir sem þessar hafa einnig komið fram í öðrum rannsóknum sem beinast að fötluðum nemendum³⁵ og sýna þær þversagnir hversu flókið samspil ólíkra þátta hér er um að ræða og hversu margir mismunandi félagslegir og menningarbundnir þættir hafa áhrif á óskir þeirra og væntingar.

Kynjamisrétti í námsframboði

Þroskahömlun er líklega algengasta fötlunargreining barna á Vesturlöndum (um 2% barna)³⁶ og er kynjuð á að minnsta kosti fjóra vegu.

35 Til dæmis: Dóra S. Bjarnason, *sama rit*, 2004; Gretar L. Marinósson, Atli Lýðsson, Birna H. Bergsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, „Umræður. Hvernig má túlka niðurstöðurnar?“, *Tálmar og tækifæri*, ritstj. Gretar L. Marinósson, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2007, bls. 274–287; Kristín Björnsdóttir, Þroskaheftir framhaldsskólanemar, óbirt meistaraprófsritgerð, Félagsvísindadeild, Háskóli Íslands, 2002.

36 Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins hefur það hlutverk að greina fötluð börn og veita fjölskyldum og fagfólki upplýsingar er varða þjálfun og umönnun fatlaðra barna. Greiningarstöðin áætla

Í fyrsta lagi getum við skoðað þroskahömlun út frá læknisfræðilegum skilgreiningum og samkvæmt tölfræðilegum útreikningum er líkleggra að drengir greinist með þroskahömlun en stúlkur. Hins vegar eru ekki allir á eitt sáttir um það hvers vegna svo er og hvort um raunverulegan kynjamun sé að ræða. Orsakir þroskahömlunar eru margar og ógjörningur að gera þeim öllum skil hér í þessari grein en litningagallar og ýmsir umhverfisþættir (t.d. fátækt og vannæring) geta valdið þroskahömlun.³⁷ Bandarískir fræðimenn hafa bent á að drengir og þá sérstaklega þeir sem tilheyra minnihlutahópum séu „ofgreindir“ með þroskahömlun³⁸ um leið og aðrir telja að stúlkur séu „vangreindar“ og gleymist jafnvel því þær hafa lært að láta lítið fyrir sér fara í skólustofunni.³⁹ Í öðru lagi er þroskahömlun kynjuð í sögulegu samhengi, en á áratugalöngu skeiði altækra stofnana voru konur í meirihluta vistmanna og kynin aðskilin. Ein af ástæðum þess að konur voru frekar vistaðar á altækum stofnunum fyrir fólk með þroskahömlun var óttinn við að þær yrðu barnshafandi. Fylgjendur mannkynbótastefnunnar á 19. og 20. öldinni héldu því fram að börn kvenna með þroskahömlun væru líkleg til að vera einnig með þroskahömlun, siðlaus og haldin glæpahneigð. Þar af leiðandi var mikilvægt að vernda bæði þessar konur og samfélagið og koma í veg fyrir að þær yrðu barnshafandi með ófrjósemisáðgerðum og vistun á stofnunum.⁴⁰ Í þriðja lagi er svokölluð móðurskömm (e. *mother-blame*) þar sem genum og hegðun móðurinnar er kennt um fötlun barnsins. Í vestrænum samfélögum er framtíð barna, heilbrigði og heilsa fjölskyldunnar og þar af leiðandi framtíð þjóðarinnar á ábyrgð og herðum mæðra þeirra og er móðurskömmin því mikil þegar um fatlað barn er að ræða⁴¹. Að lokum er vert að benda á þá staðreynd að þeir sem vinna með fötluðu fólki eru í miklum meirihluta konur, enda teljast uppeldis- og umönnunarstörf gjarnan til hefðbundinna kvennastarfa.

að um 40–90 börn í hverjum árgangi séu með þroskahömlun. <http://www.greining.is/fagsvid/fagsvid-throskahamlana/um-throskahomlun/einkenni/>.

37 David J. Conner, *sama rit*.

38 David J. Conner, *sama rit*.

39 Joanne S. Manwaring, „Wendy or Tinkerbell?“, *Teaching Exceptional Children*, 40/2008, 60–65.

40 Licia Carlson, „Cognitive ableism and disability studies: Feminist reflections on the history of mental retardation“, *Hypatia*, 16/2001, bls. 124–146.

41 Linda M. Blum, „Mother-blame in the prozac nation: Raising kids with invisible disabilities“, *Gender & Society*, 21/2007, bls. 202–226.

Þegar skólaganga kvennanna sem tóku þátt í rannsóknunum er skoðuð kemur í ljós að hún er kynjuð og þá sérstaklega það námsframboð sem þeim stóð til boða að grunnskólanum loknum. Grunnskólagöngu elstu kvennanna sem tóku þátt í rannsókninni lauk löngu áður en lög um framhaldsskóla frá árinu 1996 voru sett sem veittu nemendum með þroskahömlun aðgang að framhaldsskólanámi. Fyrsta starfsdeildin fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur var hins vegar stofnuð við Iðnskólann í Reykjavík árið 1986. Eingöngu námslega sterkir nemendur áttu þess kost að stunda þar nám enda var þetta eini framhaldsskólinn sem bauð upp á sérstakt nám fyrir nemendur sem fengu undanþágu frá samræmdum⁴² grunnskólaprófum sökum fötlunar sinnar. Eftir að lögum var breytt tíu árum síðar tóku aðrir framhaldsskólar að bjóða upp á sams konar nám.⁴³ Þar af leiðandi höfðu nokkrar kvennanna ekki fengið tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla. Sumar höfðu reynt að fá inngöngu í framhaldsskóla eftir að löggin voru sett, en fengið synjun. Sara var sú eina sem hafði aldrei látið sér detta í hug að sækja framhaldsskóla enda vissi hún ekki af þeim möguleika. Konurnar sem höfðu stundað framhaldsskólanám voru almennt jákvæðari gagnvart framhaldsskólanum en grunnskólanum. Engin þeirra taldi sig hafa orðið fyrir alvarlegri stríðni eða einelti og sögðust þær hafa fengið talsverð tækifæri til að stunda félagslíf og kynnast öðrum nemendum skólans. Flestar voru þær sammála um að þær hefðu bætt sig í námi, orðið sjálfstæðari og öðlast aukið sjálfstraust í náminu.

Svo virðist sem staðalímyndir um karla og konur og hugmyndir um hefðbundin karla- og kvennastörf hafi haft áhrif á námsframboð fyrir fólk með þroskahömlun í framhaldsskólum og framhaldsfræðslu. Í upphafi voru starfsbrautir í framhaldsskólum kynskiptar að því leyti að áhersla var lögð á verklegar greinar á borð við málmsmíði fyrir piltar og fatasamur fyrir stúlkur. Námið á starfsbrautunum hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnum árum og er námið sem eldri konurnar í þessari rannsókn stunduðu mjög ólíkt því námi sem þær yngri stunduðu. Hins vegar töldu allar konurnar sem tóku þátt

42 Samræmd lokapróf voru lögð niður í grunnskólum árið 2009 en voru enn við lýði þegar þátttakendur rannsóknarinnar luku grunnskólagöngu sinni.

43 Kristín Björnsdóttir, *sama rit*, 2002, bls. 43.

í rannsókninni sig hafa færri tækifæri til náms utan starfsbrauta en piltar með þroskahömlun sem gjarnan er boðið upp á að stunda nám í inngangsföngum í mismunandi iðngreinum. Áfangarnir tengjast hefðbundnum karlmannsstörfum á meðan áfangarnir sem konunum var boðið upp á tengdust fyrst og fremst saumastörfum sem hafa mikið til lagst af nema þá helst á vernduðum vinnustöðum. Konurnar töldu auðveldara fyrir karla með þroskahömlun að fá vinnu á almennum vinnumarkaði af því að nám þeirra hæfði betur hefðbundnum verkamannastörfum

Að framhaldsskólanum loknum er námsframboð fyrir nemendur með þroskahömlun afar fábreytt. Fjölmennnt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð var stofnuð árið 2002 í samstarfi við menntamálaráðuneyti, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.⁴⁴ Þetta er eina framhaldsfræðslutilboðið sem er sérstaklega ætlað fötluðu fólki. Starfsstöðvar Fjölmennntar voru á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi og var hlutverk þeirra að halda námskeið fyrir fatlað fólk og veita ráðgjöf við aðrar framhaldsfræðslustofnanir.⁴⁵ Framhaldsfræðslan sem hefur verið sérstaklega í boði fyrir þennan hóp er kynskipt og boðið er til dæmis upp á snyrtinámskeið og handavinnunámskeið fyrir konur, en tölvu- eða íþróttanámskeið fyrir karla. Linda, kona á þrítugsaldri með þroskahömlun, heldur því fram að þessi námskeið ýti undir staðalímyndir um karla og konur og að margir karlar með þroskahömlun hefðu til að mynda áhuga á og þörf fyrir að sækja snyrtinámskeið. Námskeiðum sem þessum er eflaust ætlað að taka mið af áhugasviðum kynjanna en þrýsta þar með fólki með þroskahömlun inn í gamaldags kynhlutverk.

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er boðið upp á starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Þetta er um leið eina námsbrautin sem er í boði fyrir nemendur með þroskahömlun í háskóla á Íslandi. Markmiðið með námsbrautinni er að búa fólk með þroskahömlun undir störf á leikskólum, frístundaheimilum, í starfi með fötluðu fólki og við hagsmunabaráttu fatlaðs fólks.⁴⁶ Fimm

44 Árið 2012 var verið að breyta starfsemi Fjölmennntar sem veitir fyrst og fremst ráðgjöf og stuðning við fatlað fólk svo það geti nýtt sér almenn framhaldsmenntunartilboð.

45 *Fjölmennnt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð*. Sótt 10. maí 2012 af <http://www.fjolmennt.is/um-fjolmennt/>.

46 Guðrún V. Stefánsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, *sama rit*, bls. 4–5.

konur sem tóku þátt í rannsókninni höfðu lokið þessu námi og voru almennt ánægðar með það og töldu það hafa veitt sér aukið sjálfs- traust og fjölbreyttari atvinnutækifæri. Hins vegar sögðu þær námið eingöngu höfða til þeirra sem geta hugsað sér að vinna á þessum starfsvettvangi og það væru ekki allir sem hefðu áhuga á því. Námið á Menntavísindasviði er einnig kynjað þar sem verið er að þjálfa nem- endur til hefðbundinna kvennastarfa og í náminu eru fleiri konur en karlar. Það rímar við aðrar námsbrautir sviðsins en til að mynda eru fleiri konur leikskólakennarar en karlar og þroskaþjálfastéttin er að miklu leyti kvennastétt. Þessi kynjamunur endurspeglar einnig menntun íslenskra kvenna almennt sem orðin er meiri en karla.⁴⁷ Enda þótt jafnræði kynjanna hafi aukist og kynjabil í námi minnkað⁴⁸ virðist kynjamisrétti og staðalímyndir um karla og konur hafa áhrif á inntak náms fyrir fólk með þroskahömlun sem getur haft áhrif á möguleika þeirra á vinnumarkaði.

Stéttarhroki og nám

Eins og fram hefur komið töldu konurnar sem tóku þátt í rannsókn- unum sig ekki hafa haft jafnan aðgang að námi og ófatað fólk eða karlar með þroskahömlun. Hér að ofan rakti ég hvernig hæfishroki í skólakerfinu hafði áhrif á aðgengi þeirra, en önnur kerfi samfélags- ins virðast einnig hafa áhrif á það, eins og stéttarhroki sem lýsir sér í ójöfnu aðgengi að námi milli stétta. Æ sjaldnar virðist vera tekið tillit til stéttar í rannsóknnum er byggjast á fræðilegri nálgun um samtvinnun þótt sýnt hafi verið fram á hvernig stétt tvinnast saman við aðrar mismunabreytur.⁴⁹ Í daglegu tali er stétt eða stéttarstaða skilgreind út frá tekjum fólks.⁵⁰ Í doktorsritgerð sinni, *From gender*

47 Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, „Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum“, *Kynjamyndir í skólastarfi*, ritstj. Arna H. Jóns- dóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kenn- araháskóla Íslands, bls. 199–219.

48 Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri“, *Ráðstefnuvit Netlu – Menntavika 2011* (netla.hi.is). Birt: 31. desember 2011 (sótt 10. október 2012).

49 Sylvia Walby, Jo Armstrong og Sofia Strid, Intersectionality: Multiple inequalities in social theory, *Sociology*, 46/2012, 224–240.

50 Laura Smith, Pamela F. Foley og Michael P. Chaney, „Addressing classism, ableism, and heterosex- ism in counselor education“, *Journal of Counseling & Development*, 86/2008, bls. 303–309.

only to equality for all: A critical examination of the expansion of equality work in Iceland, bendir Þorgerður Þorvaldsdóttir á að á Íslandi hefur hugtakið stétt verið bæði notað í samhengi við menntunarstig og efnahagslega stöðu.⁵¹ Rannsóknir og alþjóðlegar skýrslur hafa sýnt fram á að meirihluti fatlaðs fólks lifir við fátækt og stór hluti þess þarf að takast á við langvarandi atvinnuleysi og er þar af leiðandi í láglauastétt.⁵²

Fötlud börn fæðast hins vegar í öllum stéttum og voru fjölskyldur kvennanna jafnt úr láglaua- og hálaunastéttum. Í því samhengi er áhugavert að skoða samspil fötlunar og stéttar hvað varðar reynslu kvennanna af grunnskólanum. Þótt búið sé að formgera rétt fatlaðra barna til náms er margt sem bendir til þess að foreldrar þeirra þurfi að sækja þennan rétt til að börn þeirra fái þann stuðning sem þau þurfa.⁵³ Niðurstöður rannsókna gefa ekki ástæðu til þess að hægt sé finna tengsl milli stéttarstöðu foreldra og tækifæra kvennanna til náms í grunn- og framhaldsskóla. Ríflega helmingur kvennanna átti foreldra sem höfðu lokið stúdentsprófi eða háskólaprófi og margar þeirra sögðust hafa fengið mikinn stuðning í náminu frá foreldrum sínum. Sá stuðningur fór ekki endilega eftir stéttarstöðu foreldranna heldur virðist sem foreldrar jafnt úr láglaua- og hálaunastéttum hafi staðið vörð um og sótt rétt dætra sinna til náms. Af gögnunum að dæma virðist það hins vegar hafa vera auðsóttara fyrir þá sem voru háskólamenntaðir eða í velmetnum stöðum í samfélaginu.

Konurnar sem höfðu fengið tveggja til fjögurra ára framhaldsskólanám á starfsbrautum sögðust hafa fengið fá tækifæri til að spreyta sig við nám eða áfanga á öðrum námsbrautum. Nemendur sem stunda nám á starfsbrautum þurfa að ljúka námi sínu á fjórum árum og þar af leiðandi fylgir því ákveðin áhætta að sækja áfanga sem ekki eru sérsniðnir að þeirra þörfum því ekki er gert ráð fyrir að þessir nemendur geti fallið og þurft að endurtaka áfanga eins og tíðkast á

51 Þorgerður Þorvaldsdóttir, *From gender only to equality for all: A critical examination of the expansion of equality work in Iceland*, óbirt doktorsritgerð, Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands, hér bls. 210.

52 Sameinuðu þjóðirnar, *sama rit*; James Rice og Rannveig Traustadóttir, „Fátækt, fötlun og velferð“, *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 7/2011 (sótt 10. maí 2012 af <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/?p=727>).

53 Dóra S. Bjarnason, *Social Policy and Social Capital*, New York, Nova Science Publishers, 2010, bls. 69–72.

öðrum námsbrautum framhaldsskólanna. Þær fáu konur sem höfðu tekið nám að hluta til eða öllu leyti utan starfsbrauta áttu það sameiginlegt að foreldrar þeirra höfðu staðið með þeim og krafist þess fyrir þeirra hönd að þær fengju tækifæri til náms utan starfsbrautanna. Stéttarstaða, menntunarstig og efnahagsleg staða þessara foreldra var misjöfn. Konurnar lýstu því einnig að þótt foreldrar þeirra hefðu verið styðjandi í náminu hafi oft myndast togstreita milli foreldra og dætra. Þeim fannst foreldrarnir oft og tíðum vera of afskiptasamir eða þær höfðu sjálfar væntingar til námsins sem samræmdust ekki hugmyndum foreldra þeirra. Nokkrar kvennanna sögðust hafa fengið fjölbreyttari tækifæri í framhaldsskólanum af því að einhver einn kennari á starfsbrautinni eða jafnvel utan hennar hafi haft trú á þeim og veitt þeim stuðning og hvatningu. Það má því segja að í grunn- og framhaldsskólanum sé mikilvægara að nemendur eigi sér bakland, að foreldrar eða kennarar séu tilbúnir að standa við bakið á þeim og berjast fyrir því að þær hljóti viðeigandi stuðning og menntun við hæfi en að foreldrarnir tilheyri ákveðinni stétt.

Konurnar sjálfar tilheyrðu allar láglaunastétt. Margt bendir til þess að fatlað fólk á Íslandi og þá sérstaklega þeir sem framfleyta sér með örorkulífeyri búi við bágbornar efnahagslegar aðstæður og teljast því tilheyra láglaunastétt.⁵⁴ Ingunn Moser⁵⁵ hefur lýst því hvernig norska velferðarkerfið hafi það að markmiði að stuðla að félagslegu réttlæti og jafnræði meðal stétta. Hún hefur bent á hvernig velferðarkerfið greiði götu fatlaðs fólks varðandi menntun, búsetu og atvinnu og geri þeim þar af leiðandi kleift að taka þátt í samfélaginu. Niðurstöður þessara rannsókna og annarra⁵⁶ sem gerðar hafa verið hér á Íslandi benda hins vegar til þess að þær reglur sem gilda um örorkulífeyri verði til þess að fatlað fólk á erfitt með að auka tekjur sínar og viðhaldi því stöðu þeirra sem láglaunastéttar. Að loknum framhaldsskóla virtist það koma nokkrum kvennanna í opna skjöldu að nám á starfsbrautum er ekki einingabært og veitir þeim því ekki aðgang að frekara námi né störfum á almennum vinnumarkaði. Ein konan sagði frá því að

54 James Rice og Rannveig Traustadóttir, *sama rit*.

55 Ingunn Moser, *sama rit*.

56 Guðrún Hannesdóttir, *Lífskjör og bagir öryrkja: Könnun meðal örorku- og endurbæfingarlífeyrisþega*, Reykjavík, Þjóðmálastofnun, 2010; Jim Rice og Rannveig Traustadóttir, *sama rit*; Kristín Björnsdóttir, *sama rit*, 2010.

hún hafði fengið vinnu sem pítsusendill en þegar hún stolt sendi inn prófskírteinið sitt var ráðning hennar dregin til baka. Kristjana sagði: „Ég er alveg með bílpróf ... ég fékk ekki einu sinni að reyna.“ Ef stétt er skilgreind út frá menntunarstigi má velta því fyrir sér hvort hér hafi menntunarstig Kristjönu, starfsbrautarpróf, haft áhrif á ráðningu hennar og þá atvinnumöguleika hennar og tækifæri til að bæta efnahagslega stöðu sína. Það má líka velta því fyrir sér hvort hæfshroki hafi haft áhrif á viðhorf og ákvarðanir fyrirtækisins og þar af leiðandi verið gert ráð fyrir, vegna fötlunarinnar, að Kristjana sé ekki hæf til að sendast með pítsur.

Konurnar sögðust hafa áhuga á að sækja almenn framhaldsfræðslu eða tómstundanámskeið en voru allar sammála um að þessi námskeið væru mjög dýr. Sem dæmi um námskeið sem þær sögðust ekki hafa haft efni á að sækja voru líkamsræktarnámskeið, matreiðslunámskeið, tungumálanámskeið og Dale Carnegie-námskeið. Anna sagði: „Ég vil fara og læra ensku. En málaskólarnir eru ekki með stuðning fyrir fólk eins og mig [...] svo er þetta líka svo dýrt.“ Engin af þeim sem störfuðu á vernduðum vinnustöðum voru í stéttarfélagi og höfðu þar af leiðandi ekki aðgang að þeim námskeiðum sem í boði eru fyrir meðlimi stéttarfélaganna. Þær sem voru í láglaunastörfum á almennum vinnumarkaði voru flestar í stéttarfélagi en sögðust þrátt fyrir það ekki hafa efni á að nýta sér margt af því sem stéttarfélögin höfðu upp á að bjóða. Ein konan sagðist nýta sér niðurgreiðslu í líkamsrækt en aðrar virtust illa upplýstar um það sem þeim stóð til boða af hálfu stéttarfélaganna. Hins vegar var það ekki eingöngu fjárhagsleg staða sem hindraði aðgang að framhaldsfræðslu því lágt menntunarstig þeirra var takmarkandi og þar af leiðandi ekki úr miklu að velja. Einnhverjar kvennanna lýstu því hvernig þær höfðu þurft að sætta sig við námskeið á vegum Fjölmenntar sem þær höfðu engan sérstakan áhuga á að sækja því þær höfðu ekki efni á öðru. Konurnar voru almennt ánægðar með námskeið Fjölmenntar en margar höfðu verið þar nemendur í áraradír sem bendir til þess að námskeiðin séu fyrst og fremst tómstundanámskeið eða afþreying.

Það liggur í hlutarins eðli að þeir sem hafa meira til ráðstöfunar hafa aukið val sem undirstrikar forréttindi þeirra í samfélaginu. Konurnar sem tóku þátt í rannsóknunum virtust fastar í hálf-

gerðum vítahring sem skapast af stéttarhroka. Vegna fötlunar sinnar og lágs menntunarstigs eru atvinnumöguleikar þeirra takmarkaðir og er þeim þannig skipað í láglaunastétt. Efnahagsleg staða þeirra gerir þeim einnig erfitt fyrir að auka menntun sína og er fátt sem bendir til þess að þátttaka í framhaldsfræðslunámskeiðum fyrir fatlað fólk auki atvinnumöguleika eða hækki laun þess.

Tvær konur skáru sig sérstaklega úr hvað varðar tækifæri til menntunar og viðhorf til náms. Báðar áttu þær það sameiginlegt að hafa alist upp við erfiðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Enginn barðist fyrir rétti þeirra til náms eða aðstoðaði þær við heimanám. Þær gerðu sér heldur ekki grein fyrir því að framhaldsskólanám og almenn framhaldsfræðslutilboð stæðu fötludu fólki til boða. Þær virtust því vera illa upplýstar um rétt sinn og það sem þeim stóð til boða. Það var ekki vegna þess að þær skildu ekki hver réttur þeirra var heldur vegna þess að aðstæður þeirra voru þannig að þær höfðu ekki fengið tækifæri til að afla sér þessarar þekkingar. Líf og aðstæður þeirra þarf að skoða í víðara samhengi og reyna að skilja að fötlun þeirra samtvinnast stétt og kyngervi og að þær tilheyri samtímis mörgum jaðarsettum hópum. Allir þessir þættir samtvinnast og móta líf þeirra og reynslu og þær nýta sér ekki þá valkosti sem þeim standa til boða.

Lokaorð

Í þessari grein hefur athyglinni verið beint að þremur kerfum mismununar, hæfishroka, kynjamisrétti og stéttarhroka, sem eru tengd sín á milli og samofin stofnunum samfélagsins. Enda þótt stefnumörkun og lagasetning kveði á um jafnan rétt til náms virðist sjálft menntakerfið vera byggt á hæfishroka og þar af leiðandi hannað fyrir ófatlaða nemendur eða þá sem teljast hæfir til náms. Skipulag skólanna og jafnvel menntun starfsfólks miðast við einsleitánemendahóp og ýmislegt bendir til þess að kennsluhættir hafi lítið breyst til að koma til móts við alla nemendur.⁵⁷ Birtingarform og afleiðingar hæfishrokans eru á þann veg að fatlaðir nemendur fá ekki þann stuðning sem þeir þurfa á að halda.

57 Gretar L. Marinósson o.fl., *sama rit*, bls. 280–281.

Hæfishroki menntakerfisins endurspeglar ríkjandi viðhorf í samfélaginu, þ.e. að samfélagið sé fyrst og fremst fyrir ófatlað fólk. Á meðan þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða sveinsprófi eiga skilgreint rými í samfélaginu sem veitir þeim aðgang að störfum eða frekara námi er takmarkað rými fyrir þá sem lokið hafa námi á starfsbrautum. Það er áhugavert að skoða sérstaklega orðalagið í lögum um framhaldsskóla frá árinu 1996 því þar segir: „Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.“⁵⁸ Réttur þeirra til að hefja nám virðist kyrfilega skilgreindur, en menntun þeirra og þau próf sem þeir eiga kost á að taka veita sem slík hvorki aðgang að vinnu né frekara námi. Þótt ekki séu til opinberar tölur yfir atvinnuþátttöku og kynjaskiptingu í framhaldsskólaáföngum töldu konurnar í rannsókninni að karlar með þroskahömlun væru í betri aðstöðu til þess að verða sér úti um vinnu á almennum vinnumarkaði. Hér tvinnast saman kyngervi, stétt og fötlun en það hvaða stétt konurnar tilheyra kemur til með að ákvarðast af atvinnuþátttöku þeirra og menntun.

Það er athyglisvert hvernig staðalímyndir um karla og konur hafa haft áhrif á námsframboð fyrir fólk með þroskahömlun í framhaldsskólum og framhaldsfræðslu. Námsframboð fyrir fólk með þroskahömlun er kynjað en ein langlífasta staðalímynd fólks með þroskahömlun er að þau séu kynlaus börn að eilífu. Raunin er sú að karlar læra til hefðbundinna karlastarfa og er boðið upp á karlanámskeið á meðan konur læra til hefðbundinna kvennastarfa og þeim er boðið upp á framkomu- og snyrtinámskeið. Alvarlegustu afleiðingar hæfishroka eru félagsleg útilokun og jafnarsetning fatlaðs fólks í samfélaginu.⁵⁹ Aðeins þeir sem eru hæfir (ófatlaðir) fá því fulla aðild að samfélaginu og virðist skólakerfið meðal annars bregðast við því á þann hátt að þjálfar þau til hefðbundinna kvenna- og karlastarfa og hlutverka og má velta því fyrir sér hvort ríkjandi hæfishroki í skólakerfinu valdi því að reynt sé að gera þau eins hefðbundin og

58 *Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.*

59 Iris M. Young, „Five faces of oppression“, *Readings for diversity and social justice: An anthology on racism, anti-semitism, sexism, heterosexism, ableism, and classism*, ritstj. M. Adams, W. J. Blumenfeld, R. Castanada, H. W. Hackman, M. C. Peter og X. Zuniga, New York: Routledge, 2000, bls. 35–49, hér bls. 41.

mögulegt er. Þessi þrjú kerfi mismununar – hæfishroki, stéttarhroki og kynjamisrétti – byggjast á og ala af sér staðalímyndir um fatlað fólk, karla og konur og mismunandi stéttir. Staðalímyndir eru alhæfingar um *Hina* og gefa yfirleitt ranga mynd af viðkomandi hópum. Niðurstöður rannsóknanna sem hér hefur verið sagt frá benda til þess að einn stærsti þátturinn sem geti hindrað eða stuðlað að þátttöku kvenna með þroskahömlun í skólastarfi séu þau viðhorf sem mæta þeim. Sumar kvennanna hafa verið svo lánsamar, ef svo má að orði komast, að kynnast fólki eða að hafa átt foreldra sem voru tilbúnir að veita þeim stuðning í námi og berjast fyrir réttindum þeirra. Greinilegt var að með viðhorfum og aðgerðum þessa fólks hefur verið hægt að greiða þeim götuna og veita þeim þann rétt sem þær eiga til náms á meðan neikvæð viðhorf frá fjölskyldumeðlimum, kennurum og samnemendum hafa orðið til þess að skapa enn frekari hindranir.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að það eigi að stuðla að vitundarvakningu meðal aðildarríkjanna. Ætlast er til að ýtt sé „undir það sjónarmið, á öllum skólastigum, þ.m.t. hjá börnum frá unga aldri, að virða beri réttinda fatlaðra“.⁶⁰ Konurnar í rannsóknunum tveimur sögðu frá einelti í öllum þeim mismunandi skólaúrræðum sem í boði eru fyrir nemendur með þroskahömlun. Þótt ekki sé hægt að gera ráð fyrir að konurnar hafi orðið fyrir einelti sökum fötlunar sinnar er ljóst að neikvæð viðhorf eru hindrandi og hafa áhrif á líðan kvennanna og skólagöngu þeirra. Vitundarvakningin á að vinna á móti skaðlegum staðalímyndum og fordómum gegn fötlun fólk og er ljóst að íslenskt skólakerfi þarf ekki eingöngu að axla ábyrgð og mennta margbreytilegan nemendahóp heldur þarf það líka að bregðast við ákvæðum samningsins og leitast við að vekja samfélagið til vitundar um réttindi fatlaðs fólks. Ný aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla endurspeglar þessa ábyrgð en í henni er lögð rík áhersla á jafnrétti og margbreytilegan nemendahóp.⁶¹

Í inngangi var sagt frá því að fátt í opinberri stefnumörkun og lagasetningu bendi til þess að fólki með þroskahömlun sé mismunað. Niðurstöður þessara rannsókna staðfesta það þó ekki. Þvert á móti er opinber stefnumörkun og lagasetning einmitt til marks um hvaða

60 Sameinuðu þjóðirnar, *sama rit*, hér gr. 6.

61 Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *sama rit*.

hópar það eru sem eru jaðarsettir í samfélaginu. Við þurfum lög sem tryggja jafna stöðu kynjanna, lög sem tryggja fötluðu fólki rétt til að lifa eðlilegu lífi til jafns við aðra. Við þurfum meira að segja sérstakan mannréttindasamning fyrir fatlað fólk þó að almenn mannréttindi eigi að ná til allra. Mismunun í samfélaginu má rekja til þess að ráðandi hópar skilgreina hvað telst verðmætt og við hæfi og þeir sem ekki uppfylla þau viðmið hafa þar af leiðandi ekki sömu tækifæri til þess að taka þátt í samfélaginu. Þessi mismunun er flókin og niðurstöður rannsóknanna benda til þess að kyngervi, fötlun og stétt séu ráðandi þættir sem vert er að skoða nánar í rannsóknum með fötluðu fólki.

Útdráttur

Undanfarna áratugi hefur aukin áhersla verið lögð á að koma í veg fyrir mismunun og ójöfnuð í íslensku samfélagi með margs konar löggjöf og stefnumótun. Fötluðu fólki hafa verið tryggð aukin réttindi til þátttöku í samfélaginu en *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* markar ákveðin tímamót í réttindabaráttu þeirra og kveður meðal annars á um jafnan rétt til náms án mismununar á öllum skólastigum. Þrátt fyrir þessar skuldbindingar yfirvalda er margt sem bendir til þess að fatlað fólk standi frammi fyrir ýmsum hindrunum á skólagöngu sinni og hafi ekki aðgang að menntastofnunum til jafns við aðra. Í greininni er sjónum beint að því hvernig fötlun, kyngervi og stétt birtast og tvinnast saman í frásögnum kvenna með þroskahömlun um skólagöngu sína. Notuð eru gögn úr tveimur eigindlegum rannsóknum sem báðar voru um líf, viðhorf og reynslu fólks með þroskahömlun á aldrinum 20–46 ára. Niðurstöður rannsóknanna benda til þess að skipulag skólastofnana miðist við einsleitánemendahóp sem komi í veg fyrir að fatlaðir nemendur fái stuðning og nám við hæfi. Enda þótt réttur fólks með þroskahömlun til náms og framhaldsfræðslu sé skilgreindur veitir námið þeim takmarkaðan aðgang að atvinnulífinu og margt bendir til þess að konur með þroskahömlun standi verr að vígi en karlar með þroskahömlun hvað varðar námstækifæri og atvinnu. Niðurstöðurnar benda enn fremur

til þess að ýmislegt þurfi að breytast í skólakerfinu til þess að réttur nemenda með þroskahömlun til náms við hæfi verði að veruleika og uppfylla megi *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*.

Lykilorð: *samtvinnun, fötlun, kyngervi, stétt, nám*

Abstract

Icelandic policy and legislation has emphasised social equality and participation for the past 30 years. Disabled people have been granted a formal right to participate in mainstream society through legislation and human rights resolutions and declarations such as the Convention on the Rights of Persons with Disabilities, which clearly states that disabled people should be able to access all level of education without discrimination and on equal basis with others. This article discusses the discrepancy between formal rights to education and the lived experiences of women with intellectual disabilities age 20–46. It draws on two inclusive research projects in Iceland and employs intersectional theory to study how disability, gender, and class intersects in their stories about their education. The article demonstrates how disabled students lack appropriate support in their education because educational institutions are organized for and focused on non-disabled students and their needs. The education and continuing education of students with intellectual disabilities is limited and does not provide them with access to the labour market. Men with intellectual disabilities seem to have some advantage over women with intellectual disabilities in relation to education and access to the open labour market. Considerable changes to the Icelandic education system need to take place so disabled people can actualize their right to education and for Iceland to comply with the Convention on the Rights of Persons with Disabilities.

Keywords: *intersectionality, disability, gender, class, education*

„Maður finnur svo mikla ást“

Frásagnir kvenna af friðargæslustörfum

SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Konum í friðargæslu hefur fjölgað töluvert á síðustu árum og stefna Íslands hefur verið að auka bæði þátttöku þeirra og áherslu á málefni kvenna á átakasvæðum. Í þessari grein verða settar fram niðurstöður rannsókna á reynslu kvenna af vettvangsvinnu á vegum Íslensku friðargæslunnar.¹ Frásagnir þeirra eru settar í samhengi við femínískar rannsóknir á öryggismálum og framlagi kvenna til öryggis, eins og hugtakið er notað í alþjóðasamskiptum. Rannsóknin var unnin á haustmánuðum 2010 og gagna var aflað með viðtölum við átta konur um reynslu þeirra af störfum á vettvangi á vegum Íslensku friðargæslunnar. Konurnar störfuðu á mismunandi stöðum og við ólík verkefni. Aðstæðurnar voru ekki einungis framandi heldur einnig ögrandi fyrir þær sem einstaklinga. Þær voru oft utanveltu í samfélaginu og þurftu að leggja mikið á sig til að sinna störfum sínum.

Helstu kenningar um stöðu og þátttöku kvenna í utanríkismálum, kyn og öryggi, karlmennsku og hermennsku eru fyrst reifaðar. Einnig er bent á að framlag Íslands til friðargæslu virðist fremur endurframleiða en brjóta upp ríkjandi hugmyndir um kyn og kynhlutverk. Fræðilegri umræðu lýkur með því að spurt er hvort og hvernig konur stuðli að öryggi kvenna, en það er grundvallarforsenda þeirrar stefnu sem Ísland fylgir í utanríkismálum og byggist á aukinni aðkomu

1 Ég þakka konunum sem veittu mér viðtöl og innsýn í reynslu sína og störf og Ragnheiði Guðsteinsdóttur og Jóni Gunnari Ólafssyni fyrir yfirlestur. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Annadís Gréta Rúdólfsdóttir og ritrýnar fá bestu þakkir fyrir vandaða gagnrýni og ábendingar.

kvenna að friðarferlum og friðaruppbyggingu. Að þeirri umræðu lokinni er aðferðafræði verkefnisins kynnt stuttlega og í tilvixskafli-
anum er rýnt í reynslu þessara kvenna af störfum sínum á vettvangi.
Frásögnin er byggð á reynslu kvennanna af ráðningu, brottför, dvöl á
vettvangi og heimkomu. Við greiningu á viðtölunum er notuð nálgun
fyrirbærafræðinnar til að draga fram þá reynslu sem konurnar deildu
af hverju þessara fyrirbæra fyrir sig.

Fræðilegur bakgrunnur

Utanríkismál hafa einkum verið viðfangsefni karla, bæði hér á landi²
og erlendis.³ Þessi staðreynd endurspeglar sterklega skiptingu milli
„harðra“ og „mjúkra“ málefna, þar sem mjúku málin eru tengd
við konur en þau höfðu við karla á grundvelli þess að eðli karla og
kvenna sé ólíkt. Mjúku málin snúa gjarnan að velferð, menntun
og heilbrigði á meðan utanríkismál, sem tengjast öryggi og hern-
aði, teljast hápólitísk og hörð mál. Konur hafa í auknum mæli tekið
þátt í stefnumótun og framkvæmd utanríkismála síðustu áratugi en
þátttaka þeirra var verulega takmörkuð fram undir miðjan tíunda
áratug liðinnar aldar.⁴ Mikið vantar enn upp á að jöfnuður ríki milli
kynjanna á þessum vettvangi; á heimsvísu hafa 157 konur gegnt
embætti utanríkisráðherra⁵ og 70 embætti varnarmálaráðherra⁶ þegar
þetta er skrifað. Á Íslandi hafa tvær konur gegnt embætti utanríkis-
ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir úr Framsóknarflokk og Ingibjörg
Sólrún Gísladóttir úr Samfylkingu. Hvorug gegndi embættinu í heilt
kjörtímabil. Greina mátti breytingar á áherslum utanríkisráðuneyt-
isins áður en þær tóku við embætti og má tengja þær við aðgerðir
stjórnmalamanna, frjálsra félagasamtaka og embættismanna en eigi
að síður jukust áherslur á málefni kvenna verulega á embættistíma

2 Silja Bára Ómarsdóttir, „Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999–2009“, *Stjórnsmál og stjórnsmálafræði*, 1/2010, bls. 73–94.

3 Birna Þórarinsdóttir, „Women and Human Security“, *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagsvæðingjafaradeild og stjórnsmálafræðideild*, ritstj. Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2009, bls. 193–206.

4 *Sama rit.*

5 Enginn höfundur, „Female Ministers of Foreign Affairs“, *Worldwide Guide to Women in Leadership* (guide2womenleaders.com). Birt: ódagsett (sótt 17. maí 2012).

6 Enginn höfundur, „Female Ministers of Defence“, *Worldwide Guide to Women in Leadership* (guide2womenleaders.com). Birt: ódagsett (sótt 17. maí 2012).

þeirra.⁷ Á Íslandi varð stuðningur við kvenlægar áherslur, þ.e. þátttöku kvenna í friðarferlum og sérstaklega verkefni á vegum UNIFEM, sem nú ber nafnið UN Women, mun meira afgerandi þegar kona var við stjórnvölinn í ráðuneytinu en þegar karl gegndi embættinu.

Á alþjóðavettvangi hafa aðgerðir kvenna og kvennahreyfinga einnig haft veruleg áhrif á stefnumótun, eins og sjá má í ferlinu sem leiddi til staðfestingar á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi.⁸ Þannig var Windhoek-ályktunin samþykkt í maí 2000⁹ en hún er fyrirrennari ályktunar nr. 1325 sem var samþykkt í lok október sama ár. Með þeirri ályktun sköpuðu Sameinuðu þjóðirnar formlegan grundvöll fyrir starfi að jafnréttismálum á átakasvæðum þar sem ljóst var að konur þyrftu að eiga aðild að friðargæslu og uppbyggingu að stríði loknu, sem oftast er kallað friðaruppbygging, ef tryggja ætti hagsmuni þeirra.

Samþykkt ályktunar nr. 1325 sýndi hvaða áhrif konur og kvennahreyfingar geta haft á utanríkis- og alþjóðamál. Ályktunin hefur sætt gagnrýni fyrir óljóst orðalag og að ekki hafi verið unnið markvisst að framkvæmd hennar þótt ríki og samtök hafi sett sér framkvæmdaáætlanir í kjölfar hennar.¹⁰ Hún hefur samt haft gífurleg áhrif og þeim ríkjum fer fjölgandi sem móta verklag sitt í friðargæslu í samræmi við ályktunina. Hún hefur einnig skapað forsendur fyrir öðrum ályktunum öryggisráðsins sem tengjast stöðu kvenna á alþjóðavettvangi, þar á meðal ályktun nr. 1820¹¹ sem skilgreinir nauðgun sem stríðsglæp, en fyrst var vísað til nauðgana sem stríðsglæpa í skýrslu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna árið 2000, í kjölfar átakanna á Balkanskaga.¹² Þessar breytingar eru skýr vitnisburður um að öryggi kvenna er komið á dagskrá ríkja, ekki einungis sem hluti af þjóðaröryggi heldur sem markmið í sjálfu sér. Ísland var árið 2008 meðal

7 Silja Bára Ómarsdóttir, „Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999–2009“.

8 Henry F. Carey, „Women and Peace and Security: The Politics of Implementing Gender Sensitivity Norms in Peacekeeping“, *International Peacekeeping*, 2/2001, bls. 49–68.

9 „Windhoek Declaration“, *International Peacekeeping*, 2/2001, bls. 115–120.

10 Sameinuðu þjóðirnar, *Ten-year Impact Study on Implementation of UN Security Council Resolution 1325 (2000) on Women, Peace and Security in Peacekeeping*. New York: Sameinuðu þjóðirnar 2010. http://www.un.org/en/peacekeeping/documents/10year_impact_study_1325.pdf.

11 Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, „Resolution 1820“, New York: Sameinuðu þjóðirnar, 2008.

12 Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna: „Report of the United Nations High Commissioner for Human Rights“, New York: Sameinuðu þjóðirnar, 2000.

fyrstu ríkja til að setja sér áætlun um framkvæmd ályktunarinnar og áherslur í utanríkisstefnu hafa borið þess merki síðan.

Þjóðaröryggi og öryggi kvenna

Hugtakið öryggi hefur lengst af verið tengt við öryggi ríkis og er þá skilgreint út frá hernaðarlegum og pólitískum þáttum. Þessi skilgreining er í anda raunhyggju (e. *realism*) í alþjóðasamskiptum, þar sem helsta markmið ríkisins er talið vera að tryggja eigin hag og að öll önnur markmið séu undirskipuð því. Undir lok kalda stríðsins fóru ýmsir fræðimenn að vekja máls á því að víðtækari skilnings á öryggi væri þörf. Þar má einkum nefna Barry Buzan, en með bók sinni *People, States and Fear*¹³ lagði hann grunninn að breyttum skilningi á öryggi. Buzan, ásamt þeim Ole Wæver og Jaap de Wilde, unnu svo frekar úr fyrstu hugmyndum Buzans í bókinni *Security: A New Framework for Analysis*.¹⁴ Í henni er öryggi skilgreint annars vegar út frá hernaði og stjórnámálum, eins og í raunhyggjunni, en hins vegar út frá umhverfis-, efnahags- og samfélagslegum þáttum. Áður hafði Arnold Wolfers¹⁵ skilgreint öryggi í hlutlægum skilningi sem líf þar sem viðteknum gildum er ekki ógnað og í huglægum skilningi sem líf án ótta við að ráðist yrði á þau gildi. Þessi víðtækari skilningur á öryggi hefur nú öðlast verulegt fylgi, þótt fylgismenn raunhyggjunnar telji að með honum sé of lítið gert úr þeirri ógn sem kunni að stafa af hernaði.¹⁶ Á Íslandi hefur öryggi ekki verið formlega skilgreint sem hluti af íslensku utanríkisstefnu en nálgun almannavarnalaga nær út fyrir hernaðarlegan skilning á hugtakinu.¹⁷

Hefðbundnar rannsóknir á öryggismálum segja oft lítið um hvort karlar og konur búa við öryggi í daglegu lífi, enda er einblínt á öryggi

13 Barry Buzan, *People, States and Fear: An Agenda for International Security Studies in the Post-Cold War Era*, London: Harvester Wheatsheaf, 1991.

14 Barry Buzan, Ole Wæver og Jaap de Wilde, *Security: A New Framework for Analysis*, Boulder: Lynne Rienner Publishers, 1998.

15 Arnold Wolfers, *Discord and Collaboration*, Baltimore: Johns Hopkins University Press, 1962.

16 Valur Ingimundarson, „Frá óvissu til upplausnar: ‚Öryggissamfélag‘ Íslands og Bandaríkjanna 1991–2006“, *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991–2007*, ritstj. Valur Ingimundarson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008, bls. 1–66; J. Ann Tickner, *Gendering World Politics: Issues and Approaches in the Post-Cold War Era*, New York: Columbia University Press, 2001.

17 Silja Bára Ómarsdóttir, „Öryggissjálfsmynd Íslands: Umræða um varnarmála- og almannavarnalög á Alþingi vorið 2008“, *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 2/2008, bls. 133–157.

ríkisins og þá litið fram hjá einstaklingum. Það óöryggi sem konur búa við er þó oft af öðrum toga en það sem karlar kynnast og tengist einkum undirskipaðri stöðu þeirra í flestum efekki öllum samfélögum. Ann Tickner¹⁸ bendir á að femínísk skilgreining á öryggi verði að fela í sér útrýmingu allra tegunda ofbeldis, þar á meðal þess ofbeldis sem leiðir af kynjatengslum þar sem karlar njóta valdastöðu en konur eru undirskipaðar. Konur eru sviptar mannréttindum sínum víða um heim og öryggisleysi þeirra er oft dulið því mælikvarðarnir sem beitt er mæla einungis mannréttindabrot sem byggjast á karllægum réttindum. Til að sporna við þessu hafa femínískir fræðimenn á borð við Mary Caprioli¹⁹ reynt að þróa nýja mælikvarða.

Caprioli fjallar um persónulegt öryggi kvenna og heilbrigðis-, efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt öryggi auk þess að kynna mælingar á mannréttindum. Persónulegt öryggi og heilbrigðisöryggi mælir Caprioli með fæðingartíðni, tíðni tilkynntra nauðgana og hlutfalli fæðinga þar sem heilbrigðisstarfsfólk er til staðar. Fæðingartíðni er gjarnan vísbending um menntunarstig og valdastöðu kvenna í samfélaginu, nauðganir gefa skýra mynd af því hvort þær búa við persónulegt öryggi. Loks lækkar það dánartíðni kvenna ef heilbrigðisstarfsfólk er viðstatt fæðingar, auk þess sem það endurspeglar hvaða áhersla er lögð á öryggi kvenna almennt.²⁰ Efnahagslegt öryggi kvenna er mælt með samanburði á tekjum karla og kvenna annars vegar og atvinnuþátttöku kvenna hins vegar. Jöfnuður á báðum þessum sviðum er talinn endurspeglja sjálfræði kvenna innan samfélags og auknar tekjur kvenna styrkja sjálfstraust þeirra og stöðu auk þess sem tekjujöfnuður styrkir ákvörðunarvald kvenna. Félaglegt og menningarlegt öryggi kvenna er mælt með menntunarstigi, því að ólæsi og fáfræði viðheldur kynjuðum valdakerfum og kemur í veg fyrir að konur nýti sér pólitísk réttindi sín. Læsi og menntun stuðlar að pólitísku og efnahagslegu öryggi og styrkir ákvörðunarvald kvenna.²¹

Þær breytur sem Caprioli telur upp henta sérstaklega vel til að meta öryggi kvenna á áttaksvæðum og þar sem friðaruppbygging

18 J. Ann Tickner, *Gendering World Politics*.

19 Mary Caprioli, „Democracy and Human Rights Versus Women’s Security: A Contradiction?“, *Security Dialogue*, 4/2004, bls. 411–428.

20 *Sama rit*.

21 *Sama rit*.

fer fram. Konum er víðast hvar mismunað, en ofbeldi sem þær eru beittar á átakatímum á að miklu leyti rætur að rekja til sögulegrar kúgunar þeirra. Konur í friðargæsluverkefnum á vegum Íslands starfa oftast í löndum þar sem öryggi kvenna er í lágmarki, kynbundinn launamunur er mikill, frjósemi mikil og ólæsi útbreitt.

Karlmennska, kvenleiki, hernaðarhyggja og friðargæsla

Hugtök á borð við *árásarhneigð*, *hermennsku* og *átök* eru oftast tengd-ari karlmennsku en kvenlegum eiginleikum.²² Þó þjónuðu konur í herjum í aldanna rás, en oftast í stuðningshlutverkum í herbúðum þar sem þær hjúkrudu særðum, sáu um mat og veittu kynlífsþjónustu. Í færri tilvikum, en þó skrásettum, gegndu þær sjálfar herþjónustu. Stöku konur hafa verið leiðtogar, eins og Jóhanna af Örku, aðrar hafa orðið frægar fyrir einstök atvik eins og Molly Pitcher, sem hleypti af fallbyssu í frelsisstríði Bandaríkjana.²³ Það er eigi að síður algeng skoðun að karlmönnum sé edlislægt að beina árásarhneigð sinni út á við²⁴ og að það sé best gert með því að formbinda hana í hermennsku, sem sé náttúrulegt verkefni ungra karla. Með slíku viðhorfi er litið framhjá því hvernig menning mótar bæði karla og konur í samræmi við ákveðin viðmið. Nauðsynlegt er í þessu samhengi að gera greinarmun á körlum og konum annars vegar og karlmennsku og kvenleika hins vegar. Karlar og konur geta bæði sóst eftir karlmannlegum og kvenlegum eiginleikum og endurspeglad þá í hegðun sinni.

Hermennska er nátengd hugmyndum sem styrkja og viðhalda hefðbundnum karlmenskuhugmyndum. Þannig er það gjarnan talið körlum til tekna í framboði til embætta víða um heim að þeir hafi gegnt herþjónustu. Konur hafa síður þjónað í herjum í ríkjum þar sem kosið er í embætti og því ekki komin mikil reynsla á það hvort þær hagnist á því; vísbendingar eru þó í Ísrael, þar sem bæði konur og karlar eru herskyld, um að herþjónusta sé talin körlum til tekna

22 Joshua S. Goldstein, *War and Gender: How Gender Shapes the War System and Vice Versa*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004.

23 *Sama rit*.

24 Sandra Whitworth, *Men, Militarism & UN Peacekeeping*, Boulder: Lynne Rienner Publishers, 2004.

frekar en konum.²⁵ Joshua Goldstein bendir á að frá alda öðli hafi karlar verið mótaðir sem hermenn – og hermennska mótuð sem karlmennska – með því að tengja eiginleika góðs hermanns við manndóm eða karlmennsku. Með félagsmótun og þjálfun taka karlar að sér karlmennskuhlutverkið, en þeir eru ekki fæddir í það. Hermennska sem kynhlutverk var þannig tæki samfélagsins til að móta hermenn; karlar urðu hetjur þegar þeir börðust en gungur ef þeir brugðust ekki við herkvæðingunni. Þetta kann þó að hafa breyst eitthvað eftir því sem fleiri stríðum lýkur án þess að hægt sé að tala um sigur og hetjudáðir.²⁶

Karlmennskan byggist einnig á „öðrun“ (e. *othering*) kvenleikans, þ.e. karlmennskan er viðmið og kvenleikinn frávik. Kvenleiki er gjarnan tengdur friði. Friðarhreyfingar kvenna, til dæmis Women's International League for Peace and Freedom og Greenham Common, eru vel þekktar en að auki var það algeng hefð að gefa konur óvinum til að binda enda á átök.²⁷ Kvinnalístinn er gott dæmi um kvennahreyfingu sem tengdi sig við frið. Þannig var í stefnuskrá hans ávallt fjallað um friðar- og utanríkismál,²⁸ ekki utanríkismál sem öryggis- og varnarmál eins og aðrir flokkar höfðu tilhneigingu til að gera.

Friðargæsla er, þótt undarlegt megi virðast, sérstaklega tengd hernaði og einkennist því af sams konar ýktri karlmennsku og hernaður. Cynthia Enloe bendir á að þegar Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar fóru að greina friðargæsluverkefni á grundvelli ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 hafi komið í ljós að fordómar sem byggðust á karlmennsku og kynþáttahyggju voru útbreiddir og að „góðu gaurarnir“ höfðu þá líka.²⁹ Karlmennskan var stór þáttur í því hvernig verkefni voru skilgreind og framkvæmd. Liora Sion tekur í sama streng og segir að friðargæsluverkefni útiloki konur oft á grundvelli verkefnavals, líkamlegrar getu og kynhlutverks.³⁰

25 Joshua S. Goldstein, *War and Gender*.

26 *Sama rit*.

27 *Sama rit*.

28 Silja Bára Ómarsdóttir, „Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999–2009“; Kvinnalístinn, „Stefnuskrá“, Reykjavík: Kvinnalístinn, 1983.

29 Cynthia Enloe, *Globalization and Militarism: Feminists Make the Link*, New York: Rowman & Littlefield, 2007, bls. 130–131.

30 Liora Sion, „Peacekeeping and the Gender Regime“, *Journal of Contemporary Ethnography*, 5/2008, bls. 561–585.

Íslenska friðargæslan var formlega stofnuð árið 2001³¹ þótt utanríkisráðuneytið hefði sent einstaklinga til starfa í friðargæsluverkefnum á erlendri grund frá 1950.³² Frá því í kringum síðustu aldamót hefur aukin áhersla verið lögð á verkefni sem tengjast stöðu kvenna á erlendri grund og eftir að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 var staðfest hefur Ísland lagt áherslu á að fjármagna ávallt einhver störf sem tengjast kynjajafnrétti. Þótt friðargæslan sé einungis afmarkaður hluti utanríkisþjónustu hefur hún ákveðna sérstöðu því að þetta er eini vettvangurinn þar sem Íslendingar hafa haft bein afskipti af átakasvæðum í heiminum. Áhersla á kynjajafnrétti á þessum vettvangi endurspeglar þá forgangsröðun sem lesa má úr breytingum á skýrslum utanríkisráðherra til þingsins á fyrsta áratug 21. aldar.³³

Eina ársskýrsla friðargæslunnar sem er aðgengileg á netinu og hefur að geyma kyngreindar upplýsingar er frá árinu 2007.³⁴ Þar eru nefndar sjö konur sem unnu að verkefnum tengdum Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UN Women) eða Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Þrjár konur og sex karlar eru hins vegar nefnd sem höfðu starfað að vopnahléseftirliti, í lögregluverkefni, upplýsingafulltrúastörfum eða sem sprengjusérfræðingar. Tvær konur eru tvítaldar; þær störfuðu annars vegar fyrir UNIFEM á Balkanskaga og hins vegar að vopnahléseftirliti á Srí Lanka. Að auki eru taldar upp þær konur sem hafa starfað að verkefnum tengdum UNIFEM á Balkanskaga. Í sömu skýrslu er tekið fram að kynjaskipting í friðargæslu seinni hluta árs 2007 hafi verið 38/62, körlum í vil, en á fyrri hluta sama árs var hlutfallið 27/73 og á ársgrundvelli var það 28/72.³⁵ Þegar óskað var eftir uppfærðum gögnum um kynjahlutföll í friðargæslunni kom í ljós að mun fleiri samningar voru gerðir við karla en konur, þótt stundum hafi verið um framlengingu á samningi við sömu einstaklinga að ræða. Mest var kynjaskekkjan á árunum 2002–

31 Utanríkisráðuneyti Íslands, „Ísland í friðargæslu“, Reykjavík: Utanríkisráðuneyti Íslands, ódagsett.

32 Utanríkisráðuneyti Íslands, „Ársskýrsla 2007: Íslenska friðargæslan“, Reykjavík: Utanríkisráðuneyti Íslands, 2008.

33 Silja Bára Ómarsdóttir, „Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999–2009“.

34 Utanríkisráðuneyti Íslands, „Ársskýrsla 2007: Íslenska friðargæslan“.

35 *Sama rit.*

2007 en síðan hefur dregið saman með kynjunum.³⁶ Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis vorið 2012 er svo tekið fram að árið 2011 hafi konur verið í meirihluta útsendra starfsmanna Friðargæslunnar.³⁷ Það er þó ljóst af ofangreindu að þótt mikið sé fjallað um verkefni í þágu kvenna í ársskýrslunni sinna karlar og konur ekki öllum verkefnum jöfnum höndum.

Þar sem Ísland er herlaust land mætti ætla að Íslenska friðargæslan félli síður í þær gildirur kynjadrá staðalmynda sem erlendar friðargæsluveitir lenda í vegna hefða sem tengjast því að karlar einir hafa lengst af notið þess vafasama heidurs að fá að þjóna í herjum. Védís Ólafsdóttir sýnir þó fram á að björgunarsveitir á Íslandi hafi mörg sömu einkenni karlmennsku og herir hafa í öðrum ríkjum.³⁸ Friðargæsla íslensku utanríkisþjónustunnar hefur að einhverju leyti mótast af því að landið rekur ekki her, en Gunnar Páll Baldvinsson³⁹ bendir á að um miðjan tíunda áratug liðinnar aldar hafi íslensk stjórnvöld ekki lengur getað færst undan ábyrgð á þátttöku í friðargæsluverkefnum, til dæmis á vegum Atlantshafsbandalagsins. Upphaflega var ákveðið að senda heilbrigðisstarfsfólk utan í verkefni innan herja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og sinntu bæði karlar og konur þeim störfum. Upp úr síðustu aldamótum tók Íslenska friðargæslan hins vegar að sér rekstur flugvallarins í Kósovó og síðar í Kabúl. Í kjölfarið urðu verulegar breytingar á kynjasamsetningu friðargæslunnar og var þetta verkefnaval konum mjög í óhag.⁴⁰ Ýmis verkefni Íslensku friðargæslunnar eru þannig þess eðlis að líklegt virðist að hún viðhaldi kynjahugmyndum sem byggjast á eðlishyggju. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra fræðimanna sem hafa rannsakað friðargæsluverkefni til dæmis á hinum Norðurlöndunum⁴¹ og í doktorsrannsókn

36 Tölvupóstur frá utanríkisráðuneyti til höfundar 15. september 2010.

37 *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*, Reykjavík: Alþingi 2012, <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1229.pdf>.

38 Védís Ólafsdóttir, *Fyrst þarf að læra að bjarga sjálfri sér. Þátttökurannsókn á Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík*, MA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands 2012. <http://hdl.handle.net/1946/13280>.

39 Gunnar Páll Baldvinsson, „Friðargæsla herlausrar þjóðar: Stefnumótun, sjálfmynd og orðræða“ í *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskerar utanríkisstefnu 1991–2007*, ritstj. Valur Ingimundarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008, bls. 137–175.

40 Birna Þórarinsdóttir, „Íslenska friðargæslan: Jafnréttis- og kynjasjónarmið í stefnu og starfsemi 1994–2004. Rannsókn unnin fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og UNIFEM á Íslandi“, Reykjavík: RIKK, 2005.

41 Johanna Valenius, „A Few Kind Women: Gender Essentialism and Nordic Peacekeeping

Helgu Björnsdóttur á karlmennsku í Friðargæslunni kom fram að karlar tækju þátt í því með bæði athöfnum og orðræðu að styrkja og endurmóta ráðandi kynjahugmyndir.⁴² Íslenska friðargæslan hefur einkum sent konur til starfa í kvenlæg verkefni en karla í flest önnur og viðheldur þannig ráðandi kynhlutverkum frekar en að ögra þeim. Konur vinna gjarnan sem upplýsingafulltrúar eða að þróunarstörfum en karlar eru flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn eða iðnaðarmenn.

Hernaður og friðargæsla á átakasvæðum eru álíka tengd karlmennsku og flest ríki virðast hafa tilhneigingu til að viðhalda aðgreiningu kynjanna þegar kemur að friðargæsluverkefnum. Þetta er gert með því að setja karla í verkefni sem eru talin karllæg, til dæmis eftirlit á átakasvæðum, en konur í þau sem eru kvenlæg, til dæmis verkefni sem tengjast menntun og valdeflingu kvenna, velferð barna eða matvælaaðstoð. Ekkert bendir til þess að þetta sé gert af ásettu ráði. Ýmis ríki eru nú farin að vera með kynjaráðgjafa í herjum og friðargæslumiðstöðvum til að leiðrétta þessa skekkju. Þau ríki sem hafa tök á því að senda fólk í friðargæslu – jafnvel þau sem styðja í orði markmið ályktunar nr. 1325 – virðast hins vegar oft falla í þá gryfju að viðhalda kynjamun með verkefnavali sínu og styðja þannig hefðbundnar hugmyndir sem tengja saman karlmennsku og hermennsku annars vegar og umönnun og kvenleika hins vegar.

Stuðla konur að öryggi kvenna?

Fram hefur komið í rannsóknnum á friðargæslulíðum og friðargæsluverkefnum að konur eigi auðveldara en karlar með að tengjast íbúum svæðisins þar sem þær þjóna⁴³ og nærvera kvenna er talin stuðla að eðlilegri samskiptum heimamanna og friðargæsluliða.⁴⁴ Þetta kann að tengjast þeirri reynslu sem íbúar átakasvæða hafa af körlum sem

Operations“, *International Peacekeeping*, 4/2007, bls. 510–523; Paul Higate og Marsha Henry, „Engendering (In)security in Peace Support Operations“, *Security Dialogue*, 4/2004, bls. 481–498.

42 Helga Björnsdóttir, *Give me some men who are stout-bearded men, who will fight for the right they adore: Negotiating gender and identity in Icelandic peacekeeping*, doktorsritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 2011.

43 Gerard J. DeGroot, „A Few Good Women: Gender Stereotypes, the Military and Peacekeeping“, *International Peacekeeping*, 2/2001, bls. 23–38; Liora Sion, „Peacekeeping and the Gender Regime“.

44 Doreen Carvajal: „A Female Approach to Peacekeeping“, *New York Times*, 5. mars 2010.

hermönnum en skýringuna mætti e.t.v. líka rekja til rótgróinna kynjamynnda kvenna, sem taldar eru friðsamari en karlar⁴⁵ og kvenlægir eiginleikar því heppilegri í friðargæslu en karllægir. Því til stuðnings nefnir Gerard J. DeGroot að konur séu taldar líklegri til að semja friðsamlega um lausn mála en að grípa til ofbeldis, auk þess sem löng hefð sé fyrir því að nota konur til að tengjast íbúum hernuminna svæða.⁴⁶ Dæmi DeGroots eru úr fyrri heimsstyrjöldinni og byltingunni í Kína en konur í herjum segja nú sambærilegar sögur af reynslu sinni af upplýsingaöflun og eftirlitsstörfum í Afganistan.⁴⁷ Konur og karlar á átakasvæðum virðast treysta konum betur fyrir upplýsingum og öryggi sínu. Kona sem stendur vörð fyrir utan herstöð er ekki eins ógnvekjandi og karlmaður, þótt hún beri sömu vopn. Konur virðast því stuðla beint og óbeint að öryggi og öryggiskennnd kvenna.

Atorka kvenna hefur reynst nauðsynleg til að koma öryggi kvenna á dagskrá alþjóðlegra friðargæsluverkefna. Verkefni sem eru mótuð í samræmi við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og 1820 endurspeglar því viðhorf kvenna til öryggis, frekar en hernaðarmiðaðra. Einn grunnþáttur í því að innleiða slík verkefni er að konur eigi jafna aðkomu að þeim og karlar. Þannig eru verkefni miðuð að valdeflingu kvenna, aðkomu þeirra að friðaruppbyggingu, útrýmingu kynbundins ofbeldis og styrkari efnahagslegri stöðu. Allir þessir þættir stuðla að auknu öryggi kvenna eins og Caprioli⁴⁸ telur nauðsynlegt að mæla það.

Aðferð

Íslenska friðargæslan hefur sent rúmlega sextíu konur til friðargæsluverkefna á erlendri grund.⁴⁹ Í þessari rannsókn, sem var unnin haustið 2010 og byggðist á eiginlegum viðtölum, var rætt við átta þeirra. Ég hafði samband við konur sem ég vissi að hefðu verið í þessum störfum og fékk ábendingar frá þeim um fleiri viðmælendur. Þær höfðu starfað

45 „Windhoek Declaration“; Liora Sion, „Peacekeeping and the Gender Regime“; Johanna Valenius, „A Few Kind Women“.

46 Gerard J. DeGroot, „A Few Good Women“.

47 *Munnleg beimild*, Brussel, janúar 2010.

48 Mary Caprioli, „Democracy and Human Rights Versus Women’s Security: A Contradiction?“.

49 Utanríkisráðuneytið, „Ársskýrsla 2007: Íslenska friðargæslan“, Reykjavík: Utanríkisráðuneytið, 2008.

á vettvangi víða um heim, allt frá Suðaustur-Evrópu til Suður-Asíu, á árunum 2002–2010. Þær sinntu fjölbreytilegum verkefnum, eins og reynsla þeirra endurspeglar. Viðtölin voru grunduð í þeim fræðilega bakgrunni sem ræddur var hér að framan, þ.e. hugmyndum um framlag kvenna í friðargæslu til öryggis kvenna á átakasvæðum, tengslum hermennsku, friðargæslu, karlmennsku og kvenleika og muninum á þjóðaröryggi og öryggi kvenna. Viðtölin leiddu síðan rannsóknina í aðeins aðrar áttir, þar sem konurnar höfðu í fæstum tilvikum bein afskipti af öryggi kvenna á vettvangi. Eigi að síður tengdist reynsla kvennanna fræðunum, en þó með þeim hætti að eðlilegt virtist að leggja meiri áherslu á öryggi þeirra sjálfra á vettvangi.

Creswell⁵⁰ segir frásögurannsóknir henta vel til að fá nákvæmar lífssögur einstaklinga eða lítils hóps. Þótt hér sé ekki farið ítarlega í lífssögu einstaklinga í heild er reynt að draga fram reynslu af afmörkuðu tímabili í lífi hvers viðmælanda og þessi nálgun því valin. Creswell talar einkum um leiðir til að öðlast skilning á reynslu einstaklings með því að kynna sér líf hans vel og vandlega. Hér nota ég lýsingar þessara átta kvenna til þess að setja fram frásögn af reynslunni af því að vera á vettvangi í friðargæslu. Með þessu móti er ég að búa til það sem Creswell kallar endursögn eða „restorying“ og felst í því að endurskipuleggja frásagnirnar, greina lykilþætti þeirra og endurskrifa í rökréttri röð. Ég tel að frásagnarformið henti vel hér, þótt ég sé ekki að segja sögu einnar konu heldur margra.

Eitt viðtal var tekið við hverja konu og voru þau öll um klukkutími að lengd og upptökur í heild 7 tímar og 40 mínútur. Viðtölin voru kóðuð, fyrst í höndunum og síðan í MAXQDA-forritinu, sem gerir rannsakanda kleift að skoða kóðana í samhengi og tengja þá saman. Þar sem fáar konur hafa gegnt störfum á vegum Íslensku friðargæslunnar er hér valin sú leið að lýsa konunum ekki nánar sem einstaklingum eða gefa þeim dulnefni heldur vísa eingöngu til þeirra sem fulltrúa í friðargæslunni.

Konurnar sem rætt var við höfðu allar snúið aftur frá störfum við friðargæslu þegar rætt var við þær. Hópurinn er að mörgu leyti einleitur. Konurnar eru allar menntaðar á sviði alþjóðamála, þótt mennt-

50 John W. Creswell, *Qualitative Inquiry & Research Design: Choosing Among Five Approaches*, Los Angeles: Sage, 2007.

unin sé ýmist í friðar-, öryggis-, þróunar- eða mannréttindafræðum. Allar höfðu lokið meistaragráðu, stundað nám erlendis og flestar farið í vettvangsstörf að námi loknu. Konurnar eru þó einnig ólíkar. Þær yngstu eru um þrítugt og þær elstu komnar yfir fimmtugt, þær eru einhleypar og giftar, barnlausar og mæður. Sumar kvennanna höfðu einungis farið í eitt verkefni á erlendum vettvangi og höfðu jafnvel sinnt því starfi í tiltölulega skamman tíma. Aðrar áttu fjölda verkefna að baki og jafnvel haft sitt helsta lífsviðurværi af störfum fyrir friðargæsluna og svipaðar stofnanir. Konurnar hafa einnig sinnt ólíkum störfum. Um helmingur starfaði á átakasvæðum en hinn helmingurinn vann að uppbyggingu og þróun í kjölfar átaka. Þær sinntu meðal annars störfum vopnahléseftirlitsfulltrúa, upplýsingafulltrúa og jafnréttisfulltrúa.

Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og mismunandi verkefni deildu konurnar margvíslegri reynslu sem hér er lýst í frásagnarformi sem sýnir hvernig það er að vera kona í Íslensku friðargæslunni, allt frá ráðningarfærli til heimkomu. Áhersla er lögð á að draga fram sameiginlega reynslu kvennanna en þar sem hún er ólík í ákveðnum atriðum er forðast að staðhæfa um reynslu þeirra nema hún sé sameiginleg.

Niðurstöður rannsóknarinnar

Niðurstöðum rannsóknarinnar verður nú lýst í þrennu lagi, fyrst er gerð grein fyrir ráðningu, þjálfun og brottför kvennanna, þá reynslu þeirra af störfum á vettvangi og loks hvernig þeim gekk að vinna úr reynslu sinni og miðla lærdómi af verkefnum til Íslensku friðargæslunnar.

Það var almennt reynsla kvennanna að val í störf á vegum friðargæslunnar væri handahófskennt, þótt þær hafi allar haft góða menntun og verið vel undirbúnar fyrir störfin sem þær völdust til. Sama var að segja um þjálfun og annan undirbúning af hálfu friðargæslunnar hér heima. Þegar komið var á vettvang þurftu þær oft að skilgreina verkefni sín sjálfar, jafnvel setja niður á blað það sem þær töldu vera stefnu Íslands í verkefnum, því samskipti við skrifstofuna heima voru stopul. Lítill stuðningur var í boði, jafnvel þegar erfiðleikar steðjuðu að og þær voru undir miklu tilfinningalegu álagi. Höfnun og einangrun eru tilfinningar sem þær nefndu oft. Þegar heim var komið

tók það sama við, þær vildu stuðla að stofnanalærdómi en fannst starfsmenn á skrifstofu friðargæslunnar sýna sér fálæti. Þær áttu jafnvel auðveldara með að miðla reynslu sinni til erlendra stofnana en innlendra. Mesta athygli vakti þó að þær töldu allar að þessi reynsla hefði verið persónubundin, því almennt hlytu friðargæsluliðar að fá betri stuðning, hvort heldur var við undirbúning, störf á vettvangi eða heimkomu.

Ráðning, þjálfun og brottför: „Skautasvell sem ég ætla að hanga svolítið á“

Konurnar sem rætt var við í rannsókninni höfðu sóst eftir því að komast í verkefni á vegum Íslensku friðargæslunnar. Sumar höfðu reynt oftár en einu sinni en ekki orðið ágengt fyrr en þær hittu á „réttu manneskju“, þ.e. þann starfsmann utanríkisráðuneytisins sem tengdi færni þeirra við verkefni sem var í boði. Af orðum þessara kvenna að dæma virðist tilviljun hins vegar hafa ráðið því að þær fengu starfið, því oft komu tækifærin í kjölfar óformlegra samtala. Sameiginleg reynsla kvennanna var að til að komast í verkefni hjá Íslensku friðargæslunni þyrftu konur sjálfar að eiga frumkvæðið og hafa trú á sjálfum sér. Þeim fannst þær þurfa að hafa eitthvað fram að færa, ekki síst menntun eða sérþekkingu, en að auki væri nauðsynlegt að hafa aðgang að þeim sem réðu í störfin. Flestar töldu sig hafa fengið starfið að hluta til vegna brennandi áhuga á viðfangsefninu og ein þeirra gekk svo langt að segja að hún væri með „átakabakteríu“. Vini hennar bauðst staða sem var að losna, hann hafði ekki áhuga, en nefndi það við hana hvort hún vildi fara og hún sendi þá póst til yfirmanns Friðargæslunnar. Hún lýsir þessu þannig:

Sagði bara hver ég var, og sagði að ég hefði áhuga á að fara [á vettvang], af því ég hefði heyrt að staða [...] væri að opnast. Og [...] var bara boðuð í viðtal í framhaldi af því. Og svo fór ég út. Já. Með [...] þjálfun, vitaskuld, inn á milli. Þannig byrjaði þetta.

Flóknara er það ekki að komast í starf á vegum Íslensku friðargæslunnar. Þekkja rétta fólkið og vera á réttum stað á réttum tíma. Stundum tókst það ekki í fyrstu tilraun, sumar kvennanna þyrftu að

minna oftár á sig. En þær gátu komið sér á framfæri með því að setja sér markmið, finna sér „skautasvell til að hanga á“ eins og ein orðaði það. Hún kom sér út á svellið með því að hafa samband við Íslensku friðargæsluna að fyrri bragði og leggja áherslu á eigin þekkingu og getu. Þannig fékk hún, eftir að hafa minnt á sig reglulega í nokkur ár, starf við sitt hæfi.

Konurnar töldu nokkuð lagt upp úr þjálfun hjá Friðargæslunni, einkum hvað varðaði jafnréttismál. Nýliðar reiknuðu því frekar með að fá þjálfun áður en farið var á vettvang. Í sumum tilvikum fóru konur fram á þjálfun að fyrri bragði, óskuðu eftir upplýsingum eða gengu út frá því að þær fengju þær í hendur. Oftast brugðust þær væntingar. Ein vildi vita áður en hún fór á vettvang hvað fælist í starfinu – hvaða hugmyndir utanríkisráðuneytið gerði sér um framlag hennar á vettvangi. Þetta fannst henni mikilvægt í ljósi þess að hún hafði ekki reynslu af friðargæslustörfum. Svarið sem hún fékk voru „tvö stikk-orð á gulum minnismiða“. Í þessu tilviki hafði konan nokkuð rúman tíma til að undirbúa brottför sína, svo hún sótti fyrirlestra sem voru haldnir á vegum utanríkisráðuneytisins og hún taldi tengjast starfinu eða gætu nýst í því. Hún setti sig svo að lokum sjálf í samband við vinnustaðinn erlendis til að fá að vita í hverju starfið ætti að felast og komst að því að þar myndi hún fá:

[...] svona möppu, með alls kyns leiðbeiningum. Og mér tókst að kría út gamla svona möppu frá konu sem var nýkomin heim [...] sem ég las sjálf, sem var rosalega gagnlegt. En það var mitt frumkvæði að fá það.

Þegar betur var staðið að undirbúningi fóru konurnar með aðeins meiri upplýsingar á vettvang en kemur fram í dæminu hér að ofan og í sumum tilvikum fengu þær einhverja þjálfun fyrir brottför. Það virtist þó hafa verið tilviljanakennt og gerðist kannski rétt áður en þær fóru. Í einu tilviki frestaðist brottför konu um nokkrar vikur, að því er hún taldi vegna þess að starfsmaður Friðargæslunnar hafði gleymt að ganga frá atvinnuleyfi og vegabréfsáritunum fyrir hana. Í öðru tilviki var hóað í konu þremur dögum fyrir brottför og hún boðuð á svokallað sprengjunámskeið hjá Landhelgisgæslunni. Hún taldi að það hefði nýst vel ef hún hefði verið að fara á stað þar sem

sprengjur féllu ekki af himni ofan heldur væru faldar í bílum. Í hennar tilviki átti hið fyrra við og þjálfunin kom því að litlu gagni.

Ýmsar þessara kvenna höfðu starfað á vettvangi áður og virtist Íslenska friðargæslan þá telja óþarft að leggja mikla áherslu á þjálfun, þótt beðið væri um hana. Í einu tilviki var kona að fara á átakasvæði í fyrsta sinn:

Og það gleymdist, hreint og beint, ef ég á að segja alveg eins og er, að senda mig í einhvers konar trainingu, sem átti að vera svona soldið upplýsandi um til dæmis ... hvers konar átökum ég ætti ... von á að sjá ... og hvers konar sprengjur væru notaðar, og svona ýmislegt annað. En ég fékk útprentun [þögn] þú veist, svona slideshow [stresshlátur]! Fékk svona Power Point glærur með mér til þess að lesa yfir í vélinni!

Önnur kona hafði svipaða sögu að segja en fannst hún sjálf bera ábyrgð á undirbúningsleysinu og taldi að ef hún hefði verið svolítið ákveðnari hefði hún sennilega fengið þjálfun fyrir brottför.

Ég hefði viljað, til dæmis, vita meira um NATO. Ég veit það eru námskeið sem margir fóru á. Og ég hefði gjarnan viljað fara á svoleiðis námskeið. Og fá meiri þjálfun. Ef ég hefði kannski verið frekari, þá hefði ég fengið það. En ég fékk enga þjálfun.

Þetta var þó ekki alltaf raunin. Ein konan hafði ekki reynslu af vettvangi og var að fara í starf hjá stórrí alþjóðastofnun. Hún var send í þjálfun hjá stofnuninni áður en hún hóf störf, en slíkt heyrði til undantekninga meðal viðmælenda. Konur sem fóru til starfa á sviði jafnréttismála virtust sjálfkrafa vera taldar sérfræðingar á því sviði. Fæstar fengu þjálfun fyrir brottför og á vettvangi voru þær ekkert settar inn í starfið. Þekking þeirra á stofnuninni sem þær fóru að vinna hjá og samfélaginu sem þær störfuðu í var því afar takmörkuð og þær gátu einungis treyst á fyrri reynslu. Í undantekningartilvikum var veitt þjálfun í jafnréttismálum fyrir brottför. Hún var þá yfirborðskennd og aðallega í formi reynslusagna leiðbeinendanna af vettvangi, eða eins og ein konan sagði: „ekkert sem að hefur markað djúp spor í sálu mína“.

Rétt eins og konan sem taldi að hún hefði fengið þjálfun ef hún hefði sóst eftir henni var önnur sannfærð um að ástandið væri ekki svo slæmt – viljinn til að veita þjálfun fyrir brottför eða þegar hún kæmi heim í leyfi væri fyrir hendi.

Ég held að þau hafi bara algjörlega gefið sér að ég vissi það sem þau myndu annars segja mér. Sem er auðvitað ... þú veist, ég veit ekkert allt! Þú veist, þau gætu kennt mér eitthvað, en ég held það hafi alveg fyrirgefist þarna! Vegna þess að þau eru samt að sýna viðleitni til þess að allvegana senda fólk ... ekki af stað fyrr en það hefur fengið jafnréttisfræðslu eða þá að ef það kemur í leyfi þá stökkva á það að sjá til þess að það fái jafnréttisfræðslu. Það er alveg vilji núna til þess að gera það.

Þessi kona taldi þjálfunina vera betri þegar viðtalið var tekið (árið 2010) en þegar hún þurfti á henni að halda, sem var nokkrum árum fyrr.

Þjálfunin sem boðið var upp á var oftast ætluð til að auka öryggi kvennanna sjálfra á vettvangi og lítið var um jafnréttisþjálfun. Konurnar virtust eigi að síður sannfærðar um að starfsfólk utanríkisráðuneytisins væri að gera sitt besta og bentu ítrekað á að ef þetta fólk fengi frið til að sinna starfi sínu myndi það veita friðargæslulíðum meiri aðstoð og bæta undirbúning. Einnig virtust þær telja að þeirra reynsla væri undantekning, þjálfun almennt væri betri en sú sem þær fengu.

Þegar leið að brottför voru flestar konurnar komnar með einhverjar upplýsingar í hendur. Þær höfðu eins og áður segir mismikla þjálfun að baki en voru tilbúnar að leggja af stað. Ef engin vandamál komu upp var farið beint á áfangastað en oft var eitthvað sem brást. Það virtist til dæmis vera regla frekar en undantekning að vegabréfsáritun og álíka nauðsynjar gleymdust. Í einu tilviki var kona komin í launalaust leyfi frá störfum en sat aðgerða- og launalaus heima vikum saman á meðan Friðargæslan gekk frá lausum endum.

Vettvangurinn: „Maður finnur svo mikla ást“

Flestum þykir erfitt að koma sér fyrir í framandi landi, jafnvel þótt aðstæður séu góðar. Konurnar sem rætt var við áttu það sameiginlegt að vera fullar af ævintýraþrá og tilbúnar að takast á við krefjandi

verkefni við framandi aðstæður. Ef þær störfuðu fyrir stofnun eins og Sameinuðu þjóðirnar þurftu þær sjálfar að finna sér húsnæði og komast í tengsl við samfélagið – sem oftast var hægara sagt en gert. Þær skorti gjarnan upplýsingar um hvernig samfélagið virkaði og komu sér ósjaldan í óþægilega stöðu, eins og til dæmis ein konan sem sagðist hafa verið „eini bleiki trefillinn“ í mótmælum þar sem úði og grúði af svartklæddum heimamönnum í leðurjökkum. Ein orðaði það svo að hana hafi vantað „lykla að samfélaginu“. Þetta leiddi til þess að hún lifði tiltölulega einangruðu lífi og var aðallega í samskiptum við vissa *élítu* heimamanna og annarra útlendinga á svæðinu. Aðgangur hennar að samfélaginu var í gegnum samskipti við fólk sem lifði við misrétti og hafði upplifað stórkostlegt ofbeldi. Hún heyrði sögur af börnum sem voru tekin af heimilum sínum í skjóli nætur og ein amman sagði henni frá afhöfðun dóttur sinnar fyrir framan barnabörnin.

Krakkarnir eru svona sex og sjö ára og þau eru að leika svona við fætur okkar við stofuborðið og hún er að lýsa því fyrir okkur hvernig hermaðurinn kom inn og hjó höfuðið af mömmunni og höfuðið rúllaði svona yfir stofugólfið og svo tóku þeir pabb... hún lýsti öllu í smáatriðum, og mér er svo minnisstætt að krakkarnir voru hætt að hlusta. Þannig að, sko, fyrir mér ... þetta eitthvað svona sem fer aldrei úr huga mér. Þú veist, bara einhvern veginn ókei, stríðinu lýkur aldrei.

Börnin hlustuðu dofin á söguna af því þegar móðir þeirra var myrt og konan hélt að þau hefðu heyrt hana svo oft að þau kipptu sér ekki upp við hana lengur. En íslensk kona sem kom úr vernduðu samfélagi hafði aldrei heyrt svona sögur áður og þurfti oft sjálf á stuðningi að halda. Hún vissi að fólk yrði að fórnar ýmsu til að koma á breytingum og þetta var hennar framlag. Hún tók utan um ókunnugt fólk og grét með því, því hún vissi að ef árangur ætti að vera af starfinu yrði hún að ávinna sér traust þess.

Konur sem sendar eru til starfa á áttaksvæðum gengu að fullbúnu heimili þar sem þær áttu að búa. Oft bjuggu þær með samstarfsmönnum sínum sem oftast voru allir karlkyns og eldri en konurnar. Flestir voru núverandi eða fyrrverandi hermenn. Margar þessara kvenna urðu sjálfar vitni að ofbeldi eða afleiðingum þess. Ein þeirra lýsti aðkomu sinni á heimili:

Þar sem [ég gekk] inn á, þú veist, bara heila fjölskyldu hangandi niður úr loftinu, og bara hérna [taugaveiklunarhlátur] og bara mjög svona dramatískir atburðir að ég bara, sagði, ég vil fá [aðstoð].

Þessi kona fór fram á aðstoð og fékk að tala við prest sem var sérhæfður í að vinna með hjálparstarfsfólki sem hafði orðið fyrir áföllum. Sama kona heyrði af ofbeldi í nánnum samböndum samstarfsfólks síns og varð ekki einu sinni hissa þegar hún heyrði að ein samstarfskona hennar hefði myrt tengdason sinn. Hún var orðin dofin, eins og börnin sem voru hætt að heyra söguna af því hvernig móðir þeirra var drepin. Þessi kona vaknaði svo einn góðan veðurdag upp við það að hún hafði ekki átt eitt einasta samtál við konu svo vikum skipti. Hún tók sig þá til og lakkaði á sér neglurnar – og fann þá aftur á sér kvenlegu hliðina – en komst jafnframt að raun um að naglalakkshreinsir fékkst ekki í mörg hundruð kílómetra radíus.

Sem friðargæsluliðar höfðu konurnar oft orðið að búa sér til verkefni, því tvö stikkorð á gulum miða eru ekki fullnægjandi starfslýsing þegar komið er á vettvang. Sumar þurftu jafnvel að móta stefnu Íslands upp á eigin spýtur, því þótt hægt væri að hafa samband við skrifstofuna heima kom lítið út úr því. Ein konan bað árangurslaust um stefnu að heiman – og bjó þá bara til:

ákveðna túlkun, eitthvað sem ég presentera bara, bæði fyrir samstarfsfólki mínu, heimamönnum og öðrum. Þetta er staða Íslands, þetta er markmiðið með starfinu hér.

Þessi kona varð þannig stefnumótunaraðili í Friðargæslunni en ekki bara venjulegur „starfsmaður á plani“. Áhrif kvennanna urðu þó ekki eins víðtæk og þetta sjálftekna vald gæti gefið til kynna. Þegar sprengjur fóru að falla í kringum eina konuna reyndi hún að hafa samband heim en fékk engin svör frekar en fyrri daginn, því öll samskipti við starfsmenn sem sendir eru út eru í algjöru lágmarki. Hún fór að hafa áhyggjur af öryggi sínu,

og sendi heim reglulega, forwardaði öllum skýrslum um sprengjuárásir en fæ ekkert feedback, svo maður fer að skrifa, þessi lenti á veginum sem ég keyri heim úr vinnunni. Sendir það. Þessi lenti á bílastæðinu ...

þar sem að við búum. Ekkert svar. Þessi lenti ... svona 20 metrum frá þar sem ég bý. Ekkert svar. Hafið þið ekki einhver viðbrögð? Er ekki eitthvað sem ykkur finnst að ég ætti að vera að gera? Ætti ég að passa mig betur, eða ... Og svona fimm dögum seinna fær maður, hérna. „Já, einmitt. Fylgdu því sem að Danirnir eru að gera“ [dregur djúpt andann] og maður svona ahhh [dregur djúpt andann aftur]. Maður finnur svo mikla ást!

Hún talar um sjálfa sig í fyrstu persónu allt viðtalið, en þarna skiptir hún yfir í þriðju persónu, mögulega til að fjarlægja sig sársaukanum sem fylgir því að vera skilin eftir í landi þar sem stríð geisar. Sú viðmælendenna sem sagðist vera með átakabakteríu var alls ekki örugg við þessar aðstæður. Önnur kona rankaði einn morgun við sér á gólfinu og varð skelfingu lostin þegar hún áttaði sig á því að handsprengrja hafði sprungið hinum megin við vegginn hjá henni. Á sama tíma snerist öll fjölmiðlaumfjöllun á Íslandi um íslenska ferðamenn sem voru í sjö kílómetra fjarlægð frá sprengjuárásum í öðru landi. Fjölmiðlar

hringja í þetta fólk, og er í lagi með ykkur? Og þau bara [sýpur hveljur], það eru ekki nema bara sjö kílómetrar í sprengjurnar, og bara, við erum að reyna að komast heim og bara panikk, og allir að tala um þetta aumingja, aumingja fólk. Og maður bara sat þarna, alveg bara [hlær] með nóg ... og utanríkisráðuneytið bara ... *Enginn* sem brást við *neinu*, sko! Og ég hefði sennilega ekki trúað því að óreyndu hvað manni gat sárnað þetta.

Hún túlkaði þetta þannig að hún hefði sjálf komið sér í stöðu sem hún réð ekki við en af því að hún þáði starfið gæti hún ekki vænst neinna viðbragða að heiman. Ráðuneytið, sem brást ekki við ítrekuðum tölvupóstum frá henni, sendi flugvél eftir ferðamönnunum og kippti nokkrum öðrum Norðurlandabúum með í leiðinni. Henni fannst hún vera einskis virði en vildi trúa því að vinnan skipti máli. Önnur samdi skýrslur um hluti sem hún hefði aldrei trúað að hún færi að vinna með:

Hluti eins og að taka saman hversu margir hefðu verið drepnir, hversu margir hefðu horfið, hverjir hefðu sætt einhvers konar ofbeldi. Og það

var, það var mjög skrýtið. Af því maður var allt í einu að takast á við allt aðra hluti en maður hafði nokkurn tímann gert áður.

Önnur talaði um samstarfsmann sem reyndi að finna nýjan gististað handa fjölskyldu sinni á hverju kvöldi í þeirri von að halda henni á lífi og sagðist sjálfur vera „eins og læða sem ber kettlingana sína í kjaftinum“. Hann hafði búið við þessar aðstæður í hálf tveimur árum og var að sækja um hæli á Vesturlöndum. Hann vildi ekki yfirgefa heimaland sitt en gat ekki lifað við þetta lengur. Önnur kona talaði um feðurna sem seldu dætur sínar í vændi og velti því fyrir sér hvort hennar störf gætu breytt einhverju þar um. Hún hugsaði um örvæntingu fólks sem gripi til slíkra ráða og fyrirvarð sig fyrir að finnast sínar aðstæður erfðar. Þriðja konan horfði á glæpagengin í kringum sig og fékk á tilfinninguna

að það væri verið að svona klappa manni á kollinn, „Æi, hvað þið eruð sæt að vera að vinna svona í mannréttindamálum, mikið er það fallega gert af ykkur“ [hlátur], þú veist „og hérna hinum megin við hornið erum við bara í sko með, að trafficka tuttugu konur ...“

Samt vildu allar þessar konur trú á því að störf þeirra skiptu máli. Viljinn til að trú er sterkur. Enn önnur kona gerði súlurit yfir barnadauða og sendi út myndir af börnum sem höfðu verið myrt af óvinaher. Hún var í áfalli yfir viðfangsefninu en vonaði að verk hennar hefðu áhrif. Sú sem fékk að tala við prestinn gerði það þótt karlarnir á starfsstöðinni hæddust að henni fyrir vikið. Konurnar veltu því flestar fyrir sér hvort þær væru að brenna út, hvort það væri svona mikið að gera á skrifstofunni heima, fyrst enginn hefði tíma til að svara tölvupóstskeytunum sem þær sendu þangað. Konurnar bjuggu margar við óryggi í sínu eigin starfi og efuðust um að þær væru að leggja mikið af mörkum til öryggis heimamanna. Samt vildu þær trú á því að þetta væri betra en ekkert. Það skipti þær miklu að framlag þeirra nýttist til lengri tíma lítið og þær vildu koma því til skila heima.

Að skila reynslunni: „Það er bara læst, innhólfið“

Hluti af því að starfa við friðargæslu á vettvangi er að koma heim aftur. Margir sem hafa sinnt störfum sem þessum missa þolinmæðina gagnvart hversdagsleikanum og verða það sem kallað er „mission junkies“, einstaklingar sem þrífast hvergi nema á átakasvæðum, undir álagi og í skammtímasamböndum, bæði platónskum og rómantískum.⁵¹ Konurnar sem rætt var við í þessari rannsókn vissu að þetta væri ekki æskilegt fyrir þær og töldu eðlilegt að mikið væri lagt upp úr því að fólk ynni úr reynslu sinni eftir að það sneri heim og þá, að álitu flestra, með reglulegum fundum með sálfræðingum. Íslenska friðargæslan skuldbindur starfsfólk sitt til að fara á einn slíkan fund en fylgir því ekki eftir. Ein konan taldi þetta ekki fullnægjandi en annarri fannst þessi eini duga sér vel.

Í einu tilviki lauk verkefni konunnar skyndilega. Hún var send heim og sótt á flugvöllinn. Í kjölfarið var haldinn fundur með utanríkisráðherra til að ræða um verkefnið. Þær úr hópi viðmælenda sem komu heim úr venjubundnum verkefnum fengu enga slíka fundi. Sumar vildu þó fá að setjast niður með starfsfólkinu á skrifstofunni heima og töldu nauðsynlegt að tala um starf sitt til að reynsla þeirra nýttist í framtíðinni. Ein lýsti vonbrigðum með dræmar undirtektir. Hún sagðist hafa

gert alveg ótrúlega mikið af að reyna að fá að skila [reynslunni]. En það er bara læst, innhólfið [hlær]! Ég fæ bara ekki að skila þessu til baka [heima] en á móti er ég að skila þessu til baka á allt öðrum stöðum. Sem er pínulítil synd sko ...

Sumar kvennanna hafa flust úr landi og vinna nú að svipuðum verkefnum fyrir alþjóðlegar stofnanir. Þar finnst þeim reynsla þeirra meira metin. Aðrar hafa snúið sér að allt öðrum störfum í kjölfarið, kannski til að þurfa ekki að horfast í augu við að þessari reynslu hafi verið hafnað. Þeim finnst þessi reynsla dýrmæt og skippta máli.

Þótt ekki hafi verið sóst eftir fundum með konunum hér heima skrifuðu sumar þeirra skýrslur um starfslok sín fyrir stofnanirnar sem

51 Eva-Maria Siljanen: „Returning home after a civilian crisis management mission“, *CMC Finland Yearbook 2010 on Peacebuilding and Civilian Crisis Management Studies vol. 3 nr. 6/2010*, ritstj. Kirsi Henriksson, Helsinki: CMC Finland, 2010, bls. 22–43.

þær störfuðu hjá. Í einhverjum tilvikum var jafnvel kallað eftir þátttöku þeirra á fundum í löndum sem áttu aðild að verkefnum þeirra og þar fannst þeim að hlustað væri á þær. Í kjölfar slíks fundar skrifaði ein þeirra skýrslu um starf sitt og sendi til skrifstofu Friðargæslunnar. Þegar hún síðan hringdi þangað og minntist á verkefnið við nýjan starfsmann var eins og enginn hefði lesið skýrsluna. Skipt hafði verið um starfsmann þrisvar sinnum á þeim mánuðum sem hún var á vettvangi og hún vissi ekki hversu mikið þessi starfsmaður vissi. Hana langaði að deila reynslunni, sem henni þótti merkileg, með honum. Verkefnið hafði verið unnið með óvenjulegum hætti og hún taldi að Ísland ætti að reyna að læra af þeirri reynslu. Önnur taldi starf sitt, sem fólst í því að vinna að stjórnarskrárbreytingum með konum, hafa falið í sér mikla nýbreytni sem nýta ætti reynsluna af. Ein fór á fund hjá Friðargæslunni til að ræða hugmyndir sínar en í staðinn fyrir að á hana væri hlustað fékk hún „fyrirlestur“ um starfsemi stofnunarinnar, sem hún taldi sig þekkja ágætlega. Hún hrsti höfuðið yfir fáfræði starfsmanna Friðargæslunnar og var ósatt við hvernig staðið væri að mannráðningum á skrifstofunni. Hún hélt samt að þessi viðbrögð hefðu verið undantekning. Hún væri jú enginn reynslubolti og reynsla hennar því engin nýjung fyrir starfsfólkið. Hún taldi víst að það hefði verið hlustað á það sem aðrir útsendir starfsmenn hefðu að segja við heimkomu. Hún kunní samt vel við fólkið sem tók á móti henni á skrifstofunni. Gleymdi jafnvel að það hefði aldrei svarað henni. Kannski var það ekki þetta fólk.

Samantekt og lokaorð

Ég hef reynt að varpa ljósi á reynslu átta ólíkra kvenna af störfum sínum fyrir Íslensku friðargæsluna á fyrsta áratug 21. aldar. Þrátt fyrir ólík verkefni og mismunandi vettvang var mikill samhljómur í sögum kvennanna og mótar reynsla þeirra merkilega samstæða heild. Þeim fannst þær valdefldar vegna þess hvernig þær völdust til starfa, því þær áttu gjarnan frumkvæði að því sjálfar. Störfin voru sjaldnast auglýst heldur fréttu þær af möguleikanum og höfðu samband við Friðargæsluna. Sumar fengu viðtal og starf eftir fyrstu tilraun, aðrar þurftu að reyna oft, en oftast var þetta samspil frumkvæðis og heppilegrar tilviljunar, þ.e. þær fréttu af tækifærum í gegnum vel

tengdan vin eða kunningja, eða voru jafnvel að vinna önnur verkefni í samstarfi við ráðuneytið og einhverjum datt í hug að láta þær vita af möguleikanum á því að fara í starf á vettvangi.

Reynsla kvennanna af undirbúningi starfsins hér heima var sennilega það sem greindi þær helst að. Ferlið virðist sérstaklega tilviljanakennt og mikill munur á því hvort konur fengu nokkra eða endurtekna þjálfun til að sinna verkefnum sem þær voru þó ráðnar í sem sérfræðingar. Konurnar lentu jafnvel í því að fá ekki vegabréfsáritun í tæka tíð fyrir áætlaða brottför og urðu fyrir tekjumissi af þeim sökum. Þær trúðu því þó flestar að ef þær hefðu sjálfar verið nógu „frekar“ hefðu þær fengið betri undirbúning, en að þeirra reynsla væri samt undantekning frekar en regla.

Þegar komið var á vettvang fannst konunum Friðargæslan sýna þeim mikið traust því þær fengu að sinna sínum verkefnum afskiptalaust. Þetta gat þó stundum verið til trafala, þar sem þær hefðu gjarnan viljað fá skýrari leiðbeiningar um verkefni og verkferla og mikill skortur var á undirbúningi, þótt þær hafi bjargað sér upp á eigin spýtur þegar á reyndi. Samskipti þeirra við heimamenn á vettvangi voru takmörkuð og þær sögðust frekar hafa verið í tengslum við einhvers konar *elítu*, eða að minnsta kosti miðstéttarfolk, þar sem góð sambönd voru nauðsynleg til að fá aðgang og eiga í samstarfi við alþjóðastofnanir og utanaðkomandi starfslíð. Reynsla þeirra fellur eigi að síður vel að þeim fræðilega grunni sem var settur fram um hlutverk kvenna í úrlausn átaka og friðaruppbyggingu.

Allar konurnar voru sammála um að skrifstofa Friðargæslunnar hefði ekki sinnt þeim nægilega vel. Neikvæða hliðin á því hve vel þeim var treyst til að gegna erfiðu starfi án mikils undirbúnings hefði verið sú að ekki var brugðist við aðstoðarbeiðnum og kalli eftir upplýsingum og regluverki. Þegar lífi þeirra var stefnt í hættu og Friðargæslan brást ekki við fannst þeim heimalandið hafa hafnað sér þar sem gæslan var eini formlegi tengiliður þeirra við þjóðina. Þær efuðust oft um gagnsemi starfsins sem þær gegndu en lögðu mikla áherslu á að þær vildu trúa því að það myndi skila árangri. Þessi vilji til að trúa var jafnvel í fullri mótsögn við þær staðreyndir sem við þeim blöstu í starfinu.

Eftir heimkomu reyndu konurnar að deila því sem þær höfðu lært á vettvangi en fengu dræmar undirtektir. Í sumum tilvikum var tekið á móti þeim á skrifstofu Friðargæslunnar en þeim fannst ekki hlustað á sig af áhuga eða unnið úr því sem þær töldu sig hafa fram að færa. Þær fundu þá fyrir enn frekari höfnun og sneru sér að öðrum störfum eða fóru af landi brott og sóttu í sambærileg störf hjá öðrum stofnunum. Þeim fannst sárt að horfa upp á áhugaleysið á skrifstofu Íslensku friðargæslunnar og skort á vilja til að þróa og styrkja friðargæsluna með því að taka við því sem þær höfðu fram að færa. Þær voru þó sannfærðar um að þetta væri ekki stofnanabundinn vandi heldur einstaklingsbundinn.

Í viðtölunum halda konurnar við þeirri orðræðu Íslensku friðargæslunnar og alþjóðastofnana að konur gegni mikilvægu hlutverki í friðaruppbyggingu á alþjóðavettvangi. Þær voru oftast í minnihluta sem konur á karlavettvangi, nema þar sem þær sinntu störfum á vegum stofnana á borð við UNIFEM. Í störfum sínum sinntu þær gjarnan verkefnum sem áttu að stuðla að persónulegu, efnahagslegu og félagslegu öryggi kvenna með því að útrýma öllum tegundum ofbeldis og vinna að valdeflingu þeirra í viðkomandi löndum – frekar en verkefnum sem tengjast þjóðaröryggi eins og það er skilgreint á hefðbundinn hátt. Þær stóðu eigi að síður frammi fyrir ögrunum sem endurspeglar þær hugmyndir um karlmennsku og kvenleika sem fræðimenn benda á að tengist hernaðarhyggju og framkvæmd friðargæslu víða um heim. Í flestum tilvikum fundu konurnar til öryggisleysis á vettvangi og áttu erfitt með að sjá að þær væru að leggja eitthvað fram til öryggis kvenna í samfélaginu sem þær störfuðu í. Enn og aftur vildu þær þó trú á því að störf þeirra hefðu áhrif til hins betra þegar til lengri tíma væri litið.

Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar varpar ljósi á það hvernig Íslenska friðargæslan velur fólk til starfa, þjálfar það og heldur utan um það á vettvangi. Í öllum tilfellum er ljóst að gera má töluvert betur og er það einn lærdómur sem draga má af rannsókninni. Þátttakendur í rannsókninni bentu gjarnan á að í ráðuneytinu virtist vera mikið álag á starfsfólki og því hreinlega gert ókleift að gegna sínum daglegu skyldum án þess að vera kallað til annarra verkefna, sem þá virtust vera meira knýjandi.

Vissulega er ekki hægt að fullyrða um orsakir og afleiðingar eða alhæfa um að þetta sé reynsla allra þeirra sem starfa á vettvangi á vegum Íslensku friðargæslunnar. Einhverjar undantekningar voru líka í frásögnum kvennanna. Hér var unnið úr þeim dæmum sem mestur samhljómur var í en athyglinni ekki beint sérstaklega að einstaklingsbundinni reynslu sem ekki endurspegladi sameiginlega reynslu kvennanna af tilteknu fyrirbæri. Upp úr stendur að reynsla þessara kvenna af störfum á vegum Íslensku friðargæslunnar er persónulega þroskandi en jafnframt þungbær. Þær koma heim og vilja mjög gjarnan deila því sem þær hafa gengið í gegnum með öðrum en fá takmörkuð tækifæri til þess. Ekki virðist vera áhugi á því að stuðla að stofnanalærdómi með því að vinna markvisst úr reynslu kvennanna. Í kjölfar rannsóknarinnar vaknar því sú áleitna spurning hversu skýr markmið Íslands séu með þátttöku ríkisins í þróunar- og friðaruppbyggingarverkefnum á alþjóðavettvangi? Stefnumótun, markmiðasetningu og eftirfylgni virðist mjög ábótavant ef reynsla þessara átta kvenna er vísbending um hvernig staðið er að verki.

Útdráttur

Gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á reynslu íslenskra kvenna af störfum fyrir Íslensku friðargæsluna. Markmið utanríkisstefnu Íslands er að auka aðkomu kvenna að friðaruppbyggingu og því eru frásagnir kvennanna skoðaðar í ljósi femínískra öryggisfræða sem tengjast hugmyndum um stöðu og þátttöku kvenna í utanríkis- málum, kyni og öryggi, karlmennsku og hermennsku. Átta viðtöl voru tekin og þau greind með frásögugreiningu sem byggist á nálgun fyrirbærafræði. Viðtölin eru notuð til að varpa ljósi á sameiginlega þætti í reynslu þeirra af því að starfa á erlendum vettvangi fyrir Íslensku friðargæsluna. Konurnar mynduðu nokkuð einsleitán hóp og þótt verkefni þeirra væru ólík var margt sammerkt með reynslu þeirra. Niðurstöður sýna að konunum fannst þær njóta mikils trausts hjá Íslensku friðargæslunni en fundu um leið til höfnunar þegar eitt- hvað bjátaði á. Í erfiðum aðstæðum á vettvangi skorti verulega upp á utánumhald og stuðning að heiman. Þótt hlutverk kvennanna hafi verið að stuðla að friðaruppbyggingu og öryggi heimamanna þurftu þær að hafa mikið fyrir því að skapa sjálfum sér öruggt starfsum-

hverfi. Þá virðist ráðningar- og þjálfunarferli vera mjög ábótavant. Loks myndi betri stoðþjónusta heima fyrir skila sér í jákvæðari reynslu starfsfólks Friðargæslunnar og markvissara starfi á vettvangi.

Lykilorð: *fríðargæsla, femínísk öryggisfræði, Íslenska fríðargæslan, frá-sögugreining, alþjóðasamskipti, íslensk utanríkisstefna*

Abstract

This article presents the results of a study of the experience of Icelandic women working for the Icelandic Crisis Response Unit. An Icelandic foreign policy document states that increased participation by women in peace-making and peacekeeping is a goal in itself. The interviews are therefore analysed in the light of feminist security studies, which are related to ideas about the role and participation of women in foreign affairs, gender and security, and masculinity and militarism. The study is based on eight interviews in which narrative analysis, grounded in a phenomenological approach, is employed. The informants' experience is built into a composite narrative, in order to draw attention to their shared experience of working in the field for the Icelandic Crisis Response Unit. The women were a fairly homogenous group, and while they had worked in different places and on different projects, their experiences were similar in many ways. The results indicate that the women felt the Icelandic Crisis Response Unit had great trust in them. At the same time, they felt rejected when confronted with certain difficult circumstances, for example, when they discovered the lack of support available from home. Whereas the women's job was to promote peace-building and the security of the local population, they had to make a huge effort to ensure a secure working environment for themselves. There appear to be shortcomings in the recruiting and training program for the Icelandic Crisis Response Unit, and a better support system at home would create a more positive experience for staff working abroad and make projects more effective.

Key words: *peacekeeping, feminist security studies, Icelandic Crisis Response Unit, narrative analysis, international relations, Icelandic foreign policy*

Jafnrétti fyrir alla

Eitt markmið, ólíkar leiðir

ÞORGERÐUR H. ÞORVALDSDÓTTIR

Á undangengnum árum hefur jafnréttisörðræða og áherslur í jafnréttisstarfi verið að breytast og í stað þess að líta eingöngu á jafnrétti kynjanna er nú einnig farið að sinna jafnrétti ýmissa minnihlutahópa og því sem kallað hefur verið „margþætt mismunun“. Doktorsrannsókn mín¹ leiddi í ljós að mikil togstreita einkenndi umræðuna um að víkka jafnréttisstarfið út og var þá bæði tekist á um markhópa og verksvið. Spurt var hvaða hópum bæri þá að sinna í opinberu jafnréttisstarfi og hvert eðli og umfang þess starfs ætti að vera en hér á landi hefur útvíkkun á þessu sviði hingað til að mestu verið bundin við sveitarstjórnarstigið. Niðurstaða mín var hins vegar afdráttarlaus: Útvíkkun jafnréttisstarfs í hvers kyns formi væri bæði óhjákvæmileg og æskileg. Forsenda þeirrar niðurstöðu er byggð á því að kynjajafnrétti verði ekki að fullu náð nema jafnframt sé tekið á öðru misrétti sem rekja má til þátta sem eru samtengdir kyngervi, svo sem stéttar, kynþáttar, þjófðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs og fötlunar, á öllum sviðum samfélagsins.² Áskorunin sem nú blasir við snýst því um að finna lagalegan og stofnanalegan farveg til þess að sinna „jafnrétti

1 Sjá: Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *From Gender Only to Equality for All: A Critical Examination of the Expansion of Equality Work in Iceland*. Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands, Reykjavík, 2012. Doktorsrannsóknin var styrkt af EDDU – öndvegissetri, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Jafnréttissjóði, Marie Curie Early Stage Research Training, Rannsóknarnámssjóði og Félagi íslenskra háskólakvenna.

2 *Sama rit*, bls. 268–269.

allra“ og þar með stórum málaflokkum eins og málefnum innflytjenda og fólks með fötlun ásamt svokallaðri margþættri eða fjölþættri mismunun (e. *multiple discrimination* eða *multidimensional discrimination*) án þess að kynjajafnrétti sé ýtt til hliðar. Í því sambandi hefur verið spurt hvort sömu aðferðir til að koma á jafnrétti gagnist öllum og hvort þeir ólíku hópar sem mismunað er í samfélaginu eigi nógu margt sameiginlegt til þess að deila stofnanarými³ og viðhlítandi *one size fits all* jafnréttisstefnu þar sem eitt á að henta öllum.⁴

Í þessari grein skoða ég stöðu jafnréttismála á Íslandi með hliðsjón af regluverki Evrópusambandsins sem snýr að vernd gegn mismunun. Víðtækt jafnréttis- og mannréttindastarf sem fram fer á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, sem og Evrópuráðsins verður hins vegar ekki skoðað sérstaklega. Þess í stað er sjónum beint að tveimur Evróputilskipunum, það er tilskipun nr. 2000/43/EB um bann við mismunun á grundvelli kynþáttar eða etnis⁵ (e. *ethnicity*) og tilskipun nr. 2000/78/EB sem fjallar um jafna meðferð á vinnumarkaði⁶ með tilliti til trúarbragða eða lífsskoðana, fötlunar, aldurs og kynhneigðar. Báðar falla þær utan EES-samningsins og því ber Íslandi ekki skylda til að innleiða þær. Þrátt fyrir það hefur inntak þeirra verið til umræðu innan íslenska stjórnkerfisins frá 2005⁷ þótt enn hafi heildstæð löggiöf um bann við mismunun ekki litið dagsins ljós hér á landi. Til samanburðar skoða ég hvers konar laga- og stofnanalegt umhverfi hefur verið búið til í kringum útvíkkað jafnréttisstarf á hinum Norðurlöndunum og máta þær ólíku leiðir sem þar hafa verið farnar við íslenskt samfélag. Femínískar kenningar um

3 Sylvia Walby, „Gender Mainstreaming: Productive tension in theory and practice“, *Social Politics* 12(2) 2005, bls. 321–343.

4 Mieke Verloo, „Multiple inequalities, intersectionality and the European Union“, *European Journal of Women's Studies* 13(3) 2006, bls. 211–228, hér bls. 223.

5 Council Directive 2000/43/EC implementing the principle of equal treatment between persons irrespective of racial or ethnic origin (Race Directive), *Official Journal of the European Communities*, (L 180, 19.07.2000). Sjá einnig: *Bann við mismunun. Tilskipanir ESB um jafnrétti án tillits til fötlunar, kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs, trúar og lífsskoðana*, Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2011, bls. 35–39.

6 Council Directive 2000/78/EC establishing a general framework for equal treatment in employment and occupation (Framework Directive). *Official Journal of the European Communities* (L 303, 02.12.2000). Sjá einnig: *Bann við mismunun. Tilskipanir ESB um jafnrétti án tillits til fötlunar, kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs, trúar og lífsskoðana*, bls. 29–34.

7 Sjá: *Skýrsla starfsbóps um tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunun*, Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008.

samtvinnun (e. *intersectionality*) verður þar kenningarlegt leiðarstef mitt, en aðferðafræðilega geta slíkar kenningar opnað leiðir til þess að skoða hvernig kyngervi og aðrar samfélagsbreytur skarast og samtinnast. Rannsóknin er því framlag til ört vaxandi fræðasviðs þar sem löggjöf og stefnumótun á sviði jafnréttismála eru skoðuð út frá kenningum um stofnanavæðingu samtvinnunar (e. *institutionalizing intersectionality*).

Við rannsóknarvinnuna studdist ég aðallega við tvær tegundir rannsóknargagna, þ.e. hvers kyns opinber jafnréttisgögn, svo sem jafnréttislög og jafnréttisstefnur, og opin viðtöl við tvo hópa fólks sem starfar með ýmsum hætti að jafnréttismálum og tekin voru á árunum 2004–2010. Í fyrrnefnda hópnum er fólk sem á ensku kallast *equality workers* og ég hef kallað „jafnréttisstarfsfólk“. Þar er átt við fólk sem á sæti í jafnréttisnefndum og/eða hefur það að atvinnu að hluta eða öllu leyti að sinna jafnrétti, í víðum skilningi, hjá ríki, sveitarfélögum, opinberum stofnunum eða í einkafyrirtækjum. Í síðarnefnda hópnum er fólk úr þeim grasrótahópum sem störf að jafnréttismálum hafa einkum beinst að og/eða var í forgrunni í umræðu um útvíkkun jafnréttisstarfs á rannsóknartímabilinu. Þar ræddi ég við fulltrúa ýmissa kvennahreyfinga sem og fulltrúa innflytjenda, hinsegin fólks⁸, aldráðra og fólks með fötlun.⁹

Femínískar kenningar um samtvinnun og stofnanavæðing hennar

Kenningarlegur grunnur rannsóknarinnar er femínískar kenningar um svonefnda samtvinnun. Með þeim er skoðað hvernig félags- og menningarbundin valdamismunun verður til í tengslum við til dæmis kyn, þjóðerni, kynþátt, kynhneigð, aldur, stétt, fötlun, trúarbrögð og búsetu og hvernig þessir þættir skarast, samtinnast og mótast hver af

8 Hinsegin fólk er samheiti sem Samtökin '78 nota yfir lesbíur, homma, tvíkynhneigða og transgender-fólk, og mun ég nota það hugtak hér. Sjá lög Samtakanna '78, <http://www.samtokin78.is/um-felagid/felagslog> (sótt 25. júlí 2013).

9 Í doktorsritgerð minni skilgreini ég hvað réð annars vegar vali mínu á mismununarþreytum sem teknar voru til umræðu og hins vegar þrengra vali mínu á viðmælendahópum. Það ákvörðunarferli verður hins vegar ekki rakið nánar hér. Sjá: Þorgerður H. Þorvaldssdóttir, *From Gender Only to Equality for All*, bls. 165–169, og bls. 76–78.

öðrum.¹⁰ Þar sem ég hef einkum horft til opinbers jafnréttisstarfs hef ég tengt rannsóknir mínar við ört vaxandi fræðasvið sem á ensku kallast *institutionalizing intersectionality*¹¹, sem þýða má sem stofnanavæðingu samtvinnunar. Hinn hagnýti tilgangur þessarar rannsóknar er því að ígrunda hvernig nota má hugmyndina um samtvinnun sem aðferðafræði í jafnréttisstarfi til þess að skoða hvernig ólíkar tegundir mismununar skarast og til þess að fást við neikvæð samlegðaráhrif slíkrar skörunar sem kölluð eru margþætt mismunun.

Femínískar kenningar um samtvinnun hafa verið í þróun síðan um miðjan áttunda áratug síðustu aldar þótt hugtakið *intersectionality*, sem á íslensku hefur bæði verið þýtt sem samtvinnun¹² og skörun¹³, hafi fyrst verið sett fram af femínísku blökkukonunni og lögfræðingnum Kimberly Crenshaw árið 1989¹⁴, þá sem andsvar við hefðbundinni sjálfsmyndarpólitík (e. *identity politics*). Crenshaw sýndi fram á að þegar skoða átti aðgengi svartra lágstéttarkvenna í Bandaríkjunum að lagalegum og félagslegum úrræðum vegna heimilisofbeldis reyndust kyn, kynþáttur og stétt samtvinnuðir þættir sem ógerningur var að skilja í sundur, en þessi samtvinnun ólíkra tegunda mismununar gerði það að verkum að hefðbundin úrræði nýttust alls ekki þessum

-
- 10 Sjá t.d. Nina Lykke, *Feminist Studies: A Guide to Intersectional Theory, Methodology and Writing*, New York: Routledge, 2010; Kathy Davis, „Intersectionality as buzzword: A sociology of science perspective on what makes a feminist theory successful“, *Feminist Theory* 9, 2008, bls. 67–85; Nira Yuval-Davis, „Intersectionality and feminist politics“, *European Journal of Women's Studies* 13, 2006, bls. 193–209.
- 11 Sjá t.d. *Institutionalizing Intersectionality. European Comparative Analyses*, ritstj. Andrea Krizsan, Hege Skjeie og Judith Squires, Basingstoke: Palgrave MacMillan, 2012; Johanna Kantola og Kevät Nousiainen, „Institutionalizing intersectionality in Europe: Introducing the theme“, *International Feminist Journal of Politics*, 11(4), 2009, bls. 459–477; Lenita Freidenvall, „Institutionalizing intersectionality in Sweden – from pro-active to re-active measures?“ *ECPR Joint Sessions of Workshops* (Lissabon: Portúgal, 2009); Emanuela Lombardo og Mieke Verloo, „Institutionalizing intersectionality in the European Union?“ *International Feminist Journal of Politics* 11(4), 2009, bls. 478–495.
- 12 Sjálf hef ég notað hugtakið samtvinnun, sjá: Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Jafnrétti fyrir alla“, *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2007, bls. 403–414, hér bls. 404.
- 13 Sjá: Kristín Loftsdóttir, „Skörun kynþáttafordóma og þjóðernishyggju: Fólki af afrískum uppruna á Íslandi“, *Rannsóknir í félagsvísindum XII*, ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafsdóttir. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 373–380, hér bls. 376.
- 14 Kimberly Crenshaw, „Demarginalizing the intersection of race and sex: A black feminist critique of antidiscrimination doctrine, feminist theory and antiracist politics“, *University of Chicago Legal Forum*, 1989, bls. 139–167.

hópi kvenna.¹⁵ Hér verður einkum horft á það sem Crenshaw kallar „pólítísk samtvinnum“ (e. *political intersectionality*) en það vísar til þess hvernig pólítísk togstreita getur myndast á milli ólíkra sjálfsmýndarhópa eða þeirra sem verða fyrir ólíkum tegundum mismununar.¹⁶ Í því sambandi er mikilvægt að ítreka að *intersectionality*, eða samtvinnum í jafnréttisstarfi, á ekki að verða til þess að kynjajafnrétti sé ýtt til hliðar eins og margir óttast.¹⁷ Í viðtölum mínum við fólk sem sinnir jafnréttisstörfum og fulltrúa kvennahreyfinga lýsti það þannig ítrekað yfir áhyggjum af því að útvíkkun jafnréttisstarfs yrði notuð sem skálkaskjól þegar skipta ætti kynjajafnrétti út fyrir annað nýrra og meira spennandi.¹⁸ Í femínískum kenningum um samtvinnum er kyngervi hins vegar lykildreyta sem mikilvægt er að missa ekki sjónar á og því til áréttingar langar mig að vísa til myndlíkingar sem notuð var í kynningarbæklingi á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem gefinn var út árið 2009¹⁹, þar sem kynjajafnrétti birtist sem rauður þráður sem vefur sig í gegnum bæklinginn og samtvinnaast öllum hinum þáttunum. Annað tilbrigði við sama stef voru niðurstöður QUING-verkefnisins, stórs evrópsks rannsóknarverkefni sem var unnið á árunum 2006–2011, þar sem jafnréttisstarf og jafnréttis-pólítík í 27 Evrópulöndum voru skoðuð og borin saman.²⁰ QUING-hópurinn kom fram með hugtakið *Gender+ Equality Policies* en niðurstaða rannsóknarhópsins var að kynjajafnrétti yrði ekki að fullu náð nema jafnframt væri tekist á við annað misrétti, þ.e. misrétti sem byggt er á stéttarstöðu, kynþætti, þjóðerni, kynhneigð, aldri eða fötlun á öllum sviðum samfélagsins. Verkefnisstjóri QUING-verkefnisins, hollenska fræðikonan Mieke Verloo, hrakti efasemdir um að

15 Kimberly Crenshaw, „Mapping the margins: Intersectionality, identity politics, and violence against women of color“, *Critical Race Theory: The Key Writings that Formed the Movement*, ritstj. Kimberly Crenshaw o.fl. New York: The New Press, 1995, bls. 357–383.

16 Kimberly Crenshaw, „Intersectionality and identity politics: Learning from violence against women of color“, *The Public Nature of Private Violence*, New York: Routledge, 1994, bls. 178–193.

17 Sjá: Lenita Freidenvall, „Institutionalising intersectionality in Sweden – from pro-active to reactive measures?“ 2009; Alison E. Woodward, „Too late for gender mainstreaming? Taking stock in Brussels“, *Journal of European Social Policy* 18/2008, bls. 289–302.

18 Sjá: Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *From Gender Only to Equality for All*, bls. 220–234.

19 *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*, Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2009, samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006, sjá: <http://www.reykjavik.is/Mannrettindastefna.pdf> (sótt 14. desember 2012).

20 Sjá: heimasíðu QUING-verkefnisins, QUING – Quality in Gender+ Equality Policies, <http://www.quing.eu/> (sótt 10. september, 2013). Auk almennra upplýsinga um verkefnið er þar að finna fjölda fræðigreina þar sem þátttakendur gera grein fyrir afmörkuðum hlutum rannsóknarinnar.

„útvíkkun“ jafnréttisstarfs þýddi einhvers konar „útvötnun“ þar sem kynjabreytunni yrði sópað undir teppi.²¹ Hún fullyrtaði að forsenda fyrir útrýmingu kynjamisréttis væri meðvitund um að kynjabreytan skaradist á ýmsa vegu og að við lærðum að takast á við samtvinnnaða mismunun. Ef plúsarnir, sem standa fyrir annars konar mismunun, væru undanskildir þannig að innflytjendakonur, fatlaðar konur, gamlar konur, fátækar konur og samkynhneigðar konur (og hér getum við í öllum tilfellum talað um karla líka) væru sífellt teknar út fyrir eða settar í sviga sem einhvers konar afgangsstærð væri hætt við að jafnréttisstarf þjónaði fyrst og fremst konum (og körlum) sem ekki eru jafnarsettar í samfélaginu. Í alvöru jafnréttisstarfi verði því alltaf að horfa á heildarmyndina – þar sem allar breyturnar eru með og tekist er á við þær samhliða og sem órjúfanlegan hluta af kynjajafnrétti.²² Þessi sjónarmið Verloo ríma vel við upplifun konu sem átti sæti í jafnréttisnefnd hjá íslensku sveitarfélagi, áður en starfið var útvíkkað. Hún sagði að sér hefði fundist verksvið nefndarinnar stundum óljóst og takmarkandi og að gráu svæðin hefðu verið mörg. Málefni kvenna og ungmenna af erlendum uppruna, þar sem kyn og þjóðerni sköruðust, eða erindi sem tengdust fólki með fötlun komu þannig iðulega inn á borð nefndarinnar án þess að eiga þar almennilega heima, þar sem jafnréttisnefndin hafði ekki hreint umboð til þess að sinna slíkum skörunarmálum. Að hennar mati var útvíkkun starfsins því bæði þörf og tímabær.

Til þess að kortleggja þau ólíku jafnréttislíkön sem hér eru til umræðu er gagnlegt að skoða kenningar bandarísku fræðikonunnar Ange-Marie Hancock um þrjár ólíkar nálganir í jafnréttisstarfi²³ og greiningu ungversku fræðikonunnar Andrea Krizsan á uppbyggingu jafnréttisstarfs í Mið- og Austur-Evrópu.²⁴ Hancock kallar fyrstu nálgunina eins máls nálgun (e. *unitary approach*) en þá er lykilmálaflokkur tekinn út og settur í forgang. Með því verður fókusinn auðvitað skýr

21 Mieke Verloo, „Gender equality policies as interventions in a changing world. Keynote lecture“, *The 2nd Gender and Politics ECPR Conference* (Búdapest, 2011).

22 *Sama heimild.*

23 Ange-Marie Hancock, „When multiplication doesn't equal quick addition: Examining intersectionality as a research paradigm“, *Perspectives on Politics* 5/2007, bls. 63–79.

24 Andrea Krizsan, „Equality architectures in Central and Eastern European countries: A framework for analyzing political intersectionality in Europe“, *Social Politics* 19(4) 2012, bls. 539–571.

og klár en um leið skapast hætta á því að öll önnur mismunun liggja óbætt hjá garði. Nærtækt dæmi um slíka nálgun eru íslensku jafnréttislögin, sem eingöngu taka á kynjajafnrétti.²⁵ Önnur nálgunin er svokölluð margþætt nálgun (e. *multiple approach*). Þá er horft á nokkra málaflokka samtímis þar sem hver flokkur stendur sem sjálfstæð eining án þess að tengslin á milli þeirra séu skoðuð. Dæmi um þetta er sænska kerfið eins og það var fyrir lagabreytingar 2009 en þá höfðu stóru málaflokkarnir fjórir, þ.e. kyn, kynþáttur, kynhneigð og fötlun, allir sérstaka löggjöf og sérstakan umboðsmann. Í slíku margflokkaferfi er hægt að vinna markvisst og öflugt starf í hverjum málaflokki fyrir sig en málin vandast þegar taka þarf á margþættri mismunun. Innflytjendakona sem bæði er mismunad vegna þjóðernisuppruna og kyns þarf að ákveða hvort hún ætlar að sækja rétt sinn á grundvelli kyns – og þá héraendis í gegnum kynjajafnréttislög, með liðsinni Jafnréttisstofu og Kærunefndar jafnréttismála – eða þjóðernisuppruna – og þá í gegnum nýsamþykkt lög um málefni innflytjenda, með liðsinni Fjölmenningsseturs.²⁶ Slík annaðhvort/eða nálgun smættar reynslu kveninnflytjandans niður í tvö aðskilin hól og útilokar að tekið sé á þeirri margþættu mismunun sem hún verður fyrir með heildrænum hætti. Þriðja nálgunin sem Hancock nefnir tekur sérstaklega á þessum vanda, en hana má kalla samtvinnaða nálgun (e. *intersectional approach*). Þar er horft á ólíka mismununarhópa samtímis og unnið sérstaklega með tengslin eða skörunina á milli þeirra því að þar skapast ástand sem er annað og meira en einföld samlagning á frumþáttunum sem um ræðir. Átök um höfuðbúnað eða slæður múslímakvenna, sem geisad hafa víðsvegar um Evrópu á undanförunum árum, eru skýrt dæmi um slíka skörun, en innan lögfræðinnar eru mál af þeim toga nú tekin sem dæmi um samtönnun, þar sem kyn, kynþáttur og trúarbrögð mynda eina órofa heild.²⁷

25 Sjá: *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla* nr. 10/2008.

26 Sjá: *Lög um málefni innflytjenda* nr. 116/2012. 3. grein laganna fjallar um hlutverk Fjölmenningsseturs, en það er einkum að veita ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda. Í lögnum er hins vegar enginn farvegur fyrir kæruférlí, telji fólk á sér brotið, sem samsvarar Kærunefnd jafnréttismála fyrir kynjamsrétti, sbr. lög nr. 10/2008, 5. gr. Þannig að sú leið er nú ekki í boði fyrir hinn ímyndaða kveninnflytjanda.

27 Sjá: Oddný Mjöll Arnardóttir, „Religion, belief and non-discrimination in Icelandic law“, *Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland*, ritstj. Evelyn Ellis og Kristín Benediktisdóttir, Reykjavík: University of Iceland Press, 2011, bls. 373–399, hér bls. 396.

Segja má að Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn 16. maí 2006, sé að minnsta kosti tilraun í þá átt að innleiða samvinnun í jafnréttisstarfi, en þar er sérstaklega tekið fram að margir tilheyri fleiri en einum af þeim hópum sem að stefnan nær til. Í síðari útfærslum, þar sem stefnan er kynnt með aðgengilegum hætti í myndskreyttum bæklingi og minnst var á hér að framan, er sérstaklega gengið út frá því að kynjajafnrétti sé rauður þráður sem vefur sig í gegnum alla hina þættina og samvinnast þeim.²⁸ Grunnforsenda þess að samvinnuð nálgun í opinberri stefnumótun og innan stjórnkerfisins sé meira en orðin tóm er þó að fyrir liggi þekking og skilningur á því að mismunun eigi sér ólíkar rætur og að kerfislæg staða hvers mismununarhóps fyrir sig sé á einhvern hátt einstök. Mismunandi mismunun getur því oft kallað á ólík úrræði.

Krizsan bætir svo nýrri vídd við greininguna í rannsókn sinni á því hvernig ríki Mið- og Austur-Evrópu hafa endurskipulagt sitt jafnréttisstarf til þess að bregðast við kröfum Evrópusambandsins um að ólíkum tegundum mismununar sé sinnt. Þar talar hún um lagskipt (e. *layered*), stigskipt (e. *hierarchical*) og samþætt (e. *integrated*) jafnréttismódel.²⁹ Flest löndin sem skoðuð voru höfðu tekið upp einhvers konar lagskipt jafnréttismódel, þar sem nýjar stofnanir sem sinntu ólíkum tegundum mismununar voru settar upp samhliða fyrirbyggjandi stofnunum sem unnu að kynjajafnrétti. Verksvið og virkni stofnananna voru ólík þótt þær gætu sameinað krafta sína á ákveðnum sviðum. Í löndum með stigskipt módel hafði (kynja)jafnréttisstarf staðið á sterkum grunni og þrátt fyrir nýjar áherslur naut kynjabreytan ennþá meiri verndar en annars konar mismunun og henni var haldið stofnanalega aðgreindri. Í síðasta módelinu sem Krizan tilgreinir – því samþætta – voru allar tegundir mismununar settar undir einn hatt og meðhöndlaðar með fullkomlega sambærilegum hætti. Í löndunum sem slíku kerfi var komið á stóð allt jafnréttisstarf hins vegar á brauðfótum og við innleiðingu útvíkkaðs jafnréttisstarfs var því leitað að lægsta mögulega samnefaranum, og litið framhjá þeirri staðreynd að mismunandi mismunun geti kallað á ólík úrræði. Þegar á heildina

28 *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*, 2009, bls. 6.

29 Andrea Krizan, „Equality architectures in central and eastern European countries“, bls. 550–551.

er litið reyndist hið lagskipta módel yfirleitt farsælast en það samþætta leiddi til veikburða jafnréttisstarfs á öllum sviðum.³⁰

Jafnrétti hverra – hvers konar jafnréttisstarf?

Við greiningu mína á íslenskri jafnréttisordræðu og því hvernig hið íslenska, norræna og evrópska jafnréttislandslag hefur breyst á undanförunum árum og misserum vöknudu ítrekað tvær grundvallarspurningar, sem urðu að lykilstefjum í rannsókn minni. Spurningarnar snúa að umfangi og eðli jafnréttisstarfs sem síðan hefur áhrif á það hvers konar lagasetningu og stofnanir við sjáum fyrir okkur.³¹ Spurningarnar eru: „Jafnrétti hverra ber að sinna?“ og „Hvert skal vera eðli og umfang jafnréttisstarfs?“ Svörin við þessum spurningum leiða okkur í mismunandi áttir og að ólíkum verkfærakistum, en í ensku er talað um *re-active* og *pro-active* jafnréttisstarf. Illa hefur gengið að þýða þessi hugtök yfir á íslensku, en „reaktíft“ starf snýst um að bregðast við erindum, ábendingum eða kærum sem upp koma á meðan „próaktíft“ starf snýst um að taka frumkvæðið, þ.e. að vera á undan og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða í stað þess að bregðast við málum sem upp koma.

Útvíkkun jafnréttisstarfs snýst um að fjölga þar markhópum og sinna t.d. innflytjendum, hinsegin fólki, fólki með fötlun, öldruðum og fólki úr ólíkum trúar- eða lífsskoðanahópum samhliða hefðbundnu kynjajafnrétti. Megináherslan í slíku starfi er að tryggja formlegt jafnrétti allra og gæta þess að ekki sé brotið á einstökum þjóðfélags- hópum með beinum eða óbeinum hætti. Hættan sem blasir við þegar allir málaflokkar eru komnir undir einn hatt er hins vegar sú að umfang eða eðli jafnréttisstarfs þrengist og það fari að takmarkast við „reaktíft“ starf þar sem reynt er að bregðast við brotum og misgjörðum gagnvart einstaklingum eða hópum og gæta þess að lágmarksréttindi séu tryggð, í stað þess að umbreyta formgerð samfélagsins í átt að auknu jafnrétti eða jafnstöðu allra. Í þessu sambandi talaði einn viðmælenda minna um að „fjarlægja þröskulda“. Þá kom

30 *Sama rit*, bls. 560–564.

31 Spurningarnar eru að hluta til sóttar í smiðju til bresku fræðikonunnar Judith Squires, „Intersecting inequalities: Reflecting on the subjects and objects of equality“, *The Political Quarterly* 79(1), 2008, bls. 53–61, auk þess sem þær komu ítrekað upp í viðtölunum mínum, sjá: Þorgerður Þorvaldsdóttir, *From Gender Only to Equality for All*, bls. 245–248.

ítrekað fram að víða takmarkast starf jafnréttisnefnda við það að bregðast við þeim erindum sem berast í stað þess að þær eigi frumkvæði að jafnréttisumbótum. Í slíku umhverfi, þar sem jafnréttisstarf á fyrst og síðast að snúast um einhvers konar réttindagæslu, þ.e. að bregðast við klögu- og kærumálum, og sækja og verja réttindi einstaklinga fyrir dómstólum, blasir við að hinn æskilegi starfsmaður ætti að vera lögfræðimenntaður.

Þegar spurt er hvers konar jafnrétti eigi að gilda kallar það á skoðun á eðli og umfangi jafnréttisstarfs, þ.e. yfir hvaða svið samfélagsins það á að ná, hverjir eiga að vinna að jafnrétti og hvers konar aðferðum á að beita til þess að ná settum markmiðum. Með þessari nálgun er áherslan á efnislegt jafnrétti (e. *substantive equality*) og jafna niðurstöðu, frekar en að einblínt sé á að allir standi jafnfætis í upphafi leiks. „Próaktíft“ jafnréttisstarf getur falið í sér þá skuldbindingu að ríki og/eða sveitarfélög grípi til einhvers konar aðgerða til þess að jafnrétti verði meira í raun. Til að tryggja efnislegt jafnrétti og auka líkurnar á réttlátri niðurstöðu er aðferðum eins og sértækum aðgerðum og kynjasambættingu beitt. Í því sambandi má rifja upp að aðferðafræði kynjasambættingar liggur til grundvallar gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, en þar er einnig ákvæði sem heimilar beitingu sértækra aðgerða.³² Samkvæmt skilgreiningu Evrópuráðsins frá 1998 snýst sambætting um að „kynja- og jafnréttissjónarmiðum sé fléttað inn í alla stefnumótun á öllum stígum og af öllum aðilum.“³³ Vettvangur jafnréttisstarfs er því samfélagið allt og gildissviðum starfsins eru engin takmörk sett. Kynjasambætting er því „próaktíft“ starf sem krefst þekkingar og skilnings á ríkjandi kynjakerfi þar sem markmiðin eru einhvers konar samfélagsumbætur. Samkvæmt þessari nálgun er hinn æskilegi starfsmaður, eða starfsmenn, ef við gefum okkur að jafnréttisstarf hafi verið útvíkkað, því með menntun á sviði t.d. kynjafræði, fötlunarfræði, hinseginfræði eða innflytjendafræða. Í slíkum greinum er

32 Sjá: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, 2. gr. 6 og 7 (orðskýringar), gr. 17 (um kynjasambættingu) og gr. 24 (um heimild til sértækra aðgerða).

33 Council of Europe, *Gender Mainstreaming, Conceptual Frameworks, Methodology and Presentation of Good Practices. Final Report of Activities of the Group of Specialists on Mainstreaming*, Strassborg: Council of Europe, 1998. Sjá einnig: Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitik án fræða? Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisumræðu“, *Ritid 2/2002*, bls. 9–36, hér bls. 21.

sérþekking á stöðu viðkomandi þjóðfélagshópa fyrir hendi og innan þeirra er fengist við að greina og afbyggja ríkjandi valdastrúktúra og samfélagsskipan.

Nú, þegar kennsl hafa verið borin á þær þversagnakenndu spurningar sem taka þarf á í jafnréttisstarfi, er nærtækt að spyrja hvernig hægt sé að sameina þessar ólíku nálgunaraðferðir, þ.e. hvernig við getum fjölgað þeim hópum sem sinna á í jafnréttisstarfi og haldið um leið í hina víðu sýn samþættingar án þess að útkoman verði eitthvað útvatnað sull. Reynslan hefur kennt okkur að kynjasamþætting er flókið ferli sem erfitt hefur reynst að hrinda í framkvæmd. Því vaknar sú spurning hvort raunhæft sé að beita aðferðum samþættingar ef taka á mið af öllum samfélagshópum. Svar mitt við þeirri spurningu er bæði já og nei. Mikilvægt er að hugmyndafræði og aðferðir samþættingar séu áfram hafðar að leiðarljósi, en þær duga ekki einar og sér. Í útvíkkudu jafnréttisstarfi þarf því að hafa marga bolta á lofti samtímis og gæta þess að velja ávallt þá kosti sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni fremur en að byggja allt jafnréttisstarf á einni klæðskerasaumaðri aðferð eða lausn.

Í því ljósi er forvitnilegt að skoða nýlega umfjöllun Elvira Méndez-Pinedo, sérfræðings í Evrópurétti, um „aðgengi að réttlæti“ (e. *access to justice*)³⁴ í tengslum við víðtæka löggjöf Evrópusambandsins um bann við mismunun. Þar bendir hún á að lagasetning ein og sér – og sú nálgun að tryggja réttindi einstaklinga með réttarfarslegum úrræðum eins og því að geta sótt mál fyrir dómstólum – hrökkvi skammt til þess að tryggja raunverulegt aðgengi almennings að réttlæti. Að hennar mati þarf að huga sérstaklega að jaðarsettum hópum sem búa við kerfislæga mismunun í samfélaginu og þar verða réttindi og réttarúrræði að haldast í hendur. Ef árangur á að nást þurfa útvíkkud jafnréttislög, sem ætlað er að vernda ólíka þjóðfélagshópa gegn mismunun, því að fela í sér jákvæðar skyldur ríkja til þess að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir mismunun og/eða stuðla að jafnrétti.³⁵ Slíkar aðgerðir geta falist í aukinni fræðslu og bættu aðgengi að upp-

34 M. Elvira Méndez-Pinedo, „Access to justice in European non-discrimination law: A critical view“, *Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland*, ritstj. Evelyn Ellis og Kristín Benediktssdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 109–147, hér bls. 143–146.

35 Sjá: Oddný Mjöll Arnardóttir, „Vernd gegn mismunun í íslenskum rétti: Breytinga er þörf“, *Tímarit lögfræðinga*, 59(1), 2009, bls. 51–83, hér bls. 70–71.

lýsingum, svo að fólk þekki rétt sinn, tryggingu ríkisins fyrir því að lögfræðiaðstoð sé aðgengileg fyrir alla, svo og í ýmiss konar sértækum aðgerðum sem miða að því að leiðrétta kerfislæga mismunun.

Hið íslenska jafnréttislandslag

Kynjafjafnrétti hefur verið fyrirferðamikill þáttur í sjálfsmyndar- og ímyndarsköpun á Norðurlöndunum undanfarin ár og áratugi og í því sambandi hefur verið talað um þau sem fyrirmyndarríki þegar kemur að jafnrétti kynjanna.³⁶ Á því sviði eru Íslendingar engir eftirbátar hinna Norðurlandþjóðanna. Samt kom skemmtilega á óvart þegar Ísland varð í efsta sæti heimslista *The Global Gender Gap Index*, sem *World Economic Forum* gefur út, árið 2009 sem mesta kynjafjafnréttisland í heimi – mitt í efnahagshruni og kreppu, og höfum við haldið toppsætinu í kynjafjafnrétti á heimsvísu síðan eða frá 2009–2013.³⁷ Á Norðurlöndunum reka Íslendingar hins vegar lestina þegar kemur að útvíkkun jafnréttisstarfs. Árið 2008 gaf NIKK – *Nordic Gender Institute* út ítarlega skýrslu um stefnumótun á sviði margþættrar mismununar að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar³⁸ en þá hafði Ísland, eitt Norðurlandanna, ekki innleitt löggjöf sem mælir fyrir um jafnrétti allra og bannar mismunun.

Jafnréttisstarf á Íslandi hvílir á tveimur meginstöðum. Grunnstöðin er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar, 65. grein.³⁹ Í henni er meginreglan um jafnrétti allra og bann við mismunun sett fram með almennum hætti og gildissvið ekki takmarkað við tilteknar mismununarástæður heldur lýkur upptalningunni með „stöðu að öðru leyti“. Auk jafnræðisreglunnar má svo finna nokkur lagaákvæði sem fela í sér almenna reglu um bann við mismunun sem takmarkast við ákveðin réttarsvið,⁴⁰ sem og lagaákvæði sem banna mismunun ein-

36 Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „The gender-equal North: Icelandic images of femininity and masculinity“, *Iceland and Images of the North*, ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson og Daniel Chartier, Québec: Presses de l'Université du Québec og ReykjavíkAkademían, 2011, bls. 405–434.

37 Sjá: *The Global Gender Gap Index*, 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013.

38 Sjá: *Multidimensional Discrimination Policies in the Nordic Countries – An Overview*, Osló: NIKK Nordic Gender Institute at the commission of the Nordic Council of Ministers for Gender Equality, 2008.

39 Sjá: *Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands* nr. 33/1944, *Stjórnskipunarlæg* nr. 97/1995, 65. gr.

40 Í því sambandi ber að nefna *Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu*, nr. 62/1994, 14. gr. og *Stjórnslulög* nr. 37/1993, 11. gr.

stakra hópa. Oddný Mjöll Arnardóttir mannréttindalögfræðingur hefur þó haldið því fram að þegar kemur út fyrir svið kynjajafnréttis sé réttarvernd á Íslandi bæði götött og brotakennd.⁴¹ Hún bendir á að jafnræðisreglan veiti í raun takmarkaða réttarvernd enda hefur hún ekki að geyma nákvæmar lagalegar skilgreiningar á grunnhugtökum eins og mismunun, né heldur þeim skyldum sem af jafnræðisreglunni leiða, en hvort tveggja er úrslitaatriði í virkri löggjöf sem bannar mismunun.⁴² Þá er ekkert stofnanlegt bakland sem stendur á bak við jafnræðisregluna í líkingu við Jafnréttisstofu fyrir kynjajafnrétti. Í því sambandi ber þó að nefna Mannréttindaskrifstofu Íslands, en hún er starfrækt óháð stjórnkerfinu og að henni standa fjórtán sjálfstæð félagasamtök og stofnanir. Henni er ætlað að efla mannréttindaumræðu á Íslandi og vinna að framgangi mannréttinda með rannsóknum og fræðslu. Þá gegnir skrifstofan ákveðnu eftirlitshlutverki með því að veita umsagnir um lagafrumvörp og skila skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.⁴³ Hún uppfyllir hins vegar ekki þær kröfur sem gerðar eru til þjóðbundinna mannréttindastofnana sem fjallað er um í svokallaðri Parísarreglu Sameinuðu þjóðanna. Sú umræða stendur hins vegar utan míns rannsóknarsviðs og verður því ekki rakin hér.⁴⁴

Síðari jafnréttisstofnir eru lög og stofnanir sem byggð hafa verið upp í kringum kynjajafnrétti. Fyrstu íslensku jafnréttislögin voru sett árið 1976 og hafa þau verið uppfærð fjórum sinnum, en núgildandi jafnréttislög eru lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Eins og heiti laganna ber með sér fjalla jafnréttislögin um kynjajafnrétti eingöngu og eru því eins máls nálgun, ef tekið er mið af greiningarkerfi Hancock sem fjallað var um hér að framan. Velferðarráðherra fer með framkvæmd laganna en Jafnréttisstofa annast stjórnarsýslu á því sviði sem lögin ná til. Auk Jafnréttisstofu starfa svo Kærunefnd jafnréttismála og Jafnréttisráð. Verkefni Kærunefndarinnar er að úrskurða hvort jafnréttislög hafi verið brotin en Jafn-

41 Oddný Mjöll Arnardóttir, „Vernd gegn mismunun í íslenskum rétti“, bls. 63–66; Oddný Mjöll Arnardóttir, „Religion, belief and non-discrimination in Icelandic law“, bls. 387.

42 Oddný Mjöll Arnardóttir, „Religion, belief and non-discrimination in Icelandic law“, bls. 390.

43 Sjá: Mannréttindaskrifstofa Íslands, <http://www.humanrights.is/> (sótt 28. júlí 2013).

44 Sjá nánar: *Þjóðbundnar mannréttindastofnanir*, Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Ísland, 2008.

réttisráði er ætlað að vera ráðherra og Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengjast kynjajafnrétti.⁴⁵

Meðal þess sem taka þurfti afstöðu til síðast þegar jafnréttislögin voru endurskoðuð, en sú vinna fór fram 2006–2008, var hvort lögin skyldu áfram einskoraðast við kynjajafnrétti eða hvort rétt væri að útvíkka þau þannig að þau tækju einnig á mismunun gagnvart ýmsum minnihlutahópum. Endurskoðunarnefndin komst einróma að þeirri niðurstöðu að gildissvið laganna skildi áfram takmarkast við jafnrétti kynjanna. Rökin sem sett voru fram því til stuðnings voru tvíþætt. Fyrri rökin, sem ég kalla tímarök, snúast um að enn sé svo mikið starf óunnið í kynjajafnréttismálum að útvíkkun sé hreinlega ekki tímabær, þótt hana mætti hugsa sem einhvers konar framtíðarverkefni. Síðari röksemdin, sem ég hef kallað hlutfallsrök, gengur út á það að kynjajafnrétti sé í grundvallaratriðum frábrugðið jafnréttisbaráttu minnihlutahópa, þar sem annars vegar sé verið að fást við ólíka stöðu tveggja jafnstórra hópa, þ.e. karla og kvenna, en hins vegar við réttindabaráttu lítilla hópa gagnvart yfirgnæfandi meirihluta.⁴⁶ Samkvæmt þessum skilningi eru viðfangsefnin eðlisólík og samtvinnun alls jafnréttisstarfs því aldrei réttlæt看leg.

Á heildina titið er sú réttarvernd sem íslensk löggjöf veitir gegn mismunun sem ekki er bundin við kyn mun lakari en veitt er í aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB), sem við berum okkur gjarnan saman við.⁴⁷ Sú réttarvernd byggist einkum á tveimur Evróputilskipunum sem báðar grundvallast á 13. grein Amsterdamsáttmálans frá 1997, sem nú er 19. grein Lissabonsáttmálans. Tilskipanirnar sem um ræðir falla báðar utan gildissviðs EES-samningsins en þær eru: tilskipun 2000/43/EB um jafna meðferð einstaklinga án tillits til kynþáttar eða etnis og tilskipun 2000/78/EB um jafna meðferð á sviði vinnumarkaðar, þar sem horft er til trúarbragða eða lífsskóðunar, fötlunar, aldurs og kynhneigðar. Tilskipanirnar tvær veita þó mismikla réttarvernd. Fyrri tilskipunin, sú um kynþátt eða etni, hefur víðasta gildissvið allra jafnréttistilskipana ESB. Sú síðarnefnda takmarkast hins vegar við vinnumarkaðinn og nær því ekki til heil-

45 Sjá: *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla* nr. 10/2008, 5. og 8. gr.

46 Sjá: *Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla*, 6. mars 2007.

47 Oddný Mjöll Arnardóttir, „Vernd gegn mismunun í íslenskum rétti“, bls. 63–66.

brigðisþjónustu, aðgangs að vöru og þjónustu eða menntunar.⁴⁸ Rétt er að ítreka að kynjajafnrétti fellur ekki undir Evróputilskipanirnar tvær heldur er fjallað um það í nokkrum aðskildum tilskipunum sem allar falla undir EES-samninginn og því hafa þær að mestu verið innleiddar í gildandi íslensk jafnréttislög og verða þess vegna ekki til umræðu hér.

Þar sem Ísland er aðili að EES-samningnum en ekki Evrópusambandinu bar okkur ekki skylda til að innleiða mismununartilskipanirnar tvær, þótt Noregur, sem einnig stendur utan við ESB, hafi gert það með lagasetningum árið 2005. Það ár skipaði þáverandi félagsmálaráðherra á Íslandi þó starfshóp til þess að fjalla um efni tilskipanna og skilaði hann skýrslu í nóvember 2008. Þar var lagt til að samin yrði ein löggjöf sem næði til beggja tilskipana og að allir hópar sem þar eru taldir upp myndu njóta sambærilegrar réttarverndar. Þar valdi íslenski starfshópurinn hins vegar veikari kostinn, þ.e. að gildisvið laganna skildi takmarkast við vinnumarkaðinn.⁴⁹ Loks lagði nefndin til að starfsmaður sem færi með málaflokkinn, þ.e. bann við mismunun, hefði aðsetur á Jafnréttisstofu, án þess þó að heyra formlega undir hana. Helgi Hjörvar alþingismaður, sem var formaður í nefndinni þegar skýrslan kom út, sagði frá því á Jafnréttisþingi 2011 að meginandstaðan gegn innleiðingu mismununartilskipanna hafi komið frá samtökum atvinnurekenda sem í anda nýfrjálslyggju hefðu litið á þær sem hamlandi og heftandi fyrir íslenskt atvinnulíf og samkeppnisumhverfi.⁵⁰

Á grundvelli þeirra tillagna sem starfshópurinn skilaði hefur verið unnið að smíði heildstæðs lagabálks eða lagabálka um bann við mismunun innan velferðarráðuneytisins, en sú vinna hefur mjög dregist á langinn. Á vinnufundi sem haldinn var í velferðarráðuneytinu þann 10. nóvember 2011 voru kynntar hugmyndir um einhvers konar „tveggja turna kerfi“, þ.e. sérstök lög um jafnrétti kynjanna og önnur sem banna mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna, trúarbragða eða lífsskoðana, fötlunar, kynhneigðar og aldurs. Gert var

48 Sjá: Oddný Mjöll Arnardóttir, „Vernd gegn mismunun í íslenskum rétti“, bls. 58.

49 Skýrsla starfshóps um tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunun, Reykjavík: Félagsgöngur tryggingamálaráðuneytið, 2008.

50 Hér er vísað í ummæli Helga Hjörvars í málstofu um Evrópusambandið og íslenskt jafnrétti, sem fram fór á Jafnréttisþingi 4. febrúar 2011.

ráð fyrir að starfsmaður sem færi með hina nýju mismununarflokkar yrði staðsettur á Jafnréttisstofu, án þess þó að falla undir hana með formlegum hætti.

Þann 22. mars 2013 hafði hins vegar verið skipt um kúrs, en þá voru fern frumvarpsdrög sem tengjast málaflokknum send til um-sagnaradila. Fyrst ber að nefna tvenn frumvarpsdrög þar sem Evrópu-tilskipuninum tveimur er fylgt nokkuð nákvæmlega en þar nýtur kynþáttur eða etni meiri verndar en önnur mismunun. Önnur voru frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, þar sem fjallað er um „jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóð-ernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kyn- hneigð eða kynvitund“.⁵¹ Hin voru frumvarp til laga um jafna með-ferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna og fjalla um „jafna meðferð einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins nema á vinnumarkaði“.⁵² Síðari frumvarpsdrögin tvö voru frumvarp til laga um stjórn-sýslu á sviði jafnréttismála og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Fyrri frum-varpið gerir ráð fyrir að starfsemi Jafnréttisstofu og Kærune-fndar jafn-réttismála verði útvíkkuð, þannig að allir málaflokkarnir sem fjallað er um í nýju frumvarpsdrögum tveimur sem taldir voru upp hér að framan heyri nú undir verksvið Jafnréttisstofu og Kærune-fndarinnar. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir að Jafnréttisráð fjalli um jafnrétti kynjanna eingöngu.⁵³ Í frumvarpi um breytingar á núgildandi jafn-réttislögum hafa framantaldar breytingar á stjórn-sýslu jafnréttismála verið teknar inn, auk þess sem þar er að finna breytingar sem gerðar voru til þess að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA og breytingar sem lúta að innleiðingu tveggja Evróputilskip-ana á sviði kynjajafnréttis sem ekki verða raktar hér.⁵⁴

51 Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Í vinnslu 22. mars 2013.

52 Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna. Í vinnslu 22. mars 2013.

53 Frumvarp til laga um stjórn-sýslu á sviði jafnréttismála. Í vinnslu 22. mars 2013.

54 Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum. Í vinnslu 22. mars 2013.

Hið norræna jafnréttislandslag

Þegar horft er til Evrópu sést að þjóðir álfunnar hafa farið fjölbreyttar leiðir til þess að tryggja jafnrétti allra og berjast gegn mismunun. Umfang þessarar greinar leyfir ekki að sú mósaíkmynd sem þar blasir við verði lýst til hlítar.⁵⁵ Hér verður sjónum því beint að þeim leiðum sem Norðurlöndin hafa farið.

Svíþjóð hefur gengið lengst Norðurlandþjóða í að byggja upp heildstætt jafnréttisstarf. Samtvinnuð jafnréttisstarf Svía er byggt á ötulu starfi á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Þá komu þeir á fót stöðum fjögurra umboðsmanna (s. *ombudsman*) sem fóru með málefni ólíkra mismununarflokka. Fyrstur kom umboðsmaður kynjajafnréttis (JämO) árið 1980, síðan umboðsmaður fyrir kynþátt eða etni (EtnO) árið 1986, þá embætti umboðsmanns fatlaðra (HO) árið 1994 og loks embætti umboðsmanns kynhneigðar (HomO) árið 1999. Þess má geta að svipað kerfi var við lýði í Bretlandi fram til ársins 2007 en þá leystu ein lög og ein stofnun, *The Equality and Human Rights Commission*, af hólmi þrenn lög og þrjár sérhæfðar stofnanir þar í landi.⁵⁶

Ef þetta margþætta líkan er mátað við íslenskt samfélag blasir við að slík nálgun getur haft ýmsa kosti. Hægt er að vinna markvisst og öflugt starf í hverjum málaflokki fyrir sig en hér á landi á enn eftir að vinna mikla og sérhæfða frumvinnu, einkum í málefnum innflytjenda og fólks með fötlun. Hins vegar má spyrja hvort Ísland hafi mannafla og fjármagn til þess að standa fyrir fjórum eða fleiri sjálfstæðum sérfræðistofnunum eins og Svíar gerðu. Kannski erum við einfaldlega of fá og of smá fyrir slíkt kerfi og hætt er við að stofnanirnar yrðu fjársveltar „eins manns stofnanir“ sem dreifðar yrðu út um land. – Slík dreifing á mannafla og þekkingu hlýtur að koma niður á starfsemi og takmarka möguleika á öflugum samstarfi og samræðu á milli þeirra sem sinna ólíkum mismununarflokkum. Loks

55 Nokkuð heildstæða, en þó engan veginn tæmandi, umfjöllun um hið laga- og stofnanabundna jafnréttislandslag Evrópu er að finna í þemahefti tímaritsins *Social Policy* frá 2012, sjá: Mieke Verloo og Sylvia Walby, „Introduction: The implications for theory and practice of comparing the treatment of intersectionality in the equality architecture in Europe“, *Social Policy* 19(4), 2012, bls. 433–445, sem og í bókinni *Institutionalizing Intersectionality, The Changing Nature of European Equality Regimes*, ritstj. Andrea Krizsan, Hege Skjeie og Judith Squires, Hampshire: Palgrave Macmillan, 2012.

56 Judith Squires, „Intersecting inequalities: Reflecting on the subjects and objects of equality“, *The Political Quarterly*, 79(1) 2008, bls. 53–61, hér bls. 53–54.

ber að áréttta að slíkt fjölflokkakerfi hefur reynst ófært um að takast á við margþætta mismunun.

Þann 1. janúar 2009 sameinuðu Svíar embættin fjögur og til varð eitt embætti umboðsmanns sem taka átti á hvers kyns mismunun (s. *Diskrimineringsombudsmannen*) og samhliða var þeim lagabálkum sem bönnuðu mismunun steyppt saman í ein heildstæð mismununarlög.⁵⁷ Í fyrstu var rætt um þessar breytingar sem mikið framfaraskref – og hin nýju lög talin til marks um hvað Svíar stæðu framarlega í jafnréttismálum. Nú hafa hins vegar vaknað efasemdir um ágæti hins nýja fyrirkomulags. Gagnrýnendur hafa sagt frá því að mikill hluti starfseminnar fari nú í að bregðast við kærnum og kvörtunum sem upp koma, með þeim afleiðingum að frumkvæðis- og fræðsluskyldan, sem áður einkenndu sænskt kynjajafnréttisstarf, hafi farið halloka.⁵⁸ Verksviðið virðist þannig hafa þrengst um leið og fleiri hópar voru teknir inn, eða öllu heldur sameinaðir undir einn hatt – en sú niðurstaða er óþægilega samhljóma togstreitunni sem lýst var hér að framan varðandi spurningarnar „Jafnrétti hverra?“ versus „Hvers konar jafnréttisstarf?“

Hér er þó mikilvægt að áréttta að reynsla Svía þarf ekki endilega að þýða að leiðin sem þeir völdu, þ.e. ein heildstæð stofnun og mismununarlöggjöf, sé slæmur kostur í sjálfu sér. Ef sú leið er farin blasir hins vegar við að vanda þarf vel til verka og forðast ódýrar hjáleidir. Miklu skiptir að pólitískt bakland breytinganna sé sterkt og að þeim fylgi aukin mannaforráð og fjármagn í formi nýrra stöðugilda til þess að hægt sé að takast á við ný og flókin verkefni sem óhjákvæmilega fylgja samruna alls jafnréttisstarfs þar sem allir mismununarflokkar eru undir.

Norðmenn kusu hins vegar að fara einhvers konar millileið og bjuggu árið 2006 til eina öfluga stofnun – *Likestillings- og diskrimineringsombudet* – sem er eins konar útvíkkuð jafnréttisstofa sem sinnir öllum mismununarflokkum. Ennþá eru þó í gildi fern ólík mismun-

57 *Diskrimineringslag* (SFS 2008:567).

58 Ennþá hef ég ekki séð heildstæða rannsókn eða mat á kostum og göllum hins nýja sænska kerfis. Umræðan um meinta galla hér að framan er byggð á frásögn Kristínar Ástgeirsdóttur, en hún hélt stutt erindi á fundi í velferðarráðuneytinu þann 10. nóvember 2011 þar sem vinnan við frumvarp um bann við mismunun var kynnt. Kristín byggði frásögn sína á óformlegum samtölum sínum og annarra starfsmanna jafnréttisstofu við fólk sem starfaði innan sænska kerfisins.

unarlæg og þeir hópar sem undir þau falla njóta mismikillar réttarverndar. Upphaflega stóð til að Norðmenn fylgdu fordæmi Svía og smíðuðu einn heildstæðan lagabálk í framhaldinu en þau áform hafa nú verið blásin af. Nýverið létu norsk stjórnvöld hins vegar gera ítarlega úttekt á stöðu jafnréttismála þar sem lagt var mat á kosti og galla hins nýja kerfis. Þar kemur fram að í norskri jafnréttislöggjöf er bæði kveðið á um réttindi og skyldur, þ.e. rétt allra einstaklinga á vernd gegn mismunun og skyldur ríkis, sveitarfélaga og stofnana til þess að stuðla með virkum hætti að eflingu jafnréttis. Í skýrslunni er því haldið fram að hin pólitíska og stofnanalega uppbygging sé of veik til þess að knýja fram athafnaskyldu til eflingu jafnréttis, meðal annars í formi kynjasambættingar, sem kveðið er á um í lögum um kynjajafnrétti. Þá benda skýrsluhöfundar á mikilvægi þess að taka sérstaklega á margþættri mismunun og að það komi með beinum hætti fram í lögum. Loks er lagt til að hlúð verði að grasrótastarfi með auknum fjárframlögum og að tengslin á milli hins opinbera jafnréttisgeira og grasrótastarfi verði eflað.⁵⁹ Þrátt fyrir þessa ágalla var lagt til að ein stofnun færi áfram með allt jafnréttisstarf og tryggði vernd allra hópa gegn mismunun.⁶⁰

Í Finnlandi er allt opinbert jafnréttisstarf byggt upp undir einhvers konar tveggja turna kerfi. Þar eru sérstök lög og sérstofnun sem sinnir jafnrétti kynjanna og svo önnur lög og stofnun sem sinnir annars konar mismunun, sem þó nýtur misöflugrar réttarverndar. Lengi hefur þó verið unnið í málaflokknum og í árslok 2012 birti finnska dómsmálaráðuneytið loks uppkast af nýjum heildstæðum lögum sem banna mismunun. Samkvæmt því mun tveggja turna kerfið halda velli, þannig að kynjajafnrétti verður áfram sérstakur málaflokkur. Nýbreytni frumvarpsins liggur aftur á móti í því að þar er lagt til að margþætt mismunun verði bönnuð sérstaklega, en ekki er með beinum hætti tekið á margþættri mismunun í jafnréttislögum hinna Norðurlandanna.⁶¹

59 *Structure for Equality. Official Norwegian Report NOU 2011:18 Summary*, The Ministry of Children, Equality and Social Inclusion, 2011, bls. 21, 25 og 30–31.

60 *Sama rit*, bls. 23.

61 Borchorst, Anette, Freidenvall, Lenita, Kantola, Johanna, Reisel, Liza og Teigen Mari, „Institutionalizing intersectionality in the Nordic Countries: Anti-discrimination and equality in Denmark, Finland, Norway and Sweden“, *Institutionalizing Intersectionality. The Changing Nature*

Þegar kemur að jafnréttisstarfi og banni við mismunun hefur Danmörk haft nokkra sérstöðu á Norðurlöndunum, en þegar á heildina er lítið stendur sá málaflokkur þar á veikari grunni en í hinum löndunum, þótt staða hans hafi styrkst eftir stjórnarskipti árið 2011.⁶² Þar eru sérstök lög um jafnrétti karla og kvenna en þegar kemur að annars konar mismunun gilda ólík lög, þar sem ólíkir hópar njóta mismunandi verndar. Eitt af því sem einkennir danskt jafnréttisstarf er lítið svigrúm fyrir sértækar aðgerðir til þess að efla jafnrétti í samfélaginu. Danir hafa þó haft sérstakt ráðuneyti um kynjajafnrétti frá 1999 og árið 1996 varð Danmörk fyrst Norðurlanda til að útvíkka bann við mismunun á vinnumarkaði þannig að það náði einnig yfir kynþátt, húðlit, trúarbrögð, pólitíska skoðun, kynhneigð, þjóðerni og félagslegan uppruna.⁶³ Ein stofnun, danska mannréttindastofnunin Institut for Menneske Rettigheder, IMR, sinnir nú öllum málaflokkum, þótt hún fylgist sérstaklega með kynjajafnrétti og mismunun sem rekja má til kynþáttar eða þjóðernisuppruna.⁶⁴

Horft til framtíðar

Að aflokinni þessari yfirreið um femínískar kenningar um samtvinnun í tengslum við hið laga- og stofnanabundna jafnréttislandslag er tímabært að hugleiða hvernig útvíkkað jafnréttisstarf á Íslandi gæti lítið út í nánustu framtíð, en á það hefur verið bent að núverandi ástand sé óásættanlegt og að tafarlausra breytinga sé þörf.⁶⁵ Oddný Mjöll Arnardóttir, mannréttindalögfræðingur, hefur mælt með sænsku leiðinni sem fyrsta kosti í framtíðarstefnu fyrir Ísland, þ.e. að hér verði sett ein heildstæð jafnréttis- og mismununarlög og að samhliða verði komið á fót öflugri Jafnréttis- og mannréttindastofnun.⁶⁶ Samkvæmt þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir virðumst við hins vegar ætla að fylgja fordæmi Normanna, en

of European Equality Regimes, ritstj. Andrea Krizsan, Hege Skjeie og Judith Squires. Hampshire: Palgrave Macmillan, 2012, bls. 59–88, hér bls. 78.

62 *Sama rit*, bls. 73–74.

63 *Sama rit*, bls. 65–66.

64 Sjá: www.humanrights.dk/home (sótt 4. september 2013).

65 Sjá: *Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland*, ritstj. Evelyn Ellis og Kristín Benediktisdóttir, Reykjavík: University of Iceland Press, 2011.

66 Oddný Mjöll Arnardóttir, „Religion, belief and non-discrimination in Icelandic law“, bls. 398.

áætlað er að hér verði þrenn aðskilin jafnréttis- og mismununarlæg: sérstök lög um kynjajafnrétti, ein lög um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði „óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund“ og loks sérstök lög sem fjalla um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, á öllum öðrum sviðum samfélagsins. Öllum málaflökkum verður hins vegar sinnt af efltri og breyttri Jafnréttisstofu, sem og Kæruneftnd jafnréttismála.

Ólíkt Norðmönnum og Svíum búum við að mjög takmarkaðri lagalegri og stofnanalegri reynslu þegar kynjajafnréttinu sleppir. Brýnt er því að ráðast í umfangsmikið rannsóknar- og uppbyggingarstarf samhliða innleiðingu nýrra laga sem banna mismunun. Þá er mikilvægt að fylgja fordæmi Finna og bæta inn ákvæði sem tekur sérstaklega á margþættri mismunun þannig að slíkt ákvæði verði bæði í kynjajafnréttislögum og í lögum sem banna mismunun, en þau eru ekki í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir. Loks er áriðandi að vel takist til með að endurskilgreina hið stofnanalega umhverfi og víkka út stöðu og hlutverk Jafnréttisstofu og Kæruneftndar jafnréttismála, eins og gert er ráð fyrir í þeim frumvarpsdrögum sem fyrir liggja, þannig að til verði ein öflug stofnun og ein kæruneftnd sem haldi utan um alla mismununarflokka í stað þess að dreifa mannaflaum og kröftunum. Í því sambandi skiptir sköpum að kynjajafnrétti – og sú reynsla og þekking sem þar hefur orðið til í árána rás – verði nýtt sem undirstaða fyrir útvíkkað jafnréttisstarf.

Á slíkri stofnun, þar sem jafnrétti allra yrði sinnt, myndi hópur sérfræðinga af ólíkum sviðum vinna saman þannig að til yrði teymi sérfræðinga. Í daglegu starfi ynni fólk þá að aðskildum verkefnum sem heyrðu undir þeirra löggjöf og sérfræðisvið en veran undir sama þaki gerði það að verkum að það gæti miðlað reynslu sinni og þekkingu og sameinað kraftana þegar á þyrfti að halda. Þá er mikilvægt að viðurkenna og virkja ólíka þekkingargrunna eða þær þrjár stöðir sem jafnréttisstarf byggist á.⁶⁷ Heildstæð Jafnréttis- og mannrétt-

67 Sjá: Þorgerður Einaradóttir, „Challenging the slow motion of gender equality – the case of Iceland“, *Gender and Power in the New Europe, the 5th European Feminist Research Conference* (Lund University, Svíþjóð, 2003); Alison E. Woodward, „Building velvet triangles: Gender and informal governance“, *Informal Governance in the European Union*, ritstj. Thomas Christiansen og Simona Piattoni, Northampton: Edward Elgar, 2003, bls. 76–93.

indastofnun þyrfti því að rækta tengslin við fræðasamfélagið og grasrótina og efna til samræðu um það hvernig opinber stefnumótun á sviði jafnréttis- og mannréttindamála snertir þá þjóðfélagshópa sem henni er ætlað að ná til. Samræðan ætti að vera bæði lárétt og lóðrétt, þ.e. bæði umræða og samstarf á milli ólíkra mismununarhópa – öflug samræða innan grasrótarinnar þvert á augljós hagsmunatengsl – og umræða sem gengur þvert á þekkingarstöðirnar þrjár. Fyrsta stoðin er stjórnsýslan og sú þekking sem byggð hefur verið upp í skipulögðu, opinberu jafnréttisstarfi, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Önnur stoðin er fræðasamfélagið og sú þekking sem stöðugt er verið að skapa innan fræðigreina á borð við kynjafræði, fötlunarfræði, hinseginfræði, öldrunarfræði og þjóðernis- og innflytjendafræði, en því hefur verið haldið fram að sú þekking hafi aðeins að takmörkuðu leyti verið yfirfærð yfir á hið pólitíska svið þar sem stefnumótun fer fram. Þriðja stoðin er svo virk grasrót, en brýnt er að draga fram þá reynslu og þekkingu sem orðið hefur til í ólíkum kvennahreyfingum sem og í félags- og baráttusamtökum hinsegin fólks, aldraðra, öryrkja og innflytjenda og skoða hana í samhengi við fræðikenningar og opinbera stefnumótun á sviðinu. Til þess að grasrótahreyfingar geti eflst og styrkst í þeirri lýðræðislegu skyldu sem á þeim hvílir er mikilvægt að hið opinbera styrki þær með fjárframlögum.

Öflug jafnréttis- og mannréttindastofnun ætti að vera vettvangur þar sem þessum ólíku þekkingarstöðum er markvisst og skipulega teflt saman. Í því sambandi væri spennandi að beita því sem Nira Yuval-Davis hefur kallað þverpólitíska nálgun (e. *transversal politics*)⁶⁸, sem í mínum huga er aðferðafræði sem beitt er til að raungera samtvinnun í pólitísku starfi. Hún gengur út á að kalla saman fulltrúa ólíkra grasrótar- eða mismununarhópa og fá þá til að ræða saman á opinn og heiðarlegan hátt um hvernig hagsmunum þeirra og þörfum verði best mætt á hinu pólitíska sviði. Þverpólitísk samræða er því aðferð til þess að skapa pólitíska samstöðu og byggja brýr á milli ólíkra félagshreyfinga og hagsmunahópa, þvert á margbreytileika, mismun og stigskiptingu valds.

68 Nira Yuval-Davis, „Dialogical epistemology – an intersectional resistance to the „Oppression Olympics““, *Gender & Society*, 26/2012, bls. 46–54, hér bls. 52.

Að lokum

Ekki er lengur spurning hvort, heldur hvenær og hvernig opinbert jafnréttisstarf á Íslandi verði útvíkkað. Miklu máli skiptir þá að vanda vel til verka og taka mið af reynslu nágrannaþjóða sem þegar hafa fetað þessa slóð. En gæta þarf varfærni og reyna að byggja upp áður en ráðist er í niðurrif. Fyrst um sinn telur greinarhöfundur því ráðlegt að uppfæra gildandi jafnréttislög þannig að þau standi samhliða einum eða fleiri nýjum lögum sem banna mismunun á grundvelli fötlunar, kynþáttar, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs, trúar og lífsskoðunar, eins og gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi lagafrumvörpum. Öflug jafnréttis- og mannréttindastofnun ætti síðan að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, miðla upplýsingum, veita ráðgjöf og fræðslu á sviðinu og halda úti fjölþættum rannsóknum og verkefnum sem stuðla að afnámi hvers kyns mismununar og eflingu jafnréttis allra. Útgangspunktur í slíku starfi verður hins vegar að vera meðvitund um skörun og samtönnun ólíkra tegunda mismununar og skilningur á því að kynjajafnrétti verði ekki að fullu náð nema jafnframt sé tekið á við annað misrétti sem rekja má t.d. til stéttarstöðu, kynþáttar, þjóðernisuppruna, aldurs, fötlunar eða kynhneigðar – á öllum sviðum samfélagsins. Í jafnréttisstarfi sem unnið er af fullri alvöru verður því ætíð að horfa á heildarmyndina – þar sem tekið er á mismunun af hvaða toga sem er sem órjúfanlegum hluta af kynjajafnrétti.

Útdráttur

Á síðastliðnum áratug hafa áherslur í opinberu jafnréttisstarfi verið að breytast og í stað þess að líta engöngu á jafnrétti kynjanna er nú einnig farið að sinna jafnrétti ýmissa minnihlutahópa og því sem kallað hefur verið „margþætt mismunun“ en mikil togstreita hefur einkennt umræðuna um slíka „útvíkkun jafnréttisstarfs“. Sá kenningarlegi grunnur sem byggt er á er femínískur og fjallar um svonefnda „samtönnun“ (e. *intersectionality*), þar sem skoðað er hvernig kyngervi fléttast saman við aðrar samfélagsbreytur. Sérstaklega er horft á það sem kallað hefur verið stofnanavæðing samtönnunar (e. *institutionalizing intersectionality*), en þar er löggjöf og stefnumótun á

sviði jafnréttismála skoðuð út frá kenningum um samtvinnun. Niðurstaðan er skýr. Kynjajafnrétti verður ekki að fullu náð nema einnig sé tekið á misrétti sem byggist á stétt, kynþætti, þjóðerni, kynhneigð, aldri, fötlun o.s.frv. Áskorunin sem nú blasir við felst í því að finna lagalegan og stofnanalegan farveg til þess að sinna „jafnrétti allra“, án þess að missa sjónar á kynjajafnrétti. Í greininni er hið íslenska jafnréttislandslag því skoðað með hliðsjón af því regluverki Evrópusambandsins sem snýr að vernd gegn mismunun og leiðirnar sem Norðurlöndin hafa farið mátaðar við íslenskt samfélag, en þau hafa verið í fararbroddi á þessu sviði.

Lykilorð: *opinbert jafnréttisstarf, kynjajafnrétti, „jafnrétti allra“, samtvinnun, margþætt mismunun*

Abstract

The paper examines the development of the structural framework governing equal opportunity work in Iceland with a special focus on what I have termed “the expansion of equality work,” namely the change from a one-sided emphasis on gender equality to broader notions of ‘equality for all,’ ‘anti-discrimination,’ ‘multiple discrimination’ or ‘human rights.’ My reference point is EU non-discrimination law, together with recent developments in anti-discrimination legislation in the Nordic countries. Sweden and Norway provide two disparate models of multidimensional equality work which could serve as models for further legislation in Iceland. Overall, my findings revealed mixed feelings towards the idea of expansion. The theoretical foundations are feminist theories of intersectionality, which focus on how various systems of oppression are intertwined and mutually reinforce each another, particularly in what has been termed ‘institutionalized intersectionality,’ which examines whether and subsequently how intersectional theories have been employed at the policy level to cut through the dilemma of keeping up a ‘unitary’ gender equality approach, versus ‘expanding equality work,’ and also to include inequalities based on race/ethnicity/nationality, class, age, religion, sexuality, disability, etc. As an overall conclusion, I have come to

JAFNRÉTTI FYRIR ALLA

believe that gender equality is inconceivable unless we pay full attention to how gender intersects with other inequality strands.

Key words: *equal opportunity work, equality for all, institutionalized intersectionality, multidimensional discrimination, non-discrimination laws.*



Um höfunda

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR er aðjunkt í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Hún hefur m.a. skrifað um íslenskan samtímaskáldskap, kvikmyndir og áhrif Jane Austen í samtímamenningunni.

ANNADÍS GRETA RÚDÓLFSDÓTTIR er námsstjóri Jafnréttisskóla háskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands. Hún hefur meðal annars skrifað um móðurhlutverkið, ungar konur og hið kynjaða sjálf.

ARNFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR er prófessor í samstæðilegri guðfræði með áherslu á kvennaguðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

BENEDIKT HJARTARSON er lektor í almennri bókmenntafræði og menningarfræði við Háskóla Íslands. Sérsvið hans eru evrópskar framúrstefnuhreyfingar í bókmenntum og listum á fyrri hluta 20. aldar.

BJÖRN ÆGIR NORÐFJÖRÐ er dósent í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands. Hann hefur meðal annars skrifað um heimskvikmyndir og bandarískar kvikmyndir, og kennt námskeið um Alfred Hitchcock.

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON er aðjunkt í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Sérsvið hans eru samtímabókmenntir, nútímafræði, nýmiðlar og kvikmyndafræði.

CYNTHIA ENLOE er prófessor við alþjóðaþróunar-, samfélags- og umhverfiseild og kvennafræðideild við Clark-háskólann í Bandaríkjunum. Hún er sérfræðingur á sviði alþjóðastjórn mála og jafnréttisfræða.

UM HÖFUNDA

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR er prófessor í íslenskum nútímabókmenntum. Hún hefur m.a. skrifað um barnabækur, kynjafræði og bókmenntasögu.

DAISY L. NEIJMANN er adjunkt í Íslensku sem öðru máli með áherslu á íslenskar bókmenntir og menningu. Hún hefur m.a. skrifað um minni og tráma og íslenskar hernámssögur.

GUÐNI ELÍSSON er prófessor í almenntri bókmenntafræði. Hann hefur á undanförunum árum skrifað jöfnum höndum um bókmenntir, kvikmyndir og umhverfismál.

INGÓLFUR ÁSGEIR JÓHANNESSON er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Rannsóknir hans eru einkum um menntastefnu og út frá kynjafræðilegu sjónarhorni til menntunar.

IRMA ERLINGSDÓTTIR er dósent í frönskum samtímabókmenntum og forstöðumaður RIKK. Irma er jafnframt framkvæmdastjóri Alþjóðlegs jafnréttisskóla og EDDU – öndvegisseturs.

JONI SEAGER er prófessor í hnattrænum fræðum við Bentley-háskólann í Bandaríkjunum og hefur birt fjölda greina og skrifað bækur um kyn, loftslags- og umhverfismál.

KATRÍN MARÍA VÍÐISDÓTTIR er M.A.-nemandi í íslenskum fræðum.

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR er lektor í fötlunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sérsvið hennar eru samvinnun, fötlun og menning.

SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR er adjunkt í alþjóðastjórnnum á Stjórnsmálafræðideild Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar eru á sviði utanríkis- og öryggismála, með áherslu á kyn.

ÞORGERÐUR H. ÞORVALDSDÓTTIR er doktor í kynjafræðum frá Háskóla Íslands, nýdoktor hjá EDDU – öndvegissetri og sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni.